Hæstaréttardómar 1984 - 1. bindi

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar gallar á bls. 133, 255, 329, 341, 466, 498, 500, 552, og 579.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

1984

LV, 1

1. – 40. örk

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1984

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

	Bls.
Afsagnarkostnaður	312
Afsal	99
Alm. hegningarlög, brot gegn 2. mgr. 106. gr.	32
Alm. hegningarlög, brot gegn 220. gr.	454
Áfrýjunarkostnaður	582
Árás á opinberan starfsmann	2
Áskorunarmál	146, 354
Ávana- og fíkniefni	530
Bifreiðar:	
a) einkamál	2, 89, 224, 319, 582
b) opinber mál	244
Blóðrannsókn, bifreiðarstjórn	2, 89, 224, 319, 582
Bótaábyrgð hins opinbera	208, 271, 427
Brot gegn friðhelgi einkalífs	180
Brot í opinberu starfi	385
Búskipti	133, 165
Byggingargjöld	368
Byggingarleyfi	368
Dómsátt úr gildi felld	148
Eftirlaun aldraðra	594
Endurheimtukrafa	271
Fasteignakaup	56, 99, 152, 349, 435
Févíti	65
Fjárnám	65, 568
Fjársvik	102
Fjölbýlishús	587
Frávísun:	
a) frá héraðsdómi	146, 290, 354, 361
b) frá Hæstarétti	25, 229, 267, 269
c) frávísunardómur úr gildi felldur	27, 30, 231, 293
Frestur	99
Fyrning	302
Gallar	15, 110, 118, 125, 152, 302, 349, 435, 620
Gatnagerðargjald	208, 368, 560, 573
Gjalddagi	49
Greiðsluskylda	594

Bls.
Greinargerð 99
Heimvísun 62, 140, 231, 419, 423
Hjón 133, 165, 256
Ítrekun 319, 582
Jarðalög 140
Kaupgjaldsmál 427, 439, 520, 524
Kaupmáli 165
Kjarasamningar 39
Kærumál:
1) Frávísun:
a) frá héraðsdómi 290, 354
b) frá Hæstarétti 25, 229, 269
c) frávísunardómur úr gildi felldur 27, 30, 231, 293
2) Gæsluvarðhald 108, 356, 357, 550
3) Heimvísun 27, 30, 231
4) Húsleit 359
5) Kröfu um vitnaleiðslu hafnað 617
6) Kæruheimild 25
7) Þinglýsing 636
Landleiga 172
Lausafjárkaup 15, 110, 118, 125, 302, 599, 620
Lífeyrissjóðir 594
Líkamsárás 180, 454, 604
Líkamsáverkar 604
Lóðarleiga 49
Löghald 233
Lögtak 251
Manndráp 454
Málskostnaður 23, 24, 107
Meðdómendur 62
Nauðungaruppboð 419
Opinberir starfsmenn 427
Ólögmæti reglugerðar 208
Omaksbætur 619
Ómerking 62, 140, 146, 361, 419, 423
Rangfærsla skjala (frásagnarfölsun) 385
Riftun 349, 620
Samaðild 361
Sameign 172, 587
Samningar 172
Sératkvæði 39, 65, 180, 208, 233, 251, 271, 325, 336, 349, 361, 439, 560, 573, 609
Sjálfræðissvipting 269
Skaðabótamál, skaðabætur 39, 65, 110, 118, 125, 152, 208, 233, 244, 271, 427, 435, 554, 604, 620
Skilnaðarsamningur 133, 256

Bls.
Skiprúmssamningur 520, 524
Skjalafals 180, 385
Skuldamál 256, 568, 599
Stefna 354
Stjórnskipuleg vernd eignaréttar 560
Stjórnsýslugerningar 208
Sönnun 89
Tékkar 568
Tilefnislaus hættultilkynning 261
Tollalagabrot 385
Tómlæti 15, 172
Umboð 325, 336
Umferðarlög 2, 89, 224, 319, 582
Uppboð til slita á sameign 140
Útivist, útivistardómar 23, 24, 37, 38, 39, 107, 270, 619, 620
Vanhæfi dómara 1
Vátrygging 271
Verkkaup 609
Verklaun 325, 336
Verksamningur 65
Vextir 251
Víxilmál 312
Vörumerki 296
Þjófnaður 102, 180
Ölvun við akstur 2, 89, 224, 319, 583

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXV. árgangur. 1. hefti. 1984

Þriðjudaginn 10. janúar 1984.

Nr. 219/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Eggert Bjarna Arnórssyni
(Páll A. Pálsson hrl.)

Kröfu um, að hæstaréttardómarar víki sæti, hafnað.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Verjandi ákærða hefur hér fyrir dómi borið fram þá kröfu hans, að dómarar í máli þessu víki sæti vegna þess, að þeir geti ekki litið hlutlaust á málið sakir afskipta þeirra af fyrri málum á hendur ákærða, tengsla þeirra við héraðsdómara og ágalla á rekstri fyrri mála gegn honum.

Ríkissaksóknari andmælti kröfu þessari og taldi hana algerlega rakalausa og að öllu leyti tilefnislausa.

Krafa ákærða um, að dómarar þeir, er sæti skipa í máli þessi, víki úr dómarasæti, hefur ekki við nein rök að styðjast. Er dómurunum hvorki rétt né skylt að víkja sæti.

Ályktarorð:

Framangreind krafa ákærða, Eggerts Bjarna Arnórssonar, er eigi tekin til greina.

Fimmtudaginn 12. janúar 1984.

Nr. 219/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Eggert Bjarna Arnórssyni
(Páll A. Pálsson hrl.)

Brot gegn 106. gr. alm. hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari áfrýjaði að ósk ákærða með stefnu 31. ágúst 1983 dómi sakadóms Reykjavíkur 4. júlí s. á. á hendur ákærða, og er málinu áfrýjað til „sakfellingar samkvæmt ákæru, refsiákvörðunar, frekari ökuleyfissviptingar og málskostnaðargreiðslu." Þá hefur ríkissaksóknari enn fremur áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 14. nóvember 1983 dómi sakadóms Reykjavíkur 19. október s.á. á hendur ákærða, og er málinu áfrýjað til þyngingar.

Ágrip málanna bárust Hæstarétti 13. desember 1983 og 3. janúar 1984.

Ríkissaksóknari hefur hér fyrir dómi fallið frá tilvitnun í ákæruskjali 12. ágúst 1981 til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Brot það, sem ákærða er gefið að sök í síðara málinu, er framið, áður en héraðsdómur gekk í hinu fyrra. Hafa málin verið sameinuð í Hæstarétti.

Verjandi krefst ómerkingar héraðsdómanna og að málinu verði vísað heim í hérað „til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju". Til vara er þess krafist, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu, en til þrautavara, að honum verði eigi dæmd refsing vegna brota þeirra, sem hann kynni að verða sakfelldur fyrir, og enn til vara, að ákærði hljóti lægstu refsingu, er lög leyfa, ef honum verður dæmd refsing.

I.

Krafa verjanda um ómerkingu er í fyrsta lagi á því reist, að geðheilbrigðisrannsókn hefði átt að framkvæma á ákærða, áður en

dómar þeir, sem hér er áfrýjað, gengu á hendur honum. Eigi þykja gögn máls bera með sér, að nauðsyn hafi verið til slíkrar rannsóknar, og verður ómerkingarkrafa ekki tekin til greina á þessum grundvelli.

Þá er ómerkingarkrafa í annan stað á því byggð, að munnlegur málflutningur hefði átt að fara fram í máli því, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 19. október 1983, sbr. 2. tl. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 74/1974. Á þetta verður ekki fallist. Ríkissaksóknari kvað ekki á um slíka málsmeðferð, en honum er ætlað það verkefni samkvæmt 2. mgr. 130. gr. Verður ómerkingarkrafa verjanda því ekki tekin til greina.

Loks hefur verjandi haldið því fram, að nokkrir gallar séu á rannsókn málanna, sem varða eigi ómerkingu hinna áfrýjuðu dóma. Ekki verður á það fallist, og þykir rannsóknin ekki gefa tilefni til ómerkingar þeirra.

II.

Sakarefnum er réttilega lýst samkvæmt sakargögnum í hinum áfrýjuðu dómum, og ber að staðfesta sakarmat með vísun til forsendna dómanna. Þá eru brot ákærða færð til réttra refsiákvæða, en um atferli ákærða hinn 10. janúar 1981, sem um er dæmt í III. lið í dómi sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1983, ætti einnig að vísa til reglugerðar nr. 414/1978, 29. gr.

Eftir uppsögu hinna áfrýjuðu dóma gekk dómur Hæstaréttar 29. nóvember 1983 yfir ákærða. Var dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. desember 1982 staðfestur um refsivist, en sekt dæmd 20.000.00 krónur.

Lögreglumaður sá, er sætti atlögu ákærða, gaf með hegðun sinni á vettvangi ekkert tilefni til árásarinnar. Refsingu ákærða ber að ákveða með vísun til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir hún hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Staðfesta ber dóm sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1983 varðandi kröfu ákæruvalds um ökuleyfissviptingu og svo ákvæði beggja hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Bjarni Arnórsson, sæti 30 daga fangelsi.

Ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1983 varðandi ökuréttindi ákærða eiga að vera óröskuð og svo ákvæði beggja hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 9.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 9.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. júlí 1983.

Ár 1983, mánudaginn 4. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 266/1983: Ákæruvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með tveim ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur ákærða, Eggert Bjarna Arnórssyni framkvæmdastjóra, Meistaravöllum 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 13. september 1954.

Dómarinn hefur sameinað málin.

Með ákærunni dagsettri 12. ágúst 1981 er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka, aðfararnótt laugardagsins 16. maí 1981, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-27704 um götur Reykjavíkur þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans á Hringbraut við Laufásveg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

Ennfremur fyrir að aka, þriðjudaginn 7. júlí 1981, sviptur ökuréttindum til bráðabirgða , bifreiðinni R-27704 um götur Reykjavíkur þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans á Snorrabraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 70. gr umferðarlaga, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Með ákærunni dagsettri 26. október 1981 er mál höfðað á hendur ákærða „fyrir að aka, laugardaginn 10. janúar 1981, bifreiðinni R-53415 vestur Hringbraut gegnt rauðu umferðarljósi á gatnamótum Hringbrautar og

Njarðargötu og áfram Hringbrautina og á ný gegnt rauðu umferðarljósi á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 38. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

I.

Laugardaginn 16. maí 1981, um kl. 0310, stöðvuðu lögreglumenn akstur bifreiðarinnar R 27704 á Hringbraut við Laufásveg, og reyndist ákærði vera undir stýri bifreiðarinnar. Fundu lögreglumennirnir talsverðan áfengisþef leggja frá honum, en ákærði neitaði að hafa neytt áfengis. Var tekin öndunarprufa, og sýndi hún III.—IV. stig. Var ákærði færður á slysadeild til töku blóðsýnis, og urðu lögreglumennirnir að beita hann hörku til þess að ná blóðsýninu. Blóðsýnið var tekið kl. 0336 sömu nótt af Boga Ásgeirssyni lækni, og reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.71‰.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík síðar sama dag neitaði ákærði að tjá sig um áfengisneyslu sína í nótt (sic) og akstur hans í framhaldi af því, en skýrði þannig frá:

„Ég vil tjá mig um aðdragandann að því að ég var handtekinn það sem ég vil segja um þetta mál er eftirfarandi.":

„Ég var stoppaður á Hringbrautinni og var spurður af lögreglunni hvort ég væri að flýta mér. Ég kvað nei við því. Þá bað lögreglumaðurinn mig að drepa á bílnum og koma með sér inn í lögreglubílinn.

Þá spurði lögreglumaðurinn sem sat í lögreglubílnum hvort ég hefði ökuskírteini. Ég sagðist ekki hafa ökuskírteini, en kvaðst hins vegar hafa vegabréf. Hann spurði hvort ég hefði ökuréttindi og sagði ég það vera, en sagðist hafa týnt ökuskírteininu.

Þá fór annar lögreglumaðurinn út úr lögreglubílnum og hafði á orði að þeir þyrftu að athuga þetta nánar. Ég var síðan færður á lögreglustöðina. Ég var færður fyrir varðstjóra og hann rétti mér blöðru og sagði mér að blása í hana, og gerði ég það. Þegar ég hafði gert það þá sagði hann við mig: „Viltu ekki játa". Þá spurði ég hann: „Játa hvað". Þá sagði annar lögreglumannanna við mig: „Þú ert handtekinn". Þá sagði varðstjórinn við mig hvort ég vildi ekki játa að ég hefði verið að drekka brennivín. Ég svaraði honum engu. Þá þrifu tveir lögreglumenn í mig og ætluðu að taka mig með sér. Ég sagði þeim þá að þeir tækju mig ekki nema hafa heimild til þess. Þá gaf varðstjórinn þeim heimild til að taka mig og þeir fóru með mig upp á Borgarspítala og sagði lögreglumaður mér á leiðinni þangað að ég væri að fara í blóðprufu. Þegar ég var kominn þangað þá var þar fyrir

maður í slopp og hann bauð mér að setjast og sagðist ætla að taka úr mér blóðprufu. Ég spurði þá hvort ég hefði ekki rétt á að fá lögfræðing á staðinn og vitni að þessum fíflaskap. Maður þessi og lögreglumennirnir svöruðu því til að ekki væri tími til að bíða eftir því. Ég sagði þeim að þeir tækju ekki neina blóðprufu fyrr en það væri gert samkvæmt lögum. Þá sagði einn lögreglumannanna að það yrði gert með valdi. Ég spurði þá lögreglumanninn hvort hann ætlaði að gera það með fruntaskap og látum og gera það í einkennisbúningi og gerast lögbrjótur í leiðinni. Þá réðust tveir einkennisklæddir lögreglumenn á mig auk eins óeinkennds lögreglumanns og sneru mig niður og ofbeldinu lauk með því að tekið var úr mér blóðsýni. Síðan var mér hrint fram ganginn og alla leið út í bíl og síðan var mér ekið á lögreglustöðina og settur í fangageymslu."

Sama dag gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík Eiríkur Beck lögreglumaður. Vitnið kom ekki fyrir dóm. Vitnið skýrði þannig frá:

„Ég var í umferðareftirliti s.l. nótt ásamt Rúnari Sigurpálssyni lögreglumanni í lögreglubifreiðinni R-20021. Um kl. 03:00 veitti ég athygli bifreiðinni R-27704 sem er Vw bifreið blá að lit þar sem henni var ekið vestur Hringbraut á vinstri akrein.

Ég sá að Rúnar stöðvaði bifreiðina og ræddi við ökumanninn og síðan sá ég að þeir fóru inn í lögreglubifreiðina. Þegar ég kom inn í lögreglubifreiðina voru þeir að ræða saman Rúnar lögeglumaður og maður sá sem ég hafði áður séð aka bifr. R-27704. Þegar ég kom inn í lögreglubifreiðina þá fann ég talsverða áfengislykt leggja frá vitum ökumannsins og þá lá ljóst fyrir að við yrðum að fara með hann á lögreglustöðina til frekari athugunar, og fannst mér greinilegt að maðurinn væri undir áhrifum áfengis.

Ökumaðurinn gerði ekki athugasemd við það að við skyldum færa hann á lögreglustöðina.

Við færðum manninn fyrir Hilmar Þorbjörnsson varðstjóra og í viðræðum við hann þá neitaði maðurinn að svara spurningum varðandi áfengisneyslu og akstur í framhaldi af henni.

Eftir viðræður við ökumanninn þá mælti varðstjóri svo fyrir að hann skyldi færður til blóðtöku og síðan í fangageymslu.

Það skal tekið fram að öndunarsýni var tekið af ökumanninum án mótþróa af hans hálfu.

Þegar við komum á slysadeildina þá neitaði ökumaðurinn að hlíta blóðtökunni og urðum við að beita valdi við töku blóðsýnis en það skal tekið fram að hann veitti litinn mótþróa og virtist mér það vera meira til að sýnast en hitt.

Að lokinni blóðtöku færðum við ökumanninn í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu."

Vitnið Rúnar Geir Sigurpálsson gaf skýrslu sama dag hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og kom fyrir dóm þann 10. júní 1982. Vitnið skýrði svo frá:

„Síðast liðna nótt var ég í umferðareftirliti á Hringbraut við Laufsásveg ásamt Eiríki Beck lögregluflokksstjóra.

Um kl. 0300 veitti ég athygli bifreiðinni R-27704 sem er blá Vw bifreið þar sem henni var ekið vestur Hringbraut á vinstri akrein. Ég stöðvaði bifreiðina, en við stöðvuðum flestar bifreiðar sem áttu leið þarna um þetta leyti.

Um leið og ég fór að ræða við ökumanninn þá fann ég talsverðan áfengisþef leggja frá vitum hans. Ég spurði hann um ökuskírteini en hann kvaðst hafa týnt því. Hann framvísaði vegabréfi til sönnunar hver hann væri.

Ég bauð honum þá að koma yfir í lögreglubílinn og gerði hann það umyrðalaust. Þegar ég fór að tala betur við hann og spyrja um áfengisneyslu þá neitaði hann að hafa bragðað áfengi.

Þá færðum við hann í lögreglustöðina og þar fyrir Hilmar Þorbjörnsson varðstjóra. Hjá varðstjóra neitaði ökumaðurinn að svara spurningum varðandi áfengisneyslu og akstur og eftir stuttar samræður þá ákvað varðstjóri að ökumaðurinn skyldi færður á slysadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis og síðan í fangageymslu.

Við færðum síðan ökumanninn á slysadeildina og þar neitaði hann að gangast undir blóðtöku og var honum gert ljóst að hann yrði beittur valdi til töku blóðsýnisins ef hann yrði ekki samvinnuþýður. Við tókum hann þá tökum og náði læknir úr honum blóðsýni. Ég vil þó taka fram að hann veitti mjög litla mótspyrnu og var hann ekki beittur harðræði við töku blóðsýnisins.

Að lokinni blóðtöku var ökumaðurinn færður í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu."

Auk þess skýrði vitnið svo frá fyrir dómi, að ákærði hefði gert athugasemdir við framkvæmd blóðtökunnar og m.a. krafist þess, að tekin yrðu tvö sýni og læknirinn látinn geyma annað.

Þann 25. maí 1981 ákvað lögreglustjórinn í Reykjavík að svipta ákærða ökuréttindum til bráðabirgða, og var sú ákvörðun birt honum þann 16. júní sama ár.

Þann 3. júlí 1981 var ákærða boðið að ljúka málinu með dómsátt, en hann hafnaði því m. a. með vísan til þess, að hann taldi framkomu lögreglunnar í Reykjavík vera ólögmæta.

Er ákærða var birt ákæran þann 23. október 1981, kvaðst ákærði ekki

hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni. Kvað ákærði hér vera um samsæri gegn sér að ræða af hálfu lögreglunnar í Reykjavík.

Í þinghaldi þann 10. júní 1982 óskuðu ákærði og verjandi hans eftir því, að kannaður yrði ferill blóðsýnis þess, er ákærða var tekið. Þann 16. júní 1982 ákvað dómarinn að fella ofangreinda sviptingu úr gildi, þar sem fyrirsjáanlegt var, að málið drægist vegna frekari rannsóknar.

Með bréfi, dagsettu 27. október sl., fór dómarinn þess á leit við lögreglustjóraembættið í Reykjavík, að kannaður yrði ferill blóðsýnisins. Sú rannsókn barst dómaranum með bréfi, dagsettu 25. febrúar sl. Ekki verður annað séð, en meðferð blóðsýnisins hafi verið með eðlilegum og venjulegum hætti, og þykir ekki þörf að rekja frekar rannsókn þessa.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og framburðum tveggja lögreglumanna um áfengisáhrif á ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

II.

Þriðjudaginn 7. júlí 1981, um kl. 1400, ók ákærði bifreiðinni R 27704 austur Egilsgötu og suður Snorrabraut, þar sem akstur hans var stöðvaður.

Ákærði hafði verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða þann 16. júní 1981, og telst því sannað, að ákærði hafi með háttsemi sinni brotið þær lagagreinar, er um getur í ákæruskjali.

III.

Laugardaginn 10. janúar 1981, um kl. 1940, voru lögreglumenn staddir á Sóleyjargötu, er þeir veittu athygli bifreiðinni R 53415, er ákærði ók vestur Hringbraut að gatnamótum Njarðargötu. Segir í lögregluskýrslunni, að bifreiðinni hafi verið ekið gegn rauðu ljósi, sem kviknaði, er hún átti eftir um tvær bíllengdir að stöðvunarlínu. Var bifreiðinni veitt eftirför vestur Hringbraut um Melatorg, er komið var að gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu, hafi bifreiðin ekið aftur yfir á móti rauðu ljósi, er kviknaði, er hún átti um tvær bíllengdir að stöðvunarlínu.

Þann 7. júlí 1981 gaf ákærði skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík og skýrði þá þannig frá:

„Ég tel skýrslu lögregluþjóns nr. 185 um mér ætluð brot tómt rugl. Á gatnamótum Hringbrautar og Hofsvallagötu mun ég hafa ekið inn á gatnamótin á gulu ljósi, en rauða ljósið kviknað er ég var kominn inn á mið gatnamótin. En á gatnamótum Hringbrautar og Njarðargötu var ég kominn að stöðvunarlínu þegar kviknar á gulu ljósi og taldi mig ekki geta stöðvað

bifreiðina þar sem ég var of nærri gatnamótum og vegna bleytu á götum sem lengja hemlunarvegalengdina. Þó að ég hefði klossbremsað hefði bifreiðin ekki stöðvast fyrr en inn á miðjum gatnamótum. Rauða ljósið sé ég ekki í þetta skipið, enda ég líklega kominn það langt yfir gatnamótin að ég sæi ekki á ljósin.

Mætti óskar eftir skýringu frá lögregluþjónunum á hvorri akrein hann hafi farið yfir á rauðu ljósi að þeirra sögn.

Einnig er aðeins stöðvunarlína yfir aðra akreinina að sögn mætta og á götum voru svellbunkar."

Vitnið Birgir Straumfjörð Jóhannsson gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 9. júlí 1981 og kom fyrir dóm þann 10. júní 1982. Fyrir dóminum mundi vitnið ekki eftir málinu, en hjá rannsóknardeildinni skýrði vitnið svo frá:

„Við vorum staddir á Sóleyjargötu, milli Njarðargötu og Hringbrautar, sérstaklega staðsettir til þess að fylgjast með umferð við umferðarljósin á gatnamótum Njarðargötu og Hringbrautar.

Ég man vel eftir þessu máli. Þegar rauða ljósið kviknar á umrædd bifreið eftir u.þ.b. tvær bíllengdir að stöðvunarlínu og sá ég hana halda áfram og yfir gatnamótin þrátt fyrir ljósin.

Við Frosti Sæmundsson eltum umræddа bifreið á lögreglubifreið með rauðum aðvörunarljósum, en ökumaður tekur ekki eftir þeim fyrr en við stöðvum hann vestan við gatnamótin Hringbraut/Hofsvallagata.

Er umræddur ökumaður fer yfir þau gatnamót er rautt ljós. Það kviknaði þegar bifreiðin átti eftir u.þ.b. tvær bíllengdir að stöðvunarlínu.

Við höfðum tal af ökumanni og hann sagði að hann væri að flýta sér að skila föður sínum bílnum og ætlaði að drífa sig á sjóinn. kvaðst hann vera sjómaður.

Að ósk kærða er hér svar Birgis við spurningu hans:

Ég man ekki greinilega á hvorri akreininni hann ók vestur Hringbrautina, yfir Njarðargötu, en yfir Hofsvallagötuna er ökumaður á vinstri akrein, að mig minnir.

Þegar við stöðvum hann, er hann á vinstri akrein og við vísum honum inn á bifreiðastæði vinstra megin."

Vitnið Frosti Sæmundsson lögreglumaður gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 10. júlí 1981. Vitnið kom ekki fyrir dóm. Skýrsla vitnisins var svohljóðandi:

„Við vorum í Sóleyjargötunni milli Hringbrautar og Njarðargötu, gagngert til að fylgjast með umferð við gatnamótin Hringbraut/Njarðargata. Ég vil síðan staðfesta að skýrsla lögregluþjóns nr. 185 er rétt. Er við stöðvuðum ökumanninn og fórum með hann yfir í lögreglubifreiðina til yfirheyrslu, þá var framburður hans ruglingslegur og þokukenndur. Ytri

einkenni ökumannsins bentu til þess að hann væri hlaðinn einhverri innri spennu.

Við spurningu kærða um á hvorri akrein hann hafi ekið yfir á rauðu ljósi, tel ég það engu máli skipta á hvorri akreininni hann hafi ekið yfir á móti rauðu ljósi. En það má taka það fram að kærði var stöðvaður á vinstri akrein."

Þann 26. ágúst 1981 var ákærða boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, en hann hafnaði því.

Með samhljóða framburðum tveggja lögreglumanna telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:
— — —

Þann 25. febrúar sl. gaf dómarinn verjanda ákærða frest til þess að skila vörn í málinu. Verjandinn hafði áður samband við dómarann og tjáði honum, að ákærði vildi ræða við dómarann, áður en vörn yrði skilað, en ákærði afplánaði þá fangelsisdóm á Litla-Hrauni. Dómarinn fór síðan að Litla-Hrauni þann 16. maí sl. og kynnti ákærða niðurstöðu rannsóknar, sem fram hafði farið á ferli blóðsýnisins. Krafðist ákærði þá þess, að dómarinn viki sæti í málinu, og rökstuddi hann kröfu sína þannig orðrétt: „Dómarinn hafði ekki snúið sér að þeirri rannsókn, sem ákærði óskaði eftir, heldur snúið útúr þeirri rannsókn, sem óskað var eftir. Þá hafi dómarinn verið með aðdróttanir að lögboðnum réttarfarslegum rétti ákærða." Dómarinn tók kröfu ákærða til dóms eða úrskurðar, og með úrskurði, uppkveðnum þann 27. maí sl., var kröfu ákærða hafnað. Er ákærði var birtur úrskurðurinn þann 1. júní sl., óskaði hann eftir að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands, en ríkissaksóknari heimilaði eigi kæru, sbr. 1. tl. 171. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þar sem ákærði hefur, eftir að brot þau voru framin, sem hér er fjallað um, hlotið samtals 17 mánaða óskilorðsbundið fangelsi, ber að dæma honum hegningarauka skv. 78. gr. almennra hegningarlaga. Verður einnig höfð hliðsjón af 77. gr. sömu laga. Má ætla, að refsing ákærða hefði ekki orðið hærri, hefði verið dæmt um þessi brot í þeim málum, og verður ákærða því ekki dæmd refsing í máli þessu.

Þá verður ákærða ekki gerð frekari ökuleyfissvipting en hann hefur þegar sætt, það er að segja frá 16. júní 1981 til 16. júní 1982.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.00.

Þá skal tekið fram, að mál þetta hefur dregist vegna anna dómarans og að nokkru vegna hegðunar ákærða.

Dómsorð:

Ákærða, Eggert Bjarna Arnórssyni, verður ekki dæmd refsing í máli þessu.

Ákærða verður ekki gerð frekari ökuleyfissvipting en frá 16. júní 1981 til 16. júní 1982.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.500.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. október 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 19. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 458/1983: Ákæruvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni, sem tekið var til dóms 17. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. júní 1983, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Eggert Bjarna Arnórssyni, refsifanga á Litla-Hrauni, til heimilis að Meistaravöllum 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 13. september 1954, fyrir að hafa aðfaranótt 9. ágúst 1982 við veitingahúsið Hollywood, Ármúla 5 í Reykjavík, ráðist á Guðmund Gígju, rannsóknarlögreglumann, út af starfi hans sem lögreglufulltrúa við fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík og afskiptum hans af ákærða í því starfi og slegið hann hnefahögg í andlitið svo að Guðmundur féll á höfuðið á steinsteypta stétt, missti meðvitund skamma stund, marðist á hnakka og hruflaðist á olnboga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1980 1/10 sakad. í ávana- og fíkniefnamálum: dómur: 8 mán. fangelsi og 1.000.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974, og 2., sbr. 10. gr. reglug. nr. 390/1974.

1982 25/10 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar: Ofangreindur dómur frá 1/10 1980 staðfestur.

1982 15/12 í Reykjavík: Ávana- og fíkn: Dómur: 9 mán. fangelsi og 5.000 kr. sekt. f. brot g. 173 gr. a hgl. nr. 19/1940, sbr. l. nr 64/1974.

1983 28/6 í Reykjavík: Dómur: Ákæru f. brot g. 1. mgr. 106. gr. hgl. vísað frá dómi.

1983 4/7 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur f. brot g. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 38. gr. umfl. Refsing ekki dæmd. Ekki gerð frekari ökuleyfissvipting en frá 16/6 1981 til 16/6 1982.

Fyrst verður rakinn gangur málsins fyrir dómi fram að dómtöku.

Upphaflega hafði annar dómari með málið að gera og kvað upp í því frávísunardóm 28. júní sl., þar sem hann taldi, að rannsaka hefði átt andlegt heilbrigðisástand ákærða fyrir útgáfu ákæru. Dóminum var af hálfu ríkissaksóknara skotið til Hæstaréttar með kæru.

Hæstiréttur kvað upp dóm 30. september sl. og felldi frávísunardóminn úr gildi og lagði fyrir héraðsdómara að birta ákæruskjalið, útgefið 2. júní 1983, og taka málið til dómsmeðferðar.

Ríkissaksóknari skaut þá málinu á ný til sakadóms Reykjavíkur með bréfi, dagsettu 4. þ.m., og fékk dómarinn það í hendur þ.m.

Ákærða var birt ákæran í réttarhaldi 17. þ.m. Ekki þótti dómaranum ástæða til frekari rannsóknar á geðhögum ákærða, en hann hafði kannað, að ákærði hafði hvorki verið til meðferðar á geðdeild Landspítalans né Borgarspítala. Málið var þá dómtekið.

Málavextir.

Aðfaranótt mánudagsins 9. ágúst 1982 veittu lögreglumenn, sem óku fram hjá veitingahúsinu Hollywood, því athygli, að maður lá á gangstéttinni og dyraverðir hússins héldu öðrum þar rétt hjá. Við athugun reyndist um að ræða ákærða í máli þessu og Guðmund Gígja rannsóknarlögreglumann, en hann lá í götunni, og hafði ákærði slegið hann í andlitið eftir að hafa elt hann inni á dansleiknum að sögn Guðmundar Gígja sjálfs.

Guðmundur Gígja kærði atferlið í bréfi, dagsettu 9. ágúst 1983. Samdægurs fór fram rannsókn í málinu hjá rannsóknarlögreglu. Ákærði var þá yfirheyrður. Þar viðurkenndi hann að hafa slegið til Guðmundar Gígja, og kvaðst ákærði reikna með, að höggið hafi lent á kinninni og muni Guðmundur Gígja hafa fallið við það. Ákærði var inntur eftir því, hvort um viljaverk hafi verið að ræða, og kvað hann svo hafa verið. Að öðru leyti snerist rannsóknin um ýmis önnur samskipti ákærða og Guðmundar Gígja svo og afskipti lögregluyfirvalda og ákæru- og dómsvalds af ákærða. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann framdi verkið.

Dyraverðirnir Gunnar Ólafsson og Stefán *Rúnar* Bjarnason voru sama dag yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglu. Sáu þeir báðir, þegar ákærði sló

Guðmund Gígja og hann féll á gangstéttina. Gátu þeir í sameiningu yfirbugað ákærða, sem að þeirra sögn var mjög æstur. Gunnar Ólafsson taldi höggið mikið, og enn fremur var hann vitni að því skömmu áður inni í húsinu, að ákærði var með hótanir í garð Guðmundar Gígja.

Daginn eftir, þann 10. ágúst sl., var Guðmundur Gígja yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu. Kom þar fram, sem einnig hafði komið fram í kærubréfi hans, að hann taldi sig ekkert muna, frá því að hann gekk niður tröppur hússins þar til allnokkru eftir atvikið, er hann var fyllilega kominn aftur til sjálfs sín. En þá hafði lögreglan handtekið ákærða. Vitnið kvaðst hafa skollið með höfuðið á steinsteypta stétt. Hann hefði fengið mar aftan til vinstra megin á höfði og hruflast á vinstri olnboga. Eins hefði hann bólgnað á hægri kjálka.

Í læknisvottorði, dagsettu 30. ágúst 1982, undirrituðu af Leifi Jónssyni, lækni á Borgarspítala, segir:

„Þann 9/8 1982, kl. 21:00 kom ofanskráður sjúklingur á Slysadeild Borgarspítalans. Hann hafði þá sögu að segja að kvöldið áður hafi hann verið að koma úr skemmtistaðnum Hollywood er hann varð fyrir árás. Ráðist var að honum með barsmíðum og fékk hann meðal annars kjaftshögg á hægri kjamma. Féll hann við höggið og sló hnakkanum í götuna. Ekki fylgir sögunni neitt sem getur túlkast sem meðvitundarmissir en kvartar nú um höfuðverk.

Við skoðun finnst eftirfarandi:

1. Mar á hnakka.
2. Hrufl á vinstri olnboga.

Ekki finnast önnur áverkamerki. Kjálkahreyfingar eru eðlilegar og bit eðlilegt. Neurologia eðlileg. Meðferð var engin og sjúklingur hefur ekki sótt heim Slysadeildina síðan vegna meiðsla þessara.“

Ríkissaksóknari endursendi málið rannsóknarlögreglu til frekari rannsóknar með bréfi, dagsettu 19. apríl 1983, en af því bréfi má lesa, að rannsóknarlögreglan hafi sent málið ríkissaksóknara með bréfi 1. nóvember 1982.

Þriðjudaginn 17. maí 1983 var tekin skýrsla af vitninu Hjördísi L. Jónsdóttur, eiginkonu Guðmundar Gígja. Vitnið sá ekki, þegar maður þess var sleginn, en sá, hvar hann lá í götunni og að ákærði hafði augsýnilega barið hann. Enda hefði ákærði áður inni í húsinu verið með ógnanir við eiginmann hennar. Vitnið kvað mann sinn hafa verið marinn og bólginn á andliti eftir áverkann.

Vitnið Ólöf Jóna Oddsdóttir gaf skýrslu sama dag. Vitnið kvaðst hafa orðið þess vör, að ákærði var með hótanir við Guðmund Gígja inni í hús-

inu. Heyrði vitnið þá, að ákærði hótaði að slá hann, þegar út væri komið. Vitnið kvað Guðmund Gígja hafa rotast við höggið og hafa verið nokkra stund að jafna sig.

Guðmundur Gígja gaf á ný stutta skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 18. maí 1983 og kvaðst þá ekki hafa uppi skaðabótakröfu á hendur ákærða.

Ákærði kom til skýrslugjafar á ný þann 19. maí 1983. Fór hann þar þungum orðum um Guðmund Gígja og hans starf að lögreglumálum. Í lok skýrslu ákærða segir, ,,að hann óski eftir að máli hans verði vísað til löglegrar og óhlutdrægrar meðferðar og skýrslutöku, sem er ekkert viðriðin, lögreglunni í Reykjavík, Rannsóknarlögreglu ríkisins og sakadómsembætti á landinu og ennfremur viðriðinn Ríkissaksóknara. Og verði þessu máli vísað til Dómsmálaráðuneytisins, sem samkvæmt lögum má vísa því til sérstakrar dómsrannsóknar."

Hefur í stórum dráttum verið rakinn gangur málsins.

Niðurstöður.

Ákærði, en honum er þungt í huga vegna fyrri afskipta lögreglu af honum, gengur svo langt að slá Guðmund Gígja rannsóknarlögreglumann, þar sem þeir voru báðir utan við veitingahúsið Hollywood, en þeir höfðu verið að skemmta sér þar inni hvor í sínu lagi. Ekki verður séð, að Guðmundur Gígja hafi á staðnum gefið tilefni til árásar þessarar, heldur þvert á móti reynt að forðast ákærða.

Hinu er ekki að neita, að gögn málsins bera með sér, að ákærði telur sig og aðra hafa hlotið óvægna meðferð hjá lögreglunni. Kom þetta líka fram, er hann gaf skýrslu fyrir dómi.

Dómari málsins telur ákærða fyllilega sakhæfan. Ákærði gerir sér vel ljósa framkvæmd og afleiðingar verks síns. Hann hefur hins vegar látið stjórnast af mikilli reiði í garð lögreglumannsins Guðmundar Gígja, en reiði hans virðist ná til lögreglu-, ákæru- og dómsvalds í landinu.

Ákærði réðst að og sló rannsóknarlögreglumann, sem að vísu var ekki að sinna störfum þá stundina, en árásin var sprottin út af slíkum störfum mannsins, og verður hann því talinn opinber starfsmaður í skilningi 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þegar að honum var veist.

Verknaðurinn er sannaður með játningu ákærða og stoð í vitnaframburðum. Telst brotinu rétt lýst í ákærunni og varða við nefnda 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða með hliðsjón af því, að verknaður er framkvæmdur í reiðikasti, en einnig með hliðsjón af sakaferli ákærða telst hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Engin skaðabótakrafa er frammi höfð í málinu.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Eggert Bjarni Arnórsson, sæti fangelsi í 30 daga.
Ákærði greiði allan sakarkostnaðinn.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. janúar 1984.

Nr. 55/1982. **Ágúst Finnsson, Gísli Maack og Pétur Guðmundsson**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Guðjóni Steingrímssyni hrl. f. h. Eksportkreditrådet Kaupmannahöfn
(sjálfur)

Lausafjárkaup. Gallar. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. mars 1982, en áfrýjunarleyfi höfðu þeir fengið 1. mars. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Fram kom við munnlegan flutning málsins, að Tabu s/f hefur hætt starfsemi, en að áfrýjendur bera ábyrgð á skuldbindingum félags þessa.

Vegna málflutnings áfrýjenda fyrir Hæstarétti er þess getandi, að ekki verður séð, að þeir hafi hreyft neinum athugasemdum um, að hinar seldu vörur hafi verið of seint afgreiddar eða í of mörgum sendingum, fyrr en ef til vill einhvern tíma undir lok málsmeðferðar í héraði. Að þessu athuguðu og þar sem fallast ber á úrlausn héraðs-

dóms um of síðbúna kvörtun Tabu s/f vegna þeirra galla, er áfrýjendur telja hafa verið á vörunum, verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um, að áfrýjendum hafi ekki verið rétt að endursenda vörurnar, svo sem þeir gerðu.

Áfrýjendur ráðstöfuðu ekki vörunum, eftir að þeir endursendu þær, þrátt fyrir kröfu af hendi seljanda um, að þeir greiddu kaupverðið og ráðstöfuðu síðan vörunum. Mátti hann því selja vörurnar fyrir reikning áfrýjenda, svo sem gert var. Vörurnar voru að vísu hvorki seldar á uppboði né fyrir milligöngu miðlara, sbr. 34. gr. danskra laga um lausafjárkaup nr. 102 6. apríl 1906. En þar sem ekki hefur verið hnekkt þeirri niðurstöðu héraðsdóms, sem skipaður var verslunarfróðum samdómendum, að vörurnar hafi verið seldar fyrir eðlilegt verð, eins og á stóð, ber að staðfesta dóminn einnig að því er dómsfjárhæð varðar svo og um vexti, sem áfrýjendur hafa lýst yfir, að þeir andmæli ekki sérstaklega, en þó þannig, að frá 21. apríl 1982 til greiðsludags verði vextir af dæmdri fjárhæð sömu vextir og greiddir hafa verið á hverjum tíma af innlendum gjaldeyrisreikningum í dönskum krónum að viðbættum 5% ársvöxtum.

Dæma ber áfrýjendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frá 21. apríl 1982 til greiðsludags skuli vextir vera 5% hærri ársvextir en vextir af innlendum gjaldeyrisreikningum í dönskum krónum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Áfrýjendur, Ágúst Finnsson, Gísli Maack og Pétur Guðmundsson, greiði in solidum stefnda, Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Eksportkreditrådet, Kaupmannahöfn, 25.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 6. nóvember 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. sept., hefur Guðjón Steingrímsson hrl., Hafnarfirði, f. h. Eksportkreditrådet, Danmarks Industriministeri,

Kaupmannahöfn, höfðað fyrir dóminum hinn 24. febrúar 1981 með vísan til 2. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936 gegn Ágústi Finnssyni, Miðvangi 16, Hafnarfirði, Gísla Maack, Víðimel 60, Reykjavík, og Pétri Guðmundssyni, Hörðalandi 20, Reykjavík, öllum persónulega og f. h. Tabu s/f.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in soldium gert að greiða danskar kr. 39.328.00 með 20% ársvöxtum frá 1. júlí 1978 til greiðsludags og að stefndu verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

II.

Tildrög málsins kveður stefnandi þau, að hið stefnda félag, Tabu s/f, en meðstefndu eru eigendur þess, hafi pantað skyrtur, kvenblússur og húfur hjá firmanu Young-Line Fashions Aps, Bredal, Vejle, Danmörku, og hafi vörurnar verið sendar til Reykjavíkur með pósti á tímabilinu frá 28. apríl til 28. júní 1978. Upphæð vörureikninganna hafi verið danskar kr. 46.048.00. Stefndu hafi ekki leyst vöruna út á pósthúsinu og hafi varan verið endursend 5. október 1978. Stefndu hafi síðan neitað að greiða vöruna og hafi hún að lokum verið seld í júní 1979 fyrir danskar kr. 6.720.00. Eftir standi því danskar kr. 39.328.00. Eftir að bú seljanda var tekið til gjaldþrotaskipta, hafi krafan verið framseld stefnanda.

Af hálfu stefndu er sýknukrafan á því byggð, að varan hafi verið gölluð. Vörusendingar þær, sem bárust á tollpóststofuna í Reykjavík, hafi ekki verið í samræmi við pöntun. Bæði stærðir og litasamsetning hafi verið röng og varan því óseljanleg, nema þá í stærra samhengi, enda hafi hér verið um tískuvöru að ræða. Stefndu geta þess, að hið stefnda félag hafi verið búið að selja hinar pöntuðu vörur fyrirfram og þá miðað við ákveðna liti og stærðir. Enn fremur hafa stefndu mótmælt fjárhæð kröfunnar, svo sem nánar verður lýst í kafla V.

III.

Þegar stefndi Ágúst gaf aðiljaskýrslu fyrir dóminum, var m.a. bókað: „Hann segir að stefndu hafi ekki átt önnur viðskipti við Young-Line, en þau er mál þetta snýst um. Hann segist ásamt stefnda Pétri hafa pantað þessar vörur á vörusýningu í Bella Center í Kaupmannahöfn í mars 1978. Þeir hafi skoðað þar vörurnar í sýningarbás og útfyllt óundirritaða pöntun og fengið sýnishorn . . . Hann segist hafa selt vörurnar verslunum hérlendis eftir sýnishornum og í samræmi við pöntunina, áður en varan barst til landsins. Hann segist hafa leyst út fyrstu sendingarnar og þær hafi reynst rangt afgreiddar í stærðum og litum. Hann minnist þess ekki að hafa kvartað þá. Síðan hafi þeir ákveðið að bíða þar til allar sendingarnar væru

komnar, þar sem þær sendingar, sem þegar voru komnar, voru ekki í samræmi við pantanir. Hann segist hafa skoðað vörurnar á tollpóststofunni, líklega í byrjun júlí, þ. e. viku til 10 dögum eftir að síðasta sending barst, þegar hann taldi að allar vörurnar væru komnar. Hann segist hafa skoðað allar þessar vörur í einu lagi. Skoðunin hafi farið fram í tollvarðarherbergi á tollpóststofunni. Viðstaddir auk sín hafi verið 3-4 tollverðir eða starfsmenn tollpóststofunnar.

Hann segist hafa skrifað niður stærðir og liti þeirrar vöru sem hann skoðaði og strax séð að rangt var afgreitt í litum og stærðum og ekki í samræmi við pöntun. Hann segist síðan hafa farið á skrifstofu stefndu og borið þessa talningu saman við pöntunina og sá samanburður hafi staðfest að rangt var afgreitt. Hann segir að þeir hafi síðan beðið tollpóststofuna að endursenda vöruna. Hann segir að stefndi Pétur hafi séð um að biðja um það á tollpóststofunni, að varan yrði endursend, væntanlega munnlega.

Það hafi verið strax sama dag eða næstu daga eftir að skoðun á vörunni fór fram. Stefndi segir að þetta hafi verið vor- eða sumarvara, ekki haustvara. . .

Stefnda eru sýndir vörureikningar á dskj. nr. 3. Hann segist hafa verið búinn að fá þessa vörureikninga í hendur áður en hann skoðaði vörurnar á tollpóststofunni, þessir vörureikningar hafi borist sér í pósti fáum dögum eftir dagsetningu þeirra hvers og eins. Hann segist hafa talið ástæðu til að skoða vöruna, bæði vegna þess að tilgreining á litum og stærðum á dskj. nr. 3 sé óglögg, svo og vegna þess að hann hafi ekki treyst þessu fyrirtæki, að varan væri í samræmi við tilgreiningu á vörureikningi."

Við aðiljayfirheyrslu var m. a. eftir stefnda Pétri bókað: „Hann segir að pöntunin hafi ekki öll verið afgreidd, það hafi verið 1 eða 2 artiklar sem ekki komu. Hann segist hafa óskað eftir því munnlega við tollpóststofuna, að hún endursendi vöruna skömmu eftir að talningin fór fram. Nánar spurður segist hann ekki geta fullyrt, að það hafi verið sama dag eða daginn eftir að talningin fór fram, sem hann óskaði eftir að varan yrði endursend, það hafi alla vega verið í sama mánuðinum."

Fram hefur verið lögð í málinu hin skriflega pöntun á umræddri vöru, dags. 16. 3. 1978, og enn fremur reikningar fyrir vörunni, sem stefndi Ágúst segir, eins og fyrr greinir, að hafi borist sér fáum dögum eftir dagsetningu þeirra hvers og eins.

Lögmaður stefndu hefur lagt fram svofelldan samanburð, sem ekki er mótmælt, á pantaðri vöru samkvæmt framlögðum pöntunarlistum og sendri vöru samkvæmt framlögðum vörureikningum:

,, 1. Vara merkt model 7777 (skjorter)

Pantað	36	38	40	42	*Reikningur*			
natur	5	10	10	5	5	5	10	5
camel	5	10	10	5	5	10	10	5

2. Vara merkt 6100
Virðist ekki hafa komið.

3. Vara merkt 0013 á reikningnum (skjorter)
Ekki pöntuð.

4. Vara merkt 0037 (caps)
Pöntun og reikningar samsvarandi.

5. Vara merkt 0034 (skjorter - damebluser)

Pantað	S	M	L	*Reikningur* S M L.
Hvítt	10	10	5	
Camel	10	10	5	54 13 5
Brunt	10	10	5	(litasamsetning ótilgreind)

6. Vara merkt 0036 (skjorter - damebluser)

Pantað				*Reikningur*
Hvítt	20	20	10	20 20 10
Camel	20	20	10	26 15 7
Brunt	20	20	10	15 28 (litasamsetning óljós að hluta).

7. Vara merkt 0030 (damebluser)

Pantað				*Reikningur*
Camel	10	10	5	20 25 15
Hvítt	10	10	5	10 15 10 (ATH)

Umbj. m. telur sig muna það rétt að hvítt hafi ekki komið í þessari vöru heldur hafi rautt eða rústrautt komið í staðinn.

8. Vara merkt 0035 (damebluser)

Pantað				*Reikningur*
Hvítt (ATH)	40	40	20	69x)
Camel	40	40	20	40 40 20
Brunt	40	40	20	40 32 20 x) Litasamsetn. óljós.

9. Pöntun skv. dskj. nr. 25, virðist ekki hafa komið.

10. Pöntun á dskj. nr. 26 var leyst út af umbj.m. í apríl.

Umbj. mínir leggja áherslu á það, að vörur skv. dskj. nr. 3 hafi bæði verið ranglega afgreiddar og komið allt of seint til Íslands miðað við það sem gert var ráð fyrir á pöntunarseðlum.

Ennfremur bera reikningar það með sér, að sömu vöru var í nokkrum tilfellum skipt niður á margar sendingar, t.d. var vara merkt model 0035 skipt niður á 5 sendingar.“

IV.

Því er ekki haldið fram, að stefndu hafi borið fram neins konar kvörtun fyrr en í október 1978, en þá hafði Young-Line falið lögmanni (dönskum) innheimtu kröfunnar og hann sent innheimtubréf, dags. 22. 9. 1978, og síðan framsent Guðjóni Steingrímssyni hrl. kröfuna til innheimtu, en fyrsta innheimtubréf hans er dagsett 19. 10. 1978.

Samkvæmt gögnum málsins bárust umræddar vörur Tollpóststofunni í Reykjavík á tímabilinu 28. apríl til 28. júní 1978, en voru endursendar þaðan hinn 5. október sama ár. Í greinargerð lögmanns stefndu er sagt, að stefndu, sem hafi verið í góðri trú um, að varan hefði verið endursend í júlí, hafi, er þeir fengu innheimtubréfið frá 22. 9. 1978, brugðið við og krafist þess við stjórnendur tollpóstofu, að varan yrði þegar endursend.

Engin skýring hefur verið gefin á því, hvers vegna endursending dróst svo lengi, þ. e. frá júlí til október, þrátt fyrir ákvæði 2. töluliðs 25. gr. alþjóðlega póstbögglasamningsins frá 5. júlí 1974, sem undirritaður var af Íslands hálfu hinn 5. júlí 1974 og gildi tók hérlendis hinn 1. janúar 1976, sbr. auglýsingu nr. 21/1975, en umrætt ákvæði hljóðar svo:

„Sérhver böggull, sem tilkynntur hefur verið viðtakanda, skal geymdur honum til ráðstöfunar í hálfan mánuð, eða allra lengst í einn mánuð, að telja frá deginum eftir að tilkynningin var send. Frest þennan má sem undantekningu lengja fram yfir fyrrgreindan tíma, ef innanlandsákvæði póststjórnar ákvörðunarlandsins leyfa.“

V.

Sem fyrr er greint, hafa stefndu mótmælt fjárhæð dómkrafna tölulega. Varan hafi ekki verið seld hæstbjóðanda á uppboði og ekki liggi fyrir mat dómkvaddra manna um verðmæti hennar, er hún var seld.

Stefnandi hefur með vísan til 34. gr. kaupalaga nr. 39/1922 haldið því fram, að sér hafi verið heimilt að selja vöruna fyrir reikning kaupanda. Hefur hann lagt fram skrifleg tilboð tveggja danskra fatnaðarverslana, sem bæði eru dagsett 25. júní 1979, en því hærra var tekið. Einnig hefur lögmaður stefnanda lagt fram bréf sitt til stefndu, dags. 18. apríl 1979, þ. e. áður en varan var seld, þar sem m. a. segir: „Er yður gefinn kostur á að semja við mig um greiðslu skuldarinnar eða greiðslu bóta vegna rift-

unar kaupanna, enda verði samið fyrir 1. maí n.k.“ Hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að honum hafi verið riftun heimil samkvæmt 28. gr. kaupalaga og að krefjast skaðabóta samkvæmt 30. gr. sömu laga.

Minnir stefnandi á, að ákvæði dönsku laganna nr. 102/1906 om køb eru að því leyti, sem á reynir í máli þessu, efnislega á sömu leið og hinna íslensku og númer lagagreina hin sömu, og eiga því tilvitnanir í kaupalög í máli þessu jafnt við um lög beggja landanna.

Mótmæli stefndu gegn fjárhæð kröfunnar eru einnig byggð á aðildarskorti. Stefnandi Eksportkreditrådet hafi aðeins leyst til sín hluta hennar, þ. e. danskar kr. 29.595.67, en það kemur fram í skjölum málsins, að Eksportkreditrådet ábyrgðist 90% af útflutningi Young-Line til Tabu s/f eftir 22. apríl 1978 og greiddi samkvæmt þeirri ábyrgð gegn samsvarandi kröfuframsali sem hér segir, eftir því sem fram kemur í bréfi frá Eksportkreditrådet til lögmanns síns, dags. 15. júní 1981:

„Samlet tab		46.048.00 kr.
Heraf omfattet af garantien lev. 24/4 - 20/6 1978		38.503.00 kr.
÷ indgået ved salg til anden side fordelt forholdsmæssigt mellem garanterede og ugaranterede beløb	6.720.00 × 38.503.00	
	46.048.00 kr.-	5.618.92 kr.
		32.884.08 kr.

90% heraf udgør 29.595.67 kr.“

Til svars við ofangreindri mótbáru stefndu hefur lögmaður stefnanda lagt fram svohljóðandi bréf frá skiptastjóra í þrotabúi Young-Line Fashions Aps, dagsett 2. júlí 1981, þar sem þrotabúið veitir stefnanda ráðstöfunarheimild á allri kröfunni:

„I forsættelse af tidligere behagelig telefonsamtale kan jeg til Deres orientering oplyse, at jeg hermed på vegne kurator i konkursboet Young Line Fashion Aps Vejle giver Exportkreditrådet, Gl. Kongevej 60, København, fuldmagt til í enhver henseende, at disponere over tilgodehavende st. opr. kr. 46.048.00 hos Tabu, Island.“

VI.

Álit réttarins.

Eftir því sem fram er komið í máli þessu, skorti verulega á að umrædd vara væri afgreidd í samræmi við pantanir. Varan var því gölluð.

Í 52. grein kaupalaga nr. 39/1922 er þá reglu að finna, að komi það í ljós, að söluhlut er ábótavant og kaupandi vill bera það fyrir sig, þá skal hann skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um verslunarkaup er að tefla. Ef kaupandi hefur orðið þess var, að hlutnum var áfátt, eða hann hefði átt að verða þess var, og hann skýrir seljanda eigi frá því, þá getur hann eigi síðar borið það fyrir sig.

Einnig er í sömu lagagrein svo fyrir mælt, að ef kaupandi vill rifta kaupum, skal hann skýra seljanda frá því án ástæðulauss dráttar, ella missir hann rétt sinn til að hafna hlutnum.

Umræddir vörureikningar eru dagsettir 17. 4., 24. 4., 30. 4., 8. 5., 9. 5., 16. 5. og 20. 6. 1978. Stefndi fékk þá hvern um sig í hendur fáum dögum eftir dagsetningu. Með því að bera þá saman við pantanir gat stefndi gengið úr skugga um, eða a.m.k. fengið ákveðna vísbendingu um, að afhendingu vörunnar var áfátt.

Í byrjun júlí rannsakaði stefndi vörurnar. Þrátt fyrir þetta bar hann enga kvörtun fram fyrr en komið var fram í október, eða meira en 5 mánuðum eftir að honum bárust fyrstu vörureikningarnir og um 3 mánuðum eftir að hann skoðaði vöruna.

Af framansögðu leiðir, að hafna ber sýknukröfu stefndu, með vísan til 52. gr. laga nr. 39/1922.

Það athugast, að beiðni stefndu um endursendingu verður eigi jafnað til tilkynningar þeirrar, er um ræðir í 61. gr. kaupalaga, sbr. 39. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Á það verður að fallast með stefnanda, að honum hafi verið rétt með vísan til 34. greinar kaupalaga að selja vöruna fyrir reikning kaupanda, enda telst lögmaður stefnanda, m. a. með áður tilvitnuðu bréfi frá 18. apríl 1979, hafa gert stefndu nægilega grein fyrir því, að þeir mættu eiga von á, að svo yrði gert. Með tilliti til þess, að aðiljar eru algerlega sammála um, að þar sem hér var um tískuvöru að tefla, þá hafi varan verið orðin mjög lítils virði, er hún var seld, þykja stefndu ekki geta vefengt, að varan hafi verið seld fyrir eðlilegt verð, enda má ætla, að frekari sölutilraunir hefðu leitt til aukins kostnaðar.

Með skírskotun til tilvitnaðs bréfs þrotabús Young-Line Fashions Aps, frá 2. júlí 1981, ber að fallast á aðild stefnanda, einnig að þeim hluta kröfunnar, sem er umfram danskar kr. 29.595.67.

Vextir verða tildæmdir í samræmi við auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti af kröfum í erlendum gjaldeyri, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og lög nr. 58/1960, þ. e. jafnir vöxtum af innlendum gjaldeyrisreikningum að viðbættum 6%. Samkvæmt því verða hér tildæmdir 11% ársvextir frá 1. júlí 1978 til 1. júní 1979, en 13% ársvextir frá þeim degi til 13. febrúar 1981,

en 15% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, en 16% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákvarðast íslenskar krónur 8.200.00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt sjó- og verslunardómsmönnunum Ragnari Péturssyni verslunarstjóra og Pétri Sigurðssyni kaupmanni.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna og frátafa dómsformanns.

Dómsorð:

Stefndu, Tabu s/f, Ágúst Finnsson, Pétur Guðmundsson og Gísli Maack, greiði in solidum stefnanda, Guðjóni Steingrímssyni hrl. f. h. Eksportkreditrådet, danskar krónur 39.328.00 með 11% ársvöxtum frá 1. júlí 1978 til 1. júní 1979, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, en 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og íslenskar krónur 8.200.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. janúar 1984.

Nr. 239/1981. **Ragnar Tómasson**
(enginn)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Útivistardómur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. október 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Er mál það skyldi þingfest 2. nóvember 1981, kom enginn fyrir dóm af hálfu áfrýjanda, og var kveðinn upp útivistardómur. Áfrýjandi fékk enn útgefna stefnu 20. nóvember 1981, og var það mál þingfest 2. desember

s. á. Er málið var tekið fyrir til munnlegs málflutnings hinn 11. þ. m., var eigi sótt þing af hálfu áfrýjanda. Af hálfu stefnda var krafist málskostnaðar.

Eftir 39. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973 ber að fella mál þetta niður og dæma stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ragnar Tómasson, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. janúar 1984.

Nr. 5/1982. **Ragnar Tómasson**
(enginn)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Útivistardómur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Er málið var tekið fyrir til munnlegs málflutnings hinn 11. þ. m., var eigi sótt þing af hálfu áfrýjanda. Af hálfu stefnda var krafist málskostnaðar.

Eftir 39. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973 ber að fella mál þetta niður og dæma stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ragnar Tómasson, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. janúar 1984.

Nr. 7/1984. **Hermann Ægir Aðalsteinsson**
gegn
Arnfríði Sigurðardóttur
vegna dánarbús Jakobs Líndal

Kærumál. Frávísun. Kæruheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með kærubréfi, er hann setti í ábyrgðarpóst 19. október 1983, en barst héraðsdómara 24. s. m., skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar, en vitneskju um úrskurðinn fékk hann 5. október s. á. Gögn málsins bárust Hæstarétti 13. janúar 1984.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðinum verði breytt á þá leið, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða varnaraðilja 1.798.00 krónur í ómaksbætur samkvæmt 1. mgr. 180. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 og a lið 1. mgr. 5. gr. lágmarksgjaldskrár Lögmannafélags Íslands, sem í gildi var 29. september 1983.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður bæjarþings Hafnarfarðar varðar aðeins ákvörðun málskostnaðar, en felur ekki í sér réttarsátt. Úrskurðurinn verður því ekki kærður til Hæstaréttar samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 28/1981, sem sóknaraðili vísar til sem kæruheimildar. Heimild til kæru verður heldur ekki byggð á 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Samkvæmt þessu brast sóknaraðilja heimild til kæru, og ber að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti. Kemur þá ekki til álita hvort kært hafi verið innan loka kærufrests, sbr. 22. gr. laga nr. 75/1973.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 4.000.00 krónur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Hermann Ægir Aðalsteinsson, greiði varnar-

aðilja, Arnfríði Sigurðardóttur vegna dánarbús Jakobs Líndal, 4.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður bæjarþings Hafnarfjarðar 29. september 1983.

Mál þetta var þingfest 24. maí 1983, en hafið í dag að kröfu stefnanda og tekið til úrskurðar um málskostnaðarkröfu stefnda.

Mál þetta höfðaði Hermann Ægir Aðalsteinsson sjómaður, Hafnarstræti 88, Akureyri, (Ásmundur S. Jóhannsson hdl.) fyrir dóminum með stefnu, birtri 18. maí 1983, gegn Arnfríði Sigurðardóttur húsfrú, Grænukinn 23, Hafnarfirði, f. h. dánarbús Jakobs Líndal (Tómas Þorvaldsson hdl.) til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 14.110.25 auk 31% ársvaxta af kr. 4.364.40 frá 1. febrúar 1980 til 1. júní 1980, en 35% ársvaxta af sömu upphæð frá þeim degi til 8. maí 1981, sömu ársvaxta af stefnufjárhæð frá þeim degi til þingfestingardags málsins, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefndu var krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Mál þetta átti rót sína í kaupum Jakobs Líndal, sem lést árið 1982, á vélbátnum Knarrarnesi, GK 99, af stefnanda og sameiganda hans að bátnum, en eftirlifandi maki Jakobs heitins, stefnda, Arnfríður Sigurðardóttir, situr í óskiptu búi.

Sem áður greinir var mál þetta þingfest 24. maí 1983, en frestað þá og aftur 14. júní 1983 að óks stefnanda. Af hálfu stefndu hafði þá ekki verið sótt þing í málinu. Málið var næst tekið fyrir 28. júní 1983, og var þá mætt af hálfu stefndu og aftur 5. júlí 1983, en þá var lögð fram greinargerð og fylgiskjöl af hennar hálfu og málinu frestað ótiltekið.

Þessi dómari þingaði fyrst í málinu 5. þ.m. og leitaði sátta, en án árangurs. Var málinu við svo búið frestað til aðalflutnings til dagsins í dag. Af hálfu stefnanda voru þá lögð fram nokkur skjöl, þ. á m. skrifleg aðiljaskýrsla og gagnaöflun lýst lokið. Af hálfu stefndu var fyrirhugað að leiða tvö vitni, en áður en til þess kom og eftir árangurslausa sáttatilraun, var málið hafið að kröfu stefnanda, eins og áður greinir, og tekið til úrskurðar um málskostnaðarkröfu stefndu.

Samkvæmt 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn krónur 7.500.00.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Stefnandi, Hermann Ægir Aðalsteinsson, greiði stefndu, Arnfríði

Sigurðardóttur f. h. dánarbús Jakobs Líndal, 7.500.00 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. janúar 1984.

Nr. 238/1983. **Stálvinnslan h/f**
gegn
Ragnari Magna Magnússyni
og Style h/f

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur hinn 16. desember 1983 með heimild í b lið 1. mgr. 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands kært frávísunardóm, uppkveðinn á bæjarþingi Hafnarfjarðar 28. nóvember 1983. Hæstarétti barst kærumál þetta 27. desember 1983. Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar.

Lögmaður sóknaraðilja lýsir yfir því í kærunni, að hvorki hann né sóknaraðili hafi fengið vitneskju um frávísunardóminn fyrr en 6. desember 1983, er lögmaðurinn vitjaði endurrits dómsins. Verður að byggja á þessari yfirlýsingu hæstaréttarlögmannsins.

Í hinum áfrýjaða dómi er frá því greint, að stefndi, Ragnar Magni, hafi fengið í hendur greiðslu þá, er fékkst fyrir fiskflokkunarvélina, sem seld var Stinson Canning Corporation. Ágreiningur er með aðiljum um það, hvort hann hafi haft heimild til þess að ráðstafa fé þessu til þess að greiða upp lán áfrýjanda við Iðnrekstrarsjóð, er hvíldi á fasteign stefnda, Ragnars Magna, að Stekkjarflöt 21, Garðabæ.

Þetta ágreiningsatriði er ekki nægilega upplýst, og þar sem það getur haft áhrif á efnisúrlausn þessa máls, er óhjákvæmilegt að ómerkja hinn kærða dóm og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og gefa þar með lögmanni áfrýjanda kost á því að leiða fyrir dóm m. a. þá stjórnarmenn og hluthafa í Stálvinnslunni h/f, er um ágreiningsefni þetta geta borið, áður en dómur verður lagður á mál þetta að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. nóvember 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. nóvember sl., hefur Þráinn Sigtryggsson, nafnnúmer 9838-7471, Kleppsvegi 130, Reykjavík, stjórnarformaður Stálvinnslunnar h/f, nafnnúmer 8328-9007, Súðarvogi 4, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum fyrir hönd félagsins með stefnu, birtri 20. nóvember 1982, gegn Ragnari Magna Magnússyni, nafnnúmer 7176-2130, heildsala, Stekkjarflöt 21, Garðakaupstað, persónulega og fyrir hönd Style h/f, skrásetts í Reykjavík án nafnnúmers, en með aðsetur í Garðakaupstað, sem stjórnarformanni þess til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 104.228.92 auk 42% ársvaxta af kr. 81.217.34 frá 1. nóvember 1982 til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðra dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands að mati réttarins.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins.

— — —

Eftir að greinargerð stefndu var lögð fram í málinu, féll niður þingsókn af þeirra hálfu. Verður því að dæma málið samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn stefnanda og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu stefndu.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ekkert réttarsamband hafi skapast milli þeirra og stefnanda við sölu umræddrar vélar, þar sem stefndi

Ragnar hafi ekki persónulega verið aðili að viðskiptum Ocean Gear Inc. og stefnanda. Eigi verði það heldur leitt af milligöngu stefnda Ragnars við að koma greiðslunni frá Ocean Gear Inc. til stefnanda/Iðnrekstrarsjóðs í fullu umboði Ocean Gear Inc., sem hafi ótvírætt verið kaupandi umræddra véla. Þó ekki sé það beinlínis nefnt, verður að telja þessar varnir í greinargerð stefndu höfða til aðildarskorts, sem eigi að leiða til sýknu, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936. Þykir því bera að taka það atriði fyrst til úrlausnar.

Samkvæmt gögnum málsins verður að fallast á það með stefnda Ragnari, að hann hafi ekki persónulega verið aðili að sjálfri sölu vélarinnar, þannig að réttarsamband stofnaðist milli málsaðilja. Hins vegar þykja stefndu hafa bakað sér skuldbindingar gagnvart stefnanda með móttöku og ráðstöfun þeirra fjármuna, sem stefnanda bar fyrir vélina. Það álit er stutt þessum rökum: Ágreiningslaust virðist, að greiðsla í ávísun að upphæð U.S. $ 11.490.00 frá Stinson Canning Corp. til Ocean Gear Inc. hafi verið send stefnda Style h/f hinn 1. desember 1979. Þykir mega við það miða, að svo hafi verið gert eftir fyrirmælum stefnda Ragnars og honum verið það heimilt gagnvart stefnanda samkvæmt því, sem fram kemur í skýrslu Þráins Sigtryggssonar, og einnig yfirlýsingu stefnanda og stefnda Ragnars frá 24. maí 1978 í tilefni af lántökunni hjá Iðnrekstrarsjóði sama dag, þar sem segir: „...enda fari útflutningur Stálvinnslunnar eingöngu í gegn um þessa aðila þar til skuld þessi er að fullu greidd. . .," en hvort svo hafi verið, greinir málsaðilja á. Samkvæmt framangreindu og því, að stefndi ráðstafaði síðan greiðslunni, a. m. k. að hluta, til greiðslu lánsins, sem hann hafði veitt veð fyrir í fasteign sinni, verður að telja stefndu rétta aðilja að máli þessu. Aftur á móti verður ekki fram hjá því litið, að rétt hefði verið að stefna einnig í málinu Ocean Gear Inc. á grundvelli sérstaks ákvæðis í samningnum frá 18. febrúar 1978 um, að allan ágreining út af honum beri að reka fyrir íslenskum dómstólum. Ekki þykir það þó eiga að varða frávísun málsins ex officio, en allan vafa, sem af því kann að leiða, verður að meta stefnanda í óhag.

Persónuleg eign stefnda Ragnars, fasteignin nr. 21 við Stekkjarflöt í Garðakaupstað, stóð að veði fyrir láninu í Iðnrekstrarsjóði að fjárhæð kr. 20.000.-. Það lán átti stefnandi að endurgreiða annað hvort beint til sjóðsins eða stefnda Ragnars. Er stefndi Ragnar fékk umræddа fjárhæð í hendur, var lánið þegar í gjalddaga fallið. Hann hafði hinn 20. september 1979 greitt af því vexti að fjárhæð kr. 3.610.-. Með bréfi, dagsettu 2. janúar 1980, krafði Iðnrekstrarsjóður stefnanda um greiðslu lánsins ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði, samtals að fjárhæð kr. 29.457.60. Gegn mótmælum stefnda Ragnars er ósannað, að stefnandi hafi á þessum tíma þegar greitt honum að hluta eða fullu þá fjárhæð, sem fasteignaveð hans

stóð fyrir til tryggingar. Með vísan til framanritaðs þykja þær fjárkröfur því, eins og á stóð, hafa verið hæfar til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda gagnstætt því, sem haldið er fram af hans hálfu.

Gegn mótmælum stefnda Ragnars hefur ekki verið upplýst í máli þessu, hvort né heldur hvaða fjárhæð bar á milli í fjármálalegum skiptum þeirra stefnanda. Í málatilbúnaði stefndu er heldur engin grein gerð fyrir fjármálalegri stöðu í skiptum aðilja, eftir að lánið hjá Iðnrekstrarsjóði hafði verið greitt með skuldajöfnuði. Af þessu leiðir, að ekki er unnt að leysa efnislega úr þessum atriðum í máli þessu. Verður því að vísa málinu frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður. Hlöðver Kjartansson, aðalfulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. janúar 1984.

Nr. 8/1984. **Grímur Hannesson**
gegn
Guðmundi Rúnari Lúðvíkssyni

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. töluliðs 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 4. janúar 1984, sem barst Hæstarétti 16. janúar s. á. Við það verður að miða, að sóknaraðili hafi fengið vitneskju um dóminn 3. janúar 1984.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Við það þykir mega miða, að kaupsamningur sá, sem fram er lagður í máli þessu af hálfu sóknaraðilja, sé samrit af kaupsamningi þeim, sem málsaðiljar gerðu um húseignina Botnahlíð 4 á Seyðisfirði, þó að nafnritun varnaraðilja vanti á samningseintak þetta.

Á það skortir að vísu, að skjöl málsins og greinargerð um skuldaskipti málsaðilja séu svo aðgengileg og skýr sem skyldi, en allt um það þykja kröfur sóknaraðilja dómhæfar, og ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 19. desember 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. nóv. 1983, en birtri 26. nóvember 1983, af Grími Hannessyni, nnr. 2757-7520, Botnahlíð 4, Seyðisfirði, á hendur Guðmundi Rúnari Lúðvíkssyni, nnr. 3091-0982, Áshamri 59, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 32.277.- með 45% ársvöxtum frá 15. júní 1983 til 21. september 1983, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, með hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979) frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

— — —

Við þingfestingu málsins 15. þ. m. var ekki sótt þing af hálfu stefnda, og var honum þó löglega stefnt, og var málið tekið til dóms í því sama þinghaldi að kröfu umboðsmanns stefnanda. Í samræmi við 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 verður málið nú dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum stefnanda.

Eins og að framan greinir, byggir stefnandi kröfur sínar í máli þessu á kaupsamningi, er hann kveðst hafa gert við stefnda um húseignina nr. 4 við Botnahlíð í Seyðisfjarðarkaupstað, og meintum vanefndum stefnda á

þeim samningi. Á ljósriti af kaupsamningi, er stefnandi leggur fram í málinu til stuðnings kröfum sínum, kemur ekki fram, að stefndi hafi undirritað hann, og er þar einungis að finna undirritun kaupanda, stefnanda í máli þessu.

Þar sem málið er svo vanreifað, er að framan greinir, verður eigi dómur á það lagður, og ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi, enda þykja eftir atvikum að svo stöddu ekki vera nægilegar ástæður til að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Málskostnaður verður eigi dæmdur, sbr. 175. gr. in fine laga nr. 85/1936.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa (ex officio) vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 20. janúar 1984.

Nr. 183/1983. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Gesti Eysteinssyni

(Ólafur Þorláksson hrl.)

Brot gegn 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 24. ágúst 1983. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 13. desember 1983.

Ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur farið fram framhaldsrannsókn í máli þessu fyrir dómi. Garðar Hannesson, stöðvarstjóri Pósts og síma í Hveragerði, kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að hann hefði í allmörg skipti lokað síma ákærða um stundarsakir vegna kvartana lögreglunnar á Selfossi og símstöðvarinnar á Selfossi, en þó langoftast vegna kvartana lögreglunnar. Hefði þetta einkum verið á árunum 1980 - 1982, aðallega að næturlagi og um helgar. Sigurjón Ingibergsson, byggingameistari í Hveragerði, skýrði svo frá, að nótt eina að haustlagi fyrir 2 eða 3 árum hefði hann komið til ákærða og verið undir áhrifum áfengis. Ákærði hefði verið ódrukkinn. Ekki kvaðst vitnið þora að fullyrða, hvort ákærði hefði þá hringt í lögreglu.

Ákærði kom einnig fyrir dóm að nýju. Hann kvaðst ekki vita, hversu oft hann hefði hringt til lögreglunnar aðfaranótt 30. október 1981, en hann taldi útilokað, að hann hefði hringt jafnoft og greinir í ákæru. Hann kvaðst hafa hringt til að knýja á um, að lögreglan sækti Sigurjón Ingibergsson. Hann sagði, að sér hefði runnið í skap, þegar lögreglan sinnti ekki erindi hans, og kvaðst hafa ætlað að hringja nógu oft til að fá lögreglu til að koma.

Sannað þykir með framburðum vitnanna Tómasar Jónssonar lögregluvarðstjóra, Eiríks Hallgrímssonar lögregluvarðstjóra og Guðmundar Hartmannssonar aðstoðarvarðstjóra svo og með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, að hann hafi hringt í sífellu í hinn almenna síma lögreglustöðvarinnar á Selfossi nr. 1154 á tímanum frá kl. 0415 til kl. 0615 og á milli kl. 0700 og 0720, síðan þrisvar sinnum með stuttu millibili í neyðarsíma lögreglunnar nr. 1220 og loks þrisvar sinnum í röð í síma lögreglunnar næstu mínúturnar eftir kl. 0735. Með þessari háttsemi þykir ákærði hafa gert lögreglumönnum slíkar tálmanir í því að gegna skyldustörfum, að varði við 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gestur Eysteinsson, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Árnessýslu 12. apríl 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. apríl sl., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 21. apríl 1982, á hendur Gesti Eysteinssyni, Breiðumörk 10 í Hveragerði, fæddum 1. maí 1923, „fyrir að hafa, aðfaranótt föstudagsins 30. október 1981 og fram á morgun, hindrað störf og varðstöðu í lögreglustöðinni á Selfossi, með því að hringja sextíu og einu sinni í hinn almenna síma stöðvarinnar nr. 1154 á tímanum frá kl. 04.15 til kl. 06.15, fjórtán sinnum í sama síma á milli kl. 07.00 og 07.20, þá þrisvar sinnum með stuttu millibili í neyðarsíma lögreglunnar nr. 1220 og síðan þrisvar sinnum með stuttu millibili í síma nr. 1154 eftir kl. 07.35.

Telst þetta varða við 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Föstudaginn 30. okt. 1981 á tímabilinu frá kl. 0415 - 0615 var hringt sextíu og einu sinni í síma lögreglunnar á Selfossi í síma 1154 (sic).

Samkvæmt lögregluskýrslu um atburð þennan segir, að þarna hafi verið um Gest Eysteinsson, ákærða í máli þessu, að ræða og hafi hann verið ölvaður, talað samhengislaust rugl og ekki tjáð sig um nokkurt erindi.

Frá kl. 0700 - 0720 hringdi ákærði fjórtán sinnum í sama síma, þar til hann var tekinn úr sambandi kl. 0720. Byrjaði ákærði þá að hringja í síma 1220, neyðarsíma lögreglunnar, og hringdi hann þrisvar í röð í þann síma. Kl. 0735 var símí 1154 tengdur aftur, og hringdi þá ákærði þrisvar sinnum í röð í það númer á næstu mínútum á eftir.

Tekin var skýrsla af ákærða fyrir dómi hinn 23. nóv. 1981 vegna máls þessa. Að sögn ákærða fékk hann í heimsókn mann að nafni Sigurjón Ingibergsson, sem var ölvaður. Þar sem ákærði ætlaði ekki að drekka áfengi með nefndum Sigurjóni, hringdi hann til lögreglunnar og bað hana á kurteislegan hátt að flytja framangreindan Sigurjón heim, en ákærði kvaðst ekki hafa fengið svar og því hafi hann hringt oft til lögreglunnar og þá stundum í gegnum 02.

Fyrir rétti hinn 10. maí sl. kvaðst ákærði hafa verið ódrukkinn í umrætt sinn.

Vitnið Eiríkur Hallgrímsson lögregluvarðstjóri kom fyrir dóm vegna þessa máls hinn 13. mars 1982. Kvaðst vitnið minnast þess, að ákærði hafi hringt 60 sinnum í síma lögreglunnar nótt eina þá um haustið, þegar vitnið var á vakt.

Að sögn vitnisins taldi Guðmundur Hartmannsson aðstoðarvarðstjóri umræddar símhringingar.

Vitnið Guðmundur Hartmannsson, aðstoðarvarðstjóri í lögreglu Selfoss, bar fyrir dómi hinn 23. mars 1982, að hann hefði nótt eina þá um haustið verið á vakt og þá hafi ákærði margoft hringt og hafi ekki verið hægt að tala við hann sökum ölvunar. Að sögn vitnisins bar ákærði ekki upp neitt erindi, en ákærði hafi þvælt og röflað án þess hann skildist.

Kvaðst vitnið hafa talið hringingar ákærða þessa nótt og hafi það talið 61 hringingu frá ákærða á tímabilinu um kl. 0400 til um kl. 0615. Auk þess hafi ákærði hringt 15 sinnum eftir kl. 0615. Þá kveður vitnið ákærða hafa hringt oft frá því um miðnætti til kl. 0400.

Varðandi fullyrðingu ákærða, að hann hefði beðið um, að Sigurjón Ingibergsson yrði fjarlægður frá heimili ákærða, kvaðst vitnið ekki minnast þess, að ákærði hafi beðið um það.

Þá hafa ofangreind vitni, Eiríkur Hallgrímsson, Guðmundur Hartmannsson svo og vitnin Jón I. Guðmundsson yfirlögregluþjónn og Tómas Jónsson varðstjóri skýrt frá því fyrir dómi, að ákærði hafi stundað það í nokkur ár að hringja í lögreglu í erindisleysi, þegar hann væri ölvaður.

Niðurstöður.

Með hliðsjón af framburði vitna í máli þessu, framburði ákærða sjálfs, svo og öðrum gögnum málsins þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Háttsemi ákærða var til þess fallin að hindra störf lögreglu, og skiptir hér engu, þótt ákærði hafi átt raunveruleg erindi við lögreglu, en af gögnum málsins má einnig ráða, að ákærði hafi gerst sekur um slíka háttsemi áður.

Háttsemi ákærða þykir varða við 2. mgr. 106. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing.

Ákærði er sakhæfur.

Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

1961 6/2 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 48., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 31., sbr. 96. gr. lögreglusamþ.

1961 18/9 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald og svipting ökuleyfis í 1 ár fyrir brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

1967 4/1 í Húnav.sýslu: Sátt, 1.000 kr. sekt f. brot á 7. gr., sbr. 36. gr. áfl. Gerð upptæk áhöld.

1971 30/10 í Húnav.sýslu: Sátt, 5.000 kr. sekt f. brot á 1. mgr. 7. gr., sbr. 36. gr. áfl. Gerð upptæk bruggtunna.

1977 12/12 í Árnessýslu: Sátt, 10.000 kr. sekt f. brot á 21. gr. áfl.

1980 15/12 í Árnessýslu: Sátt, 200.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 15/12 1980.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af öllum málavöxtum hæfilega ákveðin sekt kr. 7.500.00, og komi 12 daga varðhald í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Þá skal ákærði greiða allan sakarkostnað, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Árna Einarssonar hdl., kr. 2.500.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu kvað upp dóm þennan.

Mál þetta hefur dregist sökum þess, hve verjandi skilaði seint vörn þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þar um.

Dómsorð:

Ákærði, Gestur Eysteinsson, greiði kr. 7.500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í sektar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. á m. laun til skipaðs verjanda, Árna Einarssonar hdl., kr. 2.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1984.

Nr. 87/1983. **Jón Ólafsson**
gegn
Sigurmar K. Albertssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1984.

Nr. 205/1983. **Haraldur Jóhannsson og**
Sigurjón Hildibrandsson
gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Haraldur Jóhannsson og Sigurjón Hildibrandsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1984.

Nr. 211/1983. **Jón Konráðsson**
gegn
Hafdísi Sigurgeirsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Konráðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1984.

Nr. 212/1983. **Jón Konráðsson**
gegn
Sigurgeir Jónatanssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Konráðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1984.

Nr. 5/1984. **Helgi Sigurðsson**
gegn
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1984.

Nr. 17/1982. **Kópavogskaupstaður**
(Þórólfur K. Beck hrl.)
gegn
Guðmundi Guðbjörnssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Skaðabótamál. Kjarasamningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1982. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt kjarasamningi áfrýjanda og Starfsmannafélags Kópavogs, þeim er í málinu greinir, átti fjárhæð slysatryggingar hvers starfsmanns vegna slyss, er af hlytist 100% örorka, að nema

7.425.000 gkr. miðað við verðlag 1. júní 1977. Þá fjárhæð bar síðan að endurskoða árlega miðað við áramót. Dómkrafa stefnda er hins vegar við það miðuð, að vátryggingarfjárhæðin hefði átt að breytast tvisvar á ári vegna verðlagsbreytinga. Hefur verið á þann skilning fallist af hálfu áfrýjanda. Samkvæmt því hefði hámarksfjárhæð slysatryggingar stefnda átt að nema 10.604.000 gkr. á slysdegi.

Áðurgreindan kjarasamning ber að skýra svo, að ákvæði hans um slysatryggingu starfsmanna áfrýjanda, er gilda ætti allan sólarhringinn, hafi verið reist á þeirri forsendu, að sú slysatrygging yrði háð þeim takmörkunum og undanþágum, sem yfirleitt tíðkuðust hjá íslenskum vátryggingarfélögum í almennum eða sérstökum skilmálum þeirra við atvinnuslysatryggingar launþega. En jafnvel þótt við það væri miðað, að meðal slíkra ákvæða í slysatryggingum þessum hafi verið fyrirvari um, að vátryggingin taki ekki til þess, er sá, sem tryggður er, vinnur í frítíma sínum „við arðbær störf" í eigin þágu eða annarra en vátryggingartaka, getur það þó engum úrslitum ráðið í málinu, þar sem hin tilvitnuðu orð verður að skýra svo þröngt, að þau taki ekki til athafna stefnda, er hann slasaðist. Fjárhæð dómkröfu stefnda svo og vaxtakrafa hans sæta ekki sérstökum andmælum af hálfu áfrýjanda. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frá 21. nóvember 1983 reiknast vextir af dæmdri fjárhæð þeir, er í dómsorði segir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frá 21. nóvember 1983 til 21. desember 1983 verði vextir af dæmdri fjárhæð 32% ársvextir, 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Kópavogskaupstaður, greiði stefnda, Guðmundi Guðbjörnssyni, 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel stefnda hafa verið að arðbærum störfum, er slysið varð. Ætti hann því ekki rétt til vátryggingarbóta, ef sú skoðun meiri hluta dómenda væri rétt, að ákvæði kjarasamnings um slysatryggingu starfsmanna beri að skýra þannig, að hún yrði háð þeim takmörkunum og undanþágum, sem yfirleitt tíðkuðust hjá íslenskum vátryggingarfélögum í almennum eða sérstökum skilmálum þeirra við atvinnuslysatryggingar launþega.

Hins vegar tel ég ákvæði kjarasamnings svo afdráttarlaus um tryggingar starfsmanna allan sólarhringinn, að óheimilt hefði verið að setja í vátryggingarskilmála fyrirvara eða skilyrði, sem takmörkuðu bótarétt starfsmanna. Ég tel, að áfrýjandi hefði gagnvart starfsmanni borið ábyrgð á þeim mun, sem orðið hefði á ákvæðum kjarasamnings og vátryggingarskírteinis, ef hann hefði kosið að kaupa tryggingar hjá vátryggingarfélagi í stað þess að bera alla áhættu sjálfur samkvæmt marggreindu ákvæði kjarasamnings um vátryggingar starfsmanna.

Með framangreindum rökstuðningi og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er ég sammála dómsorði í dómi meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu.

Dómur bæjarþings Kópavogs 18. nóvember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ.m., er höfðað af Guðmundi Guðbjörnssyni strætisvagnstjóra, Víðigrund 29, Kópavogi, á hendur forseta bæjarstjórnar Kópavogs, Skúla Sigurgrímssyni, Kársnesbraut 99, Kópavogi, f.h. Kópavogskaupstaðar v/bæjarsjóðs Kópavogs til greiðslu bóta vegna slyss, er stefnandi varð fyrir hinn 14. júlí 1978, samtals kr. 17.573.00 með útlögðum kostnaði, með 18% ársvöxtum af kr. 16.500.00 frá 14. júlí 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af kr. 17.573.00 frá þeim degi til 30. nóvember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefnandi, sem er liðlega þrítugur að aldri, hefur starfað sem strætisvagnstjóri hjá Kópavogskaupstað sl. 4—5 ár. Hann lauk námi í trésmíði fyrir

u. þ. b. 8 árum síðan og starfaði við iðn sína, þangað til hann hóf störf sem vagnstjóri.

Föstudaginn 14. júlí 1978, skömmu eftir hádegið, var stefnandi heima hjá sér við að saga snið, sem setja átti undir þakskegg á húsi hans að Víðigrund 29. Varð hann þá fyrir alvarlegu slysi á hendi.

Hús þetta hafði stefnandi byrjað byggingu á, áður en hann réðst í þjónustu stefnda. Hafði hann unnið við smíði þess í frítíma sínum þetta árabil og annaðist sjálfur mestalla trésmíðavinnuna.

Fyrir dóminum skýrir hann þannig frá atvikum slyssins, að hann hafi verið að saga þessi snið í vélsög af gerðinni Black & Decker, sem komið hafði verið fyrir í þar til gerðu borði, en sögin var handsög. Hafi hann haft hægri höndina á sniðinu, sem hann var nýbúinn að saga til, og hafi hann líklega verið að horfa upp undir þakskeggið og velta fyrir sér, hvernig það mundi passa. Hann telur hugsanlegt, að hann hafi gleymt sér augnablik. Skipti engum togum, að sagarblaðið náði að grípa í sniðið með einhverjum hætti, og í þeim svifum lenti hægri hönd hans í sagarblaðinu með þeim afleiðingum, að af tók þumalfingur og vísifingur svo til alveg, og einnig skertust afltaugar og skynjun í löngutöng, og baugfingur skaddaðist verulega, einnig litlifingur.

Var lögreglu tilkynnt um slysið, og kom hún fljótlega á vettvang svo og sjúkrabíll, sem flutti stefnanda á slysadeild Borgarspítalans.

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dags. 15. júní 1979, en hann annaðist stefnanda og gerði að áverkum hans, segir m. a. svo:

„Skoðun við komuna á slysadeildina leiddi eftirfarandi í ljós: Guðmundur var all illa haldinn af verkjum en að öðru leyti var almennt ástand hans gott. Hæ. hendi var mjög illa sködduð. Þumallinn var af sagaður um grunnliðinn (art.m.p.) að öðru leyti en því, að hann hékk við hendina á 2—3 mm breiðri húðbrú. Sagarfar náði á ská yfir lófann og auk þess voru baugfingur og litlifingur skaddaðir handarbaksmegin.

Undinn var bráður bugur að því að gera að handaráverkunum og voru þeir þá jafnframt kannaðir nánar.

Sagarfarið, er sniðið hafði af þumalinn nánast, lá síðan fram í lófann í stefnu á löngutöng. Náði sagarfarið inn á hnúalið vísifingurs lófamegin og voru aðlæg bein liðsins verulega sködduð. Sinar, taugar og æðar til vísifingurs lófamegin voru allar sundursagaðar og hékk fingurinn því aðallega við á mjúkvefjum handarbaksmegin. Blóðrás var næg í vísifingurinn um æðar handarbaksmegin.

Náði sagarfarið síðan áfram fram á nærkjúku löngutangar, lófamegin og sveifarmegin. Þar hafði sagazt sundur taug og æð til fingursins, lófamegin og sveifarmegin og gat var á sinaslíðri beygisinanna. Hins vegar

höfðu sinarnar sjálfar ekki skaddazt og bein í fingrinum voru ekki sköddud.

Nokkud tætt sár var handarbaksmegin á miðkjúku baugfingurs og miðkjúkan nokkud kurluð. Á litlafingri var . . . tætt sár ölnarmegin og handarbaksmegin á miðkjúku og nærkjúku. Sárið náði þarna inn í efri millikjúkuliðinn, (art.p.i.p.)og hafði höggvizt fleygur úr liðhausnum á nærkjúkunni.

Þumalfingurinn var nokkurn veginn hreinlega af sagaður um grunnliðinn. Hann var heillegur a.ö.l. en því, að ofurlítið tætt sár var í góm þumalsins. Rétt þótti því að kanna hvort tæknilega mögulegt væri að endurtengja hann, þ.e. koma í hann blóðrás á ný, en hún var með öllu þrotin. Nærkjúka þumalsins var því fest við I.handarbaksbeinið með þar til gerðum málmi en síðan voru slagæðar og bláæðar til og frá þumlinum kannaðar með aðstoð aðgerðarsmásjár. Nægilega víðar og tengjanlegar bláæðar fundust. Aðeins ein tengjanleg slagæð fannst og var hún tæpur 1 mm í þvermál. Þrátt fyrir tiltölulega óhagstæða slagaæðaskipan var gerð tilraun til tengingarinnar. Tyllt var fyrst saman löngu beygisin þumalsins og einnig réttsininni, en því næst var, með aðstoð aðgerðarsmásjárinnar, gerð tenging á fyrrgreindri slagæð, sem var í sundur í greiparkverkinni og á mjög illa aðgengilegum stað. Gerð var einnig tenging með sömu tækni á tveimur bláæðum handarbaksmegin í þumlinum. Tilfinningataugarnar fjórar til þumalsins voru einnig tengdar, enda var það tæknilega fremur auðvelt. Blóðrás fékkst í þumalinn fyrst í stað, sem fékk þannig nær eðlilegan húðlit. Haldið var þá áfram að gera að áverkunum."

Síðar í vottorðinu greinir frá því, að drep hafi komið í þumalinn og hann fjarlægður, en lifað hefði 2—3 cm húðbót handarbaksmegin á þumlinum svo og nærkjúka. Hafi verið tekinn beinbútur úr vinstri mjaðmarkambi, hann telgdur til og festur við nærkjúkuna. Þannig hafi verið útbúinn nýr þumall nokkurnveginn jafnlangur hinum upphaflega, en klunnalegur og með takmarkaða hreyfigetu og skyn.

Enn síðar segir á þessa leið.:

„Guðmundur kveðst hafa tekið upp sitt fyrra starf sem strætisvagnstjóri snemma í okt. mánuði og telur það hafa gengið vandræðalítið. Þá kveðst hann hina síðari mánuði hafa reynt að vinna lítið eitt við smíðar heima hjá sér og geta að nokkru notað hæ. hendi til þess. Helztu vandkvæði á því telur hann vera, að hann á erfitt með að halda um svo gilda hluti sem hamarsskaft vegna þrengsla í greipinni milli þumals og vísifingurs, en þar er verulegur örvefur. Einnig er ekkert nákvæmt grip í hendinni; annars vegar er klunnalegur og tilfinningalaus þumalstúfur en hins vegar tilfinningalaus vísifingur, án activrar kreppigetu. Notadrýgstu fingurnir eru baugfingur og litlifingur, en þeir greru á sínum tíma greiðlega og hreyfigeta þeirra varð mikið til eðlileg, líklega meðal annars vegna þess, að sjúkl. tók

snemma til við að nota hendina aftur við tómstundagaman sitt harmonikkuleik, sem sýnilega var mjög góð þjálfunaraðferð fyrir fingurna.

Frekari aðgerðir voru á sínum tíma fyrirhugaðar á hendinni en þeim hefur orðið að skjóta á frest vegna hinnar hægfæru ígerðar í þumalstúfnum."

„Meðferð á handaráverka Guðmundar er þannig væntanlega ekki lokið og endanleg nýtigeta handarinnar þannig ekki fyrirséð, enda þótt ljóst sé, að hún verði alltaf verulega gölluð."

Á grundvelli vottorðs Rögnvalds Þorleifssonar og eigin skoðunar hefur Björn Önundarson læknir metið örorku stefnanda. Í framlögðu örorkumati, dags. 8. ágúst 1979, segir svo í niðurlagi:

„*Ályktun:* Það er um að ræða rúmlega þrítugan mann, sem h. 14.7. '78 slasaðist illa, er hann lenti með hægri griplim í rafmagnshjólsög. Í slysi þessu sagaðist af þumalfingur hæ. handar nálega alveg af, en síðar tókst að græða hluta hans á aftur. Auk þess skárust í sundur sinar og æðar að mestu lófamegin, vegna skurðar sem gekk inn í lófann. Sagarfar það, er áður greinir náði inn í hnúalið vísifingurs lófamegin og voru aðlæg bein þess fingurs verulega sködduð. Þannig voru sinar, taugar og æðar til vísifingurs lófamegin allar sundur sagðar og fingurinn hékk að kalla á mjúkvefjum handarbaksmegin. Sagarfarið náði fram á nærkjúku löngutangar, lófamegin og sveifarmegin. Þar sagaðist í sundur taug og æð til fingursins, lófamegin og sveifarmegin og gat var á sinastýri beygisinanna. Bein voru þarna ekki sködduð og sjálfar sinarnar voru óskemmdar. Nokkuð tætt sár var handarbaksmegin um miðkjúku baugfingurs og miðkjúkan kurluð. Á litlafingri var tætt sár ölnarmegin og handarbaksmegin á miðkjúku og nærkjúku. Þarna hafði höggvist fleygur úr liðhausnum á nærkjúkunni.

Alveg óvinnufær er slasaði talinn hafa verið frá slysdegi 14.7.'78 í 4 mánuði, en eftir það var starfsgeta slasaða verulega skert í 3 mánuði og varanlega er hér um töluverða örorku að ræða.

Helstu kvartanir slasaða eru um það, að hann geti lítið notað þumalfingur vegna dofa og vegna þess hversu klunnalegur fingurinn er. Þá er dofi radialt á löngutöng og vísifingri hæ. handar, staur er um miðlið vísifingurs svo og fremsta lið (piplið). Einnig er skert hreyfing í grunnlið. Þá er staur á fremsta lið baugfingurs hæ. handar. Húðlöskun er merkjanleg á litlafingri sömu handar. Aktiv beygigeta í grunnlið fingra hæ. handar er þannig verulega skert, að sögn slasaða. Hendin er klunnaleg og mikill kuldi sækir á hana, og slasaði telur hana verulega miklu kraftminni en áður var. Kemur þetta sér mjög illa, þar sem slasaði er öðrum þræði strætisvagnastjóri, en hinum þræðinum trésmiður. Gengur honum illa að halda um fyrirferðarmikil verkfærasköft, svo sem skaft á hamri, þar sem töluverður örvefur er í greip þumalfingurs- vísifingurs handarinnar. Ekki er talið úti-

lokað, að síðar meir verði unnt að gera frekar að hægri hendi, en nú sem stendur verður ekki séð að breyting verði þó í náinni framtíð. Hugsanlegt er þannig, að síðar meir verði að endurmeta örorku slasaða vegna áðurnefnds slyss. Ekki er þannig að efa, að slasaði hefur orðið fyrir tilfinnanlegu orkutapi í áðurnefndu slysi, einkum þar sem um er að ræða mann, sem stundar akstur, trésmíði og harmonikkuleik.

Þar sem ekki verður nú séð, að í náinni framtíð verði breyting á þeim afleiðingum, sem slys þetta olli, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í 4 mánuði 100%
Eftir það í 3 mánuði 75%
Varanlega ..... 30%"

Stefnandi byggir kröfur sínar á aðalkjarasamningi Starfsmannafélags Kópavogs og Kópavogskaupstaðar frá 21. október 1977, en þar kveður hann svo um mælt í 7. kafla, að starfsmenn kaupstaðarins skuli slysatryggðir vegna varanlegrar örorku og gildi það allan sólarhringinn. Hafi tryggingafræðingur reiknað út örorkubæturnar með tilliti til ákvæða kjarasamningsins og framkvæmdar bæjarfélaga yfirleitt á samsvarandi samningsákvæðum. Sé niðurstaða sú, að stefnandi eigi rétt á bótum, kr. 16.500.00. Auk þess krefjist hann kr. 1.073.00 vegna kostnaðar við örorkumat, læknisvottorða og útreiknings á bótakröfu. Þannig sé fram komin stefnufjárhæðin, kr. 17.573.00.

Hann telur engan vafa leika á um það, að greind slysatrygging gildi, hvort sem er í starfi eða frítíma starfsmanna. Engin skilyrði um gildi tryggingarákvæðanna séu í kjarasamningum önnur en þau, að þau eigi við, frá því starfsmaður komi á launaskrá, en falli úr gildi, um leið og hann fari af launaskrá, þ.e. hætti störfum. Þá segi, eins og áður greini, að tryggingarnar gildi allan sólarhringinn og að tryggingarákvæði valdi í engu skerðingu á áður umsömdum hagstæðari tryggingarrétti launþega. Þeir sem haldi því fram, að einhverjir óskráðir skilmálar eigi að takmarka trygginguna, hljóti að eiga sönnunarbyrðina um það. Það, að tryggingin taki eigi til þess, er starfsmaður vinni við eigin húsbyggingu í frítíma sínum, svo sem haldið sé fram af hálfu stefnda, hafi honum eigi tekist sönnun á, enda stangist það á við skýrt og skorinort orðalag kjarasamningsins.

Stefnandi vísar á bug þeim skilningi á umræddum samningsákvæðum, sem fram komi í skýrslum tveggja fyrirsvarsmanna stefnda hér fyrir dóminum. Hér sé óumdeilanlegt um svonefnda frítímatryggingu að ræða auk þess sem starfsmenn séu eðlilega tryggðir í starfi. Engin skilyrði takmarki svið þessara trygginga og eigi skipti það máli um tilvik það, sem hér um

ræði, þótt ákvæði í síðari kjarasamningi skírskoti til svonefndra almennra skilmála um slíkar tryggingar hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

Þegar þetta sé virt, sem nú sé rakið, telur stefnandi, að það hljóti að leiða til þess, að kröfur hans verði teknar til greina.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að umrædd trygging gildi alls ekki, er starfsmaður kaupstaðarins sé við arðbær störf fyrir sjálfan sig eða aðra.

Hann telur, að það beri að skýra nefnd samningsákvæði á raunsæjan og sanngjarnan hátt. Bókstafsskýring, svo sem stefnandi byggi mál sitt á, sé bersýnilega ósanngjörn í garð kaupstaðarins. Stefndi telur, að sjónarmið þessi hafi lagastoð í grunnrökum 5. gr. kaupalaga nr. 39/1922, 34. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, 31. gr., 32. gr. og 35. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Þá beri að sjálfsögðu við lögskýringu á tryggingarákvæðum kjarasamningsins að hafa fulla hliðsjón af almennum skilmálum tryggingarfélaga um hliðstæðar tryggingar og allri framkvæmd tryggingarfélaganna í þessum efnum. Það sé upplýst, að í skilmálum tryggingarfélaga um atvinnuslysatryggingar launþega sé einmitt fram tekið, að tryggingin gildi ekki við arðbær störf hjá öðrum en tryggjanda og eins ekki hjá hinum tryggða sjálfum.

Af hálfu stefnda er lögð á það áhersla, að við gerð kjarasamningsins í október 1977 hafi það alls ekki vakað fyrir samningsaðiljum, að starfsmönnum kaupstaðarins væri skapaður grundvöllur til óeðlilegs og órétt-mæts fjárhagslegs ávinnings, sem væri vissulega reyndin, ef þeir væru tryggðir við arðbær störf hjá öðrum aðiljum eða við tekju- og eignaskapandi störf í eigin þágu. Stefnandi hafi notið umræddrar tryggingar í starfi sínu sem strætisvagnstjóri og auk þess í frítíma sínum við alla almenna og eðlilega frístundaiðju. Þetta tilvik, sem hér um ræði, falli utan sviðs þessarar tryggingar, svo sem rök hafi verið færð fyrir. Til frekari rökstuðnings sé bent á það, að nær óþekkt sé, að launþegar gefi eftir í kjarasamningum áður áunnin réttindi, svo sem hér væri raunin, ef bókstafsskýring stefnanda fengi staðist, þar sem í núgildandi kjarasamningi séu þessi tryggingaákvæði þannig orðuð, að vísað sé um skilmála til þeirra, sem tíðkist hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga í slíkum tryggingasamningum. Auðvitað sé það svo, að starfsmenn kaupstaðarins hafi ekkert gefið eftir í þessu efni í síðustu kjarasamningum, heldur hafi nefnd skilyrði í raun verið fyrir þessum tryggingum frá upphafi.

Aðiljar eru á einu máli um það, að umrædd tryggingaákvæði gildir jafnt í starfi sem í frítíma launþegans. Þá greinir hins vegar á um það, hvort frítímatrygging takmarkist af skilmálum og þá hverjum.

Eigi verður á það fallist, að slysatryggingin gildi fortakslaust án skilyrða, hvað svo sem starfsmaður tæki sér fyrir hendur í frítíma sínum. Verður það talið leiða af eðli máls, að þeir skilmálar takmarki tryggingunna, að

starfsmaður njóti hennar ekki, er hann sé í launuðu starfi hjá öðrum í frítíma sínum eða stundi atvinnustarfsemi fyrir eigin reikning. Þá verður talið, að tryggingin eigi ekki við um þau slys, er starfsmaður yrði fyrir af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi sínu. Á hinn bóginn þykir með tilvísun til málsgagna rétt við það að miða, að tryggingin gildi við öll almenn og eðlileg tómstundastörf og iðju starfsmanns.

Telja verður það alþekkta staðreynd, að vinna húseigenda sjálfra í frítíma sínum við ýmiss konar viðhald eignanna sé fremur algeng tómstundaiðja hér á landi og að hið sama sé raunin við byggingu þeirra. Stefnda hefur eigi tekist sönnun um tilvist tryggingarskilmála þeirra, sem hann hefur vísað til almennt, né sönnun þess sérstaklega, að vinna við eigin húsbyggingu falli utan sviðs frítímatryggingarinnar.

Þar sem þessu er svo farið sem nú er sagt, og telja verður vinnu við eigin húsbyggingu frekar algenga tómstundaiðju manna á vissu árabili, er það skoðun dómarans, að stefnandi hafi verið slysatryggður samkvæmt ákvæðum 7. kafla nefnds aðalkjararasamnings, er hann slasaðist hinn 14. júlí 1978, enda verður eigi talið, að slysið megi rekja til stórkostlegs gáleysis hans.

Eigi verður það talið breyta niðurstöðu í þessu efni, að stefnandi er faglærður trésmiður og slasast við smíðar, en af stefnda hálfu er því haldið fram, að þessi málsástæða eigi með öðrum málsrökum hans að leiða til sýknu. Er það skoðun dómarans, að sú staðreynd, að stefndi er faglærður á því sviði, sem hér um ræðir, eigi ekki að rýra rétt hans, enda leiði hún raunar til minni áhættu tryggjandans, svo sem atvikum er hér háttað.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, ber að dæma stefnanda rétt til slysatryggingabóta eftir ákvæðum nefnds aðalkjarasamnings.

Svo sem að framan greinir, hefur Björn Önundarson læknir metið varanlega örorku stefnanda 30%. Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram nýtt vottorð Rögnvalds Þorleifssonar læknis, dags. 29. september 1980, þar sem greinir frá aðgerðum á hendi stefnanda, sem framkvæmdar hafa verið eftir mitt ár 1979, þ. e. frá því fyrra vottorð læknisins var gefið út. Samkvæmt þessu síðara vottorði hefur orðið nokkur árangur af þessum framhaldsaðgerðum samfara æfingum. Þá er á það drepið, að hugsanlegar séu frekari aðgerðir, sem vænta megi einhvers árangurs af. Er og haft eftir stefnanda, að hægri höndin nýtist honum orðið allvel við dagleg störf, þ. á m. við smíðar heima við. Stefnandi hefur og lagt fram yfirlýsingu Björns Önundarsonar læknis, dags 13. janúar sl., en þar segir, að fram hafi farið endurskoðun á örorkumatinu frá 8. ágúst 1979 og þyki ekki ástæða til að breyta því.

Af hálfu stefnda er örorkumatinu mótmælt sem röngu. Bent er á, að bæði í örorkumatinu sjálfu svo og í hinum framlögðu læknisvottorðum komi

glöggt fram, að fyrirhugaðar séu frekari aðgerðir á meinum stefnanda. Telur stefndi, að þetta sýni ótvírætt, að ótímabært hafi verið að leggja mat á örorku stefnanda, þar sem vænta megi breyttra forsendna í þessu efni að afstöðnum aðgerðum á hendinni. Þá telur stefndi, að ósannað sé, að stefnandi hafi nokkuð fjártjón beðið vegna slyssins. Hann hafi í engu misst af launum sem strætisvagnstjóri, hvorki árið, sem slysið varð, né síðar og sé það reyndar viðurkennt af stefnanda sjálfum. Hljóti þetta að leiða til sýknu að áliti stefnda, þótt dómurinn, mót von hans, kæmist að þeirri niðurstöðu, að umrædd tryggingaákvæði tækju til atviks þess, sem málið sé af risið.

Þegar litið er til þess, sem að ofan greinir um örorkumat það, sem hér liggur fyrir, og gögn málsins í heild, er það snerta, verður eigi talið, að því hafi verið hnekkt í nokkru tilliti. Verður því á því að byggja í úrlausn málsins.

Í tilvitnuðum 7. kafla aðalkjarasamningsins frá 21. október 1977, grein 7.1.2, eru fyrirmæli um það, að starfsmenn skuli slysatryggðir á þann veg, að þeir hljóti bætur fyrir hvert örorkustig frá 0—100, svo sem nánar er útlistað í greininni. Verður að telja, að fullnæging þessara skilyrða ráði úrslitum um fjárhæð bóta til hins tryggða, en ekki skipti máli um bótaréttinn, hvernig raunverulegar atvinnutekjur og fjárhagsafkoma hafa verið eftir slysið. Ber því að taka bótakröfu stefnanda að öllu leyti til greina ásamt umkröfðum vöxtum, enda hefur upphæð hennar út af fyrir sig eigi sætt neinum mótmælum af hálfu stefnda né sá reikningslegi grunnur, sem hún er byggð á.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.780.00.

Ólafur Stefán Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kópavogskaupstaður v/bæjarsjóðs Kópavogs, greiði stefnanda, Guðmundi Guðbjörnssyni, kr. 17.573.00 með 18% ársvöxtum af kr. 16.500.00 frá 14. júlí 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, með 27% ársvöxtum af kr. 17.573.00 frá þeim degi til 30. nóvember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars. 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 4.780.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. febrúar 1984.

Nr. 35/1982. **Valtýr Guðjónsson**
(Eiríkur Tómasson hdl.)
gegn
Félagi landeigenda Ytra-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi
(Stefán Pálsson hrl.)

Lóðarleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. janúar s. á., krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að kröfurnar verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, deila aðiljar nú aðeins um lóðarleigu 1980.

Af hálfu hins stefnda félags er á því byggt, að því sé heimilt með lögjöfnun frá lögum nr. 75/1917, 2. gr., 2. mgr., að hækka leigugjald af lóð þeirri, sem áfrýjandi tók á leigu 1944. Krafa sú, sem félagið gerir, er byggð á mati frá 20. maí 1980, svo sem lýst er í héraðsdómi. Sýknukrafa áfrýjanda er meðal annars á því byggð, að matsgerðin sé dagsett eftir gjalddaga leigunnar fyrir árið 1980. Hafi hann verið 31. janúar og eftir þann dag hafi ekki verið unnt að krefjast hærri leigu fyrir þetta ár en krafið hafði verið um til þess tíma, hvað sem sé um leiguhækkun ella.

Fallast verður á það með áfrýjanda, að lóðarleigan 1980 verði ekki byggð á mati frá 20. maí það ár. Lóðarleigusamningur landeigenda og áfrýjanda frá 4. september 1944 hefur verið lagður fram í ljósriti, og segir þar, að gjalddagi leigunnar ár hvert sé 31. janúar. Er ekki sannað, að þetta sé misritun. Ekki er heldur fram komið,

að slík misritun, þótt sönnuð teldist, hefði áhrif á gjalddagann eftir 31. gr., 1. mgr. samningalaga nr. 7/1936.

Samkvæmt framansögðu er ekki komið fram mat, sem á verði byggt það leigugjald, sem hið stefnda félag krefst í máli þessu úr hendi áfrýjanda fyrir árið 1980, og verður að sýkna hann af kröfum félagsins. Það hefur ekki gert varakröfu um leigugjald eftir samningnum 1944.

Eftir þessu úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 8.000.00 krónur samtals.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Valtýr Guðjónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Félags landeigenda Ytra-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 8.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 5. mars 1981

1.0

1.1. Mál þetta var höfðað með birtingu sáttarkæru þann 23. janúar 1980. Stefna var útgefin 11. febrúar s. á. og málið þingfest 27. febrúar s. á. Þann 9. desember sl. gaf stefnandi út framhaldsstefnu. Málið var munnlega flutt þann 11. febrúar sl. og tekið til dóms að því búnu.

1.2. Stefnandi er Félag landeigenda Ytri-Njarðvíkur með Vatnsnesi, Njarðvík. Stefndi er Valtýr Guðjónsson, Suðurgötu 46, Keflavík.

1.3. Kröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 47.680 auk „dómvaxta 43.5%“ frá 1. janúar 1981 að telja og málskostnað skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ. Upphafleg kröfugerð stefnanda nam kr. 17.294 vegna leigugjalds af leigulóð stefnda fyrir árin 1977 og 1978. Í framhaldsstefnu lækkaði stefndi kröfu sína vegna þessara ára auk þess sem hann stefndi inn kröfum fyrir leigugjald áranna 1979 og 1980. Þá breytti hann vaxtakröfu sinni verulega.

Dómkröfur stefnda eru aðallega um sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að þær verði lækkaðar verulega. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

2.0

2.1. Málavextir eru þessir:

Stefnandi er félagsskapur landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, sem stofnaður var 30. ágúst 1979. Tilgangur félagsins er hagsmunagæsla og rekstur í sambandi við útleigu á einstökum lóðum eða á landi í eigu stofnenda þess. Í eigu félagsins eru meðal annars 299 lóðir í Keflavík. Stefndi er leigutaki lóðarinnar að Suðurgötu 46 í Keflavík, en lóðin er í eignarlandi stefnanda. Lóðarréttindi öðlaðist stefndi með leigusamningi, dags. 4. september 1944. Í 2. og 3. grein leigusamningsins eru ákvæði um leigutíma og leigugreiðslu, og eru þær greinar þannig:

„2. Lóðin er leigð á erfðafestu óuppsegjanlega til óákveðins tíma með óhindraðan rétt fyrir leigutaka að selja eða veðsetja svo sem væri lóðin hans einkaeign, óátalið af leigusala. Þó má leigutaki hvorki selja eða veðsetja hluta af lóðinni en aðeins í heild.

Leigutímabilið telst frá 1. degi janúarmánaðar árið 1944.

3. Ársleiga af lóðinni skal vera kr.19.35 í erfðafestugjald og skal það greitt. Í fyrsta skifti 31. janúar 1944 og síðan árlega sama mánaðardag".

Í ársbyrjun 1977 lét stefnandi dómkveðja tvo matsmenn til að meta, „hæfilegt ársleigugjald" fyrir lóðirnar nr. 4 A og 6 við Suðurgötu í Keflavík. Lóðir þessar voru í eignarlandi stefnanda og leigðar Sparisjóðnum í Keflavík með líkum leigukjörum og lóð stefnda. Matsmennirnir, Sigurður Hallur Stefánsson lögfræðingur og Jón Bergsson verkfræðingur, skiluðu matsgerð 13. september 1977. Var niðurstaða matsmanna sú, að þeir töldu árlegt afgjald hæfilega metið *2.2%* af fasteignamati lóðanna.

Stefnandi lét tilkynna öðrum lóðarhöfum í eignarlandi stefnanda þessa niðurstöðu með bréfi, dags. 15. nóvember 1979. Þar var þess getið, að leigugjald þessara tveggja lóða hefði verið metið til viðmiðunar. Gerði hann því kröfu um greiðslu á lóðarleigu fyrir árið 1977 hjá öðrum lóðarhöfum miðað við þessa niðurstöðu. Með bréfi 8. október 1979 var stefndi enn krafinn um greiðslu á leigugjaldi lóðarinnar fyrir árið 1977 kr. 7.394 og 1978 kr. 9.900. Stefndi synjaði skriflega greiðslu þann 29. 10. 1979. Fjórir aðrir lóðarhafar synjuðu jafnframt skriflega um greiðslu á hækkuðu lóðargjaldi. Hefur stefnandi höfðað mál á hendur þeim til greiðslu þess, og hafa mál þessi verið rekin hér fyrir dóminum samhliða máli stefnanda.

Í greinargerð stefnda í frumsök var gerð athugsemd um þann málatilbúnað stefnanda að byggja kröfugerð eingöngu á matsgerð frá 13. september 1977, þar sem það mat væri óviðkomandi mati á afgjaldi af lóð stefnda.

Vegna þeirra mótmæla óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta „hæfilegt ársleigugjald fyrir nokkrar erfðafestulóðir í Keflavík í eign matsbeiðanda með hliðsjón af fasteignamati lóðanna og hlutfallslega miðað við fasteignamat hverju sinni með hliðsjón af verðlagi og leigufjár-

hæð við upphafstíma erfðafestusamnings og einnig með hliðsjón af leigugjaldi sem nýgerðir samningar um leigugjald í Keflavík hljóða um fyrir sambærilegar leigulóðir".

Meðal þessara lóða, er meta skyldi, var lóð stefnda að Suðurgötu 46. Matsmenn, hinir sömu og fyrr, voru dómkvaddir þann 28. apríl 1980. Matsgerðin er dagsett 20. maí 1980. Í matsgerð segir m. a.: „Allir samningarnir kveða á um fasta upphæð ársleigu, að leigutímabil teljist frá 1. janúar viðkomandi ár og skuli erfðafestugjaldið greitt í fyrsta sinn 31. desember sama ár og síðan árlega sama mánaðardag." Þá segir í matsgerð, að matsmenn telji árlegt gjald af lóð stefnda hæfilega metið *2% af fasteignamati*. Þá mátu þeir lóðarleigu samkvæmt skráðu fasteignamati 1. desember ár hvert og miðuðu ársleigugjald við þá dagsetningu, þ. e.:

1. des. 1977 — 1. des. 1978 kr. 9.000
1. des. 1978 — 1. des. 1979 — 12.780
1. des. 1979 — 1. des. 1980 — 19.180

Framburður matsmanna úr máli nr. 92/1980 hefur verið lagður fram. Í framburðinum kom fram, að matsmenn hafi reiknað með 2% arðgjöf af eignunum bæði við mat á lóð stefnda svo og við mat á lóðunum við Suðurgötu 4 A og 6. Í síðarnefnda matinu hafi matsmenn hins vegar bætt við 0.2% til að standa undir kostnaði við innheimtu leigugjaldsins. Matsmenn hafi síðan fallið frá því sjónarmiði við mat á lóð stefnda. Matsmennirnir kváðust hafa kynnt sér möt og grundvöll mata á fjölda staða á landinu auk þess sem þeir hafi haft hliðsjón af lóðarsamningum, er Keflavíkurbær hafi gert á síðustu tímum. Megi þar benda á til hliðsjónar samning um lóðina nr. 2 við Baldursgarð frá 24. 11. 1972. Í 5. gr. samningsins er ársleiga fyrir lóðina 5% af verkamannakaupi í almennri verkamannavinnu pr. m^2 á ári. Í samningum er varaákvæði, sem segir, að ársleiga fyrir lóðina skuli þó aldrei vera lægri en 5% af fasteignamatsverði hennar, eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Hins vegar hafi matsmenn byggt niðurstöðu sína á því sjónarmiði, að ekki væri hægt að leggja til grundvallar iðgjöld af lóðum, þar sem eigandi væri jafnframt skattheimtuaðili. Slíkir aðiljar hefðu ýmsa möguleika á að ná inn tekjum af lóðum með álagningu, tengdri fasteignamati. Þá kom fram, að matsmenn mátu leigugjaldið, eins og það ákvarðaðist í desembermánuði ár hvert. Í leigusamningum þeirra lóða, sem komu til mats, sé gjalddagi 31. des. næsta ár á eftir, þannig að innheimta gjaldanna fari ekki fram, fyrr en í fyrsta lagi þegar liðið sé rúmt ár frá því að leigugjaldið hafi ákvarðast af fasteignamati því, er gildi tekur 1. desember ár hvert.

Friðrik Ársæll Magnússon, framkvæmdastjóri stefnanda, kom fyrir dóminn í máli nr. 92/1980. Hefur framburður hans verið lagður fram hér. Mætti gat ekki upplýst, hvað hafi verið haft til viðmiðunar við ákvörðun

lóðarleigu við gerð lóðarleigusamningsins í því máli. Hann kvað milli 40 og 50 manns hafa greitt hina hækkuðu lóðarleigu til stefnanda. Hins vegar hafi þeim aðiljum, er greiddu, verið bent á, að ágreiningur væri um hækkun lóðarleigunnar, og hafi þeir greitt með fyrirvara. Mætti kvaðst hafa reiknað út lóðargjöld til samanburðar, annars vegar miðað við 5% af verkamannakaupi, eins og sett hefur verið í samninga eftir 1959, og hins vegar 2% af fasteignamati lóða, eins og byggt er á niðurstöðu matsmanna. Segir hann lóðargjöld, er byggi á 2% af fasteignamati, lægri en þau yrðu, ef hinni aðferðinni væri beitt. Þá upplýsti hann, að eftir 1955 hafi verið sett ákvæði í lóðarleigusamninga frá félaginu um, að leigugjaldið skyldi endurskoðast á 10 ára fresti.

Stefndi kom fyrir dóminn. Hann upplýsti, að hann hafi óskað eftir umræddri lóð við lóðareigendur og hafi lóðarleigusamningur við stefnanda verið gerður árið 1944. Hafi lóðarleiga verið kr. 19.35 á ári og hún ákveðin af leigusölum og hann ekki átt neinn þátt í verðákvörðuninni. Hann kvað sér ókunnugt, hvernig þessi upphæð hafi verið fundin út.

3.0

3.1. Stefnandi byggir á því, að deilumál sem þetta hafi áður verið lagt fyrir dómstóla. Niðurstaða Hæstaréttar hafi ávallt orðið sú, að lóðarleigugjald skv. gömlum lóðarleigusamningum geti ekki staðið óbreytt um aldur og ævi, en skuli ákveðið af dómkvöddum mönnum, ef annar samningsaðilja óski þess. Það stríði gegn heilbrigðri skynsemi og réttarvitund meginþorra manna, að árleg leigugjöld fyrir byggingarlóð undir hús í Keflavík og kringum húsið sé eins og nú hafi verið kr. 19.00 eða 20.00 á ári. Með dómum Hæstaréttar frá 1940, bls. 478, 1941, bls. 294, og 1958, bls. 346, sé „slegið föstu," að rétt sé að beita 2. mgr. 2. gr. laga 75/1917 með lögjöfnun, þannig að láta megi dómkveðja menn til að meta leigugjald lóða. Stefnandi hafi valið þann kostinn að taka tvær lóðir til viðmiðunar, og var leigutaki þeirra Sparisjóður Keflavíkur. Bæjarstjóra hafi verið gert kleift að gæta hagsmuna bæjarins um matið og þar jafnframt að líkindum fyrir hönd lóðarleiguhafa í bænum almennt. Niðurstaða matsmanna hafi orðið sú, að árgjald skyldi hæfilega metið 2.2% af fasteignamati lóðarinnar. Stefndi hafi synjað skriflega um greiðslu hins hækkaða lóðargjalds og hafi honum þá ásamt 4 öðrum lóðarleiguhöfum verið stefnt í eins konar prófmál fyrir alla 299 lóðarhafana. Mótmæli lögmanns stefnda hafi leitt til þess, að nýtt mat var látið fara fram. Niðurstaða þess hafi orðið sú, að matsmenn töldu hæfilegt iðgjald af lóð stefnda 2% af fasteignamati. Leiði þessi hækkun til lækkunar á upphaflegri kröfugerð.

Dómkrafa stefnanda sundurliðast þannig:

Af fasteignamati 1. des.	1976	kr. 336.000	leigugj.	1977	kr. 6.720
Af fasteignamati 1. des.	1977	kr. 450.000	leigugj.	1978	— 9.000
Af fasteignamati 1. des.	1978	kr. 639.000	leigugj.	1979	— 12.780
Af fasteignamati 1. des.	1979	kr. 959.000	leigugj.	1980	— 19.180
Leigugjald 1976—1980 alls					kr. 47.680

Stefnandi telur heimild til framhaldssakarinnar í 70. gr., 2. mgr., laga nr 85/1936. Við munnlegan málflutning benti lögm. stefnanda á það, að um prentvillu væri að ræða í leigusamningi stefnda, þannig að standa ætti í 3. gr. 31. desember 1944, en ekki 31. janúar 1944, eins og þar stendur. Megi sjá það af því, að við undirritun samningsins þann 4. september 1944 hafi verið vísað til framtíðarinnar með greiðsludag.

3.2. Sýknukrafa stefnda byggist á því, að milli aðilja sé í gildi samningur um lóðarleigu fyrir lóðina nr. 46 við Suðurgötu. Lóðarleiga hafi verið fastákveðin kr. 19.35 á ári. Engu ákvæði samningsins hafi verið sagt upp né honum rift í heild. Lóðarleigusamningurinn sé því enn í fullu gildi. Stefndi hafi greitt rétta lóðarleigu inn á banka og því sé óheimilt að hafa uppi nokkra vaxtakröfu á hendur honum. Ef stefndi verði dæmdur til að greiða hærri lóðarleigu en í lóðarleigusamningum greinir, þá sé í fyrsta lagi unnt að krefjast vaxta af þeirri lóðarleigu frá birtingu dóms í máli þessu. Líti dómurinn hins vegar svo á, að heimilt sé að breyta ákvæðum samningsins um lóðarleiguna, þá hafi stefnandi ekki farið rétt að. Stefnandi hafi byggt upphaflega kröfu sína á matsgerð, þar sem metnar voru lóðirnar Suðurgata 4 A og Suðurgata 6 í Keflavík. Stefnda hafi ekki verið gefin kostur á að vera viðstaddur matið né að koma athugasemdum sínum við það á framfæri. Sýknukröfu í framhaldssök byggir stefndi aðallega á því, að lagaskilyrði skorti til framhaldssakarinnar. Til vara er byggt á því, að niðurstaða matsmanna sé of há. Mat á lóð stefnda hafði verið dags. 20. maí 1980 og geti stefndi ekki innheimt lóðarleigu, er gjaldféll fyrir þann dag, sbr. Hrd. XIII/293.

Þá telur stefndi, að enda þótt kröfur stefnanda nái á einhvern hátt fram að ganga, þá eigi stefnandi að greiða honum fullan málskostnað. Stefndi sé valinn af stefnanda úr hópi 299 leigulóðarhafa í prófmál og það sé því óréttlátt, að hann beri kostnaðinn af málarekstrinum. Við munnlegan málflutning taldi lögm. stefnda, að lóðarleiga stefnda gjaldfélli eftir orðanna hljóðan þann 31. janúar ár hvert.

4.0

4.1. *Niðurstaða.*

Lóðarafnot stefnda byggjast á leigusamningi, sem veitir honum mjög ríkan rétt yfir lóðinni, eða nánast svo sem hún væri hans eign. Afnot þessi

eru ótímabundin. Í samningnum, er gerður var árið 1944, var leigugjald ákveðið kr. 19.35 á ári, og er þar ekki að finna heimild til breytinga á upphæð afgjaldsins. Sakarefni sem þetta hefur áður verið agt fyrir dómstóla. Þar hefur komið fram það sjónarmið, að vegna þess að leigusali hafi takmarkaðan rétt til að segja lóðarafnotum upp, þyki ákvæði um fast leigugjald ekki eiga að binda hann um ófyrirsjáanlegan tíma. Má sérstaklega benda á Hrd. XXII, bls. 294, og XXIX, bls 346, í því sambandi. Við slíkt endurmat lóðarleigu hefur 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1917 um útmælingu lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum og fl. verið beitt með eða án lögjöfnunar eftir því, hvort um hefur verið að ræða verslunarlóðir eða lóðir undir íbúðarhúsnæði. Þykir því mega fallast á með stefnanda, að honum hafi verið heimilt að krefjast endurskoðunar á lóðarleigu stefnda á grundvelli mats með lögjöfnun frá 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1917.

Dómarinn telur augljóst, að um prentvillu sé að ræða í leigusamningi aðilja, þar sem stendur, að gjalddagi leigugjaldsins sé „31. janúar 1944." Í málinu hefur verið lagður fram til hliðsjónar (dskj. nr. 14) leigusamningur stefnanda við Þorlák Eyjólfsson frá árinu 1944. Í þeim samningi er gjalddagi leigugjalds 31. desember ár hvert. Í matsgerðinni frá 20. maí 1980 kemur fram, að leigutímabil allra samninga, er matsmenn tóku til mats, teljist frá 1. janúar viðkomandi ár og afgjald skuli greitt í fyrsta sinn 31. desember sama ár og síðan árlega sama mánaðardag. Með hliðsjón af þessu verður að telja, að gjalddagi leigusamnings stefnda sé 31. desember.

Kröfur stefnanda í frumsök eru reistar á matsgerð frá 13. september 1977 varðandi leigugjald tveggja lóða í eigu stefnanda. Stefndi var ekki aðili þessa matsmáls og var ekki gefið færi á að gæta hagsmuna sinna þar, enda beindist matið ekki að lóðargjaldi stefnda. Við þessar aðstæður og gegn andmælum stefnda getur þessi matsgerð frá 13. september 1977 ekki orðið lögmætur grundvöllur kröfugerðar á hendur honum um hækkað lóðarleigugjald. Matsgerð varðandi lóðarleigu stefnda er dags. 20. maí 1980. Þá var m. a. metið leigugjald vegna áranna 1978, 1979 og 1980. Telja verður, að það sé skilyrði fyrir endurskoðun á umsömdu leigugjaldi, að fyrir gjalddaga þess liggi fyrir mat, sem kveði skýrt á um væntanlegt afgjald. Þegar af þessari ástæðu verður ekki talið, að stefnandi geti krafið stefnda um hækkað leigugjald fyrir árin 1977, 1978 og 1979 á grundvelli umrædds mats.

Í framhaldssök er gerð krafa um leigugjald fyrir árið 1980. Krafan er gerð á grundvelli fyrrgreinds mats frá 20. maí 1980. Í vörn hefur því ekki verið hreyft, hvort lóðarleiga af lóð stefnda hafi verið metin með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1917. Á hinn bóginn verður ekki séð, að framkvæmd matsins sé í ósamræmi við matsbeiðnina. Þykir því rétt, að stefnandi fái dóm fyrir þessari kröfu sinni.

Við yfirheyrslur hefur ekki fengist upplýst, hvað hafi verið haft til viðmiðunar, þegar upphæð lóðarleigu var ákveðin við gerð leigusamnings árið 1944. Leigugjald fyrir árið 1980, kr. 19.180, er að áliti matsmanna hæfilegt árgjald fyrir það ár. Þar sem rökstudd mótmæli gegn þessari upphæð hafa ekki verið höfð uppi og matinu ekki verið hnekkt, þykir rétt að taka hana til greina, enda krafa þessi ekki óhæfilega há að mati dómsins.

Stefnandi hefur í framhaldstefnu krafist „dómvaxta 43.5%" frá 1. janúar 1981. Fallast verður á með stefnda, að eðlilegt sé að miða upphafstíma vaxta við birtingu dóms þessa. Þá ber að skilja vaxtakröfu stefnanda sem kröfu um dómvexti, en ekki um 43.5% vexti, sem er lægri prósenttala en dómvextir voru á þessum tíma. Ekki þykir ástæða til að tilgreina upphæð dómvaxta í dómsorði.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað vegna málsins.

Allar tölur í dóminum að undanskildu dómsorði eru tilgreindar í gömlum krónum.

Dómsorð:

Stefndi, Valtýr Guðjónsson, greiði stefnanda, landeigendum Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi, kr. 191.80 auk dómvaxta frá lögbirtingu dómsins.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum berð að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1984.

Nr. 44/1982. **Engilbert Hannesson**
(Sigurður Baldursson hrl.)
gegn
Valborgu Eby Þorvaldsdóttur og
Pétri Þorvaldssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Fasteignakaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. s.m. Málsóknin féll niður 1. febrúar 1982, en áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu

24. febrúar s. á. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar úr hendi þeirra óskipt í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti, þ. á m. afsal Þorvalds Sigurðssonar fyrir jörðinni Bakka I í Ölfushreppi til barna hans þriggja, þ. e. hinna stefndu og Snorra Þorvaldssonar, dags. 31. desember 1951, ljósrit af leigusamningi milli eigenda Bakka I og áfrýjanda frá 3. júní 1970 með áritunum um framlengingu til 2. júní 1980 svo og veðbókarvottorð fyrir jörðinni, dags. 23. janúar 1984.

I.

Með samningi málsaðilja 24. júní 1974, sem frá er greint í héraðsdómi, ganga stefndu „inn í samning þann", sem þeir áfrýjandi og Snorri Þorvaldsson höfðu gert með sér og dagsettur er 24. júní 1974 þess efnis, að Snorri seldi áfrýjanda eignarhluta sinn, 1/6 í jörðinni Bakka I ásamt 1/6 í íbúðarhúsi á jörðinni. Í samningi málsaðilja 30. september 1977 segir svo: „Í framhaldi af samkomulagi dags. 24.6.1974 milli okkar undirritaðra (þ.e. málsaðilja) . . . er samkomulag um það, að Engilbert fái til viðbótar íbúðarhús í Bakka I ásamt 1200 m² lóð kringum húsið . . ." Síðan eru ákvæði um, að áfrýjandi endurgreiði 200.000 krónur ásamt nánar tilteknum vöxtum frá 26. júní 1974. Þá segir svo: „Það er ennfremur samkomulag, að framangreint íbúðarhús og spildan samkvæmt yfirlýsingunni að ofan dags. 24.6.1974 verði talin 1/6 úr jörðinni Bakki I, og verður sérstakur skiptagerningur gerður þar um."

II.

Eigi er annað sýnt en að yfirlýsing málsaðilja frá 24. júní 1974 hafi á sínum tíma falið í sér fullnaðarskuldbindingu af beggja hálfu, en eigi aðeins stefnuyfirlýsingu, svo sem áfrýjandi heldur fram. Ber að skoða hana sem samkomulag þeirra í milli. Er hún og berum orðum nefnd svo í sameiginlegri yfirlýsingu aðilja 30. september 1977. Spildan, sem yfirlýsing 24. júní 1974 tekur til, var í málflutningi hér fyrir dómi talin um það bil 2 ha að flatarmáli.

Á það verður ekki fallist með áfrýjanda, að yfirlýsing aðilja 30. september 1977 felli niður yfirlýsingu málsaðilja frá 24. júní 1974, enda hefst hún á orðunum: „Í framhaldi af samkomulagi dags.

24.6.1974. . .“ o. s. frv. Með þessum orðum er yfirlýsingin frá 1974 beinlínis staðfest að nýju, en með yfirlýsingunni 1977 fékk áfrýjandi viðbótarverðmæti úr hendi stefndu og í henni er mælt fyrir um greiðslu áfrýjanda á tiltekinni fjárhæð, eins og áður greinir. Hlutdeild sú, sem áfrýjandi fékk m. a. í gögnum og gæðum jarðarinnar Bakka I með afsalinu frá Snorra Þorvaldssyni, kom í hlut stefndu með samkomulaginu 1974. Þegar virtur er aðdragandi að yfirlýsingu málsaðilja árið 1977 og tengsl milli yfirlýsinga þeirra frá 1974 og 1977 og svo efni síðari yfirlýsingarinnar, verður að telja, að hún sé reist á þeim grundvelli, sem felst í samkomulaginu frá 1974, þ.e. að stefndu hafi gengið inn í samning áfrýjanda og Snorra Þorvaldssonar. Samkvæmt þeim gögnum sem tiltæk eru í máli þessu, verður ekki talið, að til þess hafi verið stofnað að vekja upp með samkomulaginu frá 1977 þau réttindi, sem áfrýjandi fékk með afsalinu frá Snorra Þorvaldssyni og hann afsalaði sér í hendur stefndu með samkomulaginu 1974. Sérstaklega skal tekið fram, að ákvæðið í samkomulagi málsaðilja frá 1977 um, að eignarhlutur áfrýjanda teljist 1/6 hluti jarðarinnar Bakka I, var ekki fallið til að vekja áfrýjanda það traust, að með því hafi hann öðlast hlutdeild í óskiptum gögnum og gæðum jarðarinnar, sem þessum hluta næmi. Hefði þurft að taka það skýrt og ótvírætt fram í samkomulaginu frá 1977, ef ætlunin var, að þetta ákvæði yrði túlkað svo sem áfrýjandi heldur fram. Greiðsla sú, sem áfrýjandi skyldi inna af hendi, mælir enda því í gegn, að það hafi vakað fyrir stefndu að láta áfrýjanda í té hlutdeild í óskiptum gögnum og gæðum jarðarinnar með þessum gerningi, og mátti áfrýjanda vera þetta ljóst. Af þessum ástæðum verður að hafna greindri málsástæðu áfrýjanda.

Þá ber að virða þau andrök áfrýjanda, að brostin sé forsenda fyrir samkomulagi málsaðilja 30. september 1977, með því að stefndu hafi ekki gengið frá skiptagerningi þeim, er þar greinir. Óljóst er, hverju hlutverki skiptagerningur þessi hafi átt að gegna, en hann verður ekki talin veruleg forsenda fyrir gildi samkomulagsins, sem unnt var fyrir aðilja að svo vöxnu að halda til laga. Verður því ekki á þessa málsástæðu fallist.

Eigi getur áfrýjandi borið fyrir sig þinglýstan rétt sinn í skiptum málsaðiljanna sín á milli, eins og málinu er farið.

Samkvæmt þessu verður að fallast á efniskröfur stefndu í máli

þessu, svo sem nánar greinir í dómsorði, en því er lýst í málflutningi fyrir Hæstarétti af hendi beggja, að ekki sé neinn ágreiningur um mörk spilda þeirra, sem kröfur stefndu víkja að, og telja þeir mörk öll ótvíræð. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefndu, Valborgar Eby Þorvaldsdóttur og Péturs Þorvaldssonar, að jörðinni Bakka I í Ölfushreppi ásamt öllum gögnum jarðarinnar og gæðum að undanskildu íbúðarhúsi á jörðinni ásamt 1200 m² lóð umhverfis það, sem mörkuð er þannig, að lóðin er ferhyrningur 40 metra í austur-vestur frá landi Bakka II og 30 metra í norður-suður, svo og að undanskilinni landspildu, sem afmarkast af Þorlákshafnarvegi að sunnan, Gerðakoti að vestan, gamla sýsluvegi eða fjallsrótum að norðan og Riftúnslandi að austan.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. mars 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 23. febrúar sl., hafa systkinin Valborg Eby Þorvaldsdóttir, Colmar, Frakklandi, og Pétur Þorvaldsson, Rauðalæk 40, Reykjavík, höfðað með stefnu á hendur Engilbert Hannessyni, Bakka II, Ölfushreppi, birtri hinn 19. 4. 1980.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að viðurkenndur verði fullur eignarréttur stefnenda að jörðinni Bakka I, Ölfushreppi, Árnessýslu, með óskertum gögnum og gæðum að undanskildum eftirtöldum tveimur spildum, sem séu eign stefnda: a) spildu, sem afmarkast af Þorlákshafnarvegi að sunnan, Gerðakoti að vestan, gamla sýsluvegi eða fjallsrótum að norðan og Riftúnslandi að austan, og b) 1200 m² lóð kringum íbúðarhúsið Bakka I, sem afmarkast þannig, að lóðin er ferhyrningur 40 metra í austur-vestur frá landi Bakka II og 30 metra í norð-suður. Þá er krafist málskostnaðar samkv. mati réttarins.

Stefndi, Engilbert Hannesson, gerir þær dómkröfur að verða sýknaður af öllum kröfum stefnenda og stefnendur verði dæmdir til að greiða in solidum málskostnað til sín að mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að stefnendur, sem eru systkini, áttu jörðina Bakka I í óskiptri sameign með bróður sínum, Snorra Þorvaldssyni, þannig að

stefnandinn Valborg átti ⅔ hluta, stefnandinn Pétur 1/6 og Snorri 1/6. Höfðu þau eignast jörðina með afsali frá föður sínum, Þorvaldi Sigurðssyni, frá árinu 1951.

Eigandi og ábúandi jarðarinnar Bakka II er stefndi, Engilbert Hannesson. Mun hann hafa haft jörðina Bakka I á leigu frá þeim systkinum um langt skeið.

Á árinu 1974 kom Snorri Þorvaldsson að máli við stefnda og bauð honum til kaups sinn 1/6 hluta jarðarinnar Bakka I. Mun hann hafa tjáð stefnda, að stefnendur vildu ekki kaupa hlutann. Hafi hann þó aðeins orðfært það við stefnandann Pétur, að hann vildi selja, en ekki við stefnandann Valborgu. Fór svo, að kaupin með Snorra og stefnda tókust. Mun kaupverðið hafa verið kr. 400.000. Gaf Snorri stefnda afsal fyrir hlutanum, og er það dagsett 24. júní 1974.

Þegar stefnendur fréttu af greindum samningi, höfðu þau samband við stefnda og tjáðu honum, að þeim hefði verið með öllu ókunnugt um samningsgerðina. Óskuðu þau eftir að fá að ganga inn í samninginn sem kaupendur af Snorra. Samþykkti stefndi það gegn því að fá ákveðna landspildu í ómakslaun. Af þessu tilefni sameiginleg yfirlýsing, dskj. nr. 4, dags. 24. 6. 1974.

Stefndi hafði greitt kr. 200.000 inn á kaupin til Snorra, og endurgreiddu stefnendur honum þann 26. 6. 1974 fé þetta inn á reikning hans hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur.

En það dróst, að gengið væri frá þinglýsingu á eignarréttindum aðilja.

Stefnandinn Valborg var stödd hér á landi haustið 1977 og átti þá að ganga frá nauðsynlegum skjölum til þinglýsingar á ofangreindum réttindum. Virðist stefndi þá hafa viljað fá meira af jörðinni en áður var samið um

Samkomulag varð með aðiljum um, að stefndi fengi í sinn hlut íbúðarhús á jörðinni Bakka I og lóð 1200 m², sem lýst er í stefnukröfu. Jafnframt skyldi stefndi endurgreiða kr. 200.000.

Jafnframt var ákveðið, að formlegur frágangur skyldi vera með þeim hætti, að gerður væri skiptagerningur, þar sem spildurnar tvær og íbúðarhúsið skyldu teljast 1/6 hluti landsins, sem stefndi fengi útskipt. Skyldi stefndi fyrst þinglýsa afsali Snorra til sín til þess að síðan mætti þinglýsa skiptagerningi um ofangreint efni. Stefndi afhenti síðan afsalið frá Snorra til þinglýsingar 23. nóvember 1977.

Málsástæður og lagarök.

Stefnendur hafa haldið því fram, að öllum aðiljum væri ljóst, að stefndi skyldi ekki eiga neitt tilkall til hlutdeildar jarðarinnar í óskiptum réttindum jarða á Hjallatorfunni, hvorki hlutdeildar í óskiptu landi né hlunnindum.

Stefnendur halda því fram, að með undirritunum sínum á dskj. nr. 4 og 6 hafi stefndi í raun fallist á þá skipan eignarréttinda, sem viðurkenningar er krafist á í stefnu. Dskj. nr. 6 sé mjög sérstæð staðfesting á efni dskj. nr. 4. Einnig sé á það að líta, að þinglýsing hefur formgildi, en ekki efnislegt gildi milli aðilja, sem eru í réttarsambandi og vita betur. Það beri einnig að líta á það, að í raun hafi stefndi greitt óverulegt endurgjald fyrir það sem hann fékk í sinn hlut frá stefnendum.

Stefndi hefur haldið því fram, að með þinglýsingu afsals á dskj. nr. 3 hafi hann orðið löglegur eigandi jarðarinnar Bakka I að 1/6 hluta. Hann hefur jafnframt haldið því fram, að skiptagerningur, sem þar er gert ráð fyrir, hafi aldrei verið undirritaður.

Það er álit dómsins, að aðiljum hafi báðum verið ljóst, þegar dskj. nr. 4 var undirritað, að þar væri um að ræða ómaksbætur til stefnda, Engilberts Hannessonar, fyrir það að ganga frá samningi um sölu 1/6 hluta jarðarinnar Bakka I og stefnendur gengju í hans stað í samninginn. Þó gerður hafi verið viðbótarsamningur, sbr. dskj. nr. 6, verður ekki séð, að fosendur væru breyttar, heldur hitt, að aðiljar reyndu að leysa ágreining sinn með samkomulagi. Það hefur hins vegar ekki tekist. Ummæli annars stefnanda í einkabréfi til fyrrverandi lögmanns síns um vilja eða óvilja til undirritunar skiptagernings þykja hér engu máli skipta.

Þegar virt er, hvernig lögskipti aðilja eru til komin, hvernig þau hafa smám saman þróast í þá átt, að stefndi hefur krafist meiri ómakslauna, og loks þess, að stefndi skuli bera fyrir sig þinglýst afsal sem eignarheimild þrátt fyrir að hafa ekki neitað tilurð samninga á dskj. nr. 4 og 6, þykir rétt að fallast á kröfu stefnenda. Auk þess er endurgjald fyrir jarðakaupin ekki hátt, og í hinum óundirritaða skiptagerningi var talað um að fella hluta stefnda undir jörð stefnda Bakka II.

Málskostnaður ákveðst hæfilegur kr. 13.529.00.

Ólafur Helgi Kjartansson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfur stefnenda um eignarhald að jörðinni Bakka I eru teknar til greina.

Stefndi greiði stefnendum kr. 13.529.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þess að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. febrúar 1984.

Nr. 195/1981. **Björgvin P. Jónsson**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Elísabetu Guðmundsdóttur
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Hennýju Hermannsdóttur og
Hermanni Ragnari Stefánssyni
(Baldvin Jónsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1981.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða áfrýjanda in solidum skaðabætur að fjárhæð 24.458.67 krónur ásamt 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 29.325.24 krónum frá 20. janúar 1979 til 20. júní 1979, 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 20. september 1979, 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 6. október 1982, en af 24.458.67 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum 24.458.67 krónur með 19% ársvöxtum af 29.325.24 krónum frá 20. janúar 1979 til 6. október 1982, en af 24.458.67 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt bréfi skiptaráðanda í Reykjavík 30. september 1982, sem lagt var fram í Hæstarétti, voru greiddar 4.866.57 krónur úr þrotabúi Parsins h/f upp í kröfur áfrýjanda.

Eins og mál þetta er vaxið, m. a. að því er varðar reikningsskil, birgðamat og viðskiptahorfur fyrirtækisins Parsins h/f, var brýnt að héraðsdómari kveddi til tvo meðdómendur, sérfróða um endurskoðun og verslunarrekstur, til þess að dæma mál þetta með sér, sbr. þágildandi 3. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936, sbr. nú 1. mgr. 37. gr. A sömu laga, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981. Þar sem málið hefur ekki sætt þeirri meðferð, sem nú var lýst, þykir óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 5. júní 1981 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 5. júní 1981 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júní 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. júní 1981, höfðaði Björgvin P. Jónsson, Goðheimum 19, Reykjavík, með stefnu, birtri 28. september 1979, gegn Elísabetu Guðmundsdóttur, Brúnalandi 26, Reykjavík, Hennýju Hermannsdóttur, Hamraborg 6, Kópavogi, og Hermanni Ragnari Stefánssyni, Grænuhlíð 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða honum in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 29.352.24 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 20. janúar 1979 til 20. júní s. á. og 4.5% dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur allra stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Stefnda Elísabet krefst þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan málskostnað, en stefndu Henný og Hermann Ragnar krefjast þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim ríflegan málskostnað.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

— — —

Stefnandi byggir málsókn sína á því, að samkvæmt almennu skaðabótareglunni beri stefndu sem fyrrverandi hluthöfum og stjórnarmönnum í Parinu h/f að bæta honum það tjón, sem hann hafi orðið fyrir vegna þess, að félagið hafi eigi greitt honum víxla, sem samþykktir voru af því og féllu í gjalddaga, eftir að sala hlutafélagsins fór fram, og engar líkur standi til, að víxlar þessir verði greiddir af þrotabúi félagsins.

Stefnandi telur sig hafa sýnt fram á, að stefndu hafi gert sig seka um saknæmar og ólögmætar athafnir, sem hafi haft í för með sér það tjón, sem hann hafi beðið.

Því er mótmælt af hálfu stefndu.

Ekki verður talið, að upplýst hafi verið í máli þessu, að orsakasamband sé á milli þess, að stefnandi hefur eigi fengið víxla sína greidda, og þeirra athafna stefndu, sem stefnandi telur vera saknæmar og ólögmætar, en sönnunarbyrðin um það hvílir á stefnanda. Skortir þannig á, að leitt hafi verið í ljós, að fyrir hendi sé annað meginskilyrði þess, að almennu skaðabótareglunni verði beitt, og þykir því ástæðulaust að taka afstöðu til þess, hvort stefnandi hefur sýnt fram á eða ekki, að um saknæmar og ólögmætar athafnir stefndu hafi verið að ræða.

Af þessari ástæðu ber þegar að sýkna stefndu.

Málskostnaður, sem stefnandi greiði stefndu, telst hæfilega ákveðinn þannig: Stefnandi greiði stefndu Elísabetu kr. 6.000.00, stefndu Hennýju kr. 2.500.00 og stefnda Hermanni kr. 2.500.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Elísabet Guðmundsdóttir, Henný Hermannsdóttir og Hermann Ragnar Stefánsson, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Björgvins P. Jónssonar, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndu Elísabetu kr. 6.000.00 í málskostnað, stefndu Hennýju kr. 2.500.00 og stefnda Hermanni Ragnari kr. 2.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1984.

Nr. 142/1982. **Arnardalur s/f**
(Þórólfur K. Beck hrl.)
gegn
Framtaki, byggingarverktökum h/f
(Stefán Pálsson hrl.)

Verksamningur. Févíti. Skaðabótakrafa. Fjárnámsgerð staðfest. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. júní 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 28.577.29 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum) frá 1. janúar 1979 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann þess, að felld verði úr gildi fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 29. maí 1981, en þá var að kröfu stefnda gert fjárnám í eign áfrýjanda, Tangarhöfða 13, fyrir 37.101.63 krónum ásamt vöxtum og kostnaði.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt matsgerð Eiríks Jónssonar verkfræðings og Grétars Ólafssonar tæknifræðings, en þeir voru eftir beiðni áfrýjanda dómkvaddir á bæjarþingi Akureyrar 9. febrúar 1982 til þess að meta til peningaverðs fjártjón það og aukakostnað, sem stefndi teldist hafa valdið áfrýjanda með brotthvarfi frá hinu umsamda verki. Matsgerðin, sem dagsett er 20. maí 1982, ber fyrirsögnina: „Matsgerð. Mat á kostnaði við ólokið verk við 5.a áfanga Hitaveitu Akureyrar er Framtak hf hætti þar vinnu sem undirverktaki hjá Arnardal sf.“ Niðurstaða matsmannanna er sú, að ólokin verk hefðu samtals átt að kosta 505.000 gkr. miðað við einingarverð í samningi aðilja. Þá segir á þessa leið: „Með athugun á áðurnefndum samningi, einingarverðum hans og samanburði við

það, sem matsmenn telja eðlilegar kostnaðaráætlanir fyrir umræddar verkeiningar og með tilliti til þess á hvaða árstíma Arnardalur s.f. þurfti að vinna verkið hafa matsmenn komist að þeirri niðurstöðu að hæfilegt sé að áætla kostnað Arnardals s.f. kr. 1.500.000,- við að ljúka áðurnefndum verkhlutum og er þá miðað við verðlag 1. des. 1978. . ."

Áfrýjandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Dagsektir	gkr.	1.650.000
2. Skaðabætur	gkr.	2.000.000
Samtals	gkr.	3.650.000
Til frádráttar	gkr.	792.271
	Gkr.	2.857.729

Frádráttarliðurinn er miðaður við samþykkta reikninga stefnda, 12.541.141 gkr. að frádregnum innborgunum, 11.500.000 gkr. og reikningi vegna aksturs, 248.870 gkr.

Stefndi hvarf í október 1978 frá verki því óloknu, sem hann hafði tekið að sér að vinna fyrir áfrýjanda með verksamningi 5. júlí. Stefndi á rétt á greiðslu fyrir þann hluta verksins, sem hann hafði innt af höndum. Stefndi krafði áfrýjanda um greiðslu fyrir verkið með reikningum þeim, sem lýst er í héraðsdómi og auðkenndir þar sem dskj. 3-10. Þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um reikningana á dskj. 3-8. Reikningurinn á dskj. 9 er að fjárhæð 12.524.600 gkr. og lýtur að greiðslu fyrir götulögn milli brunna 130 og 501 svo og milli brunna 501 og 518. Í héraði féllst stefndi á að lækka þessa kröfu um 815.060 gkr., vegna þess að götulögn milli brunna 516 og 518 hafi verið ólokið. Héraðsdómur hefur tekið reikning þennan til greina með 11.709.540 gkr., en áfrýjandi samþykkir eigi nema 10.703.858 gkr. af henni. Ljóst þykir af gögnum málsins, að eigi aðeins hafi verið eftir að fylla og ganga frá skurði milli brunna 516 og 518, heldur hafi allmjög skort á það að öðru leyti, að gengið hafi verið frá götulögninni. Þykir umræddur reikningur eigi verða tekinn til greina, nema að því leyti sem áfrýjandi hefur samþykkt hann, eða 10.703.858 gkr. Samkvæmt þessu er fjárhæð sú, sem tekin er til greina af reikningum á dskj. 3-9 samtals 14.254.008 gkr. Reikna ber verðbætur á þann hluta fjárhæðarinnar, sem umfram er 9.500.000 gkr., eða 4.754.008 gkr. Aðiljar eru

sammála um, að miða skuli við 3,461% verðbætur, og verða þær því 164.536 gkr. Stefndu áttu þannig kröfu til greiðslu að fjárhæð samtals 14.418.544 gkr., en frá ber að draga greiðslur áfrýjanda til stefnda, 11.500.000 gkr., svo og reikning fyrir vörubílaakstur, 248.870 gkr., sem eigi er ágreiningur um. Niðurstaðan er því sú, að áfrýjandi hafi átt eftir að greiða stefnda 2.669.674 gkr. fyrir verk það, sem hann hafði leyst af höndum.

Stefndi hefur ekki fært sönnur á, að áfrýjandi hafi vanefnt umsamdar greiðslur til hans, svo sem stefndi hefur haldið fram til skýringar á því, að hann hvarf frá verkinu. Þykir hann hafa vanefnt samning sinn við áfrýjanda, sem eigi því tilkall til þess, að stefndi gjaldi honum févíti (dagsektir) samkvæmt ákvæði í verksamningnum. Áfrýjandi hefur skýrt dagsektakröfu sína þannig, að miðað sé sé annars vegar við skilafrest verksins, en hins vegar við þann tíma, þegar hann gat skilað verkinu af sér, eftir að hann hafði lokið við þann hluta þess, er stefndi hafði vanrækt. Skilafrestur á verkinu var upphaflega 1. október, en var framlengdur þannig, að verkinu skyldi lokið að fullu 25. október. Áfrýjandi hafði lokið verkinu að mestu 18. nóvember, er lögn milli brunna var tilbúin til áhleypingar. Yfirborðsfrágangi varð þó ekki lokið að fullu fyrr en næsta vor.

Fallast ber á það, að áfrýjandi eigi rétt til févíta frá 25. október til 18. nóvember 1978, 50.000 gkr. fyrir hvern virkan dag, þ. e. 21 dag, eða samtals 1.050.000 gkr. Hins vegar verður að telja, að með því hafi hann fengið bætt tjón sitt af vanefndum stefnda á samningnum og eigi hann því ekki tilkall til skaðabóta að öðru leyti. Verður áfrýjandi samkvæmt þessu dæmdur til þess að greiða stefnda 2.669.674 ÷ 1.050.000 gkr., þ. e. 16.196.74 nýkrónur, ásamt vöxtum, sem greinir í dómsorði, en upphafstíma vaxta þykir rétt að miða við birtingardag stefnu í héraði.

Staðfesta ber hina áfrýjuðu fjárnámsgerð til tryggingar þessum fjárhæðum og kostnaði við fjárnámið svo og við uppboð, ef til kemur.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Arnardalur s/f, greiði stefnda, Framtaki, byggingarverktökum h/f, 16.196.74 krónur ásamt ársvöxtum

þannig: 27% frá 15. nóvember til 1. desember 1979, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981, 37% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 45% frá þeim degi til 21. september 1983, 37% frá þeim degi til 21. október 1983, 36% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% frá þeim degi til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest til tryggingar 16.196.74 krónum ásamt vöxtum, sem að ofan greinir, og kostnaði við fjárnám svo og við uppboð, ef til kemur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Stefndi hvarf frá óloknu því verki, er hann hafði tekið að sér að vinna fyrir áfrýjanda sem undirverktaki, síðla í októbermánuði 1978. Er ósannað, að hann hafi haft til þess réttmæta ástæðu vegna dráttar á umsömdum greiðslum eða annarra vanefnda áfrýjanda á samningsskyldum sínum. Kröfur áfrýjanda í gagnsök í héraði eru af þessum samningsrofum stefnda sprottnar.

Áfrýjandi sinnti ekki ábendingu héraðsdóms um nauðsyn skýrari málsreifunar um gagnkröfurnar. Dæmdi héraðsdómur stefnda fulla sýknu af kröfum þessum vegna þess, hvernig áfrýjandi hélt á máli sínu fyrir dóminum. Með því fór héraðsdómur út fyrir dómkröfur stefnda, er einungis hafði krafist sýknu að svo stöddu. Er rétt, eins og hér stendur á, að dæma um gagnkröfurnar með hliðsjón af nýjum gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt.

II.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda um kröfur þær, er stefndi hér fyrir dómi hafði uppi í aðalsök í héraði, aðrar en kröfur samkvæmt reikningi á héraðsdómskjali nr. 9 og þar af

leiðandi einnig kröfu um verðbætur samkvæmt reikningi á héraðsdómskjali nr. 10.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, þeirri sem frá er greint í dómsatkvæðinu, en einnig er að vikið í því, er segir hér á eftir um gagnkröfu áfrýjenda fyrir héraðsdómi, er áætlað, að stefndi hafi átt ólokið pípulögn og jarðvinnu milli brunna 501-518 fyrir samtals 505.000 gkr., er hann hætti framkvæmdum við hið umsamda verk. Er þá miðað við magntölur og einingaverð samkvæmt verksamningi aðilja, en án álags vegna verðbóta.

Fyrir héraðsdómi lækkaði stefndi umræddan reikning sinn um 815.060 gkr. vegn ólokinna verka, eða um hærri fjárhæð en að framan greinir. Að þessu athuguðu svo og því, að ekki var staðreynt, hversu miklu væri ólokið af verkinu, áður en stefndi hófst handa um að ljúka því sjálfur, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms teljum við, að staðfest verði úrlausn hans um þennan kröfulið. Leiðir þá af framangreindu, að fjárhæð verðbóta breytist ekki frá því, sem héraðsdómur ákvað. Ber því að staðfesta dóminn að því er varðar aðalsök í héraði.

III.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar í gagnsök í héraði þannig hér fyrir dómi:

1.	Dagsektir samkvæmt verksamningi, 50.000 gkr. á dag í 33 daga (15. október — 18. nóvember 1978), alls 1.650.000 gkr., eða	16.500.00 kr.
2.	Skaðabætur, 2.000.000 gkr., eða	20.000.00 —
	Alls	36.500.00 kr.

Um 1. kröfulið: Í verksamningi aðilja var kveðið á um skyldu stefnda til að greiða 50.000 gkr. í dagsektir fyrir hvern dag, „sem skilatími dregst á langinn." Um skilafrest var vísað til verklýsingar, þ. e. verklýsingar aðalverkkaupans, Hitaveitu Akureyrar. Voru þar settir skilafrestir bæði að því er tók til einstakra verkþátta svo og verksins alls. Var hinn síðastgreindi frestur til 1. október 1978, en hann virðist síðan hafa verið framlengdur til 25. þess mánaðar vegna atvika, er vörðuðu aðalverkkaupa. Verður að skilja málflutning áfrýjanda svo, að dagsektakrafa hans sé eingöngu byggð

á því, að stefndi hafi ekki lokið verkinu í heild á réttum tíma.

Þegar til þess er litið, *að* stefndi hætti verkframkvæmdum að fullu og öllu, um það leyti sem hinn framlengdi skilafrestur rann út, og áfrýjandi tók þá framkvæmd verksins í sínar hendur, *að* áfrýjandi hefur uppi sérstaka skaðabótakröfu á hendur stefnda, byggða á mati dómkvaddra manna um fjártjón, er stefndi er talinn hafa valdið áfrýjanda, og *að* ekki verður talið, að áfrýjanda sé rétt að krefja stefnda í senn um skaðabætur vegna dráttar á að ljúka framkvæmdum og um fullar dagsektir af sama tilefni, þykir þessi kröfuliður ekki verða tekinn til greina.

Um 2. kröfulið: Dómkvaddir matsmenn hafa metið „það fjártjón og aukakostnað", sem áfrýjandi varð fyrir vegna brotthvarfs stefnda frá hinu umsamda verki. Hafa þeir áætlað kostnað áfrýjanda við að ljúka verkinu miðað við verðlag 1. desember 1978 1.500.000 gkr., en umsamda heildargreiðslu fyrir þau verk, sem ólokið var, miðað við einingaverð samkvæmt verksamningi, 505.000 gkr., svo sem áður var greint. Nemur mismunur því 995.000 gkr.

Ljóst er, að framangreint mat er hvergi nærri nákvæmt. Áfrýjandi hefur þó sjálfur á því byggt og ekki lagt fram nægileg sönnunargögn fyrir frekara tjóni, er hann hafi beðið vegna vanefnda stefnda. Þykir því mega ákveða honum fébætur vegna samningsrofa stefnda með hliðsjón af matsgerðinni og tiltaka þær 10.000.00 krónur (1.000.000 gkr.), er skuldajafnað verði við kröfu stefnda í aðalsök í héraði.

IV.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefnda 27.101.63 krónur (37.101.63 ÷ 10.000.00 krónur) með vöxtum, eftir því sem segir í atkvæði meiri hluta dómenda, svo og að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð fyrir framangreindri fjárhæð.

Við erum samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. mars 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 16. febrúar sl., er höfðað af Framtaki, byggingarverktökum h/f, Akureyri, skv. stefnu, birtri 15. nóvember 1979,

19. nóvember 1979 og bókun 2. maí 1980 á hendur Sverri Þórólfssyni, Þinghólsbraut 58, Kópavogi, og Höskuldi B. Guðmundssyni, Gaukshólum 2, Reykjavík, in solidum og f. h. Arnardals s/f, Reykjavík. Þá er Þórdísi Gissurardóttur, Þinghólsbraut 58, Kópavogi, stefnt til að gæta réttar síns í málinu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda koma fram í þinghaldi 16. febrúar sl. Þær eru, að stefndu verði dæmdir til greiðslu gkr. 10.100.779 ásamt 4.5% dráttarvöxtum af gkr. 7.014.430 frá 1. nóvember 1979 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar skv. mati réttarins. Kröfur stefndu koma fram á dskj. 14, sbr. bókun í þinghaldi 2. maí 1980. Þeir gera kröfu um algera sýknu og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Réttargæslustefndi krefst ómakslauna að mati réttarins.

Stefndu hafa hafið gagnsakarmál með stefnu, framlagðri í dóm 2. maí 1980. Endanlegar kröfur þeirra í gagnsök koma fram á dskj. nr. 42. Þar krefja þeir gagnstefnda til greiðslu skuldar að fjárhæð gkr. 2.857.729 ásamt innlánsvöxtum sparifjár frá 1. janúar 1979 til greiðsludags svo og málskostnaðar að mati réttarins.

Í gagnsök gerir stefnandi kröfu um sýknu að svo stöddu af kröfum stefnda og um málskostnað að mati réttarins.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum bæði í aðalsök og gagnsök, en án árangurs.

Málavextir.

Arnardalur s/f, sem skráður var í firmaskrá Reykjavíkur 15. júní 1978, var eign stefndu, Sverris og Höskuldar, og rekinn með ótakmarkaðri ábyrgð þeirra. Arnardalur s/f gerðist verktaki hjá Hitaveitu Akureyrar að áfanga 5 A við byggingu hitaveitunnar sumarið og haustið 1978. Það varð að ráði, að Arnardalur s/f fékk Framtak, byggingarverktaka h/f á Akureyri (hér eftir kallað Framtak h/f) til að vinna hluta verksins. Verksamningur var gerður milli fyrirtækjanna þann 5. júlí 1978. Samningur þessi hljóðar svo:

„Undirritaðir, annars vegar Arnardalur sf. Tangarhöfða 13 Rvk, hér eftir nefndur verkkaupi og hins vegar Framtak hf byggingarverktakar, Oddeyrargötu Akueyri, hér eftir nefndur verksali, gerum með okkur svofelldan samning.

Verksali tekur að sér gröft, pípusuðu og frágang í Skógarlundi áfanga 5 svo og flutning og niðursetningu brunna, verkið skal unnið skv. verklýsingu Hitaveitu Akureyrar.

Verksali skal halda þau tímamörk sem verklýsing segir til um og skila verkþáttum á tilsettum tíma annars koma til dagsektir sem verksali greiðir kr. 50.000.00 pr. dag, sem skilatími dregst á langinn.

Verðbætur á verktímanum reiknast þannig.

Einingaverð hækka um 0.50% við hverja 1% hækkun á kaupi verkamanna
Einingaverð hækka um 0.30% við hverja 1% hækkun á vélatöxtum
Einingaverð hækka um 0.10% við hverja 1% hækkun á vörubílatöxtum

Verðbætur miðast við verðlag 1. júlí 1978.

Greiðslur fara fram hálfsmánaðarlega eftir framvindu verksins, haldið verður eftir 5% af reikningsupphæðum þar til verkið hefur verið tekið út af Hitaveitu Akureyrar.

Fyrir ofangreint verk greiðist eftirfarandi:

Gröftur fyrir pípu, sandfylling kringum pípur, fyllt yfir og frágengið yfirborð, umframefni flutt burt. 350 × 250 pípur	kr.	3.200	pr. meter
Br 507 516 og 518 Gröftur og umframefni flutt burt og botn jafnaður		100.000	pr. stk.
Br. 4a Flutningur og gröftur, umframefni flutt burt og settur niður		110.000	pr. stk.
Umframefni flutt burt fyllt með grús í skurði jarðvegsskipti		2.000	pr. meter
Pípusuða frá brunni 501-518 lagt beint í gegnum brunna plastað og þrýstiprófað og flutt á staðinn			
Ø 250		2.000	pr. meter
Ø 350		2.500	pr. meter
Sprengingar fyrir brunnum		100.000	pr. brunn
Festuklossar		40.000	pr. stk.
Stýriklossar		18.000	pr. stk.
Umferðabrú		225.000	1 stk.
Lagnir samhliða hitaveitulögn færðar til			
grein 4.4.6.1 ein lögn		500	pr. meter
tvær lagnir		1000	pr. meter
þrjár lagnir		1500	pr. meter
fjórar lagnir		2000	pr. meter
Göngubrýr		10.000	pr. stk.
grein 4.4.6.2 Breytt legu lagna		4.000	pr. meter
frárennslislögn		8.000	pr. meter
grein 4.4.6.3.1 Lagnir fundnar grafið fyrir þeim		5.000	pr. stk.
grein 4.4.6.3.2 Þurfi að grafa þvert á skurði til að breyta hæðarlegu strengja		15.000	pr. stk.
grein 4.4.6.4 Færzla á götuniðurföllum		20.000	pr. stk.
grein 4.47 Fleygun á malbiki á götum		3.000	pr. meter“

Þau tímamörk, sem vitnað er til í samningnum hér að ofan, koma fram síðar.

Framtak h/f vann síðan hluta verksins frá því í júlí 1978 til október s. á. Samkvæmt greiðsluyfirliti á dskj. nr. 16 greiddi Arnardalur s/f til Framtaks h/f vegna verks þessa þann 25. júlí 1978 ..... gkr. 1.000.000
þann 3. ágúst 1978 ..... gkr. 4.000.000
þann 25. ágúst 1978 ..... gkr. 1.000.000
þann 6. september 1978 ..... gkr. 1.500.000
þann 15. september 1978 skv. víxli, útgefnum 31. ágúst 1978, ... gkr. 2.000.000
þann 29. september 1978 ..... gkr. 2.000.000
eða samtals gkr. 11.500.000

Á verkfundi þann 20. september 1978 er gerð áætlun fyrir næstu tvær vikur. Á verkfund þennan mætir Stefán Jörundsson, framkvæmdastjóri Framtaks h/f, f. h. Arnardals s/f og gerir þann fyrirvara varðandi áætlunina, að hún sé háð því, að undirverktaki, Framtak h/f, fái greiðslu frá aðalverktaka, Arnardal s/f. Sverrir Þórólfsson og Höskuldur Guðmundsson eru hvorugir mættir á þessum fundi. Stefán Jörundsson er mættur á tveimur verkfundum varðandi dreifikerfi 5. áfanga A eftir þetta. Sverrir Þórólfsson mætir á þann fyrri, sem bókaður er 4. 10. 1978, og Höskuldur Guðmundsson á þann síðari, sem er þann 19. 10. 1978. Ekki er minnst á greiðslur á þessum fundum. Á síðari fundinum er gerð áætlun fyrir næstu tvær vikur og þá sagt: „Gert er ráð fyrir að sjóða í þeim brunnum sem eftir eru á næstu tveim vikum og á þeim tíma á að ljúka við allan annan frágang.“ Síðan er bókað: „Eftirlitsmenn verkkaupa benda verktaka á að skilafrestur sá sem hann hafði fengið skv. ákvörðun fulltrúa verkkaupa og staðfest er í bréfi dags. 9. 10. 1978 er útrunninn að því er varðar að brunnar 500 A til og með 516 verði tilbúnir til áhleypingar 15. október 1978.

Verktaki má gera ráð fyrir að verða krafinn um greiðslu dagsekta skv. verklýsingu frá þeim tíma þar til umræddir brunnar verði tilbúnir til áhleypingar.“

Undirverktakinn, Framtak h/f, hvarf síðan frá verkinu í lok október eða byrjun nóvember 1978 án þess að hafa lokið til fulls því verki, sem fyrirtækið hafði tekið að sér samkvæmt verksamningnum.

Á dskj. nr. 17 er úttekt á verkstöðu á 5. áfanga A, þegar Framtak h/f fer frá verkinu í október 1978. Úttekt þessi hljóðar svo:

„Brunnabil 501-130.

Grafið hafði verið 24m austur úr brunni 501 og pípur soðnar saman og trukkprufaðar. Ekki búið að moka yfir og ganga frá niðurföllum né aka umframefni í burtu.

Brunnabil 501-505.

Yfirborðsfrágangur eftir.

Brunnabil 505-507.
Yfirborðsfrágangur eftir og eftir að keyra umframefni í burtu sem var samansafnað á plani norðan við brunn 506.
Brunnabil 507-509.
Allur frágangur búinn.
Brunnabil 509-516.
Allur yfirborðs frágangur eftir, eftir að keyra öllu umframefni í burtu eftir að gera við girðingu við Lund.
Brunnabil 516-518.
Búið að grafa skurð búið að sjóða pípur saman. Eftir er að loka skurði skifta um jarðveg, ganga frá viðvörunarþráðum, krumpa og moka yfir lögn ásamt yfirborðsfrágangi.
Brunnar 501, 502, 503, 504, 505, 506, 508, 509, 510, 511, 512, 513, 514, 515, 517.
Eftir er að hreinsa út úr brunnum grjót og sand, eftir er að ganga frá yfirborðsjarðvegi kringum brunna."

Dómskjal þetta er undirritað af Sigurhans Hlynssyni, sem var einn af hluthöfum Framtaks h/f og verkstjóri hjá fyrirtækinu yfir pípulögn, þegar það vann við 5. áfanga A. Þá er skjalið undirritað af Sverri Þórólfssyni f. h. Arnardals s/f. Úttekt þessi er gerð miklu síðar en Framtak h/f hvarf frá verkinu. Úttektin er staðfest fyrir dóminum af Sigurhans Hlynssyni. Þá hafa eftirlitsmenn Hitaveitu Akureyrar með verkinu, Ingvar Baldursson og Bragi Sigurðsson, staðfest þessa úttekt, Ingvar í stórum dráttum og Bragi að nokkru. Þá styðja framburðir starfsmanna Arnardals s/f úttektina í stórum dráttum.

Þann 2. apríl 1979 skrifar Benedikt Ólafsson, lögmaður Framtaks h/f, bæjarstjóranum á Akureyri eftirfarandi bréf:

„Til mín hefur leitað framkvæmdastjóri Framtaks h.f. á Akureyri og falið mér að krefja Arnardal s.f. í Reykjavík um skuld vegna vinnu Framtaks fyrir Arnardal s.f. í áfanga 5 A hjá Hitaveitu Akureyrar á síðastliðnu sumri. Arnardalur s.f. hefur ekki fengist til að veita umbjóðanda mínum upplýsingar um greiðslur frá Hitaveitu Akureyrar vegna aukaverka í áfanganum og er þess því farið hér á leit að þér upplýsið mig um eftirtalin atriði:

1. Hverjar voru greiðslur í krónutölu fyrir aukaverk til Arnardals í áfanga 5 A hjá Hitaveitu Akureyrar árið 1978 (sundurliðað).
2. Var framlengdur skilafrestur á umræddu verki hjá Arnardal s.f., og ef svo var til hvaða tíma.
3. Hvers vegna var skilafrestur framlengdur.
4. Hvenær skilaði Arnardalur s.f. verkinu.
5. Var Arnardalur s.f. beittur dagsektum.
6. Hve háum dagsektum var beitt.

7. Fyrir hvað var Arnardalur s.f. beittur dagsektum.
Svar við ofangreindum spurningum óskast sent mér við allra fyrstu hentugleika."

Svör við bréfi þessu koma fram í bréfi, sem Haraldur Sveinbjörnsson verkfræðingur og Bragi Sigurðsson tæknifræðingur rita Gunnari A. Sverrissyni, hitaveitustjóra á Akureyri, þann 23. apríl 1979. Þeir voru eftirlitsmenn með verkinu. Bréf þeirra hljóðar svo: „Að þinni beiðni höfum við undirritaðir tekið til afgreiðslu bréf dags. 2. apríl 1979 til bæjarstjóra Akureyrar, Helga Bergs skrifað af Benedikt Ólafssyni, hdl. Niðurstöður eru eftirfarandi:

1. Greiðslur til Arnardals fyrir aukaverk í 5. áfanga fyrri hluta:

Greitt fyrir efni vegna stækkunar brunns 518: steypa 1,3 m³ á 18.000,- timbur 13 m² á 4000,- járn 94 kg á 180,-	kr.	92.320
Greitt fyrir vinnu vegna beyglaðra og/eða þröngra hólka á Ø250 og Ø350 m/m pípur í Skógarlundi og Þingvallastræti: 241 stk. á 1250,-	—	301.250
Greitt vegna lagfæringar á skemmdum endum á rörum í Skógarlundi: 64 endar á 1250,-	—	80.000
Samtals	kr.	473.570

2. Skilafrestur á verkinu var fimmþættur:
   1. Brunnar nr. 500A til og með nr. 507 skyldu vera tilbúnir til tengingar fyrir verktaka í 6. áfanga, 7. ágúst 1978.
   2. Brunnar nr. 508 og 509 skyldu vera tilbúnir til tengingar fyrir verktaka 6. áfanga, 17. ágúst 1978.
   3. Brunnar nr. 512 til og með 515 skyldu vera tilbúnir til tengingar fyrir verktaka 6. áfanga, 28. ágúst 1978 og á sama tíma áttu brunnar nr. 510 og 511 að vera tilbúnir til áhleypingar.
   4. Brunnur 518 skyldi vera tilbúinn til tengingar fyrir verktaka síðari hluta 5. áfanga, 15. sept. 1978.
   5. Verkinu skyldi að fullu lokið 1. okt. 1978.

Skilafrestur á verkinu var framlengdur þannig:

1. Brunnar nr. 500A til og með nr. 516 skyldu vera tilbúnir til áhleypingar 15. okt. 1978.
2. Verkinu skyldi að fullu lokið 25. okt. 1978.
3. Meginástæða fyrir framlengingu skilafrests var sú að ýmis efni sem verktaki þurfti á að halda kom ekki á lager Hitaveitu Akureyrar fyrr en allmiklu seinna en gert hafði verið ráð fyrir. Þá var og tekið tillit til aukins tíma við framkvæmdir vegna þröngra hólka og beyglaðra röraenda.
4. Arnardalur s.f. skilaði stofnæð áfangans frá miðlunargeymi að

brunni nr. 516 tilbúinni til áhleypingar 6. nóv. 1978, ásamt brunnum nr. 500A til og með nr. 516.

18. nóv. 1978 var lögnin milli bruna nr. 516 og 518 svo og brunnur 517 og 518 tilbúnir til áhleypingar. Á sama tíma hafði verktaki lokið grófum frágangi á jarðvinnu. Endanlegum frágangi á verkinu var frestað til vors 1979 með samþykki verkkaupa vegna óhagstæðs veðurs og aðstæður voru á þessum tíma ekki taldar þannig að verktaki gæti unnið þennan frágang á viðunandi hátt.

5. Já.
6. kr. 800.000,- krónur áttahundruð þúsund 00/100.
7. Samanber svar við spurningu nr. 2 var framlenging skilafrests tvíþætt og var verktaki beittur sektum í samræmi við það:
   1. Verktaka var gert að greiða dagsektir samkv. þessum lið í 10 virka daga þ.e. frá 25. okt. 1978 til 6. nóv. 1978, krónur 25.000,- tuttuguogfimmþúsund 00/100 á dag. Samtals kr. 250.000,- krónur tvöhundruðogfimmtíuþúsund 00/100.
   2. Með tilliti til þess sem sagt er í svari við spurningu nr. 4, var fallist á að verktaki greiddi sektir samkvæmt þessum lið frá 6. nóv. 1978 til 18. nóv. 1978, þ.e. í 11 virka daga, kr. 50.000.- krónur fimmtíuþúsund 00/100 á dag. Samtals kr. 550.000,- krónur fimmhundruðogfimmtíuþúsund."

Í málinu liggur fyrir reikningur frá Framtaki h/f til Arnardals s/f, dags 22. nóvember 1978. Reikningur þessi er heildarreikningur frá Framtaki h/f yfir allt verk þeirra. Hljóðar upphæð hans um gkr. 16.728.600 að viðbættum verðbótum, 3,46%, eða gkr. 578.809. Reikningurinn nemur þannig alls gkr. 17.307.409. Reikningi þessum fylgir sundurliðun. Aðiljar eru sammála um, að þetta sé fyrsti yfirlitsreikningurinn, sem Arnardalur s/f hafi fengið frá Framtaki h/f. Fyrirsvarsmenn aðilja, Stefán Jörundsson og Sverrir Þórólfsson, eru sammála um, að þeir hafi reynt uppgjör á grundvelli þessa reiknings. Fyrirsvarsmaður Arnardals s/f, Sverrir Þórólfsson, heldur því fram, að reikningur þessi sé bæði fyrir vinnu Framtaks h/f og Arnardals s/f. Þeir hafi því í janúar 1979 gert Stefáni Jörundssyni grein fyrir því með sundurliðuðum reikningi frá Arnardal s/f, hvaða kostnaður væri þá á kominn vegna vinnu Arnardals s/f við að ljúka verkinu, sem Framtak h/f hefði reiknað sér að fullu. Reikningur þessi liggur fyrir á dskj. nr. 19 og hljóðar upp á gkr. 4.202.826. Honum fylgir einnig lausleg sundurliðun. Heldur Sverrir því fram, að þegar þessari upphæð hafði verið bætt við þær gkr. 11.500.000, sem áður höfðu verið greiddar, hefði útkoman numið hærri upphæð en reikningur Framtaks h/f fyrir allt verkið.

Framtak h/f vildi ekki sætta sig við þennan útreikning, og varð ekki samkomulag með aðiljum. Stefán Jörundsson hefur m. a. bent á það fyrir dómi, að í reikningi Arnardals s/f sé þeim gert að greiða fyrir loftpressu, sem hann hafi sjálfur borgað beint.

Kröfur sínar byggir Framtak h/f síðan á nýjum reikningum. Þeir eru á dskj. nr. 3-10. Stefán Jörundsson hefur hér fyrir dóminum sagt, að þessir reikningar séu endurrit reikninga, sem Arnardal s/f hafi verið sendir, og séu þær breytingar og leiðréttingar á dskj. nr. 18, þ. e. reikningnum frá 22. nóvember 1978. Heildarreikningarnir séu byggðir á enduryfirferð á mæliblöðum og úttektarblöðum. Krafa stefnanda hér fyrir dóminum er byggð á þessum síðari reikningum. Stefán Jörundsson heldur því fram, að dagsetningar reikninganna séu réttar, en í ljós hefur komið, að þeir eru vélritaðir miklu síðar í þeirri mynd, sem þeir liggja frammi hér fyrir dóminum (sic). Rétt þykir að taka hér upp hvern þessara reikninga fyrir sig og rekja afstöðu hvers aðilja til hvers reiknings.

Reikningur á dskj. 3, dags. 18. júlí 1978, vegna vinnu við dælustöð í Þórunnarstræti: alls gkr. 58.500. Stefndu hafa samþykkt þennan reikning sem réttan nema dagsetningu hans.

Reikningur á dskj. 3, dags. 18. júlí 1978, vegna vinnu við dælustöð í í þráðum í einangrun: alls gkr. 38.000. Þessum reikningi hefur Arnardalur hafnað algerlega, þar sem fyrirtækið hefur ekki fengið greiðslur frá Hitaveitu Akureyrar fyrir þessar bilanir. Stefán Jörundsson, fyrirsvarsmaður stefnanda, hefur fyrir dóminum sagt, að um aukaverk þessi hafi verið beðið að eftirlitsmanni hitaveitunnar. Ingvar Baldursson, verkstjóri hjá Hitaveitu Akureyrar, sem var einn efitlitsmanna með verkinu, hefur fyrir dómi sagst muna eitthvað eftir aukaverkum vegna bilunar í þráðum í einangrun. Hann sagði, að í rörum þessum væru tveir þræðir vegna hugsanlegrar rakaleiðni inni í einangrun, ýmist utan eða innan frá. Einhverjar tafir hafi orðið hjá Framtaki h/f vegna framleiðslugalla, þannig að þræðirnir hefðu legið út í stálið á nokkrum stöðum, svo að við prófanir, er rörin höfðu verið sett saman, hefðu mælar sýnt útleiðni. Hann vissi ekki, hvort Arnardalur s/f fékk einhverjar bætur frá hitaveitunni þessa vegna. Arnardalur s/f hefur bent Framtaki h/f á að rukka hitaveituna beint vegna þessarar viðgerðar. Sjá einnig 4 verkfund, dómskj. 40, en þar kvarta verktakar (Arnardalur s/f) undan ólagi í einangrunarþráðum.

Reikningur dskj. 5, dags. í september 1978, vegna vinnu við beyglaða og/eða þrönga hólka á 250 og 350 mm pípum í Skógarlundi og Þingvallastræti, gkr. 301.250, og vegna lagfæringar skemmda á rörum í Skógarlundi, 64 endar, hver gkr. 1.250, eða gkr. 80.000, alls nemur reikningurinn gkr. 381.250.

Af hálfu Arnardals s/f er dagsetning reikningsins ekki viðurkennd rétt.

Sverrir Þórólfsson segir, að fyrirtæki hans hafi sjálft séð um lagnir frá brunni 501 að miðlunargeymi, þar sem einnig hafi verið skemmdir pípuendar og þröngir hólkar. Það hafi verið bætt til Arnardals s/f með gkr. 47.500. Þessi upphæð eigi að dragast frá bótum skv. þessum reikningi og því viðurkenni fyrirtækið gkr. 333.750 af þessum reikningi. Skv. dómskj. 36 hefur hitaveitan greitt upphæð þessa reiknings til Arnardals s/f. Stefán Jörundsson hefur sagst geta samþykkt tilboð Arnardals s/f varðandi þennan reikning, ef rétt sé, að gkr. 47.500 hafi verið greiddar fyrir verk, er Arnardalur s/f framkvæmdi.

Reikningur dskj. 6, dags. í september 1978, varðar þrennt:

1. Jarðvegsskipti undir pípu, brunnabil 507-505, 120 m/2000 gkr. 204.000.
2. Aukningu vinnu vegna ljósastaura, brunnabil 507-515, 460 m/1500 gkr. 690.000.
3. Ekna mold í skurðstæði, brunnabil 506-503, 130 m/1000 gkr. 130.000. Alls gkr. 1.024.000.

Stefndu hafa hafnað þessum reikningi og sagst ekki hafa fengið greitt fyrir þessa reikningsliði hjá Hitaveitu Akureyrar. Þeim hafi verið hafnað, sbr. bréf hitaveitunnar á dskj. nr. 20. Sjá hér einnig dskj. nr. 40, fundargerðir verkfunda, þ. e. fundinn frá 6. september 1978 og framburð Braga Sigurðssonar. Stefán Jörundsson hefur viðurkennt, að hitaveitan hafi ekki greitt fyrir verk skv. þessum reikningi. Ingvar Baldursson, sá er áður er getið, hefur fyrir dómi sagst kannast við jarðvegsskipti skv. þessum reikningi, en kvaðst ekki vita um reikningsmál þessa vegna. Hann sagði jafnframt, að það væri matsatriði, hvort um aukningu vinnu hefði verið að ræða vegna ljósastaura. Að hans mati hefði tilfærsla á skurðum vegna ljósstaura gert verk Framtaks h/f svolítið erfiðara.

Reikningur á dskj. nr. 7, dags. í september 1978, varðar:

1. Steypta stýriklossa, 17 stykki/gkr. 18.000, gkr. 306.000.
2. Steypta festu, 1 stykki/gkr. 40.000, gkr. 40.000.
3. Lagðan símakapal í skurð, brunnabil 501-515, 973.5 m/gkr. 400. gkr. 389.400. Alls nemur reikningur þessi gkr. 735.400.

Stefndu hafa samþykkt þennan reikning nema lögn símakapals. Reikningurinn er þannig viðurkenndur að upphæð kr. 346.000. Arnardalur s/f hefur fengið greitt aukalega vegna þessa símakapals, en fyrirsvarsmaður fyrirtækisins, Sverrir Þórólfsson, heldur því fram, að stefnanda hafi verið fullkunnugt, er hann bauð í verkið, að leggja ætti kapal í skurðinn. Kapallinn hafi hins vegar ekki verið í tilboði Arnardals s/f. Stefán Jörundsson, forsjármaður Framtaks h/f, hefur algerlega neitað því, að lagning símakapalsins hafi átt að vera inni í heildarverðinu. Þeir hafi lagt símakapalinn og þeir vilji fá greiðslu fyrir hann.

Reikningur á dskj. 8, dags. í september 1978. Í reikningnum er vitnað í brunnablöð (sjá dskj. 37), síðan taldir upp brunnar frá 501-518. Alls nemur reikningurinn kr. 4.092.000. Í málflutningi hefur lögmaður stefnanda haldið því fram, að einingarverð skv. þessum reikningi hafi stefnandi hækkað frá því, er segi í samningi. Lögmaðurinn heldur því fram, að þetta geri stefnandi, þar sem í samningnum sé augljós prentvilla. Þessu hafnar Sverrir Þórólfsson, fyrirsvarsmaður stefndu. Segir hann í framburði sínum, að skýrlega komi fram í samningi dskj. 12, að framkvæma hafi átt þetta fyrir gkr. 110.000 pr. stykki. Halda stefndu því fram,að stefnandi gleymi þessu samningsákvæði og hækki verðið um gkr. 100.000 við flesta brunnana. Þessi reikningur leiðréttur eigi því að nema gkr. 2.502.000, hefði stefnandi unnið allt verkið. Samkvæmt dskj. nr. 17, úttekt á verkinu, hafi Arnardalur s/f orðið að láta vinna hluta af verkinu, bæði járnsmiði og verkamenn fyrir alls gkr. 1.504.700, sbr. reikninga Arnardals s/f á dskj. 27. Þannig viðurkennir Sverrir Þórólfsson, forsjármaður Arnardals s/f, kr. 997.300 af þessum reikningi.

Reikningur dskj. nr. 9, dags. í nóvember 1978, varðar götulögn milli brunna. Alls nemur þessi reikningur gkr. 12.524.600. Sverrir Þórólfsson viðurkennir, að reikningurinn hefði átt að nema þessari upphæð, hefði Framtak h/f lokið verkinu, sem þeir hafi ekki gert, sbr. dskj. 17. Leiðréttur skv. stöðu verksins og greiðsluhæfum hluta þess, sbr. og dskj. 17 um stöðu verksins, þegar Framtak h/f fór frá því, ætti reikningur þessi að sögn Sverris að nema gkr. 10.703.858. Sú upphæð er þannig viðurkennd af Arnardal s/f. Stefán Jörundsson, forsjármaður Framtaks h/f, hefur fyrir dóminum sagst vera tilbúinn að lækka reikning þennan varðandi liðinn götulögn milli brunna 516-518 um helming, eða um kr. 815.060. Lögmaður stefnanda hefur lækkað kröfu sína sem þessu nemur.

Reikningur dskj. 10, dags. í nóvember 1978, varðar verðbætur. Verðbætur þessar eru reiknaðar af reikningum þeim, sem að framan eru taldir og upphaflega námu gkr. 18.853.750. Á reikningnum er sagt, að innborgað hafi verið fyrir 11. september 1978 gkr. 5.000.000. Afgangurinn nemi gkr. 13.853.750. Verðbætur 3,461% af þeirri upphæð nemi gkr. 479.778. Lögmaður stefnanda hefur lækkað þennan reikning í samræmi við lækkun á dskj. nr. 9 hér að framan. Reikningurinn nemur því nú gkr. 451.250.

Sverrir Þórólfsson vill leiðrétta þennan reikning. Hann telur, að innborgað sé fyrir 1. september 1978 skv. kvittunum gkr. 9.500.000. Reikningarnir leiðréttir nemi gkr. 12.439.408. Frá þeirri upphæð dragist þannig gkr. 9.500.000 og nemi því eftirstöðvarnar gkr. 2.934.408 og verðbætur af þeirri fjárhæð gkr. 101.733. Af hálfu stefndu eru því viðurkenndir reikningar að fjarhæð gkr. 12.541.141. Þeir benda á, að þegar greiddir peningar séu dregnir frá þeirri fjáhæð, komi út mismunurinn, gkr. 1.041.141. Sam-

kvæmt dskj. nr. 24 sé reikningur fyrir vörubílaakstur gkr. 248.870. Honum sé væntanlega ekki mótmælt. Mismunur sé því gkr. 792.271.

Reikningar stefnanda nema aftur á móti gkr. 18.489.940. Frá þeim dragast gkr. 11.474.970, sem stefnandi telur greiddar.

Fyrirsvarsmaður stefnanda heldur því fram, að hann hafi látið hætta við verkið, áður en því var að fullu lokið, vegna greiðslutregðu af hálfu Arnardals s/f. Vitnar hann í því sambandi til kvartana á verkfundi, sbr. áðurskráð, og til framburða eftirlitsmannanna Braga Sigurðssonar og Ingvars Baldurssonar hér fyrir dóminum. Bragi og Ingvar vitna um, að Stefán Jörundsson, forsjármaður Framtaks h/f, hafi kvartað undan greiðslutregðu Arnardals s/f. Þeir hafa hins vegar ekki fylgst með uppgjöri milli þessara aðilja. Sjá síðar.

Sverrir Þórólfsson, forsjármaður Arnardals s/f, hefur fyrir dómi kannast við, að Stefán Jörundsson hafi talið Framtak h/f eiga meira inni hjá Arnardal s/f en þeir höfðu greitt.

Hann kvaðst margítrekað hafa beðið hann að koma með reikning fyrir því. Fyrirtæki hans hafi þó ekki borist reikningur frá Framtaki h/f fyrr en 17. eða 18. nóvember 1978 (á að vera 22. nóvember 1978). Hann hafi sjálfur reynt að meta stöðuna hverju sinni og greitt samkvæmt því. Hann hafi greitt þetta upp í væntanlega reikninga Framtaks h/f, en Stefán Jörundsson hafi haft öll tök á að gera reikningana, þar sem hann hafi fengið afrit allra úttektarblaða. Úttektarblöðin hafi verið gerð af Stefáni eða verkstjóra hans og eftirlitsmanni Hitaveitu Akureyrar. Sverrir kvaðst síðan hafa fengið úttektarblöðin og gert aðalreikningana eftir þeim.

Sverrir taldi, að Framtak h/f hefði horfið frá verkinu, þar sem fyrirtækið hefði ekki valdið því, sem það hafði tekið að sér. Farið hafi að síga á ógæfuhliðina hjá fyrirtækinu, þegar það hafði orðið lægst bjóðandi í 5. áfanga B og fengið það verk, en það hafi verið beint framhald þess áfanga, sem þeir voru að vinna. Framtak h/f hafi byrjað á því verki í ágúst 1978 og þá hafi Stefán farið að bera fyrir sig, að hann fengi ekki greiðslur frá Arnardal s/f.

Sverrir taldi, að Arnardalur hefði á hverjum tíma greitt samkvæmt stöðu verksins það af verkinu, sem var úttektarhæft, sbr. verklýsingu.

Stefndu hafa höfðað gagnsakarmál á hendur stefnanda. Upphaflegar kröfur í gagnsök koma fram í gagnstefnu á dskj. nr. 29 og greinargerð á dskj. 30. Uppbygging upphaflegrar kröfu kemur þó ljóslegast fram af greinargerð í aðalsök á dskj. nr. 14. Upphafleg gagnkrafa var þannig fundin, í fyrsta lagi, sbr. reikning dags. 1. des. 1979, dskj. nr. 26, gkr. 5.150.000 vegna dagsekta, sem stefndu reikna í 103 daga frá 7. ágúst 1978 til 18. nóvember 1978, kr. 50.000 á dag, sbr. samning aðilja á dskj. nr. 12. Samkvæmt breyttri kröfugerð í gagnsakarmálinu, dskj. nr. 42, hafa stefndu nú lækkað

þennan reikning og miða dagsektir sínar nú við 33 daga, eða frá 15. október 1978 til 18. nóvember 1978. Reikningurinn verður því gkr. 1.650.000.

Í öðru lagi, sbr. reikning dags. 10. janúar 1980 á dskj. nr. 28 um heildarskaðabætur vegna samningsrofa og verulegs fjárhagstjóns í því sambandi, gkr. 3.500.000. Með breyttri kröfugerð í gagnsök, dskj. nr. 42, hafa stefndu lækkað þennan reikning um gkr. 1.500.000, þannig að hann nemur nú gkr. 2.000.000.

Þá hafa stefndu á dskj. nr. 42 leiðrétt samlagningarskekkju um gkr. 100.

Kröfur um skaðabætur vegna samningsrofa og margvíslegs tjóns í því sambandi rökstyðja stefndu með því, að þeir hafi þessa vegna orðið að láta vinna verkið um vetur og einnig að fara um vorið 1979 í 2—3 vikur með vinnuflokk og kosta uppihald og ferðir fyrir hann. Tjón þeirra sé því tilfinnanlegt og hafi þeir tapað á verkinu. Hefði það allt farið á annan veg, hefði stefnandi staðið sig sem undirverktaki.

Frá reikningum á dskj. nr. 26 og 27, eins og þeir eru nú orðnir eftir leiðréttingar á dskj. nr. 42, draga stefndu síðan gkr. 792.271, þ. e. þá upphæð, sem þeir telja sig skulda skv. aðalsök. Niðurstaða útreiknings þeirra er þá gkr. 2.857.729, en það gerir upphæð gagnkröfu þeirra, sbr. dskj. nr. 42.

Stefndu benda á, að þeir hafi orðið að greiða Hitaveitu Akureyrar gkr. 800.000 sem dagsektir. Hitaveitunni hafi þótt ástæða til að fara vægt í sakirnar, þar sem stefndu hafi orðið að taka við verkinu fyrirvaralaust og það ljóslega verið unnið á miklu óhentugri tíma en ráð var fyrir gert. Þeir benda á, að sérstakur samningur sé milli aðiljanna um dagsektir og það sé skýlaus krafa þeirra, að við hann verði staðið. Þeir benda jafnframt á, að á dskj. 32 séu lagðir fram yfirlitsreikningar yfir greidd laun til starfsmanna og stefndu sjálfra, sem báðir hafi unnið mikið við að ljúka verkinu. Þar sé ekki lögð fram skrá yfir vinnutíma véla og bifreiða, en af skjali þessu er ljóst, að stefndu hafi orðið fyrir verulegu fjárhagstjóni.

Af hálfu stefnanda er gagnkröfum stefnda alfarið vísað á bug. Því er mótmælt, að hann verði látinn sæta dagsektum og einnig að hann hafi sagt sig fyrirvaralaust frá verkinu og eigi því að greiða skaðabætur. Reikningi á dskj. 32 er algerlega mótmælt.

Sverrir Þórólfsson hefur fyrir dóminum borið, að það hafi að mestu leyti verið vegna verka, sem vinna átti á vegum Arnardals s/f sem stefndu urðu að borga Hitaveitu Akureyrar dagsektir. Arnrardalur s/f hafi ekki beint lent í nokkrum dagsektum vegna verka Framtaks h/f. Þeir hafi hins vegar lent óhjákvæmilega í miklum kostnaði við að vinna upp eftir Framtak h/f á vetrarmánuðum. Stefndi Höskuldur Guðmundsson kvaðst fyrir dómi ekki vera viss um, að Framtak h/f hefði verið orðið á eftir með verk sitt, þegar

fyrirtækið hvarf frá verkinu. Sjálfir hafi þeir verið í öðru verki og ekki strax getað tekið við.

Stefán Jörundsson, forsjármaður Framtaks h/f, hefur viðurkennt fyrir dóminum, að þeir hafi ekki skilað verkum á réttum tíma miðað við verksamning. Hann segir, að verktíminn hafi verið naumur, verkið gengið erfiðlega, síðar hafi orðið tafir á síðara hluta verksins vegna ljósastaura, t. d. Þá hafi þeir orðið að bíða eftir símakapli m. a. Hann taldi ástæðuna fyrir drætti á verkinu sjálfu vera að kenna bæði lélegri stjónun og ýmsu öðru, sem samfara sé svona verki. Hann viðurkenndi þannig, að verkið hefði dregist af þeirra hálfu að hluta til. Hann kvaðst þó ekki viðurkenna greiðslu dagsekta, því hefði Arnardalur s/f staðið við sitt gagnvart Framtaki h/f, hefði dagsektum ekki verið beitt, þá hefði réttur skilafrestur fundist á verki því, er Framtak h/f átti að skila. Hann sagði það ekki hugsanlegt, að verk hans hefðu tafist vegna verka Arnardals s/f né verk Arnardals vegna hans verka. Hann taldi þó verk sitt hafa tafist vegna Arnardals s/f, m. a. vegna þess, að Sverrir Þórólfsson hafi verið ófáanlegur til að setjast niður og semja reikninga með honum, svo komast mætti að raun um niðurstöðu verksins. Greiðslur hafi því ekki verið í samræmi við það, sem samið var um.

Bragi Sigurðsson, einn eftirlitsmannanna með verkinu, hefur sagt fyrir dómi, að verkið hafi gengið frekar seint, en e. t. v. ekki mjög óeðlilega framan af, það hefði ekki orðið fyrr en undir lokin, þegar kom fram í september. Orsakir þess hafi verið ýmsar, bæði hafi þetta verið erfitt svæði á köflum og pípurnar verið erfiðar í meðhöndlun. Undir lok verksins hafi einnig komið upp einhver misklíð á milli forsjármanna Arnardals s/f og Framtaks h/f. Þessi misklíð hafi þó ekki að mati hitaveitunnar tafið verkið, heldur hafi vantað betri stjórn af hálfu verktakans. Hann var spurður af hálfu hvors verktakans þá. Svar hans var: „Aðalverktakans, að sjálfsögðu.“ Sagði hann, að gagnvart þeim hafi Arnardalur s/f verið verktaki. Hann kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvorum var um að kenna, að öðru leyti en því, sem fram kom á verkfundum, þ. e. verkfundi nr. 7. Þar hafi ekki aðrir verið mættir en Stefán Jörundsson og annar maður af hálfu Framtaks h/f, en enginn var frá Arnardal. Þegar áætlun næstu vikur hafi verið gerð, hafi Stefán tekið fram, að hann mundi reyna að gera þetta, fengi hann greiðslur frá aðalverktaka fyrir sína vinnu. Bragi sagði, að verkið hefði verið farið að dragast, meðan Framtak h/f var enn í því. Framtak h/f hefði hins vegar ekki átt að vinna nema hluta verksins og hann hafi ekki vitað nákvæmlega, hvað Framtak átti að gera. Hann sagði, að Framtak h/f hefði á þessum tíma verið orðið verktaki að öðrum verkum á vegum hitaveitunnar. Hann taldi, að Framtak h/f hefði ekki haft mannskap til að sinna þessum verkum öllum. Hann sagði þá einnig hafa orðið

á eftir með það verk, er þeir unnu á sjálfs síns vegum. Ingvar Baldursson, eftirlitsmaður af hálfu Hitaveitu Akureyrar, hefur einnig borið það fyrir dóminum, að það hafi komið skýrt fram hjá Stefáni Jörundssyni, forsjármanni Framtaks h/f, er líða tók á haustið 1978, að hann teldi sig ekki geta haldið áfram vegna fjárskorts. Hann hefði leitað til hitaveitunnar um, hvort ekki mætti gera einhverjar breytingar á greiðslufyrirkomulagi. Hann hefði sagst eiga mikið fé inni hjá Arnardal s/f og gæti ekki haldið sinni vinnuáætlun þess vegna, einingarverð væru lág og hann kominn í greiðsluþrot. Ingvar sagði, að ekki hefði verið talið mögulegt að gera breytingar þarna á. Arnardalur s/f hefði fengið verkið og verið skráður verktaki að því.

Álit dómsins.

Aðalsök.

Reikningur dómskj. 3 að fjárhæð gkr. 58.500.

Ágreiningur er ekki um þennan reikning, og er fjárhæð hans tekin til greina.

Reikningur dómskj. 4 að fjárhæð gkr. 38.000.

Reikningurinn varðar aukaverk vegna bilunar í þráðum í einangrun. Stefndu hafa ekki neitað, að verk þetta hafi orðið að vinna, og eftirlitsmaður Hitaveitu Akureyrar, Ingvar Baldursson, hefur staðfest hér fyrir dómi, að stefnandi hafi haft einhver óþægindi vegna þess framleiðslugalla á rörum, að þræðir í einangrun lágu út í stálið á nokkrum stöðum. Á 4. verkfundi kvarta verktakar undan ólagi í einangrunarþráðum. Nægilega þykir þannig fram komið, að stefnandi hafi haft aukakostnað þessa vegna, og þar sem kröfur samkvæmt þessum reikningi eru í samræmi við kröfur á verkfundi og stefndu hafa ekki mótmælt reikningnum tölulega, þykir mega taka hann til greina í heild sinni.

Reikningur dómskj. 5 að fjárhæð alls gkr. 381.250.

Reikningurinn varðar vinnu vegna beyglaðra og þröngra hólka. Stefndu mótmæla ekki tölulegri upphæð reikningsins, en telja, að þeir hafi sjálfir unnið hluta verksins, eða fyrir gkr. 47.500. Þeir viðurkenna þannig gkr. 333.750 af reikningi þessum. Fyrirsvarsmaður stefnanda, Stefán Jörundsson, hefur látið liggja að því fyrir dóminum, að þetta kunni að vera rétt. Að þessu athuguðu þykir rétt að taka þennan reikning til greina með gkr. 333.750.

Reikningur dómskj. 6 að fjárhæð gkr. 1.024.000.

Stefndu hafa hafnað þessum reikningi með þeim rökum, að Hitaveita

Akureyrar hafi neitað aukagreiðslum vegna þeirra meintu aukaverka, sem talin eru upp í reikningnum. Af bréfi dómskj. 36 kemur fram, að hitaveitan hefur ekki greitt vegna þeirra verka, sem talin eru í reikningnum. Á dómskj. 20, í 3. tl., kemur fram, að verkkaupi, Hitaveita Akureyrar, hafnar greiðslum vegna tilfærslu skurðstæðis í Skógarlundi vegna ljósastaura, en krafa stefnanda skv. reikningnum stafar að miklu leyti frá þessari tilfærslu. Fram kemur af dómskj. 20 og framburði Braga Sigurðssonar, að tilfærslan var ákveðin, áður en skurðurinn var grafinn. Það er ástæðan fyrir því, að greiðslu er hafnað.

Hitaveita Akureyrar hefur þannig hafnað greiðslum vegna þessa reiknings að meginhluta til, og eftirlitsmennirnir gera ekki mikið úr verkaukningunni. Eftirlitsmennirnir, Bragi Sigurðsson og Ingvar Baldursson. hafa báðir viðurkennt fyrir dómi, að verk stefnanda hafi orðið svolítið erfiðara vegna þeirra atriða, sem hér eru talin. Ingvar Baldursson segir í framburði sínum, að stefnandi hafi í upphafi verks verið látinn flytja á sturtu uppgröft að hluta a. m. k. Síðan hafi komið í ljós, að ekki var þörf á þessum jarðvegsskiptum, þar sem þarna átti ekki að koma varanleg gangstétt, heldur graskantur.

Rétt þykir því, að þeir eigi rétt á nokkurri þóknun vegna þeirra aukaverka, sem krafið er um skv. þessum reikningi. Þóknunin þykir hæfilega metin gkr. 150.000.

Reikningur dómskj. 7 alls gkr. 735.400.

Stefndu hafa viðurkennt gkr. 346.000 af þessum reikningi, en andmælt gkr. 389.400, sem er vegna lagningar símakapals í skurð brunnabil 501-515. Stefndi Sverrir Þórólfsson hafnar þessum lið reikningsins á þeirri forsendu, að fyrirsvarsmönnum stefnanda hafi verið ljóst, að leggja átti símakapalinn, þegar þeir gerðu tilboð sitt. Þessu hefur verið mótmælt af hálfu stefnanda. Stefndu hafa fengið greitt aukalega fyrir lagningu kapalsins. Aðiljar eru sammála um, að hann var lagður á vegum stefnanda. Stefndu þykja ekki hafa sannað gegn andmælum, að lagning kapalsins hafi átt að vera inni í tilboði stefnanda. Reikningurinn er þannig tekinn til greina í heild með gkr. 735.400.

Reikningur dómskj. 8 alls gkr. 4.092.000.

Í reikningum er sagt, að hann sé samkvæmt brunnablöðum. Sjá dómskj. 37. Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu stefnanda, að hér væru einingarverð hækkuð frá samningi dómskj. 12, þar sem þar sé um augljósa ritvillu að ræða. Stefndu halda því hins vegar fram, að skv. samningi og úttektarblöðum eigi reikningurinn að hljóða um gkr. 2.502.000. Því er ekki mótmælt af hálfu stefnanda. Þykir því, eins og málið

liggur fyrir, verða við það að miða, enda rétt að láta orð samningsins gilda, þar sem ekkert hefur komið fram, sem styður fullyrðingar stefnanda um annað. Þá halda stefndu því fram, að upphæð reikningsins þannig lækkuð eigi enn að lækka um gkr. 1.504.700 skv. reikningi þeirra dómskj. 27 og yfirlýsingu um stöðu verksins, þegar stefnandi hvarf frá verkinu, dómskj. 17. Af hálfu stefnanda er því hins vegar haldið fram, að fyrirtækið hafi fulllokið verki samkv. þessum reikningi. Af samanlagðri fjárhæð reiknings stefndu dómskj. nr. 27 eru gkr. 267.500 vegna samanlagðrar vinnu við yfirborðsfrágang við brunna. Þessi upphæð hefur stoð í yfirliti dómskj. 17, en það er undirritað af Sigurhans Hlynssyni, verkstjóra stefnanda, og staðfest að mestu af eftirlitsmönnum. Af hálfu stefnanda er henni ekki mótmælt tölulega. Af þessu leiðir, að rétt þykir að taka upphæð þessa til greina. Gögn og skýringar brestur fyrir öðrum upphæðum reiknings stefnda, og þykja ekki efni til að taka þær til greina hjá stefndu. Niðurstaða reiknings þessa þykir því eiga að vera gkr. 2.502.000 að frádregnum gkr. 267.500, eða gkr. 2.234.500.

Reikningur dómskj. 9 alls að fjárhæð gkr. 12.524.600.

Reikningur þessi er vegna götulagnar milli brunna. Aðiljar eru sammála um, að reikningsupphæðin sem slík sé rétt, en stefndu vilja lækka upphæðina í gkr. 10.703.858. Vitna þeir til yfirlits dómskj. 17 um stöðu verksins, þegar stefnandi hvarf frá því, og telja lækkunina samsvara því, sem var ólokið. Af hálfu stefnanda er samþykkt að lækka þennan reikning um gkr. 815.060, en það er helmingur þeirrar upphæðar, sem stefnanda er reiknað skv. reikningum fyrir götulögn milli brunna 516-518. Stefán Jörundsson, forsjármaður stefnanda, hefur fyrir dómi talið um helming vinnu við þessa götulögn ólokið, þegar Framtak h/f hvarf frá verkinu. Hann fullyrti hins vegar, að vinnu skv. fjórum fyrstu liðum þessa reiknings hefði þá verið lokið. Sverrir Þórólfsson hefur fyrir dóminum mótmælt þessu með tilvísun til dómskj. 17. Segir Sverrir, að Framtak h/f hafi átt eftir að ganga frá svo til öllum yfirborðsfrágangi, flytja umframefni burtu af öllu svæðinu. Yfirlit á dómskj. 17 og framburðir stefnda Höskulds, starfsmanna stefndu og eftirlitsmannanna, Braga Sigurðssonar og Ingvars Baldurssonar, gefa nokkurt tilefni til að ætla, að Sverrir hafi þarna nokkuð til síns máls. Stefndu hafa hins vegar ekki sundurliðað kostnað sinn þessa vegna, og skv. vottorði dómskj. 31 frá Hauki Jónssyni eftirlitsmanni, en vottorð þetta hafa stefndu lagt fram, urðu starfsmenn Hitaveitu Akureyrar að sjá um yfirborðsfrágang, a. m. k. að hluta. Það þykja þannig ekki efni til að lækka þennan reikning stefnanda um meira en þær gkr. 815.060, svo sem stefnandi hefur sjálfur gert. Niðurstaðan er því sú, að reikningur þessi er tekinn til greina með gkr. 11.707.540.

Reikningur dómskj. 10 að fjárhæð gkr. 479.478.

Reikningur þessi er vegna verðbóta. Stefnandi hefur nú lækkað reikninginn um gkr. 28.228, sem er vegna lækkunar á reikningi dómskj. 9 hér að framan. Upphæð samkv. þessum reikningi nemur því nú gkr. 451.250. Stefnandi telur gkr. 5.000.000 innborgaðar fyrir 11.09. 1978 og miðar reikninginn við það. Samkvæmt kvittunum og greiðsluyfirliti dómskj. 16 eru innborganir hins vegar alls gkr. 11.500.000, þar af gkr. 9.500.000 fyrir 15. september 1978. Greiðsluyfirliti þessu hefur stefnandi ekki mótmælt. Aðiljar eru sammála um að reikna með 3,461% verðbótum. Samkvæmt fjárhæðum þeim, sem teknar hafa verið til greina á reikningum dómskj. 3—dómskj. 9, gkr. 15.259.690 að frádregnum inngreiðslum 15. september 1978, þykir mega taka reikning þennan til greina með 3,461% af gkr. 5.759.690, eða gkr. 199.343.

Heildarniðurstaða skv. aðalsök varðandi reikninga dómskj. 3-10 verður þannig gkr. 15.459.033. Stefndu draga frá þessari niðurstöðu gkr. 248.870 vegna vörubílaaksturs sumarið 1978, dómskj. 25. Rétt þykir að taka það til greina, þar sem stefnandi hefur ekki andmælt því.

Niðurstaðan í aðalsök er því gkr. 15.210.163 að frádregnum inngreiðslum dómskj. 16, gkr. 11.500.000, eða gkr. 3.710.162, en stefnandi hefur ekki reifað, hvernig hann fær sínar meintu inngreiðslur.

Gagnkrafa.

Stefndu skipta gagnkröfu sinni í tvennt:

1. Samkvæmt reikningi, dags. 1. desember 1979, dómskj. 26, vegna dagsekta frá 7. ágúst 1978 til 18. nóvember 1978, 103 dagar á 50.000 gkr. hvern dag, eða samtals gkr. 5.150.000. Þessa kröfu hafa stefndu lækkað og krefjast nú, sbr. dómskj. 42, dagsekta fyrir 33 daga eða frá 15. október 1978 til 18. nóvember s. á. Dagsektakrafan nemur því nú gkr. 1.650.000.

2. Samkvæmt reikningi, dags. 10. janúar 1980, dómskj. 28, fyrir heildarskaðabætur vegna samningsrofa og verulegs fjárhagstjóns þess vegna, gkr. 3.500.000. Samkvæmt dómskj. 42 hafa stefndu nú lækkað þennan kröfulið í gkr. 2.000.000.

Gagnkröfuna finna þeir út með að draga viðurkenndar fjárhæðir skv. aðalsök frá upphæðum skv. tl. 1 og 2 hér að ofan.

Stefnandi fór frá verkinu, án þess því væri að fullu lokið. Af hans hálfu hefur því verið haldið fram, að fyrirtækið hafi horfið frá verkinu vegna greiðslutregðu stefndu. Heildarreikningur fyrir verkið berst ekki frá stefnanda fyrr en að hann er horfinn frá verkinu. Í ljós er leitt, að reikningar þeir, sem byggt er á af hans hálfu, eru í núverandi mynd gerðir síðar, hvað sem dagsetningum þeirra líður. Stefnandi hefur því ekki tryggt sér sönnun

fyrir greiðslutregðu stefndu með reikningum fyrir hvern greiðsluhæfan verkþátt, dags. þegar þeir féllu í gjalddaga. Af hálfu stefnanda var ekki reynd innheimta slíkra reikninga.

Reikningar þeir, sem stefndu byggðu á upphaflega kröfugerð sína í gagnsök, eru ekki dagsettir fyrr en stefnandi hafði höfðað mál það, sem hér er til úrlausnar, meira en ári eftir að stefnandi hafði horfið frá verkinu. Stefndu hafa ekki sýnt fram á, að þeir hafi fyrr tilkynnt fyrirsvarsmönnum stefnanda, að þeir gerðu Framtak h/f ábyrgt fyrir hugsanlegu tjóni af brotthlaupi þeirra, en fullt tilefni var til þess, teldu þeir brotthlaupið að tilefnislausu.

Þá eru kröfur stefndu í gagnsök illa reifaðar. Óskýrt er, hvert tjón þeir vilja fá bætt í hverjum kröfulið, hafði dómari þó í þinghaldi 25. september 1980 sérstaklega beðið um, að stefndu athuguðu, hvort þeir væru hugsanlega að gera kröfu vegna sama tjóns tvisvar. Þá vantar alla sundurgreiningu. á kröfu samkvæmt 2. tl. og öll gögn til að byggja á slíka sundurgreiningu.

Stefndu þykja þannig hafa haldið á máli sínu bæði gagnvart reikningsskilum við stefnanda og hér fyrir dóminum, að engin efni séu til að taka kröfur hans í gagnsök til greina.

Af hálfu stefnanda er krafist sýknu að svo stöddu í gagnsök. Krafan er þó rökstudd og málið flutt sem um sýknukröfu sé að ræða. Af hans hálfu er engin grein gerð fyrir því, hvers vegna krafan er svo gerð, enda engin lagaskilyrði fyrir slíkri kröfu. Að þessu athuguðu þykir mega skilja kröfugerð hans svo, að um venjulega sýknukröfu sé að ræða og samkvæmt ofansögðu að taka hana til greina.

Þegar skoðuð er kröfugerð aðilja í gagnsök og málatilbúnaður þeirra, þykir rétt, að hver þeirra beri sinn kostnað af gagnsökinni.

Niðurstaða aðalsakar verður sú samkvæmt framansögðu, að stefndu greiði stefnanda gkr. 15.210.163 að frádregnum inngreiðslum, gkr. 11.500.000, eða gkr. 3.710.163.

Rétt þykir í samræmi við dómvenju, að stefndu greiði hæstu innlánsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 1. nóvember 1978 til 1. júní 1980, en skv. b lið III. kafla auglýsingar Seðlabanka Íslands frá 30. maí 1980 vanskilavexti í samræmi við hæstu innlánsvexti af vaxtaaukareikningum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn gkr. 700.000.

Krafa réttargæslustefnda um ómakslaun er ekki tekin til greina.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Kristjáni Flygenring verkfræðingi og Ragnari Ingimarssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndu, Sverrir Þórólfsson og Höskuldur Guðmundsson persónulega og f. h. Arnardals s/f, greiði in solidum stefnanda, Framtaki h/f, nýkr. 37.101.63 með 19% ársvöxtum frá 1. nóvember 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og nýkr. 7.000.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Kröfur stefndu í gagnsök eru ekki teknar til greina.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað í gagnsök.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 29. maí 1981.

Ár 1981, föstudaginn 29. maí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Gaukshólum 2 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-813/1981 Framtak h/f gegn Höskuldi B. Guðmundssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 7220/1979. *Nr. 1* fylgir með í ljósriti, *nr.2* fylgir með í ljósriti svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Benedikt Ólafsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 37.101.63 með 19% ársv. frá 1. nóv. 1978, til 1. júní 1979, 22% ársv. frá þ. d. til 1. sept. s. á., 27% ársv. frá þ. d. til 1. des. s. á. 30% ársv. frá þ. d. til 1. júní 1980, en 46% ársv. frá þ. d. til greiðsludags, kr. 577.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 7.000.00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 200.00 í kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Margrét Jóhannsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, Tangarhöfða 13. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu/löghaldinu (sic). Upplesið, játað rétt bókað. Gerð inni lokið.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1984.

Nr. 139/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Benedikt Hrafnkelssyni
(Árni Halldórsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 10. júní 1983. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. ágúst 1983.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þar á meðal vottorð Veðurstofu Íslands, uppdrættir, ljósrit af skráningarspjöldum bifreiðarinnar S 1168 og lögreglubifreiðarinnar U 635, myndir af lögreglubifreiðinni og ljósrit af ökuskírteinum ákærða og Helgu Sigurborgar Jónsdóttur með myndum af þeim. Framhaldsdómpróf hafa verið háð eftir uppsögu héraðsdóms.

Samkvæmt framlögðum uppdrætti eru um 100 m frá verkstæðishúsi því, sem í málinu greinir, að þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi. Frá þeim stað eftir þjóðveginum að staðnum, þar sem lögreglumenn stöðvuðu bifreiðina S 1168, eru um 350 m.

Í vottorði veðurstofunnar segir, að á miðnætti aðfaranótt 23. apríl 1981 hafi verið norðanátt á Eyvindará, 3 vindstig, snjókoma, skyggni 4.5 km og hiti ÷ 6,4°. Kl. 0600 um morguninn hafi verið norðanátt, 4 vindstig, snjókoma á síðustu 6 klukkustundum, skyggni 20 km og hiti ÷ 6,0°. Bifreiðin S 1168 var fólksbifreið af gerðinni Peugeot 404, árgerð 1971. Bifreiðin U 635 var Chevrolet Pickup árgerð 1977. Vinstri handar stýri var á báðum bifreiðunum.

Upplýst er, að ákærði og Helga Sigurborg bjuggu saman í óvígðri sambúð.

Að ósk verjanda ákærða gaf hann skýrslu fyrir sakadómi um samskipti sín við Arnar Jensson lögregluvarðstjóra í sambandi við

aflestur af þungaskattsmæli vörubifreiðar, er ákærði átti. Tveir menn aðrir voru og leiddir fyrir dóm til að bera um þessi samskipti. Svo virðist sem yfirheyrslur þessar hafi farið fram í því skyni að sýna, að Arnar hafi borið óvildarhug til ákærða, og enn fremur, að hann hafi ekki haft skýra sjón. Ekki verður séð, að framburðir þessir hafi þýðingu fyrir úrslit máls þess, sem hér er til úrlausnar, og verða þeir ekki raktir.

Eins og greinir í héraðsdómi, fengu þau ákærði og Helga Sigurborg far með bifreið frá Valaskjálf að verkstæðishúsi í Fellahreppi að lokinni skemmtuninni aðfaranótt 23. apríl 1981. Meðal farþega í sömu bifreið voru Þórey Ingimarsdóttir og Þorvarður Kristjánsson múrari. Hann hefur komið fyrir dóm sem vitni eftir uppsögu héraðsdóms. Skýrði hann svo frá, að hann hefði setið frammi í bifreiðinni á leiðinni ásamt þeim Þóreyju og ökumanni. Hann kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni við verkstæðishúsið og séð bifreið ákærða þar. Hann kvaðst hafa séð, er þau ákærði og Helga Sigurborg settust inn í bifreiðina og hafa horft á Helgu Sigurborgu setjast undir stýri, en ekki tekið eftir, er bifreiðinni var ekið af stað. Hann sagði, að hrím hefði verið á rúðu bifreiðar þeirrar, er hann var í. Hann kvaðst ekki muna, hvort hrím hefði verið á rúðum bifreiðar ákærða, en taldi, að það hefði hlotið að vera miðað við aðstæður.

Vitnið Þórey Ingimarsdóttir hefur komið fyrir dóm að nýju eftir uppsögu héraðsdóms. Ítrekaði vitni þetta þann framburð sinn, að það hefði séð Helgu Sigurborgu aka bifreið ákærða eftir bifreiðastæðinu fyrir framan verkstæðishúsið. Vitnið sagði, að hrím frekar en snjór hefði verið á framrúðu bifreiðar ákærða og hefði aðeins verið búið að skafa það af á hringlaga bletti bílstjóramegin. Vitnið kvað Helgu Sigurborgu hafa ekið fram hjá bifreið þeirri, er það var í, og telja, að ákærði hefði verið í bifreiðinni með henni, en ekki séð hann og hafi hrímið valdið því, að það sá hann ekki.

Bæði þessi vitni voru að eigin sögn undir áhrifum áfengis og Þorvarður „all nokkuð drukkinn". Þau hafa bæði staðfest framburði sína með drengskaparheiti.

Arnar Jensson lögregluvarðstjóri og Arnfinnur Gísli Jónsson héraðslögregluþjónn, sem stóðu að handtöku ákærða, hafa komið fyrir dóm eftir uppkvaðningu héraðsdóms og staðfest framburði sína með eiði.

Fram kemur af gögnum málsins, að báðir þessir lögreglumenn þekktu ákærða í sjón, Arnfinnur Gísli vel. Arnar kveðst hafa séð hann drukkinn eftir dansleikinn í Valaskjálf. Báðir hafa lögreglumennirnir borið, að skyggni hafi verið gott, er þeir stöðvuðu bifreið ákærða, en Arnfinnur Gísli segir, að snjókoma hafi verið fyrr um nóttina. Framburðir þeirra lögreglumannanna eru raktir í héraðsdómi. Arnar, sem var ökumaður lögreglubifreiðarinnar í umrætt skipti, segist hafa ekið fram með bifreið ákærða smástund og hafa teygt sig til hægri til að sjá betur, hver æki, og séð þegar, að það var ákærði. Arnfinnur Gísli, sem var í lögreglubifreiðinni með Arnari, segist hafa séð mjög greinilega, að ákærði ók bifreiðinni, er þeir lögreglumennirnir fóru fram úr henni. Í skýrslu, sem Arnar ritaði um handtöku ákærða, segir hann, að þeir Arnfinnur Gísli hafi ekið honum frá lögreglustöðinni að heilsugæslustöðinni til blóðtöku. Hafi ákærði þá sagt við þá, að hann væri að reyna að komast hjá því að „missa réttindin, þar sem hann lifði að hluta til á akstri". Enn fremur, „að hann gæti ekki viðurkennt akstur, þó að hann vissi, að við hefðum séð hann aka".

Ekki hefur komið fram í framburði lögreglumannanna, ákærða eða Helgu Sigurborgar, að hrím hafi verið á rúðum bifreiðarinnar S 1168, er lögreglumennirnir stöðvuðu hana.

Með framburði fyrrgreindra lögreglumanna, Arnars Jenssonar og Arnfinns Gísla Jónssonar, þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni S 1168, er lögreglumennirnir stöðvuðu hana á Norðurlandsvegi í umrætt skipti, og þykja önnur gögn málsins ekki geta hnekkt þeirri niðurstöðu. Varðar atferli ákærða miðað við alkóhólmagn í blóði hans við þau ákvæði umferðarlaga, sem í ákæru greinir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 10 daga í stað sektar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Benedikt Hrafnkelsson, greiði 8.000.00 króna sekt

til ríkissjóðs og komi varðhald í 10 daga í stað sektar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Norður-Múlasýslu 19. apríl 1983.

Árið 1983, þriðjudaginn 19. apríl, kl. 1500, var í sakadómi Norður-Múlasýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Bjólfsgötu 7, Seyðisfirði, af Sveinbirni Sveinbjörnssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1/1982: Ákæruvaldið gegn Benedikt Hrafnkelssyni.

I.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dagsettri 19. febrúar 1982, gegn „Benedikt Hrafnkelssyni, bónda, Hallgeirsstöðum, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu, fæddum 12. september 1953 á Egilsstöðum, fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 23. apríl 1981, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni S-1168 frá þorpinu norðan Lagarfljótsbrúar í Fellahreppi, Norður Mýlasýslu, eftir Norðurlandsvegi nokkurn spöl, þar til lögreglumenn stöðvuðu aksturinn.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Skipaður verjandi ákærða í máli þessu, Árni Halldórsson, hæstaréttarlögmaður á Egilsstöðum, hefur krafist þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og að allur málskostnaður verði lagður í ríkissjóð.

Samkvæmt sakarvottorði ákærða, dagsettu 2. júlí 1981, hefur hann ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé.

II.

Málavextir eru þessir:

Hinn 23. apríl 1981, kl. 0330, óku tveir lögregluþjónar úr lögreglunni á Egilsstöðum, þeir Arnar Jensson varðstjóri og Arnfinnur Jónsson héraðs-

lögreglubjónn, fram á bifreiðina S-1168, þar sem þeir voru í umferðareftirliti á Norðurlandsvegi skammt norðan við Lagarfljótsbrú. Arnar, sem gerði skýrslu um mál þetta, segir í henni, að hann hafi ekið upp að bifreiðinni, sem var á leið norður, og séð strax, að ökumaður hennar var ákærði í máli þessu, Benedikt Hrafnkelsson, Hallgeirsstöðum, Hlíðarhreppi. Þar sem Arnar hafði séð ákærða drukkinn þá fyrr um nóttina, stöðvaði hann lögreglubifreiðina fyrir framan bifreiðina S-1168. Fór hann þegar út og sá þá unga konu stíga út úr bifreiðinni S-1168 og ganga í kring um hana að dyrum ökumanns. Þá segir Arnar í skýrslu sinni, að hann hafi fylgst með ákærða færa sig úr ökumannssæti yfir í farþegasætið.

Ákærði var nú færður yfir í lögreglubifreiðina, en þar neitaði hann að hafa ekið, heldur hefði kona sín, Helga Sigurborg Jónsdóttir, séð um akstur inn. Var nú farið með þau ákærða og Helgu á lögreglustöðina á Egilsstöðum. Þar héldu þau bæði því fram, að Helga hefði ekið, en ekki ákærði. Þar sem ákærði var greinilega ölvaður og Helga kvaðst hafa neytt áfengis lítillega, voru tekin úr þeim blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Að því loknu voru þau flutt í fangelsi lögreglunnar á Egilsstöðum og geymd þar, það sem eftir var nætur.

Næsta morgun tók Arnar lögregluvarðstjóri skýrslur af ákærða og Helgu um atburðinn. Kvaðst ákærði í henni hafa verið að skemmta sér með konu sinni í Valaskjálf kvöldinu áður og neytt þar áfengis, u. þ. b. ¾ úr flösku. Segist hann svo hafa farið með bifreið Kristjáns Björnssonar norður að bifreiðaverkstæði Þorsteins og Borgþórs í Fellahreppi og þaðan hefði Helga ekið bifreið ákærða, S-1168, að þeim stað, þar sem lögreglan stöðvaði þau. Framburðarskýrsla Helgu var í samræmi við skýrslu ákærða, og tók hún fram, að hann hefði aldrei sest undir stýri bifreiðarinnar S-1168 í umrætt sinn.

Magn alkóhóls í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða, reyndist vera 1.54‰ en 0.46‰ í blóðsýni því, sem tekið var úr Helgu.

Ákærði og sambýliskona hans, Helga Sigurborg Jónsdóttir, komu fyrir rétt 1. júlí 1981. Notfærði Helga sér ekki rétt sinn skv. 1. tl. 89. gr. l. 74/1974 til að skorast undan að gefa skýrslu sem vitni.

Skýrði Helga svo frá, að um kvöldið hinn síðasta vetrardag, þá um vorið, hefði hún farið á árshátíð hestamannafélagsins á Egilsstöðum, sem haldin hafi verið í félagsheimilinu Valaskjálf. Kvaðst hún hafa komið á skemmtunina nokkuð á undan ákærða, en hann hefði þá verið að gera við bifreið sína S-1168 og svo skilið hana eftir við verkstæðisbyggingu, sem hann eigi í Fellahreppi. Hefði ákærði tjáð sér þegar hann kom á skemmtunina, að hann hefði ákveðið að skilja bílinn þar eftir og reyna heldur að fá far um nóttina yfir að Hallgeirsstöðum, þar sem veðurútlit væri ekki gott og vegurinn gæti orðið ófær fyrir fólksbíla.

Helga kvaðst hafa neytt áfengis um nóttina, en ekki hafa fundið til áfengisáhrifa nema smástund snemma um kvöldið.

Vitnið sagði, að skömmu eftir að samkomunni lauk um kl. 0300 hefðu ákærði og hún fengið far með bifreið Kristjáns Björnssonar úr Hlíðarhreppi og hefði maður að nafni Sigurjón Jónsson, einnig úr sömu sveit, ekið bifreiðinni. Um það leyti sem þau hefðu lagt af stað, hefðu þau ákærði ákveðið að aka bifreiðinni S-1168 yfir að Hallgeirsstöðum. Hefðu þau tekið þessa ákvörðun vegna þess, að þau hefðu talið, að leiðin væri fær, og svo hins, að þau yrðu í samfloti með bifreið Kristjáns Björnssonar. Vitnið sagði, að þeim ákærða hefði nú verið ekið út að bifreið ákærða og hefði hún ekið henni af stað, en ákærði setið í farþegasætinu við hlið sér. Sagðist vitnið ekki hafa fundið til áfengisáhrifa og því talið í lagi að aka. Síðan segir svo um framhaldið í sakadómsbók: „Segist vitnið nú hafa ekið út á aðalveginn og frá verkstæðisbyggingu Benedikts, en er það hafi verið búið að aka nokkur hundruð metra eftir honum, kveðst vitnið hafa tekið eftir bílljósum á eftir sér. Hafi Benedikt því beðið sig um að stöðva bifreiðina, vegna þess að fólkið í bílnum á eftir, sem vitnið segir að þau hafi bæði álitið að væri bifreið Kristjáns Björnssonar, vildi tala við þau. Segist vitnið hafa gert það, og hafi bifreiðinni þá verið ekið fram úr þeim. Hafi vitnið þá farið út úr bifreiðinni, og sömuleiðis Benedikt, en er það hafi verið komið út hafi það tekið eftir því, að bifreiðin, sem hefði stöðvað fyrir framan þau, var lögreglubifreið, en ekki bíll Kristjáns Björnssonar. Hafi tveir lögregluþjónar komið gangandi og farið beint til Benedikts, sem þá hafi verið sestur aftur inn í bílinn. Segir vitnið að lögreglan hafi farið með Benedikt yfir í lögreglubifreiðina, og sótt sig svo eftir nokkra stund."

Vitnið sagði, að þegar framangreindur atburður átti sér stað, hafi verið snjókoma og slæmt skyggni. Þá tók vitnið fram, að bifreið Kristjáns Björnssonar og lögreglubifreiðin séu líkar í útliti að öðru leyti en því, að litur þeirra sé ekki sá sami.

Ákærði skýrði frá fyrir dómi á svipaðan hátt og Helga, sambýliskona hans varðandi það, hvar hann skildi bifreið sína eftir, þegar hann fór á skemmtunina í Valaskjálf, hvers vegna hann gerði það og með hverjum þau Helga fengu far frá Valaskjálf út að bifreið ákærða. Sagði hann, að það hefði orðið að samkomulagi með þeim Helgu um nóttina, að hún æki bifreiðinni heim að Hallgeirsstöðum. Síðan segir svo orðrétt í sakadómsbók: „Segir mættur að Kristján hafi ekið þeim alveg að verkstæðinu, sem sé skammt norðan við Lagarfljótsbrú, norðan við aðalveginn. Þar hafi Helga, sem sé vanur bílstjóri, ekið af stað, en mættur setið við hlið henni, sem farþegi. Hafi Helga nú ekið út á aðalveginn og beygt til norðurs. Segir mætti, að þá er þau hafi verið búin að aka ca. 2 - 300 m. hafi hann tekið eftir bílljósum á eftir þeim og talið að það væri Kristján Björnsson, þar

sem þau hafi ekið af stað á undan honum. Þar sem bifreið þessi hafi dregið þau uppi, segist mætti hafa sagt Helgu að hægja á sér og gá hvort þeir í bifreið Kristjáns vildu ekki hafa tal af þeim. Hafi hún gert það og numið staðar og bifreiðin þá ekið fram úr þeim og stöðvað þar. Segist mættur þá hafa stigið út til þess að ræða við fólkið í hinum bílnum, en séð þá að þetta var lögreglubifreið og sömuleiðis að tveir lögregluþjónar hlupu aftur með henni. Kveðst mættur þá hafa sest aftur inn í bílinn. Hafi lögregluþjónarnir fyrst rætt við Helgu, en svo komið til sín og beðið sig um að koma yfir í lögreglubifreiðina, sem mættur og gerði. Þar hafi þeir fljótlega borið upp á sig að hafa verið að aka bifreiðinni S-1168, sem mættur kveðst þá og ætíð síðan hafa neitað staðfastlega."

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið útúrdrukkinn, þegar lögreglan stöðvaði þau Helgu, en fundið á hinn bóginn vel til áfengisáhrifa. Þá sagði ákærði aðspurður, að það skipti sig miklu máli að hafa ökuréttindi, þar sem hann hefði mestan hluta tekna sinna af akstri vörubíls, sem hann ætti.

Vitnin Arnar Jensson lögregluvarðstjóri, Laugavöllum 9, Egilsstöðum, og Arnfinnur Jónsson héraðslögregluþjónn, Reynivöllum 11, Egilsstöðum, komu fyrir dóm hinn 13. ágúst 1981. Skýrði Arnar þá svo frá, að í umrætt sinn hefði hann verið í eftirlitsferð á lögreglubifreið ásamt Arnfinni Jónssyni héraðslögregluþjóni, og kvaðst Arnar hafa ekið. Nokkru eftir að dansleiknum í Valaskjálf lauk, kvaðst vitnið hafa ekið norður fyrir Lagarfljótsbrú vegna umferðar, sem þar hafi verið. Kvaðst vitnið m. a. hafa viljað kanna, hvort eitthvað væri til í því, sem sagt væri, að menn ækju þarna ölvaðir. Sagði vitnið, að „þegar þeir Arnfinnur hafi verið komnir yfir í Fellahrepp, hafi þeir tekið eftir umferð upp að bifreiðaverkstæði Jóhanns og Borgþórs, sem standi rétt við Norðurlandsveginn, skammt norðan við byggðakjarnann. Þá segir vitnið að þeir hafi einnig séð á afturljós á bíl, sem ekið var á undan þeim eftir Norðurlandsvegi og tekið ákvörðun um að aka fram fyrir hann og kanna ástand ökumanns. Segir vitnið, að þegar það hafi verið rétt búið að draga bifreið þessa uppi, hafi það séð að þar fór bifreiðin S-1168, sem vitnið vissi að var í eigu Benedikts Hrafnkelssonar, Hallgeirsstöðum, Hlíðarhreppi. Ekki kvaðst vitnið telja að nokkuð hefði verið athugavert við akstur bifreiðarinnar, en kveðst á hinn bóginn hafa verið þegar ákveðinn að stöðva hana, bæði vegna þess, að það, þ.e. vitnið, hefði séð eiganda hennar Benedikt drukkinn eftir dansleikinn í Valaskjálf, og svo hitt að það hafði þá fyrr um kvöldið tekið eftir hvar bifreiðin S-1168 stóð við bifreiðaverkstæði Jóhanns og Borgþórs. Segist vitnið hafa ekið fram með bifreiðinni sem hafi þegar vikið, og ekið samsíða henni smástund. Segist vitnið hafa teygt sig til hægri til þess að sjá betur hver æki S-1168 og séð þegar að það var Benedikt Hrafnkelsson. Kveðst vitnið þá hafa gefið hljóðmerki og Arnfinnur gefið Benedikt merki um að nema

staðar, hvað hann hafi gert og segist vitnið Arnar þá hafa ekið fram fyrir bifreiðina og stöðvað þar ca. 3 m fyrir framan hana. Segist Arnar þegar hafa farið út úr lögreglubifreiðinni og gengið aftur með henni. Þegar hann hafi verið kominn að vinstra afturhorni hennar, hafi hann séð, þegar Helga kona Benedikts var að ganga aftur fyrir bifreiðina S-1168 farþega megin. Hafi hún gengið aftur fyrir bílinn og kvaðst vitnið hafa mætt henni við dyr ökumanns. Segist vitnið hafa spurt hana hvert hún væri að fara. Hafi hún þá hikað við og stöðvað, en sagt svo eitthvað á þá leið, að hún væri að fara inn í bílinn. Segist vitnið nú hafa opnað hurðina og hafi Benedikt þá setið í farþegasæti bifreiðarinnar frammí, en ekki kveðst vitnið muna eftir að hafa séð er hann færði sig þangað. Segist vitnið hafa beðið Benedikt um að koma yfir í lögreglubifreiðina, og hafi hann þegar gert það. Hafi Benedikt þá þegar neitað að hafa ekið og sett upp undrunarsvip, þegar það hafi verið borið upp á hann."

Vitnið sagði, að þeir Arnfinnur hefðu nú farið með ákærða og Helgu af stað áleiðis til Egilsstaða í löreglubifreiðinni. Við Lagarfljótsbrú hefðu þeir mætt lögregluþjónunum Hauki Kjerúlf og Jóni Bergssyni og hefði Helga verið flutt yfir í bifreiðina til þeirra. Vitnið tók fram, að þau Helga og ákærði hefðu ekki rædst við, frá því þau voru handtekin og þar til þeim var sleppt úr haldi næsta dag.

Vitnið sagði aðspurt, að Helga hefði verið hikandi í framburði sínum og spurt um það, hvað ákærði hefði sagt. Þá sagði vitnið, að ákærði hefði í greint sinn verið nokkuð ölvaður og töluvert æstur.

Að lokum sagði vitnið, þegar það var spurt enn á ný, að það gæti lagt eið að því, að ákærði hefði ekið bifreiðinni í umrætt sinn, en ekki Helga, og vitnaði í því sambandi til þess, hversu ólík þau séu, hann mjög dökkur, en hún rauðhærð.

Vitnið Arnfinnur Jónsson skýrði frá á svipaðan hátt og Arnar Jensson og sagði, að eftir að dansleiknum lauk í Valaskjálf, hefðu þeir Arnar farið norður fyrir Lagarfljót í umferðareftirlit. Hefðu þeir þá m. a. séð, að bíl var ekið á undan þeim norður eftir Norðurlandsvegi, og þeir ákveðið að kanna bifreið þessa nánar. Síðan segir svo orðrétt í sakadómsbók: „Segir vitnið, að þegar þeir Arnar hafi verið komnir fast að bifreiðinni hafi það kennt að það var bifreið Benedikts Hrafnkelssonar, Hallgeirsstöðum, S-1168. Ekki kveðst vitnið hafa tekið eftir einhverju óeðlilegu við akstur bifreiðarinnar. Segir vitnið, að er þeir hafi ekið fram úr bifreiðinni hafi það séð mjög greinilega að Benedikt ók henni. Kveðst vitnið vera tilbúið að leggja eið að þessum framburði sínum og tekur fram að það hafi þá þekkt Benedikt vel í sjón. Segir vitnið aðspurt, að skyggni hafi verið gott er þetta gerðist, en snjóað hafi fyrr um nóttina.

Segir vitnið, að þeir Arnar hafi nú gefið Benedikt stöðvunarmerki og

hafi hann stöðvað þegar og hafi Arnar numið staðar rétt fyrir framan bifreiðina. Kveðst vitnið þegar hafa farið út úr lögreglubifreiðinni og gengið aftur með henni. Hafi það þá séð, hvar Helga kona Benedikts var að ganga aftur fyrir S-1168 og að komast að bílstjórahurðinni. Segist vitnið nú hafa tekið eftir að Benedikt var kominn yfir í farþegasætið, en ekki kveðst vitnið hafa séð, er hann flutti sig þangað. Hafi Benedikt nú verið færður yfir í lögreglubifreiðina, og hann þá þegar neitað að hafa ekið. Á hinn bóginn kveðst vitnið hafa heyrt Benedikt segja í lögreglubifreiðinni, að hann yrði að þræta fyrir að hafa ekið, vegna þess að hann hefði atvinnu af akstri."

Þrjú vitni, sem öll voru í bifreiðinni S-1812, sem flutti þau ákærða og Helgu frá Valaskjálf norður fyrir Lagarfljótsbrú, þ. e. þeir Sigurjón Jónsson bóndi, Torfastöðum, Hlíðarhreppi, en hann ók bifreiðinni í greint sinn, og þeir Kristján Hrímnir Björnsson bóndi, Grænumýri, Hlíðarhreppi, og Björn Magni Björnsson bóndi, Sleðbrjótsseli, Hlíðarhreppi, hafa öll komið fyrir dóm. Öllum þessum vitnum ber saman um það, að ákærði og Helga hafi farið úr bifreiðinni við bifreiðaverkstæði í Fellahreppi, en enginn þeirra kveðst vita, hvað orðið hefði af þeim, eftir að þau yfirgáfu bifreiðina S-1812.

Fjórða vitnið, sem var í bifreiðinni S-1812, Þórey Ingimarsdóttir ráðskona, til heimilis að Skriðufelli í Hlíðarhreppi, kom fyrir dóm 3. desember 1981. Vitnið kvaðst hafa verið á samkomunni í Valaskjálf og neytt þar áfengis. Sagðist vitnið hafa fundið vel til áfengisáhrifa, en verið langt í frá, að hún hefði verið ofurölvi. Vitnið kvaðst hafa setið fram í bifreiðinni S-1812 við hlið bílstjóra á leiðinni norður, eftir að dansleiknum lauk. Rétt eftir að komið hafi verið norður fyrir Lagarfljótsbrú, hafi verið ekið að verkstæðisbyggingu, þar sem bifreið ákærða hafi staðið, og hafi Helga og ákærði farið þar út. Vitnið kvaðst ekki muna, hvar bifreið ákærða hefði staðið, en sagðist á hinn bóginn muna eftir að hafa séð Helgu aka bifreiðinni burtu. Kvaðst vitnið vera alveg visst um, að það hafi verið Helga, en ekki ákærði, sem ók bifreiðinni, og kvaðst vitnið vera tilbúið að leggja eið að þessum framburði sínum.

Vitnið taldi aðspurt, að aðrir, sem sátu fram í bifreiðinni S-1812 í greint sinn, hefðu átt að sjá bifreið ákærða, þegar henni var ekið frá verkstæðinu.

Vitnið Arnar Jensson lögregluvarðstjóri kom aftur fyrir dóm og hafði þá meðferðis teikningu, sem hann hafði gert af lóð Bifreiðaþjónustu Borgþórs og Jóhanns í Fellahreppi. Var teikning þessi lögð fram sem dómskjal nr. 9. Er uppdráttur þessi gerður af Arnari, eins og hann minnir, að aðstæður hafi verið við greint verkstæði ca. kl. 2200 kvöldið, sem umræddur dansleikur var haldinn í Valaskjálf, en á þessum tíma kvaðst vitnið hafa farið að verkstæðinu í eftirlitsferð. Kvaðst vitnið vera alveg visst um, að bifreið ákærða hefði á þessum tíma staðið við vesturenda verkstæðisins.

III.

Í máli þessu er hægt að færa fram rök, sem hníga að því að ákærði verði sýknaður. Kemur þar einkum tvennt til. Í fyrsta lagi hve eindregið ákærði og sambýliskona hans hafa ávallt haldið því fram, bæði fyrir lögreglu og dómi, að ákærði hafi ekki ekið bifreiðinni S-1168 í umrætt sinn. Er athyglisvert að bæði halda fast við þennan framburð sinn eftir að hafa setið í fangageymslu lögreglunnar á Egilsstöðum í nokkurn tíma. Í öðru lagi styður sýknu sá framburður Þóreyjar Ingimarsdóttur, að Helga hafi ekið bifreiðinni af stað frá verkstæðisbyggingunni, en ekki ákærði.

Telja verður hins vegar afar ósennilegt, að tveimur allsgáðum lögregluþjónum, sem óku meðfram bifreið ákærða og lögðu sig fram um að sjá, hver væri ökumaður hennar, hafi missýnst svo hrapallega, að þeir báðir hafi tekið Helgu Jónsdóttur, sem er kona með rauðan háralit, fyrir ákærða, sem er svarthærður karlmaður. Er athugandi í þessu sambandi, að varla hefur verið meira en 1 metri milli Arnfinns Jónssonar og ökumanns S-1168, og svo hitt, að Arnfinnur tók fram fyrir rétti, að hann hefði þekkt ákærða í sjón, áður en greindur atburður átti sér stað. Þá tóku báðir lögregluþjónarnir fram fyrir dómi, að þeir hefðu séð Helgu ganga aftur fyrir bifreið ákærða, þegar þeir komu út úr lögreglubifreiðinni. Ber því með hliðsjón af framansögðu að líta svo á, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, S-1168, þegar lögreglan ók fram úr henni á Norðurlandsvegi. Hins vegar er ekki sannað, að hann hafi ekið bifreiðinni alla leið frá verkstæðisbyggingunni. Er þessi háttsemi ákærða færð til réttra refsiákvæða í ákærunni.

Með framangreindri háttsemi sinni þykir ákærði hafa unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. 1. 54/1976.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6.000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Þá ber skv. 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins að telja.

Dæma ber ákærða skv. 1. mgr. 141. gr. l. nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hrl. 4.500.00 krónur.

Ákærði og sambýliskona hans voru í vörslu lögreglunnar á Egilsstöðum, frá því er þau voru handtekin um nóttina, þar til næsta morgun, er þeim var sleppt eftir skýrslutöku. Ekki verður séð, hvaða tilgangi það þjónaði að láta þau sitja í fangageymslu lögreglunnar svo lengi, þar sem þeim var sleppt, án þess að áður væri haft upp á vitnum og þau yfirheyrð, sem var þá brýnt.

Dómsorð:

Ákærði, Benedikt Hrafnkelsson, greiði kr. 6.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar.

Ákærði skal sviptur ökuréttindum í 1 ár, talið frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Árna Halldórssonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Miðvikudaginn 8. febrúar 1984.

Nr. 183/1982. **Ingibjörg Magnúsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Sjöfn Magnúsdóttur
Margréti Magnúsdóttur
Braga Magnússyni
Sigurlaugu Magnúsdóttur og
Ingveldi Jónsdóttur vegna dánarbús
Hannesínu Bjarnadóttur
(Jóhann Þórðarson hdl.)

Fasteignakaup. Afsal. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. september 1982.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst áfrýjandi sýknu af öllum kröfum stefndu.

Enn fremur krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Er málið var þingfest í héraði 3. júní 1982 lagði lögmaður stefnenda fram stefnu og greinargerð ásamt átta fylgiskjölum. Lögmaður stefndu fékk þá frest til þess að rita greinargerð til 24. júní 1982. Þann dag óskaði lögmaðurinn eftir frekari fresti fram yfir réttarhlé til ritunar greinargerðar, þar eð hann hefði ekki fengið í hendur gögn frá þeim lögmanni, er áður hafði gætt hagsmuna stefndu í málinu. Því gæti hann eigi ritað greinargerð, þannig að hagsmunum stefndu væri borgið.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti finnur lögmaður áfrýjanda að eftirfarandi atriðum: Matsbeiðni og dómkvaðning hafi ekki verið lögð fram og ekki sé ljóst, hverjir hafi fengið tilkynningu um mat. Engar upplýsingar séu um innbú eða mat á því né heldur sölu á bifreið.

Enn finnur lögmaðurinn að því, að matsverð fasteignarinnar hafi ekki verið greitt innan viku, svo sem samkomulagið frá 30. nóvember 1979 hafi mælt fyrir um. Þrátt fyrir það hafi engir dráttarvextir verið goldnir.

Að endingu átelur lögmaður það, að áfrýjanda sé gert að greiða hluta af matskostnaði fasteignarinnar.

II.

Mál þetta er hvorki umfangsmikið né flókið.

Á þeim þriggja vikna fresti, er lögmanni áfrýjanda var veittur í héraði í þinghaldi 3. júní 1982 gafst honum nægur tími til könnunar sóknargagna og ritunar greinargerðar, þar sem hann hefði getað komið að vörnum um framangreind atriði.

Jafnframt hefði lögmaðurinn getað áskilið sér rétt til að leggja fram öll þau gögn úr hendi forvera síns, er þýðingu kynnu að hafa í málinu.

Verður því að telja, að hann hafi þegar haft nægan frest til ritunar greinargerðar. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 14. júlí 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. júní sl., höfðuðu Sjöfn Magnúsdóttir, nnr. 8142-7607, Hlíðarvegi 8, Ísafirði, Margrét Magnúsdóttir, nnr. 6380-5777, Laugarási, Nauteyrarhreppi, N-Ís., Bragi Magnússon, nnr. 1408-2557, Brautarhotli 5, Ísafirði, Sigurlaug Magnúsdóttir, nnr. 7998-2814, Ljósheimum 18, Reykjavík og Ingveldur Magnúsdóttir, nnr. 4790-9848, Grenigrund 10, Akranesi, vegna dánarbús Hannesínu Bjarnadóttur, nnr. 3733-4057, Mjallargötu 8, Ísafirði, fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri hinn 24. maí 1982, á hendur Ingibjörgu Magnúsdóttur, nnr. 4626-6846, Krummahólum 6, Reykjavík, fyrir Lóu Barðadóttur að heimili stefndu. Stefnandi gerir þær dómkröfur að stefnda verði dæmd til að gefa út afsal fyrir 4,16625% eignarhluta í fasteigninni Mjallargötu 8, Ísafirði, sem er þinglesinn eignarhluti stefndu í fasteigninni, til dánarbús Hannesínu Bjarnadóttur svo og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnda lét sækja þing við þingfestingu og fékk frest til 24. júní til framlagningar greinargerðar. Í þinghaldi þann dag var málið dómtekið að kröfu stefnanda þar eð (sic) lögmaður stefndu lagði ekki fram greinargerð og hafði eigi fullnægjandi rök fyrir þeim drætti.

Málavextir.

Stefnandi kveður málavexti þá, að við skipti á d.b. Magnúsar Jónssonar, sem síðast bjó að Mjallargötu 8, Ísafirði, og andaðist 29. ágúst 1979, hafi erfingjar gert samkomulag um skiptin, dags. 30. nóv. 1979. Samkvæmt samkomulagi þessu skyldi fasteignin Mjallargata 8, Ísafirði, skiptast eftir erfðahlutföllum, en síðan skuldbundu erfingjar sig til að selja ekkjunni Hannesínu Bjarnadóttur fasteignina á því verði, sem samkomulag yrði um, en ella að fá dómkvadda matsmenn til að meta eignina til staðgreiðsluverðs og ekkjan greiddi fyrir hana skv. því. Ekki hafi náðst samkomulag og hafi tveir dómkvaddir matsmenn metið eignina. Erfingjar hafi ekki óskað yfirmats, en stefnda hafi ekki gefið út afsal fyrir eignarhluta, þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað. Þáverandi lögmanni stefndu hafi verið sendur hennar arfshluti hinn 8. júlí 1980.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir kröfur sína á samkomulagi frá 30. nóv. 1979 og vísar til ákvæða 59. gr. l. nr. 3/1978.

Álit dómsins.

Stefnda hefur sem áður er getið látið sækja þing, en ekki náð að halda uppi lögvörnum. Verður því að dæma málið eftir framkomnum skjölum

og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 3.600.00.

Dóminn kvað upp Guðmundur Sigurjónsson dómarafulltrúi.

Dómsorð:

Stefndu, Ingibjörgu Magnúsdóttur, nnr. 4626-6846, Krummahólum 6, Reykjavík, ber að gefa út afsal fyrir eignarhluta sínum í fasteigninni Mjallargötu 8, Ísafirði, sem er 4,16625% eignarinnar til dánarbús Hannesínu Bjarnadóttur, nnr. 3733-4057, Mjallargötu 8, Ísafirði og greiða kr. 3.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. febrúar 1984.

Nr. 185/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Antoni Ófeigi Antonssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Þjófnaður. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 4. ágúst 1983 refsingu til þyngingar. Verjandi krefst þess, að refsing verði skilorðsbundin.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 10. janúar 1984.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram gögn um það, að ákærði hafi greitt skaðabótakröfur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og Akureyrardeildar Rauða krossins, og nema greiðslurnar í fyrra tilviki 29.913.00 krónum, en í síðara tilviki 926.44 krónum.

Framhaldspróf hafa verið háð eftir uppsögu héraðsdóms, en eigi leiddu þau neitt það í ljós, sem ástæða er til að rekja hér. Fram hefur verið lögð rækileg æviferilsskýrsla ákærða.

II.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 1. mars 1983, en eigi 17. febrúar s. á., svo sem í dóminum greinir.

III.

Fallast ber á úrlausn héraðsdómara um sakarmat og færslu atferlis ákærða til refsiákvæða.

Héraðsdómi þeim, er gekk í sakadómi Akureyrar hinn 1. mars 1982, var áfrýjað til Hæstaréttar, er lauk dómi á málið hinn 8. júní 1983 með þeim úrslitum, að ákærði skyldi sæta fangelsi 7 mánuði, en fresta skyldi fullnustu 5 mánaða af refsingunni, og var skilorðstími 3 ár frá uppkvaðningu dómsins.

Refsingu ákærða ber að ákvarða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir hún hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu hennar og falli hún niður eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Ófeigur Antonsson, sæti 2 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 1. mars 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er í skrifstofu embættisins að Hafnarstræti 107, Akureyri, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 325/1982: Ákæruvaldið gegn Antoni Ófeigi Antonssyni.

Dómari er Sigurður Eiríksson dómarafulltrúi.

Málið, sem dómtekið var 7. febrúar sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 1. apríl 1982, „á hendur Antoni Ófeigi Antonssyni, húsasmið, Hafnarstræti 79, Akureyri, fæddum 21. desember 1944 á Akureyri, fyrir eftirgreind auðgunarbrot:

1.

Laugardagsnóttina 19. september 1981, brotist (sic) inn í húsnæði Rauðakrosshótelsins að Skólastíg 5, Akureyri, og stolið þar kr. 500.- í peningum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

Með húsaleigusamningi dagsettum 1. desember 1981, leigt (sic) í heimildarleysi og með sviksamlegum hætti Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 3ja herbergja íbúð að Skipagötu 2 (Ráðhústorg 5), Akureyri, til eins árs og jafnframt tekið við og hagnýtt sér leigugreiðsluna fyrir leigutímann kr. 16.800.-, með því að telja forsvarsmönnum Fjórðungssjúkrahússins trú um, að hann hefði þá nýlega keypt íbúðina, sem hann hafði í raun á leigu til skamms tíma án framleiguréttar.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og telst sakhæfur, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1962 21/12 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisl. og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar.

1963 26/1 á Akureyri: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarl. og 47. gr. lögreglusþ.

1967 13/6 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot gegn 16. gr. umferðarlaga.

1968 20/1 í Kópavogi: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarl. Sviptur ökuleyfi í 5 mánuði frá 20/1 1968.

1978 16/5 í Kópavogi: Sátt: 70.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarl. og 1. mgr. 24. gr. áfengisl. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 16/5 1978.

1980 21/5 á Akureyri: Sátt, 75.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hgl. og 73. gr. 1. nr. 94/1933.

1980 6/6 á Akureyri: Dómur: 300.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá s. d.

1981 21/8 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr., 27. gr. umfl. og 24. gr. áfl.

1982 1 /3 á Akureyri: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot g. 1. mgr. 155. gr. hgl. og 248. gr. hgl.

Ákærði kom fyrir dóminn hinn 7. febrúar sl., og samþykkti hann þá fyrirtöku málsins, þrátt fyrir að dómarinn hefði ákveðið þingfestingu málsins hinn 1. mars nk. með áritun á ákæruskjal. Þá samþykkti ákærði dómtöku málsins í þessu þinghaldi.

Málavextir.

Liður 1. í ákæruskjali.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu, braust ákærði inn í húsnæði Rauðakrosshótelsins að Skólastíg 5, Akureyri, hinn 22. september 1981 og tók þaðan 500.00 krónur í peningum. ákærði hafði unnið í nokkra daga fyrir innbrotið að viðgerðum á húsinu, m.a. gert við múrskemmdir utan á húsinu og lagt gangstétt að því og steypt tröppur. Þá hafði hann málað girðingu kringum húsið. Ákærði kvaðst í greint sinn hafa farið inn um glugga á húsinu með því að losa stormjárn, enda sagðist ákærði hafa vitað, að gluggi þessi stæði alltaf opinn, og hafi gluggi þessi verið á skrifstofuherbergi því, sem hann tók peningana úr.

Ákærði hefur samþykkt að greiða skaðabætur, 500.00 krónur til Bjarna Sigtryggssonar, forstöðumanns Rauðakrosshótelsins að Skólastíg 5, Akureyri, og verður hann dæmdur til að greiða kröfu þessa. Ákærði hefur brotið lagaákvæði það, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins með ofangreindri háttsemi.

Liður 2. í ákæruskjali.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu, tók ákærði íbúð á 3. hæð að Skipagötu 2 (Ráðhústorgi 5), Akureyri, á leigu af Águsti Ólafssyni, til heimilis að Ásvegi 17, Akureyri. Leigutíminn hófst 1. október 1981, og var leigusamningur munnlegur og leigutíminn ótilgreindur, og þá sést ekki af gögnum málsins, að samið hafi verið um framleigurétt. Ákærði virðist hafa leigt íbúðina á 1.750.00 krónur á mánuði, og sýnist hann hafa greitt fyrir október og nóvember rétta leigu, en fyrir desember 1981 sýnist hann hafa greitt aðeins 1.200.00 krónur í leigu.

Um mánaðamótin nóvember/desember 1981 sneri ákærði sér til Friðriks Friðjónssonar, skrifstofustjóra Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, en Fjórðungssjúkrahúsið falaðist iðulega á þessum tíma eftir leiguhúsnæði á Akureyri með auglýsingum í bæjarblöðum vegna lækna og/eða hjúkrunarfólks.

Ákærði bauð Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri fyrrgreinda íbúð til leigu, og lét hann á sér skilja, að hann væri eigandi íbúðarinnar, hann hefði keypt íbúðina nýlega og væri þetta fjögurra herbergja íbúð, en einu herbergi yrði hann að halda eftir vegna ýmissa hluta, sem ákærði hugðist geyma þar. Í framhaldi af þessu var ákveðið, að Friðrik skoðaði íbúðina, sem hann gerði. Hinn 2. desember 1981 var íbúðin síðan tekin út af löggiltum úttektarmanni, og ritaði ákærði nafn sitt á yfirlýsingu um úttekt sem leigusali. Sama dag var síðan gerður skriflegur leigusamningur um íbúðina og vottfestur, þar sem ákærði leigði Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri íbúðina frá 1. desember 1981 til 30. nóvember 1982, og var leigan ákveðin 1.400.00 krónur á mánuði eða 16.800.00 krónur fyrir umræddа 12 mánuði, og greiddi Fjórðungssjúkrahúsið ákærða alla leiguna fyrir fram, og kvittaði hann fyrir henni. Í ársbyrjun 1982 komst Friðrik Friðjónsson að því fyrir tilviljun, að ákærði væri ekki eigandi fyrrgreindrar íbúðar, heldur væri það Ágúst Ólafsson, og var mál þetta kært til rannsóknarlögreglu ríkisins í beinu framhaldi.

Niðurstaða.

Ákærði hélt því fram í fyrstu, að hann hafi haft heimild frá Ágústi Ólafssyni til að framleigja íbúðina.

Við þingfestingu málsins kannaðist ákærði við að atvikum væri rétt lýst í þessum lið ákæruskjalsins, og þá hélt hann því fram, að vafasamt væri, að hann hefði haft framleigurétt á íbúðinni.

Með hliðsjón af þessari játningu ákærða og að öðru leyti með hliðsjón af málsatvikum verður að telja sannað, að ákærði hafi gert sig sekan um háttsemi þá, sem greinir í þessum lið ákæruskjalsins, og er háttsemin þar réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Ákærði hefur samþykkt að greiða Fjórðungssjúkrahúsinu 16.800.00 krónur í skaðabætur, og verður hann dæmdur til að greiða kröfu þessa.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði framdi brot þau, sem greinir í þessu máli, áður en dómurinn frá 1. mars 1982 féll. Ber því samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að dæma ákærða hegningarauka við þann dóm. Ákærði hefur og í þessu máli gert sig sekan um brot á 244. gr. og 248. gr. almennra

hegningarlaga, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir.

Þá ber með vísan til 1. mgr. 131. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Anton Ófeigur Antonsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði Bjarna Sigtryggssyni, forstöðumanni Rauðakrosshótelsins að Skólastíg 5, Akureyri, 500.00 krónur.

Ákærði greiði Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 16.800.00 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1984.

Nr. 27/1982. **Vængir h/f**
gegn
Jónasi Sigurðssyni

Útivist. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 27. janúar 1982.

Er mál þetta var tekið fyrir til munnlegs málflutnings 2. febrúar 1984, var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda. Af hálfu stefnda var krafist málskostnaðar.

Samkvæmt 39. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973 ber að fella mál þetta niður og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 8.500.00 krónur.

Dómsorð:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vængir h/f, greiði stefnda, Jónasi Sigurðssyni, 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1984.

Nr. 25/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Hirti Þórarni Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. febrúar 1984, er barst Hæstarétti 6. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísan til 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður um gæsluvarðhaldsvist varnaraðila, Hjartar Þórarins Sigurðssonar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. febrúar 1984.

Ár 1984, laugardaginn 4. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Hirti Þórarni Sigurðssyni, Hólanesi, Skagaströnd, fæddum 9. júní 1965, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl nk., kl. 1700.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

Kærði hefur játað við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi að hafa brotist inn í matstofu Bæjarútgerðar Reykjavíkur aðfaranótt sl. föstudags og stolið þar ýmissi matvöru og smápeningum. Jafnframt hefur hann játað innbrot í verslunina Ciró, Bergstaðastræti 54 hér í borg, aðfaranótt 26. f. m., þar sem stolið var aðallega tóbaki og sælgæti.

Þann 30. júní sl. sendi RLR 9 mál til ríkissaksóknara vegna ætlaðra brota kærða gegn almennum hegningarlögum á sl. ári, (aðallega auðgunarbrot), og 24. nóvember sl. var eitt slíkt mál varðandi kærða sent til sýslumannsins í Húnavatnssýslu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um mál þessi hjá ríkissaksóknara.

Til meðferðar hafa verið í sakadómi Húnavatnssýslu 2 ákærur, dags. 15. 09. 1982 og 31. 01. 1983, á hendur kærða vegna ætlaðra brota hans, aðallega gegn 244. gr. og einnig gegn 248. gr. og 2. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga á árunum 1980 - 1982. Samkvæmt upplýsingum RLR hefur verið kveðinn upp dómur í málum þessum, og hlaut kærði þar 7 mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Dómur þessi hefur ekki verið birtur kærða.

Samkvæmt sakavottorði kærða var ákæru á hendur honum vegna þjófnaðarbrota frestað skilorðsbundið 2 ár frá 26. 05. 1981, og þann 14. desember 1981 sættist kærði á greiðslu 4.000.00 króna sektar í sakadómi Húnavatnssýslu vegna brots gegn 106. gr. almennra hegningarlaga.

Kærði hefur verið atvinnulaus sl. einn og hálfan mánuð og ekki haft neinar tekjur þann tíma. Hann hefur heldur ekki haft fastan dvalarstað hér fyrir sunnan, en kveðst ávallt, ef hann beiðist þess, geta verið hjá hálfbróður sínum að Þrastargötu 8 hér í borg.

Með hliðsjón af sakaferli kærða verður að telja hann síbrotamann, og þykir rétt skv. framansögðu og vísan til 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu RLR til greina, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu, þar sem kærði er sakaður um brot, sem gætu varðað fangelsisrefsingu skv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga. Skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl nk., kl. 1700.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hjörtur Þórarinn Sigurðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 4. apríl 1984, kl. 1700.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1984.

Nr. 244/1981. **Guðbjörn Guðjónsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Útveri h/f
(Othar Örn Petersen hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Er málið skyldi þingfest í Hæstarétti 2. nóvember 1981, varð útivist af hálfu áfrýjanda. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 var héraðsdómi áfrýjað að nýju með stefnu 26. nóvember 1981.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt afrit á ensku máli af gerðardómi I. C. C. í máli áfrýjanda gegn Peacock Salt Limited, Glasgow, en niðurstaða gerðardóms þessa er sú, að varnaraðili, Peacock Salt Ltd., skuli bæta sóknaraðilja Guðbirni Guðjónssyni, tjón hans, en fjárhæð ekki ákveðin að svo stöddu.

Salt það, er áfrýjandi seldi stefnda, var keypt til notkunar sem fisksöltunarsalt, og var áfrýjanda það ljóst. Þegar saltið var fengið stefnda í hendur á Bakkafirði, sem var umsaminn afhendingarstaður, var það óhæft til þessara nota vegna koparmengunar, er veldur guluskemmdum í fiski. Í fiski þeim, sem saltaður var með saltinu frá áfrýjanda, komu fram guluskemmdir, sem rýrðu hann í verði. Telja verður, að á því tjóni stefnda beri áfrýjandi skaðabótaábyrgð samkvæmt 3. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922, enda er

ekki sýnt fram á nein þau atvik, sem samkvæmt nefndu ákvæði undanþiggi hann skaðabótaskyldu.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er ekki ágreiningur um fjárhæð bótakröfu eða vaxtakröfu. Fyrir Hæstarétti lýstu lögmenn aðilja því yfir, að ekki væri heldur ágreiningur um upphafstíma vaxta.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að frá 11. janúar 1980 til greiðsludags greiðist dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 af dæmdri fjárhæð, eins og þeir eru á hverjum tíma, en dæmd fjárhæð nemur 87.017.00 nýkrónum.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 20.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frá 11. janúar 1980 til greiðsludags greiðist dómvextir af dæmdri fjárhæð, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Áfrýjandi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnda, Útveri h/f, 20.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reyjavíkur 19. desember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Útver h/f, Bakkafirði, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, framlagðri í dómi 11. janúar 1980, á hendur Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, Reykjavík.

Dómkröfur með (sic) stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum kr. 8.701.700 með 13% ársvöxtum frá 1. 8. 1977 til 21. 11. 1977, með 16% ársvöxtum frá 21. 11. 1977 til 21. 2. 1978, með 19% ársvöxtum frá 21. 2. 1978 til 1. 6. 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. 6. 1979 til 1. 9. 1979, með 27% ársvöxtum frá 1. 9. 1979 til 11. 1. 1980 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefnandi pantaði salt til fiskverkunar hjá stefnda,

og kom saltið til Bakkafjarðar með leiguskipinu Lady Vibeke í júní 1977. Stefnandi fékk 201.980 kg af farmi skipsins, en skipið kom hingað til lands með 1000 tonna saltfarm á vegum stefnda, og var saltinu skipað upp á nokkrum höfnum austanlands. Undir lok júlímánaðar 1977 komu í ljós guluskemmdir á fiski hjá stefnanda, og hafði fiskurinn verið verkaður í saltið, sem kom með leiguskipinu Lady Vibeke í júní, og stefndi hafði selt stefnanda. Þegar Lady Vibeke kom til Bakkafjarðar með saltfarminn, höfðu verið tekin sýni úr farminum um borð í skipinu. Þau sýni voru send til rannsóknar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þegar guluskemmdanna varð vart. Samkvæmt vottorði Geirs Arnesen hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem dagsett er 25. júlí 1977, voru gerðar koparákvarðanir á þessum sýnum (hjá stofnuninni). Þá voru þar einnig efnagreind á sama hátt sex saltsýni, sem Jóhann Guðmundsson, forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða, tók í salthúsi Útvers h/f 20. júlí 1977. Í vottorðinu segir, að eftir koparákvörðunum að dæma sé salt þetta óhæft til söltunar á fiski vegna hættu á guluskemmdum. Kveðst Geir ráðleggja í þeirri von, að mögulegt sé að bjarga a. m. k. nokkru af þeim fiski, sem þegar hafi verið saltaður, að sá fiskur, sem enn hafi ekki gulnað, verði þveginn og saltaður aftur í stafla úr nýju, öruggu salti.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða bannaði þegar ráðstöfun á öllum fiski, sem komist hafði í snertingu við salt úr Lady Vibeke, og náði þetta bann til allra kaupenda salts úr farmi skipsins.

Með skeyti, dags. 21. júlí 1977, var stefnda gert kunnugt um, að saltið væri gallað og að stefnandi mundi reyna að bjarga fiskinum. Þá var stefnda tilkynnt, að hann yrði gerður ábyrgur fyrir tjóni kaupenda saltsins. Þann 27. júlí 1977 skrifar lögmaður stefnanda stefnda og ítrekar efni skeytisins. Jafnframt eru honum kynntar tillögur Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða um að firra frekara tjóni. Þá er stefnda boðið að hirða ónýta saltið, en að öðrum kosti spurt, hvort hann samþykki að því verði hent. Þá er hann að því spurður, hvort hann hafi eitthvað við það að athuga, að reynt verði að bjarga fiskinum frá frekari skemmdum að tillögum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirlitsins.

4. ágúst 1977 var gerð úttekt á saltfiski hjá stefnanda. Þá var lokið vöskun á öllum fiski sem saltaður hafði verið með koparmenguðu salti. Friðrik Höggärd fiskmatsmaður tók þátt í þessari úttekt af hálfu Útvegsbanka Íslands. Fram kom, að 45 tonn af fiskinum voru skemmd af kopargulu.

Það er óumdeilt í málinu, að saltið var koparmengað. Saltið hafði stefndi keypt hjá Peacock Salt Ltd. í Glasgow með kaupsamningi, dags. 3. 6. 1979. Í kaupsamningnum, sem fram kemur af dómskjali 17, segir í íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Veggi, gólf og loft lesta ber að þrífa og hvítþvo vel þannig að fullnægi kröfum afskipanda áður en lestun hefst. Auk þess verði lestar fóðraðar með plasti og framkvæmi áhöfn skipsins það. Efni og uppsetningarkostnaður sé fyrir reikning kaupanda. Afskipendum heimilast að synja tilkynningu um að skipið sé tilbúið þar til þrif, hvítþvottur og fóðrun hefur verið framkvæmd á réttan hátt".

Þá er ekki deilt um það, að koparmengunin hafi orðið í saltinu, eftir að það kom um borð í Lady Vibeke í La Nouvelle í Frakklandi. Stefndi hafði gert leigusamning um skipið. Samningur sá er dags. 1. júní 1977, og segir í 15. gr. hans í íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Á kostnað skipsins ber að þvo lestarnar vel (hvítþvo þrisvar sinnum og fóðra með plasti) og þrífa, kalkþvo og gera tilbúið fyrir farm svo fullnægi kröfum afskipanda áður en lestun hefst, ella er afskipandi ekki skuldbundinn til að hefja lestun fyrr en lestar eru í því ástandi að farmurinn verði ekki fyrir skemmdum. Plastbúnaður og uppsetningarkostnaður eru fyrir reikning eigenda skipsins".

Við útskipun saltsins í La Nouvelle var ekki farið eftir þessum ákvæðum. Í yfirlýsingu útskipenda í La Nouvelle, sem fram kemur á dómskjali nr. 18, segir skv. íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„*Comptoir lenguedocien de*
Transit et manutention
Port la Nouvelle, 3. júní 1977

Skipstjóri m.s. LADY VIBEKE,
í Port la Nouvelle.

Efni: Ferð Pourt la Nouvelle/Ísland
1.000 lestir af lauslestuðu salti.

Kæri skipstjóri,

Fyrir hönd afskipenda, Cie des Salins du Midi et des Salines de l'Est í Paris, verðum við að gera yður ábyrgan fyrir hverskyns skemmdum, sem orsakast hafa á farminum vegna þeirrar staðreyndar að ekki hefur verið breitt plast yfir lestargólfið og einnig með því vængir milliþilfars hafa ekki verið kalkþvegnir eins og ákvæði voru um í skipaleigusamningnum.

Þess vegna verður að synja hverskyns kröfum viðtakenda á áfangastað og beina þeim að skipinu.

Virðingarfyllst,
sign.

Móttekið
skipstjóri"

Þrátt fyrir þetta bréf var farminum skipað út. Stefndi segir, að sér hafi ekki verið gert viðvart um þetta. Í telexskeyti, sem fram kemur í dómskjali nr. 22, halda seljendur saltsins því fram, að stefnda hafi verið kynntur þessi ágreiningur þegar á hleðslutíma skipsins. Í telexskeyti á sama dómskjali segist stefndi ekki muna til þess. Frekari gögn eru ekki hér um.

Stefndi hefur höfðað tvö gerðardómsmál, annars vegar gegn eigendum skipsins fyrir gerðardómi í Reykjavík og hins vegar gegn seljanda saltsins fyrir gerðardómi I. C. C., sem rekið er í Hollandi.

Úrslit eru fengin í fyrra gerðardómsmálinu, og varð niðurstaðan sú, að eigendur skipsins voru dæmdir til að greiða 75.785% af flutningskostnaði saltsins.

Síðara gerðardómsmálið varðar kaupverð saltsins, og er það enn ódæmt.

Stefnandi hefur greitt verð saltsins til stefnda, en hann hefur fengið annað salt í stað þess, og hefur endurgjald þess ekki verið innheimt. Stefnandi gerir því ekki hér kröfur vegna verðs saltsins sem slíks. Stefnandi fór að ráðum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og var fiskurinn umsaltaður, og er talið, að tekist hafi að bjarga miklu, en þó hafi orðið verulegar skemmdir á fiski hjá stefnanda og einnig hafi hann haft ærinn kostnað af þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru til þess að koma í veg fyrir frekara tjón. Honum tókst að selja fisk þann, er skemmdist, til Noregs fyrir allgott verð, og telur hann það hafa verulega dregið úr tjóninu.

Hér sækir stefnandi stefnda um meint tjón sitt af koparmengun saltsins. Hann sundurliðar tjón sinn á dómskj. nr. 3. Það hljóðar svo:

„Tjón vegna koparmengaðs salts úr Lady Viebeke er kom 18. 6. 1977.

1.	Vinnulaun:		
	a) Uppskipun skemmda saltsins	kr.	182.000,-
	b) Skemmt salt flutt úr húsi 25,5 t á helgidagataxta 1008,-	—	25.704,-
	c) Þvottur a fiski 26/7—10/8		
	dv 1.520 t. á 560,-	—	851.200,-
	ev 363,25 t. á 784,-	—	284,788,-
	nv 56 t. á 1.008,-	—	56.448,-
2.	Launatengd gjöld 47,2%	—	660.866,-
3.	Lyftari 130 t. á 2.000,-	—	260.000.-
4.	Dráttarvél (ámokstur) 100 t. á 2.500,-	—	250.000.-
5.	Flutningur á fiskþvottavél sem lánuð var frá Hornafirði	—	58.100.-
6.	Koparmengaða saltið	—	1.710.770.-
7.	Verðrýrnun á guluskemmdum fiski 43.660 kg. Meðalverð 1977 að frádregnu söluverði skemmda fisksins = 62,38 pr/kg	—	2.723.511.-

8. Aukinn sölukostnaður	—	200.802.-
9. Vaxtatap v. seinkunar á sölu afurða	—	115.449.-
10. Hafnargjöld Lady Vibeke	—	35.347.-
11. Ferða og dvalarkostnaður v. sölu guluskemmda fisksins til Noregs og v. útskip.	—	257.571.-
12. Magnrýrnun í fiski vegna þvottar á 165.400 kg á saltfiski skv. ráðleggingum Framleiðslueftirlits og Rannsóknarst. fiskiðn. 10% á meðalverði	—	5.351.848.-
	Heildartjón	kr. 13.088.394,-"

Verðrýrnunin skv. 7. tl. styðst við dómskj. 30—32, en magnrýrnunin skv. 12. tl. við dómskj. 33.

Stefndi hefur samþykkt tölulega útreikning stefnanda samkvæmt 1.—5. tölulið á dómskjali nr. 3. Stefnandi hefur fallið frá 6. tölulið á dómskjali nr. 3. Stefndi hefur samþykkt tölulega 7.—11. tölulið á dómskjali nr. 3, og samkomulag hefur orðið á milli aðilja um, að stefnandi falli frá helmingi kröfu sinnar samkvæmt tölulið 12 og að stefndi falli frá tölulegum mótmælum vegna þess liðar. Niðurstaða dómskjals nr. 3 breytist því þannig, að í stað 13.088.394 kr. kemur stefnufjárhæðin, 8.701.700 kr.

Stefnandi féllst á að bíða átekta og fylgjast með framvindu gerðardómsmálanna, sem um er gerið hér að framan. Þegar niðurstaða var fengin úr fyrra málinu, framseldi stefndi vátryggingarfélagi útgerðarinnar, Assuransforeningen Skuld, meinta kröfu sína á hendur stefnanda gegn greiðslu á bótunum. Stefnandi hafði þegar greitt stefnda kaupverð gallaða saltsins, og þótti þegar hér var komið sögu ekki ástæða til að bíða lengur með málarekstur. Stefndi neitar alfarið bótum.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann hafi keypt saltið hjá stefnda. Það hafi verið haldið leyndum galla. Skaðlegir eiginleikar þess hafi valdið framleiðslutjóni hjá honum og saltið reynst honum ónýtt. Stefndi beri sem seljandi ábyrgð á skaðlegum eiginleikum söluvörunnar og því tjóni, sem gallar á henni hafi valdið kaupandanum. Hann hafi í verki viðurkennt ábyrgð sína með að krefja stefnanda ekki um greiðslu kaupverðs saltsins.

Stefndi hafnar því algerlega, að stefndi geti gert hann ábyrgan fyrir skaðlegum eiginleikum saltsins. Hann hafi ekki sýnt af sér nokkra vanrækslu í sambandi við sölu saltsins eða flutning þess. Upplýst sé, að saltið hafi mengast, eftir að það kom um borð í Lady Vibeke. Stefndi hafi látið setja ákvæði í skipsleigusamning og kaupsamning saltsins, sem koma hefði átt í veg fyrir, að saltið gæti mengast í skipinu. Það hafi ekki verið sök stefnda að nauðsynlegar varúðarráðstafanir voru ekki gerðar. Bótakrafa verði því ekki byggð á grundvelli sakarreglu. Þá verði bótakrafa ekki byggð á hlut-

lægri bótaábyrgð, þar sem engin heimild sé til að beita slíkri ábyrgðarreglu í þessu máli. Þá mótmælir stefndi því, að hann hafi beint eða óbeint tekið á sig nokkra ábyrgð á skaðvænlegum eiginleikum vörunnar eða hann hafi í verki viðurkennt bótaábyrgð með því að krefja stefnanda ekki um greiðslu kaupverðs saltsins.

Við munnlegan flutning málsins benti hann á, að stefnandi hefði látið fyrirfarast að rannsaka sýni saltsins, sem tekin voru við uppskipun, áður en hann hóf að nota saltið. Þetta eigi að firra hann bótum, sbr. 47., gr, sbr. 51. gr. kaupalaganna.

Stefnandi mótmælti þessari síðustu málsástæðu stefnda og benti á, að stefnandi hafði ekki aðstöðu til að efnagreina saltið. Hann hefði mátt treysta því, að saltið hefði þá eiginleika, sem fisksalt þurfi að hafa, en hann hefði pantað slíkt salt hjá stefnda.

Álit dómsins.

Í máli þessu er ekki lengur deilt um greiðslu kaupverðs saltsins.

Aðiljar eru um það sammála, að saltið hafi verið koparmengað og mengunin hafi gerst um borð í m/s Lady Vibeke. Þá er ekki um það deilt, að seljandi hafi vitað til hvers átti að nota saltið og að saltið hafi guluskemmt fisk stefnanda.

Samkvæmt 15. gr. tímabundna farmsamningsins milli stefnda og eigenda m/s Lady Vibeke var afskipandi ekki skuldbundinn til að hefja lestun, fyrr en lestarnar væru í því ástandi, að farmurinn yrði ekki fyrir skemmdum. Samkvæmt sama ákvæði taka eigendur skipsins að sér að þvo lestarnar vel (hvítþvo þrisvar sinnum og fóðra með plasti) og þrífa, kalkþvo.

Samkv. dómskj. 18, yfirlýsingu afskipenda, er ekki eftir þessu farið. Segir þar, að ekki hafi verið breitt plast yfir lestargólfið og vængir millipilfars hafi ekki verið kalkþvegnir.

Afskipandi heimilar þó lestun, en til þess var hann ekki skuldbundinn skv. 15. gr. tímabundna farmsamningsins, eins og segir hér að ofan.

Gagnvart stefnanda ræður stefndi afskipanda og útvegar skip til flutninganna. Hann þykir því gagnvart honum bera ábyrgð á mistökum þeirra, sem hann fær til að efna samning sinn við hann, en ómótmælt er, að mengun saltsins megi rekja til vanbúnaðar skipsins, sem notað var til flutnings þess. Vanbúnaður skipsins verður þannig orsök þess, að saltið hefur ekki þá eiginleika, sem telja verður, að áskildir væru.

Stefndi mótmælir ekki, að saltið hafi guluskemmt fiskinn. Þá var guluskemmdur fiskur flokkaður úr undir eftirliti matsmanns. Guluskemmdir eru almennt til þess fallnar að rýra verðgildi saltfisks, og eru þannig líkur fyrir tjóni stefnanda af þeim sökum. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að svo hafi ekki verið í þetta sinn. Samkvæmt ráðleggingum Rannsóknastofn-

unar fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða var reynt að draga úr tjóninu og stefnda gefið tækifæri á að segja skoðun sína á þeim aðgerðum. Hann taldi ekki ástæðu til þess. Hann hefur heldur ekki sýnt fram á, að þær hafi ekki verið hæfilegar og komið að notum.

Þegar þetta er virt, þykir stefnandi hafa sýnt nægilega fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni, sbr. einnig dómskj. 30-33, og að ráðstafanir hans til að draga úr tjóninu hafi verið hæfilegar.

Stefndi mótmælir ekki tölulega útreikningi stefnanda á tjóninu, eins og hann er nú settur fram. Þykir því mega miða við útreikninginn.

Það þykir ekki þurfa að taka tillit til þess hér, að stefnandi lét fyrirfarast að láta efnagreina sýni þau, sem tekin voru af saltinu við uppskipun á Bakkafirði, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnendur hafi haft sérstaka ástæðu til að efast um gæði saltsins. Þá höfðu þeir enga aðstöðu til efnagreiningar hjá sér.

Samkvæmt öllu því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda stefnufjárhæðina.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, og henni er í hóf stillt, og þykir því mega taka hana til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 1.500.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóhanni J. Ólafssyni stórkaupmanni og Óskari Maríussyni efnaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnanda, Útveri h/f, kr. 8.701.700 með 13% ársvöxtum frá 1. 8. 1977 til 21. 11. 1977, með 16% ársvöxtum frá 21. 11. 1977 til 21. 2. 1978, með 19% ársvöxtum frá 21. 2. 1978 til 1. 6. 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. 6. 1979 til 1. 9. 1979, með 27% ársvöxtum frá 1. 9. 1979 til 11. 1. 1980, með dómvöxtum sbr. l. nr. 56/1979, frá 11. 1. 1980 til greiðsludags (43.5% ársvöxtum frá 11. 1. 1980 til 1. júní 1980, en 46% frá 1. 6. 1980) og málskostnað, kr. 1.500.000, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1984.

Nr. 245/1981. **Guðbjörn Guðjónsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Hraðfrystihúsi Eskifjarðar h/f
(Othar Örn Petersen hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Er málið skyldi þingfesta í Hæstarétti 2. nóvember 1981, varð útivist af hálfu áfrýjanda. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 var héraðsdómi áfrýjað að nýju með stefnu 26. nóvember 1981.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt afrit á ensku máli af gerðardómi I. C. C. í máli áfrýjanda gegn Peacock Salt Limited, Glasgow, en niðurstaða gerðardóms þessa er sú, að varnaraðili, Peacock Salt Ltd., skuli bæta sóknaraðilja Guðbirni Guðjónssyni, tjón hans, en fjárhæð ekki ákveðin að svo stöddu.

Salt það, er áfrýjandi seldi stefnda, var keypt til notkunar sem fisksöltunarsalt, og var áfrýjanda það ljóst. Þegar saltið var fengið stefnda í hendur á Eskifirði, sem var umsaminn afhendingarstaður, var það óhæft til þessara nota vegna koparmengunar, er veldur guluskemmdum í fiski. Í fiski þeim, sem saltaður var með saltinu frá áfrýjanda, komu fram guluskemmdir, sem rýrðu hann í verði. Telja verður, að á því tjóni stefnda beri áfrýjandi skaðabótaábyrgð

samkvæmt 3. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922, enda er ekki sýnt fram á nein þau atvik, sem samkvæmt nefndu ákvæði undanþiggi hann skaðabótaskyldu.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er ekki ágreiningur um fjárhæð bótakröfu eða vaxtakröfu. Fyrir Hæstarétti lýstu lögmenn aðilja því yfir, að ekki væri heldur ágreiningur um upphafstíma vaxta.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að frá 11. janúar 1980 til greiðsludags greiðist dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 af dæmdri fjárhæð, eins og þeir eru á hverjum tíma, en dæmd fjárhæð nemur 27.108.44 nýkrónum.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 13.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frá 11. janúar 1980 til greiðsludags greiðist dómvextir af dæmdri fjárhæð, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Áfrýjandi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnda, Hraðfrystihúsi Eskifjarðar h/f, 13.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reyjavíkur 19. desember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Hraðfrystihús Eskifjarðar h/f, Eskifirði, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, framlagðri í dómi 11. janúar 1980, á hendur Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, Reykjavík.

Dómkröfur með (sic) stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum kr. 2.710.844 með 13% ársvöxtum frá 1. 8. 1977 til 21. 11. 1977, með 16% ársvöxtum frá 21. 11. 1977 til 21. 2. 1978, með 19% ársvöxtum frá 21. 2. 1978 til 1. 6. 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. 6. 1979 til 1. 9. 1979, með 27% ársvöxtum frá 1. 9. 1979 til 11. 1. 1980 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann

verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefnandi pantaði salt til fiskverkunar hjá stefnda, og kom saltið til Eskifjarðar með leiguskipinu Lady Vibeke í júní 1977. Stefnandi fékk 206.810 kg af farmi skipsins, en skipið kom hingað til lands með 1000 tonna saltfarm á vegum stefnda, og var saltinu skipað upp á nokkrum höfnum austanlands. Undir lok júlímánaðar 1977 komu í ljós guluskemmdir á fiski hjá Útveri h/f á Bakkafirði, og hafði fiskurinn verið verkaður í salt, sem einnig kom með leiguskipinu Lady Vibeke í júní, og stefndi hafði selt Útveri h/f. Þegar Lady Vibeke kom til Bakkafjarðar með saltfarminn, höfðu verið tekin sýni úr farminum um borð í skipinu. Þau sýni voru send til rannsóknar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þegar guluskemmdanna varð vart. Samkvæmt vottorði Geirs Arnesen hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem dagsett er 25. júlí 1977, voru gerðar koparákvarðanir á þessum sýnum (hjá stofnuninni). Þá voru þar einnig efnagreind á sama hátt sex saltsýni, sem Jóhann Guðmundsson, forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða, tók í salthúsi Útvers h/f 20. júlí 1977. Í vottorðinu segir, að eftir koparákvörðunum að dæma sé salt þetta óhæft til söltunar á fiski vegna hættu á guluskemmdum. Kveðst Geir ráðleggja í þeirri von, að mögulegt sé að bjarga a. m. k. nokkru af þeim fiski, sem þegar hafi verið saltaður, að sá fiskur, sem enn hafi ekki gulnað, verði þveginn og saltaður aftur í stafla úr nýju, öruggu salti.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða bannaði þegar ráðstöfun á öllum fiski, sem komist hafði í snertingu við salt úr Lady Vibeke, og náði þetta bann til allra kaupenda salts úr farmi skipsins, þ. á m. stefnanda.

Með bréfi, dags. 21. júlí 1977, var stefnda gert kunnugt um, að saltið væri gallað og að stefnandi mundi reyna að bjarga fiskinum. Þá var stefnda tilkynnt, að hann yrði gerður ábyrgur fyrir tjóni kaupenda saltsins. Jafnframt eru honum kynntar tillögur Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða um að firra frekara tjóni. Þá er stefnda boðið að hirða ónýta saltið, en að öðrum kosti spurt, hvort hann samþykki að því verði hent. Þá er hann að því spurður, hvort hann hafi eitthvað við það að athuga, að reynt verði að bjarga fiskinum frá frekari skemmdum að tillögum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirlitsins.

Það er óumdeilt í málinu, að saltið var koparmengað. Saltið hafði stefndi keypt hjá Peacock Salt Ltd. í Glasgow með kaupsamningi, dags. 3. 6. 1979. Í kaupsamningnum, sem fram kemur af dómskjali 17, segir í íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Veggi, gólf og loft lesta ber að þrífa og hvítþvo vel þannig að fullnægi kröfum afskipanda áður en lestun hefst. Auk þess verði lestar fóðraðar

með plasti og framkvæmi áhöfn skipsins það. Efni og uppsetningarkostnaður sé fyrir reikning kaupanda. Afskipendum heimilast að synja tilkynningu um að skipið sé tilbúið þar til þrif, hvítþvottur og fóðrun hefur verið framkvæmd á réttan hátt."

Þá er ekki deilt um það, að koparmengunin hafi orðið í saltinu, eftir að það kom um borð í Lady Vibeke í La Nouvelle í Frakklandi. Stefndi hafði gert leigusamning um skipið. Samningur (dómskj. 15) sá er dags. 1. júní 1977, og segir í 15. gr. hans í íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Á kostnað skipsins ber að þvo lestarnar vel (hvítþvo þrisvar sinnum og fóðra með plasti) og þrífa, kalkþvo og gera tilbúið fyrir farm svo fullnægi kröfum afskipanda áður en lestun hefst, ella er afskipandi ekki skuldbundinn til að hefja lestun fyrr en lestar eru í því ástandi að farmurinn verði ekki fyrir skemmdum. Plastbúnaður og uppsetningarkostnaður eru fyrir reikning eigenda skipsins."

Við útskipun saltsins í La Nouvelle var ekki farið eftir þessum ákvæðum. Í yfirlýsingu útskipenda í La Nouvelle, sem fram kemur á dómskjali nr. 18, segir skv. íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„*Comptoir lenguedocien de*
Transit et manutention
Port la Nouvelle, 3. júní 1977

Skipstjóri m.s. LADY VIBEKE,
í Port la Nouvelle.
Efni: Ferð Pourt la Nouvelle/Ísland
1.000 lestir af lauslestuðu salti.

Kæri skipstjóri,

Fyrir hönd afskipenda, Cie des Salins du Midi et des Salines de l'Est í Paris, verðum við að gera yður ábyrgan fyrir hverskyns skemmdum, sem orsakast hafa á farminum vegna þeirrar staðreyndar að ekki hefur verið breitt plast yfir lestargólfið og einnig með því vængir milliþilfars hafa ekki verið kalkþvegnir eins og ákvæði voru um í skipaleigusamningnum.

Þess vegna verður að synja hverskyns kröfum viðtakenda á áfangastað og beina þeim að skipinu.

Virðingarfyllst,
sign.

Móttekið
skipstjóri"

Þrátt fyrir þetta bréf var farminum skipað út. Stefndi segir, að sér hafi ekki verið gert viðvart um þetta. Í telexskeyti, sem fram kemur í dómskjali nr. 22, halda seljendur saltsins því fram, að stefnda hafi verið kynntur þessi

ágreiningur þegar á hleðslutíma skipsins. Í telexskeyti á sama dómskjali segist stefndi ekki muna til þess. Frekari gögn eru ekki hér um.

Stefndi hefur höfðað tvö gerðardómsmál, annars vegar gegn eigendum skipsins fyrir gerðardómi í Reykjavík og hins vegar gegn seljanda saltsins fyrir gerðardómi I. C. C., sem rekið er í Hollandi.

Úrslit eru fengin í fyrra gerðardómsmálinu, og varð niðurstaðan sú, að eigendur skipsins voru dæmdir til að greiða 75.785% af flutningskostnaði saltsins.

Síðara gerðardómsmálið varðar kaupverð saltsins, og er það enn ódæmt.

Stefnandi gerir ekki hér kröfur vegna verðs saltsins sem slíks, en stefndi hefur lýst því yfir, að það verði ekki innheimt. Stefnandi fór að ráðum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og var fiskurinn umsaltaður, og er talið, að tekist hafi að bjarga miklu, en þó hafi orðið veruleg verðrýrnun á fiski hjá stefnanda og einnig hafi hann haft ærinn kostnað af þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru til þess að koma í veg fyrir frekara tjón.

Hér sækir stefnandi stefnda um meint tjón sitt af koparmengun saltsins. Hann sundurliðar tjón sinn á dómskj. nr. 3. Það hljóðar svo:

„Eskifirði 13/12 1977

Yfirlit um kostnað og tjón hjá Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf. v/koparmengað salt úr „Lady Vibeke" í júní 1977.

Vinna við þvott og flutning á fiski, og salt:

420 tímar dags. á 560/-	kr.	235.200.-
70 tímar eftirv. á 784/-	—	54.880.-
Launatengd gjöld 25%	—	72.520.-
Akstur á salti og fiski	—	125.444.-
Dráttarvélavinna, v/mokstur á salti	—	54.000.-
25 tonn saltf. í verkun v/koparmengun	—	2.500.000.-
Uppsk. á salti úr m/s Lady Vibeke í júní	—	168.800.-
Salt úr m/s Lady Viebeke 206.810 kg á 8470/-	—	1.751.680.-
	kr.	4.962.524.-"

Verðrýrnunin skv. 7. tl. styðst við dómskj. 29 og 30. Sjá og útreikning, dómskj. 4.

Stefndi hefur samþykkt tölulega útreikning stefnanda samkvæmt 1.—6. og 8. tölulið á dómskjali nr. 3. Stefnandi hefur fallið frá 9. tölulið á dóm-

skjali nr. 3. Samkomulag hefur orðið á milli aðilja um, að stefnandi lækki kröfu sína samkvæmt tölulið 7 um 500.000 og að stefndi falli frá tölulegum mótmælum vegna þess liðar. Niðurstaða dómskjals nr. 3 breytist því þannig, að í stað 4.962.524 kr. kemur stefnufjárhæðin, 2.710.844 kr.

Stefnandi féllst á að bíða átekta og fylgjast með framvindu gerðardómsmálanna, sem um er getið hér að framan. Þegar niðurstaða var fengin úr fyrra málinu, framseldi stefndi vátryggingarfélagi útgerðarinnar, Assuransforeningen Skuld, meinta kröfu sína á hendur stefnanda gegn greiðslu á bótunum. Stefnandi taldi þegar hér var komið sögu ekki ástæðu til að bíða lengur með málarekstur. Stefndi neitar alfarið bótum.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann hafi keypt saltið hjá stefnda. Það hafi verið haldið leyndum galla. Skaðlegir eiginleikar þess hafi valdið framleiðslutjóni hjá honum og saltið reynst honum ónýtt. Stefndi beri sem seljandi ábyrgð á skaðlegum eiginleikum söluvörunnar og því tjóni, sem gallar á henni hafi valdið kaupandanum. Hann hafi í verki viðurkennt ábyrgð sína með að krefja stefnanda ekki um greiðslu kaupverðs saltsins.

Stefndi hafnar því algerlega, að stefnandi geti gert hann ábyrgan fyrir skaðlegum eiginleikum saltsins. Hann hafi ekki sýnt af sér nokkra vanrækslu í sambandi við sölu saltsins eða flutning þess. Upplýst sé, að saltið hafi mengast, eftir að það kom um borð í Lady Vibeke. Stefndi hafi látið setja ákvæði í skipaleigusamning og kaupsamning saltsins, sem koma hefðu átt í veg fyrir, að saltið gæti mengast í skipinu. Það hafi ekki verið sök stefnda að nauðsynlegar varúðarráðstafanir voru ekki gerðar. Bótakrafa verði því ekki byggð á grundvelli sakarreglu. Þá verði bótakrafa ekki byggð á hlutlægri bótaábyrgð, þar sem engin heimild sé til að beita slíkri ábyrgðarreglu í þessu máli. Þá mótmælir stefndi því, að hann hafi beint eða óbeint tekið á sig nokkra ábyrgð á skaðvænlegum eiginleikum vörunnar eða hann hafi í verki viðurkennt bótaábyrgð með því að krefja stefnanda ekki um greiðslu kaupverðs saltsins.

Við munnlegan flutning málsins benti lögmaður stefnda á, að stefnandi hefði mátt rannsaka sýni af saltinu, áður en hann hóf að nota það. Þetta eigi að firra stefnda bótum, sbr. 47. gr, sbr. 51. gr. kaupalaganna.

Stefnandi mótmælti þessari síðustu málsástæðu stefnda og benti á, að stefnandi hefði ekki aðstöðu til að efnagreina salt. Hann hefði mátt treysta því, að saltið hefði þá eiginleika, sem fisksalt þurfi að hafa, en hann hefði pantað slíkt salt hjá stefnda.

Álit dómsins.

Í máli þessu er ekki lengur deilt um greiðslu kaupverðs saltsins.

Aðiljar eru um það sammála, að saltið hafi verið koparmengað og mengunin hafi gerst um borð í m/s Lady Vibeke. Þá er ekki um það deilt, að

seljandi hafi vitað til hvers átti að nota saltið og að saltið hafi guluskemmt fisk stefnanda.

Samkvæmt 15. gr. tímabundna farmsamningsins milli stefnda og eigenda m/s Lady Vibeke var afskipandi ekki skuldbundinn til að hefja lestun, fyrr en lestarnar væru í því ástandi, að farmurinn yrði ekki fyrir skemmdum. Samkvæmt sama ákvæði taka eigendur skipsins að sér að þvo lestarnar vel (hvítþvo þrisvar sinnum og fóðra með plasti) og þrífa, kalkþvo.

Samkv. dómskj. 18, yfirlýsingu afskipenda, er ekki eftir þessu farið. Segir þar, að ekki hafi verið breitt plast yfir lestargólfið og vængir milliþilfars hafi ekki verið kalkþvegnir.

Afskipandi heimilar þó lestun, en til þess var hann ekki skuldbundinn skv. 15. gr. tímabundna farmsamningsins, eins og segir hér að ofan.

Gagnvart stefnanda ræður stefndi afskipanda og útvegar skip til flutninganna. Hann þykir því gagnvart honum bera ábyrgð á mistökum þeirra, sem hann fær til að efna samning sinn við hann, en ómótmælt er, að mengun saltsins megi rekja til vanbúnaðar skipsins, sem notað var til flutnings þess. Vanbúnaður skipsins verður til þess, að saltið hafði ekki þá eiginleika, sem telja verður, að áskildir hafi verið.

Stefndi mótmæli því ekki, að saltið hafi guluskemmt fiskinn. Guluskemmdir eru almennt til þess fallnar að rýra verðgildi saltfisks, og eru þannig líkur fyrir tjóni stefnanda af þeim sökum. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að svo hafi ekki verið í þetta sinn. Samkvæmt ráðleggingum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða var reynt að draga úr tjóninu og stefnda gefið tækifæri á að segja skoðun sína á þeim aðgerðum. Hann taldi ekki ástæðu til þess. Hann hefur heldur ekki sýnt fram á, að þær hafi ekki verið hæfilegar og komið að notum.

Þegar þetta er virt, þykir stefnandi hafa sýnt nægilega fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni, sbr. einnig dómskj. 29—30, og að ráðstafanir hans til að draga úr tjóninu hafi verið hæfilegar.

Stefndi mótmælir ekki tölulega útreikningi stefnanda á tjóninu, eins og hann er nú settur fram. Þykir því mega miða við útreikninginn.

Það þykir ekki þurfa að taka tillit til þess hér, að stefnandi lét fyrirfarast að láta efnagreina sýni af saltinu við uppskipun, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnendur hafi haft sérstaka ástæðu til að efast um gæði saltsins. Þá höfðu þeir enga aðstöðu til efnagreiningar hjá sér.

Samkvæmt öllu því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda stefnufjárhæðina.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, og henni er í hóf stillt, og þykir því mega taka hana til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 650.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóhanni J. Ólafssyni stórkaupmanni og Óskari Maríussyni efnaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnanda, Hraðfrystihúsi Eskifjarðar h/f, kr. 2.710.844 með 13% ársvöxtum frá 1. 8. 1977 til 21. 11. 1977, með 16% ársvöxtum frá 21. 11. 1977 til 21. 2. 1978, með 19% ársvöxtum frá 21. 2. 1978 til 1. 6. 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. 6. 1979 til 1. 9. 1979, með 27% ársvöxtum frá 1. 9. 1979 til 11. 1. 1980, með dómvöxtum sbr. l. nr. 56/1979, frá 11. 1. 1980 til greiðsludags (43.5% ársvöxtum frá 11. 1. 1980 til 1. júní 1980, en 46% frá 1. 6. 1980) og málskostnað, kr. 650.000, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1984.

Nr. 246/1981. **Guðbjörn Guðjónsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Síldarvinnslunni h/f
(Othar Örn Petersen hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. sama mánaðar. Er málið skyldi þingfesta í Hæstarétti 2. nóvember 1981, varð útivist af hálfu áfrýjanda. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 var héraðsdómi áfrýjað að nýju með stefnu 26. nóvember 1981.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt afrit á ensku máli af gerðardómi I. C. C. í máli áfrýjanda gegn Peacock Salt Limited, Glasgow, en niðurstaða gerðardóms þessa er sú, að varnaraðili, Peacock Salt Ltd., skuli bæta sóknaraðilja Guðbirni Guðjónssyni, tjón hans, en fjárhæð ekki ákveðin að svo stöddu.

Salt það, er áfrýjandi seldi stefnda, var keypt til notkunar sem fisksöltunarsalt, og var áfrýjanda það ljóst. Þegar saltið var fengið stefnda í hendur á Norðfirði, sem var umsaminn afhendingarstaður, var það óhæft til þessara nota vegna koparmengunar, er veldur guluskemmdum í fiski. Í fiski þeim, sem saltaður var með saltinu frá áfrýjanda, komu fram guluskemmdir, sem rýrðu hann í verði. Telja verður, að á því tjóni stefnda beri áfrýjandi skaðabótaábyrgð samkvæmt 3. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922, enda er ekki sýnt fram á nein þau atvik, sem samkvæmt nefndu ákvæði undanþiggi hann skaðabótaskyldu.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er ekki ágreiningur um fjárhæð bótakröfu eða vaxtakröfu. Fyrir Hæstarétti lýstu lögmenn aðilja því yfir, að ekki væri heldur ágreiningur um upphafstíma vaxta.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að frá 11. janúar 1980 til greiðsludags greiðist dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 af dæmdri fjárhæð, eins og þeir eru á hverjum tíma, en dæmd fjárhæð nemur 37.364.71 nýkrónum.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 14.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frá 11. janúar 1980 til greiðsludags greiðist dómvextir af dæmdri fjárhæð, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Áfrýjandi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnda, Síldarvinnslunni h/f, 14.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reyjavíkur 19. desember 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Síldarvinnslan h/f, Neskaupstað, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, framlagðri 11. janúar 1980, á hendur Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, Reykjavík.

Dómkröfur með (sic) stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum kr. 3.736.471 með 13% ársvöxtum frá 1. 8. 1977 til 21. 11. 1977, með 16% ársvöxtum frá 21. 11. 1977 til 21. 2. 1978, með 19% ársvöxtum frá 21. 2. 1978 til 1. 6. 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. 6. 1979 til 1. 9. 1979, með 27% ársvöxtum frá 1. 9. 1979 til 11. 1. 1980 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefnandi pantaði salt til fiskverkunar hjá stefnda, og kom saltið til Neskaupstaðar með leiguskipinu Lady Vibeke í júní 1977. Stefnandi fékk 479.175 kg af farmi skipsins en skipið kom hingað til lands með 1000 tonna saltfarm á vegum stefnda, og var saltinu skipað upp á nokkrum höfnum austanlands. Undir lok júlímánaðar 1977 komu í ljós guluskemmdir á fiski hjá Útveri h/f Bakkafirði, og hafði fiskurinn verið verkaður í salt, sem einnig kom með leiguskipinu Lady Vibeke í júní, og stefndi hafði selt Útveri h/f. Þegar Lady Vibeke kom til Bakkafjarðar með saltfarminn, höfðu verið tekin sýni úr farminum um borð í skipinu. Þau sýni voru send til rannsóknar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þegar guluskemmdanna varð vart. Samkvæmt vottorði Geirs Arnesen hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem dagsett er 25. júlí 1977, voru gerðar koparákvarðanir á þessum sýnum (hjá stofnuninni). Þá voru þar einnig efnagreind á sama hátt sex saltsýni, sem Jóhann Guðmundsson, forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða, tók í salthúsi Útvers h/f 20. júlí 1977. Í vottorðinu segir, að eftir koparákvörðunum að dæma sé salt þetta óhæft til söltunar á fiski vegna hættu á guluskemmdum. Kveðst Geir ráðleggja í þeirri von, að mögulegt sé að bjarga a. m. k. nokkru af þeim fiski, sem

þegar hafi verið saltaður, að sá fiskur, sem enn hafi ekki gulnað, verði þveginn og saltaður aftur í stafla úr nýju, öruggu salti.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða bannaði þegar ráðstöfun á öllum fiski, sem komist hafði í snertingu við salt úr Lady Vibeke, og náði þetta bann til allra kaupenda salts úr farmi skipsins.

Með bréfi, dags. 27. júlí 1977, var stefnda gert kunnugt um, að saltið væri gallað og að stefnandi mundi reyna að bjarga fiskinum. Þá var stefnda tilkynnt, að hann yrði gerður ábyrgur fyrir tjóni kaupenda saltsins. Jafnframt eru honum kynntar tillögur Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða um að firra frekara tjóni. Þá er stefnda boðið að hirða ónýta saltið, en að öðrum kosti spurt, hvort hann samþykki að því verði hent. Þá er hann að því spurður, hvort hann hafi eitthvað við það að athuga, að reynt verði að bjarga fiskinum frá frekari skemmdum að tillögum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirlitsins.

Það er óumdeilt í málinu, að saltið var koparmengað. Saltið hafði stefndi keypt hjá Peacock Salt Ltd. í Glasgow með kaupsamningi, dags. 3. 6. 1979. Í kaupsamningnum, sem fram kemur af dómskjali 17, segir í íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Veggi, gólf og loft lesta ber að þrífa og hvítþvo vel þannig að fullnægi kröfum afskipanda áður en lestun hefst. Auk þess verði lestar fóðraðar með plasti og framkvæmi áhöfn skipsins það. Efni og uppsetningarkostnaður sé fyrir reikning kaupanda. Afskipendum heimilast að synja tilkynningu um að skipið sé tilbúið þar til þrif, hvítþvottur og fóðrun hefur verið framkvæmd á réttan hátt."

Þá er ekki deilt um það, að koparmengunin hafi orðið í saltinu, eftir að það kom um borð Lady Vibeke í La Nouvelle í Frakklandi. Stefndi hafði gert leigusamning um skipið. Samningur sá er dags. 1. júní 1977, og segir í 15. gr. hans í íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Á kostnað skipsins ber að þvo lestarnar vel (hvítþvo þrisvar sinnum og fóðra með plasti) og þrífa, kalkþvo og gera tilbúið fyrir farm svo fullnægi kröfum afskipanda áður en lestun hefst, ella er afskipandi ekki skuldbundinn til að hefja lestun fyrr en lestar eru í því ástandi að farmurinn verði ekki fyrir skemmdum. Plastbúnaður og uppsetningarkostnaður eru fyrir reikning eigenda skipsins."

Við útskipun saltsins í La Nouvelle var ekki farið eftir þessum ákvæðum. Í yfirlýsingu útskipenda í La Nouvelle, sem fram kemur á dómskjali nr. 18, segir skv. íslenskri þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„*Comptoir lenguedocien de*
Transit et manutention
Port la Nouvelle, 3. júní 1977

Skipstjóri m.s. LADY VIBEKE,
í Port la Nouvelle.

Efni: Ferð Pourt la Nouvelle/Ísland
1.000 lestir af lauslestuðu salti.

Kæri skipstjóri,

Fyrir hönd afskipenda, Cie des Salins du Midi et des Salines de l'Est í Paris, verðum við að gera yður ábyrgan fyrir hverskyns skemmdum, sem orsakast hafa á farminum vegna þeirrar staðreyndar að ekki hefur verið breitt plast yfir lestargólfið og einnig með því vængir milliþilfars hafa ekki verið kalkþvegnir eins og ákvæði voru um í skipaleigusamningnum.

Þess vegna verður að synja hverskyns kröfum viðtakenda á áfangastað og beina þeim að skipinu.

Virðingarfyllst,
sign.

Móttekið
skipstjóri"

Þrátt fyrir þetta bréf var farminum skipað út. Stefndi segir, að sér hafi ekki verið gert viðvart um þetta. Í telexskeyti, sem fram kemur í dómskjali nr. 21, halda seljendur saltsins því fram, að stefnda hafi verið kynntur þessi ágreiningur þegar á hleðslutíma skipsins. Í telexskeyti á sama dómskjali segist stefndi ekki muna til þess. Frekari gögn eru ekki hér um.

Stefndi hefur höfðað tvö gerðardómsmál, annars vegar gegn eigendum skipsins fyrir gerðardómi í Reykjavík og hins vegar gegn seljanda saltsins fyrir gerðardómi I. C. C., sem rekið er í Hollandi.

Úrslit eru fengin í fyrra gerðardómsmálinu, og varð niðurstaðan sú, að eigendur skipsins voru dæmdir til að greiða 75.785% af flutningskostnaði saltsins.

Síðara gerðardómsmálið varðar kaupverð saltsins, og er það enn ódæmt.

Stefnandi gerir ekki hér kröfur vegna verðs saltsins sem slíks en stefndi hefur lýst því yfir, að það verði ekki innheimt. Stefnandi fór að ráðum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, og var fiskurinn umsaltaður, og er talið, að tekist hafi að bjarga miklu, en þó hafi orðið verulegur kostnaður af þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru til þess að koma í veg fyrir frekara tjón.

Hér sækir stefnandi stefnda um meint tjón sitt af koparmengun saltsins. Hann sundurliðar tjón sinn á dómskj. nr. 3. Það hljóðar svo:

„Tjón vegna koparmengaðs salts.

Vinna við vöskun á fiski:				
Vinnulaun dv. 2611 st. 527	kr.	1.493.492		
ev. 537 — 801	—	430.137		
nv. 72 — 1030	—	74.160		
Verkstjórn dv. 192 — 690	—	132.480		
ev. 48 — 965	—	46.320		
nv. 57 — 1241	—	70.737		
	kr.	2.247.326		
Orlof	—	187.202		
	kr.	2.434.528		
24,5% v/launatengd gjöld	—	596.459		
kr. 2000×140 st. Lyftari	—	280.000	Kr.	3.310.987
Uppskipun koparmengaðs salts:				
Vinnulaun skv. skrá	kr.	80.554		
Akstur 48 st. 2282	—	109.584	—	190.138
Koparmenguðu salti ekið úr skemmu:				
Vinnulaun og verkstjórn	kr.	25.500		
Akstur 24 st. 2282	—	54.792		
Ámokstursvél 8 st. 2500	—	20.000	—	100.292
Salti ekið frá Stöðvarfirði:				
Akstur	kr.	135.054	—	135.054
			Kr.	3.736.471“

Stefndi hefur samþykkt tölulega útreikning stefnanda samkvæmt dómskjali nr. 3.

Stefnandi féllst á að bíða átekta og fylgjast með framvindu gerðardómsmálanna, sem um er gerið hér að framan. Þegar niðurstaða var fengin úr fyrra málinu, framseldi stefndi vátryggingarfélagi útgerðarinnar, Assuransforeningen Skuld, meinta kröfu sína á hendur stefnanda gegn greiðslu á bótunum. Stefnandi taldi þegar hér var komið sögu ekki ástæðu til að bíða lengur með málarekstur. Stefndi neitar alfarið bótum.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann hafi keypt saltið hjá stefnda. Það hafi verið haldið leyndum galla. Skaðlegir eiginleikar þess hafi valdið framleiðslutjóni hjá honum og saltið reynst honum ónýtt. Stefndi beri sem seljandi ábyrgð á skaðlegum eiginleikum söluvörunnar og því tjóni, sem gallar á henni hafi valdið kaupandanum. Hann hafi í verki viðurkennt ábyrgð sína með að krefja stefnanda ekki um greiðslu kaupverðs saltsins.

Stefndi hafnar því algerlega, að stefnandi geti gert hann ábyrgan fyrir skaðlegum eiginleikum saltsins. Hann hafi ekki sýnt af sér nokkra van-

rækslu í sambandi við sölu saltsins eða flutning þess. Upplýst sé, að saltið hafi mengast, eftir að það kom um borð í Lady Vibeke. Stefndi hafi látið setja ákvæði í skipsleigusamning og kaupsamning saltsins, sem koma hefðu átt í veg fyrir, að saltið gæti mengast í skipinu. Það hafi ekki verið sök stefnda að nauðsynlegar varúðarráðstafanir voru ekki gerðar. Bótakrafa verði því ekki byggð á grundvelli sakarreglu. Þá verði bótakrafa ekki byggð á hlutlægri bótaábyrgð, þar sem engin heimild sé til að beita slíkri ábyrgðarreglu í þessu máli. Þá mótmælir stefndi því, að hann hafi beint eða óbeint tekið á sig nokkra ábyrgð á skaðvænlegum eiginleikum vörunnar eða hann hafi í verki viðurkennt bótaábyrgð með því að krefja stefnanda ekki um greiðslu kaupverðs saltsins.

Við munnlegan flutning málsins benti hann á, að stefnandi hefði látið fyrirfarast að rannsaka sýni af saltinu áður en hann hóf að nota saltið. Þetta eigi að firra hann bótum, sbr. 47. gr, sbr. 51. gr. kauplaganna.

Stefnandi mótmælti þessari síðustu málsástæðu stefnda og benti á, að stefnandi hafði ekki aðstöðu til að efnagreina saltið. Hann hefði mátt treysta því, að saltið hefði þá eiginleika, sem fisksalt þurfi að hafa, en hann hefði pantað slíkt salt hjá stefnda.

Álit dómsins.

Í máli þessu er ekki lengur deilt um greiðslu kaupverðs saltsins.

Aðiljar eru um það sammála, að saltið hafi verið koparmengað og mengunin hafi gerst um borð í m/s Lady Vibeke. Þá er ekki um það deilt, að seljandi hafi vitað til hvers átti að nota saltið og að saltið hafi guluskemmt fisk stefnanda.

Samkvæmt 15. gr. tímabundna farmsamningsins milli stefnda og eigenda m/s Lady Vibeke var afskipandi ekki skuldbundinn til að hefja lestun, fyrr en lestarnar væru í því ástandi, að farmurinn yrði ekki fyrir skemmdum. Samkvæmt sama ákvæði taka eigendur skipsins að sér að þvo lestarnar vel (hvítþvo þrisvar sinnum og fóðra með plasti) og þrífa, kalkþvo.

Samkv. dómskj. 18, yfirlýsingu afskipenda, er ekki eftir þessu farið. Segir þar, að ekki hafi verið breitt plast yfir lestargólfið og vængir millibilfars hafi ekki verið kalkþvegnir.

Afskipandi heimilar þó lestun, en til þess var hann ekki skuldbundinn skv. 15. gr. tímabundna farmsamningsins, eins og segir hér að ofan.

Gagnvart stefnanda ræður stefndi afskipanda og útvegar skip til flutninganna. Hann þykir því gagnvart honum bera ábyrgð á mistökum þeirra, sem hann fær til að efna samning sinn við hann, en ómótmælt er, að mengun saltsins megi rekja til vanbúnaðar skipsins, sem notað var til flutnings þess.

Vanbúnaður skipsins verður til þess, að saltið hafði ekki þá eiginleika, sem telja verður, að áskildir hafi verið.

Stefndi mótmælir ekki, að saltið hafi guluskemmt fiskinn. Guluskemmdir eru almennt til þess fallnar að rýra verðgildi saltfisks. Samkvæmt ráðleggingum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða var reynt að draga úr tjóninu og stefnda gefið tækifæri á að segja skoðun sína á þeim aðgerðum. Hann taldi ekki ástæðu til þess. Hann hefur heldur ekki sýnt fram á, að þær hafi ekki verið hæfilegar og komið að notum.

Þegar þetta er virt, þykir stefnandi hafa sýnt nægilega fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Stefndi mótmælir ekki tölulega útreikningi stefnanda á tjóninu, eins og hann er nú settur fram. Þykir því mega miða við útreikninginn.

Það þykir ekki þurfa að taka tillit til þess hér, að stefnandi lét fyrirfarast að láta efnagreina sýni af saltinu við uppskipun, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að stefnendur hafi haft sérstaka ástæðu til að efast um gæði saltsins. Þá höfðu þeir enga aðstöðu til efnagreiningar hjá sér.

Samkvæmt öllu því, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda stefnufjárhæðina.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, og henni er í hóf stillt, og þykir því mega taka hana til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 700.000.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóhanni J. Ólafssyni stórkaupmanni og Óskari Maríussyni efnaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnanda, Síldarvinnslunni h/f, kr. 3.736.471 með 13% ársvöxtum frá 1. 8. 1977 til 21. 11. 1977, með 16% ársvöxtum frá 21. 11. 1977 til 21. 2. 1978, með 19% ársvöxtum frá 21. 2. 1978 til 1. 6. 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. 6. 1979 til 1. 9. 1979, með 27% ársvöxtum frá 1. 9. 1979 til 11. 1. 1980, með dómvöxtum sbr. l. nr. 56/1979, frá 11. 1. 1980 til greiðsludags (43.5% ársvöxtum frá 11. 1. 1980 til 1. júní 1980, en 46% frá 1. 6. 1980) og málskostnað, kr. 700.000, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. febrúar 1984.

Nr. 119/1982. **Erla Þorsteinsdóttir**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
Elliða N. Guðjónssyni
(Jón Ólafsson hrl.)

Hjón. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1982. Hann krefst þess, „að staðfest verði með dómi riftun áfrýjanda á samkomulagi málsaðila dagsettu 10. maí 1980 um skipti á félagsbúi aðila og að riftunin taki einnig til skiptayfirlýsinga og samninga er gerðir voru af málsaðilum hinn 21. maí 1980 á grundvelli samkomulags frá 10. maí 1980." Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samningur málsaðilja um eignaskipti frá 10. maí 1980, sem saminn var af lögmanni áfrýjanda, verður hvorki talinn hafa verið bersýnilega ósanngjarn, þannig að hann verði með dómi lýstur óskuldbindandi samkvæmt heimild í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, né heldur verður hann metinn ógildur vegna efnis síns og aðdraganda með stoð í almennum reglum um fjármunaréttarsamninga. Heimildarlaus veðsetning stefnda á eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni Lyngási 11 í Garðakaupstað til tryggingar skuldum sínum við Útvegsbanka Íslands, eftir að eignaskiptasamningurinn var kominn til framkvæmda var ekki vanefnd á þeim samningi, sem veitti áfrýjanda rétt til riftunar hans. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Erla Þorsteinsdóttir, greiði stefnda, Ellíða N. Guðjónssyni, 25.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. febrúar 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 8. febrúar 1982, hefur Erla Þorsteinsdóttir, nnr. 2180-9128, Lindarflöt 37, Garðakaupstað, höfðað fyrir dóminum hinn 8. maí 1981 gegn Ellíða Norðdahl Guðjónssyni, nnr. 2076-6921, Lyngási 11, Garðakaupstað.

Endanlegar dómkröfur sínar orðar stefnandi svo:

„Að staðfest verði með dómi riftun stefnanda á samkomulagi málsaðila dagsettu 10. maí 1980 um skipti á félagsbúi aðila og að riftunin taki einnig til skiptayfirlýsinga og samninga er gerðir voru hinn 21. maí 1980 á grundvelli samkomulagsins frá 10. maí 1980. Tekur riftunarkrafan þannig til löggerninga sem eru á dskj. nr. 3, 4, 5, 6 og 7 í máli þessu. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati réttarins."

Lögmaður stefnda orðar dómkröfur stefnda svo:

„Að staðfest verði með dómi eftirtalin skjöl, sem undirrituð eru af umbjóðanda mínum og stefnanda, en þau eru samkomulag dagsett 10. maí 1980, samningur dagsettur 21. maí 1980, félagssamningur dagsettur 21. maí 1980, yfirlýsing um fasteignina Lindarflöt 37, Garðabæ, dagsett 21. maí 1980, og yfirlýsing um festeignina Lyngás 11, dagsett 21. maí 1980, en þetta eru rskj. nr. 3, 4, 5, 6 og 7 í máli þessu.

Þá krefst umbjóðandi minn málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins."

II.

Aðiljar máls þessa, sem gengið höfðu í hjúskap hinn 25. júlí 1955, fengu leyfi til lögskilnaðar í byrjun árs 1978. Bú þeirra var tekið til opinberrar skiptameðferðar, þar eð ágreiningur var með þeim um búskipti. Hjónin höfðu búið í einbýlishúsi að Lindarflöt 37, sem þau höfðu fært úr hjúskapareign mannsins í séreign konu með kaupmála, skráðum 10. 4. 1973. Helstu eignir félagsbúsins voru í fyrsta lagi verksmiðjuhús að Lyngási 11, bakhús, 28% eignarhluti af allri fasteigninni Lyngási 11, og í öðru lagi fyrirtæki, er starfaði í verksmiðjuhúsinu og framleiddi einkum handfæravindur, er maðurinn hafði fundið upp og fengið á einkaleyfi. Verulegur hluti af framleiðslu fyrirtækisins var til útflutnings.

Mál þetta hefur verið lagt þannig fyrir, að þarna hafi verið um þrjár nokkuð jafn verðmætar eignir að ræða, íbúðarhúsið, verkstæðishúsið og verksmiðjuna með tækjum, lager og viðskiptavild.

Undir hinni opinberu skiptameðferð krafðist maðurinn þess, að íbúðarhúsið að Lindarflöt 37 yrði dregið undir félagsbúið. Var um það ágreiningsefni rekið sérstakt skiptaréttarmál. Helstu málsástæður sóknaraðilja, mannsins, voru þær í fyrsta lagi, að kaupmálinn hefði verið málamyndagerningur, í öðru lagi, að hann hefði afturkallað kaupmálann, í þriðja lagi, að hann hefði verið í góðri trú um, að kaupmálinn væri úr gildi fallinn, þar eð hann hefði ekki verið færður í veðmálabækur, þ. e. þinglýst sem eignarheimild fyrir fasteign þeirri, er hann tók til (aðeins skráður í kaupmálabók), í fjórða lagi, að varnaraðili hefði eftir gerð kaupmálans lýst því yfir, að sóknaraðili skyldi eiga fyrirtækið einn, og í fimmta lagi, að sóknaraðili hefði gert fyrirtæki sitt og verksmiðjuhús að séreign sinni, hefði hann vitað, að varnaraðili ætlaði að byggja á kaupmálanum, ef til skipta kæmi.

Með úrskurði skiptaréttar, uppkveðnum 26. febrúar 1979, var hrundið kröfu mannsins um, að fasteignin að Lindarflöt 37 yrði dregin undir búskipti.

Hélt nú skiptameðferð búsins áfram, og varð samkomulag um að selja eignir búsins á opinberu uppboði. Þá gerist það vorið 1980, að hjónin náðu samkomulagi um ágreiningsefni sín og lögðu fram í skiptarétti hinn 29. maí 1980 samkomulag um búskiptin, dagsett 10. maí 1980.

Samkomulag þetta, þ. e. skiptagerð, er dskj. nr. 3 í máli þessu. Helstu atriði þess eru, að fasteignirnar að Lindarflöt 37 og Lyngási 11 skyldu báðar verða sameign málsaðilja með helmings eignarhlutaraðild hvors um sig. Um fyrirtækið skyldi stofnað sameignarfélag, einnig með helmings eignarhlutdeild. Við skiptalokin hinn 29. maí lögðu aðiljar fram skiptayfirlýsingar í samræmi við framangreint, sem þinglýst var á fasteignirnar, og eru það dskj. nr. 6 og 7 í máli þessu, og stofnsamning og félagssamning sameignarfélagsins, og eru það dskj. nr. 4 og 5 í máli þessu. Eru þá upptalin skjöl þau, er vísað er til í dómkröfum málsaðilja.

Frávik frá lögmæltum skiptareglum við búskiptin var það, að fasteignin Lindarflöt 37 var dregin undir þau, og er það sérstaklega áréttað með þessum orðum í samkomulaginu á dskj. nr. 3: „Erla Þorsteinsdóttir fellur frá rétti sínum samkvæmt kaupmála ds. 9. 4. 1973 um Lindarflöt 37 og samþykkir að eignin falli til félagsbúsins.“ Annað óvenjulegt ákvæði í nefndum gerningum er í stofnsamningi um sameignarfélagið, en þar segir, að konan skuli „fá í laun frá fyrirtækinu“ kr. 300.000 á mánuði kaupgjaldsvísitölutryggt miðað við 1. maí 1980, en starfskrafta Erlu er þó ekki óskað við rekstur fyrirtækisins.

Leið nú sumarið og fram til 10. október, en þá ritar lögmaður konunnar

manninum bréf, þar sem kvartað er yfir því, að konan hafi ekki fengið um 2ja mánaðar laun greidd og brotið hafi verið það ákvæði félagssamningsins, að aðiljar haldi „1 fund með verkstjóra fyrirtækisins í viku hverri um rekstur og hag félagsins." Þvert á móti hafi konan engar upplýsingar fengið, þótt eftir þeim hafi verið leitað. Áskilinn er allur réttur vegna vanefnda á umræddum samningum.

Enn ritar lögmaður konunnar manninum bréf hinn 6. maí 1981. Þar lýsir hann f. h. umbjóðanda síns yfir riftun á samningum þeim, er dómkröfur stefnanda í máli þessu lúta að. Til staðfestingar á þeirri riftun er svo mál þetta höfðað tveim dögum seinna með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dómi hinn 8. maí 1981.

III.

Málsástæðum sóknaraðilja er í aðalatriðum þegar lýst, en nánari reifun þeirra er á þessa leið:

Maðurinn hafi vanefnt skilnaðarsamninga aðilja verulega og hafi því konunni verið heimilt að rifta þeim. Vanefndin sé í fyrsta lagi fólgin í því, að af þeim kr. 22.338.50, sem sameignarfélagið sem maðurinn stjórnar, hafi átt að greiða konunni í laun fyrir tímabilið frá 1. 6. - 31. 12. 1980 séu aðeins kr. 13.907 greiddar, eftirstöðvar, kr. 8.430.70, eða 37.74%, og af launafjárhæð kr. 22.558 fyrir tímabilið 1. 1. - 30. 6. 1981 séu aðeins kr. 17.359.20 greiddar, eftirstöðvar kr. 5.198.80, eða 23.05%. Af heildarlaunum fyrir 13 mánaða tímabil, kr. 44.896.00, séu kr. 13.626.50 ógreiddar, eða 30.36%.

Af hálfu mannsins er ofangreind sundurliðun tölulega viðurkennd, en á því byggt, að hér sé ekki um slíka vanefnd að ræða, að til riftunarheimildar geti leitt.

Vanefndir telur sóknaraðili í öðru lagi í því fólgnar, að brotið hafi verið ákvæði 4. gr. félagssamnings um vikulega fundi. Hún hafi aðeins þrívegis verið boðuð til fundar, í eitt skiptið hafi hún ekki komist á fund, í annað skipti hafi hún mætt til boðaðs fundar, en þá hafi hvorki varnaraðili né verkstjórinn mætt og því orðið fundarfall, en í þriðja skiptið hafi að vísu verið haldinn fundur, en þá hafi fyrst og fremst verið rætt um vanda fyrirtækisins vegna fjármagnsútvegunar, en ekkert heildaryfirlit gefið um reksturinn.

Stefnandi heldur því fram, að þar sem sér hafi ekki heldur með öðrum hætti verið gefinn kostur á að fylgjast með rekstrinum eða hafa hönd í bagga um stjórnun fyrirtækisins, þá sé þarna um verulega vanefnd að ræða, þá að halda stefnanda nánast algerlega utan við allar ákvarðanatökur og upplýsingar að því er snerti stjórnun og rekstur fyrirtækisins.

Við aðiljayfirheyrslu hélt maðurinn því ekki fram, að hann hefði staðið

við það ákvæði félagssamnings að boða vikulega fundi. Hann tók fram, að þegar halda átti fund þann, þegar konan mætti ekki, þá hafi hann verið búinn að fá bókhaldsfróðan mann til að fara yfir stöðu og rekstur fyrirtækisins og hafi hann mætt á fundinum, en konan ekki komið og þeir beðið í tvo tíma, en konan setið heima hjá sér og á engan hátt verið forföllud. Fundurinn hafi svo verið haldinn nokkrum dögum seinna og konan mætt þar og þá m. a. verið rætt um fjármagnsútvegun.

Maðurinn tók fram, að hann mótmælti því, að hann hefði meinað konunni að fylgjast með rekstrinum. Þvert á móti kvaðst hann hafa hvatt bæði konuna og lögmann hennar til að „fylgjast með öllum pappírum í sambandi við verkstæðið, hvort sem þeir væru hjá mér eða endurskoðanda." Um áramótin kvaðst hann hafa boðið konunni að hefja störf við fyrirtækið, þannig að hún gæti fylgst með daglegum rekstri og athöfnum.

Í þriðja lagi telur sóknaraðili vanefndir í því fólgnar, að varnaraðili hafi án heimildar sinnar veðsett sameiginlegar eignir málsaðilja. Þannig hafi hann með tryggingarbréfi, útgefnu 2. 7. 1980, veðsett Útvegsbanka Íslands allan eignarhluta beggja málsaðilja í fasteigninni að Lyngási 11 fyrir gkr. 6 milljónir, með veðskuldarbréfi, útgefnu hinn 11. 8. 1981, hafi hann veðsett Iðnlánasjóði 50%, þ. e. sinn eigin eignarhluta í nefndri eign fyrir kr. 44.762.50, með tryggingarbréfi, útg. 19. 10. 1981, hafi hann veðsett Útvegsbanka Íslands sama eignarhluta fyrir U.S.$ 20.000, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum, og loks með veðskuldabréfi, útgefnu 8. 1. 1982, hafi hann veðsett Samvinnubanka Íslands h/f sama eignarhluta fyrir kr. 60.000.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að allar þessar veðsetningar hafi verið vegna reksturs hins sameiginlega fyrirtækis og raunar óhjákvæmilegar til þess að halda fyrirtækinu gangandi. Með þrem síðast töldu bréfum hafi stefndi aðeins veðsett sinn eigin eignarhluta og sé fráleitt að stefnandi geti að því fundið fremur en þinglýsingadómari, sem þinglýst hafi bréfunum athugasemdalaust, einnig þeim sem þinglýst var, eftir að þinglýst var hinn 10. okt. 1981 yfirlýsingu á dskj. nr. 7 um 50% eignarhlutdeild stefnanda í Lyngási 11.

Stefnandi telur, að þar sem um óskipta sameign sé að ræða, þá breyti það engu um ólögmæti greindra veðsetninga, þótt stefndi veðsetti aðeins sinn 50% eignarhluta með þremur síðustu veðsetningum.

Í fjórða lagi telur stefnandi vanefndir stefnda í því fólgnar, að stefndi hafi hinn 28. ágúst 1981 skráð nýtt fyrirtæki, Sjávarvélar s/f, er hann hafi stofnað ásamt tveim nafngreindum mönnum. Fyrirtækið hafi hafið rekstur með framleiðslu beitningarvéla í þeim hluta hússins að Lyngási 11, sem ekki er í eigu aðilja máls þessa. Telur stefnandi aðild stefnda að þessu nýja fyrirtæki ósamrýmanlegan félagsrekstri málsaðilja, hið nýja fyrirtæki verði

samkeppnisaðili hins eldra og allt bendi til þess, að það sé gagngert stofnað til þess að draga tækniþekkingu út úr eldra fyrirtækinu, en hönnun umræddra beitningarvéla hafi farið þar fram. Loks telur stefnandi, að lager, vinnutími og fl. kunni e. t. v. að ruglast milli fyrirtækjanna, viljandi eða óviljandi, hinu eldra fyrirtæki í óhag. Þessu öllu hefur stefndi eindregið mótmælt, bendir á, að ekkert sé í félagssamningi um sameignarfyrirtæki málsaðilja, sem banni honum að eiga aðild að öðrum fyrirtækjum, um aðra framleiðslu sé að ræða, þar sem Elliði Norðdahl Guðjónsson s/f framleiði ekki beitningarvélar, og loks að hönnuður beitningarvélanna sé ekki stefndi, heldur annar sameigenda hans.

Jafnframt því að byggja riftun á vanefnd, þ. e. brotum stefnda á samningum málsaðilja, byggir stefnandi kröfur sínar á þeirri málsástæðu, að skilnaðarsamkomulag málsaðilja sé *óskuldbindandi* af þeim ástæðum, er nú skal greina:

Í fyrsta lagi hafi uppboð á eignum félagsbúsins vofað yfir. Við uppboðssölu hefðu eignirnar að líkindum selst fyrir lágt verð. Einkum megi ætla, að svo hefði farið um fyrirtækið, ekkert hafi bent til, að viðunandi boð fengist í það sem eina heild og því síður að sannvirði fengist fyrir einstakar eignir þess, svo sem aðkeypta hluti í framleiðsluvörurnar eða hálfsmíðaða hluti, hvort tveggja á lager þess. Viðskiptavild fyrirtækisins hefði orðið einskis virði við slíka uppboðssölu. Stefndi hefði þannig að öllum líkindum aðeins þurft að bjóða mjög lágt til þess að ná fyrirtækinu til sín.

Í öðru lagi hafi aðstöðumunur málsaðilja verið mjög mikill, stefndi reyndur í viðskiptum og hafandi mikla tekjuöflunarmöguleika gagnstætt því, sem verið hafi um stefnanda.

Í þriðja lagi séu skilnaðarsamningarnir óskuldbindandi samkvæmt 54. gr. l. nr. 60/1972. Þeir fullnægi því skilyrði nefnds lagaákvæðis að hafa verið bersýnilega ósanngjarnir. Hinu skilyrði ákvæðisins um 1 árs málshöfðunarfrest sé einnig fullnægt, þar sem miða verði upphaf frestsins við gerð samkomulagsins hinn 10. maí 1980, en mál þetta sé höfðað hinn 8. maí 1981.

Í fjórða lagi hafi það verið forsenda af hálfu stefnanda, að samvinna málsaðilja yrði með eðlilegum hætti um rekstur fyrirtækisins. „Þessir samningar hefðu getað gilt og haldið ef eftir þeim hefði verið farið", eins og lögmaður stefnanda orðaði það í málflutningi. Svo hafi ekki orðið og forsendur því brostnar.

IV.

Álit réttarins.

Mál þetta snýst í raun um fasteignina Lindarflöt 37. Yrði fallist á kröfur sóknaraðilja um riftun eða ógildingu skilnaðarsamninga frá maí 1980, hæf-

ust samningar málsaðilja um skipti eða opinber skiptameðferð að nýju á þeim grundvelli, að nefnd fasteign væri séreign konunnar og utan félagsbúsins. Rétt þykir að fjalla fyrst um þá málsástæðu stefnanda, sem byggð er á 54. gr. l. nr. 60/1972, þ. e. að skilnaðarsamkomulag málsaðila skuli lýsa óskuldbindandi, þar sem það hafi verið bersýnilega ósanngjarnt og málið höfðað innan lögmæts frests.

Af hálfu stefnanda hefur verið rík áhersla á það lögð, að við mat á því, hvort skilnaðarsamkomulagið hafi verið bersýnilega ósanngjarnt, verði að líta til aðstæðna, eins og þær voru við gerð þess, en þá hafði konan með úrskurði skiptaréttar fengið á því staðfestingu, að hún gæti samkvæmt kaupmálanum frá 1973 haldið fasteigninni að Lindarflöt 37 utan við skiptin. Á þetta verður ekki fallist, þvert á móti verður við mat á því, hvað var bersýnilega ósanngjarnt, að líta til allra aðstæðna, þ. á m. forsögu málsins.

Í skiptaréttarmálinu nr. 417/1978, en úrskurður í því máli hefur verið lagður fram sem dómskjal í máli þessu, kom það fram, að með kaupmálanum var nefnd fasteign, sem orðið hafði til í hjúskap málsaðilja, endurgjaldslaust gerð að séreign konunnar.

Eftir þessu þá er það sú eignaheild, sem myndast hafði í hjúskap hjónanna frá upphafi hans 1955 til loka hans í ársbyrjun 1978, sem skilnaðarsamningarnir frá maí 1980 taka til. Þeirri eignaheild var samkvæmt þeim skipt eftir helmingaskiptareglu. Ekki verður séð, að sú niðurstaða hafi getað talist ósanngjörn.

Vanefnd varð af hálfu mannsins á því, að hann léti sameignarfélag málsaðilja standa við umsamdar greiðslur til konunnar. Raunar virðist ekki hægt að líta á þær greiðslur sem laun, fremur virðist þarna hafa verið um sérstakt form á arðgreiðslum til annars sameigenda að ræða.

Vanefndarfjárhæðin, kr. 13.629.50 af kr. 44.762.50, er veruleg, ef einvörðungu er litið til umsaminna greiðslna skv. 3. gr. á dskj. nr. 4. Sé hins vegar litið til heildarverðmætis félagsbúsins, þá er vanefndafjárhæðin óveruleg, eða væntanlega um ⅔%, og um eða innan við 1% sé litið til þeirra verðmæta, er konan fékk í sinn hlut við skiptin.

Í 8. gr. félagssamnings um sameignarfélag málsaðilja er kveðið svo á, að vilji annar eigenda ganga úr félaginu, skuli hinn greiða honum út hlut hans eftir mati tveggja óvilhallra manna og miðist matið við áframhaldandi starfrækslu félagsins. Helming fjárhæðarinnar skal greiða innan 6 mánaða, frá því að krafa kemur fram, en hinn helminginn innan árs. Þessu ákvæði hefur ljóslega verið ætlað að tryggja konunni óvenju greiða leið til félagsslita og að hagsmunir hennar yrðu ekki fyrir borð bornir eða þeim spillt við félagsslit.

Að öllu þessu athuguðu telst hvorki fram komið í málinu, að þau atvik

hafi verið fyrir hendi, er varði því, að skilnaðarsamningar málsaðilja um fjárskipti teljist óskuldbindandi, né að þær vanefndir, sem á þeim hafa orðið af hálfu stefnda, séu þess háttar, að þær heimili riftun þeirra.

Ber því að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Elliði Norðdahl Guðjónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Erlu Þorsteinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. febrúar 1984.

Nr. 130/1982. **Valdimar Auðunsson**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Ingólfi Ingvarssyni
(Stefán Pálsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og áfrýjanda dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Mál þetta snýst um það, hvort fram eigi að fara uppboð til slita á sameign málsaðilja og fleiri manna að jörðunum Neðri-Dalur I og Neðri-Dalur II, Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.

Jarðir þessar hafa verið í eyði síðan 1973, er stefndi lét af búskap þar, að því er fram kemur í uppboðsbeiðni.

Samkvæmt veðbókarvottorðum fyrir jarðirnar, útgefnum 23. febrúar 1982, eru eignarheimildir að þeim sem hér segir:

Neðri-Dalur I:

4/11 hlutar: Ingólfur Ingvarsson, skv. afsali 10. janúar 1953.

5/11 hlutar, samkvæmt skiptayfirlýsingu 12. desember 1961: Guðrún Auðunsdóttir, Ólafur H. Auðunsson, Leifur Auðunsson, Hafsteinn Auðunsson, Ingigerður Auðunsdóttir, Hálfdán Auðunsson, Margrét Auðunsdóttir, Konráð Auðunsson, Valdimar Auðunsson og Guðrún I. Auðunsdóttir.

Hinn 29. desember 1971 afsalaði Guðrún I. Auðunsdóttir Valdimar Auðunssyni sínum hluta í jörðinni.

Með gjafaafsali, útgefnu 20. júlí 1976, eignuðust þær Vigdís og Kristjana Kristófersdætur 180 álnir í jörðinni.

Neðri-Dalur II:

¼ hluti: Ingólfur Ingvarsson, skv. afsali 18. desember 1959.

¾ hlutar, skv. skiptayfirlýsingu 12. desember 1961 Guðrún, Ólafur H., Hafsteinn, Ingigerður, Hálfdán, Margrét, Konráð, Valdimar og Guðrún I. Auðunsbörn.

Hinn 29. desember 1971 afsalaði Guðrún I. Auðunsdóttir hluta sínum í jörðinni í hendur Valdimar Auðunssyni.

II.

Hinn 20. maí 1979 gerðu eigendur jarðanna samkomulag um að setja þær í sölu, og hefur skjal um það verið lagt fram við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Samkvæmt því, sem segir í uppboðsbeiðni, bárust nokkur tilboð í jarðirnar, en eigi náðist samstaða meðal allra eigenda um sölu. Því var það, að hinn 9. febrúar 1982, reit stefndi sýslumanninum í Rangárvallasýslu uppboðsbeiðni, þar sem hann fór fram á, að framangreindar jarðir „verði seldar á opinberu uppboði í einu lagi til slita á sameign...“

Í uppboðsbeiðni þessari er, auk stefnda, getið, án nokkurra skýringa, eftirtalinna manna sem eigenda:

Valdimars Auðunssonar, Konráðs Auðunssonar, Hálfdáns Auðunssonar, Hafsteins Auðunssonar, Ólafs Auðunssonar, Guðrúnar Auðunsdóttur, Guðrúnar Geirsdóttur, Ingigerðar Auðunsdóttur, Jónatans Jakobssonar og Kristjönu Kristófersdóttur.

Uppboðsmál þetta var fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Rangárvallasýslu 23. febrúar 1982. Bókaði uppboðshaldari þá m.a., að hann hefði tilkynnt eigendum jarðanna bréflega um framkomna uppboðsbeiðni og fyrirtökustað og tíma málsins. Eigi lagði uppboðshaldari fram nein gögn um, að hann hefði sent eigendum tilkynningar þessar.

Eftirfarandi menn eru bókaðir mættir við þingfestingu: Ingólfur Ingvarsson, uppboðsbeiðandi málsins, svo og Valdimar Auðunsson, Hálfdán Auðunsson, Ólafur Sveinsson vegna Guðrúnar Auðunsdóttur og Oddgeir Guðjónsson vegna Jónatans Jakobssonar.

Uppboðshaldari gat þess, að hann hefði tekið að sér að leggja mál þetta fyrir jarðanefnd og sveitarstjórn til umsagnar, sbr. 6. gr. jarðalaga.

Uppboðsmálinu var síðan frestað og það næst tekið fyrir 18. mars 1982. Þá eru eftirtaldir menn bókaðir mættir:

Ingólfur Ingvarsson, Valdimar Auðunsson og Oddgeir Guðjónsson f. h. Jónatans Jakobssonar.

Uppboðshaldari lagði fram og kynnti efni bréfs frá hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps, dags. 9. mars 1982, þar sem fram kom m.a., að hreppsnefndin taldi ekki óeðlilegt, að uppboð færi fram á jörðunum. Auk þess bókaði uppboðshaldari, „að formaður jarðanefndar Rangárvallasýslu hefði lýst yfir því, að jarðanefnd myndi ekki gera athugasemdir við uppboðssölu jarðarinnar."

Bókað er eftir Valdimar Auðunssyni m.a., að hann mótmæli framgangi uppboðsins, en ef til uppboðssölu komi, beri að selja jarðirnar sitt í hvoru lagi. Oddgeir Guðjónsson tók í sama streng.

Síðan var málinu frestað til 26. mars 1982 að ósk tveggja aðilja, þeirra Ólafs og Hafsteins Auðunssona, er voru fjarstaddir. Er málið var tekið fyrir framangreindan dag, eru þessir bókaðir mættir:

Ingólfur Ingvarsson, Valdimar Auðunsson, Konráð Auðunsson og Oddgeir Guðjónsson vegna Jónatans Jakobssonar.

Fram kom ákveðið kauptilboð í jarðirnar frá Valdimar Auðunssyni, en uppboðsbeiðandi hélt fast við kröfu sína um uppboð. Þeir Valdimar og Oddgeir kváðust báðir vilja láta reyna á „ákvæði Jónsbókar um forkaupsrétt sameigenda í kaupabálki Kap. 20 í þessu sambandi."

Var þessum aðiljum síðan veittur frestur til að koma að greinargerðum til 16. apríl 1982.

Málið var tekið fyrir þann dag og frestað til 27. s.m. Þá voru mættir: Ingólfur Ingvarsson og Oddgeir Guðjónsson vegna Jónatans Jakobssonar. Ekki lögðu þeir fram greinargerðir, en ítrekuðu fyrri kröfur og mótmæli.

Næst var málið tekið fyrir 6. maí 1982. Þá voru mættir: Ingólfur Ingvarsson, Valdimar Auðunsson og Oddgeir Guðjónsson vegna Jónatans Jakobssonar.

Aðiljar ítrekuðu enn fyrri kröfur og mótmæli. Síðan er bókað: „Aðilum var gefinn kostur á að leggja fram greinargerð í málinu sem þeir ekki gerðu. Aðilum var þá gefinn kostur á að tjá sig munnlega frekar um kröfur sínar. Uppboðshaldari kynnti þá aðilum, sem eru ólöglærðir, ákvæði 190. gr. l. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Valdimar Auðunsson gerði þá kröfu, að úrskurður um uppboðsbeiðni yrði rökstuddur."

Uppboðshaldari tók ágreiningsefnið þegar til úrskurðar og úrskurðaði án rökstuðnings, að uppboðið skyldi fram fara.

III.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að einhverjir þeirra, sem taldir eru eigendur jarðanna skv. framangreindum veðbókarvottorðum, væru látnir. Enga fræðslu er um þetta að finna í gögnum málsins né um þeirra erfingja.

Í uppboðsbeiðni er án nokkurra skýringa getið sumra manna sem eigenda jarðanna, sem eigi eru þinglýstir eigendur þeirra samkvæmt veðbókarvottorðunum.

Uppboðshaldara bar að tilkynna uppboðsþolum þegar uppboðsbeiðni með þeim hætti, er hlýða þykir, sbr. 6. gr. i.f. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð. Ekkert kemur fram um það, að uppboðshaldari hafi rannsakað, hverjir hinir raunverulegu eigendur jarðanna voru, og ekki hafa verið lögð fram gögn um það, að upp-

boðshaldari hafi sent þeim tilkynningar um uppboðsbeiðnina, sbr. 6. gr. i.f. laga nr. 57/1949.

Við þingfestingu málsins var aðeins mætt af hálfu fjögurra aðilja auk uppboðsbeiðanda, enda þótt þinglýstir eigendur hafi verið 12.

Gögn vantar um það, að uppboðsbeiðnin hafi formlega verið send Jarðanefnd Rangárvallasýslu til meðferðar, sbr. 6. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

Ekkert er bókað um það, að uppboðshaldari hafi leiðbeint aðiljum, sem eru ólöglærðir, þegar málið var tekið fyrir 23. febrúar, 18. mars, 26. mars, 16. og 27. apríl 1982, og heldur ekki á fullnægjandi hátt 6. maí s.á., svo sem uppboðshaldara bar skylda til skv. 114. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Vegna þeirra ágalla á meðferð málsins, sem nú hafa verið raktir, er óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð svo og meðferð málsins frá þinghaldi 23. febrúar 1982 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Það athugast, að rétt hefði verið af uppboðshaldara, eins og mál þetta er vaxið, að láta forsendur fylgja úrskurðinum, svo sem krafist var.

Það athugast enn fremur, að engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um stærð jarðanna eða fasteignamat né heldur mat á því, hvort unnt er að skipta hluta stefnda, Ingólfs Ingvarssonar, út úr landi jarðanna.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður svo og meðferð málsins frá þinghaldi 23. febrúar 1982 eru úr gildi felld, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og Björns Sveinbjörnssonar.

Áfrýjandi hefur ekki stefnt öðrum eigendum jarðanna fyrir Hæstarétt en stefnda, þótt rétt hefði verið að stefna sameigendum öllum. Væri því hendi næst að vísa máli þessu frá Hæstarétti. Eins og hér stendur sérstaklega á, þykja réttarfarsreglur ekki skjóta loku fyrir, að unnt sé að taka formhlið máls þessa til athugunar og dómsúrlausnar, en önnur niðurstaða mundi leiða til mikils óhagræðis og tjóns fyrir málsaðilja.

Við erum sammála athugun og lýsingu í atkvæði meirihluta dómara á þeim annmörkum réttarfars eðlis, sem eru á hinni áfrýjuðu uppboðsgerð. Teljum við eins og meirihluti dómara, að annmarkar þessir varði ómerkingu hins áfrýjaða úrskurðar og meðferðar málsins frá þinghaldi 23. febrúar 1982 og beri að vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar að nýju. Við erum enn fremur sammála úrlausn meirihluta dómara um málskostnað.

Úrskurður uppboðsréttar Rangárvallarsýslu 6. maí 1982.

Af hálfu Valdimars Auðunssonar og Oddgeirs Guðjónssonar hefur verið sett fram krafa um, að uppboðsbeiðni verði hafnað vegna ákvæða 20. kap. kaupabálks Jónsbókar. Uppboðsbeiðandi, Ingólfur Ingvarsson, mótmælir framkominni kröfu og krefst þess, að uppboð fari fram.

Uppboðshaldari telur ekki þörf sérstaks rökstuðnings vegna úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Framkominni kröfu er hafnað.

Uppboð skal fara fram.

Mánudaginn 13. febrúar 1984.

Nr. 220/1981. **Ólafur H. Sigtryggsson og Hörður h/f**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Steypustöð Suðurnesja h/f
(Stefán Pálsson hrl.)

Áskorunarmál. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sveinn Sigurkarlsson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík og Njarðvík, hefur framkvæmt hinar áfrýjuðu dómsathafnir.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 19. október 1981, að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 16. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Þeir krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði ómerkt og að stefnda verði dæmt skylt að þola aflýsingu gerðarinnar úr veðmálabókum. Til vara krefjast þeir þess, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefndu, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og stefndu dæmt skylt að þola aflýsingu hennar úr veðmálabókum. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefnda krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Hún krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Mál þetta er höfðað af stefndu, Steypustöð Suðurnesja h/f, fyrir bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur sem áskorunarmál með utanréttarstefnu, útgefinni 19. febrúar 1981, á hendur áfrýjanda Ólafi H. Sigtryggssyni „stjórnarformanni Harðar h/f“ til greiðslu skuldar að fjárhæð 1.639.68 krónur auk 4.75% mánaðarvaxta frá 11. ágúst 1980 til greiðsludags og málskostnaðar. Stefnan er birt 20. febrúar 1981. Í stefnu segir, að málið verði þingfest á bæjarþingi Keflavíkur og Njarðvíkur, „sem háð verður í dómsalnum Vatnsnesvegi 33 Keflavík miðvikudaginn 18. mars n. k. kl. 14.00.“ Málið var hins vegar þingfest á bæjarþinginu 4. mars 1981, kl. 14.00.

Áfrýjendur (stefndu í héraði) sóttu ekki þing. Sama dag voru stefnukröfurnar lýstar aðfarahæfar með áritun á stefnuna samkvæmt 10. gr. laga nr. 97/1978, með þeirri breytingu, að dráttarvextir voru ákveðnir 46% ársvextir frá „gjalddaga til greiðsludags." Málskostnaður var ákveðinn 931.00 króna.

Með bréfi til bæjarfógetans í Keflavík 12. mars 1981 krafðist stefndi fjárnáms í eignum áfrýjandans Harðar h/f til tryggingar framangreindri kröfu. Fjárnám fór fram 16. mars „við skrifstofu Harðar h/f, Fitjabraut 80, Njarðvík." Fógeti kvaddi þar til nafngreinda konu sem umboðsmann gerðarþola. Umboðsmaður gerðarbeiðanda benti á til fjárnáms eignina „Þórustíg 3, í Njarðvík þ.e. neðri hæð sem hann segir vera þinglýsta eign gerðarþola." Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í nefndri eign.

Stefnda styður kröfu sína um frávísun málsins frá Hæstarétti þeim rökum, að því hafi ekki verið haldið áfram með nægilegum hraða fyrir Hæstarétti. Áfrýjendur fengu málinu að vísu frestað nokkrum sinnum eftir þingfestingu þess, áður en það var tekið til munnlegs flutnings, en ávallt með samþykki stefndu. Er frávísunarkrafa stefndu ekki studd neinum haldbærum rökum, og verður ekki tekin til greina.

Eins og fyrr segir, var áfrýjanda Ólafi H. Sigtryggssyni stefnt fyrir bæjarþing Keflavíkur og Njarðvíkur 18. mars 1981, er þingfesta skyldi málið. Það var hins vegar þingfest 4. mars s.á. og stefnukröfur lýstar aðfararhæfar sama dag, án þess að stefnda sækti þing. Af þessum sökum verður að ómerkja hina aðfararhæfu áritun á áskorunarstefnuna og vísa málinu frá héraðsdómi. Þegar af þeirri ástæðu ber einnig að fella áðurgreinda fjárnámsgerð úr gildi. Um aflýsingu hennar úr veðmálabókum fer eftir 39. gr. laga nr. 39/1978.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinar áfrýjuðu dómsathafnir eru ómerktar, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1984.

Nr. 108/1982. **Hermann Björgvinsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Sveinbjörgu Haraldsdóttur
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1982. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti og ákveðst hann 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hermann Björgvinsson, greiði stefndu, Sveinbjörgu Haraldsdóttur, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 7. apríl 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 25. mars sl., er höfðað af Sveinbjörgu Haraldsdóttur, Kjarrhólma 4 hér í bæ, nnr. 8693-1028, með stefnu, útgefinni 29. janúar 1982, á hendur Hermanni Björgvinssyni, Efstahjalla 9 hér í bæ, nnr. 4042-5993, til ógildingar dómsáttar, sem gerð var á bæjarþingi Kópavogs, mánudaginn 21. desember 1981 í bæjarþingsmálinu nr. 198/

1981: Hermann Björgvinsson gegn Sveinbjörgu Haraldsdóttur. Til réttargæslu er stefnt þeim Kristjáni Stefánssyni hdl., nnr. 5884-9677, með starfsstofu að Ránargötu 13, og Eddu Ólafsdóttur hdl., nnr. 1671-6103, Hlyngerði 4, báðum í Reykjavík, en engar kröfur eru gerðar á hendur þeim.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að þola ógildingu dómsáttar þeirrar, sem getið er hér að framan og gerð var af þeim Kristjáni Stefánssyni hdl. og Eddu Ólafsdóttur hdl. í bæjarþingsmálinu nr. 198/1981: Hermann Björgvinsson gegn Sveinbjörgu Haraldsdóttur, en til vara er gerð sama krafa gegn greiðslu á kr. 25.000.00 með dráttarvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, fyrir hvern mánuð og byrjaðan mánuð frá 19. nóvember 1981 til greiðsludags og kostnaði að mati hins virðulega réttar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eftir mati hins virðulega réttar.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins. Við munnlegan flutning málsins gerði réttargæslustefndi Kristján Stefánsson hdl. þær kröfur, að stefndu Eddu Sigrúnu Ólafsdóttur hdl. yrði gert að sæta réttarfarssektum fyrir að hafa uppi ósæmandi ummæli um fyrrgreindan lögmann á réttarskjali nr. 13, og vísaði lögmaðurinn til 5. tl. 188. gr. laga nr. 85/1936. Ennfremur gerir réttargæslustefndi Kristján Stefánsson hdl. þá kröfu, að sér verði dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda fyrir þarflausa málshöfðun, þar sem aðild hans að málinu væri tilhæfulaus.

Af hálfu stefnda var gerð sú krafa, að málinu yrði vísað frá dómi, þar sem það heyrði ekki undir héraðsdóm, en með úrskurði, uppkveðnum 10. mars 1982, var frávísunarkröfu stefnda hrundið. Eigi þykja fram komnar neinar þær ástæður, er leiða ættu til frávísunar málsins ex-officio.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

Málavextir eru þeir, að stefnandi gaf út þrjá víxla, dagsetta 28. og 29. september og 17. október 1981, samþykkta af Hreini Líndal og er hver að fjárhæð kr. 25.000.00, sem skyldu greiðast 28. október og 19. og 28. nóvember 1981. Víxlar þessir bera með sér, að þá beri að greiða í Landsbanka Íslands, en á víxli, útgefnum 17. október 1981, hefur verið strikað yfir orðin „Landsbanka Íslands" og handskrifað þar fyrir ofan „Alþýðubankanum h.f." og á víxli útgefnum 28. nóvember s.á. hefur verið strikað yfir „Lands..." í orðinu Landsbanka og þar fyrir ofan vélritað „Iðn". Víxlar þessir voru eigi greiddir á tilgreindum gjalddögum, og höfðaði stefndi, Hermann Björgvinsson, mál til innheimtu skuldarinnar á hendur stefnanda, Sveinbjörgu Haraldsdóttur, með stefnu, útgefinni 15. desember 1981, og var málið þingfest á bæjarþingi Kópavogs fimmtudaginn 17. desember 1981 sem mál nr. 198/1981. Á bæjarþingi Kópavogs mánudaginn 21. desember 1981 gerðu lögmennirnir Kristján Stefánsson hdl. og Edda Sigrún Ólafs-

dóttir hdl. sátt þá, sem nú er krafist ógildingar á, og er hún svohljóðandi:

„Stefnda, Sveinbjörg Haraldsdóttir, Kjarrhólma 4, Kópavogi, lofar að greiða stefnanda Hermanni Björgvinssyni, Reykjavík, stefnufjárhæðina kr. 75.000.- með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 25.000.- frá 28. okt. 1981 til 19. 11. s. á., en af kr. 50.000.- frá þeim degi til 28. nóv. s.á. kr. 75.000.- frá þeim degi til greiðsludags, kr. 341.- í afsagnar- og stimpilkostnað og kr. 8.600.- í málskostnað.

Sáttina efnir stefnda Sveinbjörg þannig:

Með því að greiða stefnuupphæðina vextir og kostnað upp fyrir 1. febr. 1982.

Greiðslustaður er á lögmannsskrifstofu Kristjáns Stefánssonar hdl., Ránargötu 13, Reykjavík.

Sátt þessi er aðfararhæf.

Upplesið, staðfest.
Kristján Stefánsson (sign.)
Edda Sigrún Ólafsdóttir (sign.)

Sátt þannig gerð.

Bæjarþingi slitið,
Ólafur St. Sigurðsson (sign.)“

Stefnandi kom fyrir dóminn, og skýrði hún þá svo frá, að hún hefði fengið lögmanninn Eddu Sigrúnu Ólafsdóttur til þess að mæta fyrir sig við þingfestingu málsins. Ekki minntist stefnandi þess að hafa veitt lögmanninum umboð til þess að gera dómsátt í málinu. Kvaðst hún ekki hafa gefið lögmanninum heimild til að gera neitt, en það hafi komið til tals, að lögmaðurinn mundi mæta fyrir hennar hönd. Ekki kvaðst stefnandi hafa verið tilbúin til þess að gera neina samninga. Henni hafi ekki verið ljóst, að sátt hefði verið gerð í málinu, fyrr en sáttin var orðin aðfararhæf. Hún hefði falið lögmanninum að mæta við þingfestingu málsins og um annað hafi ekki verið rætt, hvorki fyrr né síðar. Ekki mundi hún, hvort hún hafi takmarkað umboð lögmannsins eða gefið henni fyrirmæli um að gera ekki dómsátt.

Stefndi kom fyrir dóminn og upplýsti, að breytingar þær, sem gerðar voru á tveim víxlanna varðandi greiðslustað, hefðu verið gerðar af starfsmönnum viðkomandi banka, eftir að þeir voru útgefnir og samþykktir.

Réttargæslustefnda, Edda Sigrún Ólafsdóttir, kom fyrir dóminn og skýrði svo frá, að stefnandi hefði falið henni að mæta á bæjarþingi Kópavogs þann 17. desember 1981 vegna stefnu, útg. 15. desember 1981, dskj. nr. 3. Lögmaðurinn hélt því ákveðið fram, að henni hefði ekki verið veitt umboð til að gangast undir þær skuldbindingar stefnanda, sem felast í margnefndri dómsátt, en vegna þess að lögmaður gagnaðilja neitaði að

veita frest í málinu og vegna þess að henni hafi sést yfir, að unnt hefði verið að koma að vörnum, er leitt gætu til sýknu, hafi hún talið hagstæðast fyrir skjólstæðing sinn, að málinu yrði lokið með dómsátt.

Hún hafi reynt að hafa samband við stefnanda á tímabilinu 17. - 21. desember sl., en stefnandi hafi þá ekki verið í bænum. Taldi lögmaðurinn, að hún gæti aflað umboðs eftir á, en það hafi ekki orðið af því. Við þingfestingu málsins þann 17. desember sl. hefði dómarinn spurt, hvort unnt væri að sætta málið, en hún þá lýst því yfir, að hún hefði ekki til þess umboð. Sáttin hafi síðan verið gerð án nokkurs samráðs við stefnanda. Ekki mundi lögmaðurinn, hver afstaða stefnanda var gagnvart sáttinni, þá er henni var kynnt efni hennar, en ekki mótmælti stefnandi sáttinni á þeim tíma.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að Edda Sigrún Ólafsdóttir hdl. hafi gert dómsátt þá, sem hér er um fjallað, án þess að hafa haft til þess umboð. Í málflutningsumboði, eins og það er tilgreint í 4. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, felist aðallega umboð til þess að flytja mál, en ekki til að gera samning. Til vara byggir stefnandi kröfur sínar á því, að vistun 2ja víxla, þeirra sem dómsátt er gerð vegna, hafi verið breytt, eftir að stefnandi gaf þá út og eftir að þeir voru komnir í banka og án hennar vitundar eða samþykkis. Því hafi þessir víxlar eigi verið réttilega afsagðir.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt II. kafla laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 væri stefnandi bundin við skuldbindingar þær, sem lögmaður hennar gekkst undir fyrir hennar hönd með gerð dómsáttarinnar á bæjarþingi Kópavogs þann 21. desember sl. Umboð lögmannsins hafi ekki verið takmarkað og hafi hún haft fulla heimild til ráðstöfunar á sakarefninu. Dómsáttin væri formlega gild, og er því mótmælt, að efnisvarnir víxillaga geti orðið grundvöllur að ógildingu sáttarinnar.

Niðurstöður.

Fram hefur komið í málinu, að stefnandi fól Eddu Sigrúnu Ólafsdóttur héraðsdómslögmanni að mæti fyrir sína hönd við þingfestingu víxilsmálsins á bæjarþingi Kópavogs 17. desember sl. Því er haldið fram af stefnanda, að ekki hafi verið veitt sérstakt umboð til þess að gera í málinu dómsátt, enda styður framburður Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur þá fullyrðingu, og er þessu ómótmælt af hálfu stefnda. Þá verður ekki á það fallist með túlkun á 4. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, að lögmaðurinn hafi haft umboð samkvæmt stöðu sinni til ráðstöfunar á sakarefninu á þennan hátt.

Ber því að taka aðalkröfu stefnanda til greina, að ógilda beri dómsátt þá, sem varð með málsaðiljum í bæjarþingsmáli nr. 198/1981: Hermann Björgvinsson gegn Sveinbjörgu Haraldsdóttur.

Eigi þykja fyrir hendi fullnægjandi skilyrði til að beita réttarfarssektum, svo sem krafist er.

Með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Eigi verður séð, að réttargæslustefna á hendur Kristjáni Stefánssyni hdl. hafi verið tilefnislaus.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

Dómsorð:

Dómsátt í bæjarþingsmáli nr. 198/1981: Hermann Björgvinsson gegn Sveinbjörgu Haraldsdóttur er ógild.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. febrúar 1984.

Nr. 75/1982. **Kristján Bogi Einarsson**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Helgu Friðfinnsdóttur
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1982. Útivistardómur gekk í því máli 1. mars s.á. Málinu var áfrýjað að nýju skv. heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 26. mars 1982.

Áfrýjandi krefst þess *aðallega*, að stefnda verði dæmd til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 295.000.00 krónur með hæstu dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 10. febrúar 1981 til greiðsludags. *Til vara* krefst áfrýjandi afsláttar af kaupverði að fjárhæð 150.000.00 krónur með vöxtum, eins og í aðalkröfu greinir.

Til þrautavara er krafist afsláttar af kaupverði að fjárhæð 75.000.00 krónur með vöxtum, eins og í aðalkröfu greinir. Þá krefst hann og í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti lýstu lögmenn aðilja yfir því, að ritvillur væru í matsgerð hinna dómkvöddu manna frá 14. nóvember 1980 þess efnis, að töluleg heildarfjárhæð eigi að vera gkr. 29.500.000.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 23. október 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. þ. m., hefur Kristján Bogi Einarsson, Goðatúni 17, Garðakaupstað, höfðað fyrir dóminum hinn 10. febrúar 1981 gegn Helgu Friðfinnsdóttur, Breiðvangi 57, Hafnarfirði.

Dómkröfur sínar orðar stefnandi svo:

„Þess er krafist að stefnda verði dæmd til greiðslu skaðabóta vegna galla á Goðatúni 17, Garðabæ, sem voru til staðar þegar stefnandi keypti fasteignina, kr. 295.000,- auk dómvaxta frá birtingardegi stefnu til greiðsludags, kr. 35.000,.- vegna röskunar og óþæginda vegna gallanna, matskostnað kr. 5.320,- og til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá L.M.F.Í."

Stefnandi gerir varakröfu um greiðslu lægri fjárhæðar.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði alfarið sýknuð af kröfum stefnanda og henni dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

II.

Fram hefur verið lagður í málinu kaupsamningur milli málsaðilja um fasteignina Goðatún 17, Garðakaupstað, dagsettur *17. október 1978,* og er kaupverð fasteignarinnar gkr. 17 miljónir. Fyrsta greiðsla, gkr. 2 milj.,

við undirskrift kaupsamnings og samtals á árinu gkr. 10 milj., eða tæplega 60%. Yfirtekin lán gkr. 122.500 og skuldabréf fyrir eftirstöðvum gkr. 6.877.500 til 8 ára með 14% ársvöxtum.

Hinn 23. júní 1980 beiddist stefnandi þess, að dómkvaddir yrðu matsmenn til þess að meta:

„1. Hvað kostar að gera við fúaskemmdir í húsinu nr. 17 við Goðatún, Garðabæ, þar með talið að brjóta múrinn utan af og pússa að nýju, eftir að viðgerð hefur farið fram.

2. Hvað kostar að koma frágangi á loftræstingu veggja og lofts (þakrýmis) í viðunandi horf, líka við hæfilegar fébætur mér til handa vegna óþæginda, vegna viðgerða þessara."

Til þess að framkvæma hið umbeðna mat voru dómkvaddir hinn 4. júlí 1980, þeir Sigurður Þorleifsson byggingatæknifræðingur og Ólafur Pálsson húsasmíðameistari. Í matsgerð þeirra, dagsettri 14. nóvember 1980, segir m.a.:

„Hús það sem um ræðir er einlyft einbýlishús, um 26 ára gamalt, forskalað timburhús.

Var gengið um og húsið skoðað til að gera sér sem besta grein fyrir skemmdum. Búið var að brjóta forskallinguna af að hluta á öllum hliðum hússins og var búið að endurklæða hluta af norðurhlið hússins aftur með borðvið ... Í ljós kom að fótstykkið og neðsti hluti veggjarins eru mjög fúin allan hringinn á húsinu.

Þá var ákveðið að skoða betur í þakrými og var rofið gat á útvegg til að komast að því. Var sú klæðning, sem rjúfa þurfti mjög fúin, og að mestu ónýt. Gaus á móti raka og fúkkalykt. Í ljós kom að loftaeinangrun er hefilspænir ekkert rakavarnarlag er milli innirýmis og einangrunar. Sperrur eru kraftsperrur (grindarsperrur) úr 1" × 4" og 1" × 5", sperrur eru mikið fúnar, bæði sperruhaus og sperrufótur, þá er þakklæðning öll ónýt. Guðmundur Magnússon, húsasmíðameistari, er mætti með lögmanni stefndu, upplýsti, að skipt hafði verið um nokkra glugga fyrir u.þ.b. þremur árum síðan.

Matsmenn telja, að allir útveggir hússins séu ónýtir og allt þak hússins fyrir ofan loftaklæðningu innan húss sé sömuleiðis ónýtt.

Orsök þess að þetta er svona komið teljum við vera vegna þess að uppbyggingin sé röng, rakavarnarlög vantar og loftræsting húshlutans er lítil eða engin, útveggir með öllu óeinangraðir og einangrun lofta mjög lítil.

Niðurstöður matsmanna.

1. Skipta þarf um alla útveggi í húsinu frá sökkli og að þaki, einangra húsið og ganga frá loftræstingu, rakavarnar- og vindþéttingarlögum á réttum stöðum, og forskalla húsið að nýju. Ekki telja matsmenn,

að skipta þurfi um glugga í húsinu, þar sem þegar hafði verið skipt um nokkra glugga í húsinu mátti gera ráð fyrir því að aðrir gluggar fylgdu fljótlega.

2. Skipta þarf um allt þak og þakviði hússins fyrir ofan loftaklæðningu. Bárujárn, pappa, klæðningu, sperrur, einangrun, rakavarnarlag og loftbita.
3. Þá þarf að rífa allt úr baðherbergi og endurnýja klæðningu á útvegg, sem og annarsstaðar, og endurbyggja baðherbergið. Þá má gera ráð fyrir að klæðning lofta inni muni meira og minna skemmast við endurbyggingu.
4. Rífa niður ónýta húshluta, gera skal ráð fyrir að ekki er hægt að rífa allt ónýtt í einum verkáfanga.

Ekki leggja matsmenn dóma á þau óþægindi, sem matsbeiðandi verður óhjákvæmilega fyrir vegna viðgerðar þessarar.

Heildar niðurstöður mats okkar verða því sem hér segir:

1.	Endurnýja alla útveggi, einangra þá og ganga frá þeim, efni og vinna	kr. 11.800.00
2.	Endurbygging á þaki frá loftaklæðningu og uppúr. Efni og vinna	kr. 12.700.00
3.	Endurbygging og lagfæring innanhúss endurbygging baðherbergis og annað	kr. 5.000.00
	Samtals	kr. 29.500.00.“

Vísitala byggingarkostnaðar í október 1978 var 240 stig, en í nóvember 1980 var hún 539 stig, þannig að gkr. 17 milj. við kaup hefðu átt að vera jafnvirði gkr. 38.177.370 við mat, en jafnvirði nkr. 574.431.30 á dómtökudegi málsins, þar sem vísitala byggingarkostnaðar í október 1981 er 811 stig. Stefnda taldi við aðiljayfirheyrslu, að söluverð hússins, sem var forskalað timburhús, einbýlishús á einni hæð, um 125 m² að grunnfleti, byggt 1953, með bílskúr og venjulegri lóð, hafa verið svipað og verð 3ja herbergja íbúðar í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Virðist það ekki fjarri lagi, ef miðað er við heldur góða 3ja herbergja íbúð.

III.

Vorið 1978 var stefnandi, Kristján Bogi, sem búið hafði á Akureyri og átti þar íbúð, en hafði tekið við starfi hér á Reykjavíkursvæðinu, að leita sér hér að húsnæði til kaups. Stefnda Helga og maður hennar, Hreinn

Garðarsson, höfðu sett húsið að Goðatúni 17 í sölu, og í apríl komst samband aðilja á og viðræður hófust um kaupin. Eiginkona stefnanda, Sólveig Haraldsdóttir, kvað þau hjónin hafa komið tvisvar til þess að skoða í apríl 1978. Í fyrra skiptið ásamt Ólafi G. Einarssyni alþingismanni, bróður stefnanda, og í síðara skiptið ásamt Óla Kristjánssyni húsasmíðameistara, svila stefnanda. Um skoðunina sagði eiginkona stefnanda: „Þá skoðuðum við sérstaklega með tilliti til raka í hornum, loftum og gólfi og spurjum um þetta atriði og þá er okkur sagt að raka hafi ekki orðið vart."

Eftir vitninu Óla Kristjánssyni húsasmíðameistara var m.a. bókað um skoðunina:

„Hann segir að Kristján Bogi hafi fengið sig til þess að skoða húsið með sér, líta á þetta sem fagmann.

Spurður um hvernig honum hafi litist á húsið segir mætti: „Eiginlega bæði vel og illa. Þetta virtist vera í lagi að sjá."

Hann segir að þeir hafi spurt seljandann um raka og sig og seljandinn hafi talið að það væri ekki ...

Lögmaður stefnanda spyr, að hvaða leyti vitninu hafi litist illa á húsið.

„Þetta var forskalað timburhús, manni líst alltaf heldur illa á það."

Vitnið er spurt hvort það hafi slæma reynslu af forsköluðum timburhúsum.

„Frekar hefur maður það, þau vilja fúna."...

Spurður af lögmanni stefnda segir vitnið að sér hafi verið ljóst svona cirka hvað húsið var gamalt, byggt kringum eða uppúr 1950."

Við þessar viðræður í apríl virðist grundvöllur hafa skapast fyrir kaupunum, stefnandi gerði tilboð í húsið að fjárhæð 16 miljónir, og stefnda tók húsið úr sölu.

Skilningur stefnanda var sá, að stefnda hefði tekið húsið úr sölu, vegna þess að hún hafi gengið út frá því, að af kaupum yrði, en stefnda og eiginmaður hennar hafa borið, að ástæðan hafi verið sú, að eign, sem þau hjónin hafi haft augastað á, hafi ekki reynst vera til sölu og þannig ekki tímabært fyrir þau að selja.

Svo stóð á, að stefnandi, Kristján Bogi, þurfti að rýma íbúð, er hann bjó í, fyrir 1. júlí. Hreinn, eiginmaður stefndu, hefur lýst því, að stefnandi og kona hans hafi komið aftur í júní og lagt mikla áherslu á, að af kaupum yrði. Ennfremur kvað hann Ólaf G. Einarsson, bróður stefnanda og fyrrum sveitastjóra í Garðabæ, hafa hringt í sig og lagt ríka áherslu á að stefnda þ.e. þau hjónin, stæðu við orð sín og seldu stefnanda húsið. Varð það úr, að stefnda rýmdi húsið um mánaðamótin júní-júlí og flutti með fjölskylduna í húsnæði, er þau fengu afnot af til bráðabirgða, þar sem þau hjónin voru ekki búin að fá aðra íbúð. Hefur stefnda skýrt svo frá: „Hún segist ekki telja að kaupin hafi verið fastmælum bundin endanlega fyrr

heldur en í síðari hluta júní, þá hafi stefnandi og kona hans komið og sagt að nú væru þau búin að fá kaupanda að húsi sínu á Akureyri og þau hefðu alveg verið búin að stóla á að fá þetta hús.“ Eiginkona stefnanda taldi, að í júní eða fyrstu dagana í júlí hafi verið samið um kaupin í þeirri mynd sem þau urðu samkvæmt kaupsamningnum 17. október, að öðru leyti en því, að greiðslur hafi frestast frá því, sem um var talað þarna, áður en þau fluttu inn, vegna söluerfiðleika á íbúð þeirra á Akureyri. Hér er rétt að taka fram, að ekkert var skrifað niður um samkomulag aðilja fyrr en hinn 17. október, og engar greiðslur fóru fram fyrr en þá. Það liggur einnig fyrir, að stefnandi greiddi stefndu húsaleigu í 3½ mánuð, þ.e. fyrir tímabilið frá 1. júlí til miðs október.

Áður en hinn framlagði kaupsamningur var gerður hinn 17. október höfðu þeir atburðir gerst, er nú skal lýst:

Um verslunarmannahelgina, þ.e. um mánuði eftir að stefnandi flutti inn, fóru þau hjónin að heiman og voru fjóra daga og þrjár nætur í burtu. Við aðiljayfirheyrslu var eftir stefnanda bókað:

„Þegar þau komu heim hafi lagt á móti þeim megna fúkkalykt. Við nánari athugun hafi komið í ljós, að fúkkalyktin stafaði úr barnaherbergi. Hann segist hafa tekið í veggfóðrið á þeim vegg barnaherbergisins, sem snýr að baðherbergi og það hafi verið laust og hægt að svipta því frá. Það hafi komið í ljós, að þessi veggur að baðherberginu hafi verið mjög fúinn og ónýtur. Hann segist hafa fengið svila sinn, Óla Kristjánsson, áðurnefndan, til þess að aðstoða sig við að endurnýja þennan vegg, sem hafi verið fúinn og ónýtur neðantil. Þeir hafi talið skýringuna þá, að vatn hefði komist í vegginn frá baðkeri...

Hann er spurður nánar um ástand klæðningar á útvegg, þar sem milliveggur við baðherbergi kom að honum. Hann segir að það hafi verið bleyta í útveggnum. „Við hugleiddum hvort þetta gæti stafað frá sprungu sem lá frá baðglugganum og sveigði í átt að barnaherbergi og inná það.“ Þessa sprungu hafi verið búið að fylla.“

Um þetta atriði var eftir vitninu Óla Kristjánssyni bókað:

„Hann segist hafa aðstoðað Kristján Boga við að klæða vegginn milli barnaherbergis og baðherbergis, um mánuði eftir að þau fluttu inn. Kristjáni Bogi hafi verið búinn að rífa hann. Hann segir að það hafi verið sýnilegur raki og fúi í útveggnum, þar sem þessi innveggur kom að honum við gólfið og um 20 cm upp.

Nánar spurður um ástand klæðningarinnar innan á útveggnum segir hann: „Hún var blaut og skemmd af bleytu.“...

Nánar spurður um ástand milliveggjarins við baðherbergi segir vitnið, að þeir hafi fyrst talið að það hefði komist í hann vatn frá baðkerinu. Við nánari athugun hafi komið í ljós að svo var ekki, það hafi verið þurrt

uppvið baðkerið en blautt niður við gólfið, aðallega út við útvegginn."

Gerð kaupsamningsins hinn 17. október virðist hafa farið þannig fram, að Ólafur G. Einarsson handskrifaði skjal, sem ber yfirskriftina: „Samkomulag undirritaðra 17. 10. 1978 vegna kaupa Kristj. Boga Einarssonar á Goðatúni 17, Garðabæ." Skjalið er undirritað af Ólafi G. Einarssyni og Hreini Garðarssyni og öðrum ekki. Í 5. tölulið þess segir: „H. G. bætir hurðir og skemmdir á veggjum svo og lagfæringu (lakkering) á gólfi með kr. 190.000 og er það lokakrafa K. B. E. á H. G. vegna ástands hússins." Í 6. tölulið skjalsins segir: „K. B. E. greiðir H. G. húsaleigu fyrir tímabilið 1/7 til 15/10 eða 3½ mán., um leiguupphæð verður samið og miðað við vexti af þeim greiðslum sem áttu að eiga sér stað í sept. kr. 4,0 milljónir."

Hinn endanlegi kaupsamningur, sem undirritaður er af aðiljum sjálfum og vottfestur, er dagsettur sama dag, 17. 10. 1978, og vélritaður á eyðublað merkt Fasteignahöllinni, virðist unnin upp úr hinu handskrifaða samkomulagi. Afhendingardagur er þar sagður 17. október 1978. Í honum er svofellt ákvæði:

„Uppgjör vegna meintra galla á hinni seldu eign hefur farið fram milli aðila. Gerir kaupandi ekki frekari kröfur á seljanda í því sambandi."

Við aðiljayfirheyrslu var eftir stefnanda bókað:

„Hann segir að það uppgjör, sem vitnað er til í kaupsamningnum, hafi farið þannig fram, að vegna þess að greiðslum frá mætta seinkaði, þá hafi verið samið svo um, að hann greiddi húsaleigu fyrir þann tíma, sem greiðslurnar töfðust og jafnframt að stefnda greiddi efniskostnað við viðgerðina á veggnum milli baðherbergis og barnaherbergis. Þessar fjárhæðir hafi verið látnar mætast, þó hafi húsaleigugreiðslan verið heldur hærri, þannig að stefnandi segist hafa borgað stefnda nokkuð þarna á milli með víxli, sem hann hafi síðan greitt upp á gjalddaga.

Mætti tekur nú fram, að það rifjist nú upp fyrir sér, að inní þessari upphæð, sem gerð var upp á þennan hátt, hafi einnig verið tvær hurðir, sem einnig hafi verið mjög lélegar og stefnda hafi fallist á að bæta."

IV.

Afsal var gefið út 25. október 1979, sama dag og lokagreiðsla útborgunar fór fram. Þar er að finna svofellt ákvæði: „Eigninni er afsalað í því ástandi sem hún var í er kaupandi tók við henni hinn 17. október 1978. Hafði hann þá kynnt sér rækilega ástand hins selda og ekkert haft við það að athuga."

Við aðiljayfirheyrslu var stefnandi spurður, hvort hann hefði orðið var við fúkkalykt í húsinu, frá því hann endurnýjaði barnaherbergisvegginn og fram til þess tíma, er afsal var gefið út. Bókað var: „Hann segist muna eftir því að gestir, sem komu á þessu tímabili, einhverjir gestir, hann vill

ekki fullyrða hverjir það voru, hafi haft orð á fúkkalykt, en sjálfur segist hann ekki hafa viljað gera mikið úr því.“

Eftir eiginkonu stefnanda var bókað: „Hún segist muna eftir að um veturinn hafi gestir nefnt fúkkalykt. Spurð hvort hún hafi sjálf fundið fúkkalykt svarar hún: „Nei ekki þegar ég er inni, ég held að ég hafi bara verið orðin svo samdauna þessu.“ “

V.

Um það hvenær og hvernig stefnandi hafði fengið vitneskju um þá annmarka á húsinu, sem lýst er í matsgerð, var bókað eftir stefnanda: „Hann segir að þetta hafi atvikast þannig, að hann hafi ákveðið vorið 1980 að láta klæða húsið að utan. Nánar spurður um hvers vegna hann hafi ákveðið að láta klæða húsið utan segir hann, að sér hafi þótt húsið vera ljótt svona forskalað eins og það var og ennfremur hafi verið í því ljótar sprungur á útveggjum, þetta hafi þó einkum verið fegrunaratriði. Hann segist hafa sótt um leyfi til þessara framkvæmda til byggingarnefndar Garðabæjar og gert þá ráð fyrir þeirri verkaðferð að negla lektur utaná múrinn, einangra þar á milli, klæða síðan með pappa og loks með timburklæðningu yst. Þegar smiðurinn, Haraldur Ólason, hóf verkið hafi komið í ljós að ekki var naglhald fyrir lekturnar. Þá hafi þeir brotið upp neðst á norðurhlið hússins múrinn og þá hafi komið í ljós að klæðningin var grautfúin og sumstaðar næstum því horfin.“

Eftir vitninu Haraldi Ólasyni trésmið var m.a. bókað:

„Hann segir að afskipti sín af húsinu Goðatúni 17 hafi hafist í maí 1980. Þá hafi Kristján Bogi beðið sig að aðstoða við að klæða húsið að utan. Þegar þeir hafi farið að negla lista undir klæðningu hafi komið í ljós að ekki var naglhald, naglarnir hafi hreinlega dottið innúr pússningunni. Hann segist telja að útilokað hafi verið að klæða húsið, eins og það var, utan á forskalninguna, útilokað að festa listunum undir klæðninguna.

Aðspurður segir hann að gert hafi verið ráð fyrir standandi klæðningu og liggjandi lektum...

Aðspurður segir vitnið, að undir eldhúsglugganum hafi veggurinn verið einn grautur. Það hafi ekki gerst á tveimur árum.

Spurður um ástand innstu klæðningar, þ.e. undir þilplötunum, segir hann að á austurhlið hafi neðsta borðið verið ónýtt, ennfremur á útvegg baðherbergis, upp á miðjan vegg, að öðru leyti hafi ekki verið um verulegan fúa að ræða í innri klæðningunni.

Mætti segir að fúi í stoðum hafi byrjað í um 2 metra hæð og verið kominn alveg í gegn um þær þegar komið var niður í 1½ meters hæð, þaðan hafi þær verið ónýtar, alveg ónýtar niðurúr og fótstykkið. Hann segist hafa skipt um fótstykkið allan hringinn og megnið af stoðunum.

Mætti segist hafa staðið þannig að verki að hann hafi höggvið burt það sem fúið var úr stoðunum og sett síðan nýjar stoðir við hlið hinna fyrri. Hann hafi þannig ekki fjarlægt þann hluta gömlu stoðanna sem ekki var fúinn, til þess að komast hjá því að skemma klæðningu að innan.

Aðspurður segir mætti, að það hafi komið sér á óvart hvernig húsið var. Mætti tekur fram, að hann telji að þakið sé jafn illa á sig komið og veggirnir í húsinu."

Fyrsta sannanlega kvörtun stefnanda er kröfubréf lögmanns hans, dags. 19. maí 1980. Matsbeiðnin er, sem fyrr segir, dagsett 23. júní 1980, og dómkvaðning fór fram 4. júlí 1980.

VI.

Stefnandi heldur því m.a. fram, að stefndu hafi verið kunnugt um, að húsið væri haldið stórfelldum leyndum göllum við söluna, til vara, að stefnda hafi hlotið að hafa svo ákveðnar rökstuddar grunsemdir um, að svo væri, að henni hafi borið að benda stefnanda á, að sérstakt tilefni væri til óvenju rækilegrar skoðunar. Þetta hafi stefnda eða eiginmaður hennar, sem að ýmsu leyti hafi komið fram sem umboðsmaður hennar við kaupin, ekki gert, þvert á móti hafi þau látið orð falla, sem stefnandi hafi mátt skilja sem ábyrgðaryfirlýsingu um gæði hússins, einmitt að því leyti sem því reyndist síðar ábótavant.

Upplýst er í málinu, að stefnda keypti húsið sumarið 1972 og bjó því í því í 6 ár. Á því tímabili fóru fram á því nokkrar viðhalds- og endurbótaaðgerðir, nánar tiltekið þessar eftir því sem fram er komið í málinu:

1. Árið 1975, frekar en 1976, var herbergjaskipan nokkuð breytt, opnað úr holi inní stofu og gangurinn inní herbergin stækkaður. Verkið framkvæmdi Sigurjón Einarsson skipasmiður, Garðstíg 1, Hafnarfirði og hafði sér til aðstoðar Hauk Reyni Ísaksson, Hamraborg 8, Kópavogi.
2. Árið 1976 var skipt um eldhúsinnréttingu og ný hreinlætistæki sett í baðherbergi. Ekki er ljóst af gögnum málsins, hver það verk vann. Í framhaldi af því flísalagði og málaði Úlfar Andrésson, Æsufelli 6, Reykjavík, umrædd herbergi.
3. Árið 1976 skipti Guðmundur Magnússon húsasmíðameistari, Byggðarholti 6, Mosfellssveit, um glugga á tveim hliðum húsins, þ. á m.. skipti hann um eldhúsglugga.

Ofangreindir menn hafa komið fyrir dóminn sem vitni í þeim tilgangi að fá fram, hvers þeir hafi orðið vísari um ástand hússins, er þeir framkvæmdu umrædd verk.

Eftir vitninu Sigurjóni Einarssyni var bókað:

„Hann kveðst árið 1976 (sic) hafa framkvæmt breytingar á húsi stefndu að Goðatúni 17, Garðabæ. Breytingin hafi verið í því fólgin að rífa niður þrjá innveggi og byggja einn nýjan. Allir veggirnir þrír hafi komið að útveggjum, þannig að rifið hafi verið að innri klæðningu útveggjanna, þar sem umræddir innveggir komu að þeim. Vitnið minnist þess ekki að hafa séð neinn fúa eða bleytu í útveggjum og tekur fram að hann hefði áreiðanlega sagt Hreini frá því, ef hann hefði orðið var við slíkt.

Vitnið tekur fram, að það hafi ekkert verið að þeim veggjum sem rifnir voru burt, engin merki um leka eða raka.

Vitnið segist ekki hafa orðið var við nein merki um leka eða raka í loftklæðningu, hvorki þar sem gömlu veggirnir voru rifnir frá né þar sem nýi veggurinn kom að loftklæðningunni. Vitnið tekur fram að einn af veggjunum þrem sem rifnir voru, hafi aðeins verið rifinn uppí dyrahæð, efsti hlutinn látinn halda sér, m.a. með tilli til þess að skerða ekki burðarþol. Það hafi líka komið vel út."

Vitnið Haukur Reynir Ísaksson var spurður sjálfstætt um sömu atriði og vitnið Sigurjón, og voru svör hans á sömu leið, þ. á m. að hann hafi ekki orðið var við neitt grunsamlegt varðandi fúa eða bleytu í útveggjum eða loftklæðningu.

Eftir vitninu Úlfari Andréssyni var m.a. bókað:

„Hann segist hafa lagt flísar á bað og eldhús að Goðatúni 17, fyrir Helgu Friðfinnsdóttur og Hrein Garðarsson, og einnig málað innanhúss, stofu og fleira. Hann segir að þetta hafi verið í framhaldi af því að skipt var um eldhúsinnréttingu og að hann minnir, endurnýjun á baði. Hann segist ekki vera iðnlærður en hafa unnið töluvert við þessa hluti. Í eldhúsi hafi þetta verið flísalögn fyrir ofan borð, en á baðinu hafi þetta verið eiginlega allt baðið, hann man þó ekki hvort það voru settar flísar á gólf á baði, en minnir það frekar. Spurður um hvort flísarnar hafi verið lagðar á útveggi, segir hann: „Alla vega á baðinu, nánar tiltekið fyrir ofan baðker." Hann segist aðspurður ekki hafa orðið var við neinn fúa raka eða leka. Hann tekur fram að það hafi engin vandræði verið með flísalögnina, þær hafi verið settar á veggina eins og þeir voru. Hann segist ekki hafa orðið var við neinn fúa eða raka þegar hann málaði eða að öðru leyti í sambandi við það sem hann gerði þarna í húsinu."

Áður en framburður smiðsins, er skipti um glugga, Guðmundar Magnússonar, er rakinn, er rétt að víkja aftur að framburði vitnisins Haralds Ólasonar, þess er endurnýjaði útveggi 1980, en eftir vitninu Haraldi var m.a. bókað:

„Aðspurt segist vitnið telja útilokað að sá, er annaðist það verk að skipta um glugga, hefði komist hjá því að sjá hvernig komið var með veggina.

Nánar aðspurður segist hann byggja það mat á því, að þegar gamli glugginn sé tekinn úr, þá sjái inn í veggina, þ.e.a.s. veggjauppistöður og afvexlingar í kringum gluggana. Hann tekur fram að undir eldhúsglugga hafi sýnilega verið skipt um binding undir gluggakarminum. Þegar sá bindingur hafi verið horfinn þá sjái niður og sá maður er það verk hafi unnið hafi ekki getað komist hjá því að sjá hvert ástand veggjarins var.“

Er vitnið Gunnar Högnason járnsmíðameistari kom fyrir dóm, var bókað:

„Hann hefur búið að Goðatúni 19 frá 1974.

Hann man eftir að hafa séð frá sinni lóð þegar verið var að skipta um glugga að Goðatúni 17, í tíð Hreins og Helgu, það hafi verið svart í sárið. „Mér fannst þetta líta illa út.“

Mætti segir að þetta hafi stungið sig að sjá sárið, sér hafi dottið í hug að þarna væri eitthvað hliðstætt á ferðinni og í forsköluðu timburhúsi, sem vitnið áður átti að Kleppsmýrarvegi 1. „Þar þurfti ég að skipta um glugga og það endaði þannig að ég þurfti að skipta um allan vegginn.“

Vitnið man eftir tveim sárum og það hafi verið dökkt í sárið á þeim báðum.“

Er þá komið að því að rekja framburð vitnisins Guðmundar Magnússonar, en eftir honum var m.a. bókað við vitnaleiðslu hinn 8. apríl 1981:

„Hann segist muna eftir því að hafa skipt um glugga á tveim hliðum á Goðatúni 17, Garðabæ.

Hann er spurður hvernig ástand þeirra veggjahluta, sem komu í ljós er gömlu gluggarnir voru teknir úr, hafi verið.

Hann segir: „Ég verð bara að segja, þetta er svo langt síðan að ég man ekki hvernig þetta var.“

Aðspurður segist hann ekki muna til þess að hafa endurnýjað umgjörð um glugga eða bita undir glugga. „Þetta kann að hafa verið en ég man þetta ekki.“ Hann segist hafa rifið gömlu gluggana úr. Hann segist hafa sett nýju gluggana í að innanverðufrá, enda sé húsið forskalað að utan og hann hafi sett gluggana út að sama falsi til að losna við að brjóta múrinn. Hann segist telja að sér hafi tekist að losna við að brjóta múrinn.

Hann segir að sig minni að á suður- eða vesturhlið hafi hann sett hurð og þar hafi múrari verið fenginn til að gera við. Mætti bætir nú við: „Eða hvort það var eldhúsgluggi, ég man ekki hvort það var, en bara á þessari hlið.“

Mætti segist hafa sprautað kítti til að þétta þar sem gluggarnir komu að múrnum.

Dómari spyr: „Færðir þú það í tal við eigendur hússins, hvort það væru einhverjir gallar á húsinu umfram það sem verið var að gera við?“

Mætti svarar: „Aldrei.“

Mætti segir að gluggarnir hafi verið tilbúnir og smíðaðir áður en hann kom nálægt þessu.

Lögmaður stefnda spyr: ,,Varðstu var við einhverja raka- eða fúkkalykt úr veggnum undir gluggunum."

Mætti svarar: ,,Ég geri ráð fyrir því að það hafi verið ónýtt þarna undir, það er ekki annað en það sem maður á að venjast. Einhver ástæða hefur verið fyrir því að skipt var um gluggana, en um það hefur verið tekin ákvörðun áður en talað var við mig."

Mætti segist í framangreindum orðum hafa átt við undirstykkið á gluggaanum sjálfum."

Sama vitni, Guðmundur Magnússon, var aftur kallað fyrir dóminn hinn 14. 10. 1981, og voru honum þá kynntir framburðir vitnanna Haralds Ólasonar og Gunnars Högnasonar. Hélt hann fast við fyrri framburð sinn. Hann svaraði, spurður um hvort hann ætlaði enn að halda því fram, að hann hefði ekki orðið var við neitt grunsamlegt við veggina: ,,Ég minntist þess ekki að hafa orðað það við neinn, eða að það hafi hindrað mig við að setja gluggana í."

Síðar í vitnaleiðslunni sagði vitnið: ,,Það var sagt hér áðan að það hafi verið skipt um undirstykki. Er trúlegt að það hafi verið sett án festingar í einhvert hald? Ég dreg það í efa, þótt ég muni ekki eftir þessari aðgerð, svoleiðis að einhverjar töggur hafa þarna verið til að tengja undirstykkið í, því það er venjulega fellt á milli uppistaða í kringum gluggann."

VII.

Það er upplýst í málinu og algerlega óumdeilt, að engin lúga eða uppgangur var í þakrýmið, þannig að hvorugur málsaðilja átti aðgang að þakrýminu innanverðu til skoðunar fyrr, en klæðning var rofin utanfrá, eftir að viðgerð á húsinu hófst 1980.

Þak hússins er einhalla, gert úr borðasperrum, sem jafnframt eru loftbitar. Sjálft þakið er klætt bárujárni, en útveggir þakrýmis, hæstir um 1.30 m ofan loftklæðningar, eru beint framhald af útveggjum íbúðarhæðar og því forskalaðir með sama hætti.

VIII.

Álit réttarins.

Það er ósannað, að stefnda eða eiginmaður hennar og umboðsmaður hafi beitt svikum, þ. e. vísvitandi leynt göllum á húsinu. Það er einnig ósannað, að stefnda eða eiginmaður hennar hafi gefið sérstaka ábyrgðaryfirlýsingu. Loks er það ósannað, að stefnda eða eiginmaður hennar hafi vanrækt svo upplýsingaskyldu, að ábyrgð verði felld á stefndu af þeim sökum.

Áður en samningaumleitanir komust á verulegan rekspöl, skoðaði stefnandi húsið ásamt reyndum fagmanni, Óla Kristjánssyni húsasmíðameistara,

f. 22. 2. 1926. Í vitnaframburði hans kemur fram, að hann gerði sér þess ljósa grein, að brugðið getur til beggja vona, hvað varðar fúa í húsum af þessari gerð. Framburður þessa sérfræðilega ráðunauts stefnanda svo og sá framburður stefnanda, að „í því hafi verið ljótar sprungur á útveggjum", staðfestir, að stefnanda mátti þá þegar vera ljóst, að með kaupum á húsinu án sérstakra aðgerða til skoðunar á innviðum þess tæki hann áhættu. Á þetta einnig við um þakrými, útveggir þess voru einfaldlega efri hluti af útveggjum hússins og það, að engar lofttúður eða annar loftræstibúnaður var sýnilegur utanfrá, gaf tilefni til tortryggni og rækilegrar skoðunar.

Forsamningur um kaupin komst á í síðari hluta júní 1978. Ljóst er, að efni forsamningsins var fyrst og fremst það, að kaupsamningur yrði gerður, ef tilteknar forsendur stæðust, þ. á m. um greiðslugetu stefnanda. Á því tímabili, er forsamningur stóð, var stefnandi að formi til leigjandi hjá stefndu. Það er ljóst, að aðiljar gátu hvor um sig brotalítið rift forsamningnum, ef um verulega vanefnd af hálfu hins aðiljans var að ræða, þ.e. ef framboðnar greiðslur, er að kaupsamningsgerð kom, reyndust lakari en forsamningurinn gerði ráð fyrir. Af hálfu kaupanda voru vanefndalíkur einkum fólgnar í seinkun á gjalddögum greiðslna, en af hálfu seljanda, að greiðsla hans, fasteignin, reyndist ekki standast þær gæðakröfur, sem miðað var við við forsamningsgerð.

Á því tímabili, er forsamningur stóð, sáu stefnandi og ráðunautar hans með eigin augum, er þeir endurnýjuðu baðherbergisvegg út að útvegg, sýnishorn af ástandi innri klæðningar útveggjarins, sýnilegur raki og fúi var í útveggnum frá gólfi og um 20 cm upp. Að svo var komið um innri klæðningu, gaf augljósa vísbendingu um ástand útveggjarins að öðru leyti.

Þegar hinn endanlegi kaupsamningur var gerður, féllst stefnda á lækkun á kaupverði hússins um gkr. 190.000 frá þeirri fjárhæð, gkr. 17 milj., er miðað hafði verið við í forsamningnum. Sýnir þetta svo og það ákvæði kaupsamnings, að „uppgjör vegna meintra galla á hinni seldu eign hefur farið fram milli aðila," og „gerir kaupandi ekki frekari kröfur á seljanda í því sambandi," að gallar voru til umræðu, og ekki er fram komið, að stefnandi hafi farið framá frekari lækkun vegna þeirra. Undir tilvitnað ákvæði skrifaði stefnandi eftir að hafa búið í húsinu 3½ mánuð, séð með eigin augum ástand innri klæðningar útveggjar og eftir að hafa að því gefna tilefni, átt þess allan kost að framkvæma frekari rannsókn.

Frá gerð kaupsamnings til útgáfu afsals leið tæpt ár. Á því tímabili var stefnanda og konu hans bent á, að fúkkalykt væri í húsinu. Þrátt fyrir það skrifar stefnandi undir afsal án nokkurs fyrirvara.

Af framansögðu leiðir, að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Sigurgeir Guðmundssyni skólastjóra og Diðrik Helgasyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefnda, Helga Friðfinnsdóttir, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Kristjáns Boga Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 17. febrúar 1984.

Nr. 93/1982. **Kristinn Grétar Jónsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Sonju Hennýju Jónsdóttur
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Hjón. Kaupmáli. Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1982. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að fasteignin Seljabraut 44 í Reykjavík ásamt því, sem henni fylgir, verði talin hluti bús áfrýjanda og stefndu „og komi til skipta sem slík ásamt öðrum eignum búsins, sbr. VII. kap. l. nr. 20/1923, l. 3/1878 einkum 6. kap. og ákvæði VI. kafla laga nr. 60/1972.“ Til vara krefst áfrýjandi, „að verulegur hluti ofangreindrar eignar verði dreginn undir skiptin.“ Þá krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmt að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsaðiljar fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng hinn 7. maí 1982 og leyfi til lögskilnaðar hinn 7. júlí 1983.

Áfrýjandi hefur uppi sömu málsástæður fyrir Hæstarétti sem í héraði, en þær eru greindar í hinum áfrýjaða úrskurði. Ber að staðfesta úrlausn skiptaréttarins um þær með skírskotun til forsendna úrskurðarins. Verða því málalok þau, að við skipti málsaðilja vegna hjónaskilnaðar þeirra ber að telja fasteignina Seljabraut 44 í Reykjavík séreign stefndu.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað. Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu 20.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Við skipti á búi málsaðilja, Kristins Grétars Jónassonar og Sonju Hennýjar Jónsdóttur, skal fasteignin Seljabraut 44 í Reykjavík ásamt því, sem henni fylgir, talin séreign stefndu, Sonju Hennýjar Jónsdóttur.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi greiði stefndu 20.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 6. apríl 1982.

I.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi þann 25. mars sl., gerir sóknaraðili, Kristinn Grétar Jónsson, Heiðargerði 31, Reykjavík, þær kröfur, að við skipti á félagsbúi hans og varnaraðilja Sonju Hennýjar Jónsdóttur, Seljabraut 44, Reykjavík, teljist fasteignin að Seljabraut 44 ásamt öllu múr- og naglföstu og tilheyrandi leigulóðarréttindum hluti félagsbúsins. Til vara gerir hann þá kröfu, að verulegur hluti fasteignarinnar komi til skipta. Hann krefst einnig málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Varnaraðili gerir þá kröfu, að kaupmáli málsaðilja um fasteignina Seljabraut 44, Reykjavík, „verði talinn gildur að öllu leyti“ og að fasteignin komi ekki til skipta. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Sáttatilraunir í málinu hafa ekki borið árangur.

II.

Samkvæmt framkomnum gögnum og skýrslum munu málavextir vera þeir, að ailjar málsins gengu í hjúskap 8. mars 1975, en höfðu áður um þriggja ára skeið búið í óvígðri sambúð. Varnaraðili mun hafa verið í hjúskap, er lauk með skilnaði, áður en kynni tókust með málsaðiljum, og á hún tvö börn úr þeim hjúskap, en málsaðiljar saman tvö börn. Á árinu 1973 fékk sóknaraðili úthlutað lóð til byggingar raðhúss að Seljabraut 44 í Reykjavík, og fluttust aðiljar í húsið á árinu 1975. Sóknaraðili kveðst hafa aflað alls fjár til byggingar hússins, enda hafi varnaraðili ekki unnið utan heimilisins, og að auki hafi ættingjar sóknaraðilja aðstoðað við húsbygginguna.

Í októbermánuði 1980 munu hafa orðið deilur með málsaðiljum, er leiddu til þess, að sóknaraðili fluttist af heimili þeirra, og varnaraðili hófst handa að leita leyfis til skilnaðar að borði og sæng. Mun varnaraðili hafa átt frumkvæði að því, að sóknarprestur leitaði sátta með málsaðiljum, og fékk hún vottorð hans um árangursleysi sáttatilrauna. Leitaði varnaraðili einnig aðstoðar á lögmannsskrifstofu Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns. Ekki varð þó af skilnaði, og fluttist sóknaraðili aftur á heimili aðilja eftir nokkurra daga fjarveru. Um þær mundir gerðu málsaðiljar með sér kaupmála, sem dagsettur er 7. nóvember 1980 og skrásettur sama dag, en samkvæmt kaupmálanum var fasteignin að Seljabraut 44, sem fram að því var þinglýst eign sóknaraðilja, gerð að séreign varnaraðilja, og tóku málsaðiljar að sér sameiginlega að greiða veðskuldir, er hvíldu á eigninni. Er svo fyrir mælt í kaupmálanum, að um fjármál aðiljanna fari að öðru leyti að lögum. Um aðdraganda að gerð kaupmálans verður nánar fjallað hér síðar.

Um sumarið 1981 varð á ný ágreiningur með málsaðiljum, og fluttist sóknaraðili þá aftur af heimilinu. Skilnaðarkrafa varnaraðilja var tekin fyrir við embætti yfirborgardómara í Reykjavík 7. september 1981, en sóknaraðili mótmælti framgangi hennar, og mun leyfi til skilnaðar að borði og sæng ekki ennþá hafa verið veitt. Félagsbú málsaðilja var að kröfu varnaraðilja tekið til opinberra skipta 29. september 1981. Við uppskrift búsins gerði sóknaraðili þá kröfu, að fasteignin Seljabraut 44 yrði talin eign félagsbúsins, en varnaraðili mótmælti þeirri kröfu með vísan til þess, að fasteignin væri séreign hennar samkvæmt áðurnefndum kaupmála, og var ágreiningurinn tekinn til sérstakrar meðferðar í máli þessu 21. október 1981. Gerð hefur veri sátt milli málsaðilja um skipti búsins að öðru leyti en hvað varðar ágreining í máli þessu, og hefur orðið samkomulag um, að ef kröfur varnaraðilja verða teknar til greina í málinu, þá taki hún að sér greiðslu áhvílandi veðskulda á fasteigninni, en ella málsaðiljar í þeim hlutföllum, sem fasteignin kann að skiptast með þeim.

Aðdraganda að gerð kaupmálans segir sóknaraðili þann, að þegar hann fluttist af heimili málsaðilja í október 1980, hafi hann leitað aðstoðar ættingja og vinnuveitanda síns til að ná sáttum við varnaraðilja vegna yfirvofandi skilnaðar. Eftir nokkra viðleitni hafi varnaraðili hringt til sóknaraðilja og sagt honum, að ef hann undirritaði samning við sig um, að hún yrði skráður eigandi að fasteigninni, gæti hann flust aftur á heimili þeirra. Hafi hún krafist svars hans tafarlaust, og segist sóknaraðili hafa samykkt þetta skilyrði hennar. Málsaðiljar hafi síðan næsta dag farið á skrifstofu Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns og hitt þar Svein Skúlason lögfræðing og hafi þá legið tilbúinn samningur sá, sem umtalað var að gera. Sóknaraðili kvað Svein ekki hafa gert honum grein fyrir efni samningsins eða lögfylgjum og hafi hann undirritað samninginn án þess að lesa hann yfir að neinu marki. Kvaðst sóknaraðili ekki hafa leitað ráða hjá lögfræðingi á þessum tíma og hafi hann enga vitneskju haft um þýðingu samningsins fyrr en nokkru eftir gerð hans, er varnaraðili skýrði honum frá því. Hafi hann síðan án árangurs reynt að fá varnaraðilja til að falla frá rétti samkvæmt kaupmálanum.

Varnaraðili segir sóknaraðilja hafa flust af heimili þeirra 5. október 1980, en snúið aftur þann 13. sama mánaðar. Hafi hún átt frumkvæðið að gerð kaupmálans og hafi hún tjáð sóknaraðilja, áður en hann fluttist aftur á heimilið, að hún teldi, að gera þyrfti kaupmála, þar sem hún treysti ekki sóknaraðilja og vildi ekki eiga á hættu að verða húsnæðislaus með fjögur börn, ef til skilnaðar kæmi á ný. Varnaraðili segist hafa vitað um réttaráhrif kaupmála við skilnað, er þetta gerðist. Hún kveður nokkurn tíma hafa liðið, frá því að sóknaraðili fluttist aftur á heimilið, þar til kaupmálinn var gerður. Á þessum tíma hafi hún spurt hann, hvort honum væri kunnugt um réttaráhrif kaupmála, og hafi hann sagt svo vera, enda haft á orði, áður en kaupmálinn var undirritaður, að varnaraðili ætti orðið allar eigur þeirra. Segir varnaraðili, að þau sóknaraðili hafi farið saman til Sveins Skúlasonar lögfræðings til viðræðna um það bil viku fyrir undirritun kaupmálans og hafi þau þá skýrt Sveini frá því, hvers efnis kaupmálinn ætti að vera. Þegar kaupmálinn var síðan undirritaður, hafi Sveinn spurt aðiljana, hvort þeim væri ljós þýðing gerða sinna, og bent sóknaraðilja á, að varnaraðili yrði samkvæmt kaupmálanum ein eigandi fasteignarinnar. Hafi sóknaraðili hafnað tillögu Sveins, er þá kom fram, um, að bifreið þeirra yrði gerð að séreign hans. Fullyrðir varnaraðili, að sóknaraðilja hafi tvímælalaust verið ljós þýðing kaupmálans, enda hafi hann sagst hafa rætt um gerð kaupmála bæði við vinnuveitanda sinn og sóknarprest þann, er leitaði sátta með málsaðiljum.

Sveinn Skúlason lögfræðingur hefur skýrt frá því hér fyrir rétti, að afskipti hans af málefnum aðiljanna hafi byrjað, þegar varnaraðili leitaði að-

stoðar hans vegna fyrrihugaðs skilnaðar. Tekist hafi að sætta aðiljana, en kaupmálagerð hafi ekki borist í tal, fyrr en eftir að sættir höfðu náðst og þá að frumkvæði sóknaraðilja, að Sveinn taldi. Minntist Sveinn þess ekki, að kaupmálagerð hafi áður komið til tals með honum og varnaraðilja. Nokkur samtöl hafi síðan átt sér stað um, hvers efnis kaupmálinn ætti að vera, en ekki hafi verið rætt um aðrar eignir í þessu sambandi en fasteignina. Áður en kaupmálinn hafi verið undirritaður, hafi aðiljar báðir gefið sér góðan tíma til að lesa hann yfir og síðan undirritað hann án athugasemda. Sveinn kvaðst ekki hafa beinlínis rakið fyrir aðiljana, hverja þýðingu kaupmálinn hefði, enda hafi þau bæði komið fram á þann hátt, að þeim virtist kunnugt um réttaráhrif kaupmála.

Vottur að undirritun kaupmálans var auk Sveins Skúlasonar Ágústa Hreinsdóttir, ritari á umræddri lögmannsstofu. Skýrði hún frá því hér fyrir rétti, að hana minnti, að aðiljar hafi ekki komið samtímis til undirritunarinnar. Kvaðst hún ekki hafa verið viðstödd undirritun kaupmálans, en hins vegar hafi hún séð þau bæði koma til þess og hafi Sveinn Skúlason síðan fært henni skjalið til undirritunar sem votti. Segist hún hafa oft séð málsaðiljana á lögmannsstofunni, bæði þegar leitað var sátta með þeim vegna skilnaðar og við gerð kaupmála.

Vitnið Hjörtur Guðbjartsson, framkvæmdarstjóri á þeim stað, er sóknaraðili vann á umræddum tíma, kveðst hafa rætt við málsaðilja að ósk sóknaraðilja í október 1980 til að reyna að leysa ágreining þeirra, en samræður þessar hafi engan árangur borið. Sóknaraðili hafi skýrt sér frá því, nokkru eftir að hann flutti aftur á heimili aðiljanna, að hann hefði gert samning við varnaraðilja, er gerði að verkum að hún yrði eigandi fasteignarinnar til jafns við sóknaraðila. Kveðst hann ekki hafa heyrt frekar um samning þennan talað.

III.

Sóknaraðili staðhæfir, að hann hafi ekki vitað, að skjal það, er hann undirritaði 7. nóvember 1980 hafi verið kaupmáli, heldur hafi hann talið sig vera að gera samning, er gera ætti hlut varnaraðilja jafnan hans. Hafi honum ekki verið kynnt efni samningsins fyrir undirritun hans. Varnaraðili hafi þegar fyrir gerð kaupmálans verið búin að ákveða að skilja við sóknaraðilja, en þagað á sviksamlegan hátt um þann ásetning. Telur sóknaraðili þessi atriði leiða til þess, að kröfur hans verði teknar til greina með stoð í 30. gr. laga nr. 7/1936. Þá heldur sóknaraðili því fram, að varnaraðili hafi sérstaklega aflað sér vitneskju um væntanlegan ávinning sinn fyrir gerð kaupmálans og hafi henni einnig verið ljós fákunnátta sóknaraðilja í þessum efnum. Hafi hún og fært sér í not andlegt ástand sóknaraðilja um þær mundir, en hann hafi verið miður sín vegna viðskilnaðar við fjölskyldu sína

og allt viljað til þess vinna að komast aftur til hennar. Eigi því kröfur hans stoð í reglum um misneytingu, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1960. Sóknaraðili telur kröfur sínar einnig eiga stoð í 32. gr. laga nr. 7/1936, með því að óheiðarlegt sé af varnaraðila að byggja rétt á kaupmála, sem gerður var, eftir að hún hafði endanlega ákveðið að skilja við sóknaraðilja. Bendir hann og á, að ákvæði þetta eigi við þá málsástæðu hans, að það hafi ekki verið í samræmi við tilgang varnaraðilja að gera kaupmála, þar sem fram hefur komið, að tilgangur hennar með samningsgerðinni hafi verið að tryggja rétt barna sinna, og hafi því í raun hvorugur málsaðilja ætlað sér að gera samning, er hefði lögfylgjur kaupmála. Loks telur sóknaraðili varnaraðilja ekki geta byggt rétt á kaupmálanum, þar sem brostnar séu af hans hálfu forsendur fyrir gerð kaupmálans, enda hefði hann aldrei undirritað samninginn, hefði honum verið kunnugt um skilnaðaráform varnaraðilja.

Varnaraðili staðhæfir, að sóknaraðilja hafi fyllilega verið kunnugt um réttaráhrif kaupmála, er hann var gerður, og geti kröfur hans því ekki stuðst við 30. og 32. gr. laga nr. 7/1936 eða 7. gr. laga nr. 58/1960. Er því sérstaklega mótmælt, að fyrir hendi hafi verið ásetningur hjá varnaraðilja um að skilja síðar við sóknaraðilja, er kaupmálinn var gerður. Þá telur varnaraðili fráleitt, að kröfur sóknaraðilja geti átt stoð í reglum um brostnar forsendur. Telur varnaraðili, að ef viðurkennt væri, að það væri forsenda fyrir gerð kaupmála hverju sinni, að hjúskapur héldist með viðkomandi aðiljum, leiddi það til þeirrar niðurstöðu, að sérhver kaupmáli yrði við búskipti aðiljanna vegna skilnaðar talinn óskuldbindandi. Eigi sú skoðun hvorki stoð í lögum né fræðikenningum. Telur varnaraðili, að reglur um brostnar forsendur hafi minni þýðingu varðandi gerninga á sviði sifjaréttar en á sviði fjármunaréttar. Við munnlegan málflutning gat varnaraðili þess sjónarmiðs, að óvíst kynni að vera, hvort skiptarétturinn væri bær til að leysa úr efni máls þessa, þar sem kröfur sóknaraðilja byggðust alfarið á þeim grunni, að kaupmáli aðiljanna væri ógildanlegur. Gerði varnarðaðili þó ekki sérstakar kröfur á þessum grundvelli.

IV.

Telja verður samkvæmt meginreglum um dómsvald skiptaréttar og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 10. apríl 1980, í máli, þar sem kröfur aðilja voru samkynja þeim, er í máli þessu eru gerðar, að skiptarétturinn sé bær um að fella efnisúrlausn á kröfur sóknaraðilja.

Sem fyrr greinir telur sóknaraðili kröfur sínar eiga stoð í 30. gr. laga nr. 7/1936, með því að varnaraðili hafi sviksamlega þagað um ásetning sinn um að skilja við sóknaraðilja, er kaupmáli þeirra var gerður, og sóknaraðilja hafi að auki ekki verið kunnugt um efni þess skjals, er hann undir-

ritaði 7. nóvember 1980. Varnaraðili staðhæfir hins vegar, að sóknaraðilja hafi verið fullkunnugt um, að hann hafi verið að undirrita kaupmála og jafnframt hverja þýðingu sú ráðstöfun hefði. Af framburði vitna þykir ekki unnt að leiða líkur að því, hvort sóknaraðilja hafi verið kunnugt um þýðingu kaupmála eða hvort hann hafi kynnt sér efni þess skjals, er hann undirritaði fyrrgreindan dag. Það verður hins vegar að telja verulega ósennilegt, að sóknaraðili hafi ekki lesið yfir skjalið, áður en til undirritunar kom, enda yrði að auki að telja, að vanræksla hans í því efni yrði að metast honum í óhag, en ekki gagnaðilja hans. Af yfirskrift þess skjals, sem málsaðiljar undirrituðu 7. nóvember 1980, verður ekki um það villst, að um kaupmála sé að ræða. Efni þess skjals er og á þann veg, að ekki fer milli mála, að ætlan þess sé að gera fasteignina að Seljabraut 44 að séreign varnaraðilja. Þá verður einnig til þess að líta, að í lögum eru bein ákvæði um réttaráhrif kaupmála, og verður því að ætla, að sóknaraðilja hafi hið minnsta mátt vera kunnugt um réttaráhrif gerða sinna, enda ekkert fram komið, er bent getur til hins gagnstæða. Verður því þegar af þessum ástæðum að hafna þeim málsástæðum sóknaraðilja, er byggja á því, að honum hafi hvorki verið kunnugt um efni umrædds skjals né þýðingu þess að lögum. Þá hefur ekkert komið fram í málinu, er gerir líklegt, að varnaraðili hafi, þegar er kaupmáli málsaðilja var gerður, verið búin að mynda þann ásetning að skilja við sóknaraðilja síðar meir. Vegna þessa verður ekki fallist á, að kröfur sóknaraðilja eigi stoð í 30. gr. laga nr. 7/1936.

Þá heldur sóknaraðili því fram, að kröfur hans eigi stoð í reglum um misneytingu, og vísar þar um til til 7. gr. laga nr. 58/1960. Ekki þykir hafa verið sýnt fram á, að þau atvik, sem ákvæði þetta gerir að skilyrði, að leitt hafi til gerðar samnings, hafi verið fyrir hendi við gerð kaupmála málsaðilja, og verður því að hafna þessari málsástæðu sóknaraðilja.

Sem fyrr getur vísar sóknaraðili í þriðja lagi til 32. gr. laga nr. 7/1936 til stuðnings kröfum sínum. Eins og áður greinir, verður ekki talið, að sýnt hafi verið fram á, að varnaraðili hafi verið ákveðinn að leita skilnaðar við sóknaraðilja, áður en kaupmáli þeirra var gerður. Þá verður ekki fallist á það með sóknaraðilja, að það breyti neinu um niðurstöðu málsins, þótt varnaraðili kunni að hafa gert kaupmála til þess að gæta hagsmuna barna sinna, enda fæst ekki séð, að slíkar hvatir af hennar hálfu fyrir gerð kaupmálans hafi neina þýðingu varðandi áhrif hans. Þykir því ekki unnt að fallast á kröfur sóknaraðilja á þessum grundvelli.

Þá þykir mega fallast á sjónarmið varnaraðilja, er fyrr getur, varðandi þá málsástæðu sóknaraðilja, að forsendur séu brostnar fyrir gerð kaupmálans, og hafna henni af þeim sökum.

Samkvæmt framansögðu verður því niðurstaða málsins sú, að hafna verður kröfum sóknaraðilja, og telst því fasteignin Seljabraut 44, Reykja-

vík, ekki til félagsbús málsaðilja. Í ljósi þessarar niðurstöðu verður sóknaraðilja gert að greiða varnaraðilja málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðilja, Kristins G. Jónassonar, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja, Sonju H. Jónsdóttur, kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1984.

Nr. 12/1982. **Jón Sigurðsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Gauki Jörundssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
og Eyrarbakkahreppi
(Sigurður Baldursson hrl.)

Samningar. Landsleiga. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1982. Hann krefst þess, að ógiltur verði með dómi leigusamningur, dags. 9. júní 1958, milli þáverandi óðalsbónda í Kaldaðarnesi, Jörundar Brynjólfssonar, annars vegar sem leigutaka og hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps hins vegar sem leigusala um svonefnda Flóagaflsey. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi Gaukur Jörundsson krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Eyrarbakkahreppur krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, voru á sínum tíma byggðar úr jörðinni Flóagafli fjórar hjáleigur, Gerðiskot, Hallskot, Valdakot og Þórðarkot. Eru þær allar greindar og þær metnar sem hjáleigur Flóagafls í jarðabók 1861. Í fasteignamatsbók 1922 eru hins vegar hvorki Gerðiskot né Valdakot í tölu býla, sem metin eru samkvæmt 4. gr. laga nr. 22/1915 um fasteignamat, og aðeins Hallskot og Þórðarkot eru þar metin auk Flóagafls. Flóagafl og býli þessi hafa almennt verið nefnd einu nafni Flóagaflstorfa. Taldist hún áður til Sandvíkurhrepps, en var með 2. gr. laga nr. 52/1946 lögð til Eyrarbakkahrepps.

Stefndi Eyrarbakkahreppur eignaðist hálfan Flóagafl árið 1901, en hinn helminginn árið 1915. Hefur hreppurinn síðan verið eigandi allrar jarðarinnar að meðtöldu Gerðiskoti, Valdakoti og hálfu Hallskoti. Sá helmingur Hallskots, sem áfrýjandi á nú, komst í eigu Jakobs nokkurs Jónssonar árið 1912. Eftir andlát hans árið 1935 virðist eignarhluti hans hafa gengið til sonar hans, Jóns Jakobssonar, er seldi hann systur sinni, Regínu Jakobsdóttur, með afsalsbréfi 16. júní 1973, en hún aftur sama dag syni sínum, Jóni Sigurðssyni, áfrýjanda þessa máls.

Landskipti fóru fram milli Flóagaflstorfunnar og Þórðarkots 20. og 21. apríl 1923. Síðan hefur Þórðarkot eigi aðeins haft úrskipt tún og slægjur, heldur einnig beitiland. Er Þórðarkot ekki talið eiga lengur neitt óskipt land með Flóagafli og Hallskoti. Frá 30. desember 1949 hefur það verið í eigu Guðmundar Torfasonar.

Hinn 18. október 1935 afsalaði stefndi Eyrarbakkahreppur sem eigandi Óseyrarness- og Flóagaflstorfu ríkissjóði 120.7 ha spildu úr Flóagaflstorfu til greiðslu skuldar vegna Flóaáveitunnar samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 56/1933 um viðauka við og breyting á lögum nr. 68 14. nóvember 1917 um áveitu á Flóann.

Norðan að landi Flóagaflstorfu á vinstri bakka Ölfusár liggur land Kaldaðarness, óðalsjarðar stefnda Gauks Jörundssonar. Undir þá jörð liggja nokkrar eyjar í Ölfusá. Syðstar þeirra og helstar eru svonefndar Kaldaðarneseyjar. Syðsti hluti syðstu eyjarinnar tilheyrir þó Flóagaflstorfu og nefnist Flóagaflsey. Á manntalsþingi Selfoss og Sandvíkurhreppa 29. júní 1951 var að beiðni þáverandi eiganda Kaldaðarness, Jörundar Brynjólfssonar alþingismanns, friðlýst æðarvarpi í Kaldaðarneseyjum samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 74 24. júní 1941. Hafði þar verið nokkurt varp áður, en legið niðri um hríð. Í framhaldi af friðlýsingu þessari virðist Jörundur hafa falast eftir kaupum á Flóagaflsey af Eyrarbakkahreppi í því skyni að koma upp æðarvarpi einnig þar. Var bréf frá Jörundi, er að þessu lýtur, lagt fram á fundi hreppsnefndar 8. ágúst 1954, en málinu ekki til lykta ráðið að því sinni. Segir aðeins í fundargerð hreppsnefndar, að oddvita hafi verið falið að rannsaka landamerki milli Flóagafls og Kaldaðarness.

Svo er að sjá, að málið hafi nú legið niðri um hríð, eða þar til á fundi hreppsnefndar 26. apríl 1958, að aftur er tekið fyrir bréf frá Jörundi um kaup á Flóagaflsey. Á það féllst þó hreppsnefnd ekki, en samþykkti að veita honum kost á að taka eyjuna á leigu. Var í framhaldi af þessu kynnt á næsta fundi hreppsnefndar 8. júní 1958 uppkast að leigusamningi, sem borist hafði frá Jörundi. Á það uppkast gat hreppsnefnd þó ekki fallist óbreytt. Er skráð í fundargerð, að leigutími megi ekki vera lengri en 50 ár og fram þurfi að koma í samningi, til hvers eyjan væri leigð og að hún yrði ekki notuð til annars. Var oddvita falið að semja nýtt uppkast að leigusamningi í samræmi við þetta. Þegar næsta dag, 9. júní, undirrituðu oddviti hreppsnefndar og Jörundur síðan leigusamning um Flóagaflsey. Segir svo í leigusamningnum:

„Ég undirritaður, Vigfús Jónsson, oddviti Eyrarbakkahrepps, leigi hér með f. h. Eyrarbakkahrepps og samkvæmt samþykkt hreppsnefndar 27. apríl 1958, Jörundi Brynjólfssyni, bónda Kaldaðarnesi, Árnessýslu, eyjarhluta þann í eigu Eyrarbakkahrepps, svo nefnda Flóagaflsey, sem liggur í beinu framhaldi af eyjum jarðarinnar Kaldaðarness.

Eyjarhluti þessi leigist til að auðvelda friðun æðarvarps í Kaldaðarneseyjum og með réttindum til vörslu vegna þess.

Í því skyni hefur leiguliði öll gögn og gæði af landinu á leigutímabilinu, sem er 50 — fimmtíu ár — og gengur rétturinn til erfða eftir leiguliða.

Verði hinsvegar sú breyting á vegna mannvirkja, að ekki reynist mögulegt að halda við æðarvarpi í eyjunum, fellur leigusamningurinn úr gildi.

Leiguliði skal greiða í ársafgjald kr. 60.00 — sextíu krónur — í peningum, sem greiðast skal árlega."

Framangreindur leigusamningur var afhentur 11. júní 1958 til þinglýsingar.

Áfrýjandi hefur höfðað mál þetta til að hnekkja leigusamningnum. Jafnframt hafa verið hafin landskipti á Flóagaflstorfu að kröfu hans auk þess sem rekið er fyrir dómstólum mál um landamerki milli Flóagaflstorfu og Kaldaðarness.

II.

Fyrir Hæstarétti reisir áfrýjandi dómkröfur sínar á því, svo sem hann gerði fyrir héraðsdómi, að Flóagaflsey hafi verið í óskiptri sameign eigenda Flóagaflstorfu, þegar leigusamningurinn frá 9. júní 1958 var gerður. Samþykkis eiganda þess hluta Hallskots, sem áfrýjandi á nú, hafi ekki verið leitað. Hafi stefnda Eyrarbakkahrepp því brostið heimild til samningsgerðarinnar.

Stefndi Gaukur hefur sérstaklega bent á það, að ónóg heimild Eyrarbakkahrepps geti, hvað sem öðru líður, ekki rennt stoðum undir kröfu áfrýjanda um dómsorð fyrir því, að leigusamningurinn eigi að teljast ógildur samningur. Að öðru leyti reisir hann sýknukröfuna á eftirtöldum ástæðum, sem allar voru hafðar uppi fyrir héraðsdómi:

Hallskot sé hjáleiga, byggð úr jörðinni Flóagafli. Sú meginregla gildi um hjáleigur, að þeim fylgi aðeins slægjur og beit, oftast hlutdeild í sameiginlegu beitilandi með aðaljörðinni. Hlunnindi fylgi ekki hjáleigum, nema fyrir því séu sérstakar heimildir, svo sé ekki í þessu máli. Engin gögn séu um, að Hallskoti hafi nokkru sinni fylgt réttur til eggjatöku eða annarra nytja af Flóagaflsey. Skráning í fasteignaskrár síðari ára um, að Hallskoti fylgi laxveiðihlunnindi, byggist vafalaust á einhliða upplýsingum og misskilningi og sé hún ekki einu sinni sönnunargagn um, að Hallskoti fylgi veiðiréttur í

Ölfusá. Sama máli gegni um aðild að veiðifélagi Árnesinga. Eigi Hallskot heldur engan rétt til netaveiði í Ölfusá, sbr. 27. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Þá er því og haldið fram, að þótt svo yrði litið á, að Hallskoti fylgdi hlutdeild í Flóagaflsey, hafi hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps eigi að síður verið heimil ráðstöfun hennar. Fyrri sameigandi hreppsins að Hallskoti, Jón Jakobsson, hafi samþykkt, að minnsta kosti í verki, að hreppurinn færi með fyrirsvar og ráðstöfun þessarar sameiginlegu eignar. Undir öllum kringumstæðum hafi hann samþykkt leigusamninginn í reynd. En hvernig sem annars verði á þetta litið, hafi hreppnum verið heimil ráðstöfun síns eigin eignarhluta.

Enn sé það, að sameigendur Eyrarbakkahrepps að Hallskoti hafi ekki, fyrr en til málsóknar þessarar kom, reynt að hafa nein afskipti af Flóagaflsey eða nytjum hennar. Jóni Jakobssyni hljóti að hafa verið ljóst, að eigandi Kaldaðarness nytjaði Flóagaflsey í samfleytt 30 ár að minnsta kosti. Þau umráð og nytjar hafi verið með formlegu samþykki hreppsins síðan 27. apríl 1958 og hefð því verið fullnuð, er stefna var birt í málinu 5. júní 1978.

Loks er af hálfu þessa stefnda skírskotað til réttarreglna um endurbætur á eign annars manns. Leiði þær réttarreglur til stofnunar eignar- eða afnotaréttar til handa eiganda Kaldaðarness að margnefndum eyjarhluta, jafnvel þótt talið yrði, að eigendur Hallskots hefðu átt þar einhvern rétt. Þær endurbætur séu það æðarvarp, sem komið hafi verið upp í eyjarhlutanum, en því tengist sérstakir hagsmunir eiganda Kaldaðarness og fjölskyldu hans. Þeir hagsmunir séu fyrst og fremst annars eðlis en af fjárhagslegum toga. Sé skylt að taka meira tillit til þeirra en hugsanlegra fjárhagslegra hagsmuna áfrýjanda.

Stefndi Eyrarbakkahreppur hefur í einu og öllu vísað til rökstuðnings stefnda Gauks kröfum sínum til stuðnings án þess að færa sjálfstætt fram sérstakar málsástæður af sinni hendi.

III.

Í framangreindum leigusamningi um Flóagaflsey er tekið fram, að eyjarhlutinn sé leigður eiganda Kaldaðarness til nánar tilgreindrar hlunnindanýtingar þ.e. „til að auðvelda friðun æðarvarps í

Kaldaðarneseyjum og með réttindum til vörslu vegna þess.“ Einnig kemur þetta fram af því, sem rakið var um aðdraganda leigusamningsins. Í leigusamningnum segir þó jafnframt, að leigutaki hafi „öll gögn og gæði af landinu á leigutímabilinu.“ Felst í þessu, að með leigusamningnum var afsalað rétti eigenda Flóagaflstorfu til hvers konar nýtingar Flóagaflseyjar á leigutímabilinu án tillits til þess, hvort um er að ræða hlunnindanot eða aðra nýtingu landspildunnar. Leiðir þegar af þessu, að sýknukrafa stefndu getur ekki orðið til greina tekin fyrir það eitt, að Hallskot hafi aldrei eignast hlutdeild í neinum hlunnindum Flóagafls vegna þess, að Hallskot hafi í upphafi verið byggt úr jörðinni sem hjáleiga.

Áfrýjandi hefur viðurkennt, að Hallskot hafi ekki haft bein afnot af því landi, Flóagaflsey, sem leigt var. Hann hefur einnig viðurkennt, að Flóagafl hafi haft slægjur í landi þessu. Landið liggur í Ölfusá og er því með öllu aðgreint frá því landi Flóagaflstorfunnar, sem nýtt var sameiginlega. Áfrýjandi hefur enn fremur viðurkennt að vita til þess, að Jóni Jakobssyni hafi verið kunnugt um leigusamninginn eftir að hann var gerður, og hann hefur ekki fortekið í aðiljaskýrslu sinni, að Jón kunni að hafa vitað um hann, þegar hann var gerður. Þótt ekki verði fullyrt, hvenær Jóni barst vitneskja um samninginn, verður þó að telja líklegt, að varla hafi liðið á löngu, uns hann fékk um hann að vita. Allt að einu aðhafðist hann ekkert til að hnekkja samningnum, meðan hann taldist eigandi Hallskots. Veitir það vísbendingu um, að hann hafi litið svo á, að eiganda Flóagafls, Eyrarbakkahreppi, hafi verið heimilt að gera samninginn upp á sitt eindæmi.

Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið um sérnýtingu Flóagafls á Flóagaflsey, litið til þess, að með samningi þeim, sem í málinu greinir, var aðeins stofnað til sérstaks tímabundins afnotaréttar yfir hinu leigða landi og enn fremur til þess, að fyrri eigandi Hallskots aðhafðist ekkert, svo vitað sé, til að hnekkja þeim samningi sem afhentur var til þinglýsingar þegar 11. júní 1958, þykir þessari ráðstöfun ekki verða hrundið nú af þeirri ástæðu, að Eyrarbakkahreppur hafi ekki haft heimild frá sameiganda sínum að Hallskoti til samningsgerðarinnar. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 19. október 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 2. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 5. júní og 12. júní 1978.

Stefnandi er Jón Sigurðsson, Engjaseli 52, Reykjavík.

Stefndu eru Gaukur Jörundsson, Kaldaðarnesi, Sandvíkurhreppi, og Þór Hagalín, sveitarstjóri f. h. Eyrarbakkahrepps.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að ógiltur verði leigusamningur, dagsettur 9. júní 1958, milli þáverandi óðalsbónda að Kaldaðarnesi, Jörundar Brynjólfssonar, annars vegar sem leigutaka og hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps hins vegar sem leigusala um svonefnda Flóagaflsey. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu að mati réttarins.

Stefndu hafa krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Með leigusamningi, dags. 9. júní 1958, leigði Eyrarbakkahreppur Jörundi Brynjólfssyni, bónda í Kaldaðarnesi, „eyjarhluta þann í eigu Eyrarbakkahrepps, svo nefnda Flóagaflsey, sem liggur í beinu framhaldi af eyjum jarðarinnar Kaldaðarness."

Eyjarhluti þessi var leigður til að auðvelda friðun æðarvarps í Kaldaðarneseyjum og með réttindum til vörslu vegna þess. Leigutíminn er 50 ár og gekk rétturinn til erfða eftir leiguliða. Árleigan er 60 gkr.

Samningi þessum var þinglýst á manntalsþingi Sandvíkurhrepps 1958 athugasemdalaust.

Jörðin Flóagafl og hjáleigurnar Hallskot, Gerðiskot, Valdakot og Þórðarkot eru almennt kallaðar Flóagaflstorfan, og hafa landskipti staðið yfir á torfunni. Við skiptin kveðst stefnandi hafa fengið vitneskju um tilvist samnings þessa. Taldi stefnandi, að honum væri nauðsyn á að fá samninginn ógiltan, og þar sem ítrekaðar tilraunir hans til þess báru ekki árangur, höfðaði hann mál þetta. Hálf Flóagaflstorfan er þinglesin eign Eyrarbakkahrepps að öðru leyti en því, að Þórðarkot er eign Guðmundar Torfasonar og ½ Hallskot er eign stefnanda.

Stefnandi eignaðist sinn hluta Hallskots með afsali, dags. 16. júní 1973.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að Flóagaflsey sé í óskiptri sameign eigenda Flóagaflstorfu. Hafi stefnda Eyrarbakkahrepp skort heimild til ráðstöfunar Flóagaflseyjar án samráðs við aðra eigendur Flóagaflstorfunnar.

Stefndu reisa sýknukröfur sínar á því, að Hallskot sé hjáleiga, byggð úr landi jarðarinnar Flóagafls. Um hjáleigur gildi sú meginregla, að þeim

fylgi aðeins slægjur og beit og oftast hlutdeild í sameiginlegu beitilandi með aðaljörðinni. Hjáleigum fylgi ekki hlunnindi,nema fyrir þeim séu sérstakar heimildir. Engin gögn séu í máli þessu um, að Hallskoti hafi nokkru sinni fylgt réttur til eggjatöku eða annarra nytja af Flóagaflsey.

Forsendur og niðurstaða.

Hallskot er hjáleiga, byggð úr jörðinni Flóagafli. Ekki er fram komið í málinu, hvenær það hafi verið, en hjáleigan er ekki talin í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709.

Hjáleigur eru byggðar úr landi lögbýla, og fylgja þeim skikar af túni og engjum til slægna og beitarafnot í haglendi jarðarinnar, sem hjáleigan er byggð úr.

Ekki verður talið að hjáleiga eigi tilkall til hlunninda jarðar þeirrar, sem hún er byggð úr, nema fyrir því séu sérstakar heimildir hverju sinni.

Stefnandi lýsti því í aðiljaskýrslu sinni hér fyrir dómi, að Hallskot hafi ekki haft bein afnot af landi því í Flóagaflsey, sem leigt var. Ekkert er fram komið í málinu, sem sýnir fram á, að Hallskoti fylgi eða hafi fylgt réttindi til eggjatöku eða annarra nytja Flóagaflseyjar, og verður því ekki séð, að samningurinn frá 9. 6. 1958 hafi skert lögverndaða hagsmuni eiganda Hallskots.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, kr. 8.000.00 til hvors.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Gaukur Jörundsson og Eyrarbakkahreppur, skulu sýknir af öllum kröfum stefnanda, Jóns Sigurðssonar.

Stefnandi greiði stefndu kr. 8.000.00 hvorum í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1984.

Nr. 174/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Axel Gunnari Ólafssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
og
Hannes Þóri Hávarðarsyni
(Stefán Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Skjalafals. Þjófnaður. Brot gegn friðhelgi einkalífs. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 9. ágúst 1983 áfrýjað til Hæstaréttar dómi sakadóms Reykjavíkur 6. apríl 1983 í máli, sem höfðað hafði verið af hálfu ákæruvalds gegn ákærðu báðum með ákæru 28. október 1982. Þá hefur hann með stefnu sama dag áfrýjað dómi sakadóms Reykjavíkur 7. apríl 1983 í máli á hendur ákærða Axel Gunnari Ólafssyni, er höfðað hafði verið með ákæru 25. janúar 1983. Loks hefur ríkissaksóknari áfrýjað með stefnu sama dag dómi sakadóms Reykjavíkur 11. maí 1983 í máli gegn ákærða Hannesi Þóri Hávarðarsyni, höfðuðu með ákæru 18. ágúst 1982. Málum þessum er af hálfu ákæruvalds áfrýjað til þyngingar, en ákærðu höfðu ekki óskað áfrýjunar.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari og verjendur hinna ákærðu hafa lýst yfir því, að þess sé eigi óskað, að skaðabótakröfur þær, sem dæmdar voru í hinum áfrýjuðu dómum, verði teknar til meðferðar í Hæstarétti. Koma þær því eigi til úrlausnar Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

I.

Dómur 6. apríl 1983.

Með dómi þessum var dæmt um ákæru á hendur fimm sakborn-

ingum, en málinu er einungis áfrýjað að því er varðar ákærðu Axel Gunnar Ólafsson og Hannes Þóri Hávarðarson.

Um ákærulið II. 1. Sannað þykir með framburði ákærða Hannesar Þóris og meðákærða Axels Gunnars og vitnisburði Hlyns Júlíussonar, að ákærði Hannes hafi með vísvitandi líkamsárás aðfaranótt 1. mars 1981 valdið Hlyn Júlíussyni verulegu tjóni á líkama og heilbrigði, svo sem lýst er í vottorðum læknanna Grétars Guðmundssonar og John E. G. Benedikz. Hefur ákærði Hannes þannig unnið til refsingar samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga. Aðferð sú, er ákærði beitti við brotið, var hættuleg, sbr. 2. mgr. 218. greinar, en eins og ákæru er háttað, ber þó að miða refsingu við 1. mgr. sömu greinar. Það er aðfinnsluvert, að eigi hafa verið teknar dómskýrslur út af þessu atriði af þeim Friðrik Pétri Welding Magnússyni og vitnunum Ingu Helgu Níelsdóttur og Júlíusi Hlynssyni.

Um ákærulið III. Ákærðu fóru saman í heimildarleysi inn í húsið nr. 54 við Grettisgötu aðfaranótt 26. ágúst 1981 og slógu þar eign sinni á flösku með slatta af hvítvíni. Varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga, og þykir það ákvæði, eins og hér stendur á, tæma sök, þannig að eigi verði jafnframt refsað fyrir brot gegn 231. gr. sömu laga. Ákærðu réðust síðan á húsráðandann, Má Kristjánsson, og ollu verulegum áverkum á honum. Áverkarnir voru slíkir sem gert er ráð fyrir í 218. gr. og aðferð ákærðu við að valda þeim mjög hættuleg, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Ákærðu verður þó, eins og saksókn er varið, einungis refsað fyrir þetta brot innan marka 217. gr. hegningarlaga. Refsingu ákærða Axels Gunnars ber að þessu leyti að ákveða með hliðsjón af 218. gr. a. nefndra laga, þar sem hann hefur áður sætt refsingu fyrir brot gegn 217. gr. laganna.

Um önnur sakarefni máls þessa þykir mega staðfesta sakarmat hins áfrýjaða dóms og færslu til refsiákvæða.

II

Dómur 7. apríl 1983

Staðfesta ber niðurstöðu dóms þessa um sakarmat og færslu til refsiákvæðis.

Það athugast, að samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga hefði

héraðsdómara, eins og hér stóð á, verið rétt að taka bæði málin til meðferðar, þ.e. mál það, sem dæmt hafði verið daginn áður, og mál samkvæmt ákæru 25. janúar 1983, og dæma þau í einu lagi.

III

Dómur 11. maí 1983

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Jónatan Jóhannesson komið fyrir dóm. Hann kveðst ekki hafa gefið ákærða Hannesi Þóri neina heimild til þess að taka peninga út úr sparisjóðsbók sinni. Hann hafi ekki vitað til þess fyrr en daginn eftir heimsókn ákærða, að fé hafði verið tekið út úr bókinni og ekki hafi hann vitað, hver þar hefði verið að verki, fyrr en hann frétti um það hjá rannsóknarlögreglu ríkisins.

Ákærði hefur einnig komið fyrir dóm að nýju og sagt, að framburður Jónatans um skipti þeirra muni vera réttur. Sé það sjálfsagt rétt, að hann hafi enga heimild fengið hjá Jónatan til úttektarinnar.

Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um fyrri lið ákæru 18. apríl 1982.

Einnig hefur Gunnar Ragnar Gunnarsson, Neðstabergi 7, borið vitni eftir uppsögu héraðsdóms. Hann kveðst hafa verið í skemmtistaðnum Hollywood og glatað þar veski sínu, er hann geymdi í rassvasa. Hann telur eigi útilokað, að hann hafi misst veskið upp úr vasanum, þótt hann telji það ólíklegt.

Samkvæmt þessu og forsendum héraðsdóms ber að telja ákærða sannan að verki því, sem lýst er í síðari lið ofangreindrar ákæru. Þykir verknaðurinn vera þjófnaður og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, eins og í ákæru greinir.

IV

Svo sem lýst er í hinum áfrýjuðu dómum, hafa báðir ákærðu langan brotaferil að baki, einkum Hannes Þórir. Verða báðir að teljast vanaafbrotamenn, og ber að líta til 72. gr. almennra hegningarlaga við refsiákvörðun.

Refsing ákærða Axels Gunnars Ólafssonar verður með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga ákveðin fangelsi 10 mánuði. Fram hefur komið, að ákærði hefur ekki verið kærður fyrir nein ný brot síðan hinir áfrýjuðu dómar gengu, og hann hefur stundað vinnu hin síðustu misseri. Eigi þykir þó fært að fresta fullnustu refs-

ingarinnar gegn skilyrðum, þegar litið er til langs brotaferils ákærða og þess, að hann er nú sakfelldur fyrir mörg brot, þar á meðal alvarlegar líkamsárásir.

Samkvæmt gögnum málsins var Axel Gunnar úrskurðaður kl. 1516 hinn 18. mars 1981 til þess að sæta gæsluvarðhaldi til 13. sama mánaðar kl. 1500. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að hann hafi ekki verið látinn laus, fyrr en gæsluvarðhald samkvæmt úrskurðinum rann út. Þykir samkvæmt 76. gr. hegningarlaga rétt að draga vist þessa, 5 daga, frá refsingu ákærða Axels.

Refsingu ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga svo og 78. gr. sömu laga að því er varðar brot ákærða, sem talin eru í ákæru 28.október 1982, II. - VI. kafla, og öll eru framin fyrir 28. október 1981, er ákærði var dæmdur til 4 mánaða fangelsisrefsingar. Er refsing hans hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi. Ekki þykja efni til þess að skilorðsbinda refsinguna.

Ákærði Hannes Þórir sætti gæsluvarðhaldi frá 8. til 13. mars 1981, eða 5 daga, og enn fremur frá kl. 1146 hinn 29. ágúst til kl. 1320 hinn 4. september sama ár, en sú vist telst 7 dagar. Ber samkvæmt 76. gr. hegningarlaga að draga gæsluvarðhaldsvistina, alls 12 daga, frá refsingu ákærða.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði dóma 7. apríl og 11. maí 1983, og einnig þykir mega staðfesta málskostnaðarákvæði dóms 6. apríl 1983 að því er varðar ákærðu.

Ákærðu verða dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þannig að hvor um sig greiði málsvarnarlaun verjanda síns, en annan kostnað, m.a. saksóknarlaun í ríkissjóð, greiði ákærðu in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Axel Gunnar Ólafsson sæti fangelsi 10 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans í 5 daga.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson sæti fangelsi 15 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans í 12 daga.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um málskostnað eiga að vera óröskuð að því er ákærðu varðar.

Ákærði Axel Gunnar greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur. Ákærði Hannes Þórir greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað, þar á meðal 15.000.00 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, greiði ákærðu in solidum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Guðmundar Jónssonar.

Við föllumst á dómsatkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu að öðru leyti en um ákvörðun refsinga ákærðu. Með tilliti til þess, hversu alvarleg afbrot er um að ræða, sérstaklega stórháskalegar líkamsmeiðingar, svo og með tilliti til brotaferils ákærðu og fjölda brotanna teljum við refsingu hæfilega ákveðna 18 mánaða fangelsi fyrir Axel Gunnar Ólafsson og 24 mánuði fyrir Hannes Þóri Hávarðarson.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti voru lögð fram gögn um óslitna vinnu ákærða Axels Gunnars frá því í byrjun septembermánaðar 1982, en hann hefur ekki, svo vitað sé, gerst sekur um ólöglegt athæfi, frá því er brot þau voru framin, sem fjallað er um í þessu máli. Þá gerði verjandi þessa ákærða grein fyrir heimilisstofnun hans og lækningu af vímuefna- og drykkjufýsn, en allt þetta taldi hann sýna, að um algera stefnubreytingu á lífsháttum væri að ræða hjá honum. Öllu þessu taldi verjandinn stofnað í hættu, ef ákærði Axel Gunnar yrði settur í fangelsi.

Það er skoðun okkar, að sérstökum varnaðaráhrifum refsingar sé ekki stofnað í hættu með því að skilorðsbinda refsidóm yfir ákærða Axel Gunnari. Jafnframt teljum við hættu á, að dregið verði úr almennum varnaðaráhrifum dóms yfir honum, ef skilorði yrði beitt, svo litla, að víkja skuli fyrir þeim miklu hagsmunum, sem bundnir eru því, að til fangelsisvistar hans komi ekki, svo sem högum hans er nú háttað.

Samkvæmt þessu teljum við, að refsing ákærðu ætti að vera eins og að framan greinir, en að fresta beri fullnustu refsingar Axels Gunnars Ólafssonar og hún niður falla að 5 árum liðnum, ef hann

heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. apríl 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 6. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 127-131/1983: Ákæruvaldið gegn Axel Gunnari Ólafssyni, B, Hannesi Þóri Hávarðarsyni, C og D, sem tekið var til dóms 23. mars 1983.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 28. október 1982, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur eftirtöldu fólki:

1. Axel Gunnari Ólafssyni, Unufelli 50, fæddum 10. september 1950 í Reykjavík.
2. A ...
3. B ...
4. Hannesi Þóri Hávarðarsyni, Meistaravöllum 23, fæddum 28. ágúst 1934 í Reykjavík.
5. C ...
6. D ...

öllu í Reykjavík.

I. Á hendur ákærða Axel.

1. Fyrir að hafa, föstudaginn 31. júlí 1981, farið inn í húsið nr. 26 við Skólavörðustíg í Reykjavík og stolið kassa með ýmsum munum og nokkrum bókum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Fyrir að hafa, aðfaranótt mánudagsins 3. ágúst 1981, slegið sambýliskonu sína, Guðrúnu Gústafsdóttur, fædda 18. september 1950, í andlitið, er þau voru stödd í Yrsufelli nr. 11 í Reykjavík, með þeim afleiðingum, að efri kjálki konunnar brotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1981.

3. Fyrir að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 11. október 1981, er ákærði var staddur að Hverfisgötu 112 í Reykjavík, stolið veski með 1.700 krónum af Andrési Árnasyni, fæddum 2. mars 1926.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4. Fyrir að hafa, aðfaranótt fimmtudagsins 11. febrúar 1982, í félagi við X, brotist inn í kjallara hússins nr. 13 við Klapparstíg í Reykjavík og stolið plötuspilara, magnara, segulbandstæki, 2 hátölurum og ferðaútvarpstæki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

II. Á hendur ákærða Hannesi Þóri.

1. Fyrir að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 1. mars 1981, ráðist á Hlyn Júlíusson, fæddan 29. nóvember 1925, í húsinu nr. 23 við Meistaravelli í Reykjavík, hrakið hann og hrint og tekið um kverkar honum og hert að með þeim afleiðingum, að Hlynur hlaut heilaáverka og tímabundið máttleysi í vinstri fæti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

2. Fyrir að hafa, í júní eða júlí 1981, stolið 8 bókum, flestum gömlum, rafmagnsrakvél og 50 króna fullveldispening, ljósmyndavél og rafmagnsrakvél úr húsinu nr. 54 við Grettisgötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

3. Fyrir að hafa, laugardaginn 11. júlí 1981, stolið seðlaveski með 3.500 krónum og skilríkjum af Sigurði Ísfeld Karlssyni, fæddum 19. apríl 1941, í veitingahúsinu Óðali við Austurvöll í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4. Fyrir að hafa, í júlí eða ágúst 1981, stolið segulbandstæki úr verslun-inni Stokki, Skólavörðustíg 21 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

5. Fyrir að hafa, föstudaginn 7. ágúst 1981, stolið útvarpstæki úr gistiherbergi á Gamla-Garði við Hringbraut í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

6. Fyrir að hafa, í júlímánuði 1981, farið inn í húsið nr. 52 við Grettisgötu í Reykjavík og stolið tvennum jakkafötum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Á hendur ákærðu Axel Gunnari og Hannesi Þóri.

1. Fyrir að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 26. ágúst 1981, ruðst í heimildarleysi inn í íbúð Más Kristjónssonar, fædds 28. janúar 1927, að Grettisgötu 54 í Reykjavík, slegið eign sinni á hvítvínsslatta, sem þeir fundu þar, ráðist á húsráðandann, tekið hann fangbrögðum og fellt í gólfið, tekið um háls honum og hert að og slegið hann hnefahögg í andlitið, með þeim afleiðingum, að brestur kom í nefbein hans og hann hlaut glóðarauga hægra megin og hrufl í andliti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr., 231. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1981.

IV. Á hendur ákærðu Hannesi Þóri og B.

Fyrir að hafa, mánudaginn 10. ágúst 1981, farið inn í húsið nr. 52 við Grettisgötu í Reykjavík og stolið þar magnara, plötuspilara, 2 hátölurum, útvarpsviðtæki og 16 hljómplötum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

V. Á hendur ákærðu Hannes Þóri og C.

Ákærða Hannesi Þóri fyrir að hafa, aðfaranótt mánudagsins 27. júlí 1981, stolið 1.500 krónum úr skrifborðskúffu Ásgeirs Sigurðssonar, Bergstaðastræti 55 í Reykjavík og á hendur ákærða C fyrir að hafa, skömmu seinna, þegið 500.- kr. af þýfinu af meðákærða Hannesi Þóri, enda þótt hann vissi að peningarnir voru stolnir.

Telst þetta athæfi ákærða Hannesar Þóris varða við 244. gr. almennra hegningarlaga . . .

VI. Á hendur ákærðu Hannesi Þóri og D.

Fyrir að hafa, í félagi notað í viðskiptum eftirtalda tékka, sem ákærða D falsaði á stolin eyðublöð, merkt útibúi Landsbanka Íslands á Höfn í Hornafirði, stílaða á handhafa, með nafni Arnórs Kristjánssonar á reikning nr. 2582, fjárhæðir eru í gömlum krónum:

1. Nr. 369404, kr. 50.000, útgefinn 21. júní 1980, greiðsla til hússjóðs Gyðufells 8, Reykjavík.
2. Nr. 369402, kr. 20.000, útgefinn 21. júní 1980, seldur Olíufélaginu h.f., Reykjavík.
3. Nr. 369406, kr. 50.000, sagður útgefinn 19. júní 1980, en seldur 24. júní verslun KRON við Norðurfell, Reykjavík.
4. Nr. 369411, kr. 50.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, seldur bensínsölu Skeljungs í Breiðholti, Reykjavík.
5. Nr. 369413, kr. 100.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, greiðsla símareiknings til Pósts- og símamálastjórnarinnar.
6. Nr. 369415, kr. 20.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, greiðsla til Ólafs Gunnarssonar, bifreiðastjóra, fyrir leiguakstur.
7. Nr. 369407, kr. 270.000, sagður útgefinn 24. júní 1980, en seldur Alþýðubankanum, Reykjavík 25 s.m.
8. Nr. 369408, kr. 169.000, útgefinn 30. júní 1980, seldur Alþýðubankanum.
9. Nr. 369401, kr. 130.000, útgefinn 26. júní 1980, seldur verslun Sláturfélags Suðurlands, Iðufelli, Reykjavík.
10. Nr. 369405, kr. 50.000, sagður útgefinn 19. júní 1980, óvíst um notkun.

Telst þetta allt varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

VIII. Á hendur ákærðu A og Hannesi Þóri.

Ákærða A, fyrir að hafa, miðvikudaginn 21. apríl 1982, er hann var staddur í húsinu nr. 25 við Bergstaðastræti í Reykjavík, stolið af húsráð-

andanum Davíð Óskari Grímssyni, 5.030.- krónum og á hendur Hannesi Þóri, fyrir að hafa veitt viðtöku 500.- krónum af þýfinu úr hendi meðákærða A enda þótt hann hefði séð meðákærða stela fénu.

Telst þetta atferli ákærða A varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, en atferli ákærða Hannesi Þóris við 254. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakarvottorði ákærða Axels Gunnars Ólafssonar hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1967 10/7 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Ákærufrestun í 2 ár frá deginum í dag. Skal háður eftirliti Óskars Clausen rithöfundar.

1968 21/2 í Reykjavík: Dómur: Varðhald 30 daga fyrir brot gegn 259. gr. hgl., 25. gr. umfl. og 24. gr. áfl. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár.

1968 19/11 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi, fyrir brot gegn 244. gr. hgl.

1969 15/7 í Reykjavík: Dómur: 10 mán. fangelsi. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu, fyrir brot gegn 73., 106., 244., 245. og 259. gr. hgl. og brot gegn áfl. og umfl.

1970 14/1 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hgl.

1970 30/1 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hgl. og 20. gr. hgl., en ekki gerð sérstök refsing, sbr. 78. gr. hgl.

1970 18/12 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hgl.

1972 12/1 í Reykjavík: Dómur: 8 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 248. gr. hgl. (Mál nr. 11/72).

1972 20/1 í Reykjavík: 2 mán. fangelsi fyrir brot á 254. gr. hgl.

1973 16/5 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1973 23/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hgl. (200).

1974 15/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot á 244. og 246. gr. hgl. (hegn.auki að hluta).

1976 8/11 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr., sbr. 8. gr. rgj. nr. 105, 1936, sbr. auglýsingu nr. 94, 1960.

1977 14/7 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hgl.

1978 14/4 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155. gr., 217., 245. og 254. gr. hgl.

1978 19/7 í Reykjavík: Sátt, 80.000 kr. sekt fyrir brot á 25., 26., 27. og

37. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 6 mán. frá 19/7 '78.

1978 5/9 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr. hgl..

1978 29/9 í Reykjavík: Sátt, 70.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár frá 19/1 1979.

1979 3/5 í Reykjavík: Dómur: 30 daga fangelsi fyrir brot á 217. og 244. gr. hgl.

1979 13/5 í Reykjavík: Reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum refsingar 80 dögum.

1981 6/3 í Reykjavík: Dómur: 4.500 kr. sekt fyrir brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 13/1 1981.

1981 9/3 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot g. 27. gr. umfl.

1981 15/5 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot g. 25. og 27. gr. umfl. og 24. gr. áfl.

— — —

Samkvæmt sakavottorði ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1954 19/3 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfl.

1954 15/5 í Reykjavík: Dómur: 9 mán. fangelsi, skb. í 3 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 245. og 231. gr. hgl.

1955 2/11 í Reykjavík: Dómur: 2.000 kr. sekt fyrir ölvun við akstur, sviptur rétti til ökuleyfis í 6 mán.

1955 8/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1955 13/12 í Reykjavík: Dómur: 15 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hgl. (6273/1955).

1956 25/1 í Reykjavík: Dómur: 8 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. og 248. gr. hgl.

1957 1/4 í Hafnarfirði: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1957 3/6 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hgl.

1962 26/1 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot g. 244. og 248. gr. hgl.

1963 18/3 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 19/3 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 2/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 13/5 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skb. í 2 ár, sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 13/5 1963 fyrir brot á áfl. og umfl. og f. nytjastuld.

1963 26/6 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1963 17/9 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1963 19/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 20/1 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 29/1 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 10/2 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 26/5 í Reykjavík: Dómur: 8 mán. fangelsi fyrir brot á 244. og 248. gr. hgl.
1964 23/11 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi (hegn.auki) fyrir brot gegn 217. gr. hgl. Sýknaður af ákæru um brot gegn 252. gr. hgl.
1965 2/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 2. tl. 1. mgr. 250. gr. hgl. (Mál nr. 1087/65).
1965 21/10 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
1966 4/4 í Reykjavík: Dómur: 10 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hgl. Staðfest í Hæstarétti 22/6 1966.
1966 31/5 í Hafnarfirði: Áminning fyrir ölvun.
1966 22/7 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot g. 244. gr. hgl.
1969 16/1 í Reykjavík: Dómur: 15 mán. fangelsi, fyrir brot gegn 155. gr. hgl.
1969 6/3 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot gegn 155. og 244. gr. hgl. (Hegn.auki).
1976 15/3 í Reykjavík: Veitt uppreisn æru að því er snertir dóma uppkveðna 15/5 '54, 13/12 '55, 25/1 '56, 3/6 '57, 26/1 '62, 13/5 '63, 26/5 '64, 23/11 '64, 2/3 '65, 22/7 '66, 16/1 '69, 6/3 '69 svo og dóm Hæstaréttar uppkv. 26/6 '66.
1979 27/3 í Reykjavík: Sátt, 60.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 12/3 '79.
1979 25/6 í Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umfl.
1981 14/4 í Reykjavík: Sátt, 7.500 kr. sekt fyrir brot á 27. gr., 37., 41., 46. og 50. gr. umfl.
1981 7/5 í Reykjavík: Dómur: 6.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11/11 '80.
1981 28/10 í Reykjavík: Dómur: 4 mán. fangelsi fyrir brot g. 155. gr. og 248. gr. hgl.

— — —

Málsatvik.

Með viðurkenningu ákærða Axels Gunnars Ólafssonar og stoð í öðrum gögnum málsins þykja eftirtaldir verknaðir hans sannaðir:

I.

1. Ákærði hefur viðurkennt að hafa föstudaginn 31. júlí 1981 stolið kassa með ýmsum munum og nokkrum bókum að Skólavörðustíg 26, Reykjavík.

Enginn bótakrafa, þar sem munir komust til skila.

Verknaður ákærða varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Ákærði hefur viðurkennt að hafa í reiðikasti, mánudaginn 3. ágúst 1981 slegið sambýliskonu sína, Guðrúnu Gústafsdóttur, í andlitið, þar sem þau voru stödd í íbúð þeirra að Yrsufelli 11, Reykjavík. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður og undir áhrifum lyfja og orðinn langþreyttur og taugaslappur.

Vitnið Guðrún Gústafsdóttir kom fyrir dóm 18. janúar 1983 og kvað rétt, að ákærði, Axel Gunnar Ólafsson hafi slegið sig í andlit með krepptum hnefa, eitt högg eða fleiri, en við það brotnaði efri kjálki vitnisins.

Vitnið kvaðst ekki hafa gefið ákærða tilefni til þessa, en hins vegar hafi Axel verið mjög reiður, þegar þetta gerðist.

Vitnið kvaðst ekki hafa náð sér eftir þetta, það vilji bera á tvísýni. Einnig fái það svimaköst og höfuðverk vinstra megin.

Vitnið kvaðst ekki gera kröfu til fébóta.

Áverkavottorð frá Sigurjóni H. Ólafssyni, tannlækni við Háls- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans, dagsett 21. september 1981, liggur frammi í málinu. Þar kemur fram:

„Þann 03. 08. 1981 var Guðrún Gústafsdóttir lögð inn á Borgarspítalann í Reykjavík. Hún hafði aðfaranótt innlagningardags verið slegin af sambýlismanni sínum. Við komu er sjúklingurinn mjög bólginn í vinstri hluta andlits og sjúklingurinn finnur fyrir sársauka við kyngingu. Sjúklingurinn er með tvísýni, en telur, að þau augneinkenni hafi verið til staðar frá svipuðum áverka fyrir þremur árum síðan, sem ekki var gert neitt við, þar sem sambýlismaður sjúklingsins mun hafa talið hana af að leggjast inn til aðgerðar þá. Guðrún er aum yfir kinnbeini og efri kjálka vinstra megin. Augnhreyfingar eru eðlilegar. Röntgenmyndir sýna, að um er að ræða brot á framvegg efri kjálkans vinstra megin. Sjúklingurinn er tannlaus í efri kjálka, en hefur efri góms protesu, sem mun hafa brotnað við áverkann. Eins og tekið er fram hér að framan hefur við þennan áverka brotnað framhluti efri kjálkans. Ekki er talin ástæða til sérstakra aðgerða vegna þessa. Á röntgenmyndum, sem teknar eru núna af vinstra kinnbeini koma í ljós sömu broteinkenni og sjást á röntgenmyndum frá 1976 og 1977, en þá kom sjúklingurinn hér á Slysadeild eftir svipaða áverka. Það lítur því út fyrir, að þetta sé í þriðja skipti a.m.k., sem sjúklingnum er misþyrmt af sambýlismanni sínum. Engin ástæða þykir til þess að gera skurðaðgerð og út-

skrifast sjúklingurinn héðan þann 05. 08. 1981 og líður þá mun betur og bólgan mjög í rénum."

Skýrslur voru teknar af fleiri vitnum hjá rannsóknarlögreglu, en ekki þykir ástæða til að rekja framburði þeirra hér.

Ákærði hefur með athæfi sínu gerst brotlegur við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981.

3. Ákærði hefur viðurkennt stuld á veski með kr. 1.700.- frá Andrési Árnasyni að Hverfisgötu 112 í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 11. október 1981. Ákærði hefur samþykkt bótakröfu að fjárhæð kr. 1.700.00, sem verður tekin til greina.

Verknaður ákærða varðar hér við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4. Ákærði hefur viðurkennt innbrot og stuld í félagi við X aðfaranótt fimmtudagsins 11. febrúar 1982 í kjallara hússins nr. 13 við Klapparstíg í Reykjavík og þeir þar stolið plötuspilara, magnara, segulbandstæki, 2 hátölurum og ferðaútvarpstæki.

Lögð hefur verið fram bótakrafa frá Jóni Ívari Guðjónssyni að fjárhæð kr. 4.000.-, en hann keypti stolin tæki af ákærða fyrir það verð. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina.

Verknaður ákærða varðar hér við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Árás á Má Kristjónsson.

Ákærði Axel Gunnar Ólafsson hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi varðandi árásina. Í skýrslu hans fyrir dómi kom fram:

Ákærði viðurkenndi að hafa ásamt meðákærða Hannesi ruðst heimildarlaust inn í íbúð Más Kristjónssonar, Grettisgötu 54, Reykjavík, en Hannes opnaði íbúðina með lykli. Tóku þeir þar til að byrja með hvítvín og drukku og síðan meira, áður en þeir yfirgáfu íbúðina.

Ákærði sagði Hannes hafa fyrst lent í átökum við manninn og hafi Hannes tekið hann hengingartaki. Ákærði kvaðst hafa hjálpað Hannesi, þegar honum tókst ekki að vanka manninn. Kveðst hann sjálfur hafa tekið hann hálstaki og þrýst á slagæðar, en sleppt síðan. Seinna, þegar ákærði var á leið út, kom maðurinn aftur að ákærða, og kvaðst ákærði þá hafa slegið manninn hnefahögg í andlitið og telur allt eins líklegt, að maðurinn hafi við það nefbrotnað. Þeir félagar yfirgáfu síðan íbúðina án þess að taka nokkuð annað en hvítvínið.

Ákærði kvaðst samþykkja bótakröfuna, kr. 10.000.-.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson hefur einnig gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, þar sem kemur eftirfarandi fram:

Ákærði viðurkenndi að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 26. ágúst 1981

ruðst heimildarlaust ásamt meðákærða Axel Gunnari inn í íbúð Más Kristjónssonar að Grettisgötu 54, Reykjavík, en ákærði notaði til þess lykil að íbúðinni. Stálu þeir Axel þar hvítvíni, sem þeir drukku, og síðan meira, áður en þeir yfirgáfu húsið.

Ákærði fór inn í svefnherbergi til að hitta húsbóndann, sem skipaði þeim félögum á brott og reyndi að ýta þeim út.

Ákærði kvaðst tvívegis hafa tekið Má Kristjónsson kverkataki, til þess að hann dasaðist og gæti ekki veitt þeim félögum eftirför. Var þarna um að ræða þéttingsfast tak, og vankaðist maðurinn við það.

Ákærði kvaðst ekki hafa slegið manninn, en kvaðst geta fyllyrt, að Axel hafi slegið hann hnefahögg í andlitið.

Ákærða var kynnt skaðabótakrafa frá Má Kristjónssyni að fjárhæð kr. 10.000.-, og kvaðst hann samþykkja hana.

Vitnið Már Kristjónsson hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi 21. janúar sl., þar sem kemur fram:

Vitnið kvaðst hafa verið í gleðskap umrædda nótt, eitthvað undir áhrifum áfengis. Vitnið rámaði í það að hafa kveikt sér í pípu, þegar það kom heim, og sá það daginn eftir, að það hafði gengið snyrtilega frá eftir sig, bortið saman fötin sín.

Vitnið kvaðst fyrst muna eftir því, að búið var að taka það kverkataki og færa fram úr rúminu. Vitnið fann þá til mikillar köfnunartilfinningar og man, að það hélt fyrst í stað, að það hefði fengið martröð. Vitnið kvaðst muna eftir sér liggjandi á gólfinu með handlegg annars manns um háls sér og að kraflað var í augu þess. Vitninu var þá ljóst, að þarna var ekki um martröð að ræða, heldur væri það í lífsháska. Vitnið kvaðst þá alveg hafa brjálast og tókst að losa sig.

Vitnið lenti aftur í stimpingum frammi í eldhúskrók, og urðu þar nokkur átök, fékk vitnið þá högg í andlitið, eitt eða fleiri. Vitninu tókst síðan við illan leik að koma mönnunum út úr íbúðinni en þeir reyndust vera tveir.

Vitnið kvaðst hafa jafnað sig að mestu leyti, þó það hafi tekið nokkurn tíma.

Vitnið áréttaði áður framsetta bótakröfu sína.

Læknisvottorð Leifs Jónssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, liggur frammi í málinu, dagsett 16. september 1981. Þar kemur fram:

„Þann 26. 08. 1981 kl. 20:20 var komið með ofanskráðan sjúkling á Slysadeild Borgarspítalans. Sjúklingurinn kemur í fylgd rannsóknarlögreglumanna og er ástæðan líkamsárás, sem hann varð fyrir þann dag. Sjúklingur hafði verið ölvaður í margar vikur, er árásin var gerð, og ekki man hann glöggt atburðarás.

Telur hann að tveir menn hafi ráðist á sig, tekið sig kverkataki og lamið sig og sparkað. Ekki telur hann sig hafa misst meðvitund og ekki kvartar

hann um svima, tvísýni eða ógleði. Kveðst hafa sofið þungt fyrst eftir árásina, haft dálítinn höfuðverk.

Ekki hefur hann miklar subjektivar kvartanir, en skoðun sýnir eftirfarandi:

Útlit sjúklings er mjög sóðalegt, blóðugur kringum vinstra eyra og glóðarauga hægra megin ásamt mari yfir nefrót. Blóðstorka er í hári, engin sár í hárssverði. Blóðstorka í báðum hlustum, heyrn reynist þokkaleg. Subconjuntival blæðing er í báðum augum, augnhreyfingar eru eðlilegar. Augnbotnaskoðun virðist eðlileg.

Örlítill snúður virðist á nefi og sýnir rtg.mynd af andlitsbeinum brest í nefbeini, en ekki virðist það vera úr lagi farið.

Augntönn er brotin, en sjúklingur telur það vera gamalt brot. Marblettir eru á hálsi, gætu samrýnst kverkataki með olnbogabót.

Lungnahlustun er eðlileg, púls 100/mín., blóðþrýstingur 150/110, sem sagt nokkuð hár.

Almennt álit er eftirfarandi:

Virðist að ýmsu leyti ruglaður, tekinn eftir langvarandi drykkju, en ekki líkamlega mikið meiddur eftir árásina.

Sjúklingur kom hér aftur 03. 09. 1981, kveðst ekki hafa drukkið síðan hann var hér síðast. Er til meðferðar á Geðdeild Borgarspítalans og er deprimeraður, en að öðru leyti líkamlega þokkalega haldinn.

Sjúklingur hefur fengið hjá okkur sjúkradagpeningavottorð, sem gildir til og með 04. 09. 1981.

Ekki var sjúklingi stefnt til endurkomu enda hefur hann ekki sótt heim Slysadeild Borgarspítalans vegna þessara meiðsla síðan."

Samkvæmt framanskráðu og stoð í öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærðu Axel Gunnar Ólafsson og Hannes Þórir Hávarðarson hafi ruðst heimildarlaust inn til Más Kristjónssonar að Grettisgötu 54, Reykjavík, aðfaranótt miðvikudagsins 26. ágúst 1981 og stolið þar hvítvíni. Ennfremur ráðist á nefndan Má, tekið hann fangbrögðum og kverkatökum. Þá þykir einnig sannað, að ákærði Axel Gunnar Ólafsson hafi slegið hann högg í höfuðið, þannig að brestur kom í nefbein hans.

Verknaðir ákærðu þykja varða við 1. mgr. 217. gr., 231. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Már Kristjónsson hefur sett fram sundurliðaða bótakröfu, kr. 5.000 fyrir atvinnumissi og kr. 5.000 fyrir þjáningar og annan miska, eða samtals kr. 10.000.-. Ákærðu hafa samþykkt að greiða þessar bætur, og verða þeir dæmdir til að greiða tjónþola in solidum kr. 10.000.-, þar sem krafan þykir sanngjörn.

II. Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson.

Árás á Hlyn Júlíusson.

1. Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson hefur gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu. Einnig fyrir dómi 13. janúar 1983, þar sem kemur fram:

Ákærði taldi sakaratriðum rétt lýst í ákæru, en tók fram, að Hlynur Júlíusson hafi átt upptökin að átökunum.

Ákærði viðurkenndi að hafa lent í illdeilum við Hlyn Júlíusson aðfaranótt 1. mars 1981 í húsinu Meistaravellir 23, þar sem þeir báðir bjuggu í sitt hvorri íbúðinni.

Ákærði kvað Hlyn hafa átt upptökin. Hafi þetta byrjað með skömmum og rifrildi. Síðan kvaðst ákærði hafa gripið í Hlyn, eftir að Hlynur hafði slegið til hans og ákærði þá tekið hann hálstaki. Þeir ultu þá inn í íbúð ákærða, þar inn í fataskáp, en þá telur ákærði helst, að Hlynur hafi fengið högg á höfuðið. Ákærði tók hann þar kverkataki og herti að. Eftir að Hlynur hafði verið settur fram á stigaganginn, kvaðst ákærði einnig hafa tekið hann taki, kverkataki, en rétt í því kom sonur Hlyns og fór með hann upp í íbúð hans.

Ákærði tók fram, að það hafi aldrei verið ætlan sín að meiða Hlyn, þetta hafi einhvern vegin æxlast svona. Ákærði gerir sér hins vegar grein fyrir því, að Hlynur hlaut af þessu alvarleg meiðsli.

Ákærða var birt bótakrafan frá Hlyni Júlíussyni að fjárhæð kr. 10.000.-. Kvaðst hann samþykkja hana.

Vitnið Hlynur Júlíusson hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi 21. janúar sl., þar sem kemur fram:

Vitnið kvaðst ekki geta lýst atvikum betur en í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu, sem það gaf skömmu eftir atburðinn.

Vitnið sagði heilsufar sitt svipað og í byrjun september 1982, þegar vitnið gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, alla vega (sic) sé það ekki verra, en ekki merkjanlega betra heldur.

Vitnið áréttaði áður framsetta bótakröfu sína.

Hjá rannsóknarlögreglu 7. mars 1981 kom fram hjá vitninu:

„Hann kveðst umrætt sinn hafa verið að koma af árshátíð ásamt eiginkonu sinni. Nokkuð hafi verið áliðið nætur er þau komu heim. Þau hafi farið upp og í íbúð þeirra. Hann hafi verið kominn inn í íbúðina og verið búinn að fara úr frakka og jakka, þegar Hannes Hávarðarson hafi komið upp í stigann og verið eitthvað að röfla. Ekki kveðst hann muna hvað hann hafi verið að segja. Hannes hafi farið niður aftur en verið með hávaða og læti. Hann kveðst þá hafa farið fram og niður og að hann minnir kominn niður í neðstu tröppuna fyrir ofan stigapallinn framan við íbúð Hannesar. Ekki kveðst hann muna hvort þeir Hannes hafi rætt við. Hann hafi staðið í tröppunni er Hannes hafi ráðist að sér og hrint sér. Hann kveðst

hafa reynt að taka á móti, en menn eða maður hafi komið Hannesi til aðstoðar og hann strax verið yfirbugaður. Hann kveðst muna eftir að tveir menn komu þarna og að a.m.k. annar þeirra hafi tekið á sér ásamt Hannesi. Þarna frammi á stigapallinum hafi einhver tekið á sér hálstak aftanfrá og hert að. Hann kveðst ekki vita hver það gerði. Í þessu taki hafi hann verið dreginn inn í íbúð Hannesar og sér hnoðað þar að nokkru inn í fataskáp innan við dyrnar. Þar hafi einhver mannanna tekið sig kverkataki, það er að einhver hafi tekið um háls sér framanfrá með greipinni og hert að. Kveðst hann þá hafa fundið köfnunartilfinningu og misst mátt. Kona sín hafi komið sér þarna til aðstoðar og hann hafi komist út úr íbúðinni. Hann kveðst ekki muna eftir neinu sérstöku eftir þetta, en hann hafi verið mjög dasaður og sonur sinn komið og aðstoðað sig upp í íbúð sína.

Hann kveðst muna að hann hafi fengið högg á höfuðið frammi á stigapallinum. Ekki muni hann fyrir víst hvort það var eitt eða fleiri högg. Það hafi verið er honum var haldið í hálstakinu og kveðst hann halda að hann hafi slegist utan í dyrakarminn, er mennirnir voru að drösla sér inn í íbúðina, en hann kveðst ekki geta munað þetta fyrir víst.

Hann kveðst muna, að er búið var að hnoða honum að nokkru inn í skápinn, þá hafi hann fundið að einhver var að leita í vösum sínum. Hann hafi talið að ætlunin væri að ræna einhverju af sér, en hann hafi ekki verið með neitt fémætt, þar sem hann hafi verið búinn að fara úr jakkanum upp í íbúð sinni áður. Hann segir að annar maður ásamt Hannesi hafi frammi á stigapallinum blandað sér í átökin, er verið var að drösla sér inn í íbúðina. Hann kveðst ekki geta lýst því nánar hvað maður þessi gerði, en það hafi verið Hannes einn sem átti upptökin að þessu. Hann kveðst ekki þekkja mennina sem voru með Hannesi og ekki treysta sér til að gefa lýsingu á þeim.

Hann kveðst hafa fundið til máttleysis er hann var í hálstakinu og fékk högg á höfuðið og einnig hafi hann þá orðið var við köfnunartilfinningu. Það hafi hins vegar verið mikið verra þegar hann var tekin kverkatakinu. Þá hafi hann dasast og fundið mikla köfnunartilfinningu.

Hann kveðst sjálfur hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis er þetta gerðist, en þó fyllilega sjálfbjarga."

Hjá rannsóknarlögreglu 3. september 1982 kom fram hjá vitninu Hlyni Júlíussyni:

„Hann segir að eins og fram hafi komið áður hafi hann verið fluttur á spítala til meðferðar. Hann hafi smám saman fengið aftur mátt og náð stjórn á hreyfingum fótarins. Hann hafi getað hafið vinnu aftur eftir einn og hálfan mánuð. Kveðst hann telja að nú hafi hann fullan mátt í fætinum og hafi einnig fulla stjórn á honum, en á ilinni sé dofinn blettur, þar sem hann hafi ekki fulla tilfinningu. Kveðst hann telja að það séu afleiðingar

árásarinnar. Þá segir hann, að aðrar afleiðingar árásarinnar séu þær að hann fái alltaf höfuðverk ef hann þurfi að bogra. Þessi tvö atriði hafi ekki batnað."

Rannsóknarlögreglan hafði sambandi við Grétar Guðmundsson, lækni á taugadeild Landspítalans 7. mars 1981. Um það er skráð:

„Grétar sagði að Hlynur væri með lömun í útlimum vinstra megin. Orsök lömunarinnar væri heilasköddun, en ekki væri á þessu stigi hægt að segja um hvort lömunin væri tímabundin eða að einhverju leyti varanleg. Við komu á spítalann hefði Hlynur verið með áverka ofan við vinstra auga og með glóðarauga þeim megin. Lýsing Hlyns á atburðum hefði verið nokkuð óljós, en ástæða fyrir því gæti verið heilasköddunin. Aðspurður um hver ástæða gæti verið fyrir heilasköddunninni sagði læknirinn að á þessu stigi væri ekki hægt að fullyrða um það. Hugsanlega gæti hún stafað frá höfuðhöggi. Þetta gæti einnig verið afleiðing kverkataks."

Í bráðabirgðavottorði sama læknis, dagsettu 8. mars 1981, segir orðrétt:

„Að sögn sjúklings varð hann fyrir líkamsárás um kl. 03:00 aðfaranótt 01. 03. 1981. Fékk m.a. áverka á höfuð, aðallega vinstra megin og var tekinn kverkataki. Varð fljótlega eftir þetta var við máttleysi og dofa í vinstri hönd og handlegg. Sofnar síðan og nefnd einkenni horfin þegar hann vaknar næsta morgun en tók þá aftur á móti eftir máttleysi í vinstra fæti — ganglim. Lagður inná taugadeild Landspítala 02. 03. 1981.

Við skoðun þá upphafið lyktarskyn á hægri nös. Væg lömun við hreyfingar í vinstra ganglim og sinaviðbrögð þar jaðra við að vera aukin og vinstra ilviðbragð er óeðlilegt. Húðskyn skert á vinstri rist. Glóðarauga vinstra megin og marblettur á utanverðu vinstra hné.

Þau einkenni, sem eru talin upp hér benda til skemmdar í hægra helmingi heila."

Niðurstöður áverkavottorðs John E. G. Benedikz, læknis á taugalækningadeild Landspítalans, dagsetts 27. maí 1981, orðréttar:

„Það getur ekki verið neinn vafi á að sjúklingur hefur fengið höfuðáverka með skemmd á heila. Það sýndi sig greinilega með alveg klár einkenni í vinstri útlimum. Orsökin er sennilega tvíþætt:

Í 1. lagi beinn áverki á höfuð og heila og í 2. lagi óbeint, þ. e. kverkatak og þrenging á carotis æðar með þeim afleiðingum að blóðflæði upp í höfuð minnkar og veldur iscæmiu og jafnvel infarct breytingar. Einkennin hafa gengið að mestu leyti til baka á nokkrum dögum. Þó að það eru ekki hrein obejctiv einkenni um heilaskemmd á ég erfitt að trúa því að varanleg skemmd sé til staðar, þó að það sé ekki hægt að mæla það með þeim grófum aðferðum sem við höfum. Það getur verið þáttur í hans núverandi astheniu, en það er hvorki hægt að sanna né afsanna enda horfur ættu samt að vera í heild góðar og jafnvel fullkominn bati, þó það geti tekið

marga mánuði. Auk þess hefur hann fengið áverka á n. peroneus vinstra megin og það sennilega aðalorsökin fyrir hans drop-foot sem er enn til staðar og ætti það smávegis að ganga til baka yfir næstu mánuði, þó hvort það verður fullkominn bati er ekki hægt að svara eins og er. 3. atriðið er það sem kom í ljós við síðustu skoðun 25. 05. og það er verkir í hægri handlegg, ég tel þetta vera hjartaverkir, sem sagt angina pectoris, ég get ekki séð að það sé bein afleiðing slysins, vísa til hjartalæknis, bæði til rannsóknar og meðferðar. Endaálit um þennan þátt í hans sjúkrasögu verður að koma frá viðkomandi cardiolog.

Með tilliti til síðustu spurningar, þ. e. 2 c, get ég ekki séð að önnur skýring á hans einkennum væri hægt að verja á skynsamlegan máta. Að lokum er bara rétt að minnast á eitt „caveat" subdural hæmorrhagia getur alltaf komið yfir næstu mánuði eftir slysið og valdið vaxandi compression á heila, það eru engin merki um það núna og er ekki ástæða til að gera annað en að bíða og sjá til."

Eiginkona vitnisins Hlyns Júlíussonar, sem einnig er vitni í málinu, hefur eigi verið kölluð fyrir dóm. Framburður hennar hjá rannsóknarlögreglu fer að mestu saman við framburð manns hennar.

Sonur vitnisins, Júlíus Hlynsson, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, þar sem fram kemur:

„Ég var sofandi heima aðfaranótt sl. sunnudags, 1. þessa mánaðar. Um nóttina vaknaði ég svo við það að foreldrar mínir voru að koma heim. Ég heyrði að foreldar mínir voru komnir upp í íbúð, en þá heyrði ég að einhver var að kalla niðri í stigagangi og að faðir minn svaraði og svo heyrði ég hann fara niður.

Ég ákvað að fara og sækja föður minn og klæddi mig því í buxur og var að leggja af stað niður þegar ég heyrði móður mína kalla til mín.

Þegar ég kom niður í stigann sá ég að faðir minn lá á gólfinu fyrir framan íbúðina hjá Hannesi Hávarðarsyni og Hannes var ofan á honum. Einhverjir menn voru þarna hjá, en ég geri mér ekki grein fyrir hvar þeir voru eða hvað að gera. Þegar ég kom að voru þeir ekki í átökum við föður minn. Ég tók ekki eftir hvernig Hannes hélt föður mínum, þannig að ég þori að fullyrða um það, en á vinstri hlið og Hannes virtist sitja ofan á honum.

Ég tók í Hannes og hann sleppti þá föður mínum strax. Ekki kom til átaka milli mín og Hannesar, þar sem hann fór strax inn í sína íbúð og þangað fóru á eftir honum mennirnir sem með honum voru."

Vitnið Axel Gunnar Ólafsson, sem einnig er meðákærður í máli þessu, kom fyrir dóm 18. janúar 1983 og staðfesti þar skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu. Í skýrslu vitnisins 10. mars 1981 kemur eftirfarandi fram:

„Það fyrsta sem ég sá af átökunum var það að ég sá Hannes og Hlyn koma inn í íbúðina í fangbrögðum. Ég man ekki alveg fyrir víst hvort ég

sat þá inni í stofu eða hvort ég var þá staðinn upp. Ég man ekki að lýsa hvernig þeir héldu tökum, þetta voru bara ryskingar, svo duttu þeir bara, og lentu að nokkru inn í skápinn á ganginum í íbúð Hannesar. Mig minnir að Hannes hafi þar lent undir og legið á bakinu. Við Friðrik rifum þá fljótt í sundur en ég man ekki að lýsa hvernig við gerðum það. Við bara gengum á milli og létum karlinn fram á stigapallinn. Hannes fór þá fram á stigapallinn og þá upphófst rifrildi aftur. Einhverjar ryskingar urðu milli þeirra þar aftur en ég man ekki að lýsa hvernig þær voru. Ég fór a.m.k. einu sinni fram á ganginn til að reyna að skilja þá en það kom út á eitt, þeir voru svo æstir að þeir bara ruku saman aftur. Ég vissi að þetta mundi enda með að lögreglan kæmi í þetta svo ég reyndi að halda mig frá þessu."

Mætti er spurður hvort hann hafi séð hvernig Hlynur lá þegar hann féll inn í skápinn.

„Ég held að hann hafi legið að einhverju leyti ofan á Hannesi. Ég þori ekki að fara með hvort hann lá á bakinu eða á grúfu. Það var eiginlega það eina sem maður hugsaði þarna að nú kæmi lögreglan."

Í skýrslu vitnisins Friðriks Péturs Magnússonar Welding, sem ekki hefur komið fyrir dóm, en skýrslan var gefin hjá rannsóknarlögreglu 7. mars 1981, kemur fram:

„Einhverja stund segir mætti þá félaga hafa verið búna að dvelja í íbúð Hannesar er dyrabjöllunni var hringt. Hafi Hannes farið til dyra og þar fyrir framan, að mætti telur sig fara með rétt, verið einhver maður og kona er hann telur sig ekki hafa áður séð. Segir mætti að „hávaðarifrildi" hafi upphafist án þess hann muni orðaskipti og mætti síðan séð Hannes detta aftur fyrir sig í íbúð sína og mætti við svo búið ásamt sennilega Axel Gunnari þá farið að gefa þessu frekari gaum og huga að því hvað væri á seyði. Kveðst hann telja sig muna það rétt, að þá hafi Hannes verið frammi á ganginum, framan við íbúðina, og þar legið ofan á manni þeim, sem áður er nefndur. Segir hann þá tvo hafa reynt að skilja átök í milli Hannesar og mannsins og segir að auki: „Ég man ekki betur en ég hafi séð skurð rétt fyrir ofan augabrún sennilega vinstra megin er ég kom að þeim liggjandi í ganginum en mér virtist lítið blæða úr sárinu." Mætti kveðst ekki hafa hugmynd um, með hvaða hætti skurður þessi kom á manninn eða nánar um það vita. Viðureignin hafi staðið stutta stund og maðurinn og konan farið við svo búið upp í húsinu og inn í íbúð þeirra, sem mætti segir vera á næstu hæð fyrir ofan."

Með stoð í viðurkenningu ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar og vitnaframburðum, sem að nokkru hafa verið raktir hér að framan, verður að teljast sannað, að ákærði Hannes Þórir hafi veitt Hlyni Júlíussyni þá áverka, sem í ákæru greinir, og þykir þessi verknaður hans varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Hlynur Júlíusson hefur sett fram kröfu fyrir þjáningar og miska að fjárhæð kr. 10.000.00. Um beint fjártjón kvað hann ekki hafa verið að ræða.

Ákærði Hannes Þórir hefur samþykkt að greiða tjónþóla þessar bætur, sem að mati dómarans eru eigi of háar. Verður ákærði því dæmdur til að greiða þær.

2. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stolið í júní eða júlí 1981 8 bókum, rafmagnsrakvél, 50 kr. fullveldispeningi, ljósmyndavél og rafmagnsrakvél úr húsinu Grettisgötu 54 í Reykjavík. Munir þessir komust allir til skila.

Telst þessi verknaður sannaður og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ákærði hefur viðurkennt stuld á veskinu frá Sigurði Ísfeld Karlssyni, eins og greinir í ákæru, en í því hafi aðeins verið kr. 1.500.- fyrir utan skilríki.

Telst þessi verknaður sannaður, þannig að ákærði hafi stolið auk veskis kr. 1.500.-, en ekki kr. 3.500.-, eins og ákært er fyrir. Verknaðurinn telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga. Engin bótakrafa.

4. Ákærði hefur viðurkennt stuld á segulbandstæki í versluninni Stokki, Skólavörðustíg 21, Reykjavík, í júlí eða ágúst 1981. Tækið komst til skila.

Verknaður þessi telst sannaður og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

5. Ákærði hefur viðurkennt að hafa föstudaginn 7. ágúst 1981 stolið útvarpstæki úr gistiherbergi á Gamla-Garði við Hringbraut í Reykjavík. Engin bótakrafa hefur verið gerð.

Verknaður þessi telst sannaður og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

6. Ákærði viðurkennir að hafa farið inn í íbúð í húsinu Grettisgötu 52 í Reykjavík í júlí 1981 og stolið tvennum jakkafötum. Ákærða var kynnt bótakrafa fyrir svört jakkaföt, kr. 1.000.-. Ákærði samþykkti hana.

Verknaður þessi telst sannaður, og varðar hann við 244. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði verður dæmdur til að greiða Magnúsi Ingólfssyni kr. 1.000.- í skaðabætur.

IV.

Ákærði viðurkenndi að hafa farið ásamt meðákærða B inn í íbúð í húsinu nr. 52 við Grettisgötu þann 10. ágúst 1981 og notað til þess lykil. Þar kveður hann þá hafa stolið magnara, plötuspilara, tveim hátölurum, útvarpsviðtæki og 16 hljómplötum. Allir munirnir komust til skila.

Verknaður ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar þykir sannaður og varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

V.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson viðurkenndi stuld á peningum frá Ásgeiri Sigurðssyni, eins og í ákæru greinir. Ákærði kvaðst hafa verið með C í húsinu. Ákærði afhenti C fimm hundruð krónur. Ákærði segir C engan þátt hafa átt í þjófnaðinum og alls ekki víst, að honum hafi verið kunnugt um, að peningarnir voru stolnir, enda segist ákærði hafa að auki verið með á sér peninga, sem hann átti sjálfur.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson hefur viðurkennt stuldinn, sem þykir sannaður og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga. Engin bótakrafa kom fram.

— — —

VI.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa í félagi við meðákræðu D notað 10 tékka í viðskiptum í Reykjavík, en tékkana hafði D falsað á stolin eyðublöð með nafni Arnórs Kristjánssonar sem útgefanda. Tékkarnir eru á eyðublaði frá útibúi Landsbanka Íslands á Höfn í Hornafirði, stílaðir á handhafa, reikningsnúmer 3582. Fjárhæðir þeirra eru í gkr.

Tékkarnir eru þessir:

1. Nr. 369404, kr. 50.000, útgefinn 21. júní 1980, greiðsla til hússjóðs Gyðufells 8, Reykjavík.

2. Nr. 369402, kr. 20.000, útgefinn 21. júní 1980, seldur Olíufélaginu h/f, Reykjavík.

3. Nr. 369406, kr. 50.000, sagður útgefinn 19. júní 1980, en seldur 24. júní verslun KRON við Norðurfell, Reykjavík.

4. 369411, kr. 50.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, seldur bensínsölu Skeljungs í Breiðholti, Reykjavík.

5. Nr. 369413, kr. 100.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, greiðsla símareiknings til Póst- og símamálastjórnarinnar.

6. Nr. 369415, kr. 20.000, sagður útgefinn 20. júní 1980, greiðsla til Ólafs Gunnarssonar bifreiðarstjóra fyrir leiguakstur.

7. Nr. 369407, kr. 270.000, sagður útgefinn 24. júní 1980, en seldur Alþýðubankanum, Reykjavík, 25. s.m.

8. Nr. 369408, kr. 169.000, útgefinn 30. júní 1980, seldur Alþýðubankanum.

9. Nr. 369401, kr. 130.000, útgefinn 26. júní 1980, seldur verslun Sláturfélags Suðurlands, Iðufelli, Rvk.

10. Nr. 369405, kr. 50.000, sagður útgefinn 19. júní 1980, óvíst um notkun.

Með viðurkenningu sinni og stoð í öðrum gögnum málsins telst ákærði Hannes Þórir Hávarðarson sannur að sök að hafa notað framangreinda tékka í viðskiptum. Teljast verknaðir hans varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða D kom fyrir dóm 21. janúar 1983 og kannaðist hún þá við að hafa ritað alla tékkana án heimildar. Taldi hún þó hugsanlegt, að einn væri ritaður með samþykki kærandans, Arnórs Kristjánssonar. Ekki verður séð, að neitt bendi til þess, að svo hafi verið. Ákærða átti síðan þátt í því með manni sínum, meðákærða Hannesi Þóri Hávarðarsyni, að koma tékkunum í umferð, og verður hún því sakfelld fyrir fölsun og notkun á öllum 10 tékkunum. Þykja verknaðir hennar varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

VIII.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson hefur viðurkennt að hafa tekið við úr höndum meðákærða A kr. 500.-, svo sem nánar greinir í ákæru. Ákærði taldi, að sér hafi verið kunnugt um, að þarna var um þýfi að ræða.

Verknaður ákærða telst sannaður og varðar við 254. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Niðurstöður.

Ákærði Axel Gunnar Ólafsson hefur ekki verið dæmdur fyrir hegningarlagabrot síðan 3. maí 1979, og eru nú liðin frá því tæp 4 ár. Áður hafði hann hlotið marga dóma fyrir hliðstæð brot og nú er ákært fyrir. Ákærði hefur verið samvinnugóður við rannsókn málsins.

Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Dómaranum er kunnugt um það, eins og fram hefur komið í málinu, að ákærði vill snúa af afbrotaleiðinni. Um það hefur fengist vitneskja frá félagasamtökunum Vernd og það verið staðfest af starfsmanni skilorðseftirlits ríkisins. Er ákærði sagður kominn í fasta vinnu og hættur neyslu áfengra drykkja. Með hliðsjón af þessu þykir reynandi að skilorðsbinda refsingu ákærða, ef það gæti orðið til þess að hjálpa honum í því að hverfa af afbrotabrautinni. Verður fullnustu refsingar hans því bundin bæði almennu skilorði 57. gr. almennra hegningarlaga svo og sérstöku skilyrðunum í 1. og 6. tl. sömu lagagreinar. Þykir skilorðstími hæfilegur 3 ár frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson hefur á sama hátt langan sakferil að baki. Hann hlaut þó engan fangelsisdóm frá 6. mars 1969 til 28. október 1981 og var veitt uppreisn æru 15. mars 1976. Þann 28. október 1981 var

hann dæmdur í 4 mánaða fangelsi, sem hann hefur tekið út með fullri dagatölu.

Ákærði Hannes Þórir hefur komið sérstaklega vel fram við rannsókn þessara brota hans nú. Hann hefur játað vel og skilmerkilega og gert allt til að upplýsa málin. Samkvæmt upplýsingum frá verjanda hans við munnlega flutta vörn 23. f.m. hefur ákærði byrjað nýtt líf. Hann mun nú búa með ungum syni sínum, hafa fasta vinnu og vera hættur neyslu áfengra drykkja. Allt þetta var þó dómaranum kunnugt um frá sömu aðiljum og upplýsingarnar um ákærða Axel Gunnar stöfuðu frá.

Refsing ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar ákveðst 12 mánaða fangelsi.

Reynandi þykir á sama hátt og með ákærða Axel Gunnar að skilorðsbinda refsinguna, ef það gæti hjálpað ákærða af afbrotabrautinni. Verður því fullnusta refsingar hans bundin bæði almennu skilorði og sérstöku skilyrðunum í 1. og 6. tölulið 57. gr. almennra hegningarlaga. Haldi ákærði öll þessi skilyrði í 5 ár frá dómsuppkvaðningu, fellur refsing hans niður að þeim tíma liðnum.

— — —

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson verður dæmdur til að greiða kr. 8.000.- í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl.

— — —

Annan kostnað, sem leitt hefur af máli þessu, greiði ákærði Axel Gunnar Ólafsson að ⅓ hluta og ákærði Hannes Þórir Hávarðarson að ⅔ hlutum.

Dómsorð:

Ákærði Axel Gunnar Ólafsson sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson sæti fangelsi 12 mánuði.

— — —

Fresta skal fullnustu refsinga ákærðu Axels Gunnars Ólafssonar, Hannesar Þóris Hávarðarsonar og D, enda haldi þau hvert fyrir sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955, en ákærðu Axel Gunnar Ólafsson og Hannes Þórir Hávarðarson að auki sérstöku skilyrðin í 1. og 6. tölulið sömu lagagreinar. Skilorðstími ákærða Axels Gunnars Ólafssonar er ákveðinn 3 ár, ákærða Hannesar Þóris Hávarðarsonar 5 ár og ákærðu D 2 ár, en tíminn er miðaður við uppkvaðningu dómsins. Komi til fullnustu

refsingar hjá ákærða Hannesi Þóri Hávarðarsyni, skulu dragast frá 12 gæsluvarðhaldsdagar.

— — —

Ákærði Hannes Þórir Hávarðarson, greiði kr. 8.000.- í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl.

— — —

Annan kostnað, sem leitt hefur af máli þessu, greiði ákærði Axel Gunnar Ólafsson að ⅓ hluta og ákærði Hannes Þórir Hávarðarson að ⅔ hlutum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. apríl 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 7. apríl, er á þingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 136/1983: Ákæruvaldið gegn Axel Gunnari Ólafssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 25. janúar sl., gegn „Axel Gunnari Ólafssyni, Unufelli 50, Reykjavík, fæddum 10. september 1950 þar í borg, fyrir að hafa, þriðjudaginn 11. maí 1982, stolið 2000 krónum frá Jóni Vilhjálmssyni, bifreiðarstjóra, við áfengisútsöluna á Snorrabraut í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Kl. 1845 þriðjudaginn 11. maí sl. kom Jón Vilhjálmsson, leigubifreiðarstjóri á Hreyfli, til heimilis að Ægisíðu 96, á aðallögreglustöðina í Reykjavík og sakaði ákærða um þjófnað á 2.000 krónum. Kærandi skýrði svo frá, að hann hefði ekið ákærða við 3. mann frá Meistaravöllum 29 að áfengisútsölunni við Snorrabraut. Þar fór ákærði úr bifreiðinni ásamt öðrum farþega, en sá 3. sat kyrr í framsætinu. Honum tókst að taka seðlaveski kæranda úr buxnavasa hans og kasta því aftur í. Í því kom ákærði að bifreiðinni, hafði orð á, að hann hefði fundið það í aftursætinu og rétti kæranda veskið. Kærandinn ók síðan þremenningunum aftur að Meistaravöllum 29. Þar saknaði hann 20 stykkja af 100 króna seðlum. Fór því aftur inn í húsið, talaði við farþega sína og fékk ákærða með sér. Ákærði neitaði upphaflega sakargiftum, en eftir fund á framangreindum seðlum játaði hann.

Ákærði hefur viðurkennt við rannsókn og meðferð málsins peningaþjófnaðinn. Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði verið aftur í bifreiðinni

með Tryggva Rúnari Leifssyni, en einhver „Másí" í framsætinu. Er ákærði og Tryggvi Rúnar komu út úr útsölunni sá ákærði „Mása" taka veskið af ökumanninum og henda því aftur í. Ákærði sá það liggja á götunni og telur að það hafi fallið úr bifreiðinni, er hann opnaði hurðina. Veskið opnaðist, er það lenti í götunni, og úr því hrukku tvö búnt af 100 kr. seðlum. Ákærði stakk á sig peningunum og afhenti ökumanninum veskið. Er ökumaðurinn kom aftur að Meistaravöllum 29 og kvartaði um peningamissinn, sagði ákærði, að „Másí", sem fór úr við vínsöluna hefði sennilega tekið peningana. Ákærði bauðst til að fara með ökumanninum að leita að „Mása". Er hann fannst ekki, ók kærandi ákærða til lögreglunnar. Þar játaði ákærði brot sitt, eftir að peningarnir fundust á honum.

— — —

Peningataka ákærða varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga, og hefur ákærði með henni unnið til fangelsisrefsingar samkvæmt lagagreininni, sbr. 72. gr., 78. gr. og 255. gr. sömu laga. Þó verður með vísan til dómsins frá í gær, sem kveðinn var upp af öðrum dómara, ekki talið rétt að gera sérstaka refsingu í þessu máli, enda verður sá dómur ekki dæmdur upp samkvæmt 60. gr. laganna með tilliti til þess, hve nýr hann er og brotaandlag í þessu máli lítið miðað við andlagið í hinum dóminum.

Kærandi hefur gert kröfu um, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 500 krónur vegna vinnutaps (300 kr.) og óþæginda (200 kr.) ásamt hæstu dómvöxtum. Ákærði hefur samþykkt kröfuna. Ákærði verður því dæmdur til að greiða Jóni Vilhjálmssyni, Ægisíðu 96, Reykjavík, 500 krónur með 39% ársvöxtum frá 11. maí 1982 til 1. nóvember 1982 og 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákærði greiði einnig sakarkostnaðinn.

Dómsorð:

Ákærða, Axel Gunnari Ólafssyni, verður ekki gerð sérstök refsing í málinu.

Ákærði greiði Jóni Vilhjálmssyni, Ægisíðu 96, Reykjavík, 500 krónur með 39% ársvöxtum frá 11. maí 1982 til 1. nóvember 1982 og 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dómsins og síðan hæstu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. maí 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 11. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 188/1983: Ákæruvaldið gegn Hannesi Þóri Hávarðarsyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 18. ágúst 1982, á hendur ákærða, Hannesi Þóri Hávarðarsyni, Kirkjugarðsstíg 8, Reykjavík, fæddum þar í borg 28. ágúst 1934, „fyrir að falsa nafn Jónatans Jóhannessonar á úttektarseðil í Útvegsbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík, og taka út af bók þess manns nr. 38933 við útibú bankans í Vestmannaeyjum kr. 9.000.- án þess að hafa til þess heimild. Úttektin fór fram þann 12. maí 1982.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ennfremur fyrir að hafa að kvöldi þess sama dags stolið peningaveski frá manni í veitingastaðnum Hollywood í Reykjavík en í veskinu voru auk skilríkja kr. 100.- í peningum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

1. Jónatan Jóhannesson, Miðstræti 9, Vestmannaeyjum, kom í skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins 17. maí 1982 og skýrði svo frá, að hann hefði komið til Reykjavíkur 9. maí og þá verið ölvaður og var svo allt til 12. maí, en hann dvaldi í Garðastræti 2, þar sem hann var með herbergi á leigu. Að morgni 13. maí tók hann eftir því, að búið var að taka kr. 9.000.- út úr bankabók, sem hann átti við útibú Útvegsbankans í Vestmannaeyjum, en hún var geymd í vindlakassa á borði í herberginu að Garðastræti 2. Hann kvaðst hafa verið mikið ölvaður umrædda daga og gæti hann því ekki sagt til um það, hverjir hafi verið þarna að verki, en taldi það af og frá, að hann hefði beðið nokkurn mann að taka út úr bókinni fyrir sig.

Við rannsókn kom í ljós, að skrifaður hafði verið úttektarmiði á Útvegsbankann með nafni Jónatans fyrir kr. 9.000.-, dagsettur 12. maí 1982. Jónatan neitaði með öllu að hafa undirritað úttektarmiðann og kvað undirskriftina falsaða.

Við yfirheyrslu yfir ákærða hjá RLR 14. maí kom fram, að hann hefði tekið út kr. 9.000.- úr framangreindri bók Jónatans. Kvaðst ákærði hafa gert þetta skv. beiðni hans og hafi hann síðan farið fyrir hann og keypt áfengi. Sjálfur hafi hann fengið lánaðar kr. 3.000.- af þessu fé. Við nánari yfirheyrslu 21. maí kvaðst hann hafa ritað nafn Jónatans á úttektarseðilinn, enda talið sig hafa samþykki hans til þess. Hann kvaðst sjálfur ekki hafa haft skilríki, en hann hafi framvísað sjúkrasamlagsskírteini Jónatans í

bankanum. Hann sagði Jónatan hafa verið ölvaðan, þegar hann afhenti ákærða bókina í Garðastræti 2. Hann kvaðst hafa afhent honum kr. 5.000.-, eftir að hann hefði keypt 4 flöskur af brennivíni fyrir hann.

Jónatan Jóhannesson hefur með öllu neitað að hafa beðið ákærða að taka út umrædda peninga og að hafa lánað honum fé. Hann kvaðst sjálfur hafa verið með öllu peningalaus daginn eftir umrædda úttekt og m. a. orðið að slá lán hjá kunningja fyrir fargjaldi í strætisvagni. Hann gerir kröfu til þess, að ákærði greiði sér kr. 6.290.-, en Jónatan voru við rannsókn málsins afhentar kr. 2.710.-, sem voru í fórum ákærða.

Ekki náðist í Jónatan þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá hann fyrir dóm.

Ákærði hefur fyrir dómi staðfest fyrri framburð sinn um þetta mál.

Niðurstaða.

Sannað er með eigin framburði ákærða, að hann hefur ritað nafn Jónatans Jóhannessonar á umræddan úttektarseðil og notað hann til úttektar á kr. 9.000.- úr bankabók hans. Ákærði hefur ekki fært fram haldbær gögn til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni, að hann hafi haft samþykki Jónatans til nafnritunarinnar og úttektarinnar. Verður hann því hér talinn sannur að sök um skjalafals skv. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

2. Ákærði hefur sagt, að hann hafi fundið veski á salernisgólfi í veitingahúsinu Hollywood 12. maí 1982. Í því hafi verið einhverjir peningar, sem gætu hafa verið 50—60 krónur og hafi hann slegið eign sinni á þá. Veskið setti hann síðan í póstkassa á Laugavegi og fannst það þar. Engin skýrsla var tekin af eiganda veskisins við rannsókn málsins.

Sannað er með eigin játningu ákærða, að hann sló eign sinni á peninga, kr. 50—60, úr umræddu veski, og verður að telja, að hann hafi með því brotið gegn 246. gr. alm. hgl., en ekki 244. gr., eins og ákært er út af.

Frá árinu 1954 hefur ákærði 14 sinnum hlotið dóma fyrir ýmis brot gegn hegningarlögum, einkum brot gegn 244., 248. og 155. gr. alm. hgl. Hinn 28. október 1981 hlaut hann 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 248 gr. alm. hgl. Hinn 6. apríl sl. var hann dæmdur í 12 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, fyrir brot gegn 155., 217., 218., 231., 244. og 254. gr. alm. hgl.

Skv. 60. gr. almennra hegningarlaga ber hér að dæma ákærða refsingu í einu lagi fyrir brot skv. dóminum frá 6. apríl sl. og brot þau, sem hér eru til meðferðar, og ber að tiltaka refsinguna með hliðsjón af 78. gr. alm. hgl. Eftir atvikum þykir ekki ástæða til að bæta við refsingu þá, sem ákærði hlaut skv. framangreindum dómi. Verður refsingin því ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Enda þótt sakaferill ákærða sýnist vart gefa tilefni til skilorðsbindingar, þykir ekki annað fært en að láta ákvæði dómsins frá

6. apríl um skilorðsbindingu haldast, enda er þar dæmt um meginbrotin. Skal því fullnustu refsingar frestað og hún niður falla að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. Þá skal og haldast það ákvæði ofangreinds dóms, að komi refsingin til fullnustu, dragist frá henni gæsluvarðhald ákærða, 12 dagar.

Svo sem fyrr er rakið, gerir Jónatan Jóhannesson þá kröfu á hendur ákærða, að hann verði dæmdur til að greiða sér kr. 6.290.-. Ákærði hefur hafnað bótakröfu þessari. Með tilvísan til niðurstöðu refsiþáttar málsins verður ákærði dæmdur til að greiða Jónatan ofangreinda fjárhæð.

Að lokum dæmist ákærði til greiðslu málskostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Þórir Hávarðarson, sæti fangelsi í 12 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955. Komi refsingin til framkvæmda skulu dragast frá henni 12 gæsluvarðhaldsdagar ákærða.

Ákærði greiði Jónatan Jóhannessyni, Miðstræti 9, Vestmannaeyjum kr. 6.290.- í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 20. febrúar 1984.

Nr. 85/1981. **Byggingasamvinnufélagið Aðalból (B.S.A.B.)**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Sveitarsjóði Mosfellshrepps
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Stjórnsýslugerningar. Ólögmæti reglugerðar. Gatnagerðargjald. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. mars s.á. Hann krefst þess *aðallega,* að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 207.950.00 krónur með 13% ársvöxtum af 213.655.46 krónum frá 1. júlí 1975 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. s.m., með 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 46% ársvöxtum frá þeim degi af 207.950.00 krónum til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með áframhaldandi dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti að mati réttarins. *Til vara,* að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 180.223.15 krónur með 13% ársvöxtum af 185.928.15 krónum frá 1. júní 1975 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. s.m., með 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 46% ársvöxtum frá þeim degi af 180.223.15 krónum til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með áframhaldandi dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti skýrði lögmaður áfrýjanda lækkun dómkrafna hans í héraði um gkr. 1.276.667 á þá leið, að 6. töluliður stefnukröfu, sem nam þessari fjárhæð, sé felldur niður vegna efnda stefnda á samkomulagi málsaðilja frá 6. mars 1979 um greiðslu fyrir framkvæmdir við 3 húsgrunna, gkr. 2.790.000 auk vaxta. Jafnframt lækkaði áfrýjandi við flutning máls fyrir Hæstarétti dómkröfur um gkr. 78.469, en það er krafa samkvæmt 9. tölulið héraðsdómsstefnu vegna hleðslugrinda fyrir milliveggi.

Svo sem greint er frá í héraðsdómi, afturkallaði stefndi forgangsrétt áfrýjanda til byggingalóða samkvæmt bréfi frá 13. júní 1972 með bréfi 9. ágúst 1974. Afturköllun þessa byggði stefndi á vanskilum og framkvæmdaleysi áfrýjanda. Áfrýjandi mótmælti afturköllun þessari án tafar, en gekk síðan til samningaumleitana við stefnda, sem leiddu til samnings 5. desember 1974, en aðalefni hans er rakið í héraðsdómi. Með samningsgerð þessari verður að telja, áfrýjandi hafi fallið frá því að láta á það reyna, hvort uppsögn stefnda á samningnum frá 13. júní 1972 hafi verið lögmæt, enda hefur áfrýjandi ekki fært sönnur að því, að hann hafi verið beittur nauðung eða misneytingu í skilningi laga nr. 7/1936 eða 58/1960 eða almennra reglna stjórnsýsluréttar við gerð samningsins frá 5. desember 1974. Í samningi þessum er tekið fram, að greiðsla gatnagerðargjalda (byggingargjalda) sé miðuð við gildandi gjaldskrá, eins og hún er á hverjum tíma. Reglur um gatnagerðargjöld í Mosfellshreppi frá 12. febrúar 1975 voru settar eftir gildistöku laga um gatnagerðargjöld nr. 51/1974. Eftir gildistöku þeirra laga var setning reglna sveitarfélaga um gatnagerðargjöld bundin skilyrði um staðfestingu ráðherra á reglunum. Gjaldskrá Mosfellshrepps frá 12. febrúar 1975 var ekki staðfest af ráðherra. Beiting hennar var því óheimil.

Í júní 1975 krafði stefndi áfrýjanda um gatnagerðargjöld, sem hreppurinn taldi reiknuð og gjaldfallin eftir gjaldskránni frá 12. febrúar sama ár. Þetta var ólögmætt samkvæmt framansögðu. Það réttlætir ekki kröfur stefnda, að fyrirsvarsmaður áfrýjanda hafði í bréfi 30. júní 1975 sagt, að áfrýjandi gerði ekki athugasemdir við reglurnar í gjaldskrá 12. febrúar 1975, þar sem ekki var eftir gildistöku laga nr. 51/1974 heimilt að gera samning um þetta efni. Fram

er komið, að stefndi synjaði áfrýjanda um byggingarleyfi meðal annars vegna þess, að ekki hefði verið greitt eftir reglunum frá 12. febrúar 1975, eins og stefndi túlkaði þær. Þetta leiddi síðan til þess, að stefndi taldi sér heimilt að taka af áfrýjanda rétt yfir 25 lóðum með bréfi 8. júlí 1975.

Sú ráðstöfun að taka lóðir þessar af áfrýjanda var samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ólögmæt. Hún var til þess fallin að veikja eða gera að engu aðstöðu áfrýjanda til að framkvæma áætlun sína um byggingarframkvæmdir á þessu svæði og þar með valda honum tjóni. Ber að dæma stefnda til að bæta tjón áfrýjanda.

Gögn málsins sýna, að ýmis kostnaður áfrýjanda var miðaður við byggingar á öllu svæðinu, en slík óvissa er engu að síður um tjónið, að það verður að bæta að álitum. Þykja bætur hæfilega ákveðnar 100.000.00 krónur með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Svo sem hér horfir við, þykir rétt að miða upphafstíma vaxta við birtingu héraðsdómsstefnu hinn 21. desember 1977. Við flutning málsins í héraði mótmælti stefndi dómvaxtakröfu áfrýjanda, og voru þau mótmæli endurtekin við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Í héraðsdómsstefnu var gerð krafa um 2½% og 3% mánaðarlega dráttarvexti, en málið var þingfest fyrir gildistöku laga nr. 56/1979 um dómvexti. Í samræmi við dómvenju þykir, þegar svo stendur á, mega taka kröfu um dómvexti til greina frá 15. júní 1979 að telja, þótt eigi hafi verið stefnt sérstaklega út af því.

Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir bera að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 30.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, sveitarsjóður Mosfellshrepps, greiði áfrýjanda, Byggingasamvinnufélaginu Aðalbóli, 100.000.00 krónur ásamt 16% ársvöxtum frá 21. desember 1977 til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979 og dómvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 30.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég vísa til héraðsdóms um efni og aðdraganda samþykktar hreppsnefndar Mosfellshrepps, þeirrar sem áfrýjanda var tilkynnt með bréfi sveitarstjóra 13. júní 1972. Svo sem greinir í dóminum, var úthlutun spildunnar til áfrýjanda og sá forgangsréttur til húsbygginga á henni, sem áfrýjanda var veittur með samþykkt þessari, bundin skilyrðum, sem hann gekkst undir. Meðal þeirra var skilyrði um, að hann greiddi gatnagerðargjöld (byggingagjöld) til hreppsins vegna fyrirhugaðra húsa eftir þeim reglum, sem hreppsnefnd hafði samþykkt og setti almennt sem skilyrði fyrir veitingu byggingaleyfa á þessum tíma.

Almenn heimild fyrir sveitarfélög til heimtu gatnagerðargjalda var ekki lögtekin fyrr en með lögum nr. 51 frá 16. maí 1974. Áfrýjandi hefur ekki byggt á því í málinu, að áskilnaður hreppsnefndar um greiðslu gatnagerðargjalda hafi frá upphafi verið ólögmætur. Varðar ágreiningur aðilja aðeins það, hvort orðið hafi slík vanskil af hendi áfrýjanda á umsömdum gatnagerðargjöldum, að hreppsnefnd hafi verið rétt að synja umsóknum hans um byggingarleyfi og í tengslum við það svipta hann forgangsrétti sínum yfir lóðum, eins og hún gerði með bréfi sveitarstjóra 8. júlí 1975. Kemur þá til álita, eftir hvaða reglum hafi borið að fara við ákvörðun og greiðslu gatnagerðargjalda í sambandi við umsóknir áfrýjanda um byggingarleyfi í júní 1975.

Svo sem áður segir, sömdu áfrýjandi og hreppsnefnd Mosfellshrepps upphaflega um lóðasvæðið í júnímánuði 1972. Áfrýjandi og hreppurinn gerðu nýtt og breytt samkomulag um þetta sama efni 5. desember 1974, eftir að hreppsnefnd hafði afturkallað fyrra samkomulag með bréfi sveitarstjóra til áfrýjanda 9. ágúst 1974. Áfrýjandi hefur hreyft því í málflutningi, að atvik og aðdragandi að samkomulaginu 5. desember 1974 hafi verið með þeim hætti, að hann sé ekki bundinn af þeim breytingum, sem þá voru gerðar á fyrra samkomulagi. En bæði er það, að ekki eru sannaðir þeir annmarkar á samningsgerðinni, sem til þessa ættu að leiða, svo og hitt, að málsreifun af hendi áfrýjanda hefur ekki verið í samræmi við þetta sjónarmið að öðru leyti. Hefur hún beinst að því að rökstyðja, að hann hafi í hvívetna staðið við samkomulag sitt við

hreppinn, það sem gert var 5. desember 1974. Verður samkvæmt þessu að líta svo á, að í skiptum áfrýjanda og hreppsins eigi samkomulag þeirra frá 5. desember 1974 að ráða, en ekki samkomulagið frá 13. júní 1972.

Gjaldskrá sú um gatnagerðargjöld, sem hreppsnefnd hafði samþykkt, næst áður en samkomulagið 5. desember var gert, var samhljóða gjaldskránni frá 12. febrúar 1975 eftir því sem í héraðsdómi er greint og ætla verður. Hvort sem áfrýjandi vissi um efni fyrrnefndu gjaldskrárinnar eða ekki, þegar samkomulagið 5. desember var gert, þá er ljóst, að honum var kunnugt um gjaldskrána frá 12. febrúar 1975, þegar hann sótti um byggingarleyfi í júní það ár og ágreiningur varð með aðiljum um greiðslu gatnagerðargjaldsins. Einnig er ljóst, að hann var þá samþykkur því og ætlaðist til þess, að eftir þeirri gjaldskrá væri farið í skiptum aðilja. Sést þetta bæði á því, að í bréfi sínu til hreppsnefndar 30. júní 1975 skírskotaði hann beinlínis til 6. greinar gjaldskrárinnar varðandi gjalddaga gatnagerðargjalds, og af því, að hann tók jafnframt sérstaklega fram, að hann hefði „ekkert við þessa gjaldskrá að athuga".

Eins og áfrýjandi gat einnig um í bréfinu, mælti umrædd 6. grein svo fyrir, að síðari helming gatnagerðargjalds bæri að greiða við veitingu byggingarleyfis, þ.e. að fullnaðarskil þess færu þá fram. Það fékk því ekki staðist, ef ákvæði þessu var fylgt, eins og áfrýjandi var samþykkur að gera ætti, að honum bæri einungis að greiða fyrri hluta gatnagerðargjaldsins við veitingu byggingarleyfanna, svo sem hann hugðist gera. Skal í því sambandi tekið fram, að ákvæði 2. mgr. 6. greinar gjaldskrárinnar um, að sækja skuli „um byggingarleyfi eigi síðar en 6 mánuðum eftir að framkvæmdir eru heimilaðar á lóðinni," varð ekki með réttu skilið þannig, að það geymdi undantekningu frá því, að gatnagerðargjaldi bæri að ljúka að fullu við útgáfu byggingarleyfis, svo sem fólst í 1. mgr.

Samkomulag aðilja um úthlutun byggingarreitsins til áfrýjanda til skipulagningar og húsbygginga var sérstætt og í öndverðu gert alllöngu fyrir gildistöku laga nr. 51/1974. Gjaldskráin frá 12. febrúar 1975 hafði að vísu ekki hlotið staðfestingu ráðherra samkvæmt 1. gr. þeirra laga, er í odda skarst með aðiljum, en ekki var heldur til að dreifa neinni annarri gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Mosfellshreppi, er slíka staðfestingu hefði hlotið. Áfrýjandi ber þó ekki

brigður á það í málinu, að hann hafi átt að greiða gatnagerðargjöld vegna þeirra húsa, sem hann hugðist reisa, svo sem áður var sagt. Það var viðhorf hans sjálfs eins og Mosfellshrepps, að um greiðslu þess gjalds ætti að fara eftir gjaldskránni frá 12. febrúar 1975. Synjun hans á, að honum bæri að greiða meira en helming gatnagerðargjaldsins við veitingu byggingaleyfa, virðist fyrst og fremst hafa stafað af misskilningi hans á ákvæðum 2. mgr. 6. greinar gjaldskrár þessarar. Tel ég, þegar til alls þessa er litið, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm, en rétt sé, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 15. júlí 1980.

1.0.

1.1. Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 25. júní sl., var höfðað fyrir aukadómþingi Kjósarsýslu með stefnu, birtri 21. 12. 1977.

Stefnandi málsins er Byggingasamvinnufélagið Aðalból (B.S.A.B.), Síðumúla 34, Reykjavík.

Stefndi er sveitarsjóður Mosfellshrepps.

1.2. Dómkröfur stefnanda voru upphaflega þær, að stefndi yrði dæmdur til greiðslu skuldar og skaðabóta að fjárhæð kr. 22.642.213 með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. júlí 1975 til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þ.d. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Við munnlegan málflutning gerði stefnandi þær breytingar á dómkröfum sínum, að hann lækkaði stefnukröfuna um kr. 1.276.667, eða í kr. 21.365. 546. Þá gerði hann kröfu um dómvexti á stefnufjárhæðina frá þingfestardegi 9. janúar 1978 til greiðsludags.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

2.0.

2.1. Málavextir eru þessir: Í byrjun árs 1972 óskaði stefnandi eftir lóðum til að byggja á íbúðarhús í hverfi, er Mosfellshreppur var að taka undir skipulag. Með bréfi, dagsettu 13. júní 1972, tilkynnti hreppsnefnd Mosfellshrepps stefnanda, að samþykkt hefði verið að gefa honum kost á að skipuleggja til húsbygginga landspildu af svonefndu Holtahverfi í Mosfellshreppi. Skyldi svæðið skipulagt samkvæmt gildandi lögum og reglum í samráði við skipulagsyfirvöld hreppsins. Mosfellshreppur skuldbatt sig til

að leigja ekki öðrum lóðir né veita byggingaleyfi á svæðinu næstu 4 árin að fullnægðum vissum skilyrðum. Þar á meðal var, að stefnandi greiddi fullt gatnagerðargjald (byggingargjald) samkvæmt reglum, sem hreppsnefndin hefði samþykkt og væri skilyrði fyrir veitingu byggingarleyfa í hreppnum. Með þessu tilboði Mosfellshrepps fylgdi útdráttur úr gildandi reglum um gatnagerðargjöld hreppsins. Samkvæmt þeim reglum skyldi endurskoða upphæð þeirra í byrjun hvers árs og samræma breytingum á meðalvísitölu byggingarkostnaðar næsta árs á undan. Greiðslum byggingargjalda mátti haga þannig, að helmingur heildargjaldsins greiddist, þegar úthlutun lóðar færi fram, ¼ hluti fjórum mánuðum síðar og lokagreiðsla, þegar bygging yrði fokheld, og yrði þá gerður lóðarsamningur.

Stefnandi gekk að þessu og hóf að skipuleggja svæðið, teikna hús, smíða mót og fl. Þá greiddi stefnandi kr. 1.5 milljónir upp í væntanleg gatnagerðargjöld, svo sem áskilið hafði verið í tilboðinu. Með bréfi, dags. 9. ágúst 1974, var stefnanda tilkynnt, að hreppsnefnd Mosfellshrepps hefði samþykkt að afturkalla forgang stefnanda til bygginga á nefndu svæði og vísað í því sambandi bæði til vanskila stefnanda svo og framkvæmdaleysis á viðkomandi svæði. Stefnandi mótmælti og óskaði eftir viðræðum til lausnar málinu. Af hálfu beggja aðilja var þá skipuð viðræðunefnd, og þann 5. 12. 1974 gerðu aðiljar með sér nýtt samkomulag, svohljóðandi:

„Hreppsnefnd hefur samþykkt að heimila kjörinni viðræðunefnd, að semja við B.S.A.B., á grundvelli neðangreindra tillagna. Sbr. bréf og tillögur til B.S.A.B., dags. 8. nóv. s.l. Fallist B.S.A.B. á samkomulagið, verði eingöngu miðað við þetta samkomulag um allar framkvæmdir á umræddum lóðum, enda falli úr gildi eldri samþykktir, bókanir og bréf, að því leyti sem það fer í bága við samkomulag þetta.

B.S.A.B. hefur forgang að byggingarétti 52 lóða á umræddu svæði og úthlutar þeim, skv. relgum sem hér fara á eftir, til 1. júlí 1976, þó í fullu samráði við sveitarstjórn hvað staðsetningu snertir.

B.S.A.B. úthlutar lóðum og sækir um byggingarleyfi sem hér segir:

a. Á tímabilinu nóv. '74 til jún. '75	=	18 lóðir (ákv.lóðir)
b. Á tímabilinu júlí '75 til des. '75	=	17 lóðir (eða 9) (ák.l)
c. Á tímabilinu jan. '76 til jún. '76	=	17 lóðir (eða 9) (ák.l)
Samtals		52 lóðir.

Úthluti B.S.A.B. ekki tilskyldum lóðum og sæki um byggingarleyfi á tímabilinu sem um ræðir falla þær lóðir sem ekki hefur verið sótt um byggingaleyfi á til hreppsins kvaðalaust og úthlutar sveitarstjórn þeim óviðkomandi B.S.A.B. Verði sótt um byggingarleyfi fyrir færri en 8 lóðir á tímabilinu a eða b, fær B.S.A.B. eigi nema 9 lóðir til úthlutunar á næsta tímabili á eftir (b eða c).

Greiðsla gatnagerðargjalda (byggingargjalda) sé miðuð við gildandi gjaldskrá, eins og hún er á hverjum tíma. Eftirstöðvar B.S.A.B. (1.500 þ.) nú kr. 1.362.000 skoðist sem 14% fyrirframgreidd byggingargjöld af þessum lóðum, er B.S.A.B. mun greiða byggingargjald af, þó ekki fleirum en 26. Samþykkt með fyrirvara um staðfestingu stjórn B.S.A.B. og hreppsnefndar Mosfellshrepps".

Í málinu er lagt fram (dskj. nr. 19) ljósrit gjaldskrár, dags. 12. 2. 1975, en upplýst er, að hún er samhljóða gjaldskrá, sem í gildi var við gerð samkomulagsins. Í 6. gr. gjaldskrárinnar segir: „Við úthlutun lóðar greiðist helmingur gatnagerðargjalds og síðan helmingur, eða eftirstöðvar, við veitingu byggingarleyfis. Sækja skal um byggingarleyfi eigi síðar en sex mánuðum eftir að framkvæmdir eru heimilaðar á lóðinni". Með þessari grein er breytt ákvæði um eindaga greiðslna gatnagerðargjalds frá því, er verið hafði við gerð fyrra samkomulags aðilja frá 1972. Er breyting þessi m.a. deiluatriði í málinu.

Í júnímánuði 1974 sækir stefnandi um byggingarleyfi vegna 7 byggingarlóða við Barrholt, Bergholt og Brattholt. Með bréfi sveitarstjóra Mosfellshrepps, dags. 23. júní, er stefnanda tjáð, að þar sem ekki hafi verið haft samráð við sveitarstjórn, hvað varðar staðsetningu umræddra lóða við úthlutun þeirra, verði ekki fallist á tillögur stjórnar stefnanda þar að lútandi. Þá séu ýmsir gallar á teikningunum, er þarfnist lagfæringar, áður en þær verði lagðar fyrir byggingarnefnd. Þá var gerð krafa um greiðslu gatnagerðargjalda af lóðunum fyrir 1. júlí, en þau voru talin nema kr. 4.621.000 ÷ 14% samkvæmt samningi, eða u.þ.b. kr. 3.964.000. Er í bréfinu greint frá gjalddögum samkvæmt gildandi gjaldskrá og tilgreint, að helmingur gjaldsins eigi að greiðast við úthlutun lóðar og eftirstöðvar við veitingu byggingarleyfis. Stefnandi mótmælti með bréfi, dags. 25. júní, og kvað umræddar umsóknir í samræmi við það, sem komið hefði fram á samningafundum málsaðilja hvað staðsetningu varðaði. Hafi sveitarstjórn á þeim fundum fallist á að haga gatnagerð í samræmi við, að stefnandi gæti staðið við sín loforð um byggingu á lóðum, sem hann hefði þegar úthlutað. Afstaða Mosfellshrepps kemur fram í bréfi sveitarstjóra, dags. 26. júní, en þar segir m.a.: „Til þess að taka af öll tvímæli skal yður bent á, að hreppsnefnd hyggst ekki synja yður um umbeðið byggingarleyfi, svo fremi sem þér greiðið umrædd byggingargjöld, þ.e. kr. 3.974.000 skv. gildandi gjaldskrá fyrir 1. júlí 1975, sbr. samkomulag dags. 5.12.1974, en ella fellur úthlutunarréttur yðar á 27 lóðum niður". Þá segir í bréfinu, að lagfæra megi teikningar á húsunum og eins megi afgreiða staðsetningu einstakra húsa með umræðum aðilja. Þann 30. júní sækir stefnandi um byggingarleyfi á 12 lóðum og sendir sveitarstjóra jafnframt 1.340.000 sem greiðslu vegna hinna 7 lóða, er áður hafði verið sótt um byggingarleyfi á. Þann 1. júlí

voru sveitarstjóra boðsendar kr. 323.500 til viðbótar. Sjónarmið stefnanda varðandi þessa upphæð kemur fram í bréfi hans, dags. 30. júní, en þar segir. „Samkvæmt 6. gr. gjaldskrár um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við gatna- og holræsagerð í Mosfellshreppi frá 12. feb. '75 er gert ráð fyrir því, að gatnagerðargjöld séu greidd í 2 helmingum, fyrri helmingur við úthlutun og síðari helmingur við veitingu byggingarleyfis, sem sækja skal um eigi síðar en sex mánuðum eftir að framkvæmdir eru heimilaðar á lóðinni. Vér höfum ekkert við þessa gjaldskrá að athuga enda stöðvaði B.S.A.B. allar framkvæmdir við þær lóðir, sem ekki voru með byggingarleyfi eða framkvæmdaheimild eins og segir í greininni, þó að vér teljum breytinguna ekki réttlæta þá erfiðleika, sem upp eru komnir í eðlilegu samstarfi vor í milli".

Sveitarstjóri boðsendi stefnanda áðurnefnda greiðslu með bréfi, dags. 1. júlí, og krafðist fullrar greiðslu fyrir kl. 17 þann dag. Samdægurs sendi stefnandi umsóknirnar og áðurnefnda upphæð auk kr. 307.000 til viðbótar, „er mundi þá að mati sveitarstjóra, samkvæmt viðtali, dekka helming gatnagerðargjalda á umsóknum er inn voru lagðar 13.6.1975", eins og segir í bréfi hans. Stefnandi hafði þar með greitt kr. 1.970.000, eða helming gatnagerðargjalds nefndra 7 lóða, en hafði þá samtals sótt um byggingarleyfi á 19 lóðum. Eftir að hafa ítrekað greiðslu og veitt nýjan frest til 7. júlí skrifaði sveitarstjóri stefnanda bréf, dags. 8. júlí svohljóðandi:

„Þar sem þér hafið eigi staðið við tilskilin skilyrði, sbr. bréf vort dags. 3. júlí s.l. á endursendum vér yður (sic) hér með, innborgun vegna fimm lóða, að upphæð kr. 1.334.227, ásamt umsóknum um byggingarleyfi og teikningum. Einnig endursendum vér yður *12 umsóknir* um byggingarleyfi ásamt teikningum.

Sbr. ákvæði samings dags. 5. des. 1974, þá hafið þér misst úthlutunarrétt á 25 lóðum og munum vér tilkynna yður síðar skriflega, hvaða lóðir það eru".

Með bréfi, dags. 12. ágúst 1975, til félagsmálaráðuneytisins kærði stefnandi hreppsnefnd Mosfellshrepps fyrir ólögmæt skilyrði fyrir veitingu framkvæmdaleyfis með því að krefjast þess, að gatnagerðargjöld yrðu greidd að fullu og gatnagerð lokið. Í bréfinu er þess krafist, að ráðuneytið leggi fyrir hreppsnefndina að veita stefnanda umbeðið byggingarleyfi og/eða framkvæmdarleyfi með löglegum skilyrðum. Með bréfi, dags. 18. ágúst 1975, framseldi félagsmálaráðuneytið oddvita sýslunefndar Kjósarsýslu kæru stefnanda með vísan til 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Af hálfu oddvita sýslunefndar var samið frumvarp til ályktunar um málið, en niðurstöður þess leiddu ekki til sátta með aðiljum. Þann 6. 3. 1979 gerðu aðiljar með sér samkomulag um greiðslu til stefnanda, kr. 2.790.000, fyrir framkvæmdir og annað vegna 3ja af umdeildum lóðum, en áður

hafði farið fram mat á þeim kostnaði, er stefnandi hafði haft af þeim framkvæmdum. Í 2. gr. samkomulagsins segir, að stefnandi falli frá öllum kröfum í aukadómþingsmálinu B.S.A.B. gegn sveitasjóði Mosfellshrepps vegna framangreindra lóða og lækkar kröfulið á bls. 4-5 í stefndu til samræmis við það. Undir rekstri málsins kom upp ágreiningur um túlkun á þessu samkomulagi á þann veg, hvort samkomulagið leiddi til samsvarandi lækkunar allra kröfuliða stefnanda eða aðeins á 6. tölulið kröfugerðarinnar.

Forsvarsmenn málsaðilja hafa komið fyrir dóminn.

Óskar Jónsson framkvæmdastjóri stefnanda kvað stefnanda hafa staðið við samkomulag aðilja frá 13. júní 1972. Hann kvað framkvæmdir hafa verið í gangi á byggingarsvæðinu, þegar fyrra samkomulaginu var rift í ágúst 1974, m.a. hafði verið skipt um jarðveg í allmörgum grunnum og Mosfellshreppur því ekkert tilefni haft til að rifta samkomulaginu.

Engar viðræður hafi farið fram milli aðilja um gatnalögn á svæðinu og hafi hann álitið, að hreppurinn myndi leggja götur um svæðið, þegar hann sæi sér það fært, en skortur á götum háði framkvæmdum stefnanda ekki nema að takmörkuðu leyti.

Hann taldi, að samkomulag það, sem gert var þann 5. desember 1974, hafi alfarið byggst á tillögum samninganefndar hreppsins og hafi vilji þeirra orðið ofan á í öllum atriðum. Við gerð þessa samkomulags hafi hann lagt fram framkvæmdaáætlun um byggingu vesturhluta svæðisins, þ.e. Bergholts og Barrholts, en á því svæði höfðu félagsmenn stefnanda þegar sótt um lóðir. Mosfellshreppur hafi hins vegar hafið gatnagerð við Bergholt og lokið við þá götu, en ekki tekið Barrholt með í þeim framkvæmdum. Úthlutun stefnanda á lóðum til sinna félagsmanna hafi byggst á fyrri samningi aðilja, þegar stefnandi hafði allt svæðið til umráða, og hafi 30-32 félagsmenn verið búnir að festa sér lóðaréttindi með innborgunum, þegar samningnum var rift í ágúst 1974.

Varðandi umróknir um byggingarleyfi, er sótt var um í júní 1975, þá hafi hann sent greiðslu með umsóknunum, sem eftir hans útreikningum hafi átt að nægja fyrir greiðslu hluta gatnagerðargjaldsins. Hafi hann álitið, að eftirstöðvar gjaldsins bæri að greiða síðar eða er bygging yrði fokheld í samræmi við fyrri gjaldskrá, er gilti árið 1972.

Hafi hann ekki haft aðra gjaldskrá undir höndum.

Jón Baldvinsson sveitarstjóri Mosfellshrepps hafði að sögn verið rúman mánuð í starfi sveitarstjóra, þegar mál stefnanda var tekið fyrir í hreppsnefnd og þar samþykkt að rifta samkomulaginu frá 13. júní 1972. Ástæðan hafi verið sú, að ætlast hafi verið til þess, að svæðið byggðist upp með jöfnum hraða, en sýnilegt hafi verið 1974, að stefnanda myndi ekki takast það með þeim hraða, er þá var á framkvæmdum. Á samkomulaginu frá

5. desember 1974 megi sjá, að það hafi ekki verið stefna hreppsnefndar að taka af stefnanda byggingarrétt á svæðinu, heldur hafi þeim verið gefinn kostur á því að byggja svæðið upp skipulega. Í þessu síðara samkomulagi hafi ekki verið frábrugðnar reglur um úthlutun lóða frá því, sem venja er um, nema að því leyti að stefnandi hafi notið meiri ívilnana og hlunninda heldur en hinn einstaki lóðarumsækjandi og viti hann ekki til þess, að nokkurt sveitarfélag hafi veitt byggingarfélagi aðra eins fyrirgreiðslu og stefnanda hafi verið veitt. Samkomulagið frá 5. desember 1974 hafi verið gert að undangengnum allmörgum fundum málsaðilja, en á þeim sátu m.a. lögmenn beggja aðilja, og hafi hann ætíð verið þeirrar skoðunar, að þarna hafi verið um að ræða samkomulag beggja. Hvergi hafi komið fram þvinganir gagnvart stefnanda. Hann kvað það hafa komið skýrt fram við gerð samkomulagsins, að breyting hefði orðið á eindögum gatnagerðargjalda frá því er verið hefði og hafi undantekningarlaust verið haldið fast við þá eindaga. Jón Baldvinsson kvað framkvæmdaáætlun frá stefnanda ekki hafa verið lagða fyrir sig og hafi hann ekki séð þá áætlun fyrr en í réttinum. Hreppurinn hafi staðið að gatnagerð á svæðinu, eins og almennt sé gert í slíkum tilvikum. Hann upplýsti varðandi greiðslu gatnagerðargjalda, að hin almenna regla sé sú, að lóðarhafi greiði áætlaðan helming þess gjalds við úthlutun lóðar. Síðan leggi hann vanalega fjótlega inn teikningar til samþykktar og sé gjalddagi síðari hluta gatnagerðargjaldsins miðaður við samþykkt teikningar. Byggingarnefndarfundir séu haldnir hálfsmánaðarlega, þannig að frá því að teikning er lögð inn og þar til búið sé að samþykkja byggingarleyfið líði vanalega ekki lengri tími en hálfur mánuður.

Hann taldi, að Mosfellshreppur hafi ekki stöðvað framkvæmdir stefnanda á svæðinu. Hins vegar verði að sækja um leyfi fyrir öllum byggingarframkvæmdum og ef framkvæmdir hafi verið stöðvaðar í einhverjum lóðum eða grunnum á vegum stefnanda þá hafi það einungis verið vegna þess, að ekki hafi verið sótt um leyfi til byggingarnefndar um framkvæmdir. Jón Baldvinsson sagði, að samkomulaginu frá 5. desember 1974 hafi aldrei verið rift af hálfu hreppsins, enda hafi verið farið eftir því alveg til tímaloka þess árið 1976.

Óskar Magnússon byggingarfulltrúi í Mosfellshreppi skýrði svo frá, að honum hafi verið kunnugt um, að gatan Brattholt hafi verið tilbúin með tilheyrandi lögnum árið 1973. Þegar hann byrjaði að starfa hjá Mosfellshreppi þann 1. desember 1974, hafi verið að ljúka gatnagerð við götuna Bergholt nr. 10 til 17 og síðar í þeim mánuði götuna Barrholt frá 31 til 41. Um vorið og sumarið 1975 hafi verið hafist handa um áframhald Bergholts frá nr. 1 til 10 og Barrholts frá 1 til 35, og lauk þeirri gatnagerð í byrjun september 1975. Hann kveðst aldrei hafa séð framkvæmdaáætlun frá stefnanda, og kvað hann umsóknir um byggingarleyfið, er komu frá

stefnanda, hafa verið dreifðar um allt svæðið og ekki í neinu samræmi við þá gatnagerð, sem farið hefði fram. Hann upplýsti, að byggingarnefnd hefði samþykkt umsóknir stefnanda um byggingarleyfi á 10 lóðum, en umsóknir þessar bárust sem hér greinir: Árið 1973 er sótt um fyrir 4 húsum, þ.e. við Brattholt 21 og Bergholt 12, 14 og 16. Árið 1975 13. júní Bergholt 8 og 30. júní Bergholt 10. Árið 1976 sækir stefnandi um fyrir Bergholt 6 og 10 og Brattholt 17 og síðast 28. júní 1976 um Brattholt nr. 19.

Sigurður Flosason stjórnarformaður stefnanda kvaðst ekki minnast þess við gerð samkomulags í desember 1974, að fram hafi komið, að breytingar hafi orðið á eindögum gatnagerðargjalda, og ekki mundi hann heldur, hvort framkvæmdaáætlun stefnanda hafi legið frammi við gerð samkomulagsins. Hann kvaðst hins vegar muna, að rætt hafi verið um, að stefnandi þyrfti að fá ákveðnar götur, en þær götur voru ekki tilbúnar, þegar þeir gáfust upp með framkvæmdir, en þeir hefðu raunverulega gefist upp þann 1. júní 1975, er stefnanda voru endursendar umsóknir um byggingarleyfi ásamt greiðslum.

3.0.

3.1. Stefnandi byggir kröfugerð sína á því, að stefndi hafi með hreinni valdníðslu rift hinu upphaflega samkomulagi aðilja frá 1972 og hafi hann á sama hátt þvingað sig til samkomulags þess, er gert var þann 5. desember 1974, en það samkomulag hafi verið stefnanda óhagstæðara. Hafi hér verið um misneytingu að ræða, enda hafi stefnandi verið algjörleg háður vilja og samþykki stefnanda varðandi allar framkvæmdir á hinu umdeilda svæði. Stefnandi hafi verið kominn í þá aðstöðu að sitja uppi með fjárfestingu upp á milljónir króna án þess að geta nokkuð notfært sér hana. Framkvæmdir á svæðinu hafi algjörlega verið stöðvaðar enda þótt aðeins tvö ár væru liðin af fjögurra ára samningstímabili. Hafi það verið öllum ljóst, að stefndi ætlaði sér í skjóli aðstöðu sinnar að þvinga stefnanda til nauðasamninga. Stefnandi hafði auk þess gert fjölda samninga við sína félagsmenn um byggingu húsa á svæðinu og með tilliti til þess hafi stefnandi ekki séð sér annað fært en að ganga til nýrra samninga við stefnda. Það sé því í samræmi við þessa skoðun, er hann tilkynnir stefnda það í bréfi hinn 25. júní 1975, að synjun á veitingu byggingarleyfa sé rof á samkomulaginu frá 5. desember 1974 og fyrra samkomulag öðlist gildi á ný.

Á sama hátt hafi það verið valdníðsla af hálfu stefnda að setja stefnanda ólögleg skilyrði varðandi umsóknir um byggingarleyfi, sem sótt var um í júní-mánuði 1975. Í þessu sambandi sé rétt að vekja sérstaklega áthygli á skilyrðum stefnda um greiðslur gatnagerðargjalda, sem byggð séu á gjaldskrá frá 12. febrúar 1975. Gjaldskrá þessi hafi ekki öðlast gildi, þar sem hún hafi ekki hlotið staðfestingu ráðherra, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1974. Þá hafi stefndi sett það skilyrði fyrir framkvæmdum, að gatnagerð væri

lokið, og hafi hér verið um algjörlega ólögmæt skilyrði að ræða, sem enga stoð eigi í löglegri gjaldskrá né í lögum. Enn fremur hafi stefndi sett stefnanda þau skilyrði, að hann greiddi að fullu gatnagerðargjöld, áður en framkvæmdir hæfust, en samkvæmt tilvitnaðri gjaldskrá þurfi eigi að greiða helming gatnagerðargjalds fyrr en 6 mánuðum eftir að framkvæmdir séu hafnar skv. 6. gr. gjaldskrárinnar. Þetta skilyrði hafi því einnig verið ólöglegt, ef litið yrði svo á, að gjaldskrá sé lögleg. Tafir þær, er stefnandi varð fyrir í upphafi og ollu því, að stefndi rifti fyrra samkomulaginu, hafi m.a. orsakast af fjárhagsörðugleikum stefnda, en vegna þessa hafi dregist úr hömlu öll gatnagerð með tilheyrandi lögnum og megi segja, að frumorsök á töfum á uppbyggingu húsanna hafi stafað af framkvæmda- og getuleysi stefnda.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stefndi hafi uppfyllt allar sínar samningsskyldur. Þannig sé það rangt að stefnanda hafi ekki verið unnt að starfa við framkvæmdir vegna skorts á götum. Stefnanda hafi verið í lófa lagið að hefja byggingarframkvæmdir, þar sem stefndi hafi lokið gatnagerð auk þess sem allt gatnakerfi hverfisins hafi verið fullbúið sumrið 1975. Þá sé það fjarstæða að álíta, að stefndi hafi beitt stefnanda þvingunum við gerð samkomulags þann 5. desember 1974. Af gögnum málsins sé ljóst, að sanngirni hafi gætt á báða bóga. Hins vegar hafi stefnandi ekki virt ákvæði þess samkomulags og ekki leitast við að byggja skipulega, heldur sótt um byggingarleyfi strjált og óskipulega um allt svæðið algjörlega án samráðs við sveitarstjórn. Stefndi hafi beitt sömu reglum og gilda annars staðar varðandi greiðslu gatnagerðargjalda og tilgreind eru í gildandi gjaldskrá um gatnagerðargjöld. Eðli máls samkvæmt séu gatnagerðargjöld til þess að fjármagna gatnagerðarframkvæmdir á byggingarsvæði stefnanda. Lög um gatnagerðargjaldskrár séu frá árinu 1974, en fram að þeim tíma hafi verið í gildi um land allt reglugerðir og samþykktir um gatnagerðargjöld, sem hlotið höfðu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, en ekki staðfestingu ráðherra, svo sem nú er boðið í lögum nr. 51/1974. Hvort sem litið sé á gatnagerðargjaldskrár þær, sem giltu fyrir gildistöku laga þessara sem samninga einkaréttarlegs eðlis, milli (sic) húseiganda og sveitarstjórnar, eða ákvörðun stjórnvalds um gjaldtöku, verði heimildin ekki véfengd. Því standi 6. gr. gjaldskrárinnar óhögguð, enda stefnanda fullkunnugt um þá gildandi skilmála gjaldskrárinnar. Stefnandi hafi freistað þess að komast hjá að greiða gatnagerðargjöld að fullu, áður en byggingarleyfi tiltekinna lóða væru útgefin. Hafi stefnanda borið að greiða að fullu byggingargjöld fyrir þær 19 lóðir, sem leyfi var sótt um, áður en byggingarleyfi fengist. Stefnandi hafi átt við fjárhagsörðugleika að stríða, sem hafi útilokað mögguleika stefnanda á að efna samninginn og ráða fram úr byggingarframkvæmdum, en hins vegar sé ekki rétt að kenna stefnda um, hvernig fór.

4.0.

4.1. Fyrst verður tekin til úrlausnar sú málsástæða stefnanda, að stefndi hafi með valdníðslu rift upphaflegu samkomulagi aðilja frá 1972 og þvingað hann til gerðar nýs samkomulags, sem honum var mun óhagstæðara. Með bréfi, dags. 9. ágúst 1974, afturkallaði stefndi það samkomulag málsaðilja, er gert hafði verið þann 13. júní 1972 um forgang stefnanda til byggingarframkvæmda í Holtahverfi í Mosfellssveit. Stefnandi mótmælir riftun samkomulagsins bréflega, en leggur jafnframt til og útnefnir þrjá menn í viðræðunefnd „til lausnar viðkomandi máli". Í viðræðunefnd stefnanda áttu meðal annars sæti lögmaður stefnanda. Stefndi útnefndi síðan af sinni hálfu þrjá fulltrúa til þessa starfs. Starfi viðræðunefndarinnar lauk með gerð samkomulags, dags. 5. desember 1974, og hlaut það staðfestingu bæði hreppsnefndar Mosfellshrepps og stefnanda. Stefnandi hefur sýnt tómlæti, ef hann ætlar nú að byggja rétt sinn, ef nokkur hefur verið, á því, að hann hafi verið beittur valdníðslu varðandi riftun samkomulags. Stefnandi hefur heldur ekki sýnt fram á, í hvaða atriðum sérstaklega samningur frá 5. 12. 1974 hafi verið honum óhagstæður, né heldur verður séð af gögnum málsins, að stefnandi hafi borið fyrir sig misneytingu, fyrr en til málsins kom. Eru þessar málsástæður stefnanda því ekki teknar til greina og samkvæmt þessu og öðrum atriðum á því byggt, að löglega hafi verið til hins síðara samkomulags aðilja stofnað.

Stefnandi hefur mótmælt gildi gjaldskrár „um þátttöku lóðarhafa í kostnaði við gatna- og holræsagerð í Mosfellshreppi" frá 12. febrúar 1975, þar sem hún hafi ekki hlotið staðfestingu ráðherra, svo sem greinir í 1. gr. l. nr. 51/1974.

Gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Mosfellshreppi, sem byggð er á nefndum lögum, hlaut staðfestingu félagsmálaráðherra 27. desember 1976. Hvorki hefur verið leitað staðfestingar ráðherra á gjaldskrá frá 1972 né þeirri, er í gildi var við samningsgerð aðilja, enda var ekki fyrir hendi lagaheimild til álagningar gatnagerðargjalda fyrr en í lögum nr. 51 16. maí 1974. Líta verður á hina umdeildu gjaldskrá sem hluta af samkomulagi aðilja frá 5. desember 1974, þar sem stefnandi skuldbindur sig til að greiða gatnagerðargjöld miðað við gjaldskrá, eins og hún er á hverjum tíma. Ekki verður séð, að hin breyttu ákvæði frá fyrri gjaldskrá um eindaga gatnagerðargjaldanna, sem stefnanda var kunnugt um, séu óeðlileg eða sérlega íþyngjandi. Stefnda var því heimilt að byggja á gjaldskránni frá 12. febrúar 1974 við innheimtu gatnagerðargjalda af byggingarumsóknum stefnanda.

Því er haldið fram af stefnanda, að stefndi hafi beitt valdníðslu með þeim skilyrðum, er stefndi setti fyrir útgáfu þeirra byggingarleyfa, er stefnandi sótti um í júní 1975. Stefnandi sótti um byggingarleyfi fyrir 7 húsum þann 13. júní 1975 og fyrir 12 húsum 30. júní 1975. Með umsóknum þessum sendi

hann upphæð, sem samsvaraði helmingi gatnagerðargjalda fyrir 7 hús. Samkvæmt gögnum málsins má sjá, að gefið hefur verið út byggingarleyfi fyrir einu húsi af umsóknum frá 13. júní og einu úr umsóknum frá 30. júní. Hinar umsóknirnar voru endursendar stefnanda vegna tilgreindra vankanta að mati stefnda.

Telja verður, að stefnda hafi verið heimilt, sbr. 6. gr. gjaldskrárinnar, að gera greiðslu byggingargjalds að skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þá var stefnda heimilt með vísan til samnings aðilja frá 5. desember 1974 að synja stefnanda um byggingarleyfi á þeim lóðum, þar sem gatnagerð var ólokið.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum dómkröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir eftir öllum málsatvikum, að málskostnaður falli niður. Þess ber að geta, að málavextir og málsástæður eru ekki settar fram svo skýrt sem skyldi í stefnu og greinargerð stefnanda og þar ekki fylgt ákvæðum 88. gr. laga nr. 85/1936. Með úrskurði, uppkveðnum þann 18. júní 1979, vék hinn reglulegi dómari, Einar Ingimundarson sýslumaður, sæti í máli þessu. Með bréfi, dags. 2. júlí 1979, var Valtýr Sigurðsson héraðsdómari skipaður til þess sem setudómari í Kjósarsýslu að fara með málið, og hefur hann kveðið upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, sveitarsjóður Mosfellshrepps, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Byggingasamvinnufélagsins Aðalbóls, en málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 21. febrúar 1984.

Nr. 166/1983. **Akæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Stefáni Hákonarsyni
(Jón G. Briem hdl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu með stefnu 9. ágúst 1983. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, dæmdur til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 20. desember 1983.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal uppdrættir af hluta af Keflavík. Þá hafa þrír lögreglumenn í Keflavík komið fyrir dóm og gefið skýrslu eftir uppsögu héraðsdóms, en framburðir þeirra þykja ekki skipta máli um úrslit máls þessa, þar sem enginn þeirra hafði afskipti af ákærða, er hann var handtekinn.

Eins og í héraðsdómi greinir, hafa lögreglumennirnir Birgir Ólafsson og Þórður Magni Kjartansson skýrt svo frá fyrir dómi, að ákærði hafi viðurkennt fyrir þeim, að hann hafi ekið bifreið sinni ölvaður frá heimili sínu og lagt henni síðan á Klapparstíg. Þeir kváðu hann hafa verið rólegan og samvinnuþýðan. Rúnar Lúðvíksson lögreglumaður, er tók varðstjóraskýrslu af ákærða eftir handtöku hans kl. 1917, segir, að hann hafi vafningalaust viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni ölvaður. John Hill lögreglufulltrúi, sem tók skýrslu af ákærða morguninn eftir handtökuna, kl. 0950, segir, að hann hafi formála- og vafningalaust viðurkennt ölvunarakstur sinn, er skýrslan var tekin af honum. Ákærði undirritaði þessa skýrslu.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, hefur ákærði þrívegis viðurkennt afdráttarlaust fyrir lögreglu, að hann hafi ekið bifreið sinni ölvaður í umrætt skipti. Verður að byggja á þessum framburði

hans, enda ekkert fram komið í málinu, sem renni stoðum undir síðari afturköllun hans, þannig að mark verði á tekið. Þykir ekki varhugavert að telja sannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við þennan akstur. Varðar þetta atferli hans miðað við áfengismagn það, er var í blóði hans, við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og þykir refsing hans, þar sem um ítrekað brot er að ræða, hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 9.000.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Hákonarson, sæti 15 daga varðhaldi. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns G. Briem héraðsdómslögmanns, samtals 9.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 3. maí 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 3. maí, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2157/1982: Ákæruvaldið gegn Stefáni Hákonarsyni.

Mál þetta, sem þingfest var 17. febrúar sl. og dómtekið 22. f.m., hefur ríkissaksóknari höfðað með ákæru, dagsettri 17. janúar sl., á hendur „Stefáni Hákonarsyni, Heiðarhvammi 3, Keflavík, fæddum á Ísafirði 7. janúar 1953, fyrir að aka, miðvikudaginn 15. september 1982, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Ö-7998 frá ofangreindu heimili sínu um götur í bænum, þar til hann hætti akstri á Klapparstíg í Keflavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði sætti ákærði 14. janúar 1980 sekt og ökuleyfismissi vegna ölvunar við akstur.

Skömmu eftir kl. 1900 miðvikudaginn 15. september sl. var lögreglunni í Keflavík tilkynnt, að ákærði hefði þá skömmu áður farið á bifreiðinni Ö - 7998 frá heimili sínu og væri hann ölvaður. Fóru lögreglumenn að leita bifreiðarinnar og veittu skömmu síðar ákærða athygli, þar sem hann var utan við húsið Aðalgötu 10, Keflavík. Þegar þeir komu að húsinu var hann farinn þar inn, og knúðu þeir því dyra. Kvað húsráðandi ákærða vera inni í húsinu. Fylgdi hann lögreglumönnunum fúslega út í bifreið þeirra. Var hann með greinilegum áfengisáhrifum, og sterkan áfengisþef lagði frá vitum hans. Er lögreglumennirnir ræddu við ákærða í lögreglubifreiðinni, viðurkenndi hann strax að hafa ekið bifreið sinni frá heimili sínu og lagt henni síðan á Klapparstíg, en gengið þaðan að framannefndu húsi.

Í skýrslu, sem lögregluvarðstjóri tók af ákærða strax sama kvöld, segist hann hafa verið að aka bifreið sinni í umrætt sinn að heiman frá sér og til kunningja sinna. Hafi hann lagt af stað, skömmu áður en lögreglan hafði af honum afskipti. Þá kveðst hann hafa drukkið áfengi, Vodka, fyrr um daginn, en ekkert eftir að akstrinum lauk.

Útliti og öðrum einkennum ákærða lýsir varðstjórinn þannig, að andlit hans hafi verið rjótt, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu eðlileg, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Magn álkóhóls í blóðsýni, sem ákærða var tekið af þessu tilefni,mældist 2.37‰.

Í rannsóknarlögregluskýrslu, sem af ákærða var tekin morguninn eftir, segist hann hafa byrjað áfengisdrykkju um kl. 1400 daginn áður og hafi hann drukkið tæpan pela af Vodka, áður en hann hóf akstur bifreiðar sinnar, Ö-7998, frá heimili sínu og að Klapparstíg í Keflavík. Þar hafði hann farið út úr bifreiðinni og gengið að Aðalgötu 10. Hann kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og ekki neytt neins áfengis að honum loknum og þar til lögreglan kom og handtók hann.

Ákærði hefur fyrir dómi neitað sakargiftum. Kvaðst hann ekki hafa ekið bifreiðinni Ö-7998 í umrætt sinn og lýsti atvikum nánar þannig, að umræddan dag sem og næstu daga á undan hafi hann neytt áfengis. Hann sagðist hafa lent í missæti við eiginkonu sína, sem varð til þess, að hann rauk út í fússi. Á stæðinu fyrir framan húsið, sem er fjölbýlishús, hitti hann mann, sem hann veit engin deili á, og fékk hann til að aka bifreiðinni

fyrir sig sem leið liggur að húsakynnum AA samtakanna á Klapparstíg 7, Keflavík.

Ákærði greindi frá því, að hann hefði farið í meðferð gegn áfengissýki tæpum tveimur árum fyrir umrætt atvik og hefði þetta verið í annað skipti, sem hann neytti áfengis eftir meðferðina. Er hann hefði misst ökuréttindin öndvert ár 1980 vegna ölvunar við akstur, hefði það greypst svo í huga sér, að slíkt mætti aldrei endurtaka sig.

Ákærði kvaðst ekki hafa hitt neinn fyrir á Klapparstíg 7 og því gegnið að Aðalgötu 10, en þar búi Gísli nokkur, sem farið hefði í sömu meðferð og hann sjálfur. Gísli var þá ekki heima, en hins vegar kona hans. Eftir nokkrar mínútur hafi lögreglan síðan komið, og fylgdi hann lögreglumönnunum til stöðvar. Ákærði kvað ökumanninn hafa ekið bifreiðinni að Klapparstíg 7, og vissi hann síðan ekkert, hvað um hann varð.

Ákærði kvaðst hafa verið þó nokkuð ölvaður í umrætt sinn og í „miklu andlegu niðurbroti." Hann kvaðst hafa viðurkennt akstur sinn á Ö-7998 fyrir lögreglu af ótta við að verða ella fangelsaður. Hafi sér verið stungið inn vegna fyrri ölvunarakstursmálsins og hafi hann orðið að leita læknis af því tilefni.

Oddný Magnúsdóttir, eiginkona ákærða, hefur borið vætti í máli þessu. Hún kveðst hafa tilkynnt lögreglunni um meintan ölvunarakstur ákærða. Hún kveður ákærða hafa verið ölvaðan í umrætt sinn og hafi hann yfirgefið íbúð þeirra verandi með billyklana. Fór hún þá samstundis í símann og tilkynnti lögreglunni um áðurgreint. Er hún leit út að loknu símtalinu, hafi bifreiðin verið horfin af stæðinu fyrir framan húsið. Ekki hafi hún séð, þegar ákærði fór í bifreiðina í umrætt sinn og bifreiðinni var ekið af stæðinu. Gæti hún því ekki fullyrt, að hann hafi verið ökumaðurinn. Hún kvaðst ekkert hafa séð til ákærða, eftir að hann yfirgaf íbúðina og þar til atvik þetta var afstaðið. Ekki mundi hún, hvort ákærði nefndi, að hann ætlaði að aka bifreiðinni.

Birgir Ólafsson lögreglumaður kvað ákærða strax og vafningalaust hafa viðurkennt fyrir þeim Þórði lögreglumanni, að hann hefði ekið bifreið sinni í umrætt sinn. Minnti Birgi, að ákærði hafi verið rólegur og samvinnuþýður, þegar þeir höfðu afskipti af honum. Ekki kvað hann þá lögreglumennina hafa séð bifreiðina í akstri í umrætt sinn og sagði ennfremur, að spottinn milli Aðalgötu 10 og þar sem bifreiðinni hafði verið lagt, sé genginn á innan við eina mínútu. Birgir minnti, að ákærði hefði ekki verið alveg sáttur við að verða stungið inn í fangaklefa.

Þórður Magni Kjartansson lögreglumaður kvað ákærða hafa viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni ölvaður, er þeir Birgir ræddu við hann í lögreglubifreiðinni. Hafi hann verið rólegur og samvinnuþýður og rætt um, að hann

væri illa haldinn af áfengisdrykkju. Hann kvað ákærða hafa verið illa við að vera stungið inn í fangaklefa, en engan mótþróa hafi hann sýnt. Ekki mundi Þórður, að ákærði hefði nefnt, að hann þyldi ekki innilokun í fangaklefa.

Þórður sá ekki bifreið ákærða í akstri í umrætt sinn og kvað spottann frá bifreiðinni að Aðalgötu 10 vera genginn á 3-4 mínútum í mesta lagi.

Rúnar Lúðvíksson lögreglumaður tók varðstjóraskýrsluna af ákærða. Hafi ákærði vafningalaust viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni ölvaður. Hann sagði, að þar sem ákærði var ekki tekinn við akstur Ö-7998, hefði hann ákveðið að setja hann í fangaklefa, þar til rannsóknarlögreglan hefði tekið af honum skýrslu. Hafi ákærða óað við því og sagt það ástæðulaust, þar sem hann hefði þegar viðurkennt ölvunarakstur sinn. Engan mótþróa hafi hann sýnt, en rætt um, að hann þyrfti að komast í meðferð vegna áfengissýki og beðið um, að haft yrði samband við tiltekna menn, sem var gert.

Rúnar mundi ekki til þess, að ákærði hefði verið órólegur þann tíma, sem hann dvaldi í fangaklefanum, eða gert athugasemdir við vistun sína þar.

John Hill lögreglufulltrúi tók rannsóknarlögregluskýrsluna af ákærða. Hafi hann formála- og vafningalaust viðurkennt ölvunarakstur og nefnt, að hann væri leiður yfir því að hafa lent í þessu. Hafi hann verið kurteis og prúður og mundi John ekki betur en að hann hefði ekkert nefnt um veru sína í fangaklefanum eða sýnt af sér óttamerki um, að hann þyrfti e.t.v. að dvelja þar áfram.

Guðrún Svanhvít Sigurðardóttir, Aðalgötu 10, Keflavík, kvað ákærða hafa verið nýkominn á heimili sitt, er lögreglan kom og spurði eftir honum. Hafi hann verið greinilega ölvaður við komuna, en ekki hafi hann nefnt, að hann hefði verið að aka bifreið þannig á sig kominn. Hafði þeim lítið sem ekkert farið á milli, þegar lögreglan kom.

Ákærði hefur fyrir dómi staðfastlega neitað að hafa ekið bifreið sinni í umrætt sinn. Jafnframt hefur hann þar skýrt, hvers vegna hann játaði slíkt fyrir lögreglu. Ekkert vitnanna sá ákærða við akstur bifreiðarinnar Ö-7998 í umrætt sinn, og sjálfur kveður hann ókunnan mann hafa ekið bifreiðinni fyrir sig frá heimili sínu að Klapparstíg 7.

Eigi er loku fyrir það skotið, að annar en ákærði hafi ekið bifreiðinni Ö-7998 í umrætt sinn þrátt fyrir verulegar líkur á hinu gagnstæða. Þykja fullar sönnur því eigi framkomnar á sök ákærða, og ber þess vegna að sýkna hann af ákærunni í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum greiðist allur sakarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns G. Briem hdl., kr. 2.000.-.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Hákonarson, er sýkn af ákærunni í máli þessu. Sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns G. Briem hdl., kr. 2.000.-, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 21. febrúar 1984.

Nr. 24/1984. **Hjördís Jónsdóttir**
Inga Jónsdóttir og
Ásgeir H. Björgvinsson
gegn
Tryggva Stefánssyni og
þrotabúi Vals Magnússonar

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðiljar hafa með kæru 25. janúar 1984, sem barst Hæstarétti 3. febrúar s.á., kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur í máli þessu, er kveðinn var upp 12. janúar sl. Krefjast þeir þess, ,,að úrskurðinum verði hrundið og fallist verði í stað þess á kröfu okkar um ógildingu og/eða riftun kaupsamnings dags. 16. marz 1982 milli okkar og Vals Magnússonar um fasteignina Miðbraut 32, Seltjarnarnesi f.h. þrotabús Vals Magnússonar með því að greiðsla pr. 16. marz 1982 kr. 100.000.- greidd við undirritun kaupsamnings komi til frádráttar endanlegri kröfu okkar í þrotabúið og fallist á kröfu okkar um að fasteigninni Miðbraut 32, Seltjarnarnesi verði haldið utan við skipti á þrotabúinu. Riftun miðist við 9. júlí 1982, en til vara við 28. júní 1983." Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðiljans Tryggva Stefánssonar er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara er krafist stað-

festingu hins kærða úrskurðar. Þá er krafist í báðum tilvikum kærumálskostnaðar óskipt úr hendi sóknaraðilja.

Af hálfu varnaraðilja þrotabús Vals Magnússonar hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Ákvæði 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 heimila eigi kæru máls þessa til Hæstaréttar, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 12. janúar 1984.

— — —

Úrskurðarorð:

Afstaða skiptaráðanda til krafna sóknaraðilja í þrotabúi Vals Magnússonar, eins og hún er tilgreind á skrá yfir lýstar kröfur í búið, skal óbreytt standa.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 21. febrúar 1984.

Nr. 14/1984. **Arkitektafélag Íslands**
gegn
Hjalta Geir Kristjánssyni

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. töluliðs 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 12. janúar 1984, sem barst Hæstarétti 25. s.m. Vitneskju um uppkvaðningu dómsins fékk hann 9. s.m. Hann krefst þess, að dómurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar frávísunardómsins og kærumálskostnaðar.

I.

Ákvæði 11. gr. laga nr. 73/1968 ber að skilja þannig, að með mál út af brotum þeim, sem handhafar ríkisvalds (ákæruvalds) höfða til refsingar samkvæmt nefndum lögum, sbr. 1. gr. laga nr. 74/1974, skuli fara að hætti opinberra mála. Það girðir hins vegar ekki fyrir það, að sá, sem telur annan mann hafa brotið á sér lögvarðan rétt sinn skv. lögum nr. 73/1968, geti fengið skorið úr slíkum ágreiningi í einkamáli.

II.

Húsameistarafélag Íslands, sem var undanfari Arkitektafélags Íslands, stóð að kæru þeirri, sem varð efni til höfðunar máls þess, á hendur varnaraðilja, er dæmt var 16. febrúar 1956. Þótt félagið hafi þá farið þessa réttarfarsleið, þykir það ekki út af fyrir sig vera því til fyrirstöðu, að sóknaraðili höfði nú einkamál þetta á hendur varnaraðilja.

III.

Ekki verður talið, að dómur sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1956 í máli ákæruvaldsins gegn Hjalta Geir Kristjánssyni sé bindandi úrslit sakarefnis í þessu máli.

Samkvæmt því, sem að framan segir, ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi, og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 13. desember sl. um framkomna frávísunarkröfu stefnda, hefur Arkitektafélag Íslands, Freyjugötu 41, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 28. mars 1983 á hendur Hjalta Geir Kristjánssyni, nnr. 4179-5743, Bergstaðastræti 70, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að vegna lögverndaðs réttar félagsmanna Arkitektafélags Íslands sé stefnda óheimilt að nota starfsheitið „Arkitekt" eitt sér eða annað samsett starfsheiti, sem felur í sér orðið „arkitekt." Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi gerir þær kröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Þá er í báðum tilvikum krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. eða mati dómsins.

— — —

Kröfu sína byggir stefnandi á því, að meint notkun stefnda á starfsheitinu arkitekt einu sér eða samsettu brjóti gegn ákvæðum 3. gr. laga nr. 73/1968 og sé honum því óheimil.

Í 11. gr. sömu laga segir, að mál út af broti á lögum þessum skuli fara að hætti opinberra mála. Ber því þegar af þessum sökum að vísa málinu frá dómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 3.900.00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Arkitektafélag Íslands, greiði stefnda, Hjalta Geir Kristjánssyni kr. 3.900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. febrúar 1984.

Nr. 251/1981. **Guðni Aðalsteinsson**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur
(Gunnar Sólnes hrl.)

Skaðabótamál. Löghald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1981. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmd til að greiða sér 61.100.48 krónur ásamt 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 2. mars 1979 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Einnig krefst hann, að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór í fógetarétti Ólafsfjarðar 14. september 1979 að beiðni áfrýjanda til tryggingar dómkröfunum.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verð lögð nokkur ný gögn, þar á meðal skýrslur Sigtryggs Valgeirs Jónssonar 7. mars 1982 og Sigurðar Björnssonar lögreglumanns 31. janúar 1982, álitsgerð Gunnars

Sigurðssonar, fyrrverandi varaslökkviliðsstjóra í Reykjavík, 19. febrúar 1982 og endurrit vitnamáls, er háð var fyrir bæjarþingi Ólafsfjarðar 24. apríl 1982, en þá komu nokkur vitni fyrir dóm. Þá hefur verið lagt fyrir Hæstarétt endurrit vitnamáls, er háð var á bæjarþingi Ólafsfjarðar 20. maí 1983, en þá voru m.a. lagðar fram ýmsar lögregluskýrslur, og Sigurður Björnsson staðfesti fyrrgreinda skýrslu sína. Enn fremur kom stefnda þá fyrir dóm.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, fór fram lögreglurannsókn og dómsrannsókn í sakadómi Ólafsfjarðar út af brunanum á bílskúr áfrýjanda. Hafa rannsóknargögnin verið lögð fram í þessu máli.

Áfrýjandi býr í húsinu nr. 18 við Hlíðarveg, en stefnda í nr. 16. Gatan liggur nokkurn veginn frá norðri til suðurs samkvæmt framlögðum uppdráttum, og standa húsin að vestanverðu við götuna. Rúmir 8 metrar eru á milli húsanna. Bílskúrinn, sem brann, stóð í suðvesturhorni lóðarinnar nr. 18, og voru um 12 metrar milli hans og hússins.

Fram er komið í málinu, að 16 ára sonur áfrýjanda gekk síðastur um bílskúrinn um kl. 2330 kvöldið fyrir brunann. Setti hann þá vélhjól og skíði inn fyrir bílskúrsdyrnar á suðurgafli skúrsins. Hafði hjólið staðið úti í um viku og gangsetti hann það ekki. Hann kvaðst ekki hafa haft eld um hönd né farið neitt um skúrinn og lokað honum tryggilega.

Áfrýjandi kvað konu sína hafa vakið sig rétt fyrir kl. 0300 umrædda nótt og sagt sér, að bílskúrinn stæði í björtu báli. Í sama mund og hann var kominn í fötin hefði verið bankað á forstofudyr hússins, en er hann opnaði þær, hefði enginn verið fyrir utan. Hann hefði þá tekið eftir nýjum förum í snjónum, sem lágu frá dyrunum að húsi stefndu. Einnig hefði hann séð spor að skúrnum frá húsi stefndu og til baka. Hann kvað sér hafa virst eldurinn mestur í norðvesturhorni bílskúrsins. Þar hafði verið brotin rúða, og hafði hann sett fyrir hana einangrunarplast, svo að ekki snjóaði inn. Taldi hann stefndu hafa brotið rúðu þessa sumarið 1978. Áfrýjandi kvaðst hafa kvatt slökkvilið á vettvang. Stefnda hefði verið fyrir utan hús sitt og kallað, að skúrinn væri að brenna.

Samkvæmt skýrslu Sigurðar Björnssonar lögreglumanns 2. mars 1979 barst lögreglunni tilkynning um brunann kl. 0305 um nóttina.

Var Sigurður kominn á vettvang stuttu seinna ásamt Stefáni Einarssyni lögregluvarðstjóra. Var skúrinn þá alelda. Slökkviliðið kom skömmu síðar.

Stefán og Sigurður önnuðust frumrannsókn á vettvangi. Samkvæmt skýrslu þeirra sáu þeir sporaslóð, sem lá frá húsinu nr. 16 að nyrðri glugga á vesturhlið bílskúrsins og aftur til baka. Við athugun síðar reyndust spor þessi vera eftir skó, sem stefnda átti. Önnur nýleg spor lágu frá inngangi á austurhlið hússins nr. 16 að inngangi á austurhlið hússins nr. 18 og til baka. Síðar kom í ljós að þau spor voru eftir skó af eiginmanni stefndu. Þriðja sporaslóðin lá vestur með húsinu nr. 16 og norður fyrir suðvesturhorn þess. Við enda þeirrar slóðar var talsvert traðk, og fundust í traðkinu 4 sígarettustubbar. Lögreglumennirnir segja í skýrslu um þetta, að þessar slóðir hafi verið einu merkin um mannaferðir í næsta nágrenni við brunastað. Nokkur snjókoma hafi verið kvöldið fyrir brunann og athugun á vettvangi auðveld þess vegna.

Lögreglumenn frá rannsóknarlögreglu ríkisins fóru til Ólafsfjarðar og unnu að rannsókn málsins. Töldu þeir upptök eldsins hafa verið fyrir innan nyrðri gluggann á vesturhlið bílskúrsins, en þar var fótstykkið brunnið niður í stein. Tóku þeir sýnishorn úr því til frekari rannsóknar. Þrír brúsar fundust á heimili stefndu. Efnarannsóknastofa Fjölvers, sem rannsakaði innihald brúsanna, taldi, að í þeim væri bensín, steinolía og „White-spirit" (þynnir).

Í skýrslu rannsóknastofunnar segir svo um niðurstöðu rannsóknar á brunaleifunum:

„Lyktareinkenni óljós. Skolun með vatni og athugun á einkennum við upphitun sýndi ekki merki um filmu né heldur var lykt einkennandi fyrir ofangreindan vökva, merkjanleg".

Rannsóknarlögreglumennirnir fundu einnig kvenpeysu í sorppoka fyrir utan hús stefndu. Angaði peysan af bensíni eða olíu.

Lögreglumennirnir áttu tal við stefndu heima hjá henni um nóttina, sem bruninn varð. Í skýrslu Sigurðar Björnssonar um þetta segir, að stefnda hafi komið til dyra „klædd náttkjól og sjáanlega töluvert ölvuð. Ekki vildi hún koma á lögreglustöðina og ræða við lögreglu og kvaðst að fyrra bragði ekkert vita um eldsupptök í bílskúrnun. Kvaðst hún vera nývöknuð. . . . Var mál hennar ruglingslegt".

Í skýrslu Sigurðar Björnssonar 31. janúar 1982 segir hann, að þeir lögreglumennirnir hafi farið heim til stefndu, eftir að búið var að slökkva eldinn, en slökkvistarfið mun hafa tekið um klukkustund. Í skýrslunni segir ennfremur, að stefnda hafi að fyrra bragði sagt, að hún hefði ekki kveikt í bílskúrnum og stagast á því, að hún hefði ekki farið að bílskúrnum, en aðeins hlaupið að húsi áfrýjanda til að gera viðvart um eldinn.

Stefnda var yfirheyrð af lögreglunni á Ólafsfirði morguninn eftir brunann. Skýrði hún þá svo frá, að daginn áður hefði hún komið boðum til Úlfars Guðmundssonar sóknarprests um að koma til þeirra hjónanna og ræða við þau, þar sem eiginmaður sinn hefði verið búinn að vera með víni í langan tíma. Séra Úlfar hefði síðan komið um kl. 1915 og dvalist hjá þeim þar til kl. 0045. Skömmu síðar hafi eiginmaður hennar sofnað í stól í stofunni, en hún fengið sér í glas. Hún hefði svo setið í myrkrinu til um kl. 0200, en opnað þá stofuglugga til að hleypa inn fersku lofti og sest síðan niður. Hún hefði heyrt eitthvert snark úti fyrir og farið að huga að því. Hún hefði þá tekið eftir óeðlilegri birtu, síðan fundið einhverja lykt og séð, að reyk lagði yfir hús hennar. Hún hefði nú fengið sér í glas og setið litla stund. Er hún stóð upp og leit út um gluggann, hefðu eldtungur staðið upp úr þaki bílskúrsins, sem þá var að verða alelda. Hún hefði nú farið í úlpu og kuldaskó og hlaupið niður að skúrnum og síðan heim aftur og kallað á eiginmann sinn, sem sofið hefði í stól í stofunni, en hún hefði ekki getað vakið hann. Hún hefði nú farið úr stígvélum sínum frammi í þvottahúsi, en að því búnu farið í stígvél eiginmanns síns, því að léttara hefði verið að fara í þau, og hlaupið að húsi áfrýjanda til að gera viðvart um, að kviknað væri í bílskúrnum. Hún hefði bankað á aðaldyr hússins og kallað upp í glugga. Stefnda kvaðst svo hafa fylgst með því, sem gerðist, úr glugga heima hjá sér og verið hrædd. Lögreglan hefði svo komið að útidyrum hússins og beðið hana um að koma á lögreglustöðina, en hún hafi neitað.

Í áðurgreindri skýrslu Sigurðar Björnssonar frá 31. janúar 1982 víkur hann að yfirheyrslu lögreglunnar yfir stefndu á lögreglustöðinni morguninn eftir brunann. Segir hann, að hún hafi í fyrstu neitað því, að hún hefði farið að glugga á bílskúrnum, en þegar henni hafi verið bent á, að skóförin, sem mynduðu slóðina þangað

frá húsi hennar, svöruðu nákvæmlega til þess fótabúnaðar, sem hún væri í, hefði hún viðurkennt að hafa farið að bílskúrnum til að gá að, hvað um væri að vera.

Lögreglumaðurinn hefur staðfest skýrslu þessa fyrir dómi.

Þegar stefnda var yfirheyrð fyrir dómi, skýrði hún svo frá, að hún hefði hlaupið að bílskúrnum, strax eftir að hún varð eldsins vör, en þó ekki til að reyna að slökkva. Ekki gat hún gefið neina skýringu á því, hvers vegna hún fór að skúrnum, en hún kveðst hafa farið að norðausturhorni hans.

Stefnda gaf þá skýringu á peysu þeirri, sem áður var nefnd, að hún hefði um helgina áður strokið yfir gólf í þvottahúsi með peysunni, vættri í bensíni, til þess að eyða óþef. Áður hefði hún þvegið gólfið úr sápuvatni. Að þessu loknu hefði hún sett peysuna í sorppoka og látið hann út fyrir dyrnar. Fram kom, að sorphreinsunarmaður hafði á fimmtudaginn tekið sorppoka frá húsinu og sett annan í staðinn. Er stefndu var bent á þetta, kvaðst hún hafa hreinsað gólfið á fimmtudag, og væri fyrri frásögn sín misminni. Við síðari yfirheyrslu hélt hún því þó enn fram, að hún hefði þvegið gólfið á sunnudagskvöld eða aðfaranótt mánudags. Henni var bent á, að peysan bæri þess engin merki, að hún hefði verið notuð til gólfþvotta, og því svaraði hún svo, að hún hefði þvegið gólfið svo vel á undan.

Vitnið Ari Eðvaldsson rafvirki, sem lagði raflagnir í umræddan bílskúr, kvað rafmagn hafa verið leitt í hann um jarðkapal frá íbúðarhúsinu. Engar lagnir hefðu verið að vestanverðu í skúrnum. Rofar hefðu verið í austurhluta skúrsins við útihurð og einnig tenglar í þeim hluta, en í lofti 4 ljósastæði. Hefðu allar lagnir verið í plaströrum. Á lögn húss og bílskúrs hefði verið lekaliði.

Ari kvaðst hafa komið á vettvang, skömmu eftir að eldsins varð vart, og hefði fyrsta verk sitt verið að fara að rafmagnstöflunni í kjallara íbúðarhússins. Þar hefði allt verið eðlilegt og hefði hann strax rofið strauminn út í bílskúrinn. Taldi Ari útilokað, að kviknað hefði í út frá rafmagni. Allar lagnir hefðu verið nýjar og rafmagn lítið notað. Hefði straumur verið á öllum leiðslum, er hann kom að rafmagnstöflunni, en ef rafmagn hefði leitt út, hlyti allur rafstraumur að hafa rofnað. Ef eldur hefði komist í lögnina, hefði öryggi rofið strauminn og hefði svo farið, ef hann hefði ekki verið

búinn að rjúfa strauminn áður. Kvaðst Ari hafa kannað lekaliðann sérstaklega og hefði hann reynst í lagi og verið notaður áfram.

Gunnar Sigurðsson, fyrrum varaslökkviliðsstjóri í Reykjavík, hefur kynnt sér skjöl málsins og látið í té umsögn. Kveðst hann telja óhugsandi samkvæmt reynslu sinni, að stefnda hafi getað komið svo nærri skúrnum, sem sést af gögnum málsins, eftir að eldurinn var kominn á það stig, sem þar kemur fram.

Sigtryggur Valgeir Jónsson byggingameistari, sem að beiðni Brunabótafélags Íslands og Hagtryggingar h/f mat lausafjármuni, sem urðu eldinum að bráð, hefur í yfirlýsingu sinni skýrt frá því, að sér hafi verið kunnugt um, að nokkuð löngu fyrir brunann hafi verið brotin rúða í glugga á bílskúrnum og hafi plastplötu verið komið fyrir í glugganum. Við könnun á brunarústunum hafi verið komið niður á þessa plastplötu talsvert langt inni á gólfi bílskúrsins undir brunaleifum. Platan hafði sviðnað við hitann, en ekki brunnið. Hafi verið auðséð af þessu, að plötunni hefði verið ýtt inn af nokkru afli, áður en eldurinn kom upp.

Það kemur fram í gögnum málsins, að mikil óregla hafi verið á stefndu og eiginmanni hennar og þau stundum verið við drykkju dögum saman, eins og áður en atburður sá gerðist, sem hér er fjallað um. Hefur stefnda þá valdið nágrönnum sínum og öðrum kaupstaðarbúum ónæði með drykkjulátum. Hefur lögreglan oft þurft að hafa afskipti af henni. Fimmtudaginn 1. mars hafði stefnda komið heim til áfrýjanda og beðið um, að sonur hans færi í búð fyrir sig. Hún hafði svo komið aftur og beðið áfrýjanda um að aka sér til sóknarprestsins, en hjá honum vildi hún leita hjálpar vegna ölvunar eiginmanns síns. Spurði hún áfrýjanda, hvort hann væri sér reiður og hvort ekki væri rétt, að þau væru sátt. Kveður hún hann hafa svarað, að hann kærði sig ekki um að þekkja svona nágranna eða hyski. Áfrýjandi kveðst hafa svarað stefndu, að hann væri henni reiður, því að það ónæði, sem hún væri búin að valda sér og fjölskyldu sinni, væri óþolandi.

Meðal gagna í sakadómsmáli því, sem höfðað var gegn stefndu út af brunanum, eru skýrslur þriggja vitna, sem voru gestkomandi á heimili stefndu aðfaranótt 10. nóvember 1979 ásamt fleira fólki. Í vitnamáli því, sem fram fór 24. apríl 1982, komu einnig fyrir dóm þrír af gestum þessum. Vitnunum ber saman um, að bílskúrsbrun-

inn hafi borist í tal. Eitt vitnanna, Gunnþór Árnason, segir, að stefnda hafi talað um, að hún þyrfti að fá dynamit til þess að sprengja upp bílskúr áfrýjanda, því hún hefði kveikt í gamla skúrnum, og tvö önnur vitnanna, Nanna Árnadóttir og Líney Hrafnsdóttir, telja stefndu hafa gefið það í skyn, að hún hafi talað um að sprengja upp bílskúr áfrýjanda. Vitnin Sigurlaugur Ágústsson, Sigríður Jónsdóttir og Stefán Veigar Gylfason segja stefndu hafa neitað því, að hún hefði valdið eldsvoðanum. Af vitnaskýrslum kemur fram, að stefnda var undir áhrifum áfengis og óvíst hvort hún talaði í gamni eða alvöru.

Hæstiréttur er ekki bundinn af sönnunarmati dóms sakadóms Ólafsfjarðar 13. desember 1979, er hann dæmir í einkamáli því, sem hér er til úrlausnar.

Ekkert bendir til þess, að eldsvoði sá, sem mál þetta er risið af, hafi orðið út frá rafmagni eða að um sjálfsíkveikju hafi verið að ræða. Athugun á vettvangi bendir til þess, að upptökin hafi orðið við nyrðri glugga á vesturhlið skúrsins. Eins og áður greinir, sýnist plata sú, sem sett hafði verið í gluggann í rúðu stað eigi hafa verið þar, er eldsvoðinn varð. Allt hnígur því að því, að upptök eldsins hafi verið af manna völdum, og berast böndin að stefndu og henni einni, þar sem ekkert hefur komið fram í málinu, er felli grun á aðra.

Slóð lá frá húsi stefndu að norðvesturhorni skúrsins og til baka. Stefnda kannaðist í fyrstu ekki við, að slóð þessi væri eftir hana, en játaði það þó eftir nokkra vafningu, og kvaðst hún þá hafa hlaupið að skúrnum, eftir að hún varð eldsins vör og sá, að eldtungur stóðu upp úr þakinu. Hún hefur ekki gefið neinar eðlilegar skýringar á för sinni að skúrnum, og frásögn hennar um, að hún hafi farið alveg að skúrnum, eftir að eldurinn var kominn á það stig sem hún vill vera láta, verður að teljast fjarstæðukennd.

Skýrslur stefndu við rannsókn eldvoðans hafa að ýmsu öðru leyti verið mjög ósennilegar, svo sem um peysu hennar, sem fannst við húsið og reyndist vætt í þynni eða „white spirit". Þá er þess að geta, að misklíð hefur verið með áfrýjanda og stefndu, sem lögreglan hefur oft þurft að hafa afskipti af vegna drykkjuláta.

Þegar framangreind atriði eru virt í heild, þykir eigi varhugavert

að telja sannað, að stefnda hafi valdið eldsvoðanum. Ber henni að bæta það tjón, sem af honum hlaust.

Eins og í héraðsdómi greinir, telur áfrýjandi heildartjón af völdum brunans nema 93.100.48 krónum. Er bótakrafa hans miðuð við þá fjárhæð að frádregnum 32.000.00 krónum, sem vátryggingafélög hafa greitt. Við málflutning fyrir Hæstarétti hefur verið lýst yfir því, að eigi sé um að ræða ágreining um kröfuna tölulega. Aðild áfrýjanda að bótakröfunni er eigi mótmælt. Verða kröfur áfrýjanda því teknar til greina óbreyttar að öðru leyti en því, að vextir verða ákveðnir svo sem nánar er greint í dómsorði.

Þá ber að staðfesta löghald það, sem gert var 14. september 1979 í fasteigninni Hlíðarvegi 16 Ólafsfirði, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda dæmd til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 25.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefnda, Inga Eyfjörð Sigurðardóttir, greiði áfrýjanda, Guðna Aðalsteinssyni, 61.100.48 krónur með 19% ársvöxtum frá 2. mars til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda greiði áfrýjanda 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Framangreint löghald er staðfest.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara

Atvik málsins benda að ýmsu leyti til þess, að eldsvoðinn í bifreiðageymslu áfrýjanda hafi hlotist af íkveikju af völdum stefndu.

Orsök eldsvoðans er þó ekki fyllilega sönnuð, og stefnda synjar fyrir að hafa verið þar að verki. Tel ég samkvæmt þessu, að staðfesta verði hinn áfrýjaða dóm og eftir þeim úrslitum að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Ólafsfjarðar 23. nóvember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. nóvember sl., hefur Guðni Aðalsteinsson, Hlíðarvegi 18, Ólafsfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Ólafsfjarðar á hendur Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur húsmóður, Hlíðarvegi 16, Ólafsfirði.

Eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmd til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 61.100.48 ásamt 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 2. mars 1979 til 1. júní s.á., en 4% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim tíma til 1. sept. s.á., en 4.5% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess, að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór í fógetarétti Ólafsfjarðar 14. sept. 1979 að beiðni stefnanda til tryggingar nefndri fjárhæð, svo og málskostnaðar samkv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði með öllu sýknuð af kröfum stefnanda og að henni verði dæmdur málskostnaður samkv. framlögðum reikningi eða mati dómara.

Þá krefst hún ómerkingar á löghaldi, sem stefnandi lét gera á húseign stefndu að Hlíðarvegi 16, Ólafsfirði, hinn 14. sept. 1979.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 17. sept. 1979 og birtri sama dag, og var það þingfest í bæjarþingi Ólafsfjarðar þann 28. sept. 1979.

Með úrskurði, dags. 20. október 1980, vék hinn reglulegi dómari, Barði Þórhallsson, bæjarfógeti í Ólafsfirði, sæti í málinu, og með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 7. nóv. 1980, var Freyr Ófeigsson héraðsdómari skipaður til þess sem setudómari í Ólafsfirði að fara með málið

Málsatvik eru þau, að aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979 kom upp eldur í bílskúr við hús nr. 18 við Hlíðarveg í Ólafsfirði, eign stefnanda. Lögregla og slökkvilið komu á staðinn, en við eldinn varð ekki ráðið, og eyðilagðist bílskúrinn ásamt lausafé, er í honum var, þ. á m. bifreið, vélhjóli og tjaldvagni. Bílskúrinn var um 6 ára gamall, 32 m^2 að stærð, byggður úr timbri og eingangraður að innan með plasti og klæddur spónaplötum að innan. Járn var á þaki, en það einangrað með plasti og klætt trétexi að neðan. Telur stefnandi heildartjón af völdum brunans hafa numið kr. 93.100.48.

Lögreglu- og dómsrannsókn leiddu til þess, að grunur féll á stefndu um, að hún hefði valdið brunanum með íkveikju, og með ákæru, dags. 13. ágúst 1979, höfðaði ríkissaksóknari opinbert mál á hendur stefndu fyrir sakadómi

Ólafsfjarðar fyrir stórfelld eignaspjöll samkv. 2. mgr. 257. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 2. mars 1979 lagt eld í bílskúr stefnanda með þeim afleiðingum, að bílskúrinn gjöreyðilagðist ásamt nánar upptöldum lausafjármunum, er í bílskúrnum voru.

Auk refsikröfu var í ákæru höfð uppi krafa um greiðslu skaðabóta.

Hinn 14. sept. 1979 var í fógetarétti Ólafsfjarðar að kröfu stefnanda gert löghald í húseigninni Hlíðarvegi 16, Ólafsfirði, eign stefndu og eiginmanns hennar, til tryggingar bótakröfum stefnanda, og er mál þetta meðal annars höfðað til staðfestingar á löghaldi þessu, eins og áður er rakið.

Dómur í áðurnefndu sakamáli á hendur stefndu var kveðinn upp í sakadómi Ólafsfjarðar þann 13. desember 1979. Var niðurstaða þess dóms sú, að stefnda var sýknuð af refsikröfu ákæruvaldsins. Auk þess var hún einnig sýknuð af skaðabótakröfu stefnanda máls þessa.

Dómi sakadóms Ólafsfjarðar var eigi áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins, en með áfrýjunarstefnu, dags. 19. sept. 1980, áfrýjaði stefnandi málinu til Hæstaréttar og gerði þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi yrði hrundið að því er varðaði skaðabótahlið málsins.

Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti þann 26. október 1981, og var niðurstaða þess dóms sú, að bótakröfu stefnanda á hendur stefndu í framangreindu sakamáli var vísað frá sakadómi Ólafsfjarðar.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að stefnda hafi í ölæði kveikt í bílskúr stefnanda og með því valdið tjóni því, er af brunanum hlaust. Beri henni að bæta það samkv. almennu skaðabótareglunni. Telur stefnandi að við lögreglu- og sakadómsranndókn hafi komið fram nægar sannanir fyrir því, að stefnda hafi valdið brunanum. Bendir hann einkum á, að upplýst sé, að stefnda hafi farið að bílskúrnum í umrætt sinn. Hún hafi verið ölvuð og reið við stefnanda vegna orðaskipta þeirra á milli daginn áður. Fundist hafi hjá henni peysa vætt í eldfimu efni, sem hún hafi ekki gefið fullnægjandi skýringar á. Þá hafi stefnda viðurkennt verknaðinn fyrir geðlækni þeim, er rannsakaði geðheilbrigði hennar að beiðni sakadóms Ólafsfjarðar, og fleiri aðiljum. Viðbrögð stefndu við eldsvoðanum hafi verið óeðlileg og tortryggileg og framburður hennar óljós og mótsagnakenndur.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að hún hafi á nokkurn hátt valdið umræddum eldsvoða, og því haldið fram, að engar sannanir séu komnar fyrir þeirri staðhæfingu stefnanda. Er sýknukrafa stefndu á þessu reist.

Ákvæði 196. gr. laga nr. 85/1936 þykja eigi vera því til fyrirstöðu, að efnisdómur verði lagður á mál þetta, sbr. 20. gr. laga nr. 18/1949.

Í málinu hafa m.a. verið lögð fram endurrit af rannsókn málsins hjá lögreglu og sakadómi Ólafsfjarðar. Ekki þykir ástæða til að rekja gögn þessi sérstaklega.

Af gögnum málsins má ráða, að líkur séu til þess, að eldurinn hafi átt

upptök sín í norðvesturhorni skúrsins, en þar var gluggi með brotnu gleri, og fyrir gatinu var einangrunarplast til varnar því, að inn snjóaði, en ekki er fram komin full vissa um þetta atriði. Eins og gögnum máls þessa er háttað, þykir eigi unnt að miða við, að eldur hafi ekki getað komið upp með öðrum hætti en þeim, sem haldið er fram af stefnanda.

Er bruninn varð, var nýfallinn snjór. Í ljós kom, að slóð fótspora lá frá húsi stefndu, sem er næsta hús við hús stefnanda, að glugga þeim á bílskúrnum, sem áður er nefndur. Stefnda hefur viðurkennt, að för þessi hafi verið eftir sig, og gefið þá skýringu á þeim, að hún hafi farið að bílskúrnum, eftir að í honum kviknaði. Stefnda gerði ekki tilraun til að leyna förum þessum, og virðist sjálfstætt hafa skýrt frá þessari ferð sinni að bílskúrnum þegar í fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu.

Stefnda hefur staðfestlega neitað bæði fyrir lögreglu og sakadómi að hafa valdið téðum eldsvoða. Staðhæfing stefnanda um, að stefnda hafi utan réttar viðurkennt verknaðinn, þ. á m. fyrir geðlækni þeim, er annaðist geðrannsókn á henni að beiðni sakadóms Ólafsfjarðar, er ósönnuð.

Engin vitni eru að því, að stefnda hafi valdið eldsvoða þeim, er málið snýst um, og stefnandi hefur að öðru leyti ekki lagt fram nægjanleg gögn, er hnekki framburði stefndu að þessu leyti.

Verður stefnda samkvæmt framansögðu sýknuð af kröfum stefnanda máls þessa.

Þá ber að fella úr gildi löghald það, er fram fór í fógetarétti Ólafsfjarðar 14. sept. 1979.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Stefnda Inga Eyfjörð Sigurðardóttir, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðna Aðalsteinssonar.

Löghald, er fram fór í fógetarétti Ólafsfjarðar 14. sept. 1979 í fasteigninni Hlíðarvegi 16, Ólafsfirði, er úr gildi fellt.

Stefnandi greiði stefndu kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Löghaldsgerð fógetaréttar Ólafsfjarðar 14. september 1979.

Ár 1979, föstudaginn 14. september, var fógetaréttur Ólafsfjarðar settur að Hlíðarvegi 16 og haldinn þar af Barða Þórhallssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið Guðni Aðalsteinsson gegn Ingu Eyfjörð Sigurðardóttur.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni sem fylgir svohljóðandi: Fyrir gerðarbeiðanda mættir Gústaf Þór Tryggvason, hdl. og krefst löghalds fyrir kr. 9.106.698.- með dráttarvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverju tímabili fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 2. 3. 1979 til greiðsludags. Málskostnað (sic) skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaði (sic) við gerðina og eftirfarandi staðfestingarmál/uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli býr hér en er ekki viðstödd en fyrir hana mætir Frank Herulfsen, eiginmaður hennar, sem býr hér. Gætti fógeti leiðbeiningarskyldu gagnvart mætta, sem er ólögfróður. Að kröfu fógeta leggur gerðarbeiðandi fram bankatryggingu að fjárhæð 700.000.-

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir löghaldi í eignarhluta gerðarþola að Hlíðarvegi 16. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá löghaldinu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Föstudaginn 24. febrúar 1984.

Nr. 139/1983. **Brynjólfur Bjarnason**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Guðmundi Svavari Guðjónssyni og Samvinnutryggingum g/t
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. febrúar 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. janúar s.á. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða sér 33.410.00 krónur með

31% ársvöxtum frá 14. apríl 1980 til 30. maí 1980, 35% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 30. maí 1981, 34% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 2. mars 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er breidd á bifreið stefnda Guðmundar Svavars Guðjónssonar 2.42 metrar.

Vettvangsuppdráttur, sem á er mörkuð staða bifreiða þeirra, sem rákust á og um getur í máli þessu, er meðal gagna málsins. Telur bifreiðarstjórinn, er ók bifreið áfrýjanda, hann réttan, og hið sama segir farþegi í bifreið þessari. Af gögnum máls verður ráðið, að vinstri framhorn bifreiðanna hafi rekist saman. Uppdrátturinn sýnir, að framendi bifreiðar stefnda Guðmundar Svavars var kominn út í snjóruðninginn sín megin á veginum. Af þessu þykir sýnt, að bifreið áfrýjanda var að nokkru á röngum vegarhelmingi, er árekstur varð. Skiptir ekki máli, þótt afturendi bifreiðar stefnda Guðmundar Svavars hafi verið lítið eitt inn á vinstra vegarhelmingi miðað við aksturstefnu hans. Telja verður samkvæmt gögnum máls, að ökumaðurinn á bifreið áfrýjanda hafi ekið of hratt miðað við aðstæður, svo sem greinir í héraðsdómi, og misst vald á henni, og verður að telja það orsök árekstursins. Aksturslag stefnda Guðmundar Svavars var eðlilegt eftir aðstæðum. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu óskipt 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Brynjólfur Bjarnason, greiði stefndu, Guðmundi Svavari Guðjónssyni og Samvinnutryggingum g/t, óskipt 12.000.00 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. maí 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. maí sl., höfðaði Brynjólfur Bjarnason, nnr. 1470-5805, Hraunbæ 98, Reykjavík, gegn Samvinnutryggingum g/t,

Ármúla 3, Reykjavík, og Guðmundi Svavari Guðjónssyni, nnr. 3065-0298, Lækjargötu 10, Hvammstanga, Vestur Húnavatnssýslu, með stefnu, birtri 2. mars 1982.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda að óskiptu kr. 33.410.00 með 31% ársvöxtum frá 14. apríl 1980 til 30. maí s.á., 35% ársvöxtum frá 1. júní s.á. til 30. maí 1981, með 34% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til birtingardags stefnu og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og honum verði gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Hinn 14. apríl 1980, rétt eftir hádegið, varð árekstur á milli bifreiðar stefnanda, R 18251, sem er GAZ jeppabifreið, tryggð ábyrgðartryggingu hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t, og bifreiðar stefnda Guðmundar Svavars, H 45, sem er Volvo vöruflutningabifreið með 12 tonna burðargetu, tryggð ábyrgðartryggingu hjá sama tryggingarfélagi. Ökumaður bifreiðar stefnda (sic) var danskur maður, Martin Vestergaard að nafni, dóttursonur stefnanda, en stefndi Guðmundur Svavar ók bifreið sinni sjálfur, og var hún fermd 12 tonnum af sementi.

Áreksturinn varð á Vesturlandsvegi við Skorholt í Melasveit. Ökumennirnir gáfu skýrslu fyrir lögreglunni á Akranesi sama dag. Farþegi í bifreið stefnanda, Líney Þórðardóttir, gaf skýrslu fyrir lögreglunni í Reykjavík 13. maí 1980. Ökumaður bifreiðar stefnanda gaf og skýrslu fyrir lögreglunni í Reykjavík 12. maí 1980 svo og fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins 6. janúar 1981, en þá var hann í þann veginn að fara af landi brott.

Stefndi Guðmundur ók til norðurs upp brekku, sem endar á blindhæð á veginum, en ökumaður bifreiðar stefnanda var að koma yfir blindhæðina í suðurátt. Stefndi Guðmundur kveðst varla hafa ekið hraðar en 30 km á klst., en ökumaður bifreiðar stefnanda kveðst hafa ekið á 50-60 km hraða á klst. Hann kveðst ekki geta sagt til með neinni vissu, hve langt var á milli bifreiðanna, þegar hann kom auga á bifreið stefnda Guðmundar, en giskar á 30 metra. Ökumaðurinn kveðst hafa hægt ferðina og hafi hún ekki verið meiri en 40-45 km á klst., þegar áreksturinn varð. Farþeginn, Líney Þórðardóttir, segir, að hraði bifreiðar stefnanda hafi örugglega ekki verið meiri en 40-45 km á klst. Hún kveður staðsetningu bifreiðanna á vettvangsuppdrætti lögreglu vera rétta eftir því sem hún best muni, veður þungbúið og skyggni lélegt, en að öðru leyti gat hún ekki skýrt nánar frá árekstrinum og aðdraganda hans. Ökumenn eru báðir sammála um, að snjókoma hafi

verið, þegar áreksturinn varð, og hálka var á veginum. Ökumaður bifreiðar stefnanda kveðst hafa ekið með ljósum, en stefndi Guðmundur segir, að svo hafi ekki verið. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var bifreið stefnanda með snjóhjólbarða á öllum hjólum. Bifreið stefnda Guðmundar er sögð með snjóhjólbarða á framhjólum, en slitna hjólbarða á afturhjólum, sem eru átta.

Samkvæmt vettvangsuppdrætti lögreglunnar á Akranesi, er vegurinn, þar sem áreksturinn varð, u.þ.b. 8 metra breiður. Sýndur er rúmlega metersbreiður kraparuðningur á hvorum vegarkanti, þannig að breidd vegarins á milli ruðninganna er u.þ.b. 5½ meter. Á vettvangsuppdrætti er bifreið stefnda Guðmundar sýnd rúmlega 9 metra löng og stendur þannig á veginum, að 60 cm eru frá hægra framhorni hennar út að blákanti vegar, en vinstra afturhorn hennar stendur 60 cm yfir miðlínu vegar. Bifreið stefnanda, sem kastast hefur til, stendur þvert á hægri vegarkant miðað við akstursstefnu hennar og er hálf út af veginum. Ákomustaðir á báðum bifreiðum eru sýndir vera vinstra framhorn þeirra, en þær voru óökufærar eftir áreksturinn, og bifreið stefnanda er ónýt.

Í fyrstu skýrslu lögreglu um árekstur þennan segir ökumaður bifreiðar stefnanda, að hann hafi ekið á miðjum vegi, þar sem snjókrap hafi verið beggja vegna, en sama hefði stefndi Guðmundur gert og af sömu ástæðu. Hann hafi reynt að beygja frá, er hann sá bifreið stefnda Guðmundar. Í sömu skýrslu kveður stefndi Guðmundur bifreið stefnanda hafa komið á móti sér á öfugum vegarhelmingi.

Í skýrslu sinni fyrir lögreglunni á Akranesi segir stefndi Guðmundur, að bifreið stefnanda hafi verið ekið á móti sér inni á miðjum vegi, ökumaður hennar hafi sér virst hemla, rétt áður en áreksturinn varð, og við það hafi bifreiðin snúist og lent yfir á öfugan kant. Stefndi Guðmundur kvaðst hafa hemlað strax og hann sá, að árekstur var yfirvofandi, og hafi bifreið sín verið orðin ferðlítil, þegar áreksturinn varð.

Í skýrslu sinni fyrir lögreglunni í Reykjavík segir ökumaður bifreiðar stefnanda, að hann hafi ekið hægra megin við miðju vegar, en þrjú hjólför hefðu verið í snjónum á veginum og hefðu vinstri framhjól beggja bifreiðanna verið í miðfarinu.

Í skýrslu sinni fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins segir ökumaður bifreiðar stefnanda, að bifreið stefnda Guðmundar hafi verið með vinstra framhjól nærri miðju vegar. Hann kvaðst ekki hafa þorað að fara alveg út í vegkantinn, þar sem hann hafi ekki vitað, hvernig undirlagið var, og krap í vegkantinum.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi Guðmundur hafi ekið á miðjum veginum, þegar áreksturinn varð. Þetta komi í ljós, þegar gögn málsins séu virt, einkum vettvangsuppdráttur lögreglu, sem sýni, að afturendi bif-

reiðar Guðmundar hafi náð yfir miðlínu vegar, þegar hann hafi verið búinn að sveigja til hægri, en útilokað sé, að bifreið hans hafi kastast til við árekstur, þar sem hún sé mjög þung.

Stefndi Guðmundur hafi brotið almennar varúðarreglur 1. mgr. 37. gr. laga nr. 40/1968, en þess beri að gæta, að bifreið hans sé óvenjubreið, eða 4.42 cm og því hafi varúðarskylda ökumannsins verið enn ríkari en ella. Af sömu ástæðu hafi honum borið sérstök skylda til þess að hlíta ákvæðum 1. og 2. mgr. 45. gr. sömu laga, sem hann hafi ekki gert. Ennfremur hafi stefndi Guðmundur brotið 1. mgr. 47. gr. og 49. gr., 1. og 2. málsgrein og b. lið og e til i liðar 3. mgr. sömu laga.

Ökumaður bifreiðar stefnanda hafi reynt að sveigja til hægri, en ekki getað forðað árekstri (sic). Ósannað sé, að hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður. Ósannað sé, að bifreið stefnanda hafi runnið yfir á vinstri vegarhelming, þvert á móti sýni ákomustaðir á bifreiðunum, að þær hafi snúið í rétta akstursstefnu, þegar áreksturinn varð.

Stefndi Guðmundur eigi því einn sök á árekstrinum og beri því stefndu báðum skylda til þess að bæta stefnanda tjón hans skv. 68. gr., 1. og 3. mgr. 69. gr., 70. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga 40/1968.

Stefnandi sundurliðar bótakröfur sína svo:

1.	Verðmæti R 18251 á tjónsdegi að mati starfsmanna Samvinnutrygginga g/t, kr. 22.000.- ÷ verðmæti flaks kr. 5.000.-	kr. 17.000.-
2.	Flutningskostn. til Reykjavíkur	— 570.-
3.	Geymslukostn. 90 dagar á kr. 16.- á dag	— 1.440.-
4.	Daggjald jeppabifreiðar í 90 daga á kr. 160.- á dag	— 14.400.-
	Samtals	kr. 33.410.-

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hæfilegt sé að miða við, þar sem bifreiðin hafi eyðilagst, að afnotamissir hafi staðið í 90 daga, en þess beri að gæta, að stefnandi sé maður við aldur og hafi e.t.v. vafist meira fyrir honum þess vegna að fá sér nýja bifreið og auk þess hafi samningaviðræður um bætur staðið lengi, en ekki borið árangur.

Af hálfu stefndu er á því byggt, að bifreið stefnda Guðmundar hafi verið eðlilega staðsett á veginum, þegar áreksturinn varð, það sýni vettvangsuppdráttur lögreglu og sömuleiðis segi ökumaður bifreiðar stefnanda, að vinstra framhjól bifreiðar stefnda Guðmundar hafi verið nærri miðju vegar, sem sýni, að hún hafi verið á réttum vegarhelmingi. Stefndi Guðmundur hafi ekið hægt og að öllu leyti eðlilega, en óraunhæft sé að gera ráð fyrir, að stórum bifreiðum sé sífellt ekið út á vegarbrún, það myndu vegirnir ekki þola.

Stefndi Guðmundur hafi fært bifreið sína út á vegarbrún, þegar hann mætti bifreið stefnanda, en árekstur hafi orðið eigi að síður vegna þess, að bifreið stefnanda hafi verið ekið afbrigðilega. Ökumaður bifreiðar stefnanda hafi ekið yfir blindhæð að eigin sögn á 50 til 60 km hraða í hálku og slæmu skyggni. Þegar hann segist hafa ekið á 40-50 km hraða, sé hann að lýsa hraðanum, eftir að hann kom auga á bifreið stefnda Guðmundar. Ökumaður bifreiðar stefnanda giski á, að 30 metrar hafi verið á milli bifreiðanna, þegar hann kom auga á bifreið stefnda Guðmundar, og hafi hann því haft ærið svigrúm til þess að beygja til hægri. Vettvangsuppdráttur lögreglu sýni, að nægilegt rúm hafi verið fyrir ökumann bifreiðar stefnanda til þess að komast framhjá bifreið stefnda Guðmundar. Í því sambandi verður að gæta þess, að hægt sé að aka eftir kraparuðningum, gerist þörf á. Þá hafi bifreið stefnanda verið vanbúin til aksturs eins og á stóð að því leyti, að hún hafi verið keðjulaus á ónegldum snjóhjólbörðum. Ljóst sé, að ökumaður bifreiðar stefnanda hafi misst vald á henni vegna ógætilegs aksturs, hún hafi kastast á bifreið stefnda Guðmundar og eyðilagst. Ökumaðurinn hafi með aksturslagi sínu brotið ákvæði umferðarlaga s.s. 37. gr. 45. gr., 1. og 2. mgr. 47. gr., 1. mgr., sbr. og 2. mgr. 49. gr., 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. e, h og i liði.

Stefnandi verði því einn að bera ábyrgð á tjóni sínu.

Stefndu mótmæli ekki tölulega 1. og 2. lið bótakröfu stefnanda, kröfu stefnanda um bætur fyrir geymslukostnað sé mótmælt og eins sé mótmælt afnotamissiskröfu bæði tímalengd og fjárhæð.

Forsendur og niðurstaða.

Ökumönnum ber samkvæmt e og f liðum 3. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968 að sýna sérstaka varúð, þar sem blindhæðir eru á vegi. Telja verður, að ástæða sé til fyrir þann ökumann, sem yfir blindhæð kemur, að sýna ríkari varúð, þar sem yfirleitt er erfiðara að hafa stjórn á bifreið undan brekku en upp, ekki síst þegar hálka er. Í það skipti, sem hér um ræðir, var skyggni slæmt og vegurinn háll, og auk þess var greiðfær akstursleið á veginum þrengri en ella vegna kraparuðninga á báðum vegarbrúnum.

Ökumaður bifreiðar stefnanda kveðst hafa ekið á 50-60 km hraða á klst., en skilja verður framburð hans um 40-45 km akstursbraða svo, að hann hafi hægt ferðina, þegar hann kom auga á bifreið stefnda Guðmundar. Telja verður akstursbraða ökumanns bifreiðar stefnanda hafa verið of mikinn miðað við aðstæður, og auk þess var bifreiðin þannig búin til aksturs í hálku, að því var ekki að treysta, að hægt væri að hafa fulla stjórn á henni á þessum hraða, bæri eitthvað skyndilegt að höndum.

Staðsetning bifreiðar stefnda Guðmundar á vettvangsuppdrætti lögreglu bendir ákveðið til þess, að henni hafi verið ekið á réttum vegarhelmingi,

enda þótt vinstri afturendi hennar nái inn fyrir miðlínu vegarins, en sýnilegt er, að hann hefur sveigt til hægri. Ekkert er komið fram í málinu, sem gefur ástæðu til að ætla, að stefndi Guðmundur hafi ekið bifreið sinni handan miðlínu vegarins, þvert á móti segir ökumaður bifreiðar stefnanda, að vinstra framhjól bifreiðar Guðmundar hafi verið nálægt miðlínu vegar. Frá vinstra afturhorni bifreiðarinnar að kraparuðningnum á vegarbrúninni eru um 2 metrar, en kraparuðingurinn er rúmlega meter á breidd. Eins og bifreiðin er staðsett, ætti því að hafa verið hægt að aka framhjá henni með sæmilegu móti, ef viðkomandi ökumaður hefði haft fullt vald á bifreið sinni.

Ekki verður séð, að aksturslag stefnda Guðmundar hafi verið með þeim hætti, að á hann verði lögð sök á árekstrinum. Orsök árekstursins verður að telja þá, að ökumaður bifreiðar stefnanda hafi ekið of hratt og ógætilega miðað við allar aðstæður og misst vald á bifreiðinni og því ekki getað ekið framhjá bifreið stefnda Guðmundar, eins og þó átti að vera hægt með sæmilegu móti, ef viðkomandi ökumaður hefði haft fullt vald á bifreið sinni.

Sök á árekstrinum verður því öll lögð á ökumann bifreiðar stefnanda og stefndu því sýknaðir af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Samvinnutryggingar g/t og Guðmundur Svavar Guðjónsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Brynjólfs Bjarnasonar.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 27. febrúar 1984.

Nr. 96/1982. **Erlendur Egilsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Guðbjörgu Bjarnar Guðmundsdóttur
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Lögtak. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Ólafur Sigurgeirsson, aðalfulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1982. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði fógetaúrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framgang lögtaks eftir kröfu stefndu. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir fógetarétti og Hæstarétti.

Stefnda krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Til vara krefst hún þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá áfrýjanda fyrir vöxtum af vangreiddum lífeyrisgreiðslum til hennar sem hér skal greina: 31% ársvöxtum af 1.250.00 krónum frá 1.-31. maí 1980, 46% ársvöxtum af 3.250.00 krónum frá 1.-30. júní 1980, af 5.250.00 krónum frá 1.-31. júlí 1980, af 7.250.00 krónum frá 1.-31. ágúst 1980, af 9.250.00 krónum frá 1.-30. september 1980, af 11.250.00 krónum frá 1.-31. október 1980, af 13.250.00 krónum frá 1.-30. nóvember 1980, af 15.250.00 krónum frá 1.-31. desember 1980, af 17.250.00 krónum frá 1.-31. janúar 1981, af 19.250.00 krónum frá 1.-28. febrúar 1981, en 42% ársvöxtum af 21.250.00 krónum frá 1. mars til 31. maí 1981, en 39% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá 1. júní 1981 til 11. febrúar 1982, eða alls 11.922.98 krónum. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Hinn 28. febrúar 1980 gerðu aðiljar máls þessa, sem höfðu gengið í hjúskap 1971, með sér skilnaðarsamning. Þar sagði m.a.: „Erlendur greiðir Guðbjörgu lífeyri í eitt ár, frá útgáfu leyfisbréfs að telja, kr. 200.000.- á mánuði.“ Lögskilnaðarleyfi var gefið út í dóms- og

kirkjumálaráðuneytinu 7. mars 1980. Þar segir m.a.: „Samkomulag er um að maðurinn greiði konunni lífeyri, kr. 200.000 á mánuði í eitt ár frá útgáfudegi leyfisbréfs þessa að telja."

Af málflutningi verður ráðið, að áfrýjandi hafi greitt stefndu lífeyri eftir þessum ákvæðum í upphafi, en þó aðeins 2.750.00 krónur á árinu eftir útgáfu skilnaðarleyfisins. Var þá beiðst lögtaks af hálfu stefndu 26. maí 1981. Í lögtakskröfunni er beiðst lögtaks „fyrir vangreiddum lífeyrisgreiðslum, að fjárhæð kr. 21.250.-, ásamt dráttarvöxtum frá 7. mars 1981 til greiðsludags og öllum kostnaði ..." Fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi ritaði á lögtakskröfubréfið 4. júní: „Hér með úrskurðast lögtak til tryggingar framangreindri lífeyrisskuld kr. 21.250 auk vaxta og kostnaðar ..." Málið var síðan tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur. Á dómþingi 11. febrúar 1982 greiddi lögmaður áfrýjanda 21.250.00 krónur og lýsti því jafnframt yfir, að „hann telji ekki lögtaksrétt fyrir öðrum kröfum í málinu svo sem dráttarvöxtum og kostnaði." Hinn 16. febrúar 1982 ritaði lögmaður stefndu nýja lögtaksbeiðni og sendi borgarfógetaembættinu í Reykjavík og lögmanni áfrýjanda. Þar segir m.a.:

„Samkvæmt bréfi, dags. 26. maí 1981, var þess farið á leit, að gert yrði lögtak hjá Erlendi Egilssyni, Nesvegi 52, Reykjavík (áður Hamraborg 16, Kópavogi) fyrir vangreiddum lífeyrisgreiðslum, að fjárhæð kr. 21.250.-, ásamt dráttarvöxtum frá 7. mars 1981, en átti að vera fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 7. maí 1980, er fyrsta mánaðargreiðslan fór í vanskil, þ. e. kr. 1.250.- af greiðslunni fyrir aprílmánuð.

Dráttarvaxtakrafan sundurliðast því þannig:

frá	7. maí	1980	4.5%	af	kr.	1.250.-	kr.	56.25
—	7. júní	—	4.75%	af	—	3.250.-	—	154.37
—	7. júlí	—	—	af	—	5.250.-	—	243.97
—	7. ág.	—	—	af	—	7.250.-	—	344.37
—	7. sept.	—	—	af	—	9.250.-	—	439.37
—	7. okt.	—	—	af	—	11.250.-	—	534.37
—	7. nóv.	—	—	af	—	13.250.-	—	629.37
—	7. des.	—	—	af	—	15.250.-	—	724.37
—	7. jan.	1981	—	af	—	17.250.-	—	819.37
—	7. feb.	—	—	af	—	19.250.-	—	914.37
							Samtals	kr. 4.860.22

en frá 7.mars 1981 af kr. 21.250.- 4.75% fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð til 7. júní 1981 en 4.5% frá þeim degi til greiðsludags. Þetta leiðréttist hér með."

Málið var næst tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 24. febrúar 1982. Þar lagði lögmaður stefndu fram hina síðari lögtaksbeiðni, en lögmaður áfrýjanda lagði fram greinargerð. Bókað var m.a.: „Aðilar voru sammála um að leggja málið í úrskurð." Hinn áfrýjaði úrskurður var síðan kveðinn upp 9. mars 1982.

Áfrýjandi styður kröfur sínar þeim rökum, að synja beri um lögtak, þar sem lögtaksréttur fylgi ekki vaxtakröfu stefndu, í lögtaksbeiðninni frá 26. maí 1981 hafi ekki verið getið, hvaða vaxta væri krafist og frá hvaða tíma, að í úrskurði fógeta séu vextir ákveðnir frá fyrri tíma en krafist var í lögtaksbeiðninni frá 26. maí 1981 og loks þar sem krafan um vexti hafi verið óljós og vanreifuð frá upphafi og ekki dómtæk. Hafi verið heimildarlaust að bera fram kröfur á ný fyrir fógetarétti enda hafi áfrýjandi þá ekki lengur átt þess kost að taka afstöðu til þeirra í greinargerð.

Stefnda telur, að vaxtakrafan sé nátengd aðalkröfu um lífeyri og því nái lögtaksheimild 1. gr., 6. tl., laga nr. 29/1885 til vaxta, eins og krafist sé. Sé þetta og ljóst af fordæmum frá Hæstarétti. Þá telur stefnda, að vaxtakrafa sú, sem gerð var fyrir dómi 24. febrúar 1982 og áfrýjanda hafði áður verið send í bréfi, uppfylli öll skilyrði til ljósleika og reifunar. Hafi áfrýjandi mátt taka afstöðu til hennar þegar er honum barst bréfið svo og fyrir dómi síðar.

Vaxtakrafa stefndu var ekki glögg í upphafi, en fyrir fógetarétti 24. febrúar 1982 var gerð sundurliðuð krafa. Mátti áfrýjandi þá taka til hennar afstöðu eða beiðast til þess frests, ef þörf var á. Málið var engu að síður lagt í úrskurð. Verður að telja, eins og hér stendur á og þar sem málið varðar innheimtu lífeyriskröfu með aðstoð fógeta, að kröfugerð hafi verið fullnægjandi.

Efnisrök eru ekki til, að aðrar reglur gildi um vexti en höfuðstól kröfu stefndu eftir 1. gr., 6. tl.,laga nr. 29/1885, sbr. dóma Hæstaréttar 1948, bls. 230, 1955, bls. 501, 1975, bls. 955, og 1981, bls. 1477. Ber því að heimila lögtak til tryggingar vöxtum af kröfu stefndu.

Í skilnaðarsamningi og lögskilnaðarleyfi var mælt fyrir um mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur frá 7. mars 1980 í eitt ár. Verður að

byggja á því, að gjalddagar þessara greiðslna hafi verið 7. dag hvers mánaðar, í fyrsta skipti 7. apríl 1980.

Ekki eru efni til að fallast á aðalkröfu stefndu um mánaðarvexti, en fallast ber á, að hún eigi rétt á almennum dráttarvöxtum.

Samkvæmt framansögðu ber að heimila lögtak, svo sem greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Lögtak skal fram fara eftir kröfu stefndu, Guðbjargar Bjarnar Guðmundsdóttur, hjá áfrýjanda, Erlendi Egilssyni, fyrir 31% ársvöxtum af 1.250.00 krónum frá 7. maí til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 7. júní, 46% ársvöxtum af 3.250.00 krónum frá þeim degi til 7. júlí, af 5.250.00 krónum frá þeim degi til 7. ágúst, af 7.250.00 krónum frá þeim degi til 7. september, af 9.250.00 krónum frá þeim degi til 7. október, af 11.250.00 krónum frá þeim degi til 7. nóvember, af 13.250.00 krónum frá þeim degi til 7. desember 1980, af 15.250.00 krónum frá þeim degi til 7. janúar 1981, af 17.250.00 krónum frá þeim degi til 7. febrúar, af 19.250.00 krónum frá þeim degi til 1. mars, 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 7. mars, og af 21.250.00 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 11. febrúar 1982.

Áfrýjandi greiði stefndu 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Telja verður, að lögtaksréttur sá, sem fylgdi lífeyriskröfu stefndu samkvæmt 6. tl. 1. gr. laga nr. 29/1885, hafi einnig tekið til dráttarvaxta af þeim lífeyrisgreiðslum, sem í vanskilum voru, er lögtaks

var krafist. Í skilnaðarskilmálum aðilja og lögskilnaðarleyfi var ekki sérstaklega kveðið á um gjalddaga lífeyrisgreiðslna áfrýjanda til stefndu. Sjálf krafðist hún í lögtaksbeiðni, að lögtak yrði gert fyrir vangoldnum lífeyrisgreiðslum, alls að fjárhæð 21.250.00 krónur, ásamt dráttarvöxtum af fjárhæðinni frá lokadegi þess tímabils, sem hún átti að njóta lífeyris úr hendi áfrýjanda, þ.e. 7. mars 1981, til greiðsludags. Afrýjandi hefur ekki sérstaklega andmælt, að allar lífeyrisgreiðslurnar hafi þá verið í gjalddaga komnar. Verður lögtak því heimilað fyrir þeim dráttarvöxtum, er stefnda krafðist í lögtaksbeiðni. Hins vegar tel ég, að ekki beri að taka til greina kröfu þá, sem stefnda gerði um lögtak fyrir dráttarvöxtum af lífeyrisskuldinni vegna fyrri tíma, eftir að skuldin var að fullu greidd í fógetaréttinum 11. febrúar 1982.

Dráttarvaxtakrafa stefndu í lögtaksbeiðni var ekki skýrt orðuð. Þó þykir mega taka hana til greina þannig, að miðað verði við dráttarvexti, eins og þeir voru á hverjum tíma samkvæmt III. tl. b) í auglýsingu Seðlabanka Íslands 9. febrúar 1981, sbr. I. tl. c) í auglýsingu 26. febrúar 1981, svo og í III. tl. b) í auglýsingu Seðlabankans 29. maí 1981.

Samkvæmt framansögðu á hið umbeðna lögtak að ná fram að ganga fyrir dráttarvöxtum af 21.250.00 krónum, er séu 42% ársvextir frá 7. mars 1981 til 1. júní 1981, en 37% ársvextir frá þeim degi til 11. febrúar 1982.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að skýra beri ákvæði 1. mgr. 1. gr. lögtakslaga nr. 29/1885 þröngt, enda segir í 2. mgr. sömu lagagreinar, að „aðrar kröfur en nú voru taldar má eigi lögtaki taka." Í yfirvaldsúrskurði þeim eða staðfestingu skilnaðarskilmála, sem lögtakskrafa er byggð á, er ekki getið um vexti. Ég tel, að í málum þeim, sem meiri hluti dómara vísar til, hafi ekki verið fjallað um vexti sérstaklega, utan eins máls (1955-501), þar sem um er að ræða vanskil tollgjalds, sem dæmt er í héraði eftir eðli máls, og var sá dómur staðfestur af Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu tel ég dráttarvaxtakröfuna ekki hafa lögtaksrétt og beri því að synja um framgang hins umbeðna lögtaks.

Eftir þessum málsúrslitum tel ég, að dæma eigi stefndu til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 12.000.00 krónur.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 9. mars 1982.

Því úrskurðast:

Lögtak skal ná fram að ganga fyrir dráttarvöxtum að fjárhæð kr. 4.860.22 auk 4.75% mánaðarvaxta frá 7. mars 1981 af kr. 21.250.00 til 7. júní 1981, en með 4.5% mánaðarv. frá þ.d. af sömu fjárhæð til 11. febrúar 1982.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 27. febrúar 1984.

Nr. 217/1982. **Erlendur Egilsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Guðbjörgu Bjarnar Guðmundsdóttur
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Hjón. Skilnaðarsamningur. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1982. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að vextir verði dómvextir frá 1. janúar 1981 til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, og varða þau fjárhag áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur innheimt hærri fjárhæð af ógreiddu söluverði hinna seldu vörubifreiða en þær 4.000.000 gkr., er hann skuldbatt sig í skilnaðarsamningi aðilja til að greiða stefndu af andvirði þeirra. Umrætt ákvæði í samningnum verður ekki skýrt svo, að greiðsluskylda áfrýjanda hafi verið takmörkuð við það fé, sem eftir yrði af andvirði bifreiðanna, þegar allar skuldir búsins hefðu verið greiddar. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að frá 1. nóvember 1982 verði vextir af dæmdri fjárhæð þeir, er í dómsorði segir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 14.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frá 1. nóvember 1982 til 21. september 1983 verði vextir af dæmdri fjárhæð 45% ársvextir, 37% ársvextir frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvextir frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Erlendur Egilsson, greiði stefndu, Guðbjörgu Bjarnar Guðmundsdóttur, 14.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. september sl. hefur Guðbjörg Bjarnar Guðmundsdóttir, Hjallalundi 5 A, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 11. febrúar 1982, gegn Erlendi Egilssyni,

nnr. 2184-1498, Nesvegi 52, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 40.000.00 með 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. janúar 1981 til 1. júní 1981 og 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Skuldina kveður stefnandi vera þannig tilkomna, að hún og stefndi hafi fengið lögskilnað með leyfisbréfi, útg. í dómsmálaráðuneytinu þann 7. mars 1980. Í leyfisbréfi þessu sé tekið fram, að um eignaskipti fari eftir skilnaðarsamkomulagi, er þau hafi gert með sér skv. skilnaðarsamningi, dags. 28. febrúar 1980.

Í skilnaðarsamningi þessum segi í 3. lið, að stefnandi fái í sinn hlut m.a. kr. 40.000.00 af andvirði vörubifreiða, er stefndi hafði þá selt, og fengi (sic) stefnandi þær greiddar fyrir árslok 1980.

Þann 5. apríl hafi stefndi gengið í hjúskap með Ölmu Birgisdóttur. Hafi þau gert kaupmála þann 12. nóvember 1980 um allar eignir þeirra, þ.e. innbú og bifreiðina Y 5314 og hafi það allt verið gert séreign Ölmu. Þann 20. ágúst hafi þau gert viðbótarkaupmála og hafi þá íbúð þeirra, Nesvegur 52, Reykjavík, kjallari, verið gerð að séreign Ölmu.

Kröfu sína byggir stefnandi á skilnaðarsamkomulaginu á dskj. nr. 4, sbr. 2. mgr. 45. gr. l. nr. 60/1972. Samkvæmt því hafi hún átt að fá kr. 40.000.00 óháð greiðslu skulda, en stefndi hafi tekið að sér skuldir búsins. Það sé ekki á ábyrgð stefnanda, að stefndi hafi notað andvirði bifreiðanna til að greiða með því skuldir sínar, og þurfi hún ekki að hlíta því að fá ekkert greitt úr búi þeirra vegna skulda Erlendar.

Því sé mótmælt, að stefndi hafi ekki notið lögmannsaðstoðar við gerð skilnaðarskilmálanna. Hjónin hafi komið saman og leitað lögmannsaðstoðar á skrifstofu félags einstæðra foreldra.

Stefndi kveður það rétt, að hann hafi tekið að sér greiðslu skulda búsins, en hins vegar hafi stefnandi átt að fá hámark kr. 40.000.00 af söluandvirði umræddra vörubifreiða eða svo mikið, sem eftir stæði, þegar skuldir hefðu verið greiddar að fullu. Stefndi hafi ekki leitað lögmannsaðstoðar við skiptin, það hafi stefnandi hins vegar gert. Lögmaður stefnanda hafi lagt fyrir stefnda skilnaðarsamning á dskj. nr. 4. Í 3. tl. á því skjali segi, að stefnandi skuli fá allar eignir búsins að undanskildum útistandandi skuldum „vegna tveggja seldra vörubifreiða." Ekkert sé getið um skuldir, en lögmaður stefnanda hafi sagt stefnda, að átt væri við, að stefndi greiddi allar skuldir

búsins, og ef eitthvað yrði þá framyfir, skyldi stefndi skipta því með stefnanda, þó þannig, að stefnandi skyldi ekki fá meira en gkr. 4.000.000.-. Stefndi hafi treyst þessum skýringum og samþykkt orðalag lögmannsins. Stefndi hafi gert grein fyrir því, að sennilegast væri, að skuldir væru meiri en eignir og því ekki um neitt til skiptanna að ræða.

Svo sem stefndi ætlaði, hafi skuldir reynst verulega hærri en eignir. Eignir hafi aðallega verið fólgnar í víxilkröfum og skuldabréfum og hafi kröfur þessar ekki enn innheimst og aðrar verið greiddar með skuldabréfum til langs tíma með lágum vöxtum. Svo sem dskj. nr. 10 og 11 bera með sér, vegist eignir og skuldir á miðað við 28. 2. 1980, en eignaliðir um það ofmetnir, m.a. vegna vaxtataps og ofangreindra vanskila og eftirgjafa. Krafa stefnanda eigi sér því ekki stoð. Þeirri skýringu stefnanda sé hafnað, að krefjast megi afhendingar eigna úr búi, sem ekki á fyrir skuldum. Virðist stefnandi telja, að ekki eigi að taka tillit til skulda búsins.

Sú fullyrðing stefnanda, að stefndi hafi lagt núverandi eiginkonu sinni til séreignir hennar sé röng. Séreignir hennar komi ekki við eignaskiptum stefnanda og stefnda.

Sýknukrafa stefnda sé, skv. framansögðu, á því byggð, að í félagsbúi aðilja hafi ekki verið nein hrein eign fram yfir það, sem stefnandi fékk úthlutað. Stefnanda, sem naut lögfræðiaðstoðar, hafi verið í lófa lagið að óska opinberra skipta á búinu, ef hún hefði talið einhverja slíka hreina eign til skipta. Verði hún að bera hallann af því að hafa ekki gert það. Þá sé á því byggt, að stefndi hafi því aðeins átt að greiða stefnanda kr. 40.000.00, að eignir í félagsbúi þeirra hrykkju til að greiða þá fjárhæð, þ.e. skipta hafi átt hreinni eign. Stefnandi verði að bera hallann af óglöggum samningstexta, þar sem hún hafi notið lögmannsaðstoðar. Þá hafi stefndi tekið að sér að greiða skuldir búsins með þeim eignum, sem honum féllu til þess. Skuldirnar hafi ekki horfið við það eitt að telja þær ekki upp í skilnaðarsamningi.

Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefnda vaxtakröfu stefnanda.

Lögmaður stefnanda kvað mótmælin of seint fram komin og bæri því að taka vaxtakröfuna til greina.

III.

Aðiljar gerðu með sér skilnaðarsamning þann 28. febrúar 1980, eins og rakið er hér að framan. Er skilnaðarsamningurinn svohljóðandi:

„Við undirrituð hjón, Guðbjörg Bjarnar Guðmundsdóttir, Þingholti, Reyðarfirði, og Erlendur Egilsson s.st., sem gengum í hjúskap 4. desember 1971, höfum ákveðið að slíta hjúskap okkar.

Við höfum gert með okkur svofelldan skilnaðarsamning.

1. Guðbjörg fær forræði barna okkar, en þau eru: Guðmundur Egill f. 14. 7. 1975 og Helga Valey f. 15. 7. 1978, og greiðir Erlendur með þeim meðalmeðlag, eins og ákveðið er af Tryggingastofnun ríkisins (sic) á hverjum tíma, til fullnaðar 17 ára aldurs þeirra.

2. Erlendur greiðir Guðbjörgu lífeyri í eitt ár frá útgáfu leyfisbréfs að telja, kr. 200.000.- á mánuði.

3. Eignir búsins eru: Innbú, bifreiðin U-3155 Dodge Dart 1968, útistandandi skuldir vegna 2ja seldra vörubifreiða.

Guðbjörg fær í sinn hlut innbúið, bifreiðina U-3155 og kr. 4.000.000.- af andvirði vörubifreiðanna og fær hún þær fyrir árslok 1980.

4. Samkomulag er um eðlilegan umgengisrétt, með tilliti til búsetu Guðbjargar og Erlendar."

Er samningurinn undirritaður af aðiljum auk tveggja votta.

Í samningnum er ekki getið um skuldir, en aðiljar eru sammála um, að samkomulag hafi orðið um, að stefndi tæki að sér greiðslu allra skulda búsins.

Aðiljar eru ennfremur sammála um, að skilnaðarsamningurinn skuli lagður til grundvallar eignaskiptum þeirra, en ágreiningur er um túlkun á 2. mgr. 3. gr. samningsins.

Orðalag samningsins verður ekki skilið á þann veg, að greiðsla á kr. 40.000.00 til stefnanda hafi verið skilyrt. Þá er ósannað, að munnlegt samkomulag hafi orðið um það með aðiljum við gerð samningsins, að þessi grein skuli túlkuð á þann hátt, sem stefndi heldur fram, og þar sem annað er ekki sannað, ber að taka kröfur stefnanda til greina, þó með þeim breytingum, að vextir ákveðast 46% ársvextir frá 1. janúar 1981 til 1. mars s.á., en 42% frá þeim degi til 1. júní s.á., en 37% frá þeim degi til greiðsludags.

Lögmaður stefnda hefur krafist þess, að lögmaður stefnanda sæti áminningu dómarans fyrir ummæli, sem hann viðhafði í munnlegum málflutningi, en ummælin eru þessi: „stefndi hefur gert sig beran að augljósu undanskoti eigna."

Eftir atvikum þykir ekki ástæða til að taka þessa kröfu lögmanns stefnda til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.300.00.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Erlendur Egilsson, greiði stefnanda, Guðbjörgu Bjarnar Guðmundsdóttur, kr. 40.000.00 með 46% ársvöxtum frá 1. janúar 1981 til 1. mars s.á., en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr.

10.300.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1984.

Nr. 111/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Magnúsi Hákoni Ólafssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 120. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Skúli Bjarnason, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

I.

Ríkissaksóknari hefur í málflutningi sínum hér fyrir dómi skýrt ákæruskjal svo, að ákæruefnið sé það eitt, að ákærði hafi skotið á loft „rauðri neyðarsól" með þeim afleiðingum, sem greinir í ákæruskjalinu.

II.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa farið fram kannanir á neyðarblysum, sem til sölu voru í verslunum hér á landi hinn 8. ágúst 1980 eða um það leyti. Er lýsing á nokkrum þeirra og ljósmyndir af þeim o.fl. meðal gagna í framhaldsrannsókn málsins.

Í bréfi Siglingamálastofnunar ríkisins 17. nóvember 1982 segir m.a., að rauður flugeldur eða rautt handblys hafi þá einu merkingu, að aðili sé í hættu staddur og þarfnist hjálpar tafarlaust.

Þá hafa ýmis vitni komið fyrir dóm í framhaldsrannsókn málsins, einkum til að staðfesta fyrri skýrslur sínar fyrir löggæslu. Sigurður Sigurðsson hreppstjóri Stóra-Lambhaga bar við rannsókn þessa, að hann hefði oft verið viðstaddur, er ákærði hefði skotið upp skrauteldum frá veiðihúsinu við Laxá. Hann kveðst hafa verið ríðandi á ferð kvöld það, er um ræðir í málinu, ásamt öðrum nafngreindum manni. Hafi þeir orðið varir við, að flugeldum var skotið á loft, en eigi hafi „hvarflað að þeim, að þarna væri um neina hættu á ferðum" (svo). Ákærði kom og fyrir dóm og kvað blys það, er hann skaut upp, hafa verið mjög líkt einu blysa þeirra, sem fram hafa verið lögð við rannsókn málsins (para red MK 1) „en það hafi þó verið minna. . ." Annar skotbúnaður hafi og verið á blysi því, er hann skaut á loft. Ákærði tók fram, að sér hefði verið kunnugt, „að úr svifblysi því, sem hann skaut á loft í umrætt sinn, kæmi rauð sól sem svifi hægt niður". Þrátt fyrir þetta „hafi hann alls ekki gert sér grein fyrir því, að svifblysið gæti valdið neinum misskilningi eða þýtt það að hætta væri á ferðum". Samprófun ákærða og vitnisins Guðjóns Finnbogasonar, er seldi hinum fyrrnefnda svifblysið, leiddi ekki til samræmis í framburði þeirra um það, hvort Guðjón hefði tekið ákærða vara fyrir að skjóta upp svifblysinu án þess að gera viðvart um það fyrirfram. Neitaði ákærði, að Guðjón hefði orðað slíka viðvörun við sig.

III.

Eigi verður talið sannað, að framangreindur afgreiðslumaður í verslun Axels Sveinbjörnssonar Akranesi hafi varað ákærða sérstaklega við notkun svifblyssins. Leiðbeiningar þær, sem ritaðar voru á það, gáfu ekki glögglega til kynna, að hér væri um neyðarblys að ræða. Ákærði skýrði svo frá, eins og í héraðsdómi greinir, að blysinu hefði verið skotið upp í afmælisfagnaði og í því skyni að gleðja þann, er afmæli átti. Kveður ákærði sér eigi hafa komið til hugar, að nokkur aðili gæti talið, að blysið gæfi til kynna hjálparbeiðni. Er engin ástæða til að bera brigður á þessa frásögn ákærða um baksvið atburðarins. Þótt ákærði nefni blysið „neyðarsól" í framburði sínum, sker það út af fyrir sig ekki úr um sök hans. Ljóst er, að ákærði stefndi ekki vísvitandi að því með verknaði sínum að gabba björgunarlið með misnotkun hættumerkja, sbr.

120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður og eigi fullyrt, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974, að langlíklegast hafi verið, svo sem málið horfði við ákærða, að verknaður hans fæli í sér slíkt gabb. Þykir hugræn refsiskilyrði skorta fyrir því, að ákærða verði dæmd refsing í máli þessu.

Með vísan til framanritaðs ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til. Leggja ber allan kostnað af áfrýjun sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur kostnaður af afrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Akraness 31. desember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. des. sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. maí 1981, höfðað gegn ákærða, Magnúsi Hákoni Ólafssyni arkitekt, Akurgerði 21 á Akranesi, „fyrir að hafa, skömmu eftir miðnætti aðfaranótt laugardagsins 9. ágúst 1980, er ákærði var staddur við veiðihús við Laxá í Leirársveit, skotið upp sex flugeldum af venjulegri gerð og einnig rauðri neyðarsól, sem varð til þess að björgunarsveitin Hjálpin á Akranesi hóf neyðarleit um strönd Borgarfjarðar og Mýra ásamt varðskipinu Ægi og þyrlu landhelgisgæslunnar, TF-GRÓ og stóðu aðgerðir björgunarmanna allt til kl. 11.00 um morguninn.

Telst þetta varða við 120. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Ákærði er fæddur 15. maí 1950 í Reykjavík, og hefur hann ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Um miðnætti aðfaranótt laugardagsins 9. ágúst 1980 lét varðskipið Ægir reka um 6 sm vestur af Akranesi. Um kl. 0025 sá skipherra varðskipsins rautt svifblys á lofti, og var það í stefnu yfir Leirársveit. Var þegar í stað tilkynnt um þetta til Reykjavíkur-radíós. Um kl. 0100 tilkynnti svo Reykjavíkur-radíó eftir lögreglunni á Akranesi, að rautt ljós hefði sést þaðan í

stefnu á Mýrar, en síðar var tilkynnt, að ljósið hefði sést frá Akranesi í ca NNA eða NA, rétt vestan við Melasveitina. Frá Borgarnesi sást ljósið bera í Miðfjarðarsker. Ljósið sást í um 1½ sekúndu, en síðan ekki í 6 til 8 sekúndur. Ekki var hægt að greina, hvort ljósið væri á láði eða legi. Um kl. 0135 tilkynni varðskipið til Reykjavíkur-radíós að fyrrgreindar línur skærust inni í Borgarfirði. Reykjavíkur-radíó sagði, að lögreglan ráðgerði að láta bændur í nágrenninu leita. Um kl. 0145 tilkynnti Reykjavíkur-radíó, að Magnús bóndi í Belgsholti hefði svipast um í kringum bæ sinn. Teldi hann allt með felldu, nema að ljós frá Miðfjarðarskersvita væri eitthvað torkennilegt. Slysavarnafélag Íslands hafði þá í hyggju að senda bát í vettvangskönnun um Borgarfjörð, en ekkert varð úr því. Varðskipið hafðist síðan lítið að í leitinni þar til um kl. 0514. Öðru hverju sáust frá varðskipinu rauð blikkandi ljós, líkt og frá lögreglubíl, en síðar kom í ljós, að þau voru frá björgunarsveitarbifreið.

Um kl. 0514 kallaði Reykjavíkur-radíó á varðskipið með tilkynningu frá björgunarsveit, er var við leit í nágrenni bæjarins Belgsholts. Töldu þeir sig sjá einhvern hlut í sjónum í stefnu á varðskipið frá Belgsholti séð. Var óskað eftir, að varðskipið kannaði þetta nánar. Kl. 0600 var varðskipið stöðvað skammt frá Miðfjarðarskeri. Skömmu síðar kom gúmmíbátur frá björgunarsveitinni „Hjálpin" að varðskipinu. Var áhöfnin þá búin að athuga sker við norðanverðan Borgarfjörð og ströndina þar inn með svo og Miðfjarðarsker. Gúmmíbátur varðskipsins hélt síðan til frekari leitar. Um kl. 0800 kom svo þyrlan TF-GRÓ á vettvang, og leitaði hún m.a. allar fjörur í nágrenninu svo og í útsker.

Loks um kl. 0850 komu svo fréttir frá björgunarsveitarmönnum, hafðar eftir Ólafi Böðvarssyni mjólkurbílstjóra um, að hann hefði séð flugeldum skotið upp frá veiðihúsinu við Laxá í Leirársveit einhvern tímann milli kl. 24 og 01 um nóttina. Var leit þá hætt.

S.V.F.Í. kallaði björgunarsveitina Hjálpina á Akranesi á vettvang um kl. 02 um nóttina. Fór hún skipuð 6 mönnum, vel búnum tækjum, sjúkrabifreið, vörubifreið og björgunarbát, að Belgsholti. Leituðu björgunarsveitarmenn alla nóttina, sigldu um Borgarfjörð og óku fjörur.

Hafði björgunarsveitin af þessu talsverðan kostnað, sem hún hefur sett upp á eftirfarandi hátt miðað við verðlag þess tíma.

40 l bensín, 481	kr.	19.240
2 l two strokk oil, 1040	—	2.080
16 stk. rafhlöður	—	3.600
6 menn í 12 tíma, 7500		540.000
Samtals	gkr.	564.920

Lögreglan í Borgarnesi fór að veiðihúsinu um morguninn til að grennslast frekar fyrir um málið. Þar varð fyrir svörum ákærði í máli þessu, Magnús Hákon Ólafsson. Kvaðst hann hafa skotið á loft 6 flugeldum, einni rauðri sól og einu rauðu blysi kvaðst hann hafa kveikt á, en það brunnið á jörðu niðri.

Vitnið Sigurður Ólafsson framkvæmdastjóri, Deildartúni 2, Akranesi, var staddur við Vogatungu í Leirársveit í útreiðartúr, þegar flugeldunum var skotið á loft. Ekki þorði vitnið að fullyrða um fjölda og gerð ljósanna, en kvað aðaluppistöðuna hafa verið venjulega flugelda. Vitnið taldi sig muna eftir að hafa séð eina rauða sól. Vitnið kvað það ekki hafa hvarflað að sér eða förunautum sínum, að nokkur væri í nauðum staddur. Þá kvaðst vitnið hafa séð, að flugeldunum var skotið upp frá fyrrgreindu veiðihúsi.

Vitnið Guðbjörg Guðrún Greipsdóttir húsmóðir, Stóra-Lambhaga, Skilmannahreppi, var ráðskona í veiðihúsinu umrætt sinn. Kvað vitnið alla flugeldana hafa verið af venjulegri gerð utan einn, sem hafi verið rauð sól, svipuð og skotið er á gamlárskvöld. Ekkert áfengi var haft um hönd fyrr en að aflokinni flugeldasýningunni að sögn vitnisins.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa skotið á loft sex flugeldum af venjulegri gerð og einni rauðri neyðarsól og auk þess kveikt á einu litlu handblysi upp við húsið. Hafi hinir venjulegu flugeldar allir verið sömu gerðar og hafi það verið litlar sólir, sem hafi varað í 1-2 sekúndur. Hafi komið þrjú mismunandi ljós úr hverjum, líklega rautt, gult og grænt. Ákærði kvaðst hafa fengið alla flugeldana í verslun Axels Sveinbjörnssonar á Akranesi þennan sama dag. Ekki kvaðst ákærði muna, hvort honum hafi verið skýrt frá því, að um neyðarsól hafi verið að ræða, en hins vegar fullyrti hann, að hann hefði hvorki verið varaður við að skjóta þessu upp né bent á, að honum væri það óheimilt. Ákærði kvaðst hafa verið viðloðandi veiðihús það, sem um ræðir, síðastliðin tíu ár, framanaf sem veiðivörður, en síðan farið þangað á hverju sumri. Ákærði kvaðst hafa skotið upp flugeldum öll sumrin af ýmsum tilefnum og hafi aldrei nein athugasemd verið gerð. Tilefnið að þessu sinni hafi verið að halda uppá 75 ára afmæli þýsks vinar síns, sem var með honum í veiðihúsinu. Að auki hafi verið þar átta veiðimenn, tveir aðstoðarmenn og ráðskona. Ekkert áfengi hafi verið haft um hönd.

Vitnið Guðjón Finnbogason verslunarmaður, Laugarbraut 15, Akranesi, minntist þess að hafa afgreitt ákærða með flugelda sumarið 1980. Hafi hann keypt svifblys og skipaflugelda. Kvaðst vitnið hafa aðvarað ákærða um, að rétt væri að láta vita, áður en að hann notaði neyðarblysið, en kvaðst ekki muna, hvort ákærði svaraði því nokkru. Vitnið kvaðst ekki hafa talið ástæðu til þess að aðvara ákærða vegna flugeldanna, þar sem

þeir væru oft notaðir, t.d. á hátíðum, en hann hafi hins vegar sagt ákærða, að svifblysið gæti valdið misskilningi.

Engar bótakröfur hafa verið hafðar uppi í máli þessu, þótt aðiljum hafi verið bent á möguleika á að koma að kröfugerð, og verður því ekki frekar um það fjallað.

Upplýst er, að engar aðvaranir voru letraðar á neyðarblysið né bann við notkun. Hins vegar voru leiðbeiningar um notkun með myndskýringum letraðar á ensku og álímdur miði með notkunarreglum á íslensku. Þar er gengið út frá, að blysinu sé skotið frá skipi.

Í reglugerð nr. 258/1964, 3. gr., er lagt bann við því að selja hvers konar skotelda til almennings nema á tímabilinu 27. desember til 6. janúar. Engin ákvæði eru hins vegar í nefndri reglugerð, sem sett er með stoð í l. nr. 37/1948, sem nú eru fallin úr gildi, um það, hvenær heimilt sé að skjóta á loft flugeldum.

Ákærði hefur haldið uppi vörnum í máli þessu. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Til vara krefst hann þess, að refsing verði felld niður að öllu svo og sakarkostnaður. Í báðum tilfellum er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins úr ríkissjóði.

Sýknukröfu sína styður ákærði þeim rökum, að ekki sé skýrum refsilagaeða reglugerðarákvæðum til að dreifa, sem banni háttsemi þá, sem ákærða er gefin að sök. Þá sé saknæmisskilyrðum ekki fullnægt, ef brotið heyri undir 120. gr. alm. hgl., þar sem fráleitt sé, að um ásetning hafi verið að ræða hjá ákærða til þess að stofna til þeirrar víðtæku leitar, sem fram fór, en vegna 18. gr. hgl. sé ásetningur skilyrði refsiáfalls eftir 120. gr. s.l.

Varakrafa ákærða er m.a. studd þeim rökum, að ákærða hafi verið ókunnugt um, að verknaður hans kynni að vera refsiverður og sé því um lögvillu að ræða og því eðlilegt, að refsing falli niður með vísan til 2. mgr. 74. gr., sbr. 3. tl. 1. mgr. 74. gr. hgl.

Niðurstöður.

Ekki verður á það fallist með ákærða, að fyrrgreint lagamæli eigi ekki við þá háttsemi, sem ákærða er gefin að sök. Á hinn bóginn þykir ekki liggja fyrir í málinu sönnun þess, að ákærði hafi af ásettu ráði ætlað sér að gabba björgunarsveitina og aðra aðilja til björgunaraðgerða. Enn fremur er upplýst í málinu, að engin fyrirstaða var fyrir því, að ákærði keypti flugeldana í verslun á þeim árstíma, sem þeir eiga ekki að vera til sölu, að engar áletranir voru á flugeldunum um takmörkun á eða bann við notkun þeirra, að ákærði var inni í landi, er hann skaut flugeldunum á loft, að ákærði var ódrukkinn og að hann skaut einnig á loft auk neyðarsólarinnar skrauteldum, sem ekki munu notaðir í neyðartilvikum.

Þegar framansagt er virt, þykir óvarlegt að ætla, að ákærði hefði allt

að einu skotið flugeldunum af uppgefnu tilefni, hefði hann gert sér grein fyrir þeirri hættu á misskilningi, sem því var samfara. Verður því ekki séð, að saknæmiskröfur 120. gr., sbr. 18. gr. hgl. séu uppfylltar, og ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt þessari niðurstöðu greiðist kostnaður sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Sveinssonar hdl., úr ríkissjóði, og þykja þau hæfilega ákveðin kr. 4.000.-

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Hákon Ólafsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldins.

Kostnaður sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun Jóns Sveinssonar hdl., kr. 4.000.-, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 28. febrúar 1984.

Nr. 66/1982. **K.M. Húsgögn h/f**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Guðleifi Sigurðssyni
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars. 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og stefnda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp án forsendna, sbr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Með samningi, dagsettum 8. janúar 1982, seldi stefndi áfrýjanda á leigu iðnaðarhúsnæði á efri hæð hússins nr. 38 við Smiðjuveg í Kópavogi. Skyldi leigutími vera frá 1. febrúar 1982 til 31. janúar 1991.

Er samningur þessi var gerður, hafði Hafsteinn Hjaltason, Keilufelli 27, Reykjavík, umráð yfir húsnæðinu skv. leigumála 31. maí 1980, er gilda átti til 1. júní 1983. Þessa samnings er hvergi getið í leigusamningi stefnda við áfrýjanda, en stefndi mun hafa ætlað sér að fá Hafstein Hjaltason til að gefa eftir samningsrétt sinn vegna vanskila á leigu. Er það tókst eigi, sendi stefndi hinn 14. janúar 1982 áfrýjanda símskeyti, þar sem leigusamningur þeirra frá 8. janúar 1982 er ógiltur „vegna brostinna forsendna."

Hinn 19. janúar 1982 reit lögmaður áfrýjanda stefnda bréf, þar sem hann mótmælti einhliða uppsögn leigusamningsins og krafðist þess að fá umráð húsnæðisins þegar í stað, að öðrum kosti mundi hann neyta réttar síns með aðstoð fógeta. Eigi varð stefndi við þessari kröfu.

Hinn 1. febrúar 1982 reit lögmaður áfrýjanda bæjarfógetanum í Kópavogi bréf, þar sem hann beiddist þess að verða „settur inn í leiguafnot í iðnaðarhúsnæði að Smiðjuvegi 38, Kópavogi, þ.e. alla efri hæð hússins."

Hinn 12. febrúar 1982 kvað fógeti upp úrskurð í málinu þess efnis, að innsetningar var synjað og áfrýjanda gert að greiða stefnda 2.500.00 krónur í málskostnað.

Með samningi, dagsettum 8. mars 1982, seldi nú stefndi Garðari Sigurgeirssyni, Logalandi 25, Reykjavík, framangreint iðnaðarhúsnæði á leigu frá 1. mars 1982 til 1. mars 1985.

Er áfrýjandi frétti þetta, hafði hann samband við Garðar, sýndi honum leigusamning sinn frá 8. janúar 1982 og fékk hann til að láta sér eftir umráð húsnæðisins. Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti fluttist áfrýjandi í húsnæðið 15. mars 1982. Sú athöfn áfrýjanda verður, eins og hér stendur á, ekki samþýdd áfrýjun málsins. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Kópavogs 9. febrúar 1982.

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 2.500.- í málskostnað.

Rúnar Mogensen fulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Gerð þessi fer ekki fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 2.500.- í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. febrúar 1984.

Nr. 36/1984. **X**

gegn

Valdstjórninni

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með kæru 20. febrúar 1984 skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar s.á. til Hæstaréttar, en úrskurðurinn var birtur 20. s.m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Frá ríkissaksóknara hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta er kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 171. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, sbr. 2. gr., 4. tölulið sömu laga, sbr. og 13. gr., 1. mgr., laga nr. 75/1973. Ríkissaksóknari hefur eigi veitt leyfi til kæru þessarar, sbr. upphaf 171. gr. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar 1984.

Ár 1984, föstudaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi:

Málavextir.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 12. desember 1967, var X, fæddur . . . 1929 í Reykjavík, þá heimilislaus, sviptur sjálfræði samkvæmt 1. tl. og 3. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði. Var í dóminum talið sannað, að X væri vegna ofnautnar áfengis og geðveiki ófær um að ráða högum sínum.

Í bréfi X til dómsins, sem dagsett er 29. janúar 1978, segir m.a., að „svokallaður fjárræðis og sjálfræðissviftingardómur frá 1963 er orðin hrein lögleisa eins og málin standa í dag" (svo ritað). Dómarinn leit svo á, að með þessu bréfi væri X að óska þess, að ofangreind sjálfræðissvipting yrði úr gildi felld.

— — —

Úrskurðarorð:

Beiðni X, fædds . . . 1929, um, að sjálfræðissvipting hans verði felld úr gildi, er vísað frá dómi.

Föstudaginn 2. mars 1984.

Nr. 149/1983. **Sigurður Einarsson**
gegn
Jónasi Sigurðssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Einarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. mars 1984.

Nr. 20/1982. **Iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins og Rafmagnsveitna ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Árni Kolbeinson hdl.)

gegn

Samvinnutryggingum g/t

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Skaðabætur. Vátrygging. Endurheimtukrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. janúar 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. desember 1981. Þeir krefjast staðfestingar á ákvæði héraðsdóms að því er varðar iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins, en sýknu af kröfum á hendur iðnaðarráðherra vegna Rafmagnsveitna ríkisins og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda. Til vara krefjast þeir lækkunar á dæmdri fjárhæð og að málskostnaður verði látinn niður falla fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Leitt hefur verið í ljós, að símalína, sem tengd var húsinu Kirkjulæk I, var spennuhafa af því, að rafmagnsheimtaug að Kirkjulæk II hafði lagst á hana. Eru svo yfirgnæfandi líkur til þess, að þetta hafi valdið því, að eldur kom upp í húsinu Kirkjulæk I, að við það verður miðað, enda ekkert, sem bendir til, að eldsupptök hafi verið önnur.

Orsök þess, að línurnar snertust, var sú, að stag úr hornstaur, er bar uppi heimtaugina, hafði slitnað og staurinn hallast, en við það hafði slaknað svo á heimtauginni, að hún snerti símalínuna, sem lá neðar. Ekkert er fram komið, er sýni fram á, að stagi þessu né umbúnaði staursins að öðru leyti hafi verið áfátt né heldur að starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins hafi verið tilkynnt um óhapp

þetta eða þeir fengið vitneskju um það með öðrum hætti. Verður bótaábyrgð eigi lögð á áfrýjendur vegna neins konar vanrækslu starfsmanna Rafmagnsveitnanna að þessu leyti.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ófullkominn búnaður heimtaugarinnar, þar sem hún þveraði símalínuna, hafi átt þátt í því, að línurnar snertust og símalínan varð spennuhafa. Enn fremur er á því byggt, að tjón áfrýjanda verði rakið til þess, að eigi hafi verið haft nægilegt eftirlit með rafmagnsheimtauginni, og misbrestur hafi orðið á viðhaldi hennar og endurnýjun.

Ósannað þykir, að umbúnaður heimtaugarinnar hafi í öndverðu verið andstæður 85. gr. reglugerðar um raforkuvirki nr. 61/1933, sbr. nú reglugerð nr. 264/1971, 315. gr., k.2.1. Í matsgerð sinni segja hinir dómkvöddu matsmenn, að eigi verði færð nein rök að því, að uppsetning staura og lína hafi verið háttað öðru vísi en almennt er, og ekki verði talið, „að frágangi þessa hafi fylgt sérstök og/eða mikil slysahætta fyrir menn, skepnur og eignir".

Svo sem fram kemur í matsgerðinni, reyndist einangrun sú, sem verið hafði á heimtauginni, að mestu leyti veðruð af. Síðast er vitað til þess með vissu, að eftirlitsmaður Rafmagnsveitna ríkisins skoðaði heimtaug þessa hinn 5. júní 1975. Telur hann, að þá hafi ekkert verið að athuga við heimtaugina. Hefur því ekki verið hnekkt. Svo sem fram kemur í gögnum málsins, hafði heimtaugin slitnað og verið skeytt saman. Ekki er vitað með vissu, hvenær það gerðist, en Eggert Pálsson giskar á, að það hafi verið að minnsta kosti 2 árum áður en bruninn varð. Skeyting línunnar var andstæð 315. gr. k.2.12., reglugerðar nr. 264/1971, er segir, að vírar lágspennulínu yfir síma megi ekki vera með samskeytum, en eigi verður séð, að skeyting þessi hafi getað átt neinn þátt í, að línurnar snertust. Þá þykir eigi vera sannað, að starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins hafi skeytt línuna saman og þannig mátt sjá, að umbúnaður heimtaugarinnar var eigi lengur á þann veg, sem reglur mæltu fyrir, né heldur að þeim hafi með öðrum hætti verið kunnugt um ástand hennar.

Samkvæmt þessu þykir það eigi verða rakið til neins konar vanrækslu af hálfu starfsmanna Rafmagnsveitnanna, að símalínan varð spennuhafa og eldur kom upp í húsinu að Kirkjulæk I. Ber því að sýkna áfrýjendur af öllum kröfum stefnda í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjendum 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins og Rafmagnsveitna ríkisins og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnda, Samvinnutrygginga g/t, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjendum 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og Björns Þ. Guðmundssonar prófessors.

I.

Engir þeir annmarkar eru á hinum áfrýjaða dómi, sem standi því í vegi, að staðfest verði niðurstaða hans um, að hrundið sé fébótakröfum stefnda að því leyti sem þær eru reistar á vanrækslu starfsmanna Rafmangseftirlits ríkisins.

II.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms má fallast á niðurstöðu hans um orsök eldsvoðans, þar á meðal um það, að snerting rafmagnsheimtaugar að Kirkjulæk II við símalínu að Kirkjulæk I hafi stafað af slaka á heimtauginni vegna skekkju á hornstaur hennar, eftir að teinn í stagi, sem við hann hélt, hafði brotnað. Þá þykir og mega leggja til grundvallar, svo sem héraðsdómur hefur gert, þá frásögn Eggerts Pálssonar, sem styrkt er af áliti hinna dómkvöddu matsmanna, að viðgerð á rafmagnsheimtauginni nálægt tveimur árum fyrir brunann hafi verið leyst af hendi af starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins, þó að ekki sé í ljós leitt, hverjir þeir voru.

Ekkert er komið fram í málinu, sem hnekkir því áliti hinna sérfróðu meðdómenda í héraði, að trosnun á einangrun heimtaugarinnar, sem staðreynd var af Jóni Gamalíelssyni, starfsmanni Raf-

magnseftirlits ríkisins, svo og hinum dómkvöddu matsmönnum, hafi verið orðin svo áberandi, þegar áðurgreind viðgerð fór fram að viðgerðarmenn hefðu átt að verða hennar varir.

Við það verður að miða með hliðsjón af álitsgerð hinna dómkvöddu manna, að hæðarbil milli símalínunnar og rafmagnsheimtaugarinnar hafi verið minni en krafist er í reglugerð nr. 264/1971, 315. gr. k) tl. 2.11 og 2.12, sbr. áður reglugerð nr. 61/1933, 85. gr. f). Bar Rafmagnsveitum ríkisins því samkvæmt niðurlagsákvæði 315. gr. greinar k) tl. 2.12 að endurnýja heimtaugina, eftir að bilun á einangrun hennar kom í ljós. Mátti þetta því síður dragast úr hömlu sem viðgerðin á heimtauginni hafði verið í því fólgin að skeyta í hana óeinangruðum línubút, en það fullnægði ekki þeim öryggiskröfum, sem gerðar eru í síðast greindu reglugerðarákvæði. Samkvæmt þessu verður eldsvoðinn á Kirkjulæk I rakinn til vanrækslu af hálfu starfsmanna Rafmangsveitna ríkisins á nauðsynlegu viðhaldi rafmagnsheimtaugarinnar að Kirkjulæk II. Bera þær því skaðabótaábyrgð á brunatjóni því, sem af hlaust.

Ósannað er, að stagteinninn í hornstaur rafmagnsheimtaugarinnar hafi brotnað af völdum þeirra manna, sem fyrir tjóni urðu við brunann, eða með þeim atvikum annars, að þeir eigi að bera tjón sitt sjálfir að öllu eða nokkru leyti. Einnig má fallast á það með héraðsdómi, að ekki verði til þess ætlast, að heimamenn á Kirkjulæk gerðu sér grein fyrir því, að einangrunin á heimtauginni væri orðin svo veðruð að ekki var viðhlítandi.

Með greiðslu vátryggingarbóta til þeirra, er fyrir tjóni urðu við brunann, öðlaðist stefndi rétt þeirra til skaðabóta úr hendi Rafmagnsveitna ríkisins að svo miklu leyti sem þeir fengu tjón sitt bætt með þeim greiðslum, sbr. lög nr. 20/1954, 25. gr., 1. mgr., 1. ml.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti var því hreyft, að vátryggingarbætur stefnda til eigenda hinna vátryggðu hagsmuna hefðu numið hærri fjárhæð en tjóni þeirra af eldsvoðanum. Ekki sést, að þessu hafi verið haldið fram fyrir héraðsdómi. Er málsvörn þessi of seint fram komin fyrir Hæstarétti, sbr 45. gr laga nr. 75/1973.

Rafmagnsveitur ríkisins er aðili, sem eðlilegt er að gera kröfur til um varkárni og öruggan búnað með hliðsjón af þeirri hættu, sem samfara er starfsemi hans. Þegar þetta er haft í huga og aðstæður þessa stefnda að öðru leyti, eru ekki efni til að lækka skaða-

bótaábyrgð hans samkvæmt lögum nr. 20/1954, 25. gr., 1. mgr., 2. ml., umfram það, sem héraðsdómur hefur gert, en málinu er ekki gagnáfrýjað.

Málsókninni er réttilega beint að Rafmagnsveitum ríkisins, sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, er lýtur í stjórnsýslu umsjón og yfirstjórn iðnaðarráðherra, sbr. 55. gr. orkulaga nr. 58/1967 og 8. gr. auglýsingar nr. 96/1969, og andmæli varðandi málsaðild hafa engin verið uppi höfð.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjendur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir kröfu stefndu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. f.m., hafa Samvinnutryggingar g/t hér í borg höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 27. október 1980, á hendur iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins og Rafmagnsveitna ríkisins og fjarmálaráðherra vegna ríkissjóðs til endurgreiðslu brunatryggingarbóta að fjárhæð kr. 7.154.075 með 27% ársvöxtum frá 11. október 1979 til 1. desember s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 6. nóvember s.á. og með dómvöxtum, hæstu innlánsvöxtum, frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og verði þá tekið fullt tillit til matskostnaðar, kr. 807.080, og ferðakostnaðar, kr. 60.000. Við munnlegan flutning málsins var gerð breyting á fjárhæðum í dómkröfu stefnanda í samræmi við breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils og verða fjárhæðir í dómkröfu stefnanda þessar: höfuðstóll kr. 71.540.75, matskostnaður kr. 8.070.80 og ferðakostnaður kr. 600.00.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að stefnufjárhæð verði lækkuð til mikilla muna og verði málskostnaður þá látinn falla niður.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig, að hinn 9. september 1979 hafi brunnið íbúðarhús að Kirkjulæk I í Fljótshlíðarhreppi í Rangárvallasýslu ásamt innbúi, sem í húsinu var. Húsið og innbúið hafi verið vátryggt gegn brunatjóni hjá stefnanda. Hafi vátryggingartaki brunatryggingar verið dánarbú Brynjólfs Sigurðssonar. Við uppgjör tjónbóta hafi orðið samkomulag um, að brunatjónið á húsinu næmi kr. 6.149.075, en kostnaður við að gera upp tjónið hafi numið kr. 5.000 og hafi heildargreiðsla vegna brunatjóns á húsinu numið kr. 6.154.075. Vátryggingartaki brunatrygg-

ingar fyrir innbúið hafi verið Bárður Sigurðsson. Tjón þetta hafi verið altjón og hafi öll vátryggingarfjárhæðin, kr. 1.000.000 verið greidd vátryggingartakanum. Stefnandi vilji nú á grundvelli ákvæða 1. mgr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 endurheimta tjónbæturnar úr hendi stefndu, þar sem tjónið megi rekja til vanrækslu starfsmanna Rafmagnseftirlits ríkisins og Rafmagnsveitna ríkisins.

Verður nú gerð nánari grein fyrir málsatvikum.

Lögregla og slökkvilið var kvatt á vettvang er bruninn varð.

Guðjón Einarsson lögregluþjónn ritaði skýrslu um atburðinn, og er hún svohljóðandi:

„Sunnudaginn 9. sept. 1979 kl. 14:30 hringdi Sigríður Böðvarsdóttir á Kirkjulæk I í Fljótshlíð til lögreglunnar og tilkynnti um að eldur væri laus í mannlausu gömlu íbúðarhúsi þar á staðnum. Slökkviliðið á Hvolsvelli var þegar kallað út og einnig var starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins á Hvolsvelli tilkynnt um eldinn.

Undirritaður fór á staðinn á lögreglubifreiðinni L-3 og var kominn þangað skömmu áður en slökkviliðið kom á vettvang.

Íbúðarhús það sem eldur var í hefur verið mannlaust að undanförnu en það mun vera í eigu erfingja dánarbúss Bárðar Sigurðssonar, sem lést á sl. vori en hafði búið í húsinu fram að því. Húsið er járnklætt timburhús ca. 60 ferm. að flatarmáli með talsverðu risi og hlaðinn kjallari er undir hluta þess. Rafmagn var á húsinu og sími, hvoru tveggja loftlínur.

Þegar undirritaður kom á staðinn var mikill eldur í húsinu og logaði út um vesturstafn þess. Mikinn reyk lagði af því yfir fjós og önnur utihús sem standa austan við húsið, en vindur var talsverður af vestri.

Á staðnum hitti ég Böðvar Brynjólfsson, bónda, sem kvað konu sína, Ólafíu Hafliðadóttur, fyrsta hafa orðið vara við eldinn, sem þá hafi verið í vesturenda hússins að ofanverðu. Hann kvað þá strax hafa verið hringt til þess að tilkynna um eldinn en farið sjálfur að hleypa kúnum út úr fjósinu, en þær voru inni vegna veðurs, en reyk lagði strax yfir fjósið.

Þegar slökkviliðið kom á staðinn voru strax lagðar slöngur í læk sem er rétt ausan við bæinn og var þar nægilegt vatn og dælt með tveim slöngum. Starfsmenn Rarik komu á staðinn og klipptu heimtaug frá húsinu.

Í Kirkjulækjarhverfið var lagður jarðsími á s.l. ári og loftlínu heimtaugar þá aflagðar með tilkomu sjálfvirks sambands. Þessar aflögðu heimtaugar símans hafa ekki verið teknar niður. Loftlína símans var tengd í vesturstafn hússins sem eldur var í. Starfsmenn Rarik klipptu línuna frá húsinu og var þá vart við að rafstraumur var á línunni. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að línur í loftinntaki rafmagns í hús Eggerts Pálssonar á Kirkjulæk 2 og símalínur sem lágu að hinu brennandi húsi lágu saman. Starfsmenn Rarik klipptu þar einnig niður símalínuna.

Eins og áður segir var eldurinn mestur í vesturenda hússins að ofanverðu þegar undirritaður kom á staðinn, en þar var inntakið frá símanum. Líklegt má telja að eldsupptök megi rekja til rafmagns frá símalínunni.

Slökkvistarf tók u.þ.b. eina klst. og var þá húsið að mestu brunnið og má ónýtt teljast. Í húsinu var að sögn Böðvars allt innbú db. Bárðar Sigurðssonar og mun það allt hafa eyðilagst. Slökkviliðið mun hafa vakt á staðnum fram eftir kvöldi.

Hús og innbú mun vera tryggt hjá Samvinnutryggingum g.t."

Í skýrslu, sem Sigríður Böðvarsdóttir gaf fyrir lögregluþjóninum, segir svo:

„Laust fyrir kl. 14:30 í gærdag var ég stödd inni í íbúðarhúsi okkar á Kirkjulæk. Þá kallar móðir mín til mín og segist sjá reyk leggja frá gamla íbúðarhúsinu og fór ég að glugganum og sá þá að reykur í húsinu (svo) að vestanverðu. Ég fór strax í símann og hringdi til lögreglunnar og bað um slökkviliðið. Síðan fór ég með föður mínum út í fjós til þess að láta kýrnar út en þær höfðu nýlega verið settar inn vegna rigningar. Mikinn reyk lagði fljótlega yfir fjósið og var hann farinn að berast inn í fjósið en okkur gekk vel að rýma það. Þegar þetta var búið sá ég að farið var að loga í gamla húsinu og fljótlega komst eldur út um vesturstafninn efst. Slökkviliðið kom á staðinn um um kl. 15:00"

Í skýrslu, sem Snorri Óskarsson, slökkviliðsstjóri á Hvolsvelli, gaf fyrir lögreglunn þar, segir svo:

„Kl. 14:30 var tilkynnt frá lögreglunni á Hvolsvelli um eldsvoða, að Kirkjulæk í Fljótshlíð. Kallaði ég út slökviliðið á Hvolsvelli og var farið á staðinn á slökkvibifreiðinni L-1175, en á undan henni fóru tveir slökkviliðsmenn með lögreglunni. Þegar ég kom á staðinn var eldur farinn að loga út úr gluggum á gömlu íbúðarhúsi þarna á hlaðinu á Kirkjulæk 1. Um hálfa klst. tók að hefta aðal eldinn en við vorum á staðnum með menn fram á morgun. Meðan á slökkvistarfi stóð varð ég fyrir símalínu sem slitnaði úr vesturgafli hússins sem var að brenna. Þegar línan snerti öxl mína varð ég fyrir miklum straum úr símalínunni og datt við það á hnén og varð máttlaus um stund. Menn frá Rarik voru þarna á staðnum og voru þeir búnir að klippa á raflínu að húsinu og bað ég þá að klippa einnig á símalínuna sem þeir gerðu, en þeir sögðu mér að straumur á símalínunni hafi verið 220 volt. Vesturendinn var mun meira brunninn á húsinu heldur en aðrir hlutar þess, og tel ég að eldsupptök hafi verið þau að straumur sá er á símalínunni var hafi valdið íkveikju. Aðstaða til slökkvistarfs þarna var mjög góð, nóg vatn og vestan kaldi."

Að beiðni stefnanda voru dómkvaddir menn til að skoða ummerki á brunastað og tjá sig um eftirfarandi atriði:

„1. að gera ítarlega grein fyrir uppsetningu og fyrirkomulagi á síma- og raflínum við Kirkjulæk I og II.
2. að rannsaka sérstaklega, hvað hafi valdið því, að stag í raflínustaur við Kirkjulæk II slitnaði og hver afleiðing þess varð.
3. að gera grein fyrir hæð síma- og raflínu frá jörð og hvert bil var upphaflega á milli þessara lína, þar sem raflína lagðist ofan á símalínuna.
4. að gera grein fyrir því, hvort og þá að hverju leyti uppsetning og frágangi við staura og línur kunni að hafa verið háttað öðru vísi en almennt er og láti uppi álit á því, hvort frágangi þessa hafi fylgt sérstök og/eða mikil slysa og tjónshætta fyrir menn, skepnur og eignir.
5. að kanna sérstaklega orsakir eldsvoðans og greina frá þeim."

Hinir dómkvöddu matsmenn, Guðmundur K. Steinbach og Sigurður G. Halldórsson rafmagnsverkfræðingar skoðuðu aðstæður á vettvangi 30. september 1979 að viðstöddum fulltrúum aðilja málsins og fulltrúa Póst- og símamálastjórnarinnar. Sömdu þeir síðan matsgerð sína og luku henni 18. október sama ár. Í upphafi matsgerðarinnar gera matsmennirnir grein fyrir gögnum, sem aflað var til afnota við matið. Ekki þykir hér ástæða til að gera sérstaka grein fyrir efni skjala þessara að öðru leyti en því, að rétt þykir, að dóminum fylgi samsett afstöðumynd af húsi því, sem brann, merkt 310, svo og niðurstöður mælinga matsmannanna, sem fylgja afstöðumyndinni. Að öðru leyti er matsgerðin svohljóðandi:

„Skal hér fyrst getið athugunar og mælinga, sem framkvæmdar voru við vettvangskoðunina að viðstöddum áðurnefndum fulltrúum.

Mælingar voru gerðar á hæðum og fjarlægðum. Þær eru færðar inn á mæliblað með staðsetningu heimtauga, fylgiskjal nr. 5. Skal þeim nú lýst nánar. Mælistaðir eru merktir með bókstöfum á nefndu mæliblaði.

a: Staur með slitna staginu. Hæð frá jörðu í neðri vír heimtaugar 7.03 m.
b: Þverunarstaður heimtaugarinnar og símalínu. Hér var mæld hæð upp í heimtaugina, neðri vír 5,43 m, þegar að var komið, með staginu slitnu. Að því búnu settu starfsmenn RARIK bráðabirgðabúnað á stagfestu og strekktu stagið sem næst í upprunalega stöðu. Var þá hæð upp í heimtaug, neðri vír, mæld aftur og mældist 6,40 m. Þessi mæling var svo endurtekin og mældist þá 6.36 m. Slakað var niður á staginu og mælt aftur upp í heimtaug, nú 5.45 m.
c: Hæð í neðri heimtaugavír við húshlið mældist 6,60 m.
d: Við þennan símastaur hafði starfsmaður RARIK klippt niður línuna, þegar í kviknaði. Hæð upp í línubúta mældist 5,85 m.
e: Í þessum símastaur er stag slitið.

f: Yfir í næsta símastaur mældust 44,3 m.
g: Hér er brotinn stagsteinn í jörðu. Efri hluti þessa teins, ásamt strekkjara, er nú í vörzlu Rafmagnseftirlits ríkisins.
h: Á þessum stað er heimtaug sett saman.
i: Þá var mæld fjarlægð frá staur d að þverunarstað b = 6,80 m.

Þegar þessar mælingar voru gerðar var sunnan kaldi, hiti 10 stig skv. síðustu veðurlýsingu í útvarpi. Þá er þess að geta, að land er ekki lárétt þarna. Mælingar á hæðum voru allar gerðar frá yfirborði jarðar, en ekki færðar til sömu hæðar.

Ástæða þótti til að gera nokkrar mælingar á hæðum á landi og voru þær gerðar 13. október. Hér er um að ræða, að færa til samræmdrar hæðar, þær hæðir á taugum yfir landi, sem mældar voru 30. september. Þá var mælt hver hæð væri frá jörðu beint undir mælistað. Nú voru þessir punktar á landinu hæðarmældir innbyrðis. Þá var og mæld fjarlægðin frá skurðpunkti heimtaugar og símalínu (punkti b) að þeim stað, þar sem heimtaugin er sett saman. Mælingar hafa verið færðar inn á afstöðumyndina. Þá voru teknar nokkrar ljósmyndir til viðbótar og vísast í greinargerð með þeim.

Skal nú gerð frekari grein fyrir útreikningum og niðurstöðum mælinga:

Fyrir liggur fylgiskjal nr. 9, sem er tafla sú, sem verkstjórum Póst- og símamálastjórnar bar að fara eftir við lagningu símalína. Sýnir hún hvaða sig á að samsvara hverju staurabili og hitastigi.

Við þau skilyrði, sem voru 30. september 1979: Hiti 10 stig, staurabil 44,3 m, þá hefði sigið, það er að segja mesta sídd símalínu fyrir neðan beina hugsaða línu milli staura, átt að vera 37 cm.

Ekki var mæld hæð í staur merktur f á uppdrætti, en hann mun vera af sömu gerð og staur merktur d. Því hefur verið gengið út frá að hæð þar hafi verið sú sama yfir landi og mæld var í staur d. Út frá þessari forsendu, og mældum hæðum og fjarlægðum, þá má reikna út, að hæð símalínu í punkti d hafi verið 5,72 m. þetta er mesta hæð, sem hún hefur náð, nýbyggð. Gera má ráð fyrir, að með aldri hafi tognað á járnvírnum í línunni, og þá hafi sigið aukizt.

Ekki er venja, að nota sigtöflur við lagningu heimtauga RARIK. Það er því í rauninni ágizkun ein, þegar út er reiknað, ef sömu sigtöflur hefðu verið notaðar við lagningu heimtaugar, að þá hefði hæð hennar í punkti b verið 6,70 m.

Nú var eins og áður var um getið, mæld hæð heimtaugar, með slitnu stagi 5,43 m í punkti b. Þegar starfsmenn RARIK höfðu sett bráðabirgðastag, mældist hæðin 6,40 m. Hér er rétt að benda á, að hæð þessi er afar fljót að breytast eftir því hvort stagið er strekkt millimeter meira eða minna, og þarf því að taka þessa mælingu með varúð.

Sjá fylgiskjal nr. 10.

Þá þarf einnig að benda á eftirfarandi: Svo er að sjá, sem heimtaugin í Kirkjulæk II (nr. 310 í uppdrætti RARIK) hafi einhverntíman slitnað, nærri staur a. Virðist nýr, ber vír hafa verið notaður til að tengja frá endum heimtaugar, sem úr húsinu kom, yfir í staur a. Vír frá þessum samskeytum yfir í hús, hinn upprunalegi heimtaugavír, er væntanlega svonefndur „Hackethal" vír, einangraður vír. Hann er orðinn æði gamall og einangrunin á honum öll trosnuð og veðruð af. Sér í lagi má benda á, að á þeim stað, þar sem heimtaug snerti símalínuna, punktur b, þar er eitthvert smá kusk af einangrun hangandi í heimtauginni, ekki nein samfelld einangrun.

Einnig verður getið hér nokkurra atriða, sem síðar var aflað upplýsinga um.

Af fullttrúa Pósts og síma, Bergþór Halldóssyni, var upplýst, að upprunalega var símí lagður í Fljótshlíðina fyrir stríð en heimtaugar í Kirkjulæk I og II árið 1955, að núverandi jarðlínuheimtaugar voru lagðar 1977 og teknar í notkun 1978.

Af fulltrúa Pósts og síma, Bergþór Halldórssyni, var upplýst, að uppstaur að Kirkjulæk II væri 27,6 m, en gefin upp 25 m á kortum, fylgiskjöl nr. 4 og 5. Var þetta síðar staðfest með mælingu.

Á staðnum var rætt við Eggert Pálsson, bónda að Kirkjulæk II. Kom fram í því samtali, að hann taldi að stag, tilgreint í matsbeiðni, hafi verið heilt s.l. haust en sennilega ekki í vor. Ekki minntist Eggert þess, að hafa tilkynnt RARIK um stagið né gat hann minnzt þess, að starfsmenn RARIK hefðu verið á ferð nýlega fyrir brunann. Eggert gat þess, að hann hefði sótt um þrífasa heimtaug og aukið afl, jafnframt því að biðja um jarðstrengsinntak. RARIK, Þorsteinn Árnason og Jóhann Kjartansson, könnuðust við, að þessi umsókn lægi óafgreidd hjá RARIK, Hvolsvelli.

Skoðun á veitu nr. 310, fylgiskjal nr. 6, undirritað af Sigmundi Þórissyni og Árna Guðmundssyni, eftirlitsmönnum RER, fengið hjá RER, Jóni Gamalíelssyni, getur þess ekki, að stag sé slitið þá.

Eggert Pálsson bóndi var inntur eftir því aftur hinn 13. október, hvenær hann héldi að stagið hafi slitnað. Ekki mundi hann það, en hélt þó, að þegar hann bar haug á tún snemma í vor, eða síðla vetrar, þá hafi stagið verið heilt. En þegar hann hóf slátt í júlí hafi það verið slitið. Svo háttar til, að stagið er rétt við hlið á girðingu um hluta túnsins, og verður varla ekið inn á túnið án þess að verða stagsins var.

Samkvæmt samtölum við starfsmenn RARIK þá er nokkuð algengt, að stög slitni. Helstu orsakir virðast tvær: Hestar eða vélar nuddast utan í stögin þegar jörð er frosin, og hrekkur þá stagteinn þar sem hann kemur upp úr frosinni jörðinni. Hin orsökin er, að sláttuþyrlur höggva teinana í sundur, ef of nærri er farið. Við tókum myndir, bæði af teinendanum

í punkti g, og líka af teinenda á bæ í grenndinni. Þar skýrði bóndinn okkur frá því, að hann hafi slegið stagteininn sundur með sláttuþyrlu. Hann gat þess einnig, að við þetta hafi blöðin í þyrlunni eyðilagst, og að slíkt færi ekki fram hjá þeim er fyrir yrði. Á teininum, sem þyrlan tók í sundur, eru greinilega mörg för eftir blöðin. Á teini við Kirkjulæk eru ekki slík för. Okkur virðist því ekki geti verið um að ræða, að sláttuþyrla hafi brotið stagið á Kirkjulæk.

Baldur Helgason, RARIK, upplýsti, að heimtaug að Kirkjulæk II hafði verið lögð 15.11. 1962. Vír væri sennilega „Hacketal", en nákvæman líftíma einangrunar hans þekkti hann ekki. Kerfið hefði verið skoðað 05.06. 1975 og hefði þá ekki verið gerð athugasemd um samsetningu á heimtaug né að einangrun væri veðruð.

Samantekt.

Hér skal stuttlega tekið saman það helzta í framanrituðu í sömu tölusettu röð og kemur fram í matsbeiðni og því svarað, sem ekki er áður vikið að.

Áður skal þó getið eftirfarandi:

Þar sem lágspennulína þverar yfir símalínuna skal gera eina af þrem ráðstöfunum, sem um getur í § 315, k) í reglugerð RER. Er beitt vörn skv. undirlið 2.12 er segir svo:

Önnur hvor lína sé gerð úr margþættum vír með traustri, veðurþolinni einangrun á öllu þverunarhafinu. Vírar lágspennulínunnar mega ekki vera með samskeytum eða greiningu og skulu bundnir innanvert eða afspenntir á trausta einangrara, sem festir eru með gegnsettum boltum eða klöfum við þverunarstaurana. Þverunarhaf lágspennulínunnar sé ekki yfir 30 m, og lóðrétt bil milli síma og lágspennuvíra má ekki vera minna en 0,7 m + 4% af fjarlægðinni frá þverunarstaðnum til næsta festipunkts lágspennulínunnar. Hina einangruðu línu skal endurnýja svo oft, sem einangrun hennar gerir það nauðsynlegt.

1. Fyrirkomulagi síma- og raflína að Kirkjulæk I og II er gerð skil á teikningum, fylgiskjöl nr. 4 og 5, með innfærðum mælingum og almennri lýsingu hér að framan.
2. Vikið er að möguleikum á stagsliti, en ekki er hægt að sanna neitt eða fullyrða í þeim efnum. Telja verður líklegt, samanber framanritað, að stag hafi slitnað við, að hross eða landbúnaðartæki hafi þrýst á stagið í frostveðri og að það hafi brotnað við það við jörðu.
3. Samkvæmt útreikningum og mælingum, þá hefur mesta hæð nýrrar símalínu verið 5,72 m, í skurðpunktinum. Útreiknuð hæð heimtaugar hefur verið 6,70 m, og er það væntanlega einnig mesta hæð hennar. Yfirleitt mun venja, að heimtaugar séu hafðar slakari en línurnar sjálfar. Liggja ýmsar ástæður að baki því, svo sem minni áreynsla á festingar

í húsgafla, og minni hvinur í vírum, ef þeir eru slakari.

Á hinn bóginn, þá virðist sú hæð, sem mæld var með bráðabirgðastaginu, 6,40 m, vera nærri því, sem eðlilegt er, að hafi verið á heimtauginni a.m.k. eftir að viðgerð sú, sem merkja má á samskeytum, fór fram. Millibil milli lagnanna útreiknast þá 68 cm. Hér þarf þó að hafa vissa fyrirvara: Hæð sú, sem reiknuð var á símalínu, er miðuð við nýja línu. Með aldrinum sígur línan. Og á hinn bóginn, þá er hæð heimtaugar afar fljót að breytast eftir strekki á stagi. Þessi 68 cm. munur uppfyllir ekki ákvæði í § 315, k) 2.12. Samkvæmt þeirri grein hefði hæðarmunur átt að vera 70 + 4 = 74 cm. Hér er þó um að ræða svo lítið frávik, og ónákvæmni á mælingum það mikil, að okkur sýnist allt benda til, að millibilið hafi verið 74 cm þegar heimtaug var lögð, 7 árum eftir, að símalínan var lögð.

4. Ekki verða færð nein rök að því að uppsetningu staura og lína hafi verið háttað öðru vísi en almennt er og ekki verður talið að af frágangi þessa hafi fylgt sérstök og/eða mikil slysa- eða tjónahætta fyrir menn, skepnur og eignir. Hjá því verður hins vegar ekki komizt að benda sérstaklega á síðustu setningu tilvitnaðrar reglugerðargreinar varðandi endurnýjun hinnar einangrandi línu.
5. Telja verður nær óyggjandi, eins og fram kemur í lögregluskýrslu, fylgiskjal nr. 2, að íkviknun hafi orðið vegna þess, að loftlínusímaheimtaug að Kirkjulæk I varð spennuhafa, þar eð loftlínurafmagnsheimtaug að Kirkjulæk II lagðist á hana. Það megi svo aftur rekja til þess, að stag í rafmangslínu hafi verið slitið. Hve lengi og hve viðvarandi þetta ástand, þ. e. að símalínan var spennuhafa, hefur varað, verður ekki fullyrt né heldur, hvað gerði aðstæður nú slíkar, að í kviknaði."

Í málinu hafa komið fram skoðunarskýrslur Rafmagnseftirlits ríksins um húsveitur að Kirkjulæk II frá 12. maí 1976 og Kirkjulæk I frá 17. maí 1976, en ekki er þar getið skoðunar á heimtaugum. Þykir ekki ástæða til að rekja skýrslur þessar.

Hinn 26. febrúar sl. ritaði lögmaður stefnanda Rafmagnsveitum ríkisins og óskaði svara við eftirfarandi spurningum varðandi slit á heimtaug að Kirkjulæk II og lagninu jarðstrengs að húsinu:

„1. Hvenær nákvæmlega slitnaði nefnd heimtaug (loftlína)?
2. Hvenær var sú bilun tilkynnt?
3. Hvenær var gert við bilunina og hver sá um og/eða annaðist þá viðgerð?
4. Hvenær leysti jarðstrengur heimtaugina af hólmi?
5. Hver bað um, að það væri gert?
6. Hvenær var greitt fyrir það verk?"

Í bréfi stofnunarinnar frá 27. apríl sl. er spurningunum svarað þannig:

„1-3. Samkvæmt upplýsingum starfsmanna á Hvolsvelli hefur viðgerð sú sem framkvæmd var á loftlínu að Kirkjulæk II ekki verið skráð í bækur. Að sögn Jóhanns Kjartanssonar, verkstjóra, er líklegt að viðgerð á heimlínunni hafi verið einföld og fljótleg, en hann mundi þó ekki eftir henni.

4. Þann 8. febrúar 1980 slitnaði heimlínan aftur. Var þá fyrir nokkru, eða í október 1979 búið að leggja jarðstreng heim að húsinu en hann ekki tengdur við húsveituna þar sem innanhússtofn vantaði. Þetta tilefni var notað og Einar Sigurþórsson, rafvirki í Háamúla, sá er unnið hefur mest fyrir bóndann, fenginn til að leggja stofnlögnina. Var loftlínan fjarlægð á sama tíma.
5. Eins og svar við lið 4 ber með sér var heimtaugin lögð haustið 1979 eftir að heimtaugarumsókn hafði borist frá eiganda hússins.
6. 15. desember 1978 telst heimtaugarreikningur greiddur samkvæmt bókhaldi."

Matsmennirnir Guðmundur K. Steinbach og Sigurður G. Halldórsson hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína. Leiðréttu þeir þá, að hæðarmunur á rafmagnssímaheimtaug að Kirkjulæk II og símaheimtaug að Kirkjulæk I hefði átt að vera 110 cm í stað 74 cm, eins og fram kemur í 3. lið í niðurstöðum matsgerðarinnar. Þá lýstu matsmennirnir þeirri skoðun sinni, að leikmenn hefðu ekki unnið að tengingu rafmagnsheimtaugarinnar að Kirkulæk II, er hún hafi slitnað, svo sem greint er frá í matsgerðinni.

Hér fyrir dómi hefur Eggert Pálsson, sem býr að Kirkjulæk II, skýrt svo frá, að íbúðarhúsið hafi verið reist 1955. Hann kveður storm hafa slitið rafmagnsheimtaugina að minnsta kosti tveimur árum áður en bruninn varð. Hafi það verið tilkynnt Rafmagnsveitum ríkisins samstundis. Viðgerðarmenn hafi komið frá Hvolsvelli innan hálftíma og gert við heimtaugina. Þeir hafi komið að kvöldi til og hafi hann verið í fjósinu að mjólka. Geti hann því ekki borið um, hvaða menn þetta voru. Eggert kveður stagið, sem slitnaði, hafa verið á staur við girðinguna við veginn heim að Kirkjulækjarbæjunum. Hafi stagið verið inni á túninu, en þar sé ekki umferð, nema þegar túnið er unnið. Kveðst hann ekki hafa verið öruggur með það, sem hann sagði við matsmennina, er þeir komu og gerðu athuganir sínar, en hann ber það nú eftir bestu sannfæringu sinni, að hann hafi ekki veitt því athygli, að stagið var slitið, fyrr en daginn sem bruninn varð. Kveðst hann ekki hafa verið heima, þegar bruninn varð, og hafi verið búið að slökkva eldinn, þegar hann kom heim. Hafi hann þá ásamt öðrum gengið meðfram línunni og hafi þeir þá tekið eftir, að stagið var farið. Kveður hann ekki hafa verið búið að tilkynna Rafmagnsveitum ríkisins slitið á stag-

inu. Eggert kveðst hafa verið búinn að biðja Rafmagnsveitur ríkisins að færa rafmagnsheimtaugina að Kirkjulæk II í jörð og hafi hann verið búinn að greiða fyrir það verk hinn 28. nóvember 1978, en verkið hafi ekki verið unnið fyrr en í nóvember 1979.

Krafa stefnanda er byggð á því, að orsök brunans að Kirkjulæk I hafi verið sú, að samsláttur á rafmagnsloftlínuheimtaug að Kirkjulæk II og símaloftlínu að húsinu að Kirkjulæk I hafi valdið íkviknun í húsinu. Sé þetta staðfest með matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, en þeir telji nær óyggjandi, að íkviknunun hafi orðið vegna þess, að símaloftlínan að Kirkjulæk I hafi orðið spennuhafa, er rafmagnsloftlínan að Kirkulæk II lagðist á hana, en það megi rekja til þess, að stag á staur rafmagnslínunnar hafi slitnað. Er því haldið fram, að brunann megi rekja til skorts á endurnýjun, viðhaldi og eftirliti með rafmagnsheimtauginni og þeim umbúnaði, sem henni tilheyrir. Hafi í því efni verið brotið gróflega gegn almennum varúðarreglum svo og beinum reglum og fyrirmælum reglugerðar um raforkuvirki nr. 264 frá 1971, gr. 310-315, sbr. ákvæði 7. gr. laga nr. 60/1979. Séu atriði þau, sem máli skipta, rakin í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna.

Í fyrsta lagi sé um það að ræða, að stag á staur, sem hélt uppi rafmagnsheimtauginni að Kirkjulæk II, er lá þvert yfir símalínuna að Kirkjulæk I, hafi verið slitið. Við það hafi myndast slaki á heimtauginni, sem hafi valdið því, að hún lagðist á símalínuna. Hafi komið í ljós, að teinn, sem festi stagið í jörð, hafi verið brotinn, Ekki sé vitað, hvernig teinninn hafi brotnað. Vitað sé, að stög geti slitnað og því sé þörf á auknu eftirliti með þeim. Einnig sé álitamál, hvort frágangur sem þessi sé fullnægjandi, þar sem vitað er, að skepnur gangi og farið sé um með vélar. Hins vegar hefði þetta atriði ekki skipt máli, ef annar umbúnaður rafmagnslínunnar hefði verið forsvaranlegur. Þannig hafi komið í ljós, að heimtaugin hafi einhvern tíma slitnað og hafi þá einfaldur og óeinangraður vír verið notaður til að tengja heimtaugina. Þessa tenginu hafi starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins unnið. Þessi frágangur sé ólöglegur og fyrirsjáanlega mjög hættulegur. Auk þess sé á það að líta , að alllangt hafi verið frá því verk þetta var unnið og því hafi starfsmenn þeirra opinberu stofnana sem aðild eiga að máli þessu, átt að vera búnir að sjá þennan umbúnað og bæta úr honum.

Þá er því haldið fram, að hinn hluti heimtaugarvírsins hafi verið orðinn mjög gamall og einangrun á honum öll trosnuð og veðruð af honum. Hafi þetta verið afdrifaríkt, er heimtaugin lagðist á símalínuna. Sé ljóst, að það taki langan tíma, að einangrun veðrist svo gjörsamlega af vír sem þarna var. Þetta ástand hafi starfsmenn stofnananna átt að vera búnir að sjá fyrir löngu og bæta úr því. Astand eins og þetta sjái menn með sérþekkingu á þessu sviði strax, en ekki sé við því að búast, að ófróðir menn á þessu

sviði geri sér grein fyrir því. Þá sé fram komið, að hæðarbil milli símalínu og heimtaugar hafi verið of lítið í upphafi. Bilið hafi mælst 68 cm, en hafi átt að vera 110 cm. Telji stefnandi ljóst, að um hafi verið að ræða verulega vanrækslu og gáleysi af hálfu þeirra opinberu stofnana, sem hér eiga hlut að máli, og starfsmanna þeirra, sem rækja eftirlits- og viðhaldsskyldur í umboði þeirra. Stofnanir þessar virðast einkum vera Rafmagnsveitur ríkisins, sbr. IX. kafla laga nr. 58 frá 1967, og Rafmagnseftirlit ríkisins, sbr. lög nr. 60 frá 1979, en sú stofnun ræki af hálfu ríkisins eftirlit með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum, sbr. 1. gr. laganna. Byggist bótaábyrgð þessara stofnana, sem starfi á ábyrgð ríkisvaldsins, einnig á ákvæðum 36. og 37. gr. orkulaga nr. 58 frá 1967, sbr. nú ákvæði 4. og 5. gr. laga nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins. Þar sem fullnægt sé skilyrðum um bótaábyrgð stofnana þessara, sé einsætt, að stefnandi eigi endurkröfurétt á hendur þeim samkvæmt upphafsákvæði 1. mgr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20 frá 1954. Fjárhæð dómkröfu stefnanda byggist á uppgjöri tjónbóta við tryggingartaka og hafi ekki sætt andmælum. Beri því að leggja fjárhæðina til grundvallar óbreytta.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að ekki hafi stofnast nein fébótaábyrgð á hendur ríkissjóði eða stofnunum, sem hann ber ábyrgð á, við eldsvoða þann, sem atvik málsins eru risin af. Hafi Rafmagnseftirlit ríkisins og Rafmagnsveitur ríkisins í einu og öllu fullnægt lagaskyldum sínum. Orsakir eldsvoðans verði hins vegar raktar beint til vanrækslu og gáleysis heimamanna á Kirkjulækjarbæjunum, vátryggingartaka og þeirra, sem komu í stað þeirra.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna komi fram, að engin rök verði færð fyrir því, að uppsetning staura og lína hafi þarna verið háttað öðruvísi en almennt gerist og hafi ekki fylgt frágangi þessum sérsök eða mikil slysa- og tjónhætta fyrir menn, skepnur og eignir. Komi fram í matsgerðinni, að stagteinn í jörðu hafi brotnað og stag slitnað á staur, sem hélt uppi rafmagnsheimtauginni að Kirkjulæk II, sem þveraði símalínuna að Kirkjulæk I. Í matsgerðinni sé getið helstu orsaka þess, að stög slitni. Ekki hafi verið leitt í ljós, hvenær stagið hafi slitnað, þótt það að öllum líkindum hafi ekki verið síðar en í júlí 1979 samkvæmt því, sem fram sé komið um það atriði. Ljóst sé, að heimilisfólkið á Kirkjulækjarbæjunum hafi orðið vart við, að stagið hafði gefið sig, og hafi því borið að tilkynna það Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnseftirliti ríkisins, enda verði að líta svo á, að á heimilisfólki hvíli sú skylda að tilkynna skemmdir, sem verða á raforkuvirkjum, hvort sem þær verði af mannavöldum eða af öðrum ástæðum. Ekkert bendi til, að starfsmenn stofnana þessara hafi verið látnir vita um þessa bilun. Eðli málsins samkvæmt geti eftirlit þessara stofnana með einstökum raforkuvirkjum ekki verið svo mikið, að það leysi notendur

þeirra undan þeirri skyldu að tilkynna tafarlaust bilanir og skemmdir, sem verða á þeim. Því sé ljóst, að vanræksla og gáleysi notenda sé svo stórkostlegt, að þeir hljóti að bera alla ábyrgð á tjóni sínu.

Þá er því haldið fram, að ósannað sé, að starfsmenn greindra stofnana hafi unnið við að tengja saman rafmagnsheimtaugina að Kirkjulæk II, er hún hafi slitnað, en raunar sé ekki upplýst, hvernær það hafi gerst. Svo sem fram komi í matsgerðinni, hafi kerfið verið skoðað af starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins hinn 5. júní 1975 og hafi þá ekki verið gerð nein athugasemd um samsetningu á heimtauginni. Af ummerkjum að dæma megi telja líklegt, að heimtaugin sé ekki sett saman af fagmönnum, hvorki starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins né Rafmagnseftirlits ríkisins. Heimamenn á Kirkjulækjarbæjunum hafi heldur ekki tilkynnt starfsmönnum stofnananna um þessa bilun, þótt þeim bæri ótvíræð skylda til þess. Bendi því allt til, að þarna hafi leikmenn komið við sögu. Kunni að vera, að tenging þessi hafi átt að vera til bráðabirgða, þar til starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins yrðu fengnir til að gera við bilunina, en það hafi aldrei gerst. Af þessum ástæðum beri starfsmenn stofnananna enga ábyrgð á þessum ólöglega og hættulega frágangi.

Þá er því haldið fram varðandi það atriði í matsgerðinni, að heimtaugarvírinn hafi verið orðinn gamall og einangrun hans trosnuð og veðruð, að erfitt sé og raunar ógerlegt að sjá slíka veðrun tilsýndar. Sé ekki hægt að ætlast til þess, að opinberir eftirlitsmenn geti fylgst með ástandi hvers línubúts í raflínukerfi landsins frá ári til árs, enda sé engin lagaskylda til þess. Það sé starfsvenja að reglubundnar skoðunarferðir séu farnar á fimm ára fresti. Er starfsmaður Rafmagnsveitna ríkisins hafi skoðað línukerfið fjórum árum áður, hinn 5. júní 1975, hafi ekki verið minnst á, að einangrun heimtaugarvírs væri veðruð eða trosnuð. Í skoðunargerð Rafmagnseftirlits ríkisins frá 12. maí 1976 sé heldur ekki minnst á slit né ófullnægjandi ástand heimtaugarinnar. Því sé ekki hægt að leggja bótaábyrgð á stefndu vegna ástands heimtaugarvírsins, enda liggi ekkert fyrir um, að orsök eldsvoðans sé þar að finna. Í því sambandi er bent á, að í skýrslu Jóns Gamalíelssonar, deildartæknifræðings Rafmagnsveitna ríkisins, komi fram, að íkviknun hafi getað orðið út frá rafstraumi frá símalínu til jarðar, ef einangrun símainntaks eða innanhúslagna hafi ekki þolað spennuhækkun. Það hafi hins vegar ekki verið leitt í ljós.

Þá er því haldið fram, að ekki verði byggt á því atriði í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, að hæðarbil milli rafmagnsheimtaugar og símalínu hafi verið of lítið í upphafi. Athugun matsmanna á því atriði fylgi allt of margir fyrirvarar til þess, að unnt sé að leggja þann þátt matsgerðarinnar til grundvallar í málinu.

Er því haldið fram samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, að allt

bendi til þess, að orsök eldsvoðans verði rakinn til þess, að stag slitnaði á staur á rafmagnslínunni heim að Kirkjulæk II, svo sem rakið sé í matsgerðinni, og þess stórkostlega gáleysis Kirkjulækjarmanna að tilkynna það ekki réttum aðiljum.

Af hálfu stefndu er bent á, að í stefnu sé vikið að því, að rekja megi orsök eldsvoðans til þeirra meintrar vanrækslu starfsmanna Póst- og símamálstjórnarinnar, að taka niður loftlínuheimtaug síma, sem ekkert notagildi hafi haft, en búið hafi verið að tengja húsið, sem brann, við jarðstrengssímakerfi fyrir Kirkjulækjarbæina og hafi það verið í notkun árið 1978. Hins vegar sé endurgreiðslukröfu stefnanda ekki beint gegn Póst- og símamálastjórninni.

Því er haldið fram varðandi hugsanlega ábyrgð Rafmagnseftirlits ríksins, að stofnuninni sé fyrst og fremst ætlað að hafa eins konar yfireftirlit með raforkuvirkjum sbr. ákvæði 121. gr. reglugerðar um raforkuvirki nr. 264 frá 1971, og verði að skoða ákvæði 1. gr. laga nr. 60. frá 1979 með hliðsjón af því, sbr. og ákvæði 7. gr. laganna. Í því felist, að nánara og reglubundið eftirlit með raforkuvirkjum sé í höndum eigenda þeirra og umráðamanna. Megi einnig í því sambandi benda á niðurlagsákvæði 114. gr. greindrar reglugerðar, þar sem kveðið sé á um, að stofnunin beri enga ábyrgð á raforkuvirkjum, þótt þau hafi verið skoðuð, leyfð eða viðurkennd, heldur beri eigendur þeirra fulla ábyrgð á þeim eftir sem áður.

Þá er af hálfu stefnu vísað til ákvæða 128. gr. reglugerðar um raforkuvirki, að því er varðar skaðabótaskyldu stofnananna. Þar sé ábyrgð rafveitustjórna og eigenda rafveitufyrirtækja takmörkuð á þann veg, að þessir aðiljar verði ekki skaðabótskyldir vegna skemmda, er kunna að verða á raforkuvirkjum, sem eru ekki þeirra eign, eða tjóns, sem þau kunna að valda, nema það verði rakið til rangra aðgerða eða vanrækslu af hálfu rafveitufyrirtækjanna.

Á grundvelli þess, sem hér hefur verið rakið, er því mótmælt, að stefnandi eigi endurkröfurétt á hendur stefndu skv. ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Varakrafa stefndu er byggð á því, að ef talið verði, að um vangá hafi verið að ræða hjá starfsmönnum framangreindra stofnana, þá verði hún ekki talin stórkostleg. Megi því beita niðurlagsákvæði 1. mgr. 25 gr. laga nr. 20/1954.

Álit dómsins.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins er stofnuninni ætlað að efla almennt öryggi við meðferð raforkuvirkja. Telja verður, að ábyrgð á raforkuvirkjum eins og þeim, sem fjallað er um í máli þessu, beri fyrst og fremst stjórnendur og starfsmenn rafveitna svo og eig-

endur, umráðamenn og notendur þeirra, sbr. f, g og h liði 7. gr. greindra laga. Verður ekki talið, að atvik máls þessa séu með þeim hætti, að þau baki Rafmagnseftirliti ríkisins skaðabótaábyrgð.

Það er niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna að nær óyggjandi sé, að íkviknunin í húsinu að Kirkjulæk I hafi orðið vegna þess, að símaloftlínuheimtaug að húsinu varð spennuhafa, er loftlínurafmagnsheimtaug að Kirkjulæk II lagðist á hana. Hafa ekki verið færð sennileg rök að því, að eldsupptök verði rakin til annarra orsaka:

Það verður vart gerð sú krafa til Rafmagnsveitna ríkisins, að eftirlit starfsmanna stofnunarinnar með raforkuvirkjum, sem stofnunin hefur undir sinni stjórn, sé með þeim hætti, að þeir geti þegar í stað vitað um bilanir, sem verða. Verður að gera þá kröfu á hendur notendum raforkuvirkja, að þeir geri starfsmönnum stofnunarinnar viðvart, eftir því sem þekking þeirra nær til, er þeir verða varir við breytingar á ástandi raforkuvirkja eða umbúnaði þeirra.

Það er ekki annað fram komið en að umbúnaður við rafmagnsstaur þann, sem athygli matsmanna hefur sérstaklega beinst að, hafi í upphafi verið í samræmi við reglur, sem þá voru í gildi. Það er ósannað, að stagteinninn við staurinn hafi brotnað svo löngu áður en bruninn varð, að starfsmenn stofnunarinnar hafi átt að verða varir við það miðað við eðlilegt eftirlit með línunni. Hefur ekki komið fram, að heimamenn hafi verið búnir að tilkynna stofnuninni þessa bilun. Verður starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins því ekki gefin sök á því þótt stagteinninn væri brotinn og við það hafi staurinn hallast og rafmagnsheimtaugin að Kirkjulæk II sigið.

Samkvæmt því, sem fram kemur í matsgerðinni, hefur rafmagnsheimtaugin að Kirkjulæk II verið úr einangruðum vír, en eins og einnig er rakið í matsgerðinni, hefur heimtaugin verið skeytt þar saman.

Eggert Pálsson hefur skýrt frá því,að rafmagnsheimtaugin hafi slitnað á þessum kafla að minnsta kosti tveimur árum áður en bruninn varð og hafi hann tilkynnt það starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins á Hvolsvelli. Þeir hafi brugðist skjótt við og gert við bilunina. Hafa matsmenn gert grein fyrir þessari viðgerð á heimtauginni í matsgerð sinni. Hafa þeir lýst þeirri skoðun sinni hér fyrir dómi, að viðgerð þessi hafi ekki verið unnin af ófaglærðum mönnum. Þykja því ekki efni til annars en að leggja til grundvallar frásögn Eggerts um bilunina og viðgerð á henni. Viðgerð sem þessi fullnægði ekki kröfum, sem gerðar eru til frágangs á heimtaugum við þær aðstæður, sem þarna voru, og gat aðeins verið neyðarúrræði til bráðabirgða. Hlutu þeir, sem unnu að viðgerð þessari, jafnframt að verða varir við, hvernig frágangi heimtaugarinnar var háttað á þessum kafla að öðru leyti. Það virðist svo sem skilyrðum um þverun rafmagnsheimtaugarinnar yfir símaheimtaugina að Kirkjulæk I hafi í upphafi átt að fullnægja með

því að hafa rafmagnsheimtaugina úr einangruðum vír. Fundu matsmenn leifar af einangrun á þeim hluta hennar, sem eftir var, er framangreind bráðabirgðaviðgerð var unnin. Tæring á einangrun í þeim mæli, sem þarna hefur orðið, gerist á löngum tíma. Hefðu starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins átt að verða varir við hana við eftirlit með raforkuvirkjum Kirkjulækjarbæjanna og þá einnig, er þeir unnu að viðgerð á rafmagnsheimtauginni að Kirkjulæk II, sem áður er gerð grein fyrir. Með hliðsjón af þessu og því, sem fram kemur hjá matsmönnum um þetta efni, þykir heimamönnum á Kirkjulækjarbæjum ekki verða gefið að sök að hafa ekki gert sér grein fyrir tæringu einangrunarinnar og afleiðingum hennar.

Samkvæmt því, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, verða orsakir eldsvoðans að Kirkjulæk I og brunatjón það, sem varð, rakið til skorts á eftirliti og viðhaldi starfsmanna Rafmagnsveitna ríkisins á rafmagnsheimtauginni að Kirkjulæk II, sbr. ákvæði 5. gr. laga nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins, sbr. áður 37. gr. laga nr. 58/1967. Var því fyrir hendi skaðabótaábyrgð Rafmagnsveitna ríkisins gagnvart eigendum hússins að Kirkjulæk I og innbúi. Stefnandi hafði selt brunatryggingu til tryggingar hagsmunum þessum. Bætti stefnandi tjónið, svo sem áður er rakið, með kr. 7.149.075 (6.149.075 + 1.000.000) en kostnaður við tjónuppgjör nam kr. 5.000. Öðlaðist stefnandi með því rétt tjónþola á hendur þeim er skaðabótaskyldu kynni að bera vegna brunans, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Samkvæmt ákvæðum 55. gr. orkulaga nr. 58/1967 á ríkið Rafmagnsveitur ríkisins, og skv. 1. og 2. mgr. 57. gr. laganna skipar ráðherra fasta starfsmenn stofnunarinnar, sem stjórna rekstri hennar. Verður því að leggja til grundvallar, að ráðherra sá, er fer með umsjón stofnunarinnar, sé réttur fyrirsvarsaðili fyrir stofnunina í máli þessu ásamt fjármálaráðherra í fyrirsvari fyrir ríkissjóð. Þar sem ábyrgð Rafmagnsveitna ríkisins byggist á gáleysi starfsmanna stofnunarinnar, þykir eftir atvikum rétt að beita niðurlagsákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954 um lækkun skaðabótaábyrgðar. Þykir hæfilegt, að tjónið verði bætt stefnanda með kr. 5.700.000, en skv. breyttu verðgildi íslensks gjaldmiðils skv. lögum nr. 56/1979 nemur sú fjárhæð nú kr. 57.000.00. Verða stefndu því dæmdir til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, sem ákveðast 27% ársvextir frá 11. október 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 6. nóvember s.á., 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% ársvextir frá þeim degi til 2. júlí s.á., en dómvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður iðnaðarráðherra f.h. Rafmagnsveitna ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 19.100.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Gunnari Ámundasyni og Jóhanni Indriðasyni rafmagnsverkfræðingum.

Dómsorð:

Stefndi iðnaðarráðherra vegna Rafmagnseftirlits ríkisins skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Samvinnutrygginga g/t, í máli þessu. Málskostnaður milli þeirra fellur niður.

Stefndu iðnaðarráðherra vegna Rafmagnsveitna ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs greiði stefnanda, Samvinnutryggingum g/t, kr. 57.000.00 með 27% ársvöxtum frá 11. október 1979 til 1. desember s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 6. nóvember s.á., með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 2. júní s.á. og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 19.100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. mars 1984.

Nr. 31/1984. **Ríkissaksóknari**
gegn
Ármanni Kristinssyni sakadómara og Sigþóri Pétri Svavarssyni

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 13. febrúar 1984, en þann dag fékk hann vitneskju um frávísunardóminn. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 17. s.m. Ríkissaksóknari krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og

héraðsdómaranum verði dæmt skylt að taka málið til dómsmeðferðar og uppsögu efnisdóms á grundvelli ákæru, útgefinnar 21. nóvember 1983, á hendur varnaraðilja Sigþóri Pétri Svavarssyni.

Frá varnaraðilja Sigþóri Pétri Svavarssyni hafa hvorki borist kröfur né greinargerð, og frá Ármanni Kristinssyni sakadómara hefur engin greinargerð borist.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107/1976, annast lögreglan (rannsóknarlögregla ríkisins) frumrannsókn opinberra mála. Er markmið þeirrar rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar. Eins og í hinum kærða frávísunardómi er rakið, er gagnaöflun í máli þessu ófullkomin að ýmsu leyti. M.a. eru engar upplýsingar um eignaskiptasamning þann, sem varnaraðili Sigþór Pétur telur hafa verið gerðan milli sín og Rannveigar Pálsdóttur, er þau slitu samvistir í janúar eða febrúar 1983. Ekki hafa verið lögð fram skattframtöl þeirra gjaldárin 1983 og 1984. Ekki hefur farið fram viðhlítandi könnun á lántökum þeirra vegna kaupa á bifreiðinni B 315 eða greiðslu á þeim lánum og eigi næg könnun á fjármögnun þeirra til bifreiðakaupanna að öðru leyti. Þá hefur ekki verið sannreynd sú staðhæfing varnaraðilja Sigþórs Péturs, að hann hafi notað andvirði fyrirtækis, er hann seldi, til kaupa á bifreiðinni. Af þessum sökum verður ekki talið, að frumrannsókn sú, sem fram hefur farið í máli þessu, sé viðhlítandi grundvöllur til útgáfu ákæru og dómsmeðferðar samkvæmt 75. gr. og 1. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 13. og 19. gr. laga nr. 107/1976. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn kærða frávísunardóm að niðurstöðu til.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. janúar 1984.

Ár 1984, mánudaginn 9. janúar, var á dómþingi sakadóms, sem háð var í Borgartúni 7, Reykjavík, af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 22/1984: Ákæruvaldið gegn Sigþóri Pétri Svavarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. nóvember 1983, gegn ákærða „Sigþór Pétri Svavarssyni, trésmið, Boðagranda 3, Reykjavík, fæddum 4. júlí 1948 á Patreksfirði, fyrir umboðssvik og fjárdrátt, með því að hafa þann 4. maí 1983 selt í heimildarleysi Sigurbjörgu Hönsu Jónsdóttur, Silfurgötu 37, Stykkishólmi, bifreiðina B 315, Volvo 244 árgerð 1982, sem ákærði átti í óskiptri sameign með fyrrverandi sambýliskonu sinni, Rannveigu Pálsdóttur, Meistaravöllum 11, Reykjavík, og síðan hagnýtt sér allt andvirði bifreiðarinnar, sem nam endanlega kr. 250.000 í reiðufé, án þess að gera Rannveigu skil á sínum hluta andvirðisins.

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. og 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist, og alls sakarkostnaðar."

Ákærði hefir við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu skýrt frá því, að þau Rannveig Pálsdóttir hafi búið saman um fimm ára skeið, slitið samvistir og eignaskipti milli þeirra farið fram um mánaðamótin febrúar og mars 1983, þau skipti ekki tekið til bifreiðarinnar B 315, þar sem hún hafi verið hans eign, en um það atriði hefur Rannveig Pálsdóttir ekki verið spurð.

Framburðir ákærða og Rannveigar Pálsdóttur um greiðslu kaupverðs og eignaraðild að nefndri bifreið eru ósamhljóða. Framburður hvors aðilja um sig hefur ekki verið borinn undir hinn aðiljann og engin samprófun fram farið. Ekki hafa verið kannaðir bankareikningar, sem vísað er til, eða lán, sem tekin voru vegna bílakaupanna, og greiðslur á þeim. Skattaframtöl ákærða og Rannveigar Pálsdóttur hafa ekki verið lögð fram í málinu. Sú staðhæfing ákærða, að hann hafi notað til kaupanna andvirði fyrirtækis, sem hann seldi, hefur ekki verið sannreynd. Aðiljar í sambandi við síðari bifreiðaviðskipti ákærða hafa ekki verið yfirheyrðir.

Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið hér að framan, og með vísan til 32. og 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 5. og 19. gr. laga nr. 107/1976, verður máli þessu vísað frá dómi ex officio.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá sakadómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 2. mars 1984.

Nr. 32/1984. **Ríkissaksóknari**
gegn
Ármanni Kristinssyni sakadómara og
Pétri Einarssyni

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 13. febrúar 1984, en þann dag fékk hann vitneskju um frávísunardóminn. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 17. s.m. Ríkissaksóknari krefst þess, að frávísunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómaranum verði dæmt skylt að taka málið til dómsmeðferðar og uppsögu efnisdóms á grundvelli ákæru, útgefinnar 23. nóvember 1983, á hendur varnaraðilja Pétri Einarssyni.

Frá varnaraðilja Pétri Einarssyni hafa hvorki borist kröfur né greinargerð, og frá Ármanni Kristinssyni sakadómara hefur engin greinargerð borist.

Frávísun máls þessa frá héraðsdómi er á því byggð, að frumrannsókn máls þessa sé áfátt. Rannsóknarlögregla hafi ekki tekið skýrslur af fólki, sem nauðsynlegt sé að yfirheyra vegna rannsóknar málsins og samprófun varnaraðilja Péturs og vitna hafi ekki farið fram.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107/1976, annast lögreglan (rannsóknarlögregla ríkisins) frumrannsókn opinberra mála. Er markmið þeirrar rannsóknar að afla allra nauðsynlegra gagna til að handhafa ákæruvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar.

Telja verður, að frumrannsókn máls þess, sem hér er um að ræða, fullnægi skilyrðum til þess, að ákæru megi gefa út, og að viðhlítandi gagna hafi verið aflað til undirbúnings dómsmeðferðar, enda er yfirheyrsla sakbornings og vitna og samprófun, ef svo ber undir, nauðsynlegur liður í málsmeðferð, sbr. 75. gr. l. 74/1974,

og frávísun máls verður eigi byggð á því, að ákærði eða vitni hafi ekki verið yfirheyrð til hlítar. Ekki eru neinir þeir gallar á ákæru, er varði því, að dómara sé rétt að synja um að birta ákæruna eða þingfesta málið.

Samkvæmt því, sem nú var sagt, ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómarann að taka málið til dómsmeðferðar.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur eru úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til dómsmeðferðar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. janúar 1984.

Ár 1984, mánudaginn 9. janúar, var á dómþingi sakadóms, sem háð var í Borgartúni 7, Reykjavík, af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 21/1984: Ákæruvaldið gegn Pétri Einarssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. nóvember 1983, gegn ákærða „Pétri Einarssyni, forstjóra, Brúarenda við Starhaga í Reykjavík, fæddum 11. janúar 1929 í Reykjavík, fyrir fjársvik en til vara fyrir fjárdrátt, með því að hafa þann 20. maí 1982 fengið Emmu Blomsterberg, Breiðvangi 4, Hafnarfirði til að samþykkja og afhenda sér þrjá víxla samtals að fjárhæð kr. 350.000.-, kr. 100.000.- í gjalddaga 15. september 1982, kr. 100.000.- í gjalddaga 15. desember 1982 og kr. 150.000.- í gjalddaga 15. janúar 1983, með því að vekja hjá henni ranglega trú um, að hún væri þar með að inna af hendi gildar greiðslur á sömu gjalddögum og víxlarnir upp í kaupsamning, dagsettan 18. maí 1982, við Róbert Örn Alfreðsson um 4ra herbergja íbúð í Breiðvangi 4, sem fasteignasalan Húsamiðlun sf., Templarasundi 3, Reykjavík, sem ákærði rak, hafði haft milligöngu um. Ákærði, sem hafði enga heimild til að ganga eftir greiðslunum með framangreindum hætti, gaf síðan sjálfur út víxlana og seldi þá í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, og hagnýtti sér andvirði þeirra, en nefnd Emma og eiginmaður hennar, Ómar Kristinsson, voru síðan krafin um þessar sömu greiðslu á gjalddögum þeirra samkvæmt kaupsamningnum af lögmanni seljandans.

Framanlýst háttsemi ákærða telst aðallega varða við 248. gr. en til vara við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Ákærði telur sig hafa haft heimild til að taka við greiðslum samkvæmt víxlum þeim, sem um er fjallað í ákæru, en þær hafi átt að renna til kaupa Róberts Arnar Alfreðssonar á lóð og byggingu einbýlishúss að Hagalandi 14, Mosfellssveit, af fyrirtæki ákærða Framtíðarhúsum h.f.

Lagður hefur verið fram í málinu ódagsettur verksamningur, sem undirritaður er af ákærða f.h. Framtíðarhúss h.f. (sic), en sem verkkaupi er undirritað nafnið Róbert Alfreðsson. Í 6. gr. samnings þessa segir svo orðrétt: „fyrir verkið greiðir verkkaupi kr. 1.400.00.- (sic) fyrir Húsið (sic), ásamt lóð þannig: A Samkv. kaupsamningi dags. 18. maí 1982 milli verkkaupa og Ómars Kristinssonar (sic) á Breiðvangi 4, Hafnarfirði. B. Húsnæðismálalán. C. Endanlegt uppgjör fer fram á milli aðilja Síðar (sic)."

Nefndur samningur, og þá einkum 6. gr. hans, hefur ekki verið borinn undir Róbert Örn Alfreðsson.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 6. maí 1983 staðhæfir nefndur Róbert Örn, að hann „hafi aldrei ákveðið að greiðslur frá kaupendum íbúðarinnar að Breiðvangi 4 greiddust til Húsamiðlunar sf. og yrðu þar yfirfærðar til Framtíðarhúsa hf. Aldrei hafi verið rætt um að hafa þennan hátt á." Fyrr í sömu yfirheyrslu er eftirfarandi bókað eftir Róbert Erni Alfreðssyni: „Við undirritun kaupsamnings hafi Emma greitt skv. 1. tölulið samningsins kr. 200.000.- og kveðst mætti hafa veitt þeirri greiðslu viðtöku. Þessari greiðslu kveðst mætti strax hafa ráðstafað þarna á fasteignasölunni og hafa greitt innborgun fyrir lóð að Hagalandi 14 í Mosfellssveit. Heildarverð lóðarinnar hafi átt að vera kr. 260.000.-, en eftirstöðvar verðsins átt að greiðast eftir þrjá mánuði. Við undirritun kaupsamningsins fyrir íbúðina að Breiðvangi 4 hafi ekkert verið rætt um hvernig greiðslur skv. töluliðum 2-8 færu fram eða hvar þær væru greiddar." Framburður Róberts Arnar Alfreðssonar um atriði þessi er allur mjög óljós.

Emma Þórunn Blomsterberg hefur við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu borið, að hún hafi hinn 18. maí 1982 í viðurvist Róberts Arnar Alfreðssonar rætt við ákærða um víxla þá, sem ákæran fjallar um.

Róbert Örn kveðst ekkert hafa vitað um tilvist víxlanna, fyrr en sá fyrsti þeirra var gjaldfallinn. Að öðru leyti eru atvik varðandi lögskipti aðilja í ýmsum atriðum ósamhljóða og ekki nægilega í ljós leidd.

Skráður kaupandi að íbúðinni á Breiðvangi 4 í Hafnarfirði, Ómar Kristvinsson (í kaupsamningi nefndur Kristinsson), hefur ekki verið yfirheyrður í málinu.

Sama er að segja um Eystein Gunnar Guðmundsson, Orrahólum 7, Reykjavík, sem Emma Þórunn Blomsterberg segir, að gengið hafi frá greiðsluáætlun við ákærða vegna íbúðarkaupanna fyrir hönd þeirra Ómars og viðstaddur var, þá er Emma afhenti ákærða víxlana.

Kona að nafni Ásta Ársælsdóttir ritar undir kaupsamninginn frá 18. maí

1982. Aðild hennar að málinu er óljós, og engin skýrsla hefur verið tekin af henni.

Vitundarvottar að samningunum hafa ekki verið yfirheyrðir.

Í ákæru er krafist greiðslu skaðabóta. Af þeim gögnum málsins, sem ríkissaksóknari hefur látið dóminum í té, verður ekki séð, að slík krafa hafi verið gerð af nokkrum aðilja málsins.

Með hliðsjón af því, sem rakið hefur verið hér að framan, og með vísan til 32. og 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 5. og 19. gr. laga nr. 107/1976, verður máli þessu vísað frá dómi ex officio.

Samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá sakadómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 7. mars 1984.

Nr. 60/1982. **Sælgætisgerðin Móna h/f**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Mars Incorporated
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.).

Vörumerki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1982. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Framleiðsluvara sú, sem áfrýjandi auðkennir með merkinu marziBAR, er marzipanstangir með súkkulaðihjúp. Hann framleiðir og selur einnig sælgætisvörur, sem hann kallar Candybar, Mintybar, Trifflebar, Kókósbar, Fíkjubar og Döðlubar.

Við mat á því, hvort hætta sé á, að kaupendur villist á framleiðsluvörum stefnda og þeirri vöru áfrýjanda, sem mál þetta snýst um, marzipanstöngum með súkkulaðihjúp, ber að hafa í huga, auk nafnsins sjálfs, gerð og lögun framleiðsluvörunnar svo og gerð, liti og litasamsetningu umbúðanna. Stærð og lögun stanga áfrýjanda, sem nefndar eru marziBAR, eru mjög frábrugðnar framleiðsluvörum stefnda. Litur umbúða og áritanir á þær eru einnig ólík, en orðið Mona er á 5 stöðum á umbúðum um marzipanstangirnar svo og merki, kvenhöfuð á hringlaga fleti, á tveimur stöðum.

Með framangreint í huga svo og það, að nöfn á framleiðsluvörum áfrýjanda virðast gagngert valin til þess að lýsa innihaldi, verður ekki á það fallist með stefnda, að notkun orðsins marziBAR sé andstæð þeim lagaákvæðum, sem hann skírskotar til.

Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti,og þykir hann hæfilega ákveðinn samtals 30.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Sælgætisgerðin Móna h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Mars Incorporated í málinu.

Stefndi greiði áfrýjanda 30.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 17. desember 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. f.m., hefur Marz Incorporated, Westgate Park 1651 Old Meadow Road, Virginiu, Bandaríkjum Norður - Ameríku höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 7. september 1981, á hendur Sælgætisgerðinni Mónu hf., Stakkahrauni 1, Hafnarfirði.

Málavextir eru þeir, að í Lögbirtingablaðinu, sem út kom 2. ágúst 1978, birtist auglýsing frá vörumerkjaskrárritara, þar sem gerð var grein fyrir um-

sókn stefnda um skrásetningu á vörumerkinu „Marzi/BAR" fyrir allar vörur í 30. flokki, sem tilkynnt hafði verið 12. júní s.á., kl. 15.25.

Sama dag, þ.e. 12. júní 1978, kl. 14.00, hafði stefnandi tilkynnt til skráningar vörumerkið „MARS" fyrir allar vörur í 29. flokki og einnig sama merki fyrir allar vörur í 30. flokki. Stefnandi hafði áður fengið skráð vörumerkið „MARS" sem orð- og myndmerki nr. 49/1963 fyrir sælgæti í 30. flokki.

Umsókn stefnda á skráningu vörumerkisins „Marzi/BAR" var mótmælt af hálfu stefnanda. Eftir að aðiljar höfðu gert grein fyrir sjónarmiðum sínum, kvað vörumerkjaskrárritarinn upp þann úrskurð 15. janúar 1980, að synjað væri um skráningu orðsins „Marzi/BAR" sem vörumerkis. Var niðurstaða þessi byggð á því, að orðið væri lýsandi (descriptivt) og því ekki hæft til skráningar, en óþarft talið að taka til umfjöllunar ruglingshættu merkisins við merki stefnanda.

Stefnandi taldi fyrirsvarsmenn Sælgætisgerðarinnar Mónu hf. halda áfram að nota þetta merki og selja vörur merktar með því þrátt fyrir úrskurð vörumerkjaskrárritara.

Með bréfi, sem lögmaður stefnanda ritaði stefnda 16. maí 1980, fór hann þess á leit, að stefndi hætti þegar notkun á vörumerkinu „Marzi/BAR," en að öðrum kosti yrði höfðað mál til að koma í veg fyrir þessa notkun merkisins. Ekki mun hafa borist svar frá stefnda. Mun notkun merkisins hafa verið haldið áfram.

Í stefnu eru dómkröfur stefnanda þessar:

1. Að framangreind notkun stefnda á vörumerkinu „Marzi/BAR" verði bönnuð.
2. Að umbúðir þær, er kunna að vera í vörslum stefnda með þessu merki, verði afhentar stefnanda eða þær verði eyðilagðar, og
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins kom einnig fram sú krafa af hálfu stefnanda, að stefndi verði dæmdur í hæfilega refsingu fyrir brot gegn 30. gr. laga nr. 56/1978, sbr. 52. gr. þeirra laga, svo og fyrir brot gegn 3. mgr. 159. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að hann hafi þegar verið búinn að skrá vörumerkið „Mars" fyrir vörur í 29. og 30. flokki vörumerkjalaga, þegar stefndi fór að nota merki sitt „Marzi/BAR." Hafi stefnandi því öðlast fullan rétt til notkunar vörumerkis síns og til verndar því samkvæmt

reglum vörumerkjaréttar. Stefnandi hafi mótmælt skráningu merkis stefnda, þegar hann gerði tilraun til að fá það skráð. Hafi vörumerkjaskrárritari hafnað skráningu merkisins. Í úrskurði vörumerkjaskrárritarans felist, að stefndi geti ekki öðlast vörumerkjarétt fyrir merki sitt. Notkun stefnda á merkinu þrátt fyrir þetta hafi í för með sér mikla og greinilega hættu á ruglingi við hið skráða vörumerki stefnanda. Sé nánast um að ræða stælingu á vörumerki stefnanda. Fyrri hluti orðsins í merki stefnda sé mjög líkur orðinu í vörumerki stefnanda og séu þau einnig mjög lík í framburði. Einnig sé á það að líta, að þau séu notuð fyrir vörur í sama vöruflokki, þ.e. sælgæti í 30. vöruflokki. Þá sé fyrri hluti orðsins í vörumerki stefnda mjög líkur firmaheiti stefnanda. Hafi stefnandi verið búinn að nota vörumerki sitt löngu áður en stefndi hóf rekstur sinn og hafi stefnandi verið búinn að auglýsa sælgætis- og súkkulaðivörur sínar undir merkinu ,,Mars Bar" bæði hér á landi og í heimalandi sínu.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að með framangreindum mótmælum sínum gegn skráningu vörumerkis stefnda hafi stefnandi brugðist nægilega skjótt við til þess að gæta réttar síns. Tími sá, sem leið eftir það, þar til málssókn þessi hófst, skipti ekki máli, enda geti merki stefnda ekki notið verndar samkvæmt vörumerkjarétti svo sem staðfest hafi verið með úrskurði vörumerkjaskrárritara.

Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að með notkun vörumerkis síns brjóti stefndi gegn ákvæðum tl. 2, 4, 6 og 7 í 14. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968, 2. og 3. mgr. 3. gr. sömu laga, 30. gr. laga nr. 56/1978 um óréttmæta verslunarhætti o.fl. og 8. gr. laga nr. 102/1961 um staðfestingu Íslands á Parísarsamþykktinni.

Við munnlegan flutning málsins kom fram, að refsikrafan í endanlegri kröfugerð sé ekki byggð á ákvæðum 37. gr. laga um vörumerki og ekki sé byggt á því, að um ásetning fyrirsvarsmanna stefnda sé að ræða. Var því haldið fram, að dóminum beri sjálfkrafa að dæma refsingu fyrir notkun vörumerkis stefnda, enda varði hún refsingu skv. 52. gr. laga nr. 56/1978 og 3. mgr. 159. gr. almennra hegningarlaga.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að hann hafi framleitt sælgæti undir nafninu ,,Marzi/BAR" ásamt fleiri tegundum af súkkulaðistöngum og hafi nöfn allra þeirra endað á orðinu ,,bar." Hann hafi fengið skrásett í vörumerkjaskrá nr. 229/1978 orðið ,,Candybar" og einnig orðin ,,Mintýbar" nr. 237/1968 og ,,Trifflebar" nr. 240/1978. Hann hafi einnig framleitt súkkulaðistangir undir heitunum ,,Kókosbar", ,,Fíkjubar" og ,,Döðlubar" auk hins umdeilda orðs Marzi/BAR. Hafi hann notað mjög líkar umbúðir fyrir allar þessar stangir. Þar sé nafn stefnda prentað á fimm stöðum á umbúðum um hverja stöng. Einnig sé kvenhöfuð á hringlaga fleti prentað á tveimur stöðum á umbúðirnar, en það sé merki stefnda. Þannig hafi

stefndi kynnt neytendum framleiðsluvörur sínar með heitum með endingunni „bar." Hafi þannig verið ljóst, þegar sælgætisstöngin „Marzi/BAR" kom fram, en það hafi verið á matvælasýningu Félags íslenskra iðnrekenda dagana 29. mars til 3. apríl 1977, að þar var um að ræða sælgæti, sem stefndi framleiddi. Við samanburð á umbúðum stefnanda og stefnda, sem hér hefur verið lýst, sé bersýnilegt af stærð, lögun þeirra og af stærð og lögun stafa í áletrunum, að þær séu svo ólíkar, að algjör fjarstæða sé að halda fram, að hægt sé að ruglast á þessum tveimur tegundum sælgætis. Þannig sé súkkulaðistöng stefnanda mikið stærri en stöng stefnda. Einnig sé hráefni það, sem notað er í stangirnar, gjörólíkt og ætti það eitt að skera úr um ruglingshættu á þessum tveimur súkkulaðistöngum. „Marzi/BAR" sé marzipan með súkkulaðihjúp, en hins vegar sé ekkert marzipan í Mars og bragðið gjörólíkt. Því sé fráleitt að ætla, að þeir, sem ætla að kaupa Mars, ruglist og kaupi „Marzi/BAR" í staðinn.

Af hálfu stefnda er bent á, að synjun vörumerkjaskrárritara við því að skrá orðið „Marzi/BAR" hafi verið byggð á því, að nafnið sé lýsandi (descriptivt) en ekki hafi á neinn hátt verið tekin afstaða til ruglingshættu við orðið Mars.

Þá er því haldið fram, að orðið „Mars" sé heiti á rómverskum guði og heiti á mánuði. Geti stefnandi ekki öðlast einkarétt á orðinu og njóti það því ekki verndar samkvæmt vörumerkjarétti. Þá er því haldið fram, að það sé nýlega sem stefnandi hafi farið að auglýsa vöru sína undir nafninu Mars.

Er því haldið fram, að með óslitinni framleiðslu á „Marzi/BAR" í rúmlega fjögur ár hafi merkið öðlast markaðsfestu og þar með vörumerkjarétt án skráningar skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki. Í því sambandi megi einnig benda á ákvæði 2. mgr. 2. gr. laganna, en telja megi ótvírætt, að „Marzi/BAR" sé almennt þekkt sem auðkenni á vöru frá stefnda, sem framleiði flokk vöru með heitum, sem öll enda á „bar." Hafi vörumerki stefnda því einnig af þeirri ástæðu náð þeirri markaðsfestu, að það njóti verndar samkvæmt vörumerkjarétti.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að þar sem stefnandi hafi ekki höfðað mál þetta fyrr en fjórum árum eftir að stefndi hóf notkun merkis síns, geti stefnandi ekki komið í veg fyrir, að stefndi fái að nota merki sitt „Marzi/BAR", sbr. ákvæði a-liðar 9. gr. laga nr. 47/1968.

Af hálfu stefnda er bent á, að við athugun á norrænni réttarframkvæmd komi í ljós, að heimiluð hafi verið skráning á ýmsum vörumerkjum fyrir súkkulaðivörur, sem líkist vörumerki stefnanda meira en merki stefnda líkist því. Hafi þannig verið skráð í Danmörku gegn mótmælum stefnanda heitið „Marbi." Í Danmörku hafi einnig verið skráð „Maxi-Bar," Mexi-Bar og í Finnlandi Maxi-Tupla." Í Noregi hafi verið skráð Max, Maxim, Maxi-Bar og Mazza og Marcia.

Af hálfu stefnda er mótmælt, að hann hafi gerst brotlegur við ákvæði laga um óréttmæta verslunarhætti og ákvæði Parísarsamþykktarinnar. Þá er einnig mótmælt refsikröfu stefnanda, sem fyrst hafi komið fram við munnlegan flutning málsins.

Stefnandi fékk skráð vörumerkið „Mars" nr. 49/1963 fyrir sælgæti í 30. flokki. Stefnandi fékk einnig skráð vörumerkið „Mars" nr. 340/1978 fyrir allar vörur í 29. flokki og vörumerkið „Mars" nr. 341/1978 fyrir allar vörur í 30. flokki. Uppruni orðsins Mars stendur ekki í vegi fyrir því, að stefnandi njóti verndar til notkunar þess samkvæmt reglum vörumerkjaréttar.

Ekki liggur fyrir, að nein mótmæli hafi komið fram gegn merkjum þessum, þótt vitað sé, að hér sé skráð hlutafélagið Marz, sem starfað hefur á allt öðru sviði. Þykir stefndi því ekki geta byggt á því, svo sem vikið var að við munnlegan flutning málsins.

Það er álit dómsins, að fyrri hluti orðs þess, sem stefndi notar fyrir marzipanstangir með súkkulaðihjúp sem hann framleiðir, þ.e. „marzi," líkist svo verulega bæði í töluðu máli og rituðu vörumerki stefnanda „Mars," sem hann hefur fengið skráð, að orðið „Marzi/BAR" sé fallið til að valda ruglingi á vörum, sem aðiljarnir framleiða. Þykir ekki breyta neinu þar um, þótt vörurnar, sem aðiljarnir framleiða nú undir þessum merkjum, séu ólíkar að útliti og innihaldi og þótt umbúðir, sem þeir nota, séu ólíkar.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, verður ekki talið, að merki stefnda hafi öðlast slíka markaðsfestu, að stefndi hafi öðlast rétt til notkunar merkis síns jafnhliða merki stefnanda. Þegar litið er til mótmæla stefnanda gegn skráningu merkisins og málsóknar þessarar verður heldur ekki talið, að stefnandi hafi brugðist of seint við til að hnekkja notkun merkis stefnda.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, brýtur framangreind notkun stefnda á orðinu „Marzi/BAR" í bága við tl. 2, 4 og 6 í 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki og 3. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna, svo og ákvæði síðari hluta 30. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæt viðskipti (sic) og ákvæði 8. gr. Parísarsamþykktar um vernd eignarréttar á sviði iðnaðar frá 20. mars 1883, sbr. lög nr. 102/1961.

Stefnandi hefur krafist þess, að sér verði afhentar umbúðir þær, sem kunna að vera í vörslum stefnda með merkinu „Marzi/BAR" eða að þær verði eyðilagðar. Verður krafa þessi ekki tekin til greina, en í stað þess þykir mega ákveða skv. 41. gr. vörumerkjalaga, að stefnda sé skylt að nema merkið „Marzi/BAR" af vörum þeim, sem hann hefur umráð yfir. Krafa um refsingu kom fyrst fram af hálfu stefnanda við munnlegan flutning

málsins. Var henni mótmælt af hálfu stefnda. Verður krafan ekki tekin til greina við þær aðstæður.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður niðurstaða málsins sú, að stefnda skuli óheimil framangreind notkun á vörumerkinu „Marzi/BAR," og er stefnda skylt að nema merkið af vörum þeim, sem hann hefur umráð yfir.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 7.000.00.

Dóm þennan kváðu upp Guðmundur Jónsson borgardómari og meðdómsmennirnir Knútur Hallsson skrifstofustjóri og Pétur Sigurðsson kaupmaður.

Dómsorð:

Stefnda, Sælgætisgerðinni Mónu hf., er óheimil framangreind notkun vörumerkisins „Marzi/BAR," og er stefnda skylt að nema merkið af vörum þeim, sem hann hefur umráð yfir.

Stefndi greiði stefnanda, Mars Incorporated, kr. 7.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. mars 1984.

Nr. 15/1982. **Einar Gunnarsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Páli Þorgeirssyni & Co.
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 18. janúar 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. s.m. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 13.320.00 krónur með 27% ársvöxtum frá 1. nóvember 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til

1. mars 1980, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Einar Gunnarsson, greiði stefnda, Páli Þorgeirssyni & Co., 11.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Einar Gunnarsson húsgagnasmíðameistari, Háaleiti 38, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 6. júní 1980 á hendur Páli Þorgeirssyni & Co., Ármúla 27 hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.084.000, og matskostnaðar, kr. 248.000, auk 27% ársvaxta frá 1. nóvember 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1980, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Við munnlegan málflutning málsins var fjárhæðum stefnukröfunnar breytt til samræmis við breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils í kr. 10.840.00 og kr. 2.480.00.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst þannig, að í árslok 1977 hafi stefnandi keypt af stefnda 30 plötur af rásuðum furukrossviði. Krossviður þessi sé gerður úr þremur lögum furu, hvert lag 3 mm, er límd séu með U-límí, sem ætlað sé til utanhússnota, en krossviðurinn er seldur sem klæðning til notkunar utanhúss. Hafi stefnandi borið Solignum-fúavarnarefni á krossviðinn og geymt hann á verkstæði sínu fram á næsta sumar. Stefnandi hafi svo notað krossviðinn í júlí og ágúst 1978 til að klæða sumarbústað sinn í landi Efri-Reykja í Biskupstungum. Í ársbyrjun 1979 hafi farið að bera á sprungum í krossviðnum á öllum hliðum bústaðarins nema norðurhlið. Sprungurnar hafi smáaukist fram á vor, þannig að

sprungum hafi fjölgað og þær hafi stækkað. Auk þess hafi krossviðurinn bólgnað og efsta lagið rifnað sums staðar úr límingu. Stefnandi hafi kvartað við stefnda, fyrst munnlega, en síðan skriflega með bréfi hinn 4. júlí 1978. Stefndi hafi hafnað kröfum stefnanda með bréfi, dags. 17. s.m. og talið krossviðinn ógallaðan.

Stefnandi fékk dómkvadda matsmenn til að lýsa krossviðnum og meta kostnað við að bæta úr ástandi sumarbústaðarins.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Indriða Níelssonar húsasmíðameistara og Halldórs Hannessonar byggingaverkfræðings, segir svo um ástand krossviðarins og kostnað við úrbætur á sumarbústaðnum:

„Vettvangsskoðun fór fram 22. september 1979 og voru auk matsmanna boðaðir til hennar Einar Gunnarsson, fulltrúi hjá Páli Þorgeirssyni og Co. og Vilhjálmur Vilhjálmsson.

Til vettvangsskoðunar mættu undirritaðir, auk Einars Gunnarssonar. Skoðaðar voru krossviðarþiljur úr furu, sem sumarhús Einars var klætt með og meta á. Húsið var klætt júlí/ágúst 1978, verkið vann Sigurður Herbertsson, byggingameistari í Keflavík, sem einnig var með í förinni.

Þiljurnar voru þriggja laga furu-krossviðarplötur, sem efnissali (Páll Þorgeirsson og Co.) segir límdar með U-límí (þ.e. límí til utanhússnota). Þykkt laganna er 3 mm eða alls 9 mm þykkt á plötunum sjálfum. Yzta lagið er rásað með ca. 10 cm millibili. Á þremur hliðum hússins, þ.e. austur, vestur en þó mest áberandi á suðurhlið er krossviðurinn sprunginn, þannig að rifur hafa myndast með nokkurra mm millibili. Þetta sést varla á norðurhlið hússins og ekki efst á suðurhlið, þar sem komið er upp fyrir þakbrúnina, en hún skagar nokkuð niður og út fyrir efsta hluta veggjarins. Á stöku stað hefur yzta lagið í krossviðnum lyft sér frá næsta lagi, þ.e.a.s. rifið sig úr límingunni. Þar sem sprungurnar eru stærstar, ber á því, að ræman á milli þeirra verpist.

Efnið keypti Einar í byrjun ársins 1978 af Páli Þorgeirssyni og Co. og fór þá með það á verkstæði sitt í Keflavík, bar á það Solignum fúavarnarefni að utan og innan. Síðan var efnið geymt á verkstæðinu, þar til í júlí 1978, að það var neglt á húsið og síðan málað með brúnni málningu.

Einar telur sig hafa keypt efnið sem vatnsþolinn utanhússkrossvið, en sama dag keypti hann einnig aðra tegund af krossviði fyrir Sigurð Herbertsson, sem negldi þann krossvið á sitt sumarhús, sem stendur við hlið húss Einars og var það hús klætt á sama tíma og hús Einars. Enga galla er að sjá á þeirri klæðningu. Hún er af annarri gerð, þ.e.a.s. önnur viðartegund í yzta lagi krossviðarins. Einar segist um 20 ára skeið hafa keypt það, sem hann kallar vatnsþolinn utanhússkrossvið af Páli Þorgeirssyni og Co. og aldrei fyrr hafa orðið var við galla á honum. Það efni hefur hann m.a. notað í klæðningar á sumarhús, í útihurðir o.s.frv.

Samkvæmt upplýsingum sölumanns Páls Þorgeirssonar og Co. er þessi krossviður framleiddur af Vänerskog í Svíþjóð, hann er gerður úr þremur 3ggja mm furulögum, sem límd eru með U-límí eins og fyrr segir, efnið ekki varið eða meðhöndlað sérstaklega, en þiljurnar seldar sem klæðning til utanhússnota.

Að lokinni skoðun og að fengnum upplýsingum um þennan krossvið og með samanburði við það, sem almennt má segja um krossvið, gerum við eftirfarandi

MATSGJÖRÐ

1) Krossviður er þannig framleiddur, að límdar eru saman 3 eða fleiri tréþynnur. Þynnurnar eru skornar úr tréstofnum eftir tveimur aðferðum. Við fyrri aðferðina eru skornar þunnar sneiðar af bolnum og fást þá þynnur, sem hafa sömu lengd og bolurinn og breidd eins og þykkt bolsins, þar sem hnífurinn fer í gegn.

Þessar þynnur eru flatar og hafa ekki tilhneigingu til að „rúlla sig upp". Hin aðferðin er sú, að trjábolurinn er spenntur upp einsog á rennibekk og síðan snúið móti hnífsegg, sem sífellt færist nær miðju bolsins og fást þá þynnur, sem hafa breidd á við lengd bolsins, en eru mjög langar. Vegna lögunar bolsins eru þessar þynnur ekki alveg flatar, þegar þær koma undan hnífnum og þessi innbyggði krappi verður því meiri, sem bolurinn er grennri.

Þynnur framleiddar með seinni aðferðinni eru notaðar í krossviðarklæðningar eins og her um ræðir, enda ódýrari en þær fyrrnefndu, sem notað eru til fínna brúks og við húsgagnasmíði.

Þegar þynnurnar eru sléttaðar (pressaðar), er hætta á að sprungur eða rifur vilji myndast á þeirri hliðinni, sem var nær bolmiðjunni við skurðinn. Því grennri, sem bolurinn er, þeim mun meiri hætta er á að þynnurnar rifni og þykkar þynnur rifna frekar en þunnar miðað sama sverleika bols. Til þess að hindra þetta eru þynnur skornar af grönnum bolum hafðar mjög þunnar, enda þótt ódýrara sé við plötuframleiðsluna að hafa lögin fá og þykk.

Af 30-40 cm þykkum furutrjábolum (Norðurlönd), eru gjarnan skornar ca 1½ mm þykkar þynnur, af 50-150 ca (U.S.A.) bolum 2½-5 mm þykkar. Við límingu í krossvið á að gæta þess, að yzta þynnan í krossviðnum snúi hliðinni, sem vissi inn á við í bolnum, inn á við í krossviðarplötunni líka, til þess að sprungur, sem kunna að myndast við sléttun þynnunnar snúi frekar inn en út.

Krossviðurinn, sem hér um ræðir, er samanlímdur af fremur þykkum þynnum eða 3 mm, Sprungurnar sem í honum sjást, teljum við stafa af því, að krappinn á þynnunni hafi verið meiri en þykkt hennar leyfði,

þ.e. of þykkt efni skorið af of grönnum bol. Síðan er engu líkara en rangri hlið hafi verið snúið út við límingu yzta lagsins. Sú tilgáta skýrir, hvers vegna ræmurnar milli rifanna leitast við að verpast með jaðrana (sic) út á við. Þetta getur líka skýrt, hvar þessara rifa gætir á húsinu. Þær eru eingöngu þar sem sól nær að skína á þiljurnar. Vegna þess að húsið er málað í dökkum lit, gætir áhrifa sólskinsins enn meira en ella. Við hitunina myndast spennur í þynnunni og tréð leitast við að fara í sitt upprunalega form, en er haldið föstu með límingunni. Rifurnar hafa verið komnar í þynnuna strax við framleiðsluna en þá verið mjög fínar og illsjáanlegar. Nú verpist ræman milli rifanna og við það verða rifurnar áberandi. Við teljum að meðhöndlun og meðferð Einars Gunnarssonar á þiljunum, þ.e. viðarvörn og málning sé í alla staði í samræmi við góðar fagmannlegar venjur og því ekki hægt að rekja þessa ágalla til aðgerða eða aðgerðarleysis af hans hálfu.

Það skal tekið fram, að algengt er að furukrossviðarplötur hafa fíngerðar rifur í yfirborðslagi. En þær eiga ekki að hafa tilhneigingu til þess að stækka og opna sig eins og hér hefur gerzt, þegar vönduð vinnubrögð af hálfu Einars Gunnarssonar við meðhöndlun þiljanna eru höfð í huga, nema til komi gallar í framleiðslu plötunnar eins og leidd hafa verið rök að hér að framan.

2) Við teljum, að ekki sé hægt að bæta þá galla, sem eru á þiljunum, svo viðunandi sé. Helzt kæmi til greina yfirferð með einhverju fyllandi efni, t.d. tjörgun, en fyrir sumarhús getur það ekki talizt fullnægjandi lausn.

Eftir stendur þá aðeins sú lausn að endurklæða húsið með gallalausum krossviðarþiljum, sbr. húsið við hliðina á húsi Einars, þ.e. hús Sigurðar Herbertssonar. Það hús er jafn gamalt, klætt á sama tíma og sér hvergi neina galla á. Er þá miðað við, að nýja klæðningin sé negld utan á þá gömlu, þétt með körmum og listum við glugga, dyr og hornlista með siliconkítti og nýja klæðningin síðan máluð. Kostnaður við þetta verk, að meðtöldum efnis- og flutningskostnaði auk uppihaldskostnaðar meðan á verkinu stendur reiknast okkur vera kr. 1.084.000,-. Ein milljón áttatíu og fjögurþúsund 00/100.

Nánari sundurgreiningu kostnaðarútreikninga er að sjálfsögðu unnt að fá hjá matsmönnum, sé þess óskað."

Stefnandi, Einar Gunnarsson, hefur skýrt svo frá, að hann hafi um árabil keypt krossvið hjá stefnda. Hafi hann notað krossviðinn á sumarbústaði, sem hann hafi smíðað fyrir ýmsa aðilja og hafi aldrei neitt komið fyrir þann krossvið. Muni sá krossviður hafa verið úr oregone pine. Er hann keypti umræddan krossvið á sumarbústað sinn, hafi hann einnig keypt krossvið á sumarbústað Sigurðar Herbertssonar, sem sé þarna næsti bú-

staður. Hafi krossviðurinn á bústað Sigurðar verið úr austurlensku efni, en Einar kveðst hafa ætlað að nota betri gerð krossviðar á sinn bústað. Sé hann úr furu og sé heldur dýrari. Kveðst hann hafa skoðað krossviðinn sérstaklega, er hann keypti hann, og hafi hann litið vel út. Hafi hann litið betur út en annað efni, sem hann hefur séð. Einar kveðst hafa farið með krossviðinn á verkstæði sitt, strax eftir að hann keypti hann. Þar hafi hann verið geymdur á góðum stað við vanalegan hita, stofuhita. Þarna hafi verið borið á krossviðinn solignum tvisvar að framan, en efni þetta sé þunnt og ljósgrátt að lit og sé frá Kristjáni Skagfjörð hf. Á bakhlið krossviðarins hafi hann borið einu sinni pinotex. Einar kveðst hafa orðið var við fínar sprungur í krossviðnum, eftir að búið var að klæða sumarbústaðinn með honum. Hafi hann strax rætt við Pál Þorgeirsson um það. Páll hafi sagt sér síðar, að hann hefði farið austur og athugað þetta og hafi hann talið, að þetta væri smekksatriði. Einar kveðst hafa borið þykkara solignum á krossviðinn, eftir að hann varð var við sprungurnar. Hafi efni þetta verð architectural solignum og hafi hann talið, að það myndi frekar loka rifunum, en það hafi ekki gerst. Kveðst Einar svo hafa skrifað Páli bréf af þessu tilefni. Einar kveður ástand krossviðarins hafa versnað mikið, eftir að matsmenn skoðuðu hann. Sé hann allur orðinn vatnssósa, sprunginn og rifinn og hafi hann bólgnað og losnað úr neglingu. Kveðst hann telja útilokað að beita þeirri aðferð til úrbóta, sem matsmenn gera ráð fyrir, heldur verði að rífa allt af húsinu, klæða það að nýju og setja nýjar áfellur á glugga og horn.

Páll Þorgeirsson, einn af eigendum stefnda, hefur skýrt svo frá, að krossviður sá, sem stefnandi keypti á sumarbústað sinn, hafi verið utanhússkrossviður, sem keyptur hafi verið til landsins frá Svíþjóð. Muni krossviður frá þessum framleiðanda hafa verið fluttur inn af fyrirtækinu allt frá árinu 1976 og hafi ekki áður borist kvartanir út af honum. Krossviður þessi sé utanhússkrossviður, ætlaður til klæðningar utanhúss. Hann sé límdur saman með vatnsheldu lími, en hljóti ekki sérstaka meðferð frá hendi framleiðanda. Hann kveður krossvið framleiddan með tveimur aðferðum, skræld ur eða flatskorinn. Krossviður sá, sem hér er fjallað um, hafi verið skræld ur. Þá kveður Páll ekki sama, úr hvaða viði krossviður sé búinn til. Hér sé um að ræða krossvið úr norðurlandafuru og sé eðlilegt, að sprungur komi fram á yfirborðinu. Páll kveður það hafa verið í júnímánuði 1979 sem stefnandi hafi rætt við sölumann stefnda um, að eitthvað væri athugavert við krossviðinn. Kveðst hann hafa ritað stefnanda bréf, þar sem fram hafi komið, út af hverju hafi verið kvartað. Formleg kvörtun muni svo hafa borist í júlí, en ekki kveðst Páll minnast þess að hafa fengið bréf frá stefnanda. Páll kvaðst hafa farið austur og skoðað krossviðinn og hafi sér virst þetta líta öðruvísi út en stefnandi hafi lýst því. Telji hann, að kross-

viðarplöturnar hafi verið negldar of þétt og hafi þær losnað frá, þegar vatn hafi gengið inn í þær og þrútnað út. Hafi hann séð, að naglar höfðu gengið út á nokkrum stöðum. Hins vegar hafi hann ekki séð, að krossviðurinn sjálfur hafi losnað í sundur. Páll kveður ekki vera gefnar sérstakar leiðbeiningar af hálfu stefnda um, hvaða meðferð krossviður skuli hljóta, því gengið sé út frá, að iðnaðarmenn, sem noti viðinn, viti, hvernig eigi að fara með svona efni. Sé það frekar þeirra að óska eftir upplýsingum. Krossvið eins og þennan þurfi að verja raka með því að bera á hann viðeigandi efni. Eitt af þessum efnum sé solignum, en ef architectural solignum sé notað, en það sé þykkt efni, verði að bera fyrst á annað efni, til þess að hitt bindist. Páll kveðst ekki telja nóg að bera fúavarnarefni á krossviðinn, því það varni ekki að raki gangi inn í hann. Ef stefnandi hafi ekki borið rakavörn á krossviðinn fyrr en ár var liðið, frá því hann var settur á sumarbústaðinn, þá hljóti raki að hafa gengið inn í krossviðinn, því hann hafi þá verið óvarinn allan þann tíma.

Matsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerð sína.

Matsmaðurinn Halldór Hannesson skýrði jafnframt svo frá, að það sem fram kemur í matsgerðinni um meðferð stefnanda á efninu og ályktanir, sem af því eru dregnar sé samkvæmt upplýsingum stefnanda og samkvæmt því, sem þeir matsmennirnir hafi séð við athuganir sínar. Kveður Halldór algengt að sjá örfínar rifur á svona krossviði og hafi hann nánast sjaldan séð krossvið, sem ekki eru í örfínar rifur. Þá kveður hann hugtakið vatnsvarinn og vatnsþolinn krossviður aðeins eiga við um, að vatnþolið lím sé notað til að líma krossviðinn saman. Krossviðurinn sjálfur fái ekki sérstaka meðferð. Hann sé eins og hvert annað timbur, sem þurfi að fara með sem slíkt og þurfi að hindra, að springi, eða verja gegn raka. Þurfi allur krossviður, sem nota eigi utan dyra, að fá vörn gegn raka á sama hátt og annað timbur. Sé þar um að ræða vörn gegn fúa og gegn því, að viðurinn drekki í sig vatn og gefi það frá sér aftur. Gegn fúa séu notuð fúavarnarefni, en málning sé notuð til að halda vatni frá viðnum. Gallinn á krossviðnum, sem hér er fjallað um, sé, hvernig sprungurnar í honum hafi orðið til, og leiði þeir matsmennirnir getum að því í matsgerð sinni. Telji hann fyrri ástæðuna, sem nefnd sé í matsgerðinni, sennilegri.

Matsmaðurinn Indriði Níelsson kvað frásögnina í matsgerðinni um meðferð á krossviðnum í sumarbústað stefnanda og Sigurðar Herbertssonar vera byggða á upplýsingum þeirra. Varðandi það atriði í matsgerðinni, að rifurnar í krossviðnum hafi verið komnar í þynnuna strax við framleiðslu, en verið mjög fínar og illsjáanlegar, kveður Indriði þetta hafa komið fram við það, að málning, sem borin hafi verið á, hafi runnið inn í raufarnar.

Vitnið Haraldur Ágústsson húsgagnasmiður kveðst vera sjálfmenntaður í viðarfræði. Kveðst hann um fjölda mörg ár hafa verið tæknilegur ráðu-

nautur Rannsóknastofnunar iðnaðarins og annarra opinberra stofnana í viðargreiningum. Kveðst hann að beiðni fyrirsvarsmanns stefnda hafa rannsakað hluta af krossviðarplötu, sem lögð hefur verið fram í málinu. Hafi hann komist að þeirri niðurstöðu, að þekjuspónn krossviðarins snúi rétt, þ.e. að sú hlið á spæninum (rangsíðan) sem snúið hafi að merg trésins, sé límd á millilagið. Kveður hann rangsíðu þá hlið nefnast á spæni, sem skorin sé frá spónbolnum, og séu í henni oftast spónrifur (sprungur) sem m.a. stafi af því, að spæninum hafi verið flett utan af spónbolnum. Verði hringskorinn spónn fyrir mikilli yfirborðsspennu vegna sólarhita, ofþurrkun o.fl., geti spónrifurnar opnast út í yfirborð viðarins. Haraldur kveður gæði þekjuspóns fara eftir því, hvaðan hann er skorinn úr viðarbolnum. Ef hann sé skorinn utan til úr viðarbolnum, þurfi að rétta hann minna út. Geti því spónrifur, sem myndist, þegar spóninn er skorinn, geta orðið stærri eftir því sem innar er komið í viðarbolinn (sic). Þessar sprungur liggi þó aldrei nema grunnt. Kveðst hann ekki geta sagt um, hvaðan þekjuspónninn er skorinn í krossviði þeim, sem hér er fjallað um. Haraldur kveður breytingar geta orðið á viði við það, að viðarjafnvægisrakinn breytist. Við athugun á umræddum krossviði sjáist, að sumar sprungurnar liggi alveg í gegnum tréð, að en aðrar liggi ofan frá og inní miðju. Telji hann, að krossviðurinn hafi verið geymdur á of þurrum stað, áður en fúavarnarefnið var borið á hann. Kveðst hann telja mjög varhugavert að geyma inni við mikinn þurrk krossvið, sem nota á úti, og fara síðan skyndilega með hann út í mikinn raka. Breyti engu um, þótt fúavarnarefni eða rakavarnarefni séu borin á, því þau drekki viðurinn í sig, en þau loki viðnum ekki. Til þess þurfi önnur efni, t. d. málningu, en einstök fúavarnarefni muni vera til, sem loki viðnum.

Krafa stefnanda er byggð á því, að krossviður sá, sem stefnandi keypti hjá stefnda, hafi verið haldinn göllum, sem hafi valdið því, að krossviðurinn hafi verið óhæfur til þeirra nota, sem hann er ætlaður. Hafi krossviðurinn ekki fullnægt þeim kröfum, sem gera megi til slíkrar vöru. Krossviðurinn hafi verið seldur til utanhússnota og hafi stefnandi ætlað að klæða sumarbústað sinn með honum. Er því haldið fram, að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna staðfesti, að sprungur hafi myndast í yfirborði krossviðarins og stafi það af því, að krappinn á þynnunni sem myndar ytra lag krossviðarins, sé meiri en þykkt hennar leyfi, þ.e. of þykkt efni hafi verið skorið af of þunnum bol. Einnig virðist svo sem rangri hlið þynnunnar hafi verið snúið út við límingu ysta lagsins. Stefnandi hafi geymt krossviðinn við forsvaranlegar aðstæður og hafi hann ekki getað ofþornað. Jafnframt hafi hann rakavarið krossviðinn í samræmi við fagmannlegar venjur. Ef krossviðurinn hafi verið ógallaður, hafi meðferð stefnanda á honum ekki átt að breyta neinu. Hafi þessum niðurstöðum matsgerðarinnar ekki

verið hnekkt. Er því haldið fram, að útilokað hafi verið að sjá þessa galla og sannreyna þá, fyrr en efnið var tekið í notkun. Hafi gallarnir ekki komið fram á krossviðnum, fyrr en krossviðurinn hafði verið á bústaðnum um nokkurt skeið. Hafi stefnandi borið upp kvörtun við stefnda án ástæðulauss dráttar, eftir að gallarnir komu í ljos. Er því haldið fram, að krossviðurinn hafi verið gallaður samkvæmt 2. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 43. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Er því einnig haldið fram, að ákvæði 54. gr. laganna standi ekki í vegi fyrir því, að krafa stefnanda verði tekin til greina, enda hefjist frestur samkvæmt því ákvæði ekki, fyrr en seldur hlutur er tekinn til þeirrar notkunar, sem hann er ætlaður til, í máli þessu, er krossviðurinn var negldur á sumarbústað stefnanda. Þá er því haldið fram, að jafnvel þótt ákvæði þessu verði beitt, þá fyrnist aðeins krafa um endurgjald fyrir krossviðinn, en hins vegar fyrnist ekki krafa stefnanda vegna tjóns hans af því að treysta á hið gallaða efni, en þar sé um að ræða efni og vinnu við að klæða sumarbústaðinn að nýju.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram, að á síðari tímum hafi rutt sér til rúms viðtækari réttarreglur um ábyrgð framleiðanda og kaupmanna á framleiðslu- og söluvörum þeirra. Samkvæmt þeim beri framleiðandi og seljandi vöru ábyrgð á skaðlegum eiginleikum vöru. Var því einnig lýst yfir af hálfu stefnanda, að hann byggi kröfur sínar í málinu einnig á þessum réttarreglum.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda er byggð á matsgerð matsmannanna. Er jafnframt gerð sérstök krafa um kostnað, sem stefnandi hafi orðið fyrir við framkvæmd matsins.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að krossviður sá, sem stefnandi keypti af stefnda í árslok 1977, hafi ekki verið haldinn neinum þeim göllum er leiði til skaðabótaábyrgðar stefnda. Auk þess er sýknukrafa stefnda byggð á því, að hafi skaðabótaábyrgð verið fyrir hendi þá seu hún fallin niður vegna fyrningar skv. ákvæðum 54. gr. laga um lausafjárkaup, en það hafi verið í júnímánuði 1979, sem stefnandi hafi kvartað munnlega.

Er því haldið fram af hálfu stefnda, að allur krossviður springi nokkuð og hafi stefnanda mátt vera það ljóst, en hann sé trésmiður og hafi því sérþekkingu á þessu sviði. Hins vegar hafi meðferð stefnanda á krossviðnum valdið því, að hann hafi sprungið meira en ella. Frá því að stefnandi keypti krossviðinn og þar til hann klæddi sumarbústað sinn með honum, hafi hann geymt krossviðinn á verkstæði sínu. Hins vegar sé rangt að geyma inni á verkstæði krossvið, sem nota á til klæðningar úti, því inni á verkstæðum sé allt annað hitastig en þar sem nota á krossviðinn. Geymsla krossviðarins við þessar aðstæður hafi verið óforsvaranleg og hafi hún haft í för með sé ofþornun viðarins og sprungumyndun. Þá er því haldið fram, að krossviðurinn hafi fengið ófullnægjandi rakavörn, áður en hann var

settur á sumarbústaðinn. Sé komið í ljós, að stefnandi hafi borið á hann fúavarnarefni í stað rakavarnarefnis. Þegar svo krossviðurinn hafi verið kominn á bústaðinn, hafi hann blotnað og dregið í sig meiri raka en ella vegna ofþornunar. Hafi þá verið of seint að bera á hann rakavarnarefni, svo sem stefnandi hafi gert. Sé einnig á það að líta, að það hafi verið gert, áður en viðurinn hafi fengið að þorna, og hafi þá lokast inni í krossviðnum raki, sem valdið hafi því, að krossviðurinn hafi bólgnað og negling hans losnað. Í því sambandi sé ljóst, að krossviðurinn hafi verið negldur of þétt. Er því haldið fram, að ekki verði byggt á matsgerðinni í málinu. Ályktun matsmannanna, sem byggð sé á meðferð þeirri, sem krossviðurinn sætti hjá stefnanda, sé byggð á frásögn hans sjálfs. Þá sé komið fram, að ekki standist sú tilgáta þeirra, að þekjuspónn í krossviðnum snúi rangt. Þá sé það einungist tilgáta matsmannanna, að spónninn sé of krappur, þ.e. of þykkur spónn skorinn af of grönnum bol.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að reglur um framleiðsluábyrgð, sem ætlað er að gilda gagnvart þriðja manni, verði beitt um atvik máls þessa. Um þau gildi ákvæði laga um lausafjárkaup, sem enn séu í fullu gildi.

Álit dómsins.

Í málinu er deilt um það, hvort krossviður sá sem stefnandi keypti af stefnda 22. desember 1977 og hann klæddi sumarbústað sinn, hafi verið haldinn göllum.

Verður að telja, að skipti aðiljanna fari eftir ákvæðum laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, en ekki verði beitt sérreglum um ábyrgð á skaðlegum eiginleikum söluhluta, svo sem haldið er fram af hálfu stefnanda. Stefnandi hefur lýst því, að hann hafi flutt krossviðinn í verkstæði sitt, er hann keypti undir árslok 1977, og borið á hann solignum, sem hafi verið þunnur vökvi. Hann hafi svo geymt krossviðinn á verkstæði sínu, þar sem muni vera stofuhiti, þar til krossviðurinn var settur á sumarbústaðinn í júlí eða ágúst 1978. Hafi hann síðan borið þykkara solignum á krossviðinn, er hann hafi orðið var við sprungur í honum. Stefnandi bar svo fram kvörtun við stefnda í júnímánuði 1979. Var þá liðið meira en eitt ár, frá því stefnandi fékk krossviðinn afhentan hjá stefnda. Samkvæmt ákvæðum 54. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 verður því að telja, að þá hafi verið fallin niður krafa, sem stefnandi kann að hafa átt á hendur stefnda vegna ætlaðra galla á krossviðnum, en ekki er fram komið, að stefndi hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð á krossviðnum, og ekki er haldið fram, að beitt hafi verið svikum.

Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Málskostnaður fellur niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara og Ægi Ólafssyni stórkaupmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Páll Þorgeirsson & Co., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Gunnarssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudagur 8. mars. 1984.

Nr. 3/1983. **Freygerður Kristjánsdóttir**
Ingibergur Þorkelsson og
Kórund h/f
(Stefán Pálsson, hrl.)
gegn
Jóni Oddssyni
og gagnsök
(sjálfur)

Víxilmál. Afsagnarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefndu 5. janúar 1983. Dómkröfur þeirra í aðalsök eru þær, að þeim verði einungis gert að greiða höfuðstól þeirra víxla, er greinir í héraðsdómi, og gagnáfrýjanda verði gert skylt að afhenda þeim tryggingarbréf, útgefið 2. desember 1980, tryggt í Kirkjuteigi 5, Reykjavík.

Þá verði gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í gagnsök krefjast aðaláfrýjendur sýknu af öðrum kröfum, en greiðslu höfuðstóls stefnufjárhæðar í héraði.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1983.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðaláfrýjendur Freygerður Kristjánsdóttir og Kórund h/f verði dæmd til að greiða sér in solidum 55.000.00 krónur með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 11. október 1982 til 1. nóvember 1982, 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. nóvember 1982 til 21. október 1983, 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. október 1983 til 21. nóvember 1983, 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. nóvember 1983 til 21. desember 1983, 3,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. desember 1983 til 21. janúar 1984, en 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. janúar 1984 til greiðsludags og 66.00 krónur í afsagnarkostnað.

Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi Kórund h/f verði dæmd til að greiða sér 80.000.00 krónur með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 11. október 1982 til 1. nóvember 1982, 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. nóvember 1982 til 21. október 1983, 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. október 1983 til 21. nóvember 1983, 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. nóvember 1983 til 21. desember 1983, 3.25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. desember 1983 til 21. janúar 1984, en 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 21. janúar 1984 til greiðsludags og 132.00 krónur í afsagnarkostnað.

Enn krefst gagnáfrýjandi þess, að staðfestur verði veðréttur gagnáfrýjanda á annarri hæð hússins nr. 5 við Kirkjuteig hér í borg, eign aðaláfrýjanda Ingibergs Þorkelssonar, til tryggingar ofangreindum upphæðum auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, allt samkvæmt tryggingarbréfi, útg. 2. desember 1980 f.h. Kórund h/f, en árituðu um veðleyfi af eiganda.

Loks krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjendum, Freygerði Kristjánsdóttur, Ingibergi Þorkelssyni og Kórund h/f, verði gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er ranglega vitnað til 207. gr., 2. mgr., laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði í stað 208. gr., 2. mgr., sömu laga.

Er hinir umstefndu víxlar voru afsagðir í þeim bönkum, þar sem þeir voru vistaðir, voru aðaláfrýjendur eigi staddir þar. Þeir gátu því ekki vitað, að víxlarnir hefðu verið sýndir þar til greiðslu. Þá vitneskju fengu þeir þá fyrst er innheimtubréf gagnáfrýjanda kom til vitundar þeirra.

Er aðaláfrýjendur fengu innheimtubréf gagnáfrýjanda í hendur, neyttu þeir eigi réttar síns, sbr. 39. gr. víxillaga nr. 93/1933, til að greiða höfuðstól víxlanna og láta síðan á það reyna, hvort þeim bæri einnig að greiða innheimtulaun og vexti. Vanskil aðaláfrýjanda eru því veruleg, og breytir ágreiningur þeirra um greiðslu vaxta og innheimtulauna þar engu um.

Með þessum athugasemdum og öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, er leiðir af vaxtakröfubreytingu gagnáfrýjanda, svo og því, að afsagnarkostnaður er ekki tekinn til greina, sbr. 46. gr., 3. mgr., víxillaganna, þar sem allir víxlanna báru áletrunina „án afsagnar".

Eftir þessum málalokum verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 30.000.00 krónur, og skiptist svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að afsagnarkostnaður er ekki tekinn til greina, og dráttarvextir af tildæmdum víxilfjárhæðum skulu reiknast 4% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 11. október 1982 til 1. nóvember s.á., 5% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. október s.á., 4.75% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 4% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. desember s.á., 3.25% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 2.5% dráttarvextir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur, Freygerður Kristjánsdóttir, Ingibergur Þorkelsson og Kórund h/f, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Jóni

Oddsyni, 10.000.00 krónur, en aðaláfrýjandi Kórund h/f greiði einn gagnáfrýjanda 20.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Staðfestur er veðréttur gagnáfrýjanda í annarri hæð hússins nr. 5. við Kirkjuteig í Reykjavík, eign aðaláfrýjanda Ingibergs Þorkelssonar, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum, allt skv. tryggingarbréfi, útgefnu 2. desember 1980 f.h. Kórund hf, en árituðu um veðleyfi af eiganda.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Er aðaláfrýjendur hafa fullnægt dómi þessum, ber gagnáfrýjanda að afhenda þeim tryggingarbréf að fjárhæð 13.500.000 gamlar krónur, útgefið f.h. aðaláfrýjanda Kórund h/f 2. desember 1980, tryggt með 10. veðrétti í 5 herbergja íbúð á 2. hæð hússins nr. 5 við Kirkjuteig í Reykjavík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, þinglesinni eign aðaláfrýjandans Ingibergs Þorkelssonar.

Dómur bæjarþings Reykavíkur 15. desember 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 13. desember sl., hefur Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður, nnr. 5173-1867, Garðastræti 2, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. október sl., á hendur Freygerði Kristjánsdóttur, nnr. 2376-6299, Kirkjuteigi 5, Reykjavík, og Ingibergi Þorkelssyni, nnr. 4581-5749, sama stað, báðum persónulega og f.h. hlutafélagsins Kórund, nnr. 5690-2007, í Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur: „Að stefndu, Freygerður Kristjánsdóttir og Kórund h.f. verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda kr. 55.000.00 auk 4% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. október 1982 til greiðsludags, kr. 66,00 í afsagnarkostnað svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., að mati virðulegs réttar.

Að stefnda Kórund h.f. verði dæmd til að greiða stefnanda, kr. 80.000,00 auk 4% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. október 1982 til greiðsludags, kr. 132,00 í afsagnarkostnað svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. að mati virðulegs réttar.

Að stefndu Kórund h.f. og stefnda, Ingibergi Þorkelssyni verði gert að þola með aðfararhæfum dómi viðurkenningu á veðsetningu 5 herb. íbúðar á 2. hæð hússins nr. 5 við Kirkjuteig í Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðar-

réttindum, þinglesin eign stefnda Ingibergs (telst 33% alls hússins), skv. tryggingarbréfi útgefnu 2. desember 1980 af stefndu Kórund h.f. með árituðu veðleyfi stefnda Ingibergs sama dag, nr. 27846/1980, en eignin er þar veðsett með 10. veðrétti, en er nú á 6. veðrétti, til tryggingar greiðslu ofangreindra dómkrafna þ.e. samtals kr. 135.000,00 auk dráttarvaxta og alls kostnaðar og auk þess er gerð krafa in solidum á stefndu til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. að mati virðulegs réttar."

Stefndu hafa látið sækja þing og gert þær dómkröfur, að Kórund h.f. greiði aðeins víxilupphæðirnar og afsagnarkosntað, en hvorki dráttarvexti né innheimtu eða málskostnað. Einnig að tryggingarbréfið verði afhent Kórund h.f. til aflýsingar, þegar víxlarnir hafa verið greiddir.

Sátt hefur verið reynd í dóminum án árangurs.

Stefnandi byggir málsókn sína á því, að hann sé handhafi þriggja víxla auk tryggingarbréfs. Víxlarnir séu samtals að fjárhæð kr. 135.000.00 og allir á gjalddaga við sýningu, en tryggingarbréfið sé til tryggingar greiðslum víxlanna. Tveir víxlanna séu útgefnir og ábektir af Ólafi Úlfarssyni, Mávanesi 2, Garðabæ, 6. september í Reykjavík árið 1982 og báðir á gjalddaga við sýningu og séu þeir að fjárhæð kr. 60.000.00 og kr. 20.000.00, eða samtals kr. 80.000,00. Útgefandi hafi fallið frá afsögn á víxlunum. Báðir séu víxlarnir samþykktir f.h. Kórund h.f. af stefndu Freygerði Kristjánsdóttur til greiðslu í Samvinnubanka Íslands h.f., Reykjavík, þar sem þeir hafi verið afsagðir sökum greiðslufalls 7. október 1982. Þriðji víxillinn sé að fjárhæð kr. 55.000.00, útgefinn 6. september 1982, af stefndu Freygerði og framseldur af henni og falli hún frá afsögn. Víxillinn sé á gjalddaga við sýningu og samþykktur af stefndu Freygerði f.h. Kórund h.f. til greiðslu í Sparisjóði vélstjóra í Reykjavík, þar sem víxillinn hafi verið afsagður sökum greiðslufalls 7. október 1982. Veðtryggingarbréfið með víxlunum sé útgefið 2. desember 1980 af stefndu Freygerði Kristjánsdóttur f.h. Kórund h.f. til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á víxilskuldum við handhafa víxla, hvort það er höfuðstóll, dráttarvextir, kostnaður, þ. m. t. innheimtukostnaður hverju nafni sem nefnist, vátryggingargjald, sem veðhafi greiðir, að engu undanskildu, eftir reikningi hans, svo og til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum, í hvaða formi sem sé, sem Kórund h.f., Laugavegi 15, Reykjavík, skuldi eða skulda kunni, allt að fjárhæð kr. 135.000.00 (gkr. 13.500.000) auk dráttarvaxta og alls kostnaðar. Veðsett sé skv. árituðu veðleyfi handhafa 5 herb. íbúð á 2. hæð hússins nr. 5 við Kirkjuteig í Reykjavík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, þinglýst eign Ingibergs Þorkelssonar (33% alls hússins). Eignin sé veðsett með 10. veðrétti næst á eftir tilgreindum veðskuldum á 1.-9. veðrétti. Skv. veðbókarvottorði 6. október 1982 sé umrædd veðsetning nú talin 6. veðréttur. Stefndi Ingi-

bergur áriti tryggingarbréfið um veðleyfi sem þinglýstur eigandi 2. desember 1980. Skjalinu sé þinglýst, skjal nr. 27846/80 hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Stefnandi heldur því fram, að víxlarnir hafi verið sýndir á greislustað, en ekki fengist greiddir og því verið afsagðir. Kórund h.f. sé skrásett hlutafélag í Reykjavík og skráður stjórnarformaður sé stefndi Ingibergur Þorkelsson, sem ásamt Hrafnhildi Jónsdóttur og stefndu Freygerði Kristjánsdóttur hafi sjálfstætt prókúruumboð. Af hálfu stefnanda er vísað til 17. kafla laga 85/1936, laga 93/1933, sbr. 39. gr. laga nr. 19/1947, laga 57/1949, sbr. lög um veð 4. nóvember 1887, 3. gr. laga 32/1978 svo og gjaldskrár L.M.F.Í. Umrædd skjöl hafa verið lögð fram.

Af hálfu stefndu er það viðurkennt, að til séu þrír víxlar, sem svari til lýsingar í stefnu, þótt útgáfudagur víxlanna komi þeim spánskt fyrir sjónir. Á þá víxla sé rituð staðfesting þess, að þeir séu tryggðir með tryggingarbréfi því, sem einnig sé lýst í stefnunni. Þá er á það bent, að í stefnu komi fram, að stefnandi hafi þann 6. október sl. aflað sér veðbókarvottorðs. Þann 7. október sl. séu víxlarnir afsagðir og innheimtubréf til stefnda sé dags. 8. október sl. Í innheimtubréfunum sé krafist greiðslu víxilupphæðanna ásamt vöxtum og kostnaði, kr. 15.071.45. Kórund h.f. hafi þannig ekki gefist kostur á að greiða víxlana án kostnaðar. Ábyrgðar- og hraðbréfi Kórunds h.f., dags. 11. október, hafi stefnandi svarað með útgáfu stefnu 15. október. Bæði Samvinnubankinn og Sparisjóður vélstjóra hafi vottað skriflega, að umstefndir víxlar hafi ekki verið til innheimtu hjá þeim og því hafi engar tilkynningar verið sendar til Kórunds h.f. um víxlana. Fulltrúi borgarfógeta, Þorkell Gíslason, hafi sagt stefndu, að Jón Oddsson hrl. hafi falið sér að sýna víxlana. Það hafi hann gert í afgreiðslusölum bankanna, en síðan afsagt víxlana. Stefndu halda því fram, að fullljóst sé af málavöxtum, að stefnandi hafi ætlað sér að innheimta víxlana með hæstu mögulegur innheimtulaunum og kostnaði og að gefa stefndu ekki kost á öðru.

Álit dómsins.

Í málinu er ekki um það deilt, að Kórund h.f. skuldar höfuðstól umstefndra víxla. Kröfum stefnanda um staðfestingu veðréttar í annarri hæð hússins að Kirkjuteigi 5, Reykjavík, er ekki mótmælt. Afsagnarkostnaður er viðurkenndur. Dómkröfur þessa efnis eru þannig teknar til greina.

Varnir stefndu lúta að greiðslu dráttarvaxta og innheimntu- eða málskostnaðar og varða aðferðir við að halda víxilkröfu í gildi að víxilrétti. Samkvæmt 2. mgr. 207. gr. l. 85/1936 verða varnir þessar hafðar uppi í víxilmáli.

Freygerður Kristjánsdóttir er útgefandi á víxli að upphæð kr. 55.000.00. Með hliðsjón af 44. gr., 3. mgr. in fine, sbr. 44. gr., 2. mgr., er ekkert því í vegi, að víxilhafi láti afsögn og sýningu til greiðslu fylgjast að. Þá

hefur Freygerður Kristjánsdóttir lýst því yfir með áritun á víxilinn, að afsögn hans sé óþörf. Telja verður því, að hún sé ábyrg fyrir greiðslu hans.

Samkvæmt vottorðum Samvinnubanka Íslands og Sparisjóðs vélstjóra voru umstefndir víxlar aldrei til innheimtu í téðum bankastofnunum, en samkvæmt texta víxlanna var umsaminn greiðslustaður tveggja þeirra í Samvinnubankanum, en eins í Sparisjóði vélstjóra. Stefnandi hefur ekki mótmælt þessu. Fallast verður þannig á það með stefndu, að þeim hafi ekki gefist kostur á að greiða víxlana í umsömdum greiðslustöðum. Stefnandi sendi stefndu innheimtubréf, dags. 8. október sl. Þar er þeim tilkynnt afsögn víxlanna.

Með bréfi, dags. 11. október sl., viðurkenna stefndu móttöku þessa bréfs. Stefndu fóru þó ekki á skrifstofu stefnanda og buðu fram greiðslu höfuðstóls víxlanna, en ósannað er, að stefnandi hefði ekki tekið á móti því, sbr. 33. gr. l. 93/1933. Þegar þetta er virt, þykir mega taka dráttarvaxtakröfu stefnanda til greina frá 11. október sl., því stefndu hafa ekki sannað, að þau hefðu þá ekki mátt leysa sig undan víxilábyrgð sinni.

Rétt þykir með tilliti til þessarar niðurstöðu, að stefndu eigi að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn í heild kr. 20.000.00 og skiptist eins og greinir í dómsorði.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu Freygerður Kristjánsdóttir og Kórund h.f. greiði in solidum stefnanda, Jóni Oddssyni hrl., kr. 55.000.00 auk 4% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 11. október 1982 til greiðsludags, kr. 56,00 í afsagnarkostnað og kr. 5.000,00 í málskostnað.

Stefndi Kórund h.f. greiði stefnanda, Jóni Oddssyni hrl., einnig kr. 80.000.00 auk 4% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 11. október 1982 til greiðsludags, kr. 132,00 í afsagnarkostnað og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Dómskuldin greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Staðfestur er veðréttur stefnanda, Jóni Oddssyni hrl., til handa í annarri hæð hússins nr. 5 við Kirkjuteig hér í borg eign stefnda Ingibergs Þorkelssonar til tryggingar ofangreindum upphæðum, allt samkv. tryggingarbréfi, útgefnu 2. desember 1980 f.h. Kórund h.f., en árituðu um veðleyfi af eiganda.

Fimmtudaginn 8. mars 1984.

Nr. 15/1982. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Baldvin Guðmundi Ragnarssyni
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 10. júní 1983. Er málinu einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds refsingu til þyngingar, og krefst ríkissaksóknari að öðru leyti staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Fallið er frá tilvitnun í ákæruskjali til áfengislaga nr. 82/1969.

Verjandi krefst þess aðallega, að ákærði verði sýknaður af kröfu ákæruvalds og sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þ. á m. málsvarnarlaun. Til vara er þess krafist, að refsing verði lækkuð, kröfu um sviptingu ökuréttinda ævilangt verði vísað frá héraðsdómi og sakarkostnaði skipt milli ákærða og ríkissjóðs.

Ágrip máls barst Hæstarétti 10. janúar 1984.

Ákærði var með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. febrúar 1975 sviptur heimild til að öðlast ökuréttindi ævilangt frá birtingu dómsins að telja, og með dómi sama dómstóls 23. apríl 1975 var hann sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja. Samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytis 1. mars 1984, sem fram hefur verið lagt í málinu, var refsingu, dæmdri með fyrri dóminum, fullnægt 1. júní 1977, og lokið var fullnustu refsingar samkvæmt síðari dóminum 28. apríl 1978. Með vísan til þessa hafa dómarnir ítrekunaráhrif, sbr. 71. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með bréfi dómsmálaráðuneytis 18. ágúst 1981 var ákærða veitt heimild til að fá ökuskírteini þrátt fyrir dómana, er hann sætti á árinu 1975, en það hafði eigi verið gefið út. Hann hafði því ekki íslensk ökuréttindi, er hann ók bifreiðinni HLN 970 18. júlí 1981, en það er ákæruefnið í máli þessu. Hann kveðst hafa ekið bifreið-

inni í umrætt sinn í skjóli sænsks ökuleyfis. Ekki liggja frammi fullnægjandi gögn í málinu um, að hann hafi fengið slíkt ökuleyfi.

Samkvæmt framanrituðu og með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og færslu til refsiákvæða. Ákærði ók bifreið ofurölvi og raskaði með því almennu umferðaröryggi og olli spjöllum á farartækjum og öðrum verðmætum. Brot hans er ítrekað. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 45 daga varðhald. Ákærði hefur eigi öðlast ökuleyfi samkvæmt því, sem skýrt var frá hér fyrir dómi. Svo sem greinir í héraðsdómi, er unnt, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, þrátt fyrir orðalag ákæruskjals að svipta ákærða heimild til að öðlast ökuleyfi, og er hafnað kröfu verjanda um frávísun þessa þáttar í kröfugerð ákæruvalds. Ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu á rétti ákærða til að öðlast ökuleyfi, einnig um upphafstíma, eins og hér stendur sérstaklega á. Þá eiga ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 7.500.00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Baldvin Guðmundur Ragnarsson, sæti 45 daga varðhaldi.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttar ákærða til að öðlast ökuleyfi svo og um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Baldurs Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, 7.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 26. mars 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 10. mars sl., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 8. september 1981, „á hendur Baldvin Guðmundi Ragnarssyni, Sólheimum, Vogum á Vatnsleysuströnd, fæddum 30. desember 1953 í Reykjavík, fyrir að hafa, aðfararnótt laugardagsins 18. júlí 1981, ekið bifreiðinni HLN-970, sem skráð er í Sví-

þjóð, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Prestbakka 11 í Reykjavík, á bifreiðina Y-4034, sem stóð mannlaus þar við húsið, viðstöðulaust, sem leið liggur, til Kópavogs, mjög hratt og ógætilega, á bifreiðina R-16029, sem stóð mannlaus á Kársnesbraut, og áfram, án þess að nema staðar, mjög hratt og ógætilega um götur í bænum, þar til ákærði missti stjórn á bifreiðinni og hún valt á Kópavogsbraut.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., 1., 2. og 3. mgr. a-lið 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og 1. mgr. 24. gr. , sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda ævilangt samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 18. júlí 1981, kl. 03:46, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um að bifreiðinni HLN 970 hefði verið ekið utan í bifreiðina Y 4034, Saab 99, þar sem hún stóð mannlaus við hús nr. 11 við Prestbakka.

Lögreglumenn fóru á vettvang og fengu þar upplýsingar um ökumanninn, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Um kl. 03:55 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt um, að framangreindri bifreið hefði verið ekið utan í leigubifreiðina R-16029, þar sem hún stóð kyrrstæð við húsið nr. 90 við Kársnesbraut, á meðan ökumaður hennar var að skila af sér farþega.

Lögreglumenn fóru á vettvang og mættu bifreið ákærða á Skjólbraut. Þeir reyndu að stöðva hana, en án árangurs. Ákærði ók síðan vestur Kópavogsbraut á ofsa hraða, er endaði með veltu á vinstri hlið við hús nr. 99 við Kópavogsbraut.

Í bifreiðinni voru ákærði og einn farþegi, Ásgeir Ásgeirsson, Sunnubraut 44 Kópavogi.

Ökumaður framangreindrar bifreiðar skýrði svo frá hjá lögreglu, að bifreið hans hafi verið kyrrstæð við vegarbrún þar sem hann hafi verið að gera upp við farþega, er bifreið ákærða bar að með miklum hávaða og á mikilli ferð. Honum virtist ákærði sveigja frá bifreið sinni, en án árangurs, þannig að hann ók á hana. Leigubifreiðarstjórinn veitti bifreið ákærða eftirför út Kársnesbraut, þar sem hann missti sjónar á henni. Hann ók þá áfram austur Kópavogsbraut, og er hann nálgaðist Urðarbraut, sá hann ákærða aka suður þá götu á talsvert mikilli ferð austur Kópavogsbraut og síðan upp Skjólbraut.

Vitnið Snorri Þór Tómasson leigubifreiðarstjóri kvaðst hafa ekið niður á Skjólbraut eftir ábendingu annars ökumanns og hafi fjórar eða fimm leigubifreiðar verið þar fyrir og reynt að stöðva bifreið ákærða. Er ákærði

reyndi að aka framhjá bifreið vitnisins, lenti bifreið hans á hlöðnum vegg. Þar sem ákærða tókst að losa bifreið sína, kvaðst vitnið hafa reynt að stöðva akstur hans með því að láta bifreið síns síga að bifreið hans og halda við, en hætt því strax, þar sem ákærði lét ekki segjast. Vitnið kvaðst hafa gætt þess að valda ekki skemmdum og hafi bifreið þess ekkert skemmst, en hins vegar hafi ekki verið hægt að dæma um skemmdir að því er varðaði bifreið ákærða, þar sem hún hafi oltið.

Samkvæmt framburði vitna og ákærða sjálfs ók ákærði bifreið sinni, HLN 970, Volvo árg. 1975, frá Kópavogsbraut 11 og að Prestbakka 11, þar sem kunningjar hans héldu samkvæmi. Með honum var unnusta hans. Fljótlega eftir að þangað var komið, hóf ákærði neyslu áfengis, sem hann kvaðst hafa keypt af leigubifreiðarstjóra, drukkið úr u.þ.b. einni flösku af íslensku brennivíni og orðið ofurölvi, enda illa fyrirkallaður. Um nóttina varð ákærði æstur, er endaði með því, að hann missti áfengisflösku í gólfið, svo að hún brotnaði.

Upp úr þessu hófust stimpingar, en húsráðandi reyndi að koma ákærða út, en hann hafi neitað og barið húsráðanda í andlitið, þó ekki svo fast, að það sæi á honum. Ákærði kvað húsráðanda hafa orðið viðskotaillan, er hann bað um tusku til að þrífa eftir sig. Þá taldi hann, að handalögmálin hafi skapast af því að unnusta hans hafi viljað verða eftir. Eftir þetta kvaðst ákærði hafa misst minnið og ekkert muna eftir ökuferð sinni, en mótmælir henni ekki, þar sem vitnaframburðir bentu til þess, að hann hafi ekið og hann einn hafi haft umráð bifreiðarinnar.

Samkvæmt framburði vitnis, er var farbegi hjá ákærða, fékk það far með honum til Kópavogs. Er ákærði bakkaði bifreið sinni út úr stæði fyrir utan Prestbakka 11, rakst vinstra framhorn bifreiðar hans utan í hægra afturhorn Saab-bifreiðar, er var í stæði við hlið bifreiðar ákærða. Vitnið ætlaði þá út, en ákærði ók af stað á miklum hraða, sem leið lá til Kópavogs. Var hraðinn yfir 100 km miðað við klst., eða eins mikill og hægt var að aka bifreiðinni. Ákærði virtist hafa nokkuð góða stjórn á bifreiðinni nema á Kársnesbraut. Þar sveigði hann of seint frá kyrrstæðri leigubifreið, þannig að hægra framhorn bifreiðar ákærða lenti á vinstra afturhorni leigubifreiðarinnar. Ákærði stöðvaði ekki, heldur hélt áfram og ók að lokum inn á Skjólbraut. Þar reyndu leigubifreiðarstjórar að hindra för hans, og ók einn þeirra bifreið sinni þvert á bifreið ákærða, nokkuð ákveðið, þannig að vitnið fann fyrir höggi. Ákærði komst framhjá, en á Kópavogsbraut missti hann stjórn á bifreiðinni, þannig að hún endastakkst í fyrstu ofan í skurð, hentist síðan yfir steypurör og hafnaði að lokum á hliðinni.

Skemmdir á bifreiðinni R 16029 reyndust þessar: Vinstra afturbretti mjög skemmt; ljósker brotið, og höggvari boginn.

Y 4034: Ákoma á hægra afturbretti.

Um útlit og önnur einkenni ákærða var eftirfarandi getið í skýrslu varðstjóra: Áfengisþefur af andardrætti sterkur; andlit (litarháttur) rjóður; fatnaður velktur-óhreinn; framkoma kærulaus-syfjaður; augu rauð-blóðhlaupin; jafnvægi mjög óstöðugt; málfar þvöglulegt-stamandi.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða umrætt sinn, og með gasgreiningu á súlu reyndist vera 2.83‰ magn alkóhóls í blóði hans.

Niðurstaða.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, framburðum vitna og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að því leyti sem hann mundi eftir atvikum, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsiákvæða. Þykir sú fullyrðing ákærða, að hann hafi haft sænsk ökuréttindi umrætt sinn ekki hagga framgreindri niðurstöðu, enda hefur hann ekki sýnt fram á, að niðurstaða dóms sakadóms Reykjavíkur frá 23. apríl 1975, ævilangri ökuleyfissviptingu, hafi verið breytt, er hann ók hinn 8. júlí 1981. Samkvæmt sakavottorði ákærða var honum ekki veitt ökuleyfi á ný fyrr en mánuði síðar, eða 18. ágúst 1981.

Akærði er sakhæfur og hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

1970 — í Reykjavík: Uppvís að brotum á 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 14.5. '70.

1970 26/11 — Dómur: 8 mán. fangelsi, skb. í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hgl. og áfl. og umfl. Sviptur rétti til ökuleyfis ævil.

1971 30/4 — Dómur: Sakfelldur f. brot á 259. gr. hgl., 25. gr. umfl., en ekki gerð sérstök refsing.

1972 10/2 — Dómur: 10 mán. fangelsi fyrir brot á 259. gr. hgl. og umfl. (Dómar 26/11 '70 og 30/4 '71 dæmdir með).

1972 28/3 — Dómur: Refsing felld niður (hegn.auki) fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hgl., 25. gr. og 1. mgr. 80. gr. umfl.

1971 28/10 — Sátt, 500 kr. sekt f. brot á 21. gr. áfl.

1972 13/12 — Dómur: Sakfelldur f. brot á 259. gr. hgl. og 25. og 27. gr. umfl., en refsing ekki dæmd.

1973 23/10 — Dómur: 8 mán. fangelsi f. brot á 155. gr., 244. og 259. gr., sbr. 20. gr. hgl.

1973 9/10 — Sátt, 500 kr. sekt f. brot á 2. gr. laga nr. 73, 1952.

1974 1/2 — Dómur: 1 mán. fangelsi f. brot á 4., 26., 27., 37., 11. og 18. gr. umfl.

1974 1/2 — Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot g. 231. og 257. gr. hgl. Greiði skaðabætur.

1975 5/2 — Dómur: 45 daga varðhald fyrir brot á 219. gr. hgl. og 25. gr. umfl. Sviptur ökul. ævilangt frá 5.2. '75.
1975 23/4 — Dómur: 4 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. hgl., 259. gr. og 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævil. frá dómsbirt.
1976 3/12 — Dómur: 3 mán. fangelsi f. brot g. 155. gr. hgl.
1978 — Dómur: 4 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. og 259. gr. hgl. og 24. og 27. gr. umfl.
1981 18/8 — Veitt ökuleyfi á ný.

Þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald í 25 daga.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi frá 8. júlí 1981 að telja, en þann dag var honum birt ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda.

Samkvæmt þessu þykir réttara, að krafist hefði verið í ákæruskjali sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi, þar sem ákærði hafði ekki aflað sér réttinda hér á landi þrátt fyrir endurveitingu af hálfu hins háa dómsmálaráðuneytis. Þykir þessi orðalagsmunur þó ekki brjóta svo í gegn 115. grein og 118. grein laga nr. 74/1974, að það haggi framangreindri niðurstöðu.

Með hliðsjón af þessu þykir tilvitnun ríkissaksóknara í ákæruskjali til áfengislaga ekki eiga við.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. grein síðastgreindu laga til þess að greiða allan sakarkostnað.

Sigurberg Guðjónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Baldvin Guðmundur Ragnarsson, sæti varðhaldi í 25 daga.

Ákærði skal frá 18. júlí 1981 að telja sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. mars 1984.

Nr. 40/1982. **Læknaþjónustan s/f**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík
f.h. borgarsjóðs
(Magnús Óskarsson hrl.)

Verklaun. Umboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. febrúar 1982. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 91.651.00 krónu auk hæstu dráttarvaxta frá 1. júní 1981 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að fjárhæð dómkröfu áfrýjanda verði lækkuð.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, er Læknaþjónustan s/f talin hafa verið stofnuð 16. maí 1981 af sérfræðingum og aðstoðarlæknum, sem sagt höfðu upp stöðum sínum við ríkisspítalana, Borgarspítalann og Landakotsspítala í Reykjavík vegna óánægju með launakjör sín og dóm Kjaradóms í kjaradómsmálinu nr. 5/1979: Læknafélag Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Var tilgangur félagsins eftir félagssamningi „að annast sölu læknisþjónustu til sjúkrahúsa og annarra aðila". Stóð félagsstofnunin þannig í beinum tengslum við það, að ætla mátti, að óhjákvæmilegt yrði fyrir sjúkrastofnanirnar að leita til lækna þeirra, sem hætt höfðu störfum, ef unnt ætti að verða að sinna brýnustu þörfum sjúklinga. Eftir sem áður var þó haldið áfram tilraunum til að ná samkomulagi um þann ágreining, sem leitt hafði til uppsagnanna, og tókst það eigi löngu síðar, eða 24. júní 1981. Hurfu læknarnir þá almennt til fyrri starfa. Er ekkert komið fram um, að neins konar samningar

þeirra við Læknaþjónustuna s/f hafi staðið því í vegi, að þeir gætu fyrirvaralaust tekið upp fyrri störf.

Í málinu krefur áfrýjandi, Læknaþjónustan s/f, stefnda um greiðslu fyrir vinnu, er 13 nafngreindir læknar leystu af hendi dagana 18.-22. maí 1981 á Borgarspítalanum í Reykjavík.

Stefndi hafnaði að viðurkenna Læknaþjónustuna s/f sem viðsemjanda sinn um þá læknisþjónustu, sem sýnt var, að leita yrði eftir hjá þeim sérfræðingum og aðstoðarlæknum, sem sagt höfðu upp störfum sem „lausráðnir læknar", svo og að viðurkenna þá gjaldskrá, sem stjórn Læknaþjónustunnar s/f samþykkti og tilkynnti 17. maí. Gat fyrirsvarsmönnum hennar ekki dulist þessi afstaða. Höfðu hvorki fyrirsvarsmennirnir né einstakir læknar réttmæta ástæðu til að líta svo á, að stefndi hefði í orði eða verki fallist á að greiða Læknaþjónustunni s/f fyrir vinnu læknanna samkvæmt umræddri gjaldskrá. Ber í því sambandi að taka fram, að ekki verður með réttu litið svo á, að með áritun sinni á vinnukort læknanna hafi hlutaðeigandi yfirlæknar skuldbundið stefnda til þessa, enda var slíkt ekki á valdi yfirlæknanna.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Því hefur ekki verið haldið fram sem málsástæðu, að áfrýjandi eða aðstandendur hans hafi beitt stefnda nauðung. Kemur það atriði því ekki til úrlausnar.

Mér sýnist dómur meiri hluta dómenda á því byggður, að stefndi hafi neitað að viðurkenna Læknaþjónustuna s/f sem viðsemjanda sinn og að á það sjónarmið sé fallist. Hafi réttarsamband milli aðilja þessara því aldrei komist á.

Eigi eru bornar á það brigður, að yfirlæknar hafi verið um það bærir að gera ráðstafanir, sem tryggðu sjúklingum neyðarþjónustu,

enda gerði stefndi engar ráðstafanir til þess að stöðva gerðir yfirlæknanna. Í máli þessu er ekki deilt um það, hvort yfirlæknar kunni að hafa misnotað heimildir sínar, þannig að beðið hafi verið um meiri eða víðtækari þjónustu en nauðsynleg var. Með verkbeiðnum eða svokölluðum vinnukortum, sem ritaðar voru á eyðublöð, sem greinilega voru merkt áfrýjanda, pöntuðu yfirlæknar þjónustu áfrýjanda, og hefur stefnda ekki tekist að sanna nein þau atvik eða aðstæður, sem geri verkbeiðnir þessar marklausar. Yfirlæknarnir voru bærir um að gera þessar ráðstafanir og bökuðu því stefnda greiðsluskyldu. Hefur stefndi ekki sannað, að reikningur sá, sem er grundvöllur stefnukröfu, sé rangur eða ósanngjarn, enda málið að litlu leyti sótt og varið um það atriði.

Ég tel því, að taka beri til greina dómkröfu áfrýjanda um greiðslu hinnar umstefndu fjárhæðar, 91.651.00 krónu, en vaxtakrafa hans verður einungis tekin til greina, svo sem hér segir: 37% ársvextir frá 1. júní 1981 til 1. nóvember 1982, 45% ársvextir frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvextir frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvextir frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Með hliðsjón af málsatvikum og þeim vafa, sem telja verður, að sé í þessu máli, tel ég með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1981.

Mál þetta sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. október sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. júní 1981, af Helga V. Jónssyni hrl. fyrir hönd Læknaþjónustunnar s.f., Dómus Medica, Egilsgötu 3 hér í borg, gegn borgarstjóranum í Reykjavík fyrir hönd borgarsjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skuld að fjárhæð kr. 91.651,- auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 1. júní 1981 til greiðsludags og málskostnað skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á stefnukröfum.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Í stefnu er mál þetta sagt höfðað af stefnanda til greiðslu reiknings dags. 25. maí 1981, fyrir þjónustu, er stefnandi hafi látið Borgarspítalanum í té skv. beiðni starfsmanna spítalans, en eindagi reikningsins hafi verið 1. júní 1981. Í stefnu greinir stefnandi ennfremur frá því, að stefnda hafi verið send sundurliðun á hinni seldu þjónustu ásamt frumreikningi stefnanda og séu gögn þessi hjá stefnda. Stefndi hafi ekki fengist til að greiða reikning þennan og beri fyrir sig, að verð hinnar seldu þjónustu sé of hátt. Stefnda hafi þó áður en hann faladist eftir þjónustunni, verið gerð grein fyrir verði hennar og greiðslukjörum. Engin frekari grein var gerð fyrir málavöxtum né málsástæðum í greinargerð stefnanda.

Málavextir.

Með bréfi 31. júlí 1979 sagði Læknafélag Íslands upp kjarasamningi milli félagsins fyrir lausráðna sjúkrahúslækna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og með bréfi sama dag sagði Læknafélag Reykjavíkur upp samningi félagsins við Reykjavíkurborg um laun lausráðinna sjúkrahúslækna. Samningur þessi hafði verið gerður sem sátt fyrir Kjaradómi 11. nóvember 1977 milli læknafélaganna f.h. lausráðinna sjúkrahúslækna annarsvegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar hinsvegar og fjallaði um kaup og kjör lausráðinna sjúkrahúslækna, þ.e. sérfræðinga og aðstoðarlækna. Nú var það einungis Læknafélag Íslands, sem varð málsaðili fyrir Kjaradómi gegn fjármálaráðherra, en ákveðið var, að Læknafélag Reykjavíkur biði átekta. Lok uppsagnarfrestsins voru hinn 1. nóvember 1979, og skyldi Kjaradómur kveða upp dóm um ágreiningsefni kjarasamnings eigi síðar en viku fyrir lok uppsagnarfrestsins. Aðiljar óskuðu hinsvegar eftir því, að uppsögu dóms yrði frestað, og var svo gert allt til haustsins 1980, og þá fóru fram ítarlegar sáttaumleitanir á vegum Kjaradóms að beiðni málsaðilja, en þær urðu árangurslausar. Þá lögðu málsaðiljar málið í dóm Kjaradóms, og fór munnlegur flutningur málsins fram hinn 8. janúar 1981.

Í málflutningi fyrir Kjaradómi lagði fulltrúi Læknafélags Íslands áherslu á 20% hækkun fastra launa auk breytinga á launastiga og hækkun á kaupi fyrir bundnar vaktir aðstoðarlækna. Þessar kröfur studdi hann einkum þeim rökum, að undanfarin 15 ár hafi laun lækna sífellt farið lækkandi í samanburði við allar aðrar stéttir, og studdi hann þetta með ýmsum rökum og dæmum. Varnaraðili hafnaði beinum launahækkunarkröfum sjúkrahúslækna og bar fram sín sjónarmið.

Dómur Kjaradóms féll hinn 26. febrúar 1981. Í niðurstöðu segir, að samningsréttur Læknafélags Íslands byggist á 4. mgr. 5. gr. laga nr. 46/1973 og hafi ákvæði aðalkjarasamnings og sérkjarasamnings verið felld í einn kjarasamning og að aðiljar séu sammála um, að svo verði áfram. Eftir

að hafa farið yfir forsendur sínar segir Kjaradómur, að þegar litið sé til alls þessa og þeirra sjónarmiða, sem dómnum beri að gæta við úrlausnir sínar, þyki rétt að hækka laun sjúkrahúslækna um 6% frá 1. desember 1980. Ennfremur séu gerðar nokkrar breytingar á sérkjaraatriðum.

Með þessum dómi Kjaradóms komst á kjarasamningur milli aðilja málsins, sem gilda skyldi til 26. febrúar 1982. Mikil óánægja varð hinsvegar meðal sjúkrahúslækna með niðurstöðu dómsins, og sögðu allir starfandi sérfræðingar og aðstoðarlæknar upp störfum sínum á Borgarspítala nema einn, u.þ.b. sjötíu læknar. Stefndi fékk uppsagnarbréf læknanna um og eftir miðjan mars 1981, og var uppsagnarfrestur tveir mánuðir, og komu uppsagnir læknanna til framkvæmda á tímabilinu 18. maí til 5. júní.

Með bréfi hinn 5. mars 1981 óskaði Læknafélag Reykjavíkur eftir viðræðum við fulltrúa Reykjavíkurborgar um kjarasamning fyrir lækna starfandi hjá Reykjavíkurborg. Borgarstjóri tilkynnti félaginu í bréfi, dags. 23. mars, að borgarráð hafi samþykkt að bjóða Læknafélagi Reykjavíkur að gera samhljóða kjarasamning og ákveðinn var með dómi Kjaradóms 26. febrúar. Borgarráð telji eðlilegt, að kjör sjúkrahúslækna hjá ríki og borg séu hin sömu og með hliðsjón af því, að samningar þessara aðilja hafi í rúman áratug verið samhljóða, sé ekki líklegt, að viðræður um aðrar breytingar en þær, sem felist í framangreindu tilboði, beri árangur. Stjórn Læknafélags Reykjavíkur fjallaði um bréf borgarstjóra og svaraði því með bréfi, dags. 27. mars. Segir þar, að Kjaradómur sá, sem til sé vitnað, hafi verið kynntur sjúkrahúslæknum á almennum fundi á sínum tíma. Sjúkrahúslæknar séu mjög óánægðir með kjör sín og muni margir þegar hafa látið það í ljós með því að segja upp stöðum sínum, bæði á Borgarspítala og ríkisspítölum. Af þessum sökum treysti Læknafélag Reykjavíkur sér ekki til viðræðna við fulltrúa Reykjavíkurborgar, sem hefðu Kjaradóm óbreyttan sem forsendu fyrir samningi aðila. Samningar tókust ekki.

Stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar sendi yfirlæknum bréf, dags. 20. maí 1981, og þar með bréf heilbrigðismálaráðherra, dags. 19. maí. Segir í bréfi stefnda, að stjórn sjúkrastofnana leggi ríka áherslu á við yfirlækna, að þeir fari eftir fyrirmælum borgarráðs frá 15. maí, að óhjákvæmilegt sé að draga úr rekstri sjúkrastofnana Reykjavíkur vegna fjöldauppsagna lækna, og fyrirmælum ráðuneytis, sem voru svohljóðandi:

„Vegna uppsagna aðstoðarlækna og sérfræðinga, sem koma til framkvæmda nú og næstu daga, óskar heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið að taka fram eftirfarandi:

Ráðuneytið leggur áherslu á að öll nauðsynlegasta læknisþjónusta verði veitt eftir því sem kostur er. Þó er óhjákvæmilegt að draga úr þjónustu og ekki verður hjá því komist að fela yfirlæknum að vísa frá verkefnum sem ekki eru bráð (acut) og takmarka innkallanir lækna við brýnustu

nauðsyn. Ráðuneytið telur brýnt að skipuleggja slík viðbrögð á sjúkrastofnunum á Reykjavíkursvæðinu.

Ráðuneytið leggur áherslu á að gefin verði skýr og afdráttarlaus fyrirmæli í þessum efnum til allra yfirlækna. Verði óhjákvæmilegt að kveðja til aðstoðarlækna og sérfræðinga, eiga yfirlæknar að staðfesta vinnutíma þeirra, en í þeirri staðfestingu felst ekki afstaða til þess hvaða laun viðkomandi læknir á að hafa fyrir unnið verk."

Hinn 17. maí 1981 barst stefnda bréf frá fyrirtæki, er nefndist Læknaþjónustan s.f. Þetta var samhljóða bréfi, sem sent var yfirlæknum og stjórnendum sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í bréfinu sagði, að læknar, sem sagt hafi upp störfum sínum á ríkisspítölum, Borgarspítala og Landakotsspítala, hafi stofnað með sér ofanritað félag til þess að annast sölu læknisþjónustu til sjúkrahúsanna. Félagið muni fyrst um sinn hafa aðsetur í húsnæði læknafélaganna, Domus Medica, hér í borg. Yfirlæknar séu beðnir að snúa sér til trúnaðarmanna félagsins með verkbeiðnir og að staðfesta vinnuskýrslur með undirritun sinni að verki loknu. Lýst var ákvörðun stjórnar félagsins um fyrirkomulag á útseldri vinnu og verði á henni, kr. 420.- fyrir sérfræðinga og kr. 294.- fyrir aðstoðarlækna. Undir bréfið rituðu formaður, varaformaður og ritari félagsins auk tveggja meðstjórnenda. Stefndi svaraði bréfi þessu hinn 20. maí 1981. Þar segir:

„Á fundi borgarráðs í gær var lagt fram bréf Læknaþjónustunnar s.f. frá 17. þ.m. varðandi sölu á læknisþjónustu til sjúkrastofnana.

Borgarráð samþykkti á fundinum svohljóðandi bókun:

„Vegna bréfs Læknaþjónustunnar s.f. frá 17. þ.m. m.a. til Borgarspítalans varðandi sölu á læknisþjónustu til sjúkrahússins gegn tímakaupstaxta, sem fyrirtækið hefur ákveðið einhliða, tekur borgarráð fram eftirfarandi:

Um endurgjald fyrir vinnu lausráðinna lækna á sjúkrastofnunum borgarinnar gilda ákvæði kjarasamnings aðila. Telur borgarráð ekki efni til að nota aðrar greiðslureglur fyrir tilfallandi vinnu lækna á sjúkrastofnunum Reykjavíkurborgar.

Borgarráð telur því ekki heimilt að lausráða lækna eða kveðja þá til starfa að sjúkrastofnunum borgarinnar eftir öðrum reglum en samningur aðila kveður á um." "

Stefnandi Læknaþjónustan s.f. svaraði bréfi þessu með bréfi, dags. 22. maí og segir þar, að félaginu sé ekki ljóst, hvaða aðilja sé átt við í bréfi borgarstjóra, enda hafi kjarasamningur milli Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar fallið úr gildi 1. nóvember 1979 og hafi ekki verið endurnýjaður síðan. Félagið hafi að tilgangi að annast sölu læknisþjónustu til sjúkrahúsa og annarra og hafi það þegar ráðið til sín lækna, sem sagt

hafi upp störfum sínum á sjúkrahúsunum, og gert við þá starfssamning. Læknarnir séu því starfsmenn fyrirtækisins og starfi samkvæmt samningi við það, en ekki samkvæmt kjarasamningi sjúkrahúslækna. Félagið muni leitast við að selja þjónustu þeirra á sama hátt og seld sé þjónusta annarra háskólamenntaðra manna. Þjónusta þessi sé föl gegn taxta, sem félagið hafi sett og tilkynnt stjórnum sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar. Þjónustan sé látin í té samkvæmt verkbeiðnum staðfestum af sjúkrahúsunum og líti félagið svo á, að slík staðfesting sjúkrahúsanna eða fulltrúa þeirra sé viðurkenning á taxta félagsins.

Viðbrögð stefnda við þessu bréfi stefnanda urðu þau að framkvæmdastjóri Borgarspítalans sendi yfirlæknum við sjúkrastofnanir Reykjavíkurborgar bréf, dags. 22. maí, með samþykkt borgarráðs frá 19. maí, og voru í bréfinu ítrekuð fyrri fyrirmæli um þessi efni og áréttað, að eingöngu skuli notaðar vinnuskýrslur borgarspítalans til staðfestingar á vinnutíma, og varað við hverskonar skuldbindingum, sem snerti fjárhagshlið þessa máls. Daginn eftir, hinn 23. maí, sendi stefnandi Læknaþjónustan s.f. símskeyti til forstjóra sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, svohljóðandi:

„Læknaþjónustunni s.f. hefur borist til eyrna, að yfirlæknum sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar hafi verið gefin fyrirmæli um að undirrita ekki verkbeiðnir Læknaþjónustunnar s.f. Læknaþjónustan s.f. vill taka fram, að þjónusta félagsins verður ekki látin í té nema gegn verkbeiðnum félagsins undirrituðum af fulltrúum sjúkrastofnana án nokkurs fyrirvara."

Vinnuskýrslur Borgarspítalans voru notaðar í upphafi ásamt þeim vinnukortum, sem stefnandi notaði, en síðar voru eingöngu notuð vinnukort stefnanda, og var það látið afskiptalaust af yfirstjórn spítalans.

Stefnandi sendi stefnda reikning sinn, dags. 25. maí vegna útkalla til læknisstarfa í Borgarspítala skv. meðf. vinnukortum, samtals kr. 91.651.-, og krafðist greiðslu, en henni var neitað af hálfu stefnda.

Ríkisstjórnin lét málið til sín taka og sendi frá sér yfirlýsingu vegna kjaradeilu lækna, dags. 26. maí, þar sem saga deilunnar er rifjuð upp. Þar segir:

„Ríkisstjórnin lýsir vanþóknun sinni á þessum þvingunaraðgerðum lækna og vísar jafnframt verðskrá Læknaþjónustunnar s.f. algerlega á bug. Breytir þar engu hvort „verkbeiðnir" einstakra yfirlækna eða annarra stjórnenda sjúkrahúsanna hafa verið undirritaðar með fyrirvara eða ekki."

Ríkisstjórnin lýsti sig reiðubúna til að láta fara fram athugun á ýmsum þáttum starfskjara lækna með hliðsjón af kjörum annarra launþega, enda láti þeir af aðgerðum sínum.

Stefnandi svaraði með yfirlýsingu, þar sem segir, að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar séu ýmsar vísvitandi rangfærslur af alvarlegasta tagi, ætlaðar til þess eins að þyrla upp moldviðri til að hylja vanrækslu og aðgerðarleysi

fjármálaráðuneytisins í réttmætri kjaradeilu sjúkrahúslækna við það. Þar segir:

„Læknaþjónustan lýsir fullri ábyrgð á hendur fjármálaráðuneytinu um það, hvernig komið er í kjaradeilu sjúkrahúslækna og skorar á yfirvöld að koma á samningaviðræðum við Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur þegar í stað."

Hinn 24. júní 1981 gerðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélag Íslands vegna lausráðinna sjúkrahúslækna með sér samkomulag. Þar voru gerðar breytingar á kjarasamningi þessara aðilja samkvæmt dómi Kjaradóms frá 26. febrúar um fyrirframgreiðslu mánaðarlauna, breytingar á gæsluvaktartímakaupi, launastigum aðstoðarlækna, starfstíma sérfræðinga og ýmsum slíkum ákvæðum samningsins. Stjórn St. Jósefsspítala lýsti samþykki við samkomulagið og Reykjavíkurborg og Læknafélag Reykjavíkur gerðust aðiljar að samkomulaginu og dómi Kjaradóms frá 26. febrúar 1981 með undirritun og samþykki borgarráðs og félagsfundar. Samkomulagið var samþykkt á fundi Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur sama dag, hinn 24. júní 1981.

Í framhaldi af samkomulagi þessu komu læknar almennt til vinnu á sjúkrahúsum í borginni hinn 25. júní 1981, og var það tilkynnt bréflega, aðallega af yfirlæknum hinna ýmsu deilda, en að nokkru af læknunum sjálfum.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að kjarasamningur hafi enginn verið í gildi milli Reykjavíkurborgar og Læknafélags Reykjavíkur eftir uppsögn kjarasamningsins 1. nóvember 1979. Þeir sérfræðingar og aðstoðarlæknar, sem sagt hafi upp störfum sínum á Borgarspítalanum, hafi því ekki verið bundnir neinum kjarasamningi. Þeir hafi gerst starfsmenn í Læknaþjónustunni s.f. og hafi yfirlæknar í starfi hjá stefnda beðið um þjónustu stefnanda, sem veitt hafi verið samkvæmt þeim verkbeiðnum, sem fylgi reikningi stefnanda. Þessir læknar hafi unnið á ýmsum deildum Borgarspítalans dagana 18. til 23. maí 1981 samkvæmt sundurliðuðum vinnukortum með undirskrift viðkomandi lækna og yfirlækna. Á kortunum komi nákvæmlega fram dagvinna sérfræðinga og dagvinna og yfirvinna aðstoðarlækna hvers læknis fyrir sig á hverri deild og ferðir læknanna og sér reikningur stefnanda nákvæmlega sundurliðaður og settur fram samkvæmt gjaldskrá félagsins, sem stefnda hafi fyrirfram verið kynnt með bréfi 17. maí 1981. Reikningurinn sé að fjárhæð kr. 91.651, fyrir 66 klst. dagvinnu sérfræðinga á kr. 420.-, 107 klst. dagvinnu aðstoðarlækna á kr. 294.- og 77 klst. yfirvinnu aðstoðarlækna á kr. 441.- og hafi hver ferð

kostað kr. 70.-. Félagið hafi boðið fram þjónustu læknanna og hafi yfirmenn á spítala stefnda þegið tilboðið og kvatt þessa menn til starfa, vitandi um gjaldskrá og skilyrði félagsins og læknanna og hafi unnar vinnustundir alfarið verið að beiðni og í umsjá stefnda. Engin greiðsla hafi þó borist á reikningi stefnanda og hafi því borið nauðsyn til að höfða mál þetta. Vegna andmæla stefnda taki stefnandi sérstaklega fram, að stefndi hafi dregið til baka þann fyrirfara, sem hann hafi ætlað að setja við gjaldskrá stefnanda, og þar með sé ljóst, að starfsmenn stefnda hafi samþykkt fjárskuldbindingu þá, sem verkbeiðni beri með sér, eins og fram komi í bréfum stefnanda. Vegna áskorunar lögmanns stefnda hafi verið lögð fram sundurliðun í málinu á taxta útseldrar vinnu stefnanda og forsendur taxtans og sé ljóst, að hér sé um venjulega verktakasamninga að ræða á sambærilegum kjörum og hjá öðrum hliðsettum stéttum manna.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að aðild stefnanda sé alfarið mótmælt og hafi alltaf verið, frá því kunnugt varð um áform um stofnun þessa félags til þess að annast sölu á læknisþjónustu. Stefnandi hafi aldrei verið beðinn um að leggja spítala í té neina þjónustu og sé því ekkert réttarsamband milli aðilja og engin deila um verðlagningu, þótt ósvífin sé. Í málflutningi sínum hafi lögmaður stefnanda borið fram ýmsar málsástæður, sem ekki hafi komið fram fyrr en þá, og séu þær alltof seint fram komnar. Læknar hafi verið með samræmdar aðgerðir í kjaradeilu og hafi hópuppsagnir læknanna verið í reynd ólögmætt verkfall. Þótt gildistími kjarasamnings sé útrunninn, hafi verið farið eftir ákvæðum hans, þar til nýr tekur gildi. Læknarnir hafi því rofið friðarskyldu og efnt til deilu, stofnað gervifélag og notað aðstöðu sína til að ráða sjálfir kjörum sínum. Yfirlæknar Borgarspítalans hafi kallað einstaka lækna til starfa eftir því sem óhjákvæmilegt hafi þótt, en í öllum tilvikum hafi verið um persónubundin útköll að ræða. Engar „verkbeiðnir" hafi verið gerðar, enda engar sést í máli þessu, og hafi afstaða stefnda frá upphafi verið eins skýr og hugsast geti, sbr. bréf, dags. 20. maí 1981. Yfirlæknar hafi á engan hátt stofnað til fjárskuldbindinga stefnda með undirskrift á vinnukort læknanna og felist það ekki í valdi yfirlækna að gera slíkar skuldbindingar.

Stefndi bendir á, að löngu sé viðurkennd réttarregla, studd með fordæmum Félagsdóms í þrem dómum, að menn geti ekki sett fram einhliða kauptaxta, svo bindandi sé fyrir viðsemjanda. Dómar séu til um að einhliða kauptaxtar hafi verið metnir gildir, eingöngu þegar gagnaðili hafi beint eða óbeint samþykkt kauptaxtana með framferði sínu. Í þessu máli hafi hinir einstöku læknar komið til vinnu, þótt þeir vissu, að stefndi hafi hafnað kauptaxta stefnanda alfarið.

Stefndi tekur fram, að skv. 32. gr. laga nr. 46/1973 hafi stefndi samið við Læknafélag Reykjavíkur, sem falli undir þau lög sem stéttarfélag og

undir Kjaradóm, eins og sáttin, sem gerð var 11. nóvember 1977, beri með sér. Eftir uppsögn þess kjarasamnings hinn 1. nóvember 1979 hafi verið farið eftir samningnum í 18 mánuði, þangað til hópuppsagnirnar tóku gildi. Málið hafi ekki verið lagt fyrir Kjaradóm, þar sem aðiljar hafi verið sammála um að bíða eftir niðurstöðu í máli Læknafélags Íslands, enda hafi félögin og þessir aðiljar haft algera samleið. Fyrir því sé löng hefð og viðurkennd réttarregla, að þótt gildistími kjarasamnings sé útrunninn, hafi verið farið eftir ákvæðum hans, þar til nýr kjarasamningur tekur gildi. Þetta hafi í reynd verið staðfest með bókun í niðurlagi samkomulagsins 24. júní 1981, en eftir gerð þess hafi læknarnir tekið upp sín fyrri störf, án þess að nýir ráðningasamningar væru gerðir.

Stefndi hefur lýst því yfir hér í málinu, að borgarsjóður hafi verið og sé reiðubúinn að greiða einstökum læknum fyrir tilfallandi vinnu þeirra, meðan á uppsagnarástandinu stóð, og þá eftir ákvæðum kjarasamnings aðilja, eins og samþykkt borgarráðs 19. maí 1981 ber með sér.

Niðurstaða.

Telja verður upplýst og óumdeilt í máli þessu, að lausráðnir sjúkrahúslæknar hafi staðið í langvarandi kjaradeilu við viðsemjendur sína allt frá því félög þeirra sögðu upp gildandi kjarasamningi hinn 31. júlí 1979 miðað við 1. nóvember sama ár. Kjaradeilan stóð allt árið 1980, og varð ekki samkomulag, og lýsir málflutningur fyrir Kjaradómi í janúar 1981 hinum mikla mun, sem var á kröfum lækna, t.d. um 20% hækkun grunnkaups, og kröfum gagnaðilja. Dómur Kjaradóms um 6% grunnkaupshækkun hinn 21. febrúar 1981 var því fjarri því sem læknar töldu sig geta sætt sig við, og brugðust þeir við dómi þessum með hópuppsögnum í marsmánuði. Kjaradeilunni lyktaði með samkomulagi, sem gert var hinn 24. júní sl. um breytingu á Kjaradómi, og er gildistími Kjaradóms nú gildistími kjarasamnings læknafélaganna vegna lausráðinna sjúkrahúslækna og viðsemjenda þeirra, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar, til 26. febrúar 1982.

Læknar þeir, sem sögðu upp störfum sínum á sjúkrahúsum, stofnuðu og gerðust starfsmenn sameignarfélag, sem þeir nefndu Læknaþjónustuna s.f., og skyldi félagið annast sölu á læknisþjónustu til sjúkrahúsa og annarra aðilja. Félag þetta bauð sjúkrahúsunum fram þjónustu lækna á spítölum með ákveðnum skilyrðum. Nú gerðist tvennt, að stefndi hafnaði tilboði félagsins og hélt sig við kjarasamninginn, sem farið hafði verið eftir, þrátt fyrir uppsögn, í eitt og hálft ár, og hitt, að yfirlæknar kölluðu til starfa á spítölum ýmsa lækna, sem þar höfðu starfað.

Telja verður og upplýst og óumdeilt, að algjört öngþveiti og neyðarástand hefði skapast á sjúkrahúsunum, ef yfirlæknar hefðu ekki kallað

lækna til starfa. Yfirlæknar rituðu á vinnukort stefnanda og staðfestu vinnu lækna þeirra, sem kvaddir voru til starfa dagana 18. til 23. maí.

Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi ekki sýnt fram á það, að yfirlæknar hafi snúið sér til stefnanda eða trúnaðarmanna stefnanda til þess að fá lækna til starfa, og verður því að telja, að ekki sé annað í ljós leitt en að um persónulegar kvaðningar einstakra lækna hafi verið að ræða, enda hefði annað verið brot á 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings þess, sem farið hafði verið eftir.

Gegn andmælum stefnda og yfirlýsingum, sbr. bréf 20. maí 1981, verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt fram á það, að stefndi hafi með orðum eða gerðum fallist á gjaldskrá þá, sem sett var fram einhliða af stefnanda hálfu.

Vegna þessa verður að telja ósannað af stefnanda hálfu, að nokkurt réttarsamband hafi stofnast milli stefnanda og stefnda, sem leitt geti til greiðsluskyldu stefnda á reikningi stefnanda. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Læknaþjónustunnar s.f., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 9. mars 1984

Nr. 41/1982. **Læknaþjónustan s/f**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
heilbrigðisráðherra
f.h. ríkisspítalanna
og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Verklaun. Umboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. febrúar 1982. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 70.742.00 krónur auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1. júní 1981 til 21. apríl 1982, 4% dráttarvexti frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 5% dráttarvaxta frá þeim degi til 21. október 1983, 4.75% dráttarvaxta frá 21. nóvember 1983 til 21. desember 1983, 3.25% dráttarvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 2.5% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að fjárhæð dómkröfu áfrýjanda verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, er Læknaþjónustan s/f talin hafa verið stofnuð 16. maí 1981 af sérfræðingum og aðstoðarlæknum, sem sagt höfðu upp stöðum sínum við ríkisspítalana, Borgarspítalann og Landakotsspítala í Reykjavík vegna óánægju með launakjör sín og dóm Kjaradóms í kjaradómsmálinu nr. 5/1979: Læknafélag Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Var tilgangur félagsins eftir félagssamningi „að annast sölu læknisþjónustu til sjúkrahúsa og annarra aðila." Stóð félagsstofnunin þannig í beinum tengslum við það, að ætla mátti, að óhjákvæmilegt yrði

fyrir sjúkrastofnanir að leita til lækna þeirra, sem hætt höfðu störfum, ef unnt ætti að vera að sinna brýnustu þörfum sjúklinga. Eftir sem áður var þó haldið áfram tilraunum til að ná samkomulagi um þann ágreining, sem leitt hafði til uppsagnanna, og tókst það eigi löngu síðar eða 24. júní 1981. Hurfu læknarnir þá almennt til fyrri starfa. Er ekkert komið fram um, að neins konar samningar þeirra við Læknaþjónustuna s/f hafi staðið því í vegi, að þeir gætu fyrirvaralaust tekið upp fyrri störf.

Í málinu krefur áfrýjandi, Læknaþjónustan s/f, stefndu um greiðslu fyrir vinnu, er 9 nafngreindir læknar leystu af hendi dagana 18.-22. maí 1981 á Landsspítalanum, Kleppsspítalanum og Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg í Reykjavík.

Stefndu höfnuðu að viðurkenna Læknaþjónustuna s/f sem viðsemjanda sinn um þá læknisþjónustu á sjúkrastofnunum, sem sýnt var, að leita yrði eftir hjá þeim sérfræðingum og aðstoðarlæknum, sem sagt höfðu upp störfum sem „lausráðnir læknar", svo og að viðurkenna þá gjaldskrá, sem stjórn Læknaþjónustunnar s/f samþykkti og tilkynnti 17. maí. Gat fyrirsvarsmönnum hennar ekki dulist þessi afstaða. Höfðu hvorki fyrirsvarsmennirnir sé einstakir læknar réttmæta ástæðu til að líta svo á, að stefndu hefðu í orði eða verki fallist á að greiða Læknaþjónustunni s/f fyrir vinnu læknanna samkvæmt umræddri gjaldskrá. Ber í því sambandi að taka fram, að ekki verður með réttu litið svo á, að með áritun sinni á vinnukort læknanna hafi hlutaðeigandi yfirlæknar skuldbundið stefndu til þessa, enda var slíkt ekki á valdi yfirlæknanna.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Því hefur ekki verið haldið fram sem málsástæðu, að áfrýjandi eða aðstandendur hans hafi beitt stefndu nauðung. Kemur það atriði því ekki til úrlausnar.

Mér sýnist dómur meiri hluta dómenda á því byggður, að stefndu hafi neitað að viðurkenna Læknaþjónustuna s/f sem viðsemjanda sinn og að á það sjónarmið sé fallist. Hafi réttarsamband milli aðilja þessara því aldrei komist á.

Eigi eru bornar á það brigður, að yfirlæknar hafi verið um það bærir að gera ráðstafanir, sem tryggðu sjúklingum neyðarþjónustu, enda gerðu stefndu engar ráðstafanir til þess að stöðva gerðir yfirlæknanna. Í máli þessu er ekki deilt um það, hvort yfirlæknar kunni að hafa misnotað heimildir sínar, þannig að beðið hafi verið um meiri eða víðtækari þjónustu en nauðsynlegt var. Með verkbeiðnum eða svokölluðum vinnukortum, sem ritaðar voru á eyðublöð, sem greinilega voru merkt áfrýjanda, pöntuðu yfirlæknar þjónustu áfrýjanda, og hefur stefndu ekki tekist að sanna nein þau atvik eða aðstæður, sem geri verkbeiðnir þessar marklausar. Yfirlæknarnir voru bærir um að gera þessar ráðstafanir og bökuðu því stefndu greiðsluskyldu. Hafa stefndu ekki sannað, að reikningur sá, sem er grundvöllur stefnukröfu, sé rangur eða ósanngjarn, enda málið að litlu leyti sótt og varið um það atriði.

Ég tel því, að taka beri til greina dómkröfu áfrýjanda um greiðslu hinnar umstefndu fjárhæðar, kr. 70.742.00, en vaxtakrafa hans verður einungis tekin til greina, svo sem hér segir: 37% ársvextir frá 1. júní 1981 til 1. nóvember 1982, 45% ársvextir frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvextir frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvextir frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Með hliðsjón af málsatvikum og þeim vafa, sem telja verður, að sé í þessu máli, tel ég með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. október sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 10. júní 1981, af Helga V. Jónssyni hrl. f.h. Læknaþjónustunnar s.f., Domus Medica, Egilsgötu 3 hér í borg, gegn heilbrigðisráðherra f.h. skrifstofu ríkisspítalanna, Eiríksgötu 5, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, báðum hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða skuld að fjárhæð kr. 70.742.- auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 1. júní 1981 til greiðsludags og málskostnað skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði að fullu sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefjast þeir þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður falli þá niður.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Í stefnu er mál þetta sagt höfðað af stefnanda til greiðslu reiknings dags. 25. maí 1981 fyrir þjónustu, er félagið hafi látið stefnda (sic) í té að beiðni starfsmanna hans, en eindagi reikningsins hafi verið hinn 1. júní 1981. Í stefnu greinir stefnandi ennfremur frá því, að stefnda hafi verið send sundurliðun á hinni seldu þjónustu ásamt frumreikningi stefnanda og séu gögn þessi hjá stefnda. Stefndi hafi ekki fengist til að greiða reikning þennan og beri fyrir sig, að verð hinnar seldu þjónustu sé of hátt. Stefnda hafi þó, áður en hann falaðist eftir þjónustunni, verið gerð grein fyrir verði hennar og greiðslukjörum. Engin frekari grein var gerð fyrir málavöxtum né málsástæðum í greinargerð stefnanda.

Málavextir.

Með bréfi 31. júlí 1979 sagði Læknafélag Íslands upp kjarasamningi milli félagsins fyrir lausráðna sjúkrahúslækna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og með bréfi sama dag sagði Læknafélag Reykjavíkur upp samningi félagsins við Reykjavíkurborg um laun lausráðinna sjúkrahúslækna. Samningur þessi hafði verið gerður sem sátt fyrir Kjaradómi 11. nóvember 1977 milli Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur f.h. lausráðinna sjúkrahúslækna annarsvegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar hinsvegar og fjallaði um kaup og kjör lausráðinna sjúkrahúslækna, þ. e. sérfræðinga og aðstoðarlækna. Nú var það einungis Læknafélag Íslands, sem varð málsaðili fyrir Kjaradómi gegn fjármálaráðherra, en ákveðið var, að Læknafélag Reykjavíkur biði átekta. Lok uppsagnarfrestsins voru hinn 1. nóvember 1979, og skyldi Kjaradómur kveða upp dóm um ágreiningsefni kjarasamnings eigi síðar en viku fyrir lok uppsagnarfrestsins. Aðiljar óskuðu hins vegar eftir því, að uppsögu dóms yrði frestað, og var svo gert allt til haustsins 1980, en þá fóru fram ítarlegar sáttaumleitanir á vegum Kjaradóms að beiðni málsaðilja, en þær urðu árangurslausar. Þá lögðu málsaðiljar málið í dóm Kjaradóms, og fór munnlegur flutningur málsins fram hinn 8. janúar 1981.

Í málflutningi fyrir Kjaradómi lagði fulltrúi Læknafélags Íslands áherslu á 20% hækkun fastra launa auk breytinga á launastiga og hækkun á kaupi

fyrir bundnar vaktir aðstoðarlækna. Þessar kröfur studdi hann einkum þeim rökum, að undanfarin 15 ár hafi laun lækna sífellt farið lækkandi í samanburði við allar aðrar stéttir, og studdi hann þetta ýmsum rökum og dæmum. Varnaraðili hafnaði beinum launahækkunarkröfum sjúkrahúslækna og bar fram sín sjónarmið.

Dómur Kjaradóms féll hinn 26. febrúar 1981. Í niðurstöðu segir, að samningsréttur Læknafélags Íslands byggist á 4. mgr. 5. gr. laga nr. 46/1973, og hafi ákvæði aðalkjarasamnings og sérkjarasamnings verið felld í einn kjarasamning og að aðiljar séu sammála um, að svo verði áfram. Eftir að hafa farið yfir forsendur sínar, segir Kjaradómur, að þegar litið sé til alls þessa og þeirra sjónarmiða, sem dómnum beri að gæta við úrlausnir sínar þyki rétt að hækka laun sjúkrahúslækna um 6% frá 1. desember 1980. Ennfremur séu gerðar nokkrar breytingar á sérkjaraatriðum.

Með þessum dómi Kjaradóms komst á kjarasamningur milli þessara aðilja, sem gilda skyldi til 26. febrúar 1982. Mikil óánægja varð hins vegar meðal sjúkrahúslækna með niðurstöðu dómsins, og sögðu allflestir starfandi sérfræðingar og aðstoðarlæknar upp störfum sínum á spítölum hér í borginni. Skrifstofa ríkisspítalanna fékk uppsagnarbréf læknanna um og eftir miðjan mars 1981, og var uppsagnarfrestur tveir mánuðir, og komu uppsagnir læknanna til framkvæmda eftir miðjan maímánuð, hin fyrsta 18. maí 1981.

Hinn 14. maí 1981 ritaði forstjóri ríkisspítalanna bréf til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Lýsti hann því, að eins og ráðuneytinu sé kunnugt, hætti fyrstu læknar störfum vegna hópuppsagna mánudaginn 18. maí. Síðan segir: „Eins og nú horfir virðast ekki lýkur á að samkomulag náist fyrir þann tíma. Undirritaður hefur setið fundi með yfirlæknum allar deilda ríkisspítala og er ljóst að mjög fljótlega eða nánast í fyrstu viku eftir að læknar hætta störfum skapast algjört öngþveiti á spítölunum. Ýmsar deildir, svo sem gervinýra, fæðingardeild, geðdeild, krabbameinsdeild og gjörgæsludeild, svo eitthvað sé nefnt eru þess eðlis að starfsemin verði hvorki stöðvuð né úr henni dregið. Það hefur frést að læknar séu fúsir að sinna fyrri störfum gegn taxta eftir að uppsagnir taka gildi. Yfirlæknar hafa lýst þeirri afstöðu sinni að þeir muni kalla á sérfræðinga eftir þörfum og staðfesta vinnu þeirra. Nauðsynlegt er að fá upplýst:

1. Hvaða afstöðu á að taka til samdráttar í rekstri. Meðal annars með hliðsjón af því sem sagt er hér að ofan.
2. Hvaða afstöðu á að taka til vinnureikninga frá læknum samkv. þeim taxta sem þeir setja.

Stjórnendum stofnunarinnar er nauðsynlegt að afstaða heilbrigðisyfirvalda og fjárveitingarvaldsins liggi fyrir sem allra fyrst.“

Hinn 15. maí var annað bréf ritað og sent af hálfu skrifstofu ríkisspítalanna til heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytisins og ítrekað spurt, hvort heimilt væri að kaupa nauðsynlega læknisþjónustu samkvæmt gjaldskrá lækna eftir því sem yfirlæknar telji þörf á, eftir að uppsagnirnar taki gildi. Svar ráðuneytisins er dags. 19. maí 1981, og sendi skrifstofa ríkisspítalanna það til allra yfirlækna með bréfi, dags. 20. maí. Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis kemur fram, að óhjákvæmilegt verði að draga úr læknisþjónustu og ekki verði hjá því komist að fela yfirlæknum að vísa frá verkefnum, sem ekki séu bráð (acut) og takmarka innkallanir lækna við brýnustu nauðsyn. Áhersla sé lögð á það, að gefin verði skýr og afdráttarlaus fyrirmæli í þessum efnum til allra yfirlækna. Verði óhjákvæmilegt að kveðja til aðstoðarlækna og sérfræðinga, eigi yfirlæknar að staðfesta vinnutíma þeirra, en í þeirri staðfestingu felist ekki afstaða til þess, hvaða laun viðkomandi læknir eigi að hafa fyrir unnið verk.

Hinn 17. maí 1981 barst fjármálaráðuneyti bréf frá fyrirtæki, er nefndist Læknaþjónustan s.f. Þetta var samhljóða bréfi, sem sent var yfirlæknum og stjórnendum sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í bréfinu sagði, að læknar, sem sagt hafi upp störfum sínum á ríkisspítölum, Borgarspítala og Landakotsspítala, hafi stofnað með sér ofanritað félag til þess að annast sölu læknisþjónustu til sjúkrahúsanna. Félagið muni fyrst um sinn hafa aðsetur í húsnæði læknafélaganna, Domus Medica hér í borg. Yfirlæknar séu beðnir að snúa sér til trúnaðarmanna félagsins með verkbeiðnir og að staðfesta vinnuskýrslur með undirritun sinni að verki loknu. Lýst var ákvörðun stjórnar félagsins um fyrirkomulag á útseldri vinnu og verði á henni, kr. 420.- fyrir sérfræðinga og kr. 294.- fyrir aðstoðarlækna. Undir bréfið rituðu formaður, varaformaður og ritari félagsins auk tveggja meðstjórnenda.

Fjármálaráðuneytið svaraði bréfi þessu hinn 19. maí 1981. Þar segir:

„Ráðuneytinu hefur borist bréf yðar dags. 17.05.1981, þar sem fram kemur að fyrirtæki yðar býður sölu á læknisþjónustu til sjúkrahúsanna gegn tímakaupstaxta, sem fyrirtækið hefur ákveðið einhliða.

Af þessu tilefni tekur ráðuneytið fram að um endurgjald fyrir vinnu lausráðinna lækna á ríkisspítölunum gilda ákvæði kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélags Íslands sbr. dóm Kjaradóms frá 26.02.1981. Kjarasamningur þessi gildir til 28. febrúar 1982 og meðan hann er í gildi eru af hálfu ráðuneytisins ekki efni til að nota aðrar greiðslureglur fyrir tilfallandi vinnu lækna á ríkisspítölum en samningurinn kveður á um. Í tilvitnuðum kjarasamningi er gert ráð fyrir að ráðning lausráðinna lækna til ríkisspítalanna fari eingöngu fram á einstaklingsgrundvelli en ekki við einstök fyrirtæki sem kunna að hafa læknisþjónustu á boðstólum. Þá er í samningnum ákvæði sem veita félagsmönnum í Læknafélagi Íslands og/

eða þeim sem það samþykkir einkarétt til að starfa að læknisstörfum á ríkisspítölunum. Samkvæmt framanrituðu telur ráðuneytið að ekki sé heimilt að lausráða lækna eða kveðja þá til starfa að ríkisspítölunum eftir öðrum reglum en tilgreindar eru í títtnefndum kjarasamningi."

Stefnandi, Læknaþjónustan s.f., svaraði bréfi þessu með bréfi, dags. 21. maí 1981, og segir þar, að félagið hafi nú þegar ráðið til sín lækna, sem sagt hafi upp störfum sínum á sjúkrahúsunum og gert við þá starfssamning. Umræddir læknar séu því starfsmenn fyrirtækisins og starfi samkvæmt samningi við það, en ekki samkvæmt kjarasamningi sjúkrahúslækna. Félagið muni leitast við að selja þjónustu þeirra á sama hátt og seld sé þjónusta annarra háskólamenntaðra manna. Þjónusta þessi sé föl gegn taxta, sem félagið hafi sett og tilkynnt stefnda. Þjónustan sé látin í té samkvæmt verkbeiðnum, staðfestum af sjúkrahúsunum, og félagið líti svo á, að slík staðfesting sjúkrahúsanna eða fulltrúa þeirra sé viðurkenning á taxta félagsins.

Stefndi fjármálaráðuneytið brást skjótt við og sendi bréf til stefnda skrifstofu ríkisspítalanna sama dag og áréttaði afstöðu ríkisstjórnarinnar og tilkynnti forstjóra ríkisspítalanna að tilkynna yfirlæknum ríkisspítalanna, að óheimilt sé að nota verkbeiðnir stefnanda og í þeim tilvikum, sem nauðsynlegt sé að kalla út sérfræðinga og aðstoðarlækna, sem hætt hafi störfum hjá ríkisspítölunum, beri að snúa sér til þeirra persónulega og óska eftir þjónustu þeirra. Verði yfirlæknar ekki við þessum fyrirmælum, beri að upplýsa þá um það, að þeir verði persónulega ábyrgir fyrir þeim reikningum, sem þeir kunni að staðfesta.

Stefnandi brást við þessu bréfi með símskeyti, sendu 23. maí til skrifstofu ríkisspítalanna, og með bréfi, dags. 25. maí, og var nú skammt stórra högga í milli. Í símskeytinu sagði, að félagið taki fram, að þjónusta félagsins verði ekki látin í té, verði fyrirvari gerður af spítölunum eða fulltrúum þeirra. Forstjóri ríkisspítalanna skrifaði stefnanda bréf, dags. 24. maí, og tók fram, að allar beiðnir til lækna um störf á ríkisspítölunum, meðan núverandi ástand ríki, verði gerðar til þeirra persónulega og sé það gert með vísun til 8. og 9. gr. læknalaga nr. 80/1969. Stefnda fjármálaráðherra var tilkynnt í bréfi stefnanda hinn 25. maí, að frá og með miðvikudeginum 27. maí verði þjónusta félagsins ekki seld til þeirra sjúkradeilda, sem þá undirriti enn verkbeiðnir félagsins með fyrirvara. Þetta varð til þess, að ríkistjórnin lét málið enn til sín taka og sendi frá sér yfirlýsingu vegna kjaradeilu lækna, dags. 26. maí, þar sem saga deilunnar var rifjuð upp, og svo segir: „Ríkissjórnin lýsir vanþóknun sinni á þessum þvingunaraðgerðum lækna og vísar jafnframt verðskrá Læknaþjónustunnar s.f. algerlega á bug. Breytir þar engu hvort „verkbeiðnir" einstakra yfirlækna eða annarra stjórnenda sjúkrahúsanna hafa verið eða verða undirritaðar með

fyrirvara eða ekki.“ Ríkisstjórnin lýsti sig loks reiðubúna til að láta fara fram athugun á ýmsum þáttum starfskjara lækna með hliðsjón af kjörum annarra launþega, enda láti þeir af aðgerðum sínum.

Stefnandi sendi skrifstofu ríkisspítalanna reikning sinn, dags. 25. maí, vegna útkalla til læknisstarfa á ríkisspítölunum skv. meðf. vinnukortum, samtals kr. 70.742.-, og krafðist greiðslu, en henni var neitað af hálfu stefndu.

Stefnandi sendi frá sér yfirlýsingu vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 26. maí. Segir þar, að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar séu vísvitandi rangfærslur. Starfsmenn Læknaþjónustunnar s.f. hafi sagt upp fyrri störfum sínum samkvæmt kjarasamningi sjúkrahúslækna og séu því óbundnir af launaúrskurði Kjaradóms, er féll 26. febrúar. Valdboð um frelsi til slíkrar félagsstarfsemi í landinu hljóti að vera brot á stjórnarskrá landsins. Taxti og vinnufyrirkomulag félagsins hafi verið tilkynnt sjúkrahúsunum og hlutaðeigandi yfirvöldum þegar eftir stofnun félagsins hinn 16. maí. Í framhaldi af því hafi án fyrirvara verið óskað eftir þjónustu félagsins, og það áður en læknaskortur á sjúkrahúsunum hafi verið orðinn tilfinnanlegur og án þess að neyðarástand hafi skapast. Í þessu hljóti að felast viðurkenning á taxta og þjónustu félagsins. Fullyrðingar um, að mánaðarlaun lækna „ríflega fjórfaldist“, séu rangfærslur af alvarlegasta tagi, ætlaðar til þess eins að þyrla upp moldviðri til að hylja vanrækslu og aðgerðarleysi fjármálaráðuneytisins í réttmætri kjaradeilu sjúkrahúslækna við það. Yfirlýsingu stefnanda Læknaþjónustunnar s.f. lýkur með þessum orðum:

„Læknaþjónustan lýsir fullri ábyrgð á hendur fjármálaráðuneytinu um það hvernig komið er í kjaradeilu sjúkrahúslækna og skorar á yfirvöld að koma á samningaviðræðum við Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur þegar í stað.“

Hinn 1. júní 1981 var gefin út sameiginleg yfirlýsing Læknafélags Íslands og ríkisstjórnarinnar. Segir þar, að í óformlegum viðræðum fjármálaráðuneytisins við stjórn Læknafélags Íslands hafi aðiljar orðið ásáttir um, að fram fari viðræður þeirra í milli um starfskjör sjúkrahúslækna í ljósi þess ástands, sem skapast hafi á sjúkrahúsunum. Aðiljar séu sammála um, að þessar viðræður, sem nú séu að hefjast, snúist ekki um grunnkaupshækkanir til lækna umfram gildandi kjarasamning skv. dómi Kjaradóms. Fram hafi komið, að á nokkrum sviðum félagslegra réttindamála njóti læknar lakari réttar en aðrir ríkisstarfsmenn, og muni því viðræðurnar snúast um lagfæringar á þeim þáttum og annað, er varði réttindi og skyldur sjúkrahúslækna.

Á almennum fundi Læknaþjónustunnar s.f. hinn 2. júní var samþykkt heimild stjórnar félagsins um, að hún geti dregið úr eða stöðvað sölu á þjónustu félagsins til sjúkrahúsanna föstudaginn 5. júní. Við þá ákvörðun

skuli stjórnin taka mið af fjárhagsstöðu félagsins vegna ógreiddra reikninga og stöðunni í samningaviðræðum um kjaramál sjúkrahúslækna. Ákvörðun var tekin á fundi stjórnar Læknaþjónustunnar s.f. 8. júní um að draga úr sölu á þjónutu til þeirra sjúkrahúsa, sem ekki hafi greitt framlagða reikninga félagsins, og kæmi samdrátturinn til framkvæmda að morgni þriðjudagsins 9. júní 1981 og verði útseld vinna frá þeim tíma takmörkuð við það lágmarksvaktakerfi, sem tíðkast hafi á sjúkrahúsunum á helgidögum.

Hinn 24. júní 1981 gerðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélag Íslands vegna lausráðinna sjúkrahúslækna með sér samkomulag í framhaldi af yfirlýsingu þessara aðilja frá 1. júní. Þar voru gerðar breytingar á kjarasamningi þessara aðilja samkvæmt dómi Kjaradóms frá 26. febrúar um fyrirframgreiðslu mánaðarlauna, gæsluvaktartímakaup, breytingar á launastigum aðstoðarlækna, starfstíma sérfræðinga, og ýmsum slíkum ákvæðum samningsins. Stjórn St. Jósefsspítala lýsti samþykki við samkomulagið, og Reykjavíkurborg og Læknafélag Reykjavíkur gerðust aðiljar að samkomulaginu og dómi Kjaradóms frá 26. febrúar 1981 með undirritun og samþykki borgarráðs og félagsfundar, og var samkomulagið samþykkt á fundi Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur sama dag. Í framhaldi af samkomulagi þessu komu læknar almennt til starfa á sjúkrahúsum í borginni hinn 25. júní 1981, og var það tilkynnt bréflega af yfirlæknum viðkomandi deilda. Sumir læknanna tilkynntu sjálfir bréflega, að þeir muni „hefja störf hjá deildinni í samræmi við hina nýju kjarasamninga sjúkrahúslækna, sem samþykktir voru á fundi Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur 24. júní 1981".

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi, Læknaþjónustan s.f., styður kröfur sínar á hendur stefndu með því, að hér sé um að ræða reikning félagsins fyrir þjónustu, er látin hafi verið í té að beiðni starfsmanna stefndu, yfirlækna á spítölum. Þjónustan hafi verið fólgin í vinnu sérfræðinga og aðstoðarlækna á Landspítala, Kleppsspítala og Rannsóknastofu Háskólans við Barónsstíg dagana 18. til 22. maí 1981 samkvæmt sundurliðuðum vinnukortum með undirskrift viðkomandi lækna og yfirlækna. Á kortunum komi nákvæmlega fram dagvinna og yfirvinna hvers læknis fyrir sig á hverri deild, og reikningurinn sé nákvæmlega sundurliðaður í dagvinnustundir og yfirvinnustundir sérfræðinga og aðstoðarlækna svo og gæsluvaktir sérfræðinga og ferðir læknanna, allt samkvæmt gjaldskrá félagsins, sem kynnt hafi verið fyrirfram með bréfi 17. maí 1981. Reikningurinn sé að fjárhæð kr. 70.742.- og hafi eindagi hans verið 1. júní sl., en stefndu hafi synjað um greiðslu hans. Læknar þeir, sem veitt hafi þessa þjónustu, hafi gert það sem starfsmenn félagsins. Þeir hafi allir sagt upp störfum sínum á sjúkrahúsunum

vegna óánægju með niðurstöðu Kjaradóms og gerst starfsmenn í Læknaþjónustunni s.f. Þegar þeir hafi hætt störfum hjá stefndu hafi þeir verið teknir af launaskrá og hafi því ekki fengið neina greiðslu fyrir störf sín. Félagið hafi boðið fram þjónustu þessara lækna á ákveðnum kjörum og hafi stefndu þegið þetta tilboð og keypt þjónustuna með ákveðnum vinnustundum, sem stefndu hafi talið sér nauðsyn á að fá. Viðkomandi yfirlæknar hafi útfyllt verkbeiðnir fyrir hönd stefndu og sé hér því um verktakasamning að ræða, eins og hjá öðrum stéttum manna. Stefndu hafi aldrei gagnrýnt gjaldskrá félagsins og hafi því félagið talið, að stefndu féllust á þessa gjaldskrá og hafi verið í góðri trú um að reikningurinn yrði greiddur, en stefndu hafi synjað greiðslu.

Stefndu styðja sýknukröfu sína í fyrsta lagi þeim rökum, að læknar þeir, sem gerst hafi félagsmenn í Læknaþjónustunni s.f., hafi verið bundnir af gildandi kjarasamningi. Dómur Kjaradóms hinn 26. febrúar 1981 hafi verið kjarasamningur milli Læknafélags Íslands fyrir lausráðna sjúkrahúslækna og stefndu samkvæmt lögum nr. 46/1973. Læknafélag Íslands sé hinn lögformlegi samningsaðili og hafi læknarnir því verið bundnir af þessum kjarasamningi til loka gildistíma hans hinn 26. febrúar 1982. Þessu hafi aldrei verið andmælt af hálfu stefnanda og aldrei hafi verið véfengt, að kjarasamningurinn sem slíkur hafi verið í fullu gildi. Dómur Kjaradóms hafi verið fullnaðarúrlausn kjaradeilu, sem bindi aðilja hans. Þegar á sé kominn slíkur kjarasamningur, hafi hann alveg sama gildi og sömu áhrif og allir aðrir kjarasamningar stéttarfélaga og vinnuveitenda, að aðiljar öðlist ákveðin réttindi og séu bundnir af ákveðnum skyldum. Grundvallarskylda aðilja á gildistíma kjarasamnings sé friðarskyldan, skyldan til að efna ekki til ófriðar á gildistíma kjarasamnings. Skylda þessi sé veruleg forsenda kjarasamningsins og hafi lagastoð í 17. og 44. gr. hinna almennu laga á sviði kjarasamninga, laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í kjarasamningi aðilja felist m.a. það, að aðiljar hans hafi skuldbundið sig til þess að knýja ekki á samningstímabilinu fram kröfur út af þeim atriðum, sem samningurinn fjalli um. Sé deila um, hvað um hafi verið samið, skeri Félagsdómur úr, þannig að ekki verði leyst úr neinum ágreiningi á gildistíma kjarasamnings með þeirri valdbeitingu, sem í verkfallsréttinum felist. Inntak friðarskyldunnar sé því beinlínis, að stéttarfélagi sé óheimilt að beita verkfallsvopninu til þess að knýja fram breytingar á gildandi kjarasamningi. Slíkt væri ólöglegt og taki séttarfélagið því á sig beinar skyldur til að brjóta ekki gegn ákvæðum kjarasamningsins. Þessar skyldur takmarkist ekki við það eitt að efna ekki til verkfalla félagsmanna eða til ófriðar, heldur bein skylda til athafna gegn því, að einstakir félagsmenn framkvæmi athafnir, sem séu andstæðar þeim vinnufriði, sem fylgja skuli kjarasamningi. Einstakir félagsmenn Læknafélagsins hafi verið bundnir við

samninginn, persónulega bundnir þeirri samningsskyldu að halda friðinn. Uppsögn einstakra lækna á vinnu sinni hefði ekki talist brot á kjarasamningnum, en hópuppsagnir læknanna hafi verið brot á friðarskyldunni. Hópuppsagnir læknanna hafi beinlínis verið verkfallsaðgerðir til þess að knýja fram breytingar á kjarasamningnum og um það sé í raun ekki deilt í málinu. Hins vegar sé deilt um það, hvaða afleiðingar slíkt ólögmætt verkfall hafi. Ábyrgð á brotum á friðarskyldu felist í sektum og skaðabótum og hafi lögmaður stefnanda bent á, að slíkt falli undir valdsvið Félagsdóms. En stefndu haldi því fram, að félagsmenn stefnanda geti ekki unnið sér rétt með ólöglegu athæfi til greiðslu launa umfram ákvæði gildandi kjarasamnings. Meginregla sé, að menn geti ekki unnið sér rétt með ólöglegu athæfi og slíkan rétt megi því ekki viðurkenna í máli þessu nokkurn tíma. Verið geti, að félagsmenn í Læknaþjónustunni eigi kröfu á hendur félaginu til greiðslu slíkra launa, en þeir eigi ekki rétt á hendur aðilja að gildandi kjarasamningi, stefndu í máli þessu.

Í öðru lagi benda stefndu á, að réttarsamband hafi aldrei stofnast milli þeirra og stefnanda. Yfirlæknar hafi snúið sér beint til ákveðinna lækna, sem þeir óskuðu eftir til starfa, en ekki til stefnanda eða trúnaðarmanna félagsins. Yfirlæknarnir hafi staðfest vinnutíma á vinnukort, sem stefnandi vilji kalla verkbeiðnir. Alsrei hafi yfirlæknir óskað eftir starfi verktakafyrirtækis eða gert verksamninga, heldur hafi verið gerðir vinnusamningar við ákveðna einstaklinga. Félagsmenn Læknafélags Íslands hafi átt og eigi allan forgang til vinnu á spítölunum, aðra megi ekki ráða til starfa samkvæmt kjarasamningnum. Læknaþjónustan s.f. sé ekki í Læknafélagi Íslands og hefði samningur stefndu og stefnanda um störf verktakafyrirtækis á spítölunum því ekki staðist samkvæmt kjarasamningsákvæðinu.

Stefndu benda og á það, að niðurstaða verði hin sama, jafnvel þótt litið verði svo á, að réttarsamband hafi stofnast milli aðilja. Ótvíræðar yfirlýsingar hafi verið gerðar um, að einhliða gjaldskrá stefnanda væri vísað á bug, og hafi læknunum verið fullkunnugt um synjun stefndu á þessum einhliða töxtum, sem upp hafi verið settir. Ekki hafi verið komist hjá því að óska eftir störfum lækna og hafi stefndu verið óbundnir af taxta stefnanda, sem þeir höfðu alfarið mótmælt.

Stefndu halda því fram, að málið sé einstakt í sinni röð. Að baki þess liggi kjaradeila, annars vegar þjóðfélagshóps, sem hafi aðstöðu til þess umfram allar aðrar stéttir að beita verkfallsvopninu á hinn grimmilegasta hátt, og hins vegar fulltrúa almannavaldsins í landinu. Félagið Læknaþjónustan s.f. sé eingöngu tæki í höndum lækna í verkfallsbaráttu þeirra, sem hafi verið ólögleg í alla staði.

Stefndu hafa lýst því yfir hér í málinu, að þeir séu reiðubúnir og hafi ætið verið reiðubúnir til að greiða einstökum læknum fyrir vinnuframlag

þeirra, meðan á uppsagnarástandinu stóð sl. vor, og þá eftir ákvæðum kjarasamnings aðilja, dags. 26. febrúar 1981, og viðbót við hann, dags. 24. júní 1981, en stefnandi þessa máls geti ekki verið aðili samkomulags um slíkar greiðslur.

Niðurstaða.

Telja verður upplýst og óumdeilt í máli þessu, að lausráðnir sjúkrahúslæknar hafi staðið í langvarandi kjaradeilu við viðsemjendur sína, allt frá því félög þeirra sögðu upp gildandi kjarasamningi hinn 31. júlí 1979 miðað við 1. nóvember sama ár. Kjaradeilan stóð allt árið 1980, og varð ekki samkomulag, og lýsir málflutningur fyrir Kjaradómi í janúar 1981 hinum mikla mun, sem var á kröfum læknanna, t.d. 20% hækkun grunnkaups, og kröfum gagnaðilja. Dómur Kjaradóms um 6% grunnkaupshækkun hinn 21. febrúar 1981 var því fjarri því, sem læknar töldu sig geta sætt sig við, og brugðust þeir við dómi þessum með hópuppsögnum í marsmánuði. Kjaradeilunni lyktaði með samkomulagi, sem gert var hinn 24. júní 1981 um breytingu á nokkrum greinum kjaradóms. Gildistími kjaradóms er gildistími kjarasamnings læknafélaganna vegna lausráðinna sjúkrahúslækna og viðsemjenda þeirra, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar, til 26. febrúar 1982.

Með dómi Kjaradóms 26. febrúar 1981 komst á kjarasamningur milli Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um kjör sjúkrahúslækna, og skyldi hann gilda til 26. febrúar 1982. Þótt samningur þessi hafi verið gerður með dómi, hefur hann að lögum öll sömu áhrif og frjáls kjarasamningur. Sjúkrahúslæknar vildu ekki una þessum samningi og sögðu upp störfum sínum í hópum, og voru uppsagnirnar liður í kjaradeilu þeirra og var ætlað að hafa áhrif á hana. Uppsagnirnar voru því brot á friðarskyldu þeirra á gildistíma kjarasamnings og því ólögmæt aðgerð. Stefndu hafa þó ekki leitað réttar síns sérstaklega vegna þessara ólögmætu aðgerða, heldur samið á ný við samningsaðilja, Læknafélag Íslands, um breytingu á þessum kjarasamningi.

Læknar þeir, sem sögðu upp störfum sínum á sjúkrahúsum, stofnuðu og gerðust starfsmenn sameignarfélags, sem þeir nefndu Læknaþjónustuna s.f., og skyldi félagið annast sölu á læknisþjónustu til sjúkrahúsa og annarra aðilja. Félag þetta bauð sjúkrahúsunum fram þjónustu lækna á spítölum með ákveðnum skilyrðum. Af hálfu stefndu var tilboði félagsins alfarið hafnað, og héldu stefndu sig við kjarasamninginn, sem í gildi var, en jafnframt kölluðu yfirlæknar til starfa á spítölum ýmsa lækna, sem þar höfðu starfað. Þessir læknar voru kallaðir til starfa af brýnni nauðsyn, enda verður að telja óumdeilt, að algjört öngþveiti og neyðarástand hefði skapast á sjúkrahúsunum, ef læknarnir hefðu ekki verið kallaðir til starfa. Yfir-

læknar rituðu á vinnukort stefnanda og staðfestu vinnu lækna þeirra, sem kvaddir voru til starfa dagana 18. til 22. maí. Ekki er annað í ljós leitt en að þar hafi verið um persónuleg útköll lækna að ræða og í engum tengslum við félagið, sem er stefnandi í máli þessu. Gegn andmælum stefndu hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að yfirlæknar hafi snúið sér til félagsins eða trúnaðarmanna þess til þess að fá læknana til starfa, enda hefði slíkt verið brot á 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings þess, er í gildi var fyrir læknana.

Stefndu leiddu alfarið hjá sér félagið Læknaþjónustuna s.f. og vísuðu gjaldskrá þess á bug, og mátti viðkomandi læknum, sem kvaddir voru til starfa eftir uppsagnir, vera ljóst, að stefndu hefðu ekki samþykkt skilyrði félagsins.

Því er ekki í móti mælt, að stefndu hafi boðist til að greiða læknum þeim, sem kallaðir voru til starfa og getið er um á vinnukortum stefnanda, laun samkvæmt samkomulagi því, sem gert var 24. júní 1981, sbr. kjarasamning aðilja í Kjaradómi. Því hefur verið hafnað, og snýst deila máls þessa því alfarið um réttmæti reiknings stefnanda á hendur stefndu.

Stefndu hafa lagt áherslu á það, að þessi krafa megi ekki ná fram að ganga, þar sem hvorki stefnandi né nokkur annar megi öðlast rétt með ólögmætum aðgerðum.

Þótt stefndu hafi gert samkomulag hinn 24. júní 1981 við viðsemjanda sinn, Læknafélag Íslands, um breytingar í kjaradómi frá 26. febrúar, verður ekki talið, að í því felist viðurkenning á ólögmætum aðgerðum þeim, sem fólust í hópuppsögnum sjúkrahúslækna.

Læknunum var frjálst að stofna hvaða félag sem var, ef það var í löglegum tilgangi, sbr. 73. gr. stjórnarskráinnar. Tilgangur Læknaþjónustunnar s.f. var andstæður gildandi kjarasamningi læknanna, bæði að því leyti sem félaginu var ætlað að koma í stað persónulegra ráðninga lækna til starfa á sjúkrahúsum og að því leyti sem félaginu var ætlað að taka annað gjald fyrir störf lækna á sjúkrahúsunum en það, sem ákveðið hafði verið í löglegum kjarasamningi. Þar sem hópuppsagnir læknanna voru ólögmæt aðgerð, verður að telja, að aðferð þessi til að knýja fram bætur á kjörum hafi einnig verið ólögmæt, og ber að fallast á með stefndu, að þegar af þeirri ástæðu sé enginn lagalegur grundvöllur fyrir kröfu félagsins á hendur stefndu. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda, en rétt er, að málskotnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, heilbrigðisráðherra f.h. skrifstofu ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Læknaþjónustunnar s.f., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 13. mars 1984.

Nr. 94/1982. **Árni Magnússon og**
Sigríður Katrín Þorbjörnsdóttir
(Ásmundur Jóhannsson hdl.)
gegn
Ingjaldi Arnþórssyni og
Hólmfríði Jónsdóttur
(Guðmundur Pétursson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnunum Haraldi Sveinbjörnssyni verkfræðingi og Sigurði Hannessyni byggingameistara.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1982. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málflutningi fyrir Hæstarétti var frá því greint, að hús það, er málið fjallar um, muni hafa verið reist árið 1890, en síðar flutt úr stað.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að vextir af dæmdri fjárhæð reiknast frá 6. júlí 1981.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 15.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af hinni dæmdu fjárhæð reiknast frá 6. júlí 1981.

Áfrýjendur, Árni Magnússon og Sigríður Katrín Þorbjörns-

dóttir, greiði stefndu, Ingjaldi Arnþórssyni og Hólmfríði Jónsdóttur, 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Hús það, sem mál þetta snýst um, er gamalt. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var gerð grein fyrir því, að það hefði verið reist um 1890, en flutt á núverandi stað 1919 og síðan hefði því verið breytt og það stækkað. Svo sem greinir í héraðsdómi, er húsið úr timbri, en múrhúðað að utan eða „forskalað". Í héraðsdómi greinir einnig frá því, að múrhúðun var sprungin á austur- og vesturveggjum, og „má greinilega sjá að vesturveggurinn er aflagaður, lárétt brot sést í múrinn sem bungar út í brotinu".

Þegar kaup voru gerð, var ljóst, að um gamalt timburhús var að ræða, sem múrhúðað hafði verið að utan, „forskalað," og að múrhúðun hafði gefið sig. Mátti væntanlegum kaupanda vera ljóst, að eigi var unnt að dæma um ástand hússins án vandlegrar athugunar sérfróðs skoðunarmanns. Stefndu vanræktu slíka athugun, þótt ástand glugga og sprungur í múrhúðun, sem matsmenn telja hvort tveggja hafa verið sýnilegt, hafi gefið væntanlegum kaupendum tilefni til aðgæslu og nánari athugunar.

Því hefur ekki verið haldið fram, að svikum hafi verið beitt.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, tel ég, að útlit hússins við skoðun hafi borið með sér, að mjög væri vafasamt um ástand innviða og klæðningar innan múrhúðunar og hafi því væntanlegum kaupendum mátt vera ljóst, að nauðsyn bæri til, að sérfróður maður yrði til kvaddur. Jafnframt tel ég, að rannsókn sérfróðs manns mundi hafa leitt í ljós raunverulegt ástand hússins.

Með hliðsjón af meginreglu 47. gr. laga nr. 39/1922 verður að telja, að með því að láta fyrirfarast að rannsaka húsið með þeim hætti sem nauðsynlegt var til þess að ganga úr skugga um ástand þess, hafi stefndu fyrirgert rétti sínum til þess síðar að bera fyrir sig galla á húsinu, sem slík rannsókn hefði átt að leiða í ljós, og því firrt sig rétti til riftunar samkvæmt meginreglu 42. gr. sömu laga.

Ber því að sýkna áfrýjendur af dómkröfum stefndu í málinu.

Eftir þessum málsúrslitum tel ég, að dæma beri stefndu til þess að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en hann þykir hæfilega ákveðinn samtals 30.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Akureyrar 26. mars 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar sl., hafa Ingjaldur Arnþórsson, Oddeyrargötu 3. Akureyri, og Hólmfríður Jónsdóttir, sama stað, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 7. september 1981, á hendur Árna Magnússyni, Tjarnarlundi 19 H, Akureyri og Sigríði Katrínu Þorbjörnsdóttur, sama stað, in solidum til staðfestingar á riftun á kaupsamningi, dagsettum 13. febrúar 1981, um fasteignina Mánahlíð 3, Akureyri, og til endurgreiðslu á kr. 40.000.00 ásamt 34% ársvöxtum af kr. 10.000.00 frá 13. febrúar 1981 til 20. mars 1981, en af kr. 40.000.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til að greiða stefndu málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Málsatvik eru þau, að með kaupsamningi, dagsettum 13. febrúar 1981, keyptu stefnendur fasteignina Mánahlíð 3, Akureyri, af stefndu og var kaupverð kr. 170.000.00, sem skyldi greiðast á nánar tiltekinn hátt samkvæmt kaupsamningnum, og skyldi eignin afhendast í síðasta lagi 1. maí 1981. Í kaupsamningi er tekið fram, að eigninni fylgi allt múr- og naglfast sem venja sé, en kaupendur hafi kynnt sér ástand hins selda og sætt sig við það. Eftir afhendingu eignarinnar hófust stefnendur handa við breytingar og lagfæringar á henni. Kom þá í ljós, að fúi var í útveggjum húseignarinnar, og fengu stefnendur dómkvadda menn til að skoða eignina og meta til verðs, hvað kostaði að gera við hana. Hinn 6. júlí 1981 tók lögmaður stefndu fyrir þeirra hönd við tilkynningu stefnenda um, að þeir riftu framangreindum kaupsamningi, og með bréfi, dagsettu 10. júlí 1981, mótmæltu stefndu riftuninni.

Stefnendur rökstyðja kröfu sína með því, að framangreint hús hafi verið haldið mjög verulegum leyndum göllum, þar sem fúann, sem í húsinu reyndist, hafi ekki verið unnt að sjá, nema með því að rífa niður klæðningu á innveggjum, þurfi nánast að endurbyggja húsið til að bæta úr gallanum. Stefnendur hafi á engan hátt getað gert ráð fyrir, að húsið væri svo fúið sem raun bar vitni, enda verð það, sem á húsið hafi verið sett, það hátt, að gera mátti ráð fyrir, að húsið væri í góðu ástandi.

Stefndu rökstyðja sýknukröfu sína með því, að ástand hússins hafi ekki verið lakara en við mátti búast af svo gömlu húsi. Við skoðun á eigninni

hafi stefndu bent stefnendum á galla á gluggum og gleri í þeim, en orðrétt hafi þau sagt: „Eins og þið sjáið er glerið hálfónýtt og gluggar lélegir.“ Stefndu hafi búið í húsinu frá 1. júlí 1979, eða í rúmlega hálft annað ár, og sagt stefnendum frá öllu því, sem þau höfðu kynnst og vissu um ástand hússins, Þá kveða stefndu múrhúðun á austurvegg hússins hafa verið nokkuð sprungna og greinilega megi sjá, að vesturveggurinn sé aflagaður. Lárétt brot sjáist í múrnum, sem bungi út í brotinu. Þá benda stefndu á, að slag sé yfir húsið báðum megin. Telja stefndu, að framangreind atriði, sem séu sýnileg, ásamt því, sem þau hafi skýrt stefnendum frá um ástand hússins, hafi gefið stefnendum sérstakt tilefni til nákvæmrar og kunnáttusamlegrar skoðunar á húsinu. Það hafi þau ekki gert og verði þau að bera hallann af því. Þeim hafi verið ljóst, að þau hafi verið að kaupa gamalt hús, sem þar að auki hafi verið múrhúðað á tré, en slíkum húsum hætti við fúa, þar sem veggir þeirra andi ekki. Séu því ekki til staðar skilyrði til riftunar á samningi aðilja af hálfu stefnenda og beri þeim að efna samninginn.

Dómurinn hefur skoðað húsið og kynnt sér ástand þess. Fram er komið í málinu, að stefnendur og Níels Erlingsson skoðuðu húsið, áður en kaup voru gerð. Fór skoðun þannig fram, að gengið var um húsið og kringum það, en engar prufur voru gerðar á ástandi þess. Hvorki stefnendur né Níels Erlingsson eru sérfróð um húsasmíðar. Fram er komið, að af skoðun sinni og viðræðum við stefndu hafi stefnendum verið ljóst, að gluggar væru lélegir og einhver fúi væri undir þeim. Eins og áður segir, skoðuðu dómkvaddir matsmenn húsið, og segir svo í matsgerð þeirra:

„Hús það, sem hér um ræðir er gamalt forskalað timburhús á kjallara úr hlöðnu grjóti. Stærð aðalhússins er 5,73 m × 5,12 eða 39,3 m² að grunnfleti (utanmál). Kjallari er undir þessum hluta. Viðbygging norðan hússins er 2,73 m × 3,97 m eða 10,8 m² að grunnfleti (utanmál). Inngangur í húsið er í viðbyggingunni, á henni er einn gluggi á vesturhlið. Aðrir gluggar á húsinu eru 1 á vesturhlið, 1 á suðurhlið og 2 á austurhlið. Á kjallara er útihurð og 2 litlir gluggar. Þak hússins er klætt með bárujárni, gólf hússins er úr timbri. Er matsskoðun fór fram var búið að rjúfa innri klæðningu útveggja undir 4 gluggum hússins. Útveggirnir eru með fótreim, stoðum og skástífum. Plægð borðklæðning er bæði að utan og innan á veggjunum. Stoppað hefur verið með heyi í veggjum. Mikill fúi sást í ytri klæðningu veggjarins undir gluggunum. Á þeim stað sem hægt var að skoða klæðninguna ofar, þ.e. á móts við glugga og við loft, var ásigkomulag hennar betra. Neðri hluti þeirra stoða sem skoðaðar voru reyndust mjög fúnar. Fótreim reyndist sundurmorkin af fúa undir þremur gluggum og telja matsmenn sennilegt að hún sé ónýt allan hringinn í húsinu. Gluggar eru skemmdir af fúa og lausir í veggjum. Þak hússins virðist heilt og ófúið. Húsið er múrhúðað utan svo sem áður er getið, múrhúðunin er nokkuð

sprungin á austur- og vesturvegg og má greinilega sjá að vesturveggurinn er aflagaður, lárétt brot sést í múrinn sem bungar út í brotinu. Matsmenn voru beðnir í matsbeiðni að áætla viðgerðarkostnað. Undirritaðir telja að til að komast fyrir allar áðurnefndar skemmdir verði ekki um eiginlega viðgerð að ræða heldur þurfi að endursmíða veggi hússins. Þetta og óvissa um nýtingu gólfs og steinsökkuls veldur því að matsmenn telja óraunhæft að meta kostnað við endursmíði útveggja á þessu stigi málsins."

Samkvæmt gögnum málsins er ekki vitað nákvæmlega um aldur hússins, en líkur taldar á, að það sé byggt fyrir árið 1930. Ekki er fram komið, að aldur hússins hafi borið á góma við kaupin. Það er skoðun dómsins, að fúi í ytri klæðningu veggja, neðri hluta stoða og fótreim, hafi leynst við venjulega skoðun á húsinu. Aðrir þeir gallar, sem að framan eru taldir og voru sýnilegir, voru ekki þess eðlis, að þeir vektu grunsemdir ósérfróðra manna um, að frekari gallar væru á húsinu. Ekki liggur fyrir í málinu, hvað kosti að gera við hina leyndu galla, en það er skoðun dómsins með hliðsjón af matsgerð hinna dómkvöddu manna, að veruleg endurbygging hússins þurfi að fara fram, sem vafasamt sé, að borgi sig. Verður því að telja hina leyndu galla hússins það mikla, að stefnendum sé heimilt að rifta kaupunum með hliðsjón af megin reglu þeirri, er fram kemur í 42. gr. laga nr. 39, 1922. Er niðurstaða dómsins þá sú samkvæmt framansögðu, að staðfesta ber riftun stefnenda í kaupunum, er fram fóru 6. júlí 1981. Þá ber að dæma stefndu til að endurgreiða stefnendum þá fjárhæð, er þeir höfðu greitt upp í kaupverðið, en ágreiningslaust er, að það sé kr. 40.000.00. Dæma ber stefndu til að greiða vexti á þá fjárhæð, eins og krafist er, þ.e. 34% ársvexti af kr. 10.000.00 frá 13. febrúar 1981 til 20. mars 1981, en af kr. 40.000.00 frá þeim degi til birtingar stefnu þann 7. nóvember 1981, en vöxtum samkvæmt lögum nr. 56, 1979 frá þeim degi til greiðsludags. Eftir framangeindum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Riftun stefnenda á framangreindum kaupsamningi aðilja, sem fram fór 6. júlí 1981, er viðurkennd.

Stefndu, Árni Magnússon og Sigríður Katrín Þorbjörnsdóttir, greiði stefnendum, Ingjaldi Arnþórssyni og Hólmfríði Jónsdóttur, in solidum kr. 40.000.00 ásamt 34% ársvöxtum af kr. 10.000.00 frá 13. febrúar 1981 til 20. mars s.á., en af kr. 40.000.00 frá þ.d. til 7. nóvember s.á., og með vöxtum samkvæmt l. nr. 56, 1979 frá þ.d. til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. mars 1984.

Nr. 46/1984. **B. Sveinsson og Friðriksson**
gegn
Jóni H. Runólfssyni

Kærumál. Áskorunarmál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga 75/1973 skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 24. febrúar 1984, sem barst Hæstarétti 7. mars s.á. Lögmaður sóknaraðilja skýrir frá því í kæru sinni, að sér hafi eigi verið kunnugt um dómsathöfnina fyrr en 21. febrúar 1984. Er þeirri frásögn ekki hnekkt, og er kæran því nógu tímanlega fram borin, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðiljar krefjast þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávísun málsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir hann að taka málið til efnisúrlausnar. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta höfðuðu sóknaraðiljar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál með stefnu, útgefinni 6. desember 1983, birtri 6. janúar 1984, til heimtu skuldar að fjárhæð 2.200.00 krónur samkvæmt víxli, útgefnum af sóknaraðilja 6. október 1983, samþykktum af varnaraðilja og framseldum af sóknaraðilja. Gjalddagi víxilsins var 1. nóvember 1983 í Útvegabanka Íslands í Reykjavík. Útgefandi (sóknaraðili) ritaði næst á undan nafnritun sinni orðin „án afsagnar".

Stefnan var birt fyrir varnaraðilja persónulega, en hann sótti eigi þing hinn 17. janúar 1984, er málið var þingfest í bæjarþingi Reykjavíkur. Var málið þá tekið til áritunar að kröfu sóknaraðilja.

Hinn 7. febrúar 1984 var málinu vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur með svofelldri áritun Þórhildar Líndal, fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík, á stefnuna:

„Á frumriti áskorunarstefnu sést að upphaflega hefur þingfesting málsins verið ákveðin 10. janúar 1984 en síðar hefur þeirri ákvörðun

verið breytt í 17. janúar 1984. Þessa breytingu á þingfestingardegi er þó einungis að finna á frumriti stefnunnar en engu þeirra ljósrita hennar sem fylgja.

Vegna þessa ósamræmis þykir verða að vísa máli þessu frá dómi án kröfu þar eð eigi verður séð með óyggjandi hætti hvenær breytingin var gerð né heldur hvort hún var stefnda kunn.

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.

Málskostnaður fellur niður."

Í kæru skýra sóknaraðiljar svo frá, að með því að ekki hafi tekist að birta varnaraðilja framangreinda stefnu nægilega tímanlega, hafa stefnuvottar að ósk lögmanns sóknaraðilja breytt þingfestingardeginum, sem greindur var 10. janúar 1984 í stefnu, í 17. janúar 1984 og sett fangamörk sín við þá breytingu. Komi fram í stefnubirtingarvottorði, að stefnuvottar hafi birt varnaraðilja frumrit stefnu og afhent honum endurrit. Verði að líta svo á, „að stefnda hafi verið afhent endurrit þess frumrits umræddrar stefnu í því ásigkomulagi, er það var í á þingfestingardegi þann 17. janúar 1984 og með því sama efni". Telja sóknaraðiljar,að vottorði stefnuvotta um stefnubirtingu sé ekki hnekkt og eigi því að fella úr gildi hina kærðu dómsathöfn.

Endurrit af dómstefnu í máli þessu ber með sér, að þingfestingardegi hefur verið breytt úr 10. janúar í 17. janúar 1984. Upphafsstafir eru settir út á spássíu, en eru þó ógreinilegir. Breyting á tölunni 10. í 17. er og óglögg. Breytingin er ekki gerð á því ljósriti, er fylgdi gögnum máls til héraðsdómara. Varnaraðili sótti ekki dómþing, svo sem áður greinir. Er óvíst, hvernig endurrit það, sem honum var afhent, hafi verið úr garði gert að því er framangreinda breytingu varðar. Vegna þessa annmarka er það rétt niðurstaða hjá héraðsdómara að vísa máli þessu frá dómi, og ber að staðfesta hinna kærðu dómsathöfn.

Krafa um kærumálskostnað verður ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 19. mars 1984

Nr. 49/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

William James Scobie

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. mars 1984, er barst Hæstarétti 15. s.m. Krefst hann þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði skemmri en þar greinir. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Samkvæmt 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. mars 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 14. mars, en á dómþingi sakadóms Reykjavíkur af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur að tilhlutan ríkissaksóknara gert þá kröfu, að gæsluvarðhald það, sem kærða, William James Scobie, fæddum 27. 04. 1962, til heimilis að Barmahlíð 35 hér í borg, var gert að sæta þann 25. febrúar sl. og rennur út í dag kr. 17:00, verði framlengt allt til miðvikudagsins 28. mars n.k. kl. 17:00.

Málavextir.

Kærði, William James Scobie, hefur viðurkennt að hafa föstudaginn 17. febrúar sl. tekið leigubifreið við Hótel Sögu kl. 19:30 og beðið bílstjórann að aka að Hótel Loftleiðum. Kærði hefur viðurkennt að hafa ógnað leigubílstjóranum með byssu á leið þeirra að Hótel Loftleiðum og neytt hann til að aka bifreiðinni að Nauthólsvegi. Kærði hefur viðurkennt að hafa síðan ekið á brott, eftir að bílstjórinn yfirgaf bifreiðina.

Kærði hefur borið að hafa föstudaginn 17. febrúar sl., um kl. 20:00, ráðist að starfsmanni ÁTVR og ógnað honum með byssu, er hann hugðist leggja krónur 1.839.134.- inn í næturhólf bankans. Kærði náði fé þessu af starfsmanni ÁTVR með ofbeldislegum hætti.

Við rannsókn málsins hefur Ingvar Heiðar Þórðarson játað aðild að broti kærða, William James Scobie.

Rannsókn máls þessa miðar vel áfram, og þykja sakarefni í meginatriðum upplýst. Stefnt er að því af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins að ljúka rannsókn málsins sem fyrst, svo unnt sé að senda ríkissaksóknara gögn málsins til ákvörðunar.

Geðrannsókn, sem William James Scobie, hefur lýst sig fúsan til að gangast undir, er þó eigi lokið.

Kærði er grunaður um háttsemi, sem varðar við fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. mars n.k., kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, William James Scobie, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. mars n.k. kl. 17:00.

Mánudaginn 19. mars 1984.

Nr. 50/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Ingvari Heiðari Þórðarsyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974

skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. mars 1984, er barst Hæstarétti 15. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Samkvæmt 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. mars 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 14. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgarúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur að tilhlutan ríkissaksóknara gert þá kröfu, að gæsluvarðhald það, sem kærða, Ingvari Heiðari Þórðarsyni, f. 09.03.1964, til heimilis að Heiðvangi 4, Hafnarfirði, var gert að sæta þann 27. febrúar sl. og rennur út í dag kl. 17:00 verði framlengt allt til miðvikudagsins 28. mars n.k. kl. 17:00.

Málavextir.

Föstudaginn 17. febrúar sl. tók William James Scobie leigubíl frá Hótel sögu að Hótel Loftleiðum og ógnaði bílstjóranum með byssu og neyddi hann til að aka að Nauthólsvegi, skildi bílstjórann þar eftir og ók síðan á brott.

William fór síðan að útibúi Landsbanka Íslands að Laugavegi 77 og ógnaði starfsmanni ÁTVR með byssu og náði af honum kr. 1.839.134 með ofbeldislegum hætti.

Kærði, Ingvar Heiðar Þórðarson, hefur viðurkennt að hafa ekið William James Scobie að Háskólabíói þann 17. febrúar sl. kl. 19:00 og síðan hafi hann ekið að Brautarholti 2, þar sem hann hafi beðið þess, að kærði William James Scobie kæmi. Kveðst kærði hafa farið að Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, kl. 20:00 og fundið þar poka með peningum, sem hann hafi tekið með sér og skilið eftir í Stórholti á leið sinni í Brautarholt. Þar hafi hann hitt William og þeir sótt þennan poka stuttu síðar, en síðan hafi hann ekið William í Kópavog, þar sem byssunni var hent í sjó. Kærði kveðst síðan hafa ekið William í Barmahlíð 35, en þar hafi leiðir skilið og William farið inn með féð. Kærði hefur viðurkennt að hafa móttekið 360.000 krónur í peningum frá William James Scobie þriðjudaginn 21.

febrúar sl. í Þrekmiðstöðinni í Hafnarfirði vegna þáttar hans í málinu. Kærði hefur borið, að honum hafi verið kunnugt um áform Williams, er hann ók honum að Háskólabíói föstudaginn 17. febrúar sl.

Rannsókn máls þessa hefur miðað vel áfram, og þykja sakarefni í meginatriðum upplýst. Stefnt er að því af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins að ljúka rannsókn málsins sem fyrst, svo unnt sé að senda ríkissaksóknara rannsóknargögn til ákvörðunar.

Kærði er grunaður um háttsemi, sem varðar fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla alm. hegningarlaga, og er 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 4. tl. 1.mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins og ríkissaksóknara til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 28. mars n.k. kr. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ingvar Heiðar Þórðarson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 17. mars n.k. kl. 17:00.

Miðvikudaginn 21. mars 1984.

Nr. 51/1984. **Ákæruvaldið**
gegn
Valgeiri Víðissyni

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. mars 1984, er barst Hæstarétti 19. s.m. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími en greinir í úrskurðinum. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera órasakaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. mars 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 15. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Um miðjan dag í dag bárust lögreglu upplýsingar um, að Trausti Finnbogason, f. 6.3. 1963, hefði undir höndum amfetamín og væri að dreifa því.

Um kl. 18.00 sáu lögreglumenn til ferða Trausta þessa og tóku að gefa honum gætur. Var Trausta ásamt öðrum aðilja fylgt auk annars að Engjaseli 84 hér í borg, þar sem margnefndur Trausti hafði viðdvöl, en hélt þaðan aftur í miðborg og síðar á hafnarsvæði, þar sem hann var um kl. 21.05 handtekinn. Í fórum Trausta Finnbogasonar reyndust um 8 gr. af duftkenndu efni, sem gaf sterka litarsvörun sem amfetamín. Trausti margnefndur neitaði að svara spurningum varðandi eðli efnis og uppruna.

Samkvæmt gögnum lögreglu býr auk annarra að Engjaseli 84 Valgeir Víðisson, f. 11. 7. 1964. Hann hefur í Noregi hlotið refsidóm vegna fíkniefnamisferlis og var í framhaldi af afplánun færður hingað til lands í lögreglufylgd 29. 11. 1982.

Fáum dögum fyrr hafði ofangreindur Trausti Finnbogason í lögregluyfirheyrslum borið Valgeir Víðisson sökum, en sá síðarnefndi í samprófun neitað hvers konar fíkniefnamisferli hérlendis.

Lögreglumenn eru nú í grennd Engjasels 84 að gefa gaum mannaferðum.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 390, 1974 og sterkar líkur taldar benda til að fíkniefni kunni að vera í vörslum Valgeirs Víðissonar að Engjaseli 84 hér í borg.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 48. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt í þágu rannsóknar að verða við framkominni kröfu lögreglu og heimila leit að sakargögnum hvers konar, nánar í vistarverum Valgeirs Víðissonar að Engjaseli 84 hér í borg.

Úrskurðarorð:

Leit má gera að sakargögnum í vistarverum Valgeirs Víðissonar, f.

11. 7. 1964, að Engjaseli 84, Reykjavík, svo og geymslurými, er undir forræði Valgeirs þessa kann að flokkast.

Heimild nær til leitar í læstum hirslum að skjölum, skilríkjum og hvers konar munum tengdum ætluðu fíkniefnamisferli Valgeirs Víðissonar.

Fimmtudaginn 22. mars 1984.

Nr. 95/1982. **Munda Kristbjörg Guðmundsdóttir**
og
Dóra Iris Guðmundsdóttir
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
dánarbúi Sigurjóns Á. Sigurðssonar
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 23. apríl 1982.

Sigurjón Á. Sigurðsson andaðist 28. ágúst 1982. Tók dánarbú hans þá við aðild málsins, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 15. gr. laga nr. 28/1981.

Fyrir Hæstarétti krefjast áfrýjendur þess ,,aðallega, að stefnda verði dæmt skylt að láta afmá úr veðmálabókum (fasteignabók) Reykjavíkur afsal það fyrir 1. hæð hússins nr. 85 við Langholtsveg, Reykjavík, sem undirritað var af áfrýjendum með dagsetningunni 6. nóvember 1978 og Sigurjón Á. Sigurðsson lét skrá í veðmálabækur hinn 19. mars 1980, svo og sex veðskuldabréf, öll gefin út af Sigurjóni, þrjú hinn 14. mars 1980 til handhafa, tvö að fjárhæð

kr. 7.500,00 en eitt að fjárhæð kr. 6.004,48, eitt veðskuldabréf, útgefið 21. júlí 1980 til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Skeljungs að fjárhæð kr. 20.000,00 eitt veðskuldabréf til Útvegsbanka Íslands útgefið 10. október 1980 að fjárhæð kr. 15.000,00 og eitt veðskuldabréf til Sparisjóðs Kópavogs útgefið 13. febrúar 1981 að fjárhæð kr. 15.000,00, en öll eru þessi veðbréf tryggð með veði í framangreindum fasteignahluta svo og að dæmdur verði ógildur og óskuldbindandi fyrir áfrýjendur svonefndur kaupsamningur, sem Sigurjón Á. Sigurðsson telur sig hafa gert hinn 31. janúar 1978 við Guðmund Guðjónsson um 1. hæð hússins nr. 85 við Langholtsveg, Reykjavík, til vara að viðurkenndur verði eignarréttur áfrýjenda að helmingi íbúðar á 1. hæð hússins nr. 85 við Langholtsveg, Reykjavík, ásamt því er henni fylgir og fylgja ber í óskiptri sameign með stefnda".

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda.

Afsal það, sem dómkröfur áfrýjenda lúta að, undirrituðu áfrýjendur ásamt samerfingjum sínum, þeim Alfons Guðmundssyni og Kristínu Guðmundsdóttur, er þau luku einkaskiptum á dánarbúi foreldra sinna. Skiptagerðin var síðan afhent skiptaráðanda og erfðafjárskattur greiddur. Eins og sakarefni er háttað, varð málið aðeins höfðað af öllum erfingjunum sameiginlega. Þar sem þau Alfons og Kristín eru ekki aðiljar að málsókn þessari, ber með vísan til ákvæða 46. gr. laga nr. 85/1936 að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda 15.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Munda Kristbjörg Guðmundsdóttir og Dóra Iris Guðmundsdóttir, greiði stefnda, Dánarbúi Sigurjóns Á. Sigurðssonar, 15.000,00 krónur óskipt í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel mál þetta snúast um það, hvort afhending Ólafs Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, umboðsmanns erfingjanna Alfons Guðmundssonar og Kristínar Guðmundsdóttur, á undirrituðu afsalsbréfi til Sigurjóns Á. Sigurðssonar, að því er áfrýjendur telja í heimildarleysi þeirra, hafi skapað Sigurjóni Sigurðssyni rétt samkvæmt hljóðan skjalsins.

Í héraðsdómi er frá því greint, að það hafi komið fram af hálfu áfrýjenda, að kröfur þeirra miðuðust einvörðungu við það að fá hnekkt kaupsamningi og gerningum, sem á honum byggðust að því er varðar hlutdeild þeirra sjálfra í fasteigninni. Má því líta á varakröfu þeirra fyrir héraðsdómi sem skýringu á aðalkröfunni, þ.e. að ekki sé krafist dóms, sem bindi samerfingjana Alfons og Kristínu.

Ég tel það óhæfa niðurstöðu, að réttarfarsreglur 46. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði geti orðið því til fyrirstöðu, að áfrýjendum verði leyft að fá úrlausn dómstóla um það, hvort athafnir lögmanns samerfingja þeirra, Alfons og Kristínar, en gegn vilja áfrýjenda og fyrirmælum, eigi að valda þeim missi eignarréttar. Reglur lagagreinar þessarar eru settar til þess að tryggja það, að sameiginlegir rétthafar verði ekki sniðgengnir, en ekki til þess að hindra aðra rétthafa í að ná rétti sínum að sínu leyti, þar sem svo stendur á sem hér.

Ég get því ekki fallist á niðurstöðu meiri hluta dómenda um ómerkingu héraðsdóms og frávísun máls frá héraðsdómi. Þar sem meiri hluti dómenda hefur komist að gagnstæðri niðurstöðu, tel ég ekki ástæður til að fjalla um efni málsins eða málskostnað í þessu sératkvæði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1982.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hafa Munda Kristbjörg Guðmundsdóttir, nnr. 6592-7896, Sunnuvegi 7, og Dóra Iris Guðmundsdóttir, nnr. 1616-5727, Miklubraut 66 hér í borg, höfðað fyrir dóminum gegn Sigurjóni Á. Sigurðssyni, nnr. 7970-3052, Langholtsvegi 85, Reykjavík.

Þann 10. maí 1977 andaðist móðir aðalstefnenda, Guðrún Jónsdóttir, og lét eftir sig eiginmann, Guðmund Guðjónsson vélstjóra, f. 10. 12. 1883, 3 börn þeirra hjóna, Kristínu, Alfons og Dóru Irisi, og dótturina Mundu Kristbjörgu af fyrra hjónabandi.

Þann 31. janúar 1978 var gerður kaupsamningur um íbúð á 1. hæð hússins nr. 85 við Langholtsveg í Reykjavík, sem Guðmundur hafði eignast með heimildarbréfi, dags. 6. október 1948. Samkvæmt kaupsamningi þessum er Guðmundur seljandi og stefndi kaupandi. Þann 11. febrúar 1978 ritaði umboðsmaður aðalstefnenda gagnstefnanda bréf, þar sem því er haldið fram, að ráðstöfunarheimild hefði skort til samningsgerðarinnar, þar sem ekkert samband hefði verið haft við aðalstefnendur. Er því lýst yfir, að aðalstefnendur telji samninginn ógildan og óskuldbindandi fyrir sig og að þær vari við sérhverri aðgerð eða breytingu á nefndri fasteign, sem brjóta kunni í bága við rétt þeirra. Þetta bréf var móttekið til þinglýsingar á bæjarþingi Reykjavíkur 13. febrúar 1978, þingmerki Litra R37 nr. 233.

Þann 16. júní 1978 andaðist Guðmundur Guðjónsson, og hafði þá bú Guðrúnar heitinnar ekki verið tekið til skipta. Hvorki hafði verið leitað leyfis til setu í óskiptu búi né einkaskipta.

Þann 21. júní 1978 var bréf umboðsmanns aðalstefnenda fært í veðmálaskrá, og þann sama dag var kaupsamningur móttekinn til þinglýsingar og færður í veðmálaskrá.

Þann 1. nóvember 1978 varð samkomulag með erfingjunum um, að afsal yrði undirritað að skiptum loknum, og aðalstefnendur féllu frá andmælum sínum gegn kaupsamningnum gegn tilteknum skilyrðum. Þann 6. nóvember 1978 undirrituðu allir erfingjarnir afsal til gagnstefnanda, og virðist þá einkaskiptum hafa verið lokið.

Þann 14. mars 1980, eftir að gagnstefnandi hafði gert full skil á kaupverði, afhenti Ólafur Ragnarsson hrl., umboðsmaður Alfons og Kristínar, sem sá um dánarbússkiptin, gagnstefnanda afsalið, en í kvittun og yfirlýsingu, sem aðiljar undirrituðu við það tækifæri segir, að afhending afsalsins sé gegn vilja Jóns Bjarnasonar hrl., umboðsmanns aðalstefnenda, sbr. bréf hans, dags. 5. 12. 1978, en á þessum tíma höfðu komið upp deilur með erfingjunum um efndir samkomulags þeirra.

Afsalið var móttekið til þinglýsingar 19. mars 1980 og innfært í þinglýsingarbók 18. apríl 1980 nr. 6202/1980 með athugasemd um yfirlýsingu aðalstefnenda.

Endanlegar dómkröfur aðalstefnenda eru þær aðallega, að gagnstefnanda verði dæmt skylt að láta afmá afsalið úr veðmálabókum Reykjavíkur ásamt öllum veðböndum, sem hann hafi sett, nánar tiltekið veð fyrir kr 21.004.48 skv. þrem handhafaskuldabréfum, dags. 14. mars 1980, kr. 20.000.00 skv. nafnbréfi til eftirlaunasjóðs starfsmanna Skeljungs, dags. 2. 7. 1980, kr. 15.000.00, verðtryggðum, til Útvegsbanka Íslands skv. veðskuldabréfi, dags. 10. 10. 1980, og kr. 15.000.00, verðtryggðum, til Sparisjóðs Kópavogs skv. veðskuldabréfi, dags. 13. febrúar 1981, svo og að dæmdur verði ógildur og óskuldbindandi fyrir aðalstefnendur „svonefndur

kaupsamningur sem stefndi telur sig hafa gert“ um 1. hæð hússins nr. 85 við Langholtsveg í Reykjavík hinn 31. janúar 1978.

Til vara er þess krafist af hálfu aðalstefnenda í aðalsök, að aðalstefnendur verði með dómi staðfestir sem eigendur helmings íbúðar á aðalhæð hússins að Langholtsvegi 85 í Reykjavík í óskiptri sameign með gagnstefnanda ásamt öllu því, sem eigninni fylgir og fylgja ber.

Málskostnaðar er krafist bæði í aðal- og varakröfu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Meginmálsástæða aðalstefnenda er sú, að undirritun þeirra undir afsal hafi ekki falið í sér viljayfirlýsingu þeirra til gagnstefnanda. Forsenda fyrir undirritun afsalsins og afhendingu hafi verið, að meðerfingjar aðalstefnenda stæðu við samkomulagið, en það hafi brugðist. Þar sem umboðsmaður gagnstefnanda, sá sem við afsalinu tók, vissi um bréfið frá 5. desember 1978 og banni við afhendingu, er því haldið fram af hálfu aðalstefnenda, að ekki hafi getað verið um neitt traustfang að ræða.

Auk þessa er því haldið fram, að Guðmundur heitinn Guðjónsson hafi ekki haft heimild til að ráðstafa fasteign dánarbúsins án samráðs við aðalstefnendur, og loks hefur komið fram, að aðalstefnendur telja, að Guðmundur heitinn hafi ekki undirritað kaupsamninginn, auk þess sem hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir efni hans; um þetta hafi gagnstefnanda verið kunnugt eða mátt vera kunnugt.

Af hálfu gagnstefnanda er þess krafist í aðalsök, að öllum kröfum aðalstefnenda verði hrundið og þeir dæmdir til að greiða gagnstefnanda málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í gagnsök er þess krafist, að aðalstefnendum verði dæmt skylt að láta afmá úr veðmálabókum Reykjavíkur bréf Jón Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, dags. 11. febrúar 1978, og að gagnstefnanda verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins úr hendi aðalstefnenda.

Af hálfu aðalstefnenda er krafist sýknu í gagnsök og málskostnaðar. Því er haldið fram, að höfðun gagnsakar sé óþörf, þar sem þinglýsingadómari geti og honum beri jafnvel að afmá nefnt bréf úr veðmálabókum, fari svo, að aðalmálið tapist fyrir aðalstefnendur.

Aðiljar hafa gert þá grein fyrir kröfum sínum, að tilgangur þeirra sé að fá það, sem skráð er um skjöl þau, sem kröfur þeirra lúta að, afmáð af blaði fasteignarinnar í fasteignabók.

Samkvæmt greinargerð gagnstefnanda er meginmálsástæða hans sú, að hann hafi gert kaupsamninginn í góðri trú, efnt hann að fullu og átt því kröfu á afsali, samkomulag erfingjanna sé í sjálfu sér sönnun fyrir viðurkenningu á þessu og undirritun aðalstefnenda staðfesting á, að réttur gagnstefnanda sé viðurkenndur. Þá telur hann sig einnig hafa komist að afsalinu í góðri trú. Gagnstefnandi mótmælir því, að Guðmundur heitinn hafi verið

ófær um að gera sér grein fyrir efni samningsins og að undirskrift hans sé fölsuð.

Við munnlegan flutning málsins var því haldið fram af hálfu gagnstefnanda að gefnu tilefni í fyrirspurn dómarans, að hin umdeilda fasteign hefði verið hjúskapareign Guðmundar heitins Guðjónssonar og að um umráð yfir henni hafi farið skv. V. kapitula skiptalaganna.

Af hálfu aðalstefnenda var því andmælt að þessi málsástæða kæmist að í málinu, þar sem hún væri of seint fram komin, og því haldið fram, að eignin hefði ekki verið hjúskapareign Guðmundar heitins. Við endurupptöku málsins í dag kom ekkert nýtt fram af hálfu aðilja um þetta atriði.

Gagnstefnandi hefur skorað á Alfons Guðmundsson og Kristínu Guðmundsdóttur að ganga inn í málið og veita sér styrk. Þau hafi ekki kosið að verða við þeirri ósk, en komið fyrir dóminn sem vitni.

Það hefur komið skýrt fram af hálfu aðalstefnenda, að kröfur þeirra miðast einvörðungu við að fá hnekkt kaupsamningi og gerningum, sem á honum byggjast að því er varðar hlutdeild þeirra sjálfra í fasteigninni.

Þótt yfirlýsing umboðsmanns aðalstefnenda um þetta efni samræmist illa orðum aðalkröfu hans, þykir með hliðsjón af kröfugerð hans í heild og skýringum fært að leggja á efnisdóm þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936.

Aðiljar málsins hafa gefið skýrslur fyrir dóminum og leitt nokkur vitni. Af þessum skýrslum og öðrum gögnum málsins þykja verða dregnar eftirfarandi ályktanir.

Telja verður ósannað, að undirskrift Guðmundar heitins undir kaupsamninginn hafi verið fölsuð eða að hann hafi vegna ellihrumleika eða af öðrum ástæðum verið ófær um að gera sér grein fyrir efni samningsins.

Ekki hefur komið fram, að kaupmáli hafi verið í gildi milli hjónanna.

Ekkert hefur komið fram, sem bendir til, að fasteignin hafi verið hjúskapareign konunnar eða sameign hjónanna. Hins vegar hefur komið fram, að Guðmundur heitinn stóð einn að kaupum hennar, þegar hennar var aflað. Þykir því verða að leggja til grundvallar, að eignin hafi verið hjúskapareign Guðmundar heitins.

Þegar Guðmundur heitinn seldi eignina, var eiginkona hans látin. Samkvæmt stefnu í aðalsök höfðu hjónin þá bæði dvalið á sjúkrahúsum og því ekki verið í íbúðinni. Börn þeirra voru öll uppkomin og höfðu stofnað eigin heimili. Eftir andlát Guðrúnar dvaldi Guðmundur heitinn hjá börnum sínum og beið þess að fá vist á Dvalarheimili aldraða sjómanna. Ákvæði 20. gr. laga nr. 20/1923 stóðu því þannig ekki í vegi, að Guðmundur heitinn seldi fasteignina.

Í V. kapitula skiptalaganna nr. 3 frá 1878 er kveðið á um skipti á dánarbúum, þegar það hjóna, er eftir lifir, ábyrgist skuldir. Á þeim tíma, er

skiptalögin voru lögtekin, var sú skipan á fjármálum hjóna, að bóndinn réð fyrir félagsbúi þeirra og bar einn ábyrgð á öllum skuldum búsins. Ákvæði þessa kafla miðuðust við, að eiginkonan væri látin, en bóndinn á lífi. Skiptameðferðin miðaðist fyrst og fremst við það að reikna út móðurarfinn og venjulega að leysa erfingjana út. Ennfremur komu reglur V. kapitula til framkvæmda, þegar ekkja skipti eftir setu í óskiptu búi.

Með lögum nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna var komið á núgildandi skipulagi á fjármálum hjóna, og þó raunar ekki að öllu leyti fyrr en með lögum nr. 25/1961. Þótt ákvæði laga þessara gæfu brýnt tilefni til endurskoðunar á skiptalögunum, hefur ekki orðið úr því. Hins vegar segir í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 20/1923, að hjúskapareign þess hjóna, sem eftir lifir, skiptist eftir þeim reglum, sem settar eru í V. kapitula skiptalaganna.

Samkvæmt 57. gr. skiptalaganna ber skiptaráðanda að sjá um, að því hjónanna, sem lengur lifir, sé sem misst tálmun gerð í afnotum búsins. Heimilt er að vissum skilyrðum fullnægðum að svipta langlífari maka forráðum búsins og fá þau í hendur vönduðum manni, en aldrei verða eignir þess fengnar skiptaráðanda til varðveislu og ráðstöfunar. Skiptin skal byggja á framtölum hins efirlifanda, og það má halda öllu búinu eða nokkru af því, þ. á m. fasteignum, þótt meira nemi en búshluta þess og arfi, enda skuldbindi það sig til, ef til kemur, að greiða samerfingjum sínum í peningum það, sem umfram er. Samkvæmt þessu verður að telja, að Guðmundur heitinn Guðjónsson hafi haft full umráð og ráðstöfunarrétt yfir nefndri fasteign, þegar hann seldi hana. Ekki hefur annað komið fram en kaupsamningurinn hafi í alla staði verið hagstæður og heppilegur til þess, að Guðmundur gæti greitt samerfingjum sínum móðurarfinn í peningum, en það virðist hafa verið yfirlýstur tilgangur hans.

Þann 17. ágúst 1977 veitti Guðmundur heitinn Guðjónsson Alfonsi, syni sínum, fullt og ótakmarkað umboð, m.a. til að ráðstafa fjármunum sínum með þeim hætti sem Alfons teldi hagkvæmast, en þó í samráði við sig. Eftir að kaupsamningur hafði verið gerður, fól Alfons Ólafi Ragnarssyni hrl. framkvæmd samningsins. Umboð þetta féll ekki niður við andlát Guðmundar heitins, sbr. 21. gr. laga nr. 7/1936, og ekki mun það hafa verið afturkallað. Gagnstefnandi gerði full skil við Ólaf, og Ólafur lét gagnstefnanda í té afsal undirritað af öllum erfingjum, þegar skilyrði voru til þess.

Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á allar kröfur gagnstefnanda í aðalsök og gagnsök.

Málskostnaður ákveðst kr. 8.000.00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Gagnstefnandi, Sigurjón Á. Sigurðsson, skal vera sýkn af öllum kröfum aðalstefnenda, Mundu Kristbjargar Guðmundsdóttur og Dóru Irisar Guðmundsdóttur.

Aðalstefnendum er skylt að láta afmá úr fasteignabók Reykjavíkur yfirlýsingu Litra R37 nr. 233.

Aðalstefnendur greiði gagnstefnanda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Föstudaginn 23. mars 1984

Nr. 38/1982. **Lorelei h/f**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
bæjarstjóranum á Akureyri f.h. Akureyrarkaupstaðar og bæjarsjóðs Akureyrar og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Byggingarleyfi. Byggingargjöld (gatnagerðargjöld).

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 18. mars 1981, en gagnáfrýjandi gagnáfrýjaði því af sinni hálfu 3. apríl 1981 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Útivist varð af hendi beggja aðilja í því máli 1. febrúar 1982. Áfrýjaði aðaláfrýjandi málinu að nýju með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 10. s.m., en gagnáfrýjandi áfrýjaði því af sinni hendi hinn 9. mars 1982 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. nefndra laga.

Dómkröfur aðaláfrýjanda eru þær, ,,að viðurkenndur verði réttur hans til þess að ljúka byggingarframkvæmdum á lóð aðaláfrýjanda við Glerárgötu 26, Akureyri, skv. byggingarleyfi er veitt var

árið 1957, án greiðslu byggingargjalds, jafnframt því að gagnáfrýjanda verði gert að afhenda til aflýsingar þinglesið veðskuldabréf, tryggt með veði í húseigninni nr. 26 við Glerárgötu, að fjárhæð gkr. 13.000.000.00, er afhent var til tryggingar greiðslum áðurnefndra gjalda, og sem grundvöllur samkomulags um dómsmeðferð." Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti hefur aðaláfrýjandi í munnlegum málflutningi haldið því fram kröfum sínum til stuðnings, að gjaldskrá, sem gagnáfrýjandi fylgdi við útreikning byggingargjalds, er ágreiningur reis með aðiljum 1979, hafi ekki verið staðfest af ráðherra, svo sem áskilið sé í 2. gr. laga nr. 87/1970 um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri. Sé gagnáfrýjanda því óheimil gjaldtaka samkvæmt þeirri gjaldskrá. Gagnáfrýjandi hefur mótmælt því með vísun til 45. gr. laga nr. 75/1973, að málsástæðu þessari verði gaumur gefinn, þar sem hún hafi ekki verið höfð uppi í héraði og ekki fyrir Hæstarétti fyrr en við munnlegan málflutning. En hvað sem því líður, getur þetta enga þýðingu haft þegar af þeirri ástæðu, að kröfur aðaláfrýjanda, eins og hann hefur sjálfur markað þær, varða einungis byggingarleyfið, sem honum var veitt árið 1957, en ekki gjaldtöku gagnáfrýjanda samkvæmt síðara byggingarleyfi.

Aðaláfrýjandi greiddi ekki byggingarleyfisgjald samkvæmt 36. gr. byggingarsamþykktar Akureyrar, sbr auglýsingu nr. 97/1948 og auglýsingu nr. 183/1948, nema vegna þess hluta fyrirhugaðs húss, sem reistur var árið 1957. Hann hélt og að sér höndum um áframhald byggingarframkvæmda í nálægt 20 ár, eftir að lög nr. 30/1960 tóku gildi og honum var ekki lengur þörf á fjárfestingarleyfi til að ljúka byggingunni.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. desember 1980.

Mál þetta, sem þingfest var 1. nóvember 1979 og dómtekið 27. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann sama dag, hefur Guðmundur Óli Guðmundsson lögfræðingur, stjórnarformaður hlutafélagsins Lórelei h.f., Glerárgötu 26, Akureyri, höfðað með stefnu, útgefinni í Reykjavík 29. október 1979, á hendur Helga M. Bergs bæjarstjóra, Austurbyggð 7, Akureyri, f.h. Akureyrarbæjar og bæjarsjóðs til viðurkenningar á heimild Lórelei h.f. til þess að ljúka byggingarframkvæmdum á lóð félagsins við Glerárgötu 26, Akureyri, samkvæmt byggingarleyfi, er veitt var á árinu 1957, og að heimild þessi sé ekki háð greiðslum svonefndra gatnagerðargjalda til bæjarsjóðs Akureyrar. Svo og krefst hann endurheimtu veðskuldabréfs að fjárhæð kr. 13.000.000, er útgefið var 1. október 1979 af Lórelei h.f. til handa bæjarsjóði Akureyrar til tryggingar greiðslum áðurnefndra gjalda.

Til vara krefst stefnandi, að byggingargjald verði ekki reiknað af þeim hæðarhlutum, er byggjast eiga á núverandi Glerárgötuhlið hússins að Glerárgötu 26, sem þegar hefur verið reistur samkvæmt byggingarleyfi frá 1957 (sic).

Þá krefst stefnandi að stefndi greiði sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi Helgi M. Bergs bæjarstjóri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar gerir þær kröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda.

Þá krefst stefndi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða samkvæmt framlögðum reikningi.

Við munnlegan málflutning lýstu lögmenn aðilja því yfir, að ekki væri deilt um reikningsgrundvöll né gjaldstofn byggingargjalds þess, er mál þetta snýst um.

Stefnandi kveður málavexti þá, að í janúar 1979 hafi stjórn Lóerelei h.f. ákveðið að hefjast handa um að fullgera fasteign félagsins á lóðinni nr. 26 við Glerárgötu á Akureyri. Samkomulag hafi náðst við byggingaraðilja um framkvæmd verksins og hafi undirbúningur verið hafinn.

Af hálfu bæjaryfirvalda hafi verið neitað um nauðsynlegar útmælingar, svo framkvæmdir gætu hafist, og því borið við, að sækja þyrfti um nýtt byggingarleyfi og þar með að greiða verulegar fjárhæðir til bæjarsjóðs Akureyri í formi gjalda, einu nafni nefnd gatnagerðargjöld. Þessu hafi stjórn félagsins ekki viljað una og talið byggingarleyfi það, er félaginu var veitt árið 1957 fyrir húsinu í endanlegri mynd, vera í fullu gildi, þó að viðurkennt væri, að gera þyrfti ýmsar smærri breytingar á teikningum vegna breyttra öryggisviðhorfa.

Nokkur bréfaviðskipti hafa átt sér stað milli stjórnar félagsins og bæjar-

yfirvalda, en stjórnin hafi ávallt lagt áherslu á, að hér væru á ferð ólögmætar innheimtuaðferðir.

Þar sem ljóst hafi verið, að verulegu fjárhagslegu máli skipti fyrir félagið og hinn samningsbundna byggingaraðilja, er hafi tekið að sér að reisa húsið, hafi náðst samkomulag við bæjaryfirvöld á Akureyri, að deila þessi skyldi útkljáð fyrir dómstólum, jafnframt því, að stefnandi, Lórelei h.f., setti tryggingu fyrir greiðslum, ef til kæmu.

Stefndi kveður byggingargjald (gatnagerðargjald) það, sem um er deilt í máli þessu reynast vera kr. 14.885.177, en þar sem samkomulag hafi í raun orðið að vori 1979 um, að stefnandi setti bæjarsjóði Akureyrar tryggingu fyrir greiðslu gjaldsins og ekki hafi þá legið fyrir nýjar eða breyttar teikningar af húseign stefnanda, hafi gjaldið verið reiknað út miðað við þær gömlu teikningar, sem fyrir lágu. Hafi stefnandi talið á þeim tíma, þ.e.a.s. vorið 1979, mikið liggja við, að ekki yrðu tafir á þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar voru, og því gengið frá veðskuldabréfi því sem hann nú krefst endurheimtu á.

Upphæð veðskuldabréfsins, kr. 13.000.000, hafi átt að fela í sér það byggingargjald, sem þá lá fyrir og nam kr. 11.264.246 auk áætlaðs málskostnaðar.

Einhverra hluta vegna hafi síðan dregist hjá stefnanda að ganga frá veðskuldabréfinu og hafi það ekki verið fyrr en 1. október 1979, að það hafi verið útgefið og þinglýst.

Hinn 19. júní 1979 hafi hins vegar bæjarstjórn Akureyrar samþykkt þá ákvörðun byggingarnefndar Akureyrar frá 6. s.m. að veita stefnanda byggingarleyfi fyrir „verslunar- og skrifstofuhúsi úr steinsteypu á lóðinni nr. 26 við Glerárgötu, samkvæmt meðfylgjandi teikningu frá Tækniteiknistofunni eftir Harald Árnason og Aðalstein Júlíusson, dags. breytt 27. maí 1979."

Hafi því stefnandi lagt fram nýjar og breyttar teikningar, sem leiddu til þess, að byggingargjald hækkaði í kr. 14.885.177, eins og áður greinir.

Verða nú málsatvik rakin samkvæmt gögnum málsins.

Þann 29. ágúst 1956 sækir stefnandi, Kexverksmiðjan Lórelei h. f., um lóð til byggingarnefndar og bæjarstjórnar Akureyrar til að byggja á verslunar- og iðnaðarhús austan Glerárgötu, næstu lóð norðan við umbeðna lóð Byggingarvöruverslunar Akureyrar, sem mun vera á horni Eyrarvegs og Glerárgötu, og er umsókn þessi á dómskjali nr. 3.

Með umsókn þessari fylgdi bréf frá innflutningsskrifstofunni, dags. 24. ágúst 1956, þess efnis, að innflutningsskrifstofan hafi tekið fyrir umsókn stefnanda, dags. 15. janúar 1956, um fjárfestingarleyfi til byggingar iðnaðarhúss.

Samþykkt var að gefa stefnanda kost á fjárfestingarleyfi til byggingar á einnar hæðar húsi 420 m² og kostnað á árinu allt að 200.000.00 miðað við að gera húsið fokhelt.

Þetta var háð því skilyrði, að stefnandi legði fram teikningu samþykkta og áritaða af byggingarfulltrúanum á Akureyri,og er bréf þetta á dómskjali nr. 4.

Á dómskjali nr. 5. er eftirfarandi bréf, dags. 24. apríl 1957, til stefnanda:

„Bæjarstjórnin hefir á fundi sínum 26. marz sl. samþykkt eftirfarandi úr gerðabók byggingarnefndar, dags. 8. marz sl.: „Guðmundur Tómasson f.h. Kexverksmiðjunnar Lórelei, sækir með bréfi dags. 29/8 1956, um lóð til að byggja á verzlunar- og iðnaðarhús á næstu lóð norðan við umbeðna lóð Byggingarvöruverzlunar Akureyrar. Fjárfestingarleyfi fylgir umsókninni.

Nefndin leggur til að orðið sé við beiðninni. Þá leggur nefndin til að leiga eftir lóðirnar austan Glerárgötu, sunnan Glerár, verði ákveðin kr. 4.- á fermetra á 35 metra svæði, næst götunni, en kr. 2.- á fermetra á hinn hluta lóðarinnar. Lóðir þessar megi meta upp á 5 ára fresti eftir sömu reglum og lóðir við Skipagötu."

Þetta tilkynnist yður hér með. Jafnframt er yður tjáð, að þér öðlist ekki lóðarréttindin nema leyfisgjaldið sé greitt innan hálfs mánaðar. Ef ekki hefir verið byggt hús á lóðinni innan eins árs frá dagsetningu þessarar tilkynningar fellur lóðin aftur til bæjarins endurgjaldslaust."

Þann 16. maí 1957 sækir stefnandi til byggingarnefndar Akureyrar um leyfi til að byggja verzlunar- og iðnaðarhús úr steinsteypu á lóð við Glerárgötu, og er umsókn þessi á dómskjali nr. 6.

Þann 22. maí 1957 ritar bæjarstjórn Akureyrar stefnanda eftirfarandi bréf, sem er á dómskjali nr. 7:

„Bæjarstjórnin hefir á fundi sínum í gær samþykkt eftirfarandi úr gerðabók byggingarnefndar, dags. 17. þ.m.:

„Kexverksmiðjan Lórelei h/f sækir með bréfi dags. 16/5 1957 um leyfi til að byggja verzlunar og iðnaðarhús á lóð fyrirtækisins við Glerárgötu samkv. meðf. teikningum.

Nefndin leggur til að teikningin sé samþykkt að því tilskildu að fremra anddyri falli burtu eða verði minkað þannig, að veggur norðan anddyris standi sem minnst fram úr milli bygginga við húsið. Einnig komi samþykki skipulagsnefndar til."

Þetta tilkynnist yður hérmeð."

Þann 7. júní 1957 sækir stefnandi til byggingarnefndar Akureyrar um leyfi til að byggja verslunar- og verksmiðjuhús úr steini við Glerárgötu á Akureyri, og er umsókn þessi um byggingarleyfi á dómskjali nr. 8, og hefur

forsvarsmaður stefnanda ritað svo á umsóknareyðublaðinu undir liðnum aðrar upplýsingar umsækjanda:

„Ég fer þess á leit að mega byggja aðeins framhlið hússins meðfram götulínu austur að austurálmu eina hæð á þessu sumri ástæðan er að ég hef ekki fengið fjárfestingarleyfi á þessu ári nema fyrir 420 m² eina hæð."

Þann 19. júní 1957 ritar bæjarstjórn Akureyrar stefnanda eftirfarandi bréf, sem er á dómskjali nr. 9:

„Bæjarstjórnin hefir á fundi sínum í gær samþykkt eftirfarandi úr gjörðabók bygginganefndar, dags. 7. þ.m.:

„Guðmundur Tómasson f.h. Kexverksmiðjunnar Lórelei h.f., sækir með bréfi dags. 7/6 1957, um leyfi til að byggja samkv. meðf. teikningu verzlunar- og verksmiðjuhús úr steini á lóð fyrirtækisins við Glerárgötu. Umsækjandi fer fram á að byggja framhlið hússins með götulínu, austur að austurálmu hússins, 1 hæð þar sem hann hafi ekki fengið fjárfestingarleyfi á þessu ári, nema fyrir 420 ferm. Teikning sú sem fylgir beiðninni hefur verið breytt samkv. fyrirmælum skipulagsnefndar.

Nefndin leggur til að byggingin sé samþykkt og húseiganda leyft að hefja byggingarframkvæmdir. Þó þarf að ganga nánar frá inngöngum hússins að vestan og skulu þær breytingar miðast við það að útlit hússins breytist sem allra minnst frá framlagðri teikningu.

Fyrirtækinu heimilast að byggja á þessu ári, eins og farið er fram á, þar sem fengið fjárfestingarleyfi nægir ekki til stærri byggingar.

Þar sem byggingarnefndarmenn eru sammála um afgreiðslu málsins, lítur nefndin þannig á að heimilast (sic) sé að hefja byggingarframkvæmdir nú þegar, að framlögðu fjárfestingarleyfi."

Þetta tilkynnist yður hér með."

Á dómskjali nr. 31, sem er yfirlit byggingarfulltrúa Akureyrar um framkvæmdir við margnefnda byggingu, er þessar upplýsingar að finna:

Húsameistari: Halldór Halldórsson, trésmiður: Guðmundur Tómasson, múrari: Bjarni Rósantsson.

Athugasemd: Undirstöður voru aldrei tilkynntar og því gerðar án samþykkis byggingarfulltrúa.

Þann 19. ágúst 1957 fór fram úttekt á undirstöðum súlna, og voru þær í lagi. Þann 23. september 1957 fór fram úttekt á súlum, og voru þær í lagi einnig. Þann 10. október 1957 fór fram úttekt á bitum í lofti, og var járnalögn í lagi, en athugasemd gerð við stoðir undir loft. Þann 1. nóvember 1957 er skráð, að hluti fyrstu hæðar sé fokheldur og húsið skráð fullgert áramótin 1958-1959. Skráð er, að lóðin hafi verið veitt 8. mars 1957 til 26. mars 1957. Um lóðaleigu er vísað til 1. liðs fundargerðar byggingarnefndar frá 12. apríl 1957. Lóðatökugjald greitt 13. maí 1957. Byggingarleyfi veitt 7. júní og 18. júní 1957 með skilyrðum. Fjárfestingarleyfi nr.

1871, dags. 24. júní 1957. Það, sem byggt er 1957: Norðurálma 130.0 m^2 = 546.00 m^3, miðhluti: 162.5 m^2 = 601.25 m^3, suðurálma: 40.0 m^2 = 168.00 m^3. Samtals 332.50 m^2 = 1315.25 m^3. Stimplað er á dómskjal þetta, að byggingarleyfisgjald sé greitt 5. desember 1958.

Á dómskjali nr. 30, sem er reikningsyfirlit yfir byggingarleyfisgjöld árið 1958, er kreditfærsla, dags. 5. desember þar sem stendur: Lórelei kr. 789.00.

Á dómskjali nr. 40, sem er endurrit af fundargerðum byggingarnefndar Akureyrar, leggur nefndin til á fundi 10. febrúar 1956, að byggingarleyfisgjald verði 60 aurar á teningsmetra á því ári og minnsta gjald verði kr. 50. Á fundi byggingarnefndarinnar þann 4. janúar 1957, sbr. dómskjal nr. 41, leggur nefndin til, að byggingarleyfisgjöld séu þau sömu og síðastliðið ár.

Á dómskjali nr. 42, sem er endurrit af fundi byggingarnefndar Akureyrar þann 7. febrúar 1958, eru ákveðin byggingarleyfisgjöld kr. 0.60 á teningsmetra og lágmarksgjald kr. 50.00. Samkvæmt þessu virðist byggingarleyfisgjald það, er greitt var af húseigninni þann 5. desember 1958, hafa verið reiknað af þeim byggingaráfanga, sem byggður var, þ.e.a.s. 1315.25 m^3, en að vísu vanreiknað um 15 aura, þ.e.a.s. það virðist hafa verið reiknað 1315 m^3.

Samkvæmt gögnum málsins virðist stefnandi ekki hafa staðið í neinum byggingarframkvæmdum á lóð sinni í rúma tvo áratugi, eftir að þeim byggingaráfanga lauk, er hér að framan hefur verið lýst, en þann 26. febrúar 1979 ritar stefndi stefnanda bréf, sem lagt er fram sem dómskjal nr 10 og hljóðar þannig:

„Bæjarstjórn hefir á fundi sínum 13. febrúar sl. samþykkt eftirfarandi úr gerðabók byggingarnefndar, dags. 31. janúar 1979:

„*Glerárgata 26.*

Að gefnu tilefni tekur byggingarnefnd fram, að vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við húseignina nr. 26 við Glerárgötu, ber að sækja um byggingarleyfi fyrir frekari byggingarframkvæmdir.

Í þessu sambandi vísar nefndin til 15. gr. byggingarlaga nr. 54/1978."

Þetta tilkynnist yður hér með."

Þann 5. mars 1979 ritar stefnandi bæjarráði Akureyrar eftirfarandi bréf, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 11:

„Efni:

Framhald byggingarframkvæmda við fasteignina nr. 26 við Glerárgötu.

Svo sem bæjaryfirvöldum mun kunnugt hafa undanfarna mánuði verið uppi hugmyndir meðal aðstandenda hlutafélagsins Lórelei h.f. um að ljúka byggingu fasteignar félagsins við Glerárgötu 26 hér í bæ.

Fyrir lágu teikningar af fasteigninni í endanlegri mynd, samþykktar af byggingaryfirvöldum í maí 1957. Viðræður fóru fram við aðila í byggingariðnaði sem lauk með samþykkt tilboðs frá fyrirtækinu Aðalgeir og Viðar h.f., Akureyri. Áformað var að framkvæmdir hæfust um sl. mánaðarmót. Síðan hefur það gerst að bæjaryfirvöld hafa krafist gatnagerðargjalda af fyrirhugaðri nýbyggingu, og fitjað upp á nokkurri nýbreytni, svo ekki sé meira sagt, við innheimtu þeirra.

Undanfarin ár hafa risið deildur milli byggingaryfirvalda á ýmsum stöðum hér á landi annars vegar og fyrirtækja og einstaklinga hinsvegar, í samskonar tilvikum og hér um ræðir. Hafa slíkar kröfur um gatnagerðargjald þótt bera keim af afturvirkni, langt út fyrir þau mörk er talist gætu eðlileg, sé tekið mið af skattheimtu almennt. Skemmst er að minnast slíkra mála er upp komu á Akranesi á sl. ári og þóttu blaðamatur.

Á Akureyri eru fordæmi þess að aðilar, er svipað var ástatt hjá og Lorelei h.f. luku við byggingar fasteigna sinna án þess að þurfa að greiða gatnagerðargjöld, og mun byggingaryfirvöldum fullkunnugt um þau.

Af hálfu stjórnar Lorelei h.f. er því haldið fram að öll gjöld vegna byggingar fasteignarinnar nr. 26 við Glerárgötu hafi verið greidd á sínum tíma. Sönnun þess telur stjórnin vera samþykkt byggingarnefndar á teikningum hússins í endanlegri mynd og þá með leyfi til þess að fullklára það, auk þess hófust framkvæmdirnar ómótmælanlega. Það, að byggingunni varð ekki lokið í einum áfanga, skapaðist af ýmsum ástæðum m.a. þeim að á þessum tímum (1957) þurfti fjárfestingarleyfi stjórnvalda til framkvæmda og lágu slík leyfi ekki á lausu.

Það byggist á undanþágu byggingaryfirvalda á Akureyri að ekki hefur verið lokið við bygginguna, enda hafa þau haldið að sér höndum gegnum árin og á engan hátt afturkallað þá undanþágu og krafist þess að lokið yrði við bygginguna í samræmi við teikningar og skipulag.

Nú ber hins vegar svo við að þegar ljúka á framkvæmdum og reisa stórhýsi, sem skila mun til bæjarfélagsins milljónum króna árlega í formi fasteignagjalda, þá „afturkalla" bæjaryfirvöld fyrirvaralaust byggingarleyfi það sem þau veittu á sínum tíma með samþykki teikninga af húsinu.

Stuðnings er leitað í 15. gr. byggingarlaga hver að hefur að geyma slíkt afturköllunarákv. v/stöðvunar framkvæmda. Að vísu tóku lög þessi gildi 1. janúar 1979 og allir frestir skv. þeim miðast við þann tíma, en samsvarandi ákvæði mun hafa verið í byggingarsamþykkt Akureyrarbæjar frá 1967.

Það er vert að geta þess að fyrirrætlanir aðstandenda Lorelei h.f. fóru aldrei leynt og var ýmsum forsvarsmönnum bæjarfélagsins og embættismönnum kunnugt um þær frá upphafi. Það er því tæpast annað hægt en að líta á fyrirvaralausa „afturköllun" fyrra byggingarleyfis sem úrslitatilraun til þess að þvinga fram greiðslu gatnagerðargjalda á grundvelli nýs byggingaleyfis.

Hér er á ferðinni vægast sagt mjög vafasöm innheimtuaðferð af hálfu ábyrgs sjórnvalds, þar sem blandað er saman innheimtusjónarmiðum og reglum byggingalöggjafar um afturöllun veittra réttinda (leyfis).

Hvað sem að öðru leyti má um slíkt segja má ljóst vera að hér er komið iskyggilega nálægt mörkum valdníðslunnar. Það eru almennt viðurkenndir starfshættir stjórnvalda að gera þeim viðvart er reka einhvers konar leyfisbundna starfsemi, eða eru að öðru leyti háðir opinberum fyrirmælum og leyfum við starfsemi, ef eitthvað þykir athugavert við starfsemina, en ekki að afturkalla leyfi fyrirvaralaust.

Stjórn Lórelei h.f. telur gjaldskylduna ekki vera fyrir hendi og mótmælir harðlega þeim innheimtuaðferðum sem virðist eiga að viðhafa. Ef bæjaryfirvöld hyggjast halda til streitu kröfu sinni, þá vill stjórn Lórelei h.f. gera eftirfarandi að kröfu sinni.

1. Að ekki verði staðið í vegi fyrir því að bygging verði hafin.
2. Að þegar bygging er á veg komin, þá verði látið reyna á gjaldskyldu í lögtaksmáli. Úrslit slíks máls gætu legið fyrir eigi síðar en um næstu áramót.

Á það er bent að krafan sem slík, ef rétt reynist, er tryggð með lögveði í fasteigninni, þannig að áhætta er engin.

Það er álit stjórnar Lórelei h.f. að hagsmunir allra aðila í þessu máli fari í raun saman.

Áður er minnst á fasteignagjöld, auk þess sem veruleg gjaldskyld starfsemi mun fara þarna fram.

Því er þess vænst að bæjaryfirvöld útiloki það ekki fyrirfram að þessu nauðsynjaverki verði hrundið í framkvæmd."

Þann 23. mars 1979 ritar Hreinn Pálsson, bæjarlögmaður á Akureyri, Guðmundi Óla Guðmundsssyni lögfræðingi, stjórnarformanni stefnanda, eftirfarandi bréf, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 12:

„Á fundi Bæjarráðs Akureyrar í gær lá fyrir erindi yðar dags. 5. mars s.l. varðandi framhald byggingaframkvæmda við fasteignina nr. 26 við Glerárgötu hér í bæ. Áður eða á fundi þann 15. mars s.l. hafði erindi þetta einnig verið rætt og undirrituðum ásamt bæjarstjóra munnlega falið að ræða við yður.

Ég gerði í gær grein fyrir símtölum þeim, sem milli mín og yðar hafa átt sér stað.

Engin bókun var gerð, en mér og bæjarstjóra falið að kynna yður þær leiðir, sem bæjarráð telur koma til greina og er því bréf þetta sent.

Áður en nokkrar útmælingar yrðu gerðar, eða úttektir á byggingunni skal greiðslu byggingargjalds lokið og í því sambandi boðið upp á 3 kosti:

a. greiða byggingargjaldið kr. 11.264.246.-

b. setja bankatryggingu fyrir gjaldinu ásamt vöxtum af því svo og hugsanlegum málskostnaði.

c. setja bæjarsjóði tryggingarbréf m/veði í eigninni (eða aðra jafn verðmæta eign) og í því bréfi fælist bein uppboðsheimild. Yrði bréfið til tryggingar framgangreindu gjaldi ásamt 26% vöxtum p.a. og til tryggingar málskostnaði kr. 1.300.00.- Gjalddagi yrði miðaður við þann tíma, sem gera mætti ráð fyrir málalokum í héraði í máli, er rekið yrði um gjaldskyldu.

Auk þess að ganga frá málum með einhverjum framangreindum hætti er algjört skilyrði að skila inn beiðni um nýtt byggingarleyfi, enda er bæði skv. byggingarlögum nr. 54/1978, 15. gr. og áður í byggingasamþykkt Akureyrar 1.8.7., sem tók gildi 29. sept. 1967 og enn í eldri byggingarsamþykkt frá 1. mars 1947 14 tl. 4. gr. ákvæði um, að byggingarleyfi falli úr gildi innan árs frá útgáfu þess.

Skulu teikningar fylgja leyfisbeiðninni.

Ég vænti þess, að þér skoðið þessi atriði og gerið síðan viðvart um ákvörðun yðar."

Þann 27. mars 1979 ritar Jón Geir Ágústsson, byggingafulltrúi á Akureyri, stefnanda bréf, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 13, þar sem hann staðfestir með vísan til samþykktar byggingarnefndar, dags. 21. janúar 1979, og samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar sama ár varðandi fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir við húseignina nr. 26 við Glerárgötu, að þar sem ekki hafi verið sótt um byggingarleyfi, eins og í tilvitnuðum bókunum er tilskilið, muni byggingaeftirlitið ekki mæla fyrir frekari byggingum á lóðinni. Ennfremur þyrfti að greiða í ýmis opinber gjöld, s.s. byggingagjöld til Akureyrarbæjar og nýbyggingargjald til ríkissjóðs.

Þann 10. apríl 1979 samþykkti bæjarstjórn Akureyrar eftirfarandi úr gerðabók byggingarnefndar, dags. 4. apríl 1979: „Glerárgata 26: Erindi dags. 30. mars 1979 frá Guðmundi Óla Guðmundssyni, Espigerði 20, Reykjavík f.h. Lórelei h.f. þar sem hann sækir um leyfi til að fullgera verslunar- og skrifstofuhúsnæði úr steinsteypu á lóðinni nr. 26 við Glerárgötu á Akureyri samkv. meðf. teikningu eftir Halldór Halldórsson dags. í júní 1957. Synjað. Þak verði í samræmi við aðliggjandi byggingar og húsið teiknað samkvæmt gildandi brunamálareglugerð." Og er bréf varðandi ákvörðun þessa dags. 18. apríl 1979 og stílað til Guðmundar Óla Guðmundssonar, stjórnarformanns stefnanda, og þingmerkt sem dómskjal nr. 14.

Þann 6. nóvember 1979 ritar bæjarritarinn á Akureyri stefnanda eftirfarandi bréf, sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 17:

„Bæjarstjórn hefur á fundi sínum 19. júní s.l. samþykkt eftirfarandi úr gerðabók byggingarnefndar, dags. 6. júní s.l.: „Glerárgata 26. Erindi dags.

14. maí 1979 frá Haraldi Sigurðssyni f.h. Lórelei h.f. þar sem hann sækir um leyfi til að byggja verslunar- og skrifstofuhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 26 við Glerárgötu samkv. meðf. teikningum frá Tækniteiknistofunni eftir Harald Árnason og Aðalstein Júlíusson dags. breytt 27. maí 1979. Samþykkt. Byggingargjald kr. 14.885.177.- greiðist."

Þetta tilkynnist yður hér með."

En þann 5. október ritaði forsvarsmaður stefnanda, Guðmundur Óli Guðmundsson stjórnarformaður, fjármálaráðuneytinu bréf, þar sem þess er farið á leit við ráðuneytið, að það úrskurði um gjaldskyldu á nýbyggingargjaldi vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við Glerárgötu 26, Akureyri, samkvæmt reglugerð nr. 2, 1979, sbr. lög nr. 117/1978, og er bréf þetta á dómskjali nr. 15.

Þann 19. október 1979 svarar fjármálaráðuneytið umræddu erindi, og er bréf ráðuneytisins þingmerkt sem dómskjal nr. 16, og segir m.a. svo í bréfi ráðuneytisins:

„Eins og fram kemur í erindinu er risinn ágreiningur milli Lórelei h.f. og bæjaryfirvalda á Akureyri um hvort félaginu sé heimilt að ráðast í fyrirhugaðar framkvæmdir á grundvelli byggingarleyfis útgefnu á árinu 1957 eða hvort sækja beri um nýtt byggingarleyfi vegna þessara framkvæmda.

Munu deiluaðilar nú sammála um að leita úrlausnar dómstóla um gjaldskyldu byggingargjalds til Akureyrarbæjar, og þá um leið um gildi fyrrnefnds byggingarleyfis.

Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 2/1978 um nýbyggingargjald eru þau mannvirki, sem út er gefið byggingarleyfi fyrir, frá og með 15. janúar 1979 gjaldskyld, en þau mannvirki, sem áður hefur verið gefið út byggingarleyfi fyrir, eru gjaldfrjáls. Niðurstaðan í dómsmáli því, sem aðilar fyrirhuga að reka, hlýtur, þegar tillit er tekið til tilvitnaðs reglugerðarákvæðis, að hafa úrslitaáhrif á það hvort umrædd byggingarframkvæmd teljist nýbyggingargjaldskyld eða ekki. Með þetta í huga hefur ráðuneytið ákveðið að ekki skuli að svo stöddu innheimt nýbyggingargjald vegna umræddrar framkvæmdar, en þess í stað skuli Lórelei hf. gefa út tryggingarbréf, með veði í húseigninni nr. 26 við Glerárgötu, Akureyri (eða annarri jafnverðmætri eign) vegna ógreidds nýbyggingargjalds, og skal veðið vera til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu gjaldsins ásamt hæstu lögleyfðu fasteignalánsvöxtum eins og þeir eru hverju sinni, reiknaðir frá útgáfudegi tryggingarbréfsins, svo öllum þeim kostnaði, sem af vanskilum kann að leiða og skuldara ber að greiða skuldareiganda. Skuldin skal falla í gjalddaga fjórtán dögum eftir uppkvaðningu dóms í fyrirhuguðu dómsmáli vegna framangreindrar deilu falli dómur Lórelei h.f. í óhag."

Einnig segir í bréfi fjármálaráðuneytisins, að í tryggingarbréfinu skuli vera ákvæði á þá lund, að höfði útgefandi tryggingarbréfsins ekki mál á hendur

Akureyrarbæ til véfengingar gjaldskyldu á byggingargjaldi fyrir 1. nóvember 1979, sé skuldin í gjalddaga fallin, svo og hafi málinu ekki lokið í héraði fyrir 1. október 1980.

Á dómskjali nr. 19 liggur frammi ljósrit af veðskuldabréfi, útgefnu af stefnanda til ríkissjóðs, og er veðskuldabréf þetta útgefið 19. janúar 1980, en á veðskuldabréfi þessu er ekki tiltekin nein fjárhæð, og eru í skuldabréfi þessu ákvæði um gjalddaga, s.s. skilyrði var gert á um í bréfi fjármálaráðuneytisins frá 19. október 1979, sbr. dómskjal nr. 16 (sic).

Ekki ber dómskjal nr. 19 það með sér, að það hafi verið þinglýst né heldur stimplað.

Á dómskjali nr. 18 liggur frammi ljósrit af veðskuldabréfi, sem stefnandi hefur útgefið á Akureyri 1. október 1979 til stefnda, bæjarsjóðs Akureyrar, og ber veðskuldabréf þetta með sér, að það hefur verið móttekið til þinglýsingar og innfært í þinglýsingarbók svo stimplað á útgáfudegi, og segir svo í veðskuldabréfi þessu:

„ Við undirritaðir, f.h. Lórelei h.f., fasteignarekstur, Akureyri, viðurkennum með bréfi þessu að vera orðnir skuldugir Bæjarsjóði Akureyrar um kr. 13.000.000.- — þrettán milljónir 00/100 —, sem við lofum og skuldbindum okkur til að greiða, er fyrir liggur niðurstaða í héraði í dómsmáli, sem við höfðum um gjaldskyldu á byggingargjaldi vegna nýbyggingar að Glerárgötu 26, þó þannig að eindagi skuldar samkvæmt bréfi þessu er 60 dögum eftir uppkvaðningu héraðsdóms.

Fjárhæð bréfs þessa verður þá sem í dómsorði segir. Lórelei h.f. skal þegar þinglýsa bréfi þessu.

Vextir af skuld skv. bréfi þessu lofum við að greiða þannig að vextir skulu falla á skuldina frá útgáfudegi skuldabréfs þessa og verða hæstu fasteignalánsvextir eins og þeir eru hverju sinni og greiðast um leið og höfuðstóll.

Greiðslustaður er hjá bæjargjaldkera Akureyrarbæjar.“

Til tryggingar skuldinni veðsetur stefnandi stefnda með 5. veðrétti eignarhluta sinn í húseigninni nr. 26 við Glerárgötu á Akureyri á eftir allt að kr. 75.000.000.-, og mega þau lán, er á undan hvíla, vera vísitölutryggð og/eða vaxtaaukalán. Í veðskuldabréfinu eru síðan venjuleg ákvæði um endurbætur á veðinu, svo um meðferð tryggingafjár og um aðför að veðinu án undan gengins dóms eða sáttar, ef vanskil verða á greiðslu. Einnig er í veðskuldabréfinu svofellt ákvæði: „Ef við höfum ekki höfðað mál á hendur Akureyrarbæ til véfengingar galdskyldu okkar og endurheimtu greiðslu samkvæmt bréfi þessu innan 1 — eins — mánaðar frá dags. bréfs þessa, er það í gjalddaga fallið, sömuleiðis hafi máli ekki lokið í héraði að einu ári liðnu frá útgáfudegi.“

Undir skuldabréf þetta rita sem samþykkir ofanrituðu sem hagsmunaaðili Aðalgeir og Viðar h.f.

Á dómskjali nr. 26 hefur stefnandi lagt fram ljósrit af bréfi til byggingarnefndar Akureyrar dags. 5. október 1972, þar sem farið er fram á, að byggingarnefnd veiti endurnýjun á fyrra byggingarleyfi vegna 3. og 4. hæðar austurhluta Glérárgötu 34. Akureyri, og er bréf þetta óundirritað.

Á dómskjali nr. 27 er ljósrit af bréfi bæjarstjóra Akureyrar, dags. 19. janúar 1973 svohljóðandi:

„Bæjarstjórn hefur á fundi sínum í gær samþykkt eftirfarandi úr gerðarbók bygginganefndar dag. 20. desember s.l.: „Glerárgata 34. Borist hafa teikningar dags. í desember 1972 eftir Mikael Jóhannesson af Glerárgötu 34 frá B.T.B. h.f. sbr. bókun nefndarinnar frá 11. október s.l. Samþykkt. Svalir verði á suðurhlið hússins á 3. og 4. hæð og stigar frá þeim að jarðhæð. Byggingarleyfisgjald kr. 972.-," " og er bréf þetta stílað á Byggingavöruverslun Tómasar Björnssonar h.f., Glerárgötu 34, Akureyri.

Stefndi hefur lagt fram á dómskjali nr. 36 ljósrit af bréfi frá Bókabúðinni Huld s.f., Hafnarstræti 97, Akureyri, til stefnda og undirritað af Sveinbirni Vigfússyni og dags. á Akureyri 8-4-74, og er bréf þetta vegna byggingar á lóðinni Hafnarstræti 97 og hljóðar svo: „Ég undirritaður greiði hér með kr. 100.000.- upp í svokölluð byggingargjöld. Upphæð þessi samsvarar hér um bil greiðslu þeirri sem reiknast af þeim byggingaráfanga, sem nú er unnið að.

Undirritaður véfengir þó réttmæti þessara gjalda, og áskilur sér því allan rétt til kröfu um endurgreiðslu, komi síðar í ljós, að honum beri ekki samkvæmt lögum að inna þessa greiðslu af hendi, svo og síðari greiðslur."

Á dómskjali nr. 37 er lagt fram ljósrit af bréfi stefnda, dags. 10. apríl 1984, til Bókabúðarinnar Huld s.f.:

„Í tilefni af bréfi yðar ódagsettu, sem afhent var bæjarstjóranum á Akureyri í gær, en í því fólst yfirlýsing um, að jafnframt því sem greiddar væru kr. 100.000,00 upp í byggingargjald vegna nýbyggingar á lóðinni nr. 97 við Hafnarstræti, væri gerður fyrirvari um réttmæti þeirrar gjaldtöku, tekur bæjarsjóður Akureyrar eftirfarandi fram.

Þó svo að úttekt fari fram af hálfu byggingarfulltrúa á undirstoðum stoðveggja veitir sú úttekt og síðari úttektir vegna byggingar stoðveggsins í fulla hæð enga heimild fyrir framkvæmdum við byggingu sjálfs hússins, ef ekki verður áður greitt að fullu tilskylið byggingargjald.

Krafa byggingarnefndar, sem samþykkt var af bæjarstjórn, þess efnis, að gerður skyldi þegar í stað umgetinn stoðveggur, byggðist fyrst og fremst á þeirri yfirvofandi hættu, sem í aðgerðarleysi yðar fólst."

Stefndi hefur lagt fram á dómskjali nr. 38 ljósrit af „samningi" milli

hans og Bókabúðarinnar Huldar s.f., Hafnarstræti 97, Akureyri, og er „samningur" þessi bæði ódagsettur og óundirritaður.

Hljóðar „samningur" þessi efnislega á þá leið, að Bókabúðin Huld s.f. lofar að ljúka framkvæmdum við gerð stoðveggjar vestan megin í húsgrunni við Hafnarstræti 97, og skal Bókabúðin Huld s.f. hafa lokið við að steypa upp vegg, sem samsvarar 6 hæðum í væntanlegu stórhýsi fyrir 31. október 1974 og verði ekki lokið við verkið fyrir þann tíma, skal bókabúðin greiða í dagsektir 5.000 fyrir hvern dag, sem líður fram yfir þann tíma. Og verði verkinu ekki haldið áfram sleitulaust frá undirskriftardegi „samningsins", geti bæjarsjóður Akureyrar látið vinna verkið á kostnað Bókabúðarinnar Huldar s.f.

Í „samningi" þessum er hvergi getið, hversu fara skuli með greiðslu byggingargjalds.

Þann 21. f.m. kom fyrir dóminn sem vitni Jón Geir Ágústsson, byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar, fæddur 7. ágúst 1935. Aðspurt um innheimtu byggingargjalds af húsi B.T.B. h.f. við Glerárgötu upplýsti vitnið, að þegar það félag hafi fengið leyfi til þess að byggja á lóðinni, hafi það í upphafi byggingarframkvæmdanna greitt eitt gjald, svonefnt byggingarleyfisgjald, af öllu húsinu skv. brúttó rúmmetrum reiknuðum út eftir teikningum og er framkvæmdir hafi hafist aftur, eftir að ný gjaldskrá um byggingargjald frá 1973 tók gildi, hafi ekki verið innheimt byggingargjald af þeim húsbyggingum, sem fengið hafi verið byggingarleyfi fyrir og byggingarleyfisgjaldið að fullu verið greitt af.

Vitnið upplýsti, að er stefnandi fékk byggingarleyfi, hafi þurft að greiða til bæjarins byggingarleyfisgjald og hafi gjaldið verið reiknað eftir brúttó rúmmetrum og hafi byggingarleyfi ekki fengist, nema gjald þetta væri greitt, og hafi reglan verið sú, að ef menn ætluðu að reisa húsið í einum áfanga, þá hafi gjaldið allt verið innheimt, en ef menn óskuðu eftir að byggja í áföngum, hafi gjaldið verið innheimt af hverjum byggingaráfanga og til hafi verið, að þó svo menn ætluðu að byggja í áföngum, hafi þeir innt allt gjaldið af hendi strax, t.d. Valdimar Baldvinsson heildsali fyrir húseign sína við Tryggvabraut og B.T.B. h.f., svo sem áður er getið.

Aðspurt um gjöld af húsi Sjafnar við Glerárgötu, kvaðst vitnið ekki muna, hvernig um þau hafi farið, og um hús Raforku h.f. við sömu götu sagði vitnið þau gjöld vera óútkljáð. Vitnið upplýsti, að Akureyrarbær hafi verið undanþeginn ákvæðum um byggingarleyfisgjald skv. 17.1. skv. byggingarsamþykkt fyrir Akureyri, staðfestri 29. september 1967, en áður hafi verið í gildi byggingarsamþykkt fyrir Akureyri frá 1. mars 1947. Vitnið kvaðst aðspurt ekki geta upplýst, hve stórt var byggt að Glerárgötu 26 samkvæmt byggingarleyfinu frá 1957, því hafi ekki athugað teikningar það varðandi (sic), en það ætti að vera auðvelt að upplýsa það. Aðspurt upplýsti

vitnið, að samþykki byggingarnefndar á teikningu af húsi fæli það eitt í sér, að heimilt væri að byggja eftir teikningunni á lóðinni að fullnægðum öllum öðrum skilyrðum, s.s. um áritun iðnmeistara, greiðslu byggingargjalds o.s.frv., og hafi sv o verið einnig eftir eldri byggingarsamþykktum. Vitnið kvaðst þora að fullyrða, að eingöngu hafi á þeim tíma, er húsið að Glerárgötu 26 var reist, á hafi venjan verið sú að innheimta eingöngu (sic) byggingarleyfisgjald af hverjum byggingaráfanga, og telur vitnið víst, að svo hafi verið í þessu tilviki. Vitninu voru sýnd dómskjöl nr. 26 og 27, sem áður hafa verið rakin, og kvað það, að hér hafi einungis um smábreytingu verið að ræða, en ekki aukningu á stærð, og hafi því lágmarks byggingarleyfi verið innheimt.

Á dómskjali nr. 39 er verðskrá yfir byggingargjöld til Akureyrarbæjar, sem gildir frá 1. janúar 1979 til 31. desember 1979, og er byggingargjald þannig útreiknað, að það er viss hundraðshluti af verði á fermetra í vísitöluhúsi 1. janúar 1979 miðað við vísitöluna 258 stig og verð fermetrans kr. 124.458.06, og er byggingargjald þetta mismunandi eftir húsgerðum.

Á dómskjali nr. 28 liggur frammi útreikningur stefnda á byggingargjaldi yfir Glerárgötu 26, og eru gögn þessi dags. 28/2 '79 og 1/3 '79, og við útreikning gjaldsins hefur verið dregið frá það, sem áður var byggt á lóðinni af stefnanda.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er gjaldstofninn 1508.44 m^2 × kr. 7467.48, eða samtals 11.264.246.-, en samkvæmt verðskránni á dómskjali nr. 39 er þá byggingargjaldið reiknað eins og af iðnaðarhúsum, vörugeymslum og öðru atvinnuhúsnæði, eða 6% af verði fermetrans í vísitöluhúsinu 1. janúar 1979.

Á dómskjali nr. 29 liggur frammi annar útreikningur stefnda á byggingargjaldi stefnanda, og stendur á skjali þessu dagsetningin 6/6 '79. Er hér enn hafður sami háttur á, að frá gjaldstofninum er dregið það, sem áður hefur verið byggt, en nú er gjaldstofninn 1495.00 m^2 × kr. 9956.64, eða byggingargjaldið samtals 14.885.177.-, og samkvæmt verðskránni á dómskjali nr. 39 er byggingargjaldið reiknað af verslunar- og skrifstofubyggingu, þ.e.a.s. 8% af verði fermetra í vísitöluhúsinu 1. janúar 1979.

Mismunurinn á gjaldstofninum, þ.e.a.s. fermetrafjöldanum, stafar af breyttum teikningum á byggingunni.

Málsástæður og lagarök aðilja.

Stefnandi kveðst byggja kröfugerð sína í máli þessu á því, að með rökum og gögnum sé hægt að sýna fram á, að skylda til greiðslu gjalds þess, er mál þetta snýst um, sé ekki fyrir hendi. Varðandi rökstuðning vísar stefnandi til stefnu sinnar á dómskjali nr. 1. Hefur efni hennar verið rakið hér

að framan. Svo vísar hann til bréfa á dómskjölum nr. 3-9 incl. og dómskjals nr. 11, og hafa gögn þessi öll verið rakin hér að framan.

Stefnandi heldur því fram, að á undanförnum árum hafi fyrirtæki á Akureyri, er þá stóðu í sömu sporum og Lórelei h.f. nú, lokið við samskonar framkvæmdir, án þess að til kæmi innheimta viðbótarbyggingargjalds. Í málflutningi sínum hélt stefnandi því fram, að ekki hafi verið staðið eins að innheimtu byggingargjalds af húseign KEA við Glerárgötu, byggingu Raforku h.f. við sömu götu svo og byggingu Byggingarvöruverslunar Tómasar Björnssonar h.f. við sömu götu. Hann heldur því fram, að afturkalla hefði þurft byggingarleyfi fyrir Glerárgötu 26, en slíkt hafi ekki verið gert. Hafi verið óheimilt að tengja innheimtu byggingargjalds þeirri nauðsyn að aðlaga gömlu teikninguna að Glerárgötu 26 nýjum kröfum varðandi öryggi og þægindasjónarmiði til nýtingar á hinu gamla byggingarleyfi frá 1957.

Stefndi heldur því fram, að byggingarleyfi það, sem stefnanda var veitt á árinu 1957, sé fyrir löngu út gildi fallið, og hafi raunar þegar fallið úr gildi, er ár var liðið frá lokum þeirra byggingarframkvæmda, sem unnar voru á árunum 1957 til 1958. Byggir hann þessa skoðun sína á þeim ákvæðum, er í gildi hafa verið í byggingarsamþykktum Akureyrar, t.d. 14. tl. 4. gr. byggingarsamþykktarinnar frá 1947, en þar kveður svo á að byggingarleyfið falli úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan árs frá leyfisveitingu, svo og í tl. 1.8.7. í byggingarreglugerðinni frá 27. september 1967. Þar segir að byggingarleyfi falli úr gildi, ef framkvæmdir eru ekki hafnar eftir eitt ár frá samþykkt leyfisins, en framkvæmdir teljast hafnar, er undirstöður hafa verið steyptar. Í greininni segir: „Nú stöðvast byggingarframkvæmdir í eitt ár eða lengur og getur byggingarnefnd þá fellt úr gildi þann hluta leyfisins, sem ekki er farið að nota, ef hún telur ástæðu til.“ Svo séu ákvæði í núgildandi byggingarlögum og byggingareglugerð, er styðji þessa skoðun og þrátt fyrir ýmsar orðalagsbreytingar, sem gerðar hafa verið á ákvæðum um brottfall byggingarleyfis, sem í gildi hafa verið síðastliðin 33 ár, sé þó meginstefnan sú, að byggingarleyfi falli úr gildi að einu ári liðnu, séu þau eigi notuð. Breyti í þessu sambandi engu, þó að framkvæmdir hafi ekki verið leyfðar vegna reglna um fjárfestingarleyfi, sem í gildi voru, er margumræddur byggingaráfangi var reistur, þar sem ef til vill hefði fengist frekari leyfi síðar, ef reynt hefði verið að afla þeirra. Hafi því stefnandi þurft að sækja um nýtt byggingarleyfi, er hann hugðist hefja framkvæmdir á ný á lóðinni og greiða tilskilið byggingargjald til Akureyrarbæjar að fjárhæð krónur 14.885.177, svo sem áður er rakið, og vísar stefndi í því sambandi til 1. gr. gjaldskrár um byggingargjald, sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar 21. mars 1973 og liggur frammi sem dómskjal nr. 21, en þar segir: „Þegar bæjarstjórn selur á leigu byggingarlóð

eða veitir byggingarleyfi krefur hún húsbyggjanda um byggingargjald til þátttöku í kostnaði við byggingareftirlit, gerð nýrra gatna, holræsa og vatnsæða svo og vegna endurbyggingu og breytingu eldri gatna."

Stefndi kveður þá kröfu stefnanda um að ljúka byggingarframkvæmdum samkvæmt byggingarleyfinu frá 1957 virðast vera óraunhæfa, þegar af þeirri ástæðu að á þeim 23 árum, sem liðin eru síðan upphaflegu teikningar af húsinu voru gerðar, hafi kröfur til húsnæðis þess, er fyrirhugað sé að reisa á lóðinni, stórbreyst, svo sem varðandi lyftu í slík hús, kröfu um eldvarnir og vafalaust mjög margt fleira. Sýnist það ekki síður hafa verið í þágu stefnanda að leggja fram nýjar teikningar og óska leyfis til byggingar húsnæðis í samræmi við þær kröfur. Stefndi upplýsti, að framkominn mismunur á fjárhæð byggingargjaldsins við síðari útreikning stafaði af því, að byggingargjald væri hærra af verslunar- og skrifstofuhúsnæði heldur en iðnaðarhúsnæði, eins og upphaflega hafi verið reiknað út frá. Stefndi heldur því fram, að byggingarleyfi frá 1957 hafi eingöngu náð til 420 m^2 upphaflega og ef byggingarleyfi hafi átt að ná til hússins alls, þá hefði það fallið niður eftir eitt ár, svo sem áður er rakið, og hefði ekki þurft til að koma formleg afturköllun, þó svo að samkvæmt byggingalögum nr. 54/1978 þurfi tilkynningar við afturköllun byggingarleyfis. Hafi stefnandi samkvæmt gögnum málsins eingöngu greitt byggingarleyfisgjald af þeim byggingaráfanga, er hann reisti á sínum tíma og ekki meir. Gatnagerðargjöld á Akureyri hafi ekki verið álögð fyrr en árið 1967 og hafi gatnagerðargjöld þá eingöngu verið tekin af lóðum, sem þá var nýúthlutað, en ekki innheimt af áður úthlutuðum lóðum, sem byggingarleyfi var á og ekki úr gildi fallin. Svo og væri fullyrðingar stefnanda rangar varðandi mismunun á byggingaraðiljum af hálfu stefnda.

Álit dómarans.

Hvað sem líður ágreiningi aðilja um gildi byggingarleyfisins fyrir húseignina Glerárgötu 26, Akureyri, frá árinu 1957, þá hafði það formlega verið fellt úr gildi með bréfi stefnda til stefnanda, dagsettu á Akureyri 26. febrúar 1979 og sem þingmerkt er sem dómskjal nr. 10. En þar segir svo:

„Bæjarstjórn hefir á fundi sínum 13. febrúar s.l. samþykkt eftirfarandi úr gerðabók bygginganefndar dags. 31. janúar 1979:

Glerárgata 26.

Að gefnu tilefni tekur bygginganefnd fram, að vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við húseignina nr. 26 við Glerárgötu, ber að sækja um byggingarleyfi fyrir frekari byggingarframkvæmdir.

Í þessu sambandi vísar nefndin til 15. gr. byggingarlaga nr. 54/1978."

Þetta tilkynnist yður hér með."

Með vísan til 15. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 var ákvörðun stefnda

fyllilega lögmæt. Þá fullyrðingu sína, að stefndi mismunaði byggingaraðiljum í sambandi við álagningu byggingargjalda hefur stefnanda ekki tekist að sanna. Samkvæmt 9. gr. áðurnefndra byggingarlaga er það meðal annars eitt af skilyrðum þess, að byggingarleyfi öðlist gildi, að byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafi verið greidd. Þar sem fyrir liggur í máli þessu yfirlýsing aðilja um, að ekki sé deilt um reikningsgrundvöll né gjaldstofn byggingargjaldsins, er þarflaust að fjalla um þann þátt málsins. Þegar af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, þykir rétt að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Þó þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson aðalfulltrúi.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi M. Bergs bæjarstjóri f.h. Akureyrarbæjar og bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda Lorelei h.f., Glerárgötu 26, Akureyri, í máli þessu.

Málskostaður fellur niður.

Föstudaginn 23. mars 1984.

Nr. 177/1983. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Ásgeiri Sigurðssyni
(Páll Á. Pálsson hrl.)
og
Páli Ingimarssyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Skjalafals. Tollagabrot. Brot gegn 158. gr. alm. hegningarlaga. Brot í opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari hefur með áfrýjunarstefnu 9. ágúst 1983 skotið máli þessu til Hæstaréttar til þyngingar, en ákærðu höfðu eigi óskað áfrýjunar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 3. febrúar sl.

Af hálfu ákæruvalds og ákærða Ásgeirs Sigurðssonar hefur verið lýst yfir því, að eigi sé óskað eftir því, að fjárkröfur þær, sem dæmdar voru í héraðsdómi, verði teknar til úrlausnar fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærði Ásgeir notaði sem fylgigögn með aðflutningsskýrslum vörureikninga, sem hann hafði ritað og höfðu að geyma rangar upplýsingar um kaupverð bifreiðanna, árgerð þeirra og verksmiðjunúmer. Á þetta við um þau tilvik sem lýst er í ákæru undir liðum I. A. 4-29., I. B. 1-14., I. C., I. D. 1-2. og I. E. 1-5. Við tollafgreiðslu þá, sem lýst er í lið I. B. 4., notaði hann einnig falsaða yfirlýsingu með nafnrituninni Hans Turotti. Við tollafgreiðslur þær, sem um ræðir í ákæruliðum I. A. 1-3., notaði Ásgeir í vörureiknings stað pantanir, sem hann hafði sjálfur ritað á eyðublöð frá Sportwagen-Zentrum Paulinen Garage. Á sum af framangreindum skjölum falsaði hann undirskriftir. Flest eru þó án undirskriftar, en öll gefa skjölin til kynna, að þau stafi frá þýskum bílasölufyrirtækjum. Með því að nota þessi fölsuðu skjöl í blekkingarskyni gagnvart tollyfirvöldum hefur Ásgeir unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Pöntun sú, sem ákærði Ásgeir notaði sem fylgiskjal við tollafgreiðslu þá, sem lýst er í ákærulið I. E. 6. var ófölsuð, þótt hún geymdi rangar upplýsingar um kaupverð bifreiðarinnar. Verður Ásgeiri því eigi refsað samkvæmt 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga að því leyti.

Með því að nota hin fölsuðu skjöl svo og bifreiðalýsingar og aðflutningsskýrslur með röngum upplýsingum í skiptum við tollstarfsmenn og koma þannig til leiðar, að aðflutningsgjöld voru ákveðin of lág, hefur ákærði Ásgeir einnig unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr. 63. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og 32. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá, sbr. áður 2. mgr. 37. gr. laga nr. 6/1974 og enn áður 2. mgr. 37. gr. laga nr. 1/1970. Á þetta við um ákæruliði I. A. 1-29., I. B. 1-7. og 9-14., I. C., I. D. 1-2. og I. E. 1-4., en staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um ákæruliði I. B. 8. og I. E. 5. Ákærði hefur einnig brotið gegn sömu ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit og laga um tollskrá með notkun rangra gagna í skiptum við tollstarfsmenn í þeim tilvikum sem lýst er í ákæruliðum I. E. 6 og II. 1-3.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er sannað, að ákærði Páll skráði ranglega upplýsingar um bifreiðar í spjaldskrá og í skráningarskírteini í greiðaskyni við ákærða Ásgeir. Ber að refsa Páli samkvæmt 158. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga fyrir þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæruliðum III. A. og III. B., en hinsvegar verður honum ekki refsað samkvæmt þeim ákvæðum fyrir færslur þær, sem um ræðir í ákærulið III. C., enda var þar um réttar skráningar að ræða.

Af hálfu ákæruvalds var þess krafist við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að ákærða Páli yrði einnig refsað fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga, og því haldið fram, að tilvísun til 1. mgr. 155. gr. hefði af mistökum fallið úr ákærunni við vélritun. Hvernig sem því er varið, geymir ákæra eigi neina skýra verknaðarlýsingu um hlutdeild í skjalafalsi né heldur hlutdeild í tolllagabrotum, og verður Páli því eigi refsað að því leyti.

Ákærði Páll framdi brot sín gegn 158. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaga samkvæmt beiðni ákærða Ásgeirs. Ber að refsa Ásgeiri samkvæmt 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga fyrir hlutdeild í þessum brotum.

Við ákvörðun refsingar ákærðu ber að hafa hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða Ásgeirs hæfilega ákveðin fangelsi 9 mánuði, en refsing ákærða Páls fangelsi 4 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhalds frá dæmdri fangelsisvist ákærðu og um sakarkostnað í héraði. Dæma ber ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þannig að hvor þeirra greiði málsvarnarlaun verjanda síns, en ákærðu in solidum annan kostnað, þar á meðal málssóknarlaun í ríkissjóð, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði Ásgeir Sigurðsson sæti fangelsi 9 mánuði og ákærði Páll Ingimarsson fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um frádrátt gæsluvarðhalds og um sakarkostnað í héraði skulu vera óröskuð.

Ákærði Ásgeir greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns,

Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000.00 krónur, og ákærði Páll málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000.00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. apríl 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 28. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 165-166/1983: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Sigurðssyni og Páli Ingimarssyni, sem tekið var til dóms 11. f.m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 22. apríl 1981, á hendur ákærðu Ásgeiri Sigurðssyni verslunarmanni, Hávallagötu 40, Reykjavík, fæddum þar í borg 29. desember 1932, og Páli Ingimarssyni, fyrrverandi bifreiðaeftirlitsmanni, Lækjarfit 5 í Garðakaupstað, fæddum í Reykjavík 25. nóvember 1928.

Málið er höfðað fyrir eftirgreint atferli:

„I. *Gegn ákærða Ásgeiri fyrir skjalafals og tollsvik.*

Ákærða er gefið að sök að hafa við tollafgreiðslu á notuðum bifreiðum, sem ákærði flutti inn frá Vestur-Þýskalandi á árunum 1972-1977, ýmist í eigin nafni eða í nafni annarra, og voru af Mercedes-Benz gerð og tollafgreiddar hjá embætti tollstjórans í Reykjavík, nema annars sé getið:

a) Notað falsaða vörureikninga, sem ákærði hafði að öllu leyti sjálfur útbúið á reikningseyðublöð fjögurra vestur-þýskra firma, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð hverrar bifreiðar lægra en það hafði verið og rangfærði einnig í sumum tilvikum verksmiðjunúmer, vélarnúmer og árgerðir bifreiðanna og þá ávallt þannig að hin tilgreindu númer og árgerðir áttu við aðrar eldri bifreiðar sömu tegundar, sem höfðu áður verið fluttar til landsins.

b) Látið fylgja aðflutningsskýrslum við tollmeðferð þeirra bifreiða, sem greinir í liðum A 1-29, C, D 1-2 og E 1-3 og 5-6, „bifreiðalýsingar" sem ákærði hafði sjálfur útbúið eða látið útbúa á eyðublöðum tollyfirvalda, þar sem fram komu sömu rangfærslur um hverja bifreið og áður getur, að kaupverði undanskildu.

Með því að aðflutningsgjöld voru á aðflutningsskýrslum reiknuð á grundvelli þeirra fölsuðu og röngu gagna sem að framan greinir komst ákærði hjá greiðslu þeirra gjalda að hluta, svo sem rakið verður í hverjum lið fyrir sig:

A. Vörureikningar sem ákærði ritaði á reikningseyðublöð firmans SPORTWAGEN-ZENTRUM PAULINES GARAGE, Stuttgart:

1. Við tollafgreiðslu nr. 082857-09.11.1972, í nafni Jóns Þórðarsonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 17.10.72, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 6.000 í stað DM 14.800
árgerð bifreiðar 1969 í stað 1972
verksmiðjunr. 114.015-10-025386 í stað 114.015-12-091338
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 07.11.72, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 07.11.72, voru aðfluttningsgjöld vangreidd sem nam kr. 332.662-(skjal 61-62)

2. Við tollafgreiðslu hjá bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði nr. 01754 - 18.09.1972, í nafni Finnboga Björnssonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 25.07.72, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 6.200 í stað DM 13.333.33
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1971
verksmiðjunr. 108.016-10-001805 í stað 108.018-12-072593
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðalýsingu, dagsetta 18.09.72, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 18.09.72, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 269.591-(skjal 31-32)

3. Við tollafgreiðslu nr. 88765-28.11.1972, í nafni Guðjóns Eyjólfssonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 17.10.72, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.200 í stað DM 11.000
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1971
verksmiðjunr. 115.010-10-010970 í stað 115.015-12-079615
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 28.11.72, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 28.11.72, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 171.604 - (skjal 69-70).

4. Við tollafgreiðslu nr. 75101 - 29.12.1972, í nafni Sigurðar Stefánssonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 12.12.72, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.300 í stað DM 13.000
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1971

verksmiðjunr. 114.015-12-002856 í stað 114.015-12-072262
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 28.12.72, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 28.12.72, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 328.549-(skjal 87-88).

5. Við tollafgreiðslu nr. 04087 - 17.01.1973, í nafni Þóris Skarphéðinssonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 20.12.72, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 6.300 í stað DM 11.200
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1971
verksmiðjunr. 108.016-10-001805 í stað 108.016-10-068906
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 16.01.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 16.01.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 231.302-(skjal 3-4).

6. Við tollafgreiðslu nr. 05796 - 25.01.1973, í nafni Jóns Ragnarssonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 20.12.72, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.000 í stað DM 12.429.12 (skv. tollmati)
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1971
verksmiðjunr. 108.012-10-068699 í stað 108.016-12-076063
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 24.01.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 24.01.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 296.045-(skjal 7-8).

7. Við tollafgreiðslu nr. 17074-19.03.1973, í eigin nafni notað:

a) vörureikning, dagsettan 21.01.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 4.500 í stað DM 12.300
árgerð bifreiðar 1966 í stað 1971
verksmiðjunr. 108.012.-10-01439 í stað 108.018-12-065401
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 19.03.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.

Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 19.03.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 463.481-(skjal 53-54).

8. Við tollafgreiðslu nr. 30885 - 04.05.1973, í nafni Kristins Kristinssonar notað:
a) vörureikning, dagsettan 10.04.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 6.000 í stað DM 15.000
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1971
verksmiðjunr. 108.016-10-001805 í stað 108.057-12-000955
og rangfærði einnig vélarnúmer.
b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 25.04.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 02.05.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 426.598-(skjal 9-10).

9. Við tollafgreiðslu nr. 30886 - 04.05.1973, í nafni Guðjóns Eyjólfssonar notað:
a) vörureikning, dagsettan 20.02.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.000 í stað DM 10.700
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1970
verksmiðjunr. 108.012-10-069233 í stað 108.018-10-043532
og rangfærði einnig vélarnúmer.
b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 25.04.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningskýrslu, dagsettri 04.05.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 262.136-(skjal 39-40).

10. Við tollafgreiðslu nr. 031776 - 08.05.1973, í nafni Sveinbjörns Árnasonar hf. notað:
a) vörureikning, dagsettan 10.04.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.500 í stað DM 11.250
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1972
verksmiðjunr. 108-12-00640 í stað 114.015-12-001721
og rangfærði einnig vélarnúmer.
b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 28.05.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningskýrslu, dagsettri 28.05.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 286.654-(skjal 57-58).

11. Við tollafgreiðslu nr. 33344 - 11.05.1973, í eigin nafni notað:
a) vörureikning, dagsettan 10.04.73, þar sem ákærði tilgreindi:

kaupverð bifreiðar DM 5.200 í stað DM 15.000
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1971
verksmiðjunr. 108.012-10-068699 í stað 108.057-12-001816
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 10.05.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 10.05.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 470.579-(skjal 11-12).

12. Við tollafgreiðslu nr. 56882 - 27.07.73, í nafni Aðalsteins Guðmundssonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 17.07.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.300 í stað DM 12.400
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1972
verksmiðjunr. (108-12-) 00640 í stað 114.015-12-102752
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 27.07.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 27.07.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 332.369-(skjal 55-56).

13. Við tollafgreiðslu nr. 56994 - 27.07.1973, í eigin nafni notað:

a) vörureikning dagsettan 17.07.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 4.800 í stað DM 10.300
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1970
verksmiðjunr. 108.012-10-069233 í stað 108.018-10-054464
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 27.07.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 27.07.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 287.510-(skjal 13-14).

14. Við tollafgreiðslu nr. 56995 - 27.07.1973, í eigin nafni notað:

a) vörureikning, dagsettan 17.07.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 4.900 í stað DM 18.000
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1972
verksmiðjunr. 108.012-10-062689 í stað 108.057-12-010547
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 27.07.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.

Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 27.07.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 630.987-(skjal 15-16).

15. Við tollafgreiðslu nr. 58805 - 02.08.1973, í nafni Ásbjörns Magnússonar notað:
a) vörureikning, dagsettan 12.07.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 6.000 í stað DM 10.400
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1971
verksmiðjunr 108.016-10-001805 í stað 108.018-10-076139
og rangfærði einnig vélarnúmer.
b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 27.07.73, með sömu rangfærslum af kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 27.07.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 344.222-(skjal 33-34).

16. Við tollafgreiðslu nr. 62705 - 10.08.1973, í nafni Aðalsteins Guðmundssonar notað:
a) vörureikning, dagsettan 17.07.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.200 í stað DM 10.600
árgerð bifreiðar 1970 í stað 1971
verksmiðjunr. 115.110-10-088989 í stað 115.115-10-094824
og rangfærði einnig vélarnúmer.
b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 27.07.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 27.07.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 139.993-(skjal 17-18).

17. Við tollafgreiðslu nr. 64033 - 24.08.1973, í nafni Þrastar Þorsteinssonar notað:
a) vörureikning, dagsettan 07.08.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.000 í stað DM 11.000
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1972
verksmiðjunr. 108.012-10-069233 í stað 108.016-10-082424
og rangfærði einnig vélarnúmer.
b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 24.08.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 24.08.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 368.421-(skjal 37-38).

18. Við tollafgreiðslu nr. 90432 - 20.11.1973, í nafni Eggerts Karlssonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 02.11.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.000 í stað DM 10.900
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1970
verksmiðjunr. 108.012-10-062689 í stað 108.018-10-055725
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 19.11.73, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 19.11.73, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 232.057-(skjal 19-20).

19. Við tollafgreiðslu nr. 02281 - 10.01.1974, í nafni Jóns Ragnarssonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 12.12.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 7.500 í stað DM 13.500
árgerð bifreiðar 1969 í stað 1970
en rétt verksmiðjunúmer og vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 10.01.74, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 10.01.74, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 368.558-(skjal 79-80).

20. Við tollafgreiðslu nr. 03622 - 15.01.1974, í eigin nafni notað:

a) vörureikning, dagsettan 12.12.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 6.500 í stað DM 17.000
árgerð bifreiðar 1969 í stað 1974
verksmiðjunr. 114.021-10-001313 í stað 114.073-12-000152
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 10.01.74, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 10.01.74, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 456.490-(skjal 21-22).

21. Við tollafgreiðslu nr. 38088 - 07.05.1974, í nafni Árna H. Bjarnasonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 28.02.74, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 7.200 í stað DM 10.432.55
(skv. tollmati)
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1971.
Verksmiðjunr. 108.016-10-001805 í stað 108.018-10-081377
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 06.05.74, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 25.04.74, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 179.178-(skjal 29-30).

22. Við tollafgreiðslu nr. 42175 - 16.05.1974, í eigin nafni notað:
a) vörureikning, dagsettan 28.02.74, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.200 í stað DM 6.700
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1972
verksmiðjunr. 108.012-10-069233 í stað 108.018-12-085492
og rangfærði einnig vélarnúmer.
b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 16.05.74, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 16.05.74, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 327.507-(skjal 23-24).

23. Við tollafgreiðslu nr. 67511 - 15.08.1974, í eigin nafni notað:
a) vörureikning, dagsettan 16.06.74, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.200 í stað DM 14.500
árgerð bifreiðar 1968 í stað 1974
verksmiðjunr. 114.015-12-009314 í stað 115.015-12-201.759
og rangfærði einnig vélarnúmer.
b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 14.08.74, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 14.08.74, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 449.154-(skjal 65-66).

24. Við tollafgreiðslu við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði nr. 02050 - 13.09.74, í nafni Elvars Jónssonar notað:
a) vörureikning, dagsettan 26.07.74, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 5.000 í stað DM 7.800
árgerð bifreiðar 1967 í stað 1972
verksmiðjunr. 108.014-12-032273 í stað 108.018-12-093397
og rangfærði einnig vélarnúmer.
b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 12.09.74, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 13.09.74, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 446.180-(skjal 85-86).

25. Við tollafgreiðslu hjá embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði nr. 02091 - 19.09.1974, í nafni Ásbjörns Magnússonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 23.07.74, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 4.600 í stað DM 11.500
árgerð bifreiðar 1967 í stað 1972
verksmiðjunr. 108.012-10-014939 í stað 108.018-10-096822
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 18.09.74, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 18.09.74, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 508.760-(skjal 51-56).

26. Við tollafgreiðslu hjá embætti bæjarfógetans í Keflavík nr. 58, 1974, í nafni Björgvins Gunnarssonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 14.06.74, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 9.000 í stað DM 13.500
árgerð bifreiðar 1970 í stað 1972
verksmiðjunr. 108.018-12-076139 í stað 108.057-12-010220
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 13.11.74, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 05.11.74, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 294.755-(skjal 25-26).

27. Við tollafgreiðslu hjá embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði nr. 045 - 09.01.75, í eigin nafni notað:

a) vörureikning, dagsettan 17.10.74, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 4.800 í stað DM 9.600
árgerð bifreiðar 1969 í stað 1971
verksmiðjunr. 115.015-10-029918 í stað 115.015-10-092870
og rangfærði einnig vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 09.01.75, með sömu rangfærslum að kaupverði undanskildu.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 09.01.75, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 258.995-(skjal 27-28).

28. Við tollafgreiðslu nr. 14591 - 10.03.1976, í nafni Jóns Jóhannssonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 06.02.76, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 12.250 í stað DM 20.292.50
árgerð bifreiðar 1975 í stað 1976
en rétt verksmiðjunúmer og vélarnúmer.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 10.03.76, þar sem árgerð bifreiðarinnar er tilgreind 1975.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 10.03.76, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 1.102.188-(skjal 127-128).

29. Við tollafgreiðslu nr. 16074 - 15.03.1976, í nafni Sigurðar Jónssonar notað:
a) vörureikning, dagsettan 06.02.76, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 12.250 í stað DM 20.292.50
og árgerð bifreiðar 1975 í stað 1976
en rétt verksmiðjunúmer og vélarnúmer.
b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 15.03.76, þar sem árgerð bifreiðarinnar er tilgreind 1975.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 15.03.76, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 1.110.507-(skjal 129-130).

B. Vörureikningar sem ákærði ritaði á reikningseyðublöð sama firma þar sem kaupverð bifreiðanna var ranglega tilgreint og þau atriði önnur sem tilgreind eru í hverjum lið fyrir sig svo aðflutningsgjöld urðu lægri en vera átti:

1. Við tollafgreiðslu nr. 41407 - 6. júní 1973, í nafni Guðmundar Brynjólfssonar notað:
vörureikning, dagsettan 03.05.73, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 7.200 í stað DM 8.600.
Aðflutningsgjöld samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 05.06. 73, voru vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 62.870-(skjal 131-132).
2. Við tollafgreiðslu nr. 27728 - 30.04.1975, í nafni Þóris Karlssonar notað vörureikning, dagsettan 20.03.75, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 8.000 í stað DM 10.800.
Aðflutningsgjöld samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 30.04.75, voru vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 257.472-(skjal 99-100).
3. Við tollafgreiðslu nr. 89617 - 18.12.1975 á bifreið af gerðinni Audi 100 árgerð 1972, í nafni Jónu K. Gunnarsdóttur notað vörureikning, dagsettan 10.11.75, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 5.000 í stað DM 6.500 í því skyni að aðflutningsgjöld yrðu lægri en þau ættu að vera-(skjal 101-102).
4. Við tollafgreiðslu nr. 90576 - 17.12.1975, á bifreið af gerðinni Toyo-Mazda, árgerð 1974 í nafni Gunnars Tómassonar notað vörureikning, dagsettan 10.11.75, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 3.800 í stað DM 5.000, og yfirlýsingu, dagsetta sama dag, á

bréfsefni sama firma með enskum texta um að bifreiðin sé sýningarbifreið og afsláttarbifreið og nafnrituninni H. Turotti.
Á aðflutningsskýrslu, dagsettri 16.12.75, voru aðflutningsgjöld vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 140.726-(skjal 81-82).

5. Við tollafgreiðslu nr. 30687 - 30.04.1976, á bifreið af gerðinni Fiat 126, árgerð 1973, í nafni Ingunnar Bjarnadóttur, notað vörureikning, dagsettan 10.02.76, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 2.000 í stað DM 3.900.
Aðflutningsgjöld samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 30.04.76, voru vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 183.739-(skjal 143-147).
6. Við tollafgreiðslu nr. 83437 - 16.11.1976, í nafni Steinars Braga Norðfjörð notað vörureikning, dagsettan 30.09.76, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 9.500 í stað DM 10.800.
Aðflutningsgjöld samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 16.11.76, voru vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 52.662-(skjal 147-148).
7. Við tollafgreiðslu nr. 83782 - 22.11.1976, á bifreið af gerðinni Audi 100 LS, árgerð 1974, notað í eigin nafni vörureikning, dagsettan 05.09.76, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 5.200 í stað DM 6.500 í því skyni að aðflutningsgjöld yrðu lægri en þau ættu að vera-(skjal 145-146).
8. Við tollafgreiðslu nr. 5979 - 24.01.1977, á bifreið af gerðinni Peugeot 504, árgerð 1973, í eigin nafni notað vörureikning, dagsettan 30.09. 76, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 5.000 í stað DM 4.900-(skjal 137-138).
9. Við tollafgreiðslu nr. 28801 - 15.04.1977, í nafni Kristjáns Finnbogasonar notað vörureikning, dagsettan 16.03.77, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 9.000 í stað DM 14.000.
Aðflutningsgjöld samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 15.04.77, voru vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 483.043-(skjal 141-142).
10. Við tollafgreiðslu nr. 43876 - 31.05.1977, á bifreið af gerðinni Ford Granada, árgerð 1974, í nafni Magnúsar Einarssonar notaði vörureikning, dasettan 28.04.77, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 6.000 í stað DM 9.000.
Aðflutningsgjöld samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 31.05.77, voru vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 186.483-(skjal 161-162).
11. Við tollafgreiðslu nr. 44636 - 20.05.1977, á bifreið af gerðinni Volvo P 244, árgerð 1975 í nafni Einars Kristinssonar notað vörureikning, dagsettan 28.04.77, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 6.300 í stað DM 11.000.
Aðflutningsgjöld samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 20.05.77, voru vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 377.431-(skjal 135-136).

12. Við tollafgreiðslu nr. 45237 - 07.06.1977, í nafni Guðmundar Brynjólfssonar notað vörureikning, dagsettan 25.05.77, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 9.000 í stað DM 14.500.
Aðflutningsgjöld samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 07.06.77, voru vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 764.101-(skjal 77-78).
13. Við tollafgreiðslu nr. 62234 - 05.08.1977, á bifreið af gerðinni Ford Granada, árgerð 1976, í nafni Dagnýjar Ólafsdóttur notað vörureikning, dagsettan 28.06.77, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 7.600 í stað DM 15.135.12.
Aðflutningsgjöld samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 04.08.77, voru vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 520.901-(skjal 113-114).
14. Við tollafgreiðslu nr. 77201 - 21.09.1977, á bifreið af gerðinni Peugeot 504, árgerð 1975, í nafni Pólstjörnunnar sf. notað vörureikning í eigin nafni, dagsettan 30.06.77, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 5.500 í stað DM 10.000.
Aðflutningsgjöld samkvæmt aðflutningsskýrslu, dagsettri 19.09.77, voru vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 632.020-(skjal 133-134).

C. Vörureikningur ritaður á reikningseyðublað firmans Helmut Schweizer, Automobile, Stuttgart, þar sem kaupverð og árgerð bifreiðarinnar var ranglega tilgreint:
Við tollafgreiðslu nr. 12047 - 11.02.1974, í eigin nafni notað:

a) vörureikning, dagsettan 12.12.73, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð DM 8.200 í stað DM 15.660
árgerð bifreiðar 1973 í stað 1974

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 08.02.74, með sömu rangfærslu um árgerð bifreiðarinnar.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 08.02.74, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 97.779-(skjal 123-124).

D. Vörureikningar ritaðir á reikningseyðublöð firmans Daimler-Benz Aktiengesellschaft, Niederlassung:

1. Við tollafgreiðslu nr. 65045 - 09.08.1974, í nafni Sláturfélags Suðurlands notað:

a) vörureikning, dagsettan 17.07.74, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð DM 17.000 í stað DM 25.316
árgerð bifreiðar 1973 í stað 1974

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 09.08.74, með sömu rangfærslum um árgerð bifreiðarinnar.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 09.08.74, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 610.465-(skjal 109-110).

2. Við tollafgreiðslu nr. 65045 - 09.08.74, í eigin nafni notað:

a) vörureikning, dagsettan 17.07.74, þar sem ákærði tilgreindi:

kaupverð DM 17.000 í stað DM 25.316
árgerð bifreiðar 1973 í stað 1974

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 09.08.74, með sömu rangfærslu um árgerð bifreiðarinnar.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 09.08.74, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 504.010-(skjal 125-126).

E. Vörureikningar ritaðir á reikningseyðublöð firmans AUTOHAUS LORINSER - WAIBLINGEN:

1. Við tollafgreiðslu hjá bæjarfógetaembættinu í Hafnarfirði nr. 00654 - 03.05.1976, í nafni Elvars Jónssonar falsað en látið Elvar sjálfan nota:

a) vörureikning, dagsettan 26.03.76, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð DM 12.800 í stað 29.300
árgerð bifreiðar 1975 í stað 1976 svo og með áritun á ensku um að bifreiðin hafi verið notuð sem sýningarbifreið.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 26.04.76, með sömu rangfærslu um árgerð bifreiðarinnar.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 26.04.76, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 352.947-(skjal 83-84).

2. Við tollafgreiðslu nr. 51647 - 22.07.1976, í nafni Tryggingar hf. notað:

a) vörureikning, dagsettan 05.05.76, þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 14.800 í stað DM 22.072
árgerð bifreiðar 1973 í stað 1974

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 21.07.76, með sömu rangfærslum um árgerð bifreiðarinnar.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 21.07.76, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 882.988-(skjal 111-112).

3. Við tollafgreiðslu nr. 73860 - 03.09.1976, í nafni Gísla Jóhannessonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 23.07.76, þar sem árkærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 12.500 í stað DM 14.000
árgerð bifreiðar 1973 í stað 1974

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 02.09.76, með sömu rangfærslum um árgerð bifreiðarinnar.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 02.09.76, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 80.890-(skjal 119-120).

4. Við tollafgreiðslu nr. 73164 - 13.10.1976, í nafni Harðar Sævaldssonar notað:

a) vörureikning, dagsettan 08.08.76 þar sem ákærði tilgreindi:
kaupverð bifreiðar DM 15.800 í stað DM 33.500

b) bifreiðarlýsingu dagsetta 12.10.76, með þeirri rangfærslu að bifreiðin væri árgerð 1975 í stað 1976.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 12.10.76, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 1.993.652-(skjal 97-98).

5. Við tollafgreiðslu nr. 63246 - 08.09.1976, á bifreið af gerðinni Audi 100 GL, árgerð 1973, í nafni Þorkels Árnasonar notað vörureikning á nafni „Helgason", dagsettan 23.07.76, þar sem ákærði tilgreindi kaupverð bifreiðar DM 5.000 í stað DM 3.500-(skjal 103-104).
6. Við tollafgreiðslu nr. 37094 - 12.05.1977, á bifreið af gerðinni Ford Granada í nafni Kristins Kristinssonar notað:

a) vörureikning (pöntun), dagsettan 26.04.77, þar sem ákærði lét seljanda tilgreina kaupverð bifreiðarinnar DM 7.200 í stað DM 12.252.

b) bifreiðarlýsingu, dagsetta 12.05.77, með þeirri rangfærslu að bifreiðin væri af árgerð 1975 í stað 1976.
Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 12.05.77, voru aðflutningsgjöld vangreidd sem nam kr. 747.960-(skjal 107-108).

Brot ákærða, sem í I. lið A-E greinir, teljast varða við 155. gr. almennra hegningarlaga og að undanskildum liðum B, 8. tölulið, og E, 5. tölulið, einnig við 2. mgr. 63. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, og 2. mgr. 37. gr. laga um tollskrá o.fl. nr. 1, 1970, en síðar 2. mgr. 37. gr. laga um sama efni nr. 6, 1974, og enn síðar 2. mgr. 32. gr. um sama efni nr. 120, 1976.

II. *Gegn ákærða Ásgeiri fyrir tollsvik.*

Ákærða Ásgeiri er gefið að sök að hafa við tollafgreiðslu á eftirtöldum þremur bifreiðum hjá embætti tollstjórans í Reykjavík, sem fluttar voru inn á nöfnun eigenda bifreiðanna, látið nota ranga vörureikninga, sem ákærði hafði fengið útgefna hjá seljanda bifreiðanna, firmanu Marianne Glaser, Automobile, Stuttgart, þar sem kaupverð þeirra var að beiðni ákærða tilgreint lægra en verið hafði kaupverð bifreiðanna samkvæmt öðrum og réttum reikningum sama firma.

Með því að aðflutningsgjöld voru á aðflutningsskýrslum reiknuð á grundvelli hinna röngu vörureikninga komust innflytjendur bifreiðanna hjá greiðslum þeirra gjalda að hluta, svo sem rakið verður í hverjum lið fyrir sig:

1. Við tollafgreiðslu nr. 19837 - 15.03.77, í nafni Björgvins Gunnarssonar látið nota vörureikning, dagsettan 28.02.77, sem ákærði hafði fengið útgefinn hjá nefndu firma með tilgreindu kaupverði bifreiðar DM 19.000 í stað DM 34.955, sem verið hafði kaupverð þeirrar bifreiðar samkvæmt öðrum reikningi sama firma, dagsettum sama dag.

Á aðflutningsskýrslu, dagsettri 15.03.77, voru aðflutningsgjöld vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 2.344.960-(skjal 115-116).

2. Við tollafgreiðslu nr. 20282 - 16.03.77, í nafni Willards Ólasonar látið nota vörureikning, dagsettan 28.02.77, sem ákærði hafði fengið útgefinn hjá nefndu firma með tilgreindu kaupverði bifreiðar DM 21.000 í stað DM 31.982, sem verið hafði kaupverð þeirrar bifreiðar samkvæmt öðrum reikningi sama firma, dagsettum 25.02.77.
Á aðflutningsskýrslu, dagsettri 15.03.77, voru aðflutningsgjöld vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 1.588.126-(skjal 117-118).
3. Við tollafgreiðslu nr. 39641 - 20.05.77, í nafni Sigurðar Hannessonar látið nota vörureikning, dagsettan 30.04.77, sem ákærði hafði fengið útgefinn hjá nefndu firma með tilgreindu kaupverði bifreiðar DM 15.300 í stað DM 19.800, sem verið hafði kaupverð þeirrar bifreiðar samkvæmt öðrum reikningi sama firma, dagsettum sama dag.
Á aðflutningsskýrslu, dagsettri 20.05.77, voru aðflutningsgjöld vanreiknuð og vangreidd sem nam kr. 554.098-(skjal 139-140).
Brot ákærða, sem í II. lið greinir, 1.-3. tölulið, teljast varða við 2. mgr. 63. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, og 2. mgr. 32. gr. laga um tollskrá o.fl. nr. 120, 1976.

III. *Gegn ákærða Páli Ingimarssyni fyrir brot í opinberu starfi og eftirfarandi hlutdeild í brotum meðákærða Ásgeirs.*

Ákærða Páli er gefið að sök að hafa í starfi sínu sem bifreiðaeftirlitsmaður og eftir 3. september 1973 sem umdæmisfulltrúi bifreiðaeftirlits ríkisins í Hafnarfirði skráð þær bifreiðar, sem í I. lið ákæru greinir og nánar verða tilgreindar, ranglega í spjaldskrá (bifreiðaskrá) bifreiðaeftirlits ríkisins og í skráningarskírteini viðkomandi bifreiða með þeim hætti sem lýst verður í liðum A-C hér á eftir, ýmist þannig, að ákærði skráði röng verksmiðju- og vélarnúmer og árgerðir samkvæmt þeim bifreiðarlýsingum sem áður er lýst og notaðar höfðu verið við tollafgreiðslu bifreiðanna en áttu við aðrar og eldri bifreiðar, *eða* ákærði, að beiðni meðákærða Ásgeirs, annað hvort þá við nýskráningu eða síðar við umskráningu einstakra bifreiða, skráði bifreiðarnar réttum verksmiðju- og vélarnúmerum og/eða árgerðum, þrátt fyrir aðrar tilgreiningar í bifreiðarlýsingum viðkomandi bifreiða, og að hafa þannig með aðgerðum sínum veitt því liðsinni að bifreiðarnar voru skráðar í bifreiðaskrá þrátt fyrir þau röngu gögn sem þeim fylgdu og að haldið var við þeim rangfærslum, sem meðákærði Ásgeir hafði beitt við tollafgreiðslu bifreiðanna.

Brot ákærða Páls eru þau sem hér greinir og er um hverja bifreið fyrir sig vitnað til viðkomandi ákæruliðar í I. kafla ákæru:

A. *Skráð röng verksmiðju- og vélarnúmer og árgerðir bæði í spjaldskrá og í skráningarskírteini:*
Á við um þær bifreiðar sem greinir í I. lið ákæru A, 3.-4. tölulið.

B. *Skráð röng verksmiðju- og vélarnúmer og árgerðir í spjaldskrá og jafnframt, annað hvort við nýskráningu eða síðar við umskráningu viðkomandi bifreiðar, tilgreint rétta árgerð í skráningarskírteini:*
Á við um þær bifreiðar sem greinir í I. lið ákæru
A, 1., 5.-7., 9.-10., 15.-17.,
18. (árgerð ranglega tilgreind 1971),
19., 22.-23. og 25.-27. tölulið.
Ákærulið B: 3. tölulið.
Ákærulið C: Einn lið.
Ákærulið D: 1.-2. tölulið.
Ákærulið E: 4.-5. tölulið.

C. *Skráð rétt verksmiðju- og vélarnúmer og árgerðir í spjaldskrá og skráningarskírteini:*
Á við um þær bifreiðar sem greinir í I. lið ákæru A, 2., 12., 20. (árgerð ranglega tilgreind 1970), 21. (árgerð ranglega tilgreind 1972) og 24. tölulið.
Brot ákærða, sem í þessum lið greinir, teljast varða við 1. mgr. 158. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 4. mgr. 22. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 62. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og 3. mgr. 37. gr. — nú 3. mgr. 32. gr. — laga um tollskrá o.fl.

IV. *Gegn ákærða Ásgeiri fyrir hlutdeild í brotum meðákærða Páls í opinberu starfi.*

Ákærða Ásgeiri er gefin að sök hlutdeild í fyrrgreindum brotum meðákærða Páls í opinberu starfi eins og þeim er lýst í III. kafla ákæru.

Teljast þau brot ákærða varða við 1. mgr. 158. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

V. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar, og ákærði Ásgeir auk þess til greiðslu skaðabóta".

Málavextir eru sem hér segir:

Upphaf máls þessa er bréf ríkisendurskoðunar til ríkissaksóknara, dagsett 08.06.1977, varðandi innflutning ákærða í máli þessu á notuðum Mercedes Benz bifreiðum. Segir svo í bréfi ríkisendurskoðunar um ætlað athæfi ákærða:

„Virðist hann hafa haft þann háttinn á, að taka málmplötu, sem fest er á vatnskassahlíf á Mercedes Benz bifreiðum og flytja á milli bifreiða í þeim tilgangi að láta svo líta út, að bifreiðarnar væru af eldri árgerð og

jafnvel annarri gerð, heldur en þær raunverulega eru, og af þeim sökum greitt lægri aðflutningsgjöld af bifreiðunum en ella. Hann hefur að því er virðist, jafnframt framvísað skráningarbók (Kraftfahrzeugbrief) sem átt hefur við málmplötu þá sem fest hefur verið í viðkomandi bifreið, en ekki verið í samræmi við bifreiðina sjálfa og hið rétta grindarnúmer, sem stansað er í grindarnef Mercedes Benz bifreiða."

Með bréfi til yfirsakadómarans í Reykjavík, dagsettu 9. júní 1977, gerði ríkissaksóknari þá kröfu, að fram færi rannsókn í sakadómi Reykjavíkur út af máli þessu. Bréf þetta var framsent rannsóknarlögreglu ríkisins, og af gögnum málsins virðist sem rannsókn hafi hafist þar í málinu 13. september 1977.

Ákærði Ásgeir Sigurðsson var handtekinn vegna rannsóknar máls þessa hinn 8. desember 1977, og jafnframt var þá gerð húsleit á heimili hans og leit í bifreið hans. Á heimili ákærða fundust meðal annars 4 númeraplötur, sem venjulega eru festar á grind eða vatnskassabita Mercedes Benz bifreiða.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þennan sama dag viðurkenndi ákærði, að hann hefði um nokkurra ára bil stundað innflutning á notuðum bireiðum og þá aðallega frá Þýskalandi. Jafnframt viðurkenndi hann, að hann legði stund á það að greiða eins lág aðflutningsgjöld og frekast væri unnt af þessum bifreiðum og í því skyni hefði hann falsað gögn og skilríki og látið líta svo út sem hver bifreið væri nokkrum árum eldri en hún raunverulega væri, eða að meðaltali 2 til 4 árum eldri.

Ákærði var færður fyrir dóm þennan sama dag vegna kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald. Viðurkenndi ákærði í réttarhaldi þessu að hafa um nokkurra ára skeið flutt inn notaðar bifreiðar, aðallega frá Þýskalandi, og við innflutning þeirra notað óútfyllt vörureikningseyðublöð frá þýskum fyrirtækjum, sem hann hafi sjálfur fyllt út og falsað hér á landi í þeim tilgangi að greiða lægri aðflutningsgjöld af bifreiðunum en orðið hefði, ef réttar upplýsingar hefðu verið gefnar tollyfirvöldum við innflutning bifreiðanna. Hann kvaðst hafa keypt bifreiðarnar af ýmsum einstaklingum í Þýskalandi án milligöngu annarra aðilja. Hann kveðst ekki hafa undir höndum reikninga þá, sem þessir aðiljar létu í té við söluna. Hann kvaðst hafa selt bifreiðarnar ýmsum aðiljum hér á landi og hafi það verið á vitorði flestra þeirra, hvernig hann hagaði innflutningi bifreiðanna svo og að hann gaf rangar upplýsingar á aðflutningsskýrslum og falsaði vörureikninga í því skyni að lækka aðflutningsgjöld.

Ákærði kvaðst hafa fengið ofangreind vörureikningseyðublöð hjá þýskum manni, Junghaus að nafni. Hafi hann fengið reikningana afhenta í eina og sama skiptið. Þetta hafi verið í Stuttgart, sennilega árið 1972. Þá sagði

ákærði, að hann hefði fengið í umboðslaun fyrir sölu bifreiðanna um 200-250.000 gkr. fyrir síðustu sendingar, en minna fyrir eldri sendingar.

Ákærði neitaði því, að nokkur hafi aðstoðað sig við ofangreinda verknaði, og neitaði því, að bifreiðaeftirlitsmenn hefðu aðstoðað sig við að skrá ofangreindar bifreiðir á ólöglegan hátt.

Ákærði var þennan dag úrskurðaður til þess að sæta gæsluvarðhaldi allt fram til 26. janúar 1978. Gæsluvarðhaldið var síðan framlengt tvívegis og sat ákærði í gæsluvarðhaldi til 5. mars 1978. Síðan sat ákærði í gæsluvarðhaldi vegna málsins 27.02.-05.03.1980.

Fljótlega kom upp grunur um, að bifreiðaeftirlitsmaður í Hafnarfirði, ákærði Páll Ingimarsson, hefði á einhvern hátt aðstoðað ákærða Ásgeir í framangreindu atferli. Kom hann fyrst til yfirheyrslu vegna máls þessa hjá rannsóknarlögreglunni 19. desember 1977 og neitaði hann því að hafa á nokkurn hátt átt þátt í að falsa eða hagræða skjölum fyrir ákærða Ásgeir. Við yfirheyrslu daginn eftir mundi hann þó eftir einu tilviki, þar sem hann hefði ekki farið rétt að og hafi hann þá breytt skráningarskírteini eftir fyrirsögn Ásgeirs án þess að kanna, hvort verksmiðjunúmer, er hann gaf upp, væri hið rétta. Af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins var krafist gæsluvarðhalds yfir ákærða Páli hinn 20. desember 1977, og þegar hann kom fyrir dóm þann dag, neitaði hann því algjörlega að hafa fært rangar upplýsingar inn á skráningarskírteini notaðra bifreiða, sem ákærði Ásgeir eða einhver á hans vegum hefði komið með til nýskráningar í bifreiðaeftirlit ríkisins í Hafnarfirði, utan þess tilviks, sem hann hafði þegar nefnt í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Ákærði var í þinghaldi þessu úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til 18. janúar 1978. Var hann látinn laus úr gæslu þann dag. Þann sama dag, 18. janúar 1978, kom ákærði Páll fyrir sakadóm Reykjavíkur, og viðurkenndi hann þar að hafa um nokkurra ára skeið sem starfsmaður Bifreiðaeftirlits ríkisins í Hafnarfirði rangfært skjöl, skoðunarvottorð og bifreiðaspjaldskrár við skrásetningu innfluttra notaðra bifreiða, þó svo, að í bifreiðarlýsingu, sem stimpluð er af tollyfirvöldum og fylgir tollskjölum hafi verið greint á um annað verksmiðjunúmer, árgerð og aðrar upplýsingar, sem máli skipta við tollafgreiðslu innfluttra bifreiða. Hann kvaðst einvörðungu hafa misfært ofangreind skjöl, þegar ákærði Ásgeir hafi átt í hlut. Hafi ákærði Ásgeir beðið sig að misfæra skjölin í þeim tilgangi, að hann kæmist hjá réttri tollgreiðslu við innflutning notaðra bifreiða af gerðinni Mercedes Benz. Hann kvaðst aðspurður hafa gert þetta í greiðaskyni við ákærða Ásgeir, en hann hafi aldrei fengið fé eða aðrar greiðslur fyrir og hafi hann því engan hagnað haft af þessu.

Þegar ákærði Ásgeir kom hér fyrir dóm 13. júlí sl., viðurkenndi hann, að hann hefði á tímabili því, sem ákæra í máli þessu nær til, stundað það

í all ríkum mæli að falsa skjöl og hagræða gögnum í sambandi við innflutning notaðra bíla frá Þýskalandi í því skyni að komast hjá greiðslu aðflutningsgjalda. Bifreiðar þessar flutti hann oftast inn á nöfnum annarra manna, sem voru kaupendur bifreiðanna, en þó einnig stundum á sínu nafni. Ákærði hafði atvinnu af innflutningi bifreiða á þessu tímabili, en einungis hluti þeirra var fluttur inn með ofangreindum hætti.

Ákærði fór þannig að í þessu sambandi í stórum dráttum, að hann bjó til vörureikninga á eyðublöð, sem hann hafði komist yfir hjá nokkrum þýskum fyrirtækjum í Þýskalandi Þá útbjó hann oft rangar bifreiðalýsingar. Einnig flutti hann málmplötu með grindarnúmeri á milli bifreiða og notaði þannig nokkrum sinnum sömu málmplötuna.

Ákærði fékk meðákærða Pál Ingimarsson til að hagræða færslum í spjaldskrá bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni til að ná fram þeim tilgangi sínum að komast hjá greiðslu réttra aðflutningsgjalda. Páll fékk engar greiðslur hjá honum fyrir þetta. Ákærði segir, að þeir Páll hafi verið kunningjar, og kveðst hann algerlega hafa haft frumkvæði um, að þetta var gert. Ákærði viðurkenndi að hafa fært Páli wiskíflöskur, en segir, að það hafi ekki staðið í neinum tenglsum við mál þetta, heldur hafi hér verið um gjöf milli kunningja að ræða og hafi þeir oft drukkið þetta saman.

Þá sagði ákærði, að hagnaður af umræddu atferli sínu hafi verið sama og enginn, einungis fyrir vinnu sinni. Það hafi fyrst og fremst verið kaupendur bifreiðanna, sem hafi hagnast á þessu með lækkuðu verði. Kaupendum hafi þó ekki verið kunnugt um, hvernig þetta verð var til komið. Hann hafi gert þeim ákveðið verðtilboð, sem þeir vissu ekki, hvernig var fengið.

Ákærði Páll Ingimarsson kom hér fyrir dóm 16. júní sl., og viðurkenndi hann þá að hafa á því tímabili, er ákæra í málinu tekur til, sem starfsmaður í Bifreiðaeftirliti ríkisins rangfært skjöl, þ.e. bifreiðaspjaldskrá og skráningarskírteini bifreiða, svo sem hann hafði áður lýst fyrir dómi hinn 18. janúar 1978. Staðfesti hann þann framburð.

Nú verður vikið að einstökum liðum ákærunnar.

I.

A.

1. Við innflutning bifreiðar í nafni Jóns Þórðarsonar hinn 09.11.1972 notaði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað firmans Sportwagen Zentrum Paulinen Garage, Stuttgart og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Tollafgreiðslunúmer er þó ekki rétt tilgreint í ákærunni, en það á að vera 082856. Með þessum röngu skjölum, sem aðflutningsskýrslan var byggð á, var komist hjá greiðslu á aðflutningsgjöldum, er námu gkr. 332.662.

Að beiðni ákærða Ásgeirs færði ákærði Páll ranga árgerð bifreiðar þessarar í bifreiðaspjaldskrá.

2. Við innflutning bifreiðar í nafni Finnboga Björnssonar hinn 18.09. 1972 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðalýsingu, svo sem réttilega er lýsti í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 269.591.

Ákærði Páll aðstoðaði ákærða Ásgeir við að koma skráningu bifreiðarinnar í gegnum bifreiðaeftirlitið.

3. Við innflutning bifreiðar í nafni Guðjóns Eyjólfssonar hinn 28.11. 1972 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákærunnar. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 171.604.

Ásgeir fékk meðákærða Pál til að rangfæra hér gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

4. Við innflutning bifreiðar í nafni Sigurður Stefánssonar hinn 29.12. 1972 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu ranga skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 328.549. Rétt tollafgreiðslunúmer er 98044, en ekki 751o1, sem tilgreint er í ákæru.

Ákærði fékk hér meðákærða Pál til að rangfæra hér gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

5. Við innflutning bifreiðar í nafni Þóris Skarphéðinssonar hinn 17.01. 1973 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 231.302.

Ásgeir fékk meðákærða Pál hér til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

6. Við innflutning bifreiðar í nafni Hafnarbíós hinn 25.01.1973 notaði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákærunnar. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 296.045 skv. tollmati.

Ásgeir fékk meðákærða til að rangfæra hér gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

7. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 19.03.1973 notaði ákærði falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru að öðru leyti en því,

að árgerð bifreiðar er í bifreiðarlýsingu sögð 1967. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslum, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 463.481.

Ásgeir fékk meðákærða til að rangfæra hér gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

8. Við innflutning bifreiðar í nafni Kristins Kristinssonar hinn 04.05. 1973 notaði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 426.598.

9. Við innflutning bifreiðar í nafni Guðjóns Eyjólfssonar hinn 04.05. 1973 notaði ákærði falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 262.136.

Ákærði fékk meðákærða Pál til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

10. Við innflutning bifreiðar í nafni Sveinbjörns Árnasonar hinn 08.05. 1973 notaði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 286.654.

Ákærði fékk hér meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

11. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 11.05.1973 notaði ákærði falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 470.579.

12. Við innflutning bifreiðar í nafni Aðalsteins Guðmundssonar hinn 27.07.1973 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem nánar er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 332.369.

Ákærði fékk hér meðákærða til að færa gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

13. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 27.07.1973 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 287.510.

14. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 27.07.1973 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem nánar er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 630.987.

15. Við innflutning bifreiðar í nafni Ásbjörns Magnússonar hinn 02.08.1973 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem nánar er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 344.222.

Ákærði fékk hér meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

16. Við innflutning bifreiðar í nafni Aðalsteins Guðmundssonar hinn 10.08.1973 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem nánar er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 139.993.

Ákærði fékk hér meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

17. Við innflutning bifreiðar í nafni Þrastar Þorsteinssonar hinn 24.08.1973 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 368.421.

Ásgeir fékk hér meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

18. Við innflutning bifreiðar í nafni Eggerts Karlssonar hinn 20.11.1973 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem nánar er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 232.057.

Ásgeir fékk hér meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

19. Við innflutning bifreiðar í nafni Jóns Ragnarssonar hinn 10.01.1974 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma. Bifreiðarlýsing er hins vegar ekki röng, eins og sagt er í ákæru, því rétt árgerð er 1969. Með hinum ranga reikningi, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 368.558.

Ásgeir fékk hér meðákærða til að færa ranga árgerð í skráningarskírteini bifreiðaeftirlits.

20. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 15.01.1974 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 456.490.

Ásgeir fékk hér meðákærða til að færa gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

21. Við innflutning bifreiðar í nafni Árna Bjarnasonar hinn 07.05.1974 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru, að öðru leyti en því, að rétt tollafgreiðslunúmer á að vera 38089. Með hinum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 179.178.

Ásgeir fékk hér meðákærða til að færa gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

22. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 16.05.1974 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublöð frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 327.507.

Ásgeir fékk hér meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

23. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 15.08.1974 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 449.154.

Ásgeir fékk meðákærða til að rangfæra hér gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

24. Við innflutning bifreiðar í nafni Elvars Jónssonar hinn 13.09.1974 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 446.180.

Ásgeir fékk hér meðákærða Pál til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

25. Við innflutning bifreiðar í nafni Ásbjörns Magnússonar hinn 19.09.1974 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem nánar er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 508.760.

Ásgeir fékk hér meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

26. Við innflutning bifreiðar í nafni Björgvins Gunnarssonar hinn 13.11.1974 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 294.755.

Ásgeir fékk meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

27. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 09.01.1975 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 258.995.

Ásgeir fékk hér meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

28. Við innflutning bifreiðar í nafni Jóns Jóhannssonar hinn 10.03.1976 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 1.102.188.

29. Við innflutning bifreiðar í nafni Sigurðar Jónssonar hinn 15.03.1976 notaði ákærði falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem nánar er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 1.110.507.

B.

1. Við innflutning bifreiðar í nafni Guðmundar Brynjólfssonar hinn 06.06.1973 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu falsaða skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 62.870.

2. Við innflutning bifreiðar í nafni Þóris Karlssonar hinn 30.04.1975 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu falsaða skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 257.472.

3. Við innflutning bifreiðar í nafni Jónu K. Gunnarsdóttur hinn 18.12.1975 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrr-

greindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Ekki verður séð, að hér hafi verið komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, enda fékk innflytjandi bifreiðarinnar eftirgjöf á þessum gjöldum samkvæmt bréfi fjármálaráðuneytisins.

Ákærði Páll hefur fært í skráningarskírteini umræddrar bifreiðar, að hún sé af árgerð 1974, og telur það gert eftir beiðni Ásgeirs. Ásgeir telur þetta hins vegar misritun hjá Páli.

4. Við innflutning bifreiðar í nafni Gunnars Tómassonar hinn 17.12. 1975 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu falsaða skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 140.726.

5. Við innflutning bifreiðar í nafni Ingunnar Bjarnadóttur hinn 30.04. 1976 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu falsaða skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 183.739.

6. Við innflutning bifreiðar í nafni Steinars Braga Norðfjörð hinn 16.11.1976 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu falsaða skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 52.662.

7. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 22.11.1976 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem nánar er lýst í þessum lið ákæru, en við útreikning aðflutningsgjalda var byggt á hærra verði en hinu raunverulega, og verður því ekki séð, að ákærði hafi hér hagnast á notkun hins falsaða reiknings. Tollafgreiðslunúmer er ranglega tilgreint á ákæru og á að vera nr. 88248.

8. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 24.01.1977 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Raunverulegt kaupverð var hins vegar 100 DM lægra en reikningurinn hljóðaði upp á, þannig að ákærði hagnaðist ekki á þessum ranga reikningi.

9. Við innflutning bifreiðar í nafni Kristjáns Finnbogasonar hinn 15.04.1977 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu falsaða skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 483.043.

10. Við innflutning bifreiðar í nafni Magnúsar Einarssonar hinn 31.05. 1977 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu fals-

aða skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 186.483.

11. Við innflutning bifreiðar í nafni Einars Kristinssonar hinn 20.05. 1977 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu falsaða skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 377.431.

12. Við innflutning bifreiðar í nafni Guðmundar Brynjólfssonar hinn 07.06.1977 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu falsaða skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 764.101.

13. Við innflutning bifreiðar í nafni Dagnýjar Ólafsdóttur hinn 05.08. 1977 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu falsaða skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 520.901. Tollafgreiðslunúmer er hér ranglega tilfært í ákæru, en á að vera nr. 79774.

14. Við innflutning bifreiðar í nafni Pólstjörnunnar sf. hinn 21.09.1977 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessu falsaða skjali, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 632.020.

C.

1. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 11.02.1974 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá firmanu Helmut Schweizer, Stuttgart, og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu skv. gögnum málins kr. 230.606. — en í ákæru er miðað við gkr. 97.779.

Ásgeir fékk hér meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

D.

1. Við innflutning bifreiðar í nafni Sláturfélags Suðurlands hinn 09.08. 1974 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá Damiler/ Benz Aktiengesellschaft og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru, þó þannig, að rétt kaupverð bifreiðarinnar var DM 27.059. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 610.465.

Ásgeir fékk hér meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

2. Við innflutning bifreiðar í eigin nafni hinn 09.08.1974 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá sama firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 504.010.

Ásgeir fékk hér meðákærða til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

E.

1. Við innflutning bifreiðar í nafni Elvars Jónssonar hinn 03.05.1976 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá firmanu Autohaus Lorinser og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu skv. gögnum málsins gkr. 1.215.511.- en í ákæru er miðað við gkr. 352.947 — sem mun miðast við tollmat bifreiðarinnar.

2. Við innflutning bifreiðar í nafni Tryggingar hf. hinn 22.07.1976 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá sama firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Hins vegar verður ekki annað séð en bifreiðarlýsing sé rétt. Með hinum ranga reikningi, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 882.988.

3. Við innflutning bifreiðar í nafni Gísla Jóhannessonar hinn 03.09. 1976 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem nánar er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 80.890.

4. Við innflutning bifreiðar í nafni Harðar Sævaldssonar hinn 13.10. 1976 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá sama firma. Ekki verður séð, að bifreiðarlýsing sé röng, því bifreiðin er af árgerð 1975.

Ákærði telur, að upphæð sú, sem ákæra byggir á í þessu sambandi að því er varðar verð bifreiðarinnar, sé of há, því hér sé um samskonar bíl að ræða og um getur í lið E.1. hér að framan, en verð þeirrar bifreiðar var DM 29.300. Telur ákærði, að hann hafi komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda að því marki.

Ásgeir fékk meðákærða til að færa hér í skrásetningarskírteini bifreiðaeftirlits ranga árgerð eftir fyrirsögn sinni.

5. Við innflutning bifreiðar í nafni Þorkels Árnassonar hinn 08.09.1976 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákærunnar. Reikningur þessi hljóðaði upp á hærri fjárhæð en raunverulegt kaupverð samkvæmt framlögðum gögnum málsins.

Ásgeir fékk meðákærða hér til að rangfæra gögn bifreiðaeftirlits eftir fyrirsögn sinni.

6. Við innflutning bifreiðar í nafni Kristins Kristinssonar hinn 12.05. 1977 notaði ákærði Ásgeir falsaðan vörureikning á eyðublað frá fyrrgreindu firma og ranga bifreiðarlýsingu, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Með þessum röngu skjölum, sem byggt var á í aðflutningsskýrslu, var komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 747.960.

Atferli ákærða Ásgeirs Sigurðssonar, sem hér að framan hefur verið lýst, er sannað með eigin framburði hans og öðrum gögnum málsins. Varðar það við 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Einnig varðar það, að undanskildum liðum B, 8. tölulið og E, 5. tölulið, við 2. mgr. 63. gr. laga nr. 59, 1969 um tollheimtu og tolleftirlit og 2. mgr. 37. gr. laga nr. 1, 1970 um tollskrá o. fl., síðar 2. mgr. 37. gr. laga nr. 6, 1964 og enn síðar 2. mgr. 32. gr. laga nr. 120, 1976 um sama efni.

II.

1. Við innflutning bifreiðar í nafni Björgvins Gunnarssonar hinn 15.03.1977 notaði ákærði vörureikning frá firmanu Marianne Glaser, Automobile, Stuttgart, sem hann hafði fengið útgefinn með röngu kaupverði, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Var byggt á reikningi þessum í aðflutningsskýrslu og þannig komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 2.344.960.

2. Við innflutning bifreiðar í nafni Willards Ólasonar hinn 16.03.1977 notaði ákærði vörureikning frá sama firma, sem hann hafði fengið útgefinn með röngu kaupverði, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Var byggt á reikningi þessum í aðflutningskýrslu og þannig komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 1.588.126.

3. Við innflutning bifreiðar í nafni Sigurðar Hannessonar hinn 20.05. 1977 notaði ákærði vörureikning frá sama firma, sem hann hafið fengið útgefinn með röngu kaupverði, svo sem réttilega er lýst í þessum lið ákæru. Var byggt á reikningi þessum í aðflutningsskýrslu og þannig komist hjá greiðslu aðflutningsgjalda, er námu gkr. 554.098.

Atferli ákærða, sem hér hefur verið rakið undir II, telst sannað með eigin framburði hans og öðrum gögnum málsins. Varðar það við 2. mgr. 63. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit og 2. mgr. 32. gr. laga um tollskrá o. fl. nr. 120,1976.

III.

A. Ákærði Páll hefur bæði samkvæmt eigin framburði og framburði ákærða Ásgeirs skráð röng verksmiðju- og vélarnúmer og árgerðir bifreiða, bæði í spjaldskrá og í skráningarskírteini, og á þetta við um bifreiðar, sem greinir í lið I hér að framan, A, 3. og 4. tölulið.

B. Ákærði Páll hefur skráð röng verksmiðju- og vélarnúmer og árgerðir í spjaldskrá og jafnframt annaðhvort við nýskráningu eða síðar við umskráningu viðkomandi bifreiðar tilgreint rétta árgerð í skráningarskírteinið, en þetta á við bifreiðar, sem greinir í lið I A, 5.-7., 9.-10., 15.-17., 18., 19., 22.-23. og 25.-27. tölulið. Einnig í lið C, lið D, 1.-2. tl., lið E, 4.-5. tl.

C. Ákærði Páll hefur skráð rétt verksmiðju- og vélarnúmer og árgerðir í spjaldskrá og skáningarskírteini þrátt fyrir rangar tilgreiningar í bifreiðarlýsingum og á þetta við um þær bifreiðar sem greinir í lið I A, 2., 12., 20. og 24. tölulið.

Atferli það, sem hér hefur verið lýst, er sannað með eigin framburði ákærða Páls og öðrum gögnum málsins. Ekki þykir sannað, að um refsiverða færslu hafi verið að ræða í sambandi við skráningu bifreiðar, er um getur í lið I B, 3. tölulið, með tilvísan til þess sem rakið var undir þeim lið.

Atferli ákærða varðar við 158. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. s.l., svo og við 2. mgr. 63. gr. (ekki 62. gr. eins og segir í ákæru) laga um tollheimtu og tolleftirlit og 3. mgr. 37. gr. — nú 3. mgr. 32. laga um tollskrá o. fl., sbr. 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er ákært fyrir brot á 155. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Svo sem áður er rakið, fékk ákærði Ásgeir meðákærða Pál sem starfsmann Bifreiðaeftirlits ríkisins til að rangfæra gögn þess, svo sem lýst var undir III hér að framan. Er þetta athæfi hans sannað með framburðum beggja ákærðu og öðrum gögnum málsins. Verður að telja það varða við 1. mgr. 158. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði Ásgeir Sigurðsson hlaut 4 sinnum sektir fyrir brot gegn 261. gr. almennra hegningarlaga á árunum 1966-1969. Að öðru leyti hefur hann ekki gerst brotlegur við hin almennu hegningarlög, en hann hefur margsinnis hlotið sektir fyrir brot á umferðarlögum og lögreglusamþykkt.

Ákærði hefur sagt svo frá, að á tímabilinu 1970-1977 hafi aðstæður sínar allar verið mjög slæmar. Hann hafi nánast meira og minna verið undir áhrifum áfengis á þessu tímabili og vart fær um að lifa lífinu eins og annað fólk. Man hann reyndar lítið af því, sem gerðist á þessum tíma. Í upphafi

þessa tímabils skildi hann við eiginkonu sína og fjárhagsástæður hans voru mjög slæmar, og var hann tvívegis úrskurðaður gjaldþrota.

Ákærði fór í meðferð sem áfengissjúklingur í ágúst 1978 til Bandaríkjanna, og hefur hann að eigin sögn ekki bragðað áfengi síðan. Hann kvæntist á ný fyrir tveimur árum og hefur tekið upp breytta lífshætti frá því sem áður var. Starfar hann nú að hluta við litla heildverslun í Keflavík og aðstoðar einnig eiginkonu sína við verslunarrekstur og innflutning.

Við ákvörðun refsingar ákærða Ásgeirs verður haft í huga, að hér var um samfellda brotastarfsemi að ræða í nokkur ár. Með atferli sínu hafði ákærði allverulegar fjárhæðir af ríkissjóði. Á hinn bóginn ber að líta á hreinskilnislegar játningar ákærða við rannsókn og meðferð máls þessa og góða hegðun hans.

Þegar allt ofanritað er haft í huga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Eftir atvikum, m.a. með hliðsjón af hegðan ákærða að undanförnu og því, hve langt er liðið frá því brotin voru framin, þykir mega fresta fullnustu á hluta refsingarinnar, þ.e. 12 mánuðum, og skal sá hluti hennar niður falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Frá hinum óskilorðsbundna hluta refsingarinnar skal draga gæsluvarðhaldsvist ákærða 8. desember 1977 - 22. febrúar 1978 og 27. febrúar - 5. mars 1980 með fullri dagatölu.

Ákærði Páll hlaut á árinu 1977 sekt fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga, en að öðru leyti hefur hann ekki gerst brotlegur við lög, sem hér skipta máli.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, að hann braut hér gróflega af sér í starfi sínu sem bifreiðaeftirlitsmaður, og brot hans vörðuðu mikla hagsmuni. Hins vegar ber að hafa í huga, að ekki er upplýst í málinu, að ákærði hafi sjálfur haft fjárhagslegan ávinning af brotum sínum. Hann missti og starf sitt vegna máls þessa.

Með ofanritað í huga og með hliðsjón af 138. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði.

Eftir atvikum og m.a. með hliðsjón af því, hve langt er liðið frá því brot ákærða voru framin, þykir rétt að fresta fullnustu á hluta refsingarinnar, þ.e. 4 mánuðum, og falli sá hluti hennar niður að 3 árum liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Frá hinum óskilorðsbundna hluta refsingarinnar skal draga með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða 20. desember 1977 til 18. janúar 1978.

— — —

Málskostnaður.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt kostnað af máli þessu. Auk þess

greiði hvor ákærðu um sig skipuðum verjendum sínum, þ.e. ákærði Ásgeir Páli Arnóri Pálssyni hrl. málsvarnarlaun, kr. 18.000.-, og ákærði Páll Árna Grétari Finnssyni hrl. réttargæslu- og málsvarnarlaun, kr. 15.000.-.

Dómsorð:

Ákærði Ásgeir Sigurðsson sæti fangelsi í 15 mánuði. Fresta skal fullnustu á 12 mánuðum af refsingunni, og skal sá hluti hennar niður falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22,1955. Frá hinum óskilorðsbunda hluta refsingarinnar skal draga gæsluvarðhald ákærða 08.12.1977 - 22.02.1978 og 27.02 - 05.03.1980 með fullri dagatölu.

Ákærði Páll Ingimarsson sæti fangelsi í 5 mánuði. Fresta skal fullnustu á 4 mánuðum af refsingunni, og skal sá hluti hennar niður falla að liðnum 3 árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22,1955. Frá hinum óskilorðsbundna hluta refsingarinnar skal draga gæsluvarðhald ákærða 20.12.1977 - 18.01.1978.

Ákærði Ásgeir Sigurðsson greiði tollstjóranum í Reykjavík kr. 39. 877.- með mánaðarlegum dráttarvöxtum sem hér segir:

— — —

Ákærðu greiði óskipt kostnað af máli þessu. Auk þess greiði hvor um sig skipuðum verjanda sínum, þ.e. ákærði Ásgeir Páli A. Pálssyni hrl. kr. 18.000.- í málsvarnarlaun og ákærði Páll Árna Grétari Finnssyni hrl. kr. 15.000.- í réttargæslu og málsvarnarlaun.

Föstudaginn 23. mars 1984.

Nr. 210/1982. **Kristinn Arnberg Sigurðsson**
(Grétar Haraldsson hrl.)
gegn
Steypustöðinni Grundarfirði,
Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar h/f,
(enginn)
Guðna og Magnúsi s/f,
Hreini Halldórssyni
(Örn Clausen hrl.)
og Ólafi Þorra Gunnarssyni
(enginn)

Nauðungaruppboð. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu af dómsmálaráðherra 20. október 1982, með stefnu 26. október 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hið áfrýjaða nauðungaruppboð verði ómerkt og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Guðni og Magnús s/f og Hreinn Halldórsson gera þær dómkröfur, að hið áfrýjaða nauðungaruppboð verði staðfest og áfrýjanda gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu hafa hvorki borist kröfur né greinargerð, og við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti féll niður þingsókn af þeirra hendi.

I.

Með fjórum bréfum til sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, öllum dagsettum 4. nóvember 1981, beiddist Jón Sveinsson héraðsdómslögmaður, Akranesi, þess, að fram færi nauðungaruppboð á húsgrunni að Grundargötu 84, Grundarfirði, þinglesinni eign áfrýjanda, til lúkningar kröfum samkvæmt fjórum fjárnámum,

er gerð höfðu verið í nefndum húsgrunni í fógetarétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 9. apríl 1981. Ein uppboðsbeiðnin var f.h. stefndu Steypustöðvarinnar Grundarfirði til lúkningar kröfu að fjárhæð 24.955.30 krónur, önnur f.h. stefndu Guðna og Magnúsar s/f að fjárhæð 2.515.50 krónur, sú þriðja f.h. stefnda Hreins Halldórssonar að fjárhæð 19.997.03 krónur og sú fjórða f.h. stefndu Steypustöðvarinnar Grundarfirði að fjárhæð 13.309.20 krónur. Í öllum uppboðsbeiðnunum var auk þess krafist vaxta og kostnaðar.

Með ódagsettri uppboðsbeiðni til ofangreinds sýslumanns beiddist Eggert Óskarsson lögfræðingur þess f.h. stefnda Ólafs Þorra Gunnarssonar, að fram færi uppboð á áðurnefndum húsgrunni áfrýjanda til lúkningar kröfu að fjárhæð 9.250.00 krónur auk vaxta og kostnaðar samkvæmt fjárnámi, er gert hafði verið í téðum húsgrunni áfrýjanda í fógetarétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 9. apríl 1981.

Samkvæmt gögnum máls birtist hinn 12., 19. og 26. mars 1982 í Lögbirtingablaði auglýsing þess efnis, að nauðungaruppboð færi fram á nefndum húsgrunni 7. maí 1982 og hæfist kl. 1400 í sýsluskrifstofunni í Stykkishólmi, en yrði síðar háð á fasteigninni sjálfri eftir nánari ákvörðun uppboðsréttarins.

Hinn 7. maí 1982 var uppboðsmálið fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Stykkishólmi. Af hálfu uppboðsþola var ekki sótt þing, en af hálfu uppboðsbeiðenda mætti Guðni Friðriksson og óskaði þess, að uppboðinu yrði frestað til 28. maí 1982.

Hinn 12. maí 1982 var að beiðni Hraðfrystihúss Grundarfjarðar (sic) gert fjárnám í margnefndum húsgrunni í fógetarétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu til tryggingar greiðslu á kröfu að fjárhæð 56.358.37 krónur auk vaxta og kostnaðar. (Ekki verður ráðið af gögnum máls, að Hraðfrystihús Grundafjarðar h/f hafi síðar gerst aðili að uppboðsmálinu).

Er uppboðsmálið var tekið fyrir 28. maí 1982, var ekki sótt þing af hálfu uppboðsþola, en af hálfu uppboðsbeiðenda mætti þá Sigurður Kristinsson og krafðist þess, að málinu yrði frestað „til sölu föstudaginn 2. júlí 1982 kl. 14.00". Hinn 18. júní 1982 voru uppboðsbeiðendum og uppboðsþola sendar tilkynningar um þetta. Er málið var næst tekið fyrir í uppboðsrétti 2. júlí 1982, lagði upp-

boðshaldari m.a. fram uppboðsskilmála. Þar segir m.a., að bjóðendur skuli standa við boð sitt í 14 daga eftir uppboð og að kaupandi skuli borga ¼ hluta uppboðsverðsins, um leið og boð hans sé samþykkt.

Hæsta og eina boðið í eignina kom frá Jóni Sveinssyni héraðsdómslögmanni f.h. Steypustöðvarinnar í Grundarfirði, 150.000.00 krónur.

Af hálfu uppboðsþola mætti Áslaug Pétursdóttir og óskaði hún þess fyrir hans hönd, að annað og síðasta uppboðið færi fram á eigninni.

Ákveðið var, að það uppboð skyldi fram fara 23. júlí 1982 og hefjast á eigninni kl. 1000. Skyldi það auglýst „í útvarpi og/eða dagblöðum". Uppboðshaldari getur þess, að hann hafi gætt leiðbeiningarskyldu sinnar.

Hinn 9. júlí 1982 voru uppboðsbeiðendum og uppboðsþola sendar tilkynningar um uppboðið, er fram skyldi fara hinn 23. júlí 1982. Enn fremur var nauðungaruppboðið auglýst sem „annað og síðasta" í Morgunblaðinu 21. júlí 1982. Nefndan dag mætti uppboðsþoli sjálfur í réttinum. Uppboðshaldari hefur bókað, að hann hafi gætt leiðbeiningarskyldu sinnar.

Engin mótmæli komu fram gegn uppboðinu. Var því næst leitað boða. Hæsta boð kom frá stefnda Hreini Halldórssyni, 140.000.00 krónur, og krafðist hann „útlagningar fyrir sína hönd og Guðna Hallgrímssonar."

Síðan er bókað:

„Gerðarþoli mótmælti uppboðinu, þar sem boð í eignina væri allt of lágt og krafðist þess, að fá frest fyrir enn eitt uppboð. Umboðsmaður uppboðsbeiðenda mótmælti".

Undir þessa bókun ritar uppboðsþoli og þeir, er mættir voru af hálfu uppboðsbeiðanda. Síðan sleit uppboðshaldari uppboðsþingi. Sama dag greiða uppboðskaupendur, þeir Hreinn Halldórsson og Guðni Hallgrímsson, til uppboðshaldara ¼ hluta uppboðsverðsins, 35.000.00 krónur.

II.

Áfrýjandi reisir ómerkingarkröfu sína á því í fyrsta lagi, að 14 daga fresturinn í uppboðsskilmálunum hafi verið of skammur og

brjóti gegn anda laganna um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. 19. gr. og 29. gr. laganna.

Í öðru lagi heldur hann því fram, að ómerkja beri uppboðið vegna þess, að uppboðshaldari hafi einungis ritað nöfn hæstbjóðanda á uppboðinu, þeirra Hreins Halldórssonar og Guðna Hallgrímssonar, en láðst að rita í uppboðsbók nöfn og boð allra bjóðenda, svo sem skylt sé skv. 27. gr., 1. mgr., laga nr. 57/1949. Í þriðja lagi telur áfrýjandi, að uppboðshaldari hafi ekki leiðbeint sér, svo sem skylt sé samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 223. gr. sömu laga, þar sem áfrýjandi sé ólöglærður.

Þá hefur áfrýjandi að endingu bent á það, að á fyrra uppboðinu hafi verð boðnar 150.000.00 krónur í húsgrunninn. Því hafi uppboðshaldara borið að krefjast hærri boða á síðara uppboðinu. Þetta hafi hann ekki gert og eigi leiðbeint áfrýjanda um það, að bjóðendur á fyrra uppboði væru enn bundnir við sitt boð, heldur selt eignina fyrir 140.000.00 krónur þrátt fyrir mótmæli áfrýjanda.

Af hálfu stefndu Guðna og Magnúsar s/f og Hreins Halldórssonar er því haldið fram, að ekkert af framangreindum atriðum leiði til ómerkingar á uppboðinu, enda komi það skýrt fram í bókunum uppboðshaldara, að hann hafi gætt leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart áfrýjanda.

III.

Er síðara uppboðið fór fram hinn 23. júlí 1982, var hæstbjóðandi á fyrra uppboðinu hinn 2. júlí s.á. enn bundinn af sínu boði, þar sem þá var eigi liðinn sá sex vikna frestur, sem tiltekinn er í 4. mgr. 29. gr., sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949. Uppboðshaldara bar skv. 114. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga, að leiðbeina uppboðsþola sérstaklega um þetta í stað þess að taka hinu lægra boði á síðara uppboðinu gegn andmælum uppboðsþola. Þar sem uppboðshaldari gætti ekki þessa, verður eigi hjá því komist að ómerkja hið áfrýjaða uppboð og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Nauðungaruppboð það, er fram fór á húsgrunni nr. 84 við Grundargötu í Grundarfirði, eign áfrýjandans, Kristins Arnbergs Sigurðssonar, í uppboðsrétti Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 23. júlí 1982, á að vera ómerkt og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Mánudaginn 26. mars 1984.

Nr. 230/1982. **Trésmiðafélag Reykjavíkur**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Trésmiðjunni K-14 s/f
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. nóvember 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi s.d., þar eð lögboðinn áfrýjunarfrestur var liðinn, sbr. 20. gr., 2. mgr., laga nr. 75/1973, og með því að sakarefni nam eigi áfrýjunarupphæð, sbr. 13. gr., 2. mgr., og 16. gr. sömu laga, en Hæstiréttur mælti með því samkvæmt 16. gr., að áfrýjunarleyfi yrði veitt.

Áfrýjandi krefst þess, að „stefndi verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda kr. 1.431,05 auk 16% ársvaxta af kr. 540,79 frá 1.1. 1978 til 21.2. s.á., en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1979, en af kr. 1.431,05 frá þ.d. til 1.6. 1979, 22% ársvöxtum frá þ.d. til 1.9. s.á., 27% ársvöxtum frá þ.d. til 1.12. s.á., 31% ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. 1980, 46% ársvöxtum frá þ.d. til 1.3. 1981, 42%

ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. 1981, en með 39% ársvöxtum frá þ.d. til 1.11. 1982, 47% ársvöxtum frá þ.d. til 21.9. 1983, 39% ársvöxtum frá þ.d. til 21.10. s.á., 36% ársvöxtum frá þ.d. til 21.11. s.á., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 21.12. s.á., 25% ársvöxtum frá þ.d. til 21.1. 1984, 19% ársvöxtum frá þ.d. til uppsögu dóms, en með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma frá þ.d. til greiðsludags." Þá er krafist málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu sækir áfrýjandi stefnda um greiðslu á iðgjöldum vegna starfsmanna stefnda til sjúkrastyrktar- og orlofsheimilasjóðs félagsins. Er krafan reist á 3. gr. laga nr. 9/1974 og ákvæðum kjarasamnings byggingamanna frá 22. júní 1977, en áfrýjandi kveður Skattstofu Reykjanesumdæmis hafa ákvarðað iðgjöldin.

Í 3. gr. laga nr. 9/1974 er sú skylda lögð á vinnuveitanda að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélags iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

Mál þetta er að ýmsu leyti vanreifað og upplýsingar skortir um einstök atriði, sem máli skipta. Eigi eru tiltækar upplýsingar í málinu um það, hver starfsréttindi þeirra manna voru, sem unnu í þágu stefnda á þeim tíma, er um ræðir í málinu og gjaldskylda er talin stafa af, og hvort þeir voru í öðrum stéttarfélögum en Trésmiðafélagi Reykjavíkur. Þá skortir gögn um það, eftir hvaða launataxta þeir unnu og hver heildarlaun þeirra voru, sem iðgjöld eru miðuð við, svo og lýsingu á störfum þeirra. Eigi hafa verið lagðir fram launamiðar þessara manna eða önnur gögn, sem Skattstofa Reykjanesumdæmis reisti ákvörðun sína um iðgjöld á, og er tilefni til að kanna það mál, eins og lagaákvæði horfa við, þótt fjárhæð iðgjalda sé ekki andmælt af hendi stefnda.

Svo sem málatilbúnaði er háttað, þykir óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 26. janúar 1982 og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með munnlegum málflutningi í þinghaldi 26. janúar 1982 eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 26. janúar sl. höfðaði Trésmiðafélag Reykjavíkur, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Trésmiðjunni K-14 s.f., Flugumýri 6, Mosfellssveit, nnr. 8936-7298.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða kr. 1.431.05 með 3% dráttarvöxtum frá 1. janúar 1978 af kr. 540.79 til 1. janúar 1979 og af kr. 1.431.05 frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað samkvæmt taxta L.M.F.Í.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að hann verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Aðiljar málsins eru sammála um að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Í stefnu segir, að hin umstefnda skuld sé til komin vegna vangreidds iðgjalds stefnda í sjúkra-, styrktar- og orlofsheimilasjóð stefnanda af útborguðu kaupi sveina og nema á félagssvæði stefnanda, sem starfað hafi hjá stefnda á árunum 1977-1978. Iðgjöldin hafi verið lögð á stefnda af skattstofu Reykjanesumdæmis miðað við framtaldar launagreiðslur samkvæmt viðkomandi skattframtölum stefnda.

Upphafleg krafa stefnanda var um greiðslu á kr. 2.410.34. Á dskj. 13 er útreikningur kröfugerðar stefnanda. Þar segir, að reiknað sé gjald af 10 ársverkum, sem dreifist yfir á tvö ár. Eigendurnir séu tveir og skili því 4 ársverkum. Kröfur séu lækkaðar um helming (þ.e. 2 af 4 séu eig.) vegna ársins 1977 og 2/6 v/1978 (þ.e. 2 eig. af 6). Fyrir árið 1977 kr. 540.79 (var áður 1.081.58). Fyrir árið 1978 kr. 890.26 (var áður 1.328.76). Samtals kr. 1.431.05.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að öllum atvinnurekendum sé skylt að greiða iðgjöld í sjúkra- og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina, sbr. 3. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o.fl., sbr. nú lög nr. 55/1980. Þessar reglur séu nánar tiltekið í 9. kafla kjarasamnings Sambands byggingamanna annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Meistarasambands byggingamanna f.h. aðildarfélaga sinna og Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda og Meistarafélags húsgagnabólstrara hins vegar, er tók gildi 22. júní 1977 og hafi því gilt á því tímabili, sem hér um ræðir, sbr. greinar 9.1 og 9.2, sbr. dskj. 6.

Gjöldin til sjúkrasjóðs séu 1% á útborgað kaup og gjöld til orlofssjóðs 0.25% á allt kaup.

Álagning skattstofunnar, sem byggð sé á upplýsingum stefnda hafi ekki sætt kæru af hálfu stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skv. 3. gr. laga nr. 9/1974 sé forsenda fyrir greiðslu atvinnurekenda á iðgjöldum í viðkomandi sjúkra- og orlofsheimilasjóði, að launþegarnir séu meðlimir í viðkomandi stéttarfélagi. Iðgjaldið sem hér um ræðir sé vegna áranna 1977 og 1978. Hvorki á þeim árum, árinu 1976 né síðar hafi stefndi greitt laun til aðilja, sem eru félagar í félagi stefnanda. Sé því ekki um neina greiðsluskyldu af hálfu stefnda að ræða í nefnda sjóði stefnanda.

Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðilja er eingöngu um greiðsluskyldu. Viðurkennt er, að stefndi hafi ekki greitt til annarra félaga en stefnanda iðgjöld í sjúkra-, styrktar- og orlofssjóð vegna starfsmanna sinna. Samkvæmt lögum og reglum stefnanda eru það einungis félagsmenn í stefnanda, sem eiga rétt til styrkja úr sjúkrastyrktar- og orlofssjóði stefnanda eða dvalar í orlofsheimilum orlofssjóðs stefnanda.

Þrátt fyrir skýlaus ákvæði 3. gr. laga nr. 9/1974 um greiðsluskyldu vinnuveitanda á iðgjöldum í sjúkrasjóði og orlofssjóði verður ekki talið, að stefnda sé skylt að greiða iðgjöld þessi til sjóða stefnanda þegar af þeirri ástæðu, að því er ómótmælt haldið fram, að þeir starfsmenn, sem stefnandi krefur um iðgjald fyrir, séu ekki félagsmenn í stefnanda. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Trésmiðjan K-14 s.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Trésmiðafélags Reykjavíkur, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 27. mars 1984.

Nr. 181/1982. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**
og
Útvarpsstjóri f.h. Ríkisútvarpsins
(Gunnlaugur Claessen hrl.)
gegn
Viðari Alfreðssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Kaupgjaldsmál. Fébætur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1982. Þeir krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda og þeim dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hans hendi.

Til vara krefjast áfrýjendur þess, að þeir verði einungis dæmdir til að greiða stefnda 18.636.00 krónur með vöxtum eins og greinir í héraðsdómi og að málskostnaður verði felldur niður.

Til þrautavara krefjast áfrýjendur þess, að þeir verði einungis dæmdir til að greiða 47.987.00 krónur með vöxtum eins og greinir í héraðsdómi og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Varakrafa áfrýjenda er upp byggð og rökstudd þannig, að reiknuð eru þriggja mánaða laun, þ.e. fyrir júní, júlí og ágúst og bætt við það 9.7% orlofsfé, en dregið frá orlofsfé fyrir næst liðið ár, 7.785.00 krónur og orlofsfé maímánaðar 1981, 711.00 krónur, en þessar fjárhæðir fékk stefndi að hluta greiddar með peningum en að hluta lagðar inn á gíróreikning.

Þrautavarakrafan er eins upp byggð og rökstudd, nema að þar er reiknað með sex mánaða launum í stað þriggja mánaða launa í varakröfu.

Frádráttur útborgaðs orlofsfjár er rökstuddur með því, að stefndi hefði átt að taka launað orlof á því tímabili, sem laun væru greidd fyrir, ef varakrafa eða þrautavarakrafa yrðu teknar til greina, og væri því tvígreitt orlof, ef hann fengi það einnig greitt með peningum, svo sem hann fékk, er hætt var að greiða honum starfslaun.

Stefndi hefur mótmælt því, að varakrafa og þrautavarakrafa áfrýjenda fái að komast að í máli þessu, þar sem þær hafi fyrst verið settar fram við flutning málsins fyrir Hæstarétti.

Í héraði gerðu áfrýjendur varakröfu um verulega lækkun á kröfum stefnda, en ekki verður séð af gögnum málsins, að lækkunarkrafa áfrýjenda hafi verið á því reist, að um tvígreiðslu orlofs væri að ræða, ef stefndi fengi greidd laun fyrir orlofstímabil, auk peningagreiðslu og greiðslu á gíróreikning, sem hann hlaut við starfslok.

Með vísun til 45. gr. laga nr. 75/1973 ber að fallast á það með stefnda, að varakrafa og þrautavarakrafa áfrýjenda fái ekki komist að í málinu að því leyti sem þær eru reistar á tvígreiðslu orlofs.

Með framangreindri athugasemd, en að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjendur óskipt til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 20.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, og útvarpsstjóri f.h. Ríkisútvarpsins, greiði stefnda, Viðari Alfreðssyni, 20.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1982.

1.0

Mál þetta, sem var dómtekið 15. þ.m., hefur Viðar Alfreðsson tónlistarmaður, nnr. 9178-4971, Urðarstíg 12, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum á bæjarþingi 5. nóvember 1981 á hendur fjármálaráðuneytinu, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. ríkissjóðs, borgarstjóranum í Reykjavík, Austurstræti 16, Reykjavík, f.h. borgarsjóðs, og Ríkisútvarpinu, Skúlagötu 4, Reykjavík, öllum þremur vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

2.0

Stefnandi var ráðinn hornleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands þann 1. september 1971. Í lok árs 1979 eða á fyrri hluta ársins 1980 varð að ráði, að Sinfóníuhljómsveitin færi í hljómleikaferð til Austurríkis og Þýskalands í maímánuði 1981. Þann 26. janúar 1981 tilkynnti stefnandi framkvæmdastjóra hljómsveitarinnar bréflega, að hann mundi ekki taka þátt í förinni. Með bréfi, dags. 12. mars 1981, tilkynnti framkvæmdastjórinn stefnanda f.h. hljómsveitarinnar, að skv. samningi bæri öllum hljóðfæraleikurum hljómsveitarinnar skylda til að taka þátt í ferðinni eftir ákvörðun stjórnar hljómsveitarinnar. Þann 12. maí 1981 tilkynnti framkvæmdastjórinn stefnanda, að stjórn hljómsveitarinnar hefði ákveðið á fundi sínum 11. s.m. að víkja honum úr starfi miðað við næstu mánaðamót.

3.0

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 50.553.00 með 34% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 5. nóvember 1981, en með dómvöxtum frá þingfestingu til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Af hálfu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og útvarpsstjóra f.h. Ríkisútvarpsins vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands er aðallega krafist sýknu. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði þá aðeins dæmdur til að greiða 50.6% af tildæmdri fjárhæð, en útvarpsstjóri f.h. Ríkisútvarpsins 28% af sömu fjárhæð. Til þrautavara er þess krafist, að allir hinir stefndu verði dæmdir til að greiða bætur in solidum. Jafnframt er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Af hálfu borgarstjórans í Reykjavík f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur er þess krafist aðallega, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Auk þess

er þess krafist að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað.

4.0

4.1. Af hálfu stefnanda er á því byggt, að frávikningin hafi verið ólögmæt, þar sem hann hafi ekki brotið svo af sér í starfi sínu, að réttlætti fyrirvaralausa frávikningu. Því er haldið fram, að skv. 5. tl. 15. gr. samnings milli samninganefndar ríkisins og Ríkisútvarpsins vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands annars vegar og Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands hins vegar hafi stefnanda ekki verið skylt að fara í nefnda hljómleikaferð. Þá er því haldið fram til vara, að skv. 19. gr. nefnds samnings, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1954, hafi stefnandi átt rétt á því, að honum væri veitt áminning, áður en gripið yrði til frávikningar, og honum gefinn kostur á að tala máli sínu. Bótafjárhæðin er byggð á þeim skilningi á 21. gr. samningsins, að gagnkvæmur uppsagnarfrestur sé 6 mánuðir.

4.2 Af hálfu stefnda fjármálaráðherra og Ríkisútvarpsins er því haldið fram, að stefnanda hafi verið skylt skv. 15. gr. nefnds samnings að hlíta ákvörðun stjórnar Sinfóníuhljómsveitarinnar um, að hljómsveitin færi í nefnda hljómleikaferð, hann hafi þannig með því að neita að fara þessa ferð brotið gegn 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 19. gr. nefnds samnings, hann hafi auk þess hætt að mæta á æfingum hljómsveitarinnar. Þá er því haldið fram, að honum hafi verið tjáð munnlega, að honum yrði vikið úr starfi, ef ekki yrði breyting á afstöðu hans og háttalagi, þannig að fullnægt sé kröfum um áminningu, sbr. 7. gr. nefndra laga. Varakröfur eru studdar þeim rökum, að stefnandi eigi ekki rétt til greiðslu á launum í lengri tíma en 3 mánuði frá 1. júní 1981 að telja skv. almennri venju. Varakrafan byggist á því, að gert hafi verið samkomulag milli ríkissjóðs, Ríkisútvarpsins og borgarsjóðs Reykjavíkur á árinu 1971 um, að ríkissjóður greiddi 50.6% af rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, Ríkisútvarpið 28% og borgarsjóður 21.4%

4.3 Af hálfu borgarstjórans í Reykjavík er aðallega byggt að aðildarskorti, þar sem borgarsjóður Reykjavíkur hafi ekki rekið Sinfóníuhljómsveit Íslands á þeim tíma, sem máli skiptir, heldur hafi rekstur hennar alfarið verið í höndum Ríkisútvarpsins og ríkisins, Reykjavíkurborg hafi veitt hljómsveitinni árlegan styrk og tilnefnt einn mann í stjórn hennar, sem þó fari ekki með yfirstjórn fjármála. Því er haldið fram, að tilnefning í stjórnina skapi Reykjavíkurborg ekki skyldu til að gefa viðkomandi stjórnarmanni fyrirmæli um afstöðu hans í einstökum málum. Til vara er tekið undir rökstuðning stefndu fjármálaráðherra og útvarpsstjóra fyrir aðalkröfu þeirra.

4.4 Við munnlega sönnunarfærslu kom fram, að framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar gerði stefnanda grein fyrir því munnlega, að hann gæti „risikerað" starfi sínu með afstöðu sinni, áður en honum var vikið úr starfi.

5.0

5.1 Atvik þau, sem mál þetta fjallar um, gerðust fyrir gildistöku laga 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Samkvæmt 3. gr. laganna standa eftirtaldir aðiljar að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands og greiða rekstrarkostnað hennar, ríkissjóður 56%, Ríkisútvarpið 25%, borgarsjóður Reykjavíkur 18% og bæjarsjóður Seltjarnarness 1%. Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómveitarinnar fer skv. 6. gr. eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra. Samkvæmt 10. gr. laganna skal Sinfóníuhljómsveit Íslands árlega fara í tónleikaferðir um landið. Samkvæmt athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi að lögunum, var megintilgangur þess að setja á stofn Sinfóníuhljómsveit Íslands sem sjálfstæða menningarstofnun. Í athugasemdum þessum kemur fram, að Ríkisútvarpið ákvað á árinu 1950 að leggja kr. 200.000.00 til hljómsveitarinnar og Reykjavíkurborg kr. 150.000.00. Ríkissjóður bættist í hópinn 1952 og tók að sér þriðjung 1961 og helming 1971. Þá segir, að málefni hljómsveitarinnar hafi jafnan heyrt undir menntamálaráðuneytið, en kjaramál þó verið á sviði fjármálaráðuneytisins. Í fylgiskjali með athugasemdunum segir, að frá upphafi hafi verið litið svo á, að hljómsveitin væri sérstök stofnun, en í nánum tengslum við Ríkisútvarpið. Sumarið 1961 var horfið að því að fela Ríkisútvarpinu reksturinn, og hélst sú skipan til gildistöku laga 36/1982. Samkomulag varð milli Ríkisútvarpsins og menntamálaráðuneytisins f.h. ríkissjóðs um, að Ríkisútvarpið annaðist rekstur hljómsveitarinnar, en enginn formlegur samningur var um þetta gerður. Í fylgiskjali þessu segir, að um hafi verið að ræða ótímabundið samkomulag, sem Reykjavíkurborg hafi staðið að og virt æ síðan. Segir þar, að samkomulag þetta hafi aðallega fjallað um tvennt, a) að Ríkisútvarpið annaðist daglegan rekstur hljómsveitarinnar, b) að föst skipan yrði tekin upp um fjárframlög til hljómsveitarinnar, þannig að 4 aðiljar legðu hljómsveitinni til rekstrarfé, stefndu í máli þessu og Þjóðleikhúsið, sem hætti þátttöku á árinu 1969. Á árinu 1971 segir, að gerð hafi verið sú breyting á samkomulaginu frá 1961, að ríkissjóður greiddi 50.6%, borgarsjóður 21.4% og Ríkisútvarpið 28%. Frá árinu 1979 hefur borgarsjóður Reykjavíkur einungis greitt um 18% af rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar, eins og hann er áætlaður í fjárlögum. Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur verið litið svo á, að Reykjavíkurborg væri bundin af samkomulagi um greiðslu 21.4% rekstrarkostnaðar, og stendur mismunur greiðslu borgarinnar og gjaldahluta hennar skv. skilningi

ráðuneytisins á samkomulaginu í bókum ríkisbókhaldsins sem skuld borgarinnar við ríkissjóð. Launakjör starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa byggst á aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og B.S.R.B., en eins og áður er komið fram, hefur samninganefnd ríkisins og Ríkisútvarpið samið um nánari atriði vegna hljómsveitarinnar við Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar hefur gert ráðningasamninga við einstaka hljómsveitarmenn.

Þegar þau gögn eru virt, sem fram hafa komið í málinu um þátt borgarsjóðs Reykjavíkur og borgarstjórnar Reykjavíkur í fjármögnun og stjórn hljómsveitarinnar, þykir verða að telja gegn andmælum borgarstjóra, að ekki hafi tekist að leiða í ljós, að borgaryfirvöld hafi tekist á hendur f.h. borgarstjórn (sic) ábyrgð á skuldum, sem leitt hafa af starfsemi hljómsveitarinnar, og þykir af þeim sökum bera að fallast á sýknukröfu borgarstjóra og rök hans fyrir henni. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður milli þessa aðilja og stefnanda falli niður. Hins vegar þykir í ljós leitt, að Ríkisútvarpið hafi annast rekstur hljómsveitarinnar á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Hvorki hefur því verið haldið fram af hálfu Ríkisútvarpsins né fjármálaráðuneytisins, að þessir aðiljar beri ekki ábyrgð á kröfum, sem sprottið hafa af rekstri hljómsveitarinnar, og þykir þá verða að leggja til grundvallar, að svo sé. Hins vegar þykir ekki verða fallist á, að samkomulag um það, hvernig rekstrarkostnaður eigi endanlega að skiptast milli þessara aðilja, eigi að leiða til þess, að þeir beri einungis pro rata ábyrgð.

5.2 Í 15. gr. áðurnefnds samnings segir, að hljómsveitarmönnum beri skylda til ferðalaga utan stór-Reykjavíkursvæðisins eftir ákvörðun stjórnar hljómsveitarinnar. Í 2. málslið greinarinnar segir: „Gilda um slík ferðalög eftirfarandi reglur um tímaútreikning og launagreiðslur.“ Þá eru taldar upp í fjórum töluliðum reglur um tímaútreikning og launagreiðslur í ferðalögum innanlands, en í 5. tl. segir: „Um ferðalög til útlanda skal semja sérstaklega hverju sinni.“ Vegna þess hvernig grein þessi er sett upp, þykir það valda verulegum vafa hvort ákvæðið feli í sér skyldu fyrir einstaka hljómsveitarmenn til að fara í ferðalög til útlanda, ef stjórn hljómsveitarinnar ákveður, sem þar sem hér er um að ræða íþyngjandi ákvæði fyrir hljómsveitarmenn, þykir fremur bera að velja þrengri skýringarkost, enda þykir orðalagið „utan stór-Reykjavíkursvæðisins“ benda til þess, að skyldan nái einungis til ferðalaga innanlands, og leiðir þá af því, að skilja ber 5. tl. svo, að skylda til utanlandsferða falli ekki á einstaka hljómsveitarmenn nema skv. sérstöku samkomulagi hverju sinni.

Þann fjórða maí 1981 var gert samkomulag milli Félags íslenskra hljómlistarmanna f.h. Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands um dagpeninga í ferðalaginu, greiðslu ferðakostnaðar, dvalarkostnaðar og slysatryggingar, fjölda opinberra tónleika,

dreifingu og flutning hljóðritana og þóknun fyrir yfirvinnu, ferðaáætlun, æfingar, starfsreglur og túlkunarreglur. Samkomulag þetta var gert löngu eftir að ljóst var, að stefnandi mundi ekki taka þátt í ferðinni, og er þar einungis fjallað um réttindi og skyldur þeirra félagsbundnu starfsmanna, sem taka þátt í ferðalagi þessu. Samkvæmt þessu þykir ekki verða talið, að stefnandi hafi orðið skuldbundinn með sérstöku samkomulagi til að taka þátt í ferðinni.

Í málinu hafa verið lagðar fram viðvistarskrár varðandi æfingar í apríl og maímánuði 1981. Ekki virðist með óyggjandi hætti vera hægt að staðhæfa á grundvelli skýrslna þessara, hvernig þátttöku stefnanda í æfingum hefur verið háttað á nefndu tímabili, og þær hafa ekki verið skýrðar fyrir dómaranum. Hins vegar hefur stefnandi skýrt svo frá fyrir dóminum, að hann hafi ekki tekið þátt í þrem síðustu æfingunum fyrir hljómleikaferðina, og hljómsveitarstjórinn kveðst hafa gefið stefnanda frí frá þessum æfingum, þar sem óheppilegt hefði verið, að hann tæki þátt í þeim, úr því að hann ætlaði ekki að spila á hljómleikum þeim, sem æfingarnar miðuðust við. Hljómsveitarstjórinn kveðst hafa gert framkvæmdastjóra hljómsveitarinnar grein fyrir þessari ákvörðun, en framkvæmdastjórinn kveðst ekki hafa vitað um þessa ákvörðun fyrr en við aðalmeðferð málsins. Í starfsreglum hljómsveitarinnar frá janúar 1971 segir í 12. gr., að hljómsveitarstjóri geti veitt leyfi frá einstökum æfingum, en að framkvæmdastjóri geti einn veitt lengri leyfi, og þá því aðeins að brýnar ástæður stæðu til. Telja verður, að stefnandi hafi, eins og á stóð, haft réttmæta ástæðu til að ætla, að hann þyrfti ekki að taka þátt í æfingum þessum. Samkvæmt þessu þykir verða að telja, að stefnanda hafi verið vikið úr starfi án nægilegrar ástæðu. Gilda þá um lok ráðningarsamnings hans reglur um rétt Sinfóníuhljómsveitarinnar til að segja upp ráðningarsamningnum. Samkvæmt 19. gr. títtnefnds samnings, sem tók gildi 1. janúar 1979, skulu reglur, sem gilda um ríkisstarfsmenn, gilda í skiptum hljómsveitarmanna og Sinfóníuhljómsveitar Íslands að því er varðar önnur atriði en gerð og slit ráðningarsamnings við hljómsveitarmenn. Samkvæmt 21. gr. getur hver einstakur hljómsveitarmaður hvenær sem er á samningstímabilinu sagt upp ráðningarsamningi sínum með 6 mánaða fyrirvara, en hver einstakur hljómsveitarmaður skal ráðinn skv. persónusamningi. Þann 26. maí 1976 höfðu stefnandi og framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar f.h. hljómsveitarinnar gert ráðningarsamning fyrir tímabilið 1. júlí 1976 til 30. júní 1977. Lokaákvæði samningsins er svohljóðandi: „Sé samningi þessum ekki sagt upp fyrir 1. apríl framlengist hann um 1 ár." Ágreiningslaust er, að samningur þessi hafi fyrir framlengingu verið í gildi, þegar ráðningu stefnanda lauk, en ákvæði 21. gr. samningsins, sem tók gildi 1. janúar 1979, þykir hafa breytt ákvæði ráðningarsamningsins um uppsagnarrétt stefnanda. Hann hefur

aðallega byggt á því í málinu, að reglur um uppsögn af hálfu hljómsveitarinnar hafi einnig breyst með þessu ákvæði, en af hans hálfu hefur því þó verið hreyft í málflutningi, að honum hefði verið rétt að byggja á ákvæði ráðningarsamningsins. Þegar litið er til þess, að samningnum var ekki sagt upp fyrr en eftir 1 apríl 1981, þykir ekki verða talið, að krafa stefnanda sé of há vegna þess, að hún sé miðuð við of langan uppsagnarfrest. Af hálfu hinna stefndu hefur ekki verið byggt á því, að lækka beri bótakröfur stefnanda vegna þess, sem hann kann að hafa unnið sér inn á uppsagnartímanum. Ekki þykja vera fyrir hendi aðrar ástæður til lækkunar bótakröfu. Þykir þannig bera að fallast á allar kröfur stefnanda á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Ríkisútvarpinu. Dráttarvextir ákveðast 34% ársvextir af kr. 50.553.00 frá 1. júní 1981 til 5. nóvember 1981, 39% ársvextir frá þeim degi til 22. júní 1982, en hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 11.000.00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík skal, f.h. borgarsjóðs Reykjavíkur vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Viðars Alfreðssonar.

Málskostnaður milli þessara aðilja fellur niður.

Stefndu Ríkisútvarpið og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs greiði stefnanda, Viðari Alfreðssyni, in solidum kr. 50.553.00 með 34% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til 5. nóvember 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 22. júní 1982, en með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 11.000.00 í málskostnað.

Fimmtudaginn 29. mars 1984.

Nr. 174/1982. **Híbýli h/f**
(Jón Kr. Sólnes hrl.)
gegn
Húsfélaginu Dalsgerði 3, Akureyri
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. ágúst s.á.

Dómkröfur áfrýjanda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að hann verði einungis dæmdur til að greiða 24.000.00 krónur auk dómvaxta frá stefnubirtingardegi, 25. júní 1981, til greiðsludags, en málskostnaður verði látinn niður falla.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem kveðinn var upp með sérfróðum meðdómendum, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 14.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Híbýli h/f greiði stefnda, Húsfélaginu Dalsgerði 3, Akureyri, 14.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 18. febrúar 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. janúar sl., hefur Húsfélagið Dalsgerði

3, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 24. júní 1981, gegn Híbýli hf., Hafnarstræti 107, Akureyri.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmt til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 41.230.62 ásamt hæstu dómvöxtum frá 15. október 1980 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmt til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í

Til vara krefst stefnda þess, að það verði einungis dæmt til að greiða kr. 24.000.00 ásamt dómvöxtum frá stefnubirtingardegi 25. júní 1981 til greiðsludags og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að árið 1972 byggði stefnda raðhúsalengju með 6 íbúðum við Dalsgerði nr. 3 á Akureyri. Íbúðir þessar seldi stefnda síðan til einstaklinga fokheldar, en tók að sér frekari framkvæmdir í sumum íbúðanna. Meðal annars sá stefnda eða menn á vegum stefnda um einangrun og uppsetningu lofta í þrem hinna seldu íbúða, þ.e. íbúða, sem merktar eru A, B og F, en í öðrum íbúðum, þ.e. C, D og E, voru framkvæmdir þessar á vegum kaupendanna sjálfra. Eftir að kaupendur höfðu flutt inn í íbúðir sínar, kom í ljós leki á þaki hússins, og varð hans vart að einhverju leyti í öllum íbúðunum. Sumarið 1980 lét stefnandi breyta frágangi þaks og loftræstingar inn á þakrými í því skyni að koma í veg fyrir lekann, og er mál þetta höfðað til heimtu kostnaðar þess, er stefnandi hafði af framkvæmdum þessum.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að stefnda beri fulla ábyrgð á göllum, er fram hafi komið á þakinu og valdið lekanum og hafi með óforsvaranlegum frágangi þess bakað sér skyldu til þeirra skaðabóta, er krafist er.

Stefnda mótmælir því, að frágangi þaksins sé í neinu áfátt, og telur lekann stafa af því, að ekki hafi verið nægjanlega vel gengið frá loftum í íbúðum C, D og E, en sá frágangur hafi algjörlega verið framkvæmdur af kaupendum og beri stefnda enga ábyrgð á honum. Sé hér annars vegar um að ræða ófullnægjandi einangrun loftanna, ennfremur hafi loftum verið lyft umfram það, sem gert hafi verið ráð fyrir á teikningu, og þannig verið dregið úr loftræstihæfni þakrýmisins. Telja stefndu, að með úrbótum á þessu sé hægt að koma í veg fyrir leka þaksins og hafi hönnun þaksins verið við það miðuð, að lofthæð yrði ekki meiri en teikning gerði ráð fyrir svo og að einangrun loftanna yrði 10 cm glerull og 5 cm plast ásamt plastdúk. Að þessum kröfum hafi verið farið í íbúðum þeim, sem stefnda gekk frá, þ.e. í íbúðum nr. A, B og F, hins vegar hafi einungis verið notuð 5 cm glerull og 5 cm plast ásamt plastdúk í íbúðum C, D og E auk þess sem loftum í íbúðum C og D hafi verið lyft umfram það, sem gert hafi verið ráð fyrir á teikningum, þannig að bilið milli lofts og þaks hafi ekki náð þeirri hæð, sem gert hafi verið ráð fyrir við hönnun hússins.

Hinir sérfróðu menn í dóminum hafa vandlega skoðað hús það, sem málið fjallar um, ennfremur hefur verið lögð fram í málinu skoðunar- og matsgjörð dómkvaddra matsmanna.

Þak það, er hér um ræðir, er með um það bil 5° halla frá suðurhlið hússins og að norðurhlið, þar sem komið er fyrir þakrennu, og er þakið klætt bárujárni. Þannig var gengið frá þakrennu, að efri brún hennar náði 27 cm inn á þakið, inn undir járnið. Að baki þakrennunnar var síðan loftrauf inn undir þakið. Komið var fyrir plötu undir þakrennu þétt upp að vegg hússins til að hefta fok upp í loftraufina, en bil haft á milli rennu og plötu þessarar, sem ætlað var til loftstreymis inn að loftrauf.

Fram er komið í málinu, að orsök lekans var að hluta til sú, að snjófok varð inn undir þakið á suðurhlið vegna ófullnægjandi frágangs þaksins þeim megin, en stefndu hafa að nokkru leyti bætt úr þeim galla. Þá varð fok inn um loftræstirifu að norðan í fyrstu, áður en framangreind plata var sett neðan þakrennu. Megin hluti lekans hefur hins vegar orðið með þeim hætti, að við vissar veðurfarslegar aðstæður varð klakamyndun í þakrennu og á þakbrún vegna varmaflutnings upp í þakið, sem aftur leiddi til þess, að vatn náði að standa ofan við klakahrönglið og ná upp fyrir efri brún þakrennu inn undir járnklæðningunni og rann síðan inn í loftrými íbúðanna.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að úr tíðni þessara lekatilvika mætti draga með því að auka við einangrun lofta þeirra íbúða, er áður eru nefndar, og draga þannig úr varmaflutningi upp í þakið, en þrátt fyrir slíkar aðgerðir yrði ekki um fullnægjandi öryggi gegn leka sem þessum að ræða með þeim frágangi á þakrennu, sem áður er lýst, þegar tillit er tekið til hins litla halla, sem var á þakinu. Hafi því frágangur þaksins og þakrennu ekki verið með þeim hætti, að fullnægjandi öryggi gegn leka sem þessum næðist. Þykir samkvæmt framansögðu í ljós leitt, að gallar hafi verið á byggingu og frágangi umræddS þaks og þakrennu og beri stefnda að greiða bætur fyrir þá.

Varakrafa stefnda er á því reist, að hann verði einungis dæmdur til að greiða fjárhæð þá, er hinir dómkvöddu matsmenn töldu úrbætur á frágangi þaksins kosta. Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er ekki að finna útlistun á því, hvernig framkvæma skyldi úrbæturnar, og er niðurstaða þeirra á kostnaði við þær ósundurliðuð. Framkvæmdir þær, sem stefnandi lét gera, voru þær, að þakrennan var tekin burtu og þétt upp í þá loftræstingu, sem fyrir var, og útbúin ný loftræsting með því að bora göt sem rör voru sett í. Þakskegg var sett á húsið, og kantar og renna sett á og hún síkkuð. Einnig var efri brún rennunnar látin ná lengra inn undir bárujárn þaksins, eða um 50 cm inn undir þakjárnið. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að aðgerðir þessar hafi verið skynsamlegar og eðlilegar

til að draga úr hættu á leka, þótt einnig væri æskilegt að auka einangrun lofta þeirra þriggja íbúða, sem áður eru nefndar. Að þessu athuguðu þykir eiga að miða bæturnar við kostnað þann, er stefnandi hafði af umræddum framkvæmdum.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu reikninga yfir kostnað sinn, og hefur þeim eigi sérstaklega verið mótmælt, og ber því að leggja þá til grundvallar bótunum, en þeir nema samtals kr. 36.230.62. Ber að taka kröfu stefnanda til greina með þeirri fjárhæð. Stefnandi hefur auk þess krafist, að matskostnaður, kr. 5000.00, verði tekinn með í bótum til hans, en rétt þykir, að sú fjárhæð komi til álita við ákvörðun um málskostnað.

Á framangreinda fjárhæð ber að dæma vexti sem hér segir: Frá 15. október 1980 til 1. mars 1981 46% ársvexti, frá 1. mars 1981 til 25. júní s.á. 42% ársvexti, en frá þeim degi til greiðsludags dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma. Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00.

Dómsorð:

Stefnda, Híbýli hf., greiði stefnanda, Húsfélaginu Dalsgerði 3, Akureyri, kr. 36.230.62 ásamt 46% ársvöxtum frá 15. október 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 25. júní s.á., en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 29. mars 1984

Nr. 109/1982. **Svavar Jóhannsson**
(Arnmundur Bachman hdl.)
gegn
Trésmiðjunni Akri h/f
((Jónas Haraldsson hdl.)

Kaupgjaldsmál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. apríl 1982 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.358.45 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. maí 1979 til 1. júní s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 23. nóvember s.á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma. Til vara krefst hann 1.623.38 króna með sömu ársvöxtum og í aðalkröfu greinir. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda í málinu, en til vara að krafa áfrýjanda verði lækkuð í 2.145.75 krónur. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Enda þótt drykkjusýki (alcoholismus chronicus) kunni að teljast

sjúkdómur í skilningi læknisfræði, hafa fjarvistir manna frá vinnu vegna áfengisneyslu eða drykkjuhneigðar lengst af verið virtar að lögum á annan veg en fjarvistir vegna veikinda eða slysa. Áfrýjandi, sem gagngert reisir kröfur sínar á ákvæði 3. tl. 7. greinar kjarasamnings byggingamanna frá 22. júní 1977, miðar og við það, að ekki hafi átt að beita því ákvæði um fjarvistir starfsmanns frá vinnu vegna drykkjusýki, nema hann hefði á fjarvistartímanum sætt læknismeðferð á sjúkrastofnun til að vinna bug á áfengishneigð sinni. Endranær hafi drykkjusjúkur starfsmaður ekki átt rétt til launa, meðan hann var fjarvistum vegna sjúkdóms síns, svo sem vegna áfengisneyslu eða afleiðinga hennar.

Ekkert bendir til þess, að við gerð áðurgreinds kjarasamnings hafi því verið hreyft, að til þess væri ætlast, að ákvæðum hans um launagreiðslur í veikindum bæri að beita um fjarvistir starfsmanna vegna drykkjusýki fremur en tíðkast hafði. Hefði þó, vegna þess, sem að framan er greint, verið ástæða til þess fyrir samningsaðilja að láta það sérstaklega koma fram, ef þeir ætluðust til þess, að svo yrði gert.

Þegar framangreint er virt, þykir eiga að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Áfrýjandi sagði upp starfi sínu hjá stefnda 27. febrúar 1979, og er ekki ágreiningur um, að samkvæmt því lyki ráðningu hans 31. mars s.á. Samkvæmt frásögn áfrýjanda sjálfs var hann ölvaður 9.-11. mars 1979, en mánudaginn 12. mars fór hann af sjálfsdáðum á meðferðarheimili í Reykjadal í Mosfellssveit. Engin gögn liggja fyrir um, að áfrýjandi hafi þá verið ófær til vinnu, er hinni tímabundnu ölvun lauk, en algengt virðist hafa verið að hann væri ölvaður um helgar.

Af framburði eiginkonu áfrýjanda má ráða, að hann hafi neytt áfengis í óhófi, en samkvæmt læknisfræðilegum gögnum málsins er ekki óhjákvæmilegt, að það sé sama og drykkjusýki.

Í málinu liggja ekki fyrir læknisvottorð, sem vistun á meðferðarheimilinu byggist á. Ég tel því hvorki í ljós leitt, að áfrýjandi hafi verið óvinnufær, er hann fór til dvalar á meðferðarheimilinu 12. mars 1979 né að dvöl hans þar á þessum tíma hafi verið nauðsynleg.

Samkvæmt þessu er ég sammála niðurstöðu meiri hluta dómenda í máli þessu.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um niðurstöðu, en ekki um forsendur. Ég tel, að forsendur dómsins ættu að vera eins og segir hér á eftir:

Svo sem lýst er í héraðsdómi hafði áfrýjandi á síðustu 12 mánuðum, áður en hann lét af störfum, aðeins verið 3½ dag fjarverandi frá vinnu vegna veikinda. Hann sagði upp starfi sínu 27. febrúar 1979, og er ekki ágreiningur um, að samkvæmt því lyki ráðningu hans 31. mars s.á. Samkvæmt frásögn áfrýjanda sjálfs var hann ölvaður helgina 9.-11. mars 1979, en mánudaginn 12. mars fer hann af sjálfsdáðum, en fyrir fortölur bróður síns að því er hann segir, á meðferðarheimili í Reykjadal í Mosfellssveit. Engin gögn liggja fyrir um, að hann hafi þá verið ófær til vinnu, er hinni tímabundnu ölvun lyki, en ölvun um helgar virðist hafa verið allalgeng áður, án þess að það skerti vinnugetu hans á virkum dögum.

Í málinu liggja ekki fyrir læknisvottorð, sem innlagning á meðferðarheimili byggist á, og í þeim læknisvottorðum, sem lágu fyrir héraðsdómi, er aðeins í einu, þ.e. vottorði Reynis Þorsteinssonar, heilsugæslulæknis á Akranesi, frá 31. janúar 1980 tekið fram, að áfrýjandi hafi verið óvinnufær á tímabili því, sem þetta mál varðar, og er hann þar talinn óvinnufær, þar sem hann dvaldist á meðferðarheimili.

Í læknisvottorðum þeim, sem lögð hafa verið fram í málinu, er áfrýjandi talinn hafa verið haldinn drykkjusýki, sem ýmist er nefnd alkoholismus chronicus eða etylismus chronicus. Í engu af vottorðum þessum er sjúkdómsgreining rökstudd með vitneskju vottorðs-

gjafa fyrir eigin athugun um hegðun áfrýjanda fyrir innlagningu á meðferðarheimili eða með líkamlegum einkennum drykkjusýki, sem komið hafi í ljós við læknisrannsókn. Verður ekki séð annað af vottorðunum en að sjúkdómsgreiningin sé byggð á frásögn áfrýjanda sjálfs eingöngu. Í bréfi Brynleifs Steingrímssonar læknis frá 31. janúar 1981 segir m.a. svo: „Það kemur fram greinileg ofdrykkja í sögu hans en auk þess einkenni um drykkjusýki sem eru minnisgöpin og túradrykkja, þ.e. áfengisneysla a.m.k. tvo daga í röð". Ljóst er af orðalagi bréfs þessa, að niðurstaða læknisins er eingöngu byggð á frásögn áfrýjanda, bæði að því er varðar ofdrykkju og drykkjusýki.

Um ástand og hegðun áfrýjanda, áður en hann lagðist inn á meðferðarheimili 12. mars 1979, eru ekki aðrar upplýsingar í málinu er frásögn hans sjálfs, 2 samstarfsmanna, þ.e. verkstjóra og framkvæmdastjóra stefnda, og eiginkonu áfrýjanda. Af framburðum samstarfsmanna verður ekki ráðið af um áfengisvandamál, þó að reglusemi áfrýjanda í að sinna vinnuskyldu gefi vísbendingu í aðra átt en frásögn hans sjálfs, og af framburði eiginkonu má ráða óhóflega áfengisneyslu, en hvorki er hún samkvæmt læknisfræðilegum gögnum málsins hið sama og drykkjusýki né þarf hún óhjákvæmilega að leiða til drykkjusýki. Áfrýjandi var 26 ára gamall.

Áfrýjandi fór af sjáfsdáðum á meðferðarheimili án undangenginnar læknisrannsóknar. Læknisvottorð þau, sem fyrir liggja í málinu um sjúkdómsgreiningu, bera ekki með sér, á hverju þau séu byggð öðru en frásögnum áfrýjanda sjálfs, og framangreint bréf Brynleifs læknis Steingrímssonar bendir gagngert til þess, að frásögn áfrýjanda hafi verið lögð til grundvallar, bæði um þau atriði, sem ofdrykkja yrði byggð á og einnig um þau atriði, sem lögð yrðu til grundvallar um sjúkdómsgreininguna drykkjusýki.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er ekki sannað, að innlagning áfrýjanda á meðferðarstofnun hinn 12. mars 1979, sem hann framkvæmdi sjálfur án fyrirfram gerðrar læknisfræðilegrar rannsóknar, hafi verið bráðaðkallandi eða áfrýjandi þá verið óvinnufær, þó að hann gæti síðan ekki sinnt vinnuskyldu á Akranesi, eftir að hann var orðinn vistmaður á stofnun í Mosfellssveit. Ber því þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í málinu.

Verður því staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms.

Með skírskotun til 178. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 þykir mega fella málskostnað niður.

Dómur bæjarþings Akraness 10. nóvember 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. október sl., hefir Svavar Jóhannsson trésmiður, Heiðarbraut 16, Akranesi, höfðað fyrir bæjarþingi Akraness með stefnu, útgefinni 19. nóvember 1979 og birtri 21. nóvember s.á., gegn Trésmiðjunni Akri h.f., Akranesi.

Dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 4.612.50 auk 3% dráttarvaxta á mánuði frá 1. maí til 31. maí 1979, 4% dráttarvaxta frá 1. júní til 31. ágúst, en 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 1. september 1979 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi stefnukröfu sína um kr. 1.254.05, eða í kr. 3.358.45, ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð sem að framan greinir. Af hálfu stefnanda var eigi gerð sjálfstæð varakrafa í málinu, en við munnlegan flutning málsins var lýst yfir af hans hálfu, að það væri auðvitað ljóst, að í stefnukröfu fælist einnig krafa um allt, sem minna væri, ef ekki yrði á hana fallist, eins og hún kemur fram.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Til vara er þess krafist af hálfu stefnda, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð bæði hvað tekur til höfuðstóls og vaxtafótar.

Sáttatilraunir voru gerðar með aðiljum málsins fyrir dóminum, en án árangurs.

II.

Málavextir.

Stefnandi máls þessa, Svavar Jóhannsson er fæddur á Akranesi 01.06. 1952. Hann er trésmiður að iðn og hafði unnið stöðugt hjá stefnda, Trésmiðjunni Akri h.f., Akranesi, frá maímánuði 1975 þangað til í mars 1979. Upplýst er, að stefnandi hafði mætt mjög reglulega til vinnu hjá stefnda og síðustu 12 mánuðina, áður en hann lét af störfum, var hann aðeins 3½ dag frá vinnu vegna veikinda.

Hinn 27. febrúar 1979 kom stefnandi að máli við framkvæmdastjóra hins stefnda félags, Stefán Teitsson, og sagðist hafa hug á að láta af störfum hjá fyrirtækinu. Um leið afhenti stefnandi honum uppsagnarbréf, dags. sama dag. Kvaðst framkv.stjórinn hafa skilið það þannig, að stefnandi

hygðist láta af störfum 31. mars, eins og uppsagnarfrestur stóð til. Stefnandi gaf til kynna, að ástæður uppsagnarinnar væru af persónulegum toga spunnar og að hann ætlaði aða flytja úr byggðarlaginu. Taldi Stefán, að stefnandi hefði tryggt sér vinnu hjá verktaka við byggingaframkvæmdir á Hvanneyri og hefði hann hringt og spurst fyrir um stefnanda.

Skal nú rakin skýrsla stefnanda fyrir dóminum. Hann kveðst hafa minnst á það við Stefán Teitsson, að erfiðleikar væru í hjónabandi sínu, en hann hafi ekki minnst á áfengisvandamál sín, sem var þó hin raunverulega ástæða uppsagnarinnar. Stefnandi sagðist þá síðustu mánuðina oft hafa neytt áfengis daglega eftir vinnutíma heima eða að heiman og hafi hann oft drukkið einn, því að hann hafi ekki átt neina sérstaka drykkjufélaga. Um helgar hafi hann og neytt áfengis og þá stundum tvo til þrjá daga í röð. Kvað hann þetta hafa valdið miklum erfiðleikum í heimilislífi. Stefnandi fékk frí í vinnu sinni 9. mars 1979. Fór hann til Reykjavíkur þann dag og keypti áfengi og fór strax að neyta þess. Sunnudaginn 11. mars fór hann til bróður síns í Mosfellssveit og var þá enn ölvaður. Bróðir stefnandi fékk hann til þess að tala við mann frá AA samtökunum, og varð það að ráði, að stefnandi fór næsta dag, mánudaginn 12. mars, á afvötnunarheimilið í Reykjadal í Mosfellssveit til meðferðar. Þar dvaldi hann til 28. mars, er stefnandi fór á meðferðarheimili Samtaka áhugafólks um áfengisvandamálið — S.Á.Á. — að Sogni í Ölvusi og var þar til 24. apríl 1979.

Eigi er um það deilt í máli þessu, að stefnandi dvaldi á stofnunum þessum undir læknis hendi þennan tíma.

Stefnandi kvað heilsufar sitt hafa verið mjög slæmt síðustu mánuðina, áður en hann leitaði sér lækningar. Hann hafi árangurslaust gert tilraun til að hætta áfengisneyslu. Hann hafi þó ekki leitað til læknis eða AA samtakanna til hjálpar í ölvunarvandamálum sínum. Eiginkona hans og foreldrar hafi vitað um ástand hans. Hann hafi sagt konu sinni, að hann vildi fá skilnað og fara á brott og hann hafi verið kominn í sjálfsmorðshugleiðingar. Stefnandi kvaðst þó ávallt hafa reynt að mæta í vinnu, en drykkjuhneigð sín hafi ávallt verið einn feluleikur.

Meðan á meðferðinni stóð, sagðist stefnandi hafa talað í síma við verkstjóra sinn, Gísla Sigurðsson. Hafi orðið að samkomulagi þeirra á milli, að stefnandi byrjaði aftur að vinna hjá stefnda eftir meðferðina, og hafi hann talið sig vera endurráðinn hjá stefnda. Eftir hælisdvölina fór stefnandi á fund vinnuveitanda sinna og varð þá enn að samkomulagi, að hann byrjaði að vinna eftir næstu helgi þar frá. En jafnframt afhenti stefnandi vinnuveitendum sínum vottorð um dvöl sína á fyrrnefndum stofnunum og setti fram kröfu um greiðslu vegna veikinda sinna og sjúkrahúsdvalar.

Eftir nokkra umhugsun var af hálfu stefnda hafnað alfarið að inna þessa

greiðslu af hendi. Þegar stefnandi kvaðst afhenda kröfu sína lögmanni til innheimtu, varð að samkomulagi, að hann myndi ekki hefja störf að nýju hjá stefnda og myndi fyrri uppsögn gilda.

Eiginkona stefnanda, Kristín Snæbjörnsdóttir sjúkraliði, hefir lýst því fyrir dómi, að hann hafi neytt mikils áfengis og oft síðustu 5-6 mánuði, áður en hann fór á vistheimilin. Hann hafi oft neytt mikils áfengis, er hann kom úr vinnu á venjulegum vinnudegi og tíðast um helgar á föstudagskvöldi og laugardögum, en jafnaði sig á sunnudegi og gerði sér far um að mæta til vinnu á mánudögum. Stefnandi hafi yfirleitt farið til Reykjavíkur um helgar og hafi hún eigi getað treyst á hann að gæta barna þeirra, en hún vann að kvöld- og næturlagi á sjúkrahúsinu. Stefnandi hafi ákveðið að fara á brott af heimili sínu og úr bænum.

Vitnið taldi sig hafa átt viðtal við Gísla Sigurðsson, verkstjóra stefnda, mánudaginn 12. mars og skýrt honum frá málavöxtum.

Stefnandi lýsti því fyrir dómi 12. desember 1980, að hann hafi stöðugt verið í vinnu við trésmíði hér í bæ síðan hælisvistinni lauk og hafi hann haldið sig frá áfengisneyslu utan einu sinni í ágúst 1979. Sagðist hann leita sér styrktar og hjálpar hjá AA samtökunum og haldi þannig sjúkdómi sínum í skefjum.

Í aðiljaskýrslu þeirra Stefáns Teitssonar framkv.stjóra og Gísla Sigurðssonar, verkstjóra stefnda, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi, segir, að eiginkona stefnanda hafi þriðjudaginn 13. eða miðvikudaginn 14. mars 1979 tilkynnt, að hann væri farinn til dvalar á afvötnunardeild S.Á.Á. í Reykjadal. Komu þessi tíðindi þeim og samstarfsmönnum hans mjög á óvart, þar sem þeir töldu stefnanda þekktan af öðru en óreglu. Hann hafi mætt mjög vel til vinnu, eins og að framan er rakið. Það hafi aldrei komið fyrir, að menn merktu, að stefnandi hefði neytt áfengis við vinnu eða væri bagaður af því að nokkru leyti, og gaf hann það aldrei til kynna, svo að kunnugt væri. Stefnandi talaði við Gísla í síma frá vistheimilinu og spurði, hvort mögulegt væri, að hann fengi aftur vinnu hjá stefnda eftir meðferðina. Var því tekið líklega og ákveðið að ræða það mál síðar. Eftir dvölina á Sogni kom stefnandi að máli við Gísla verkstjóra. Var þá nánast fastmælum bundið, að stefnandi gæti hafið störf á ný. Stefnandi kom svo viku síðar og setti þá fram kröfu um greiðslur fyrir þann tíma, sem hann var í meðferð hjá S.Á.Á., eins og um veikindi hefði verið að ræða. Þetta hafði stefnandi ekki nefnt fyrr og það hafði ekki hvarflað að þeim forsvarsmönnum fyrirtækisins að telja þetta veikindi og auk þess hafi stefnandi sagt starfi sínu lausu. Stefnanda var því tilkynnt, að ekki kæmi til greina að greiða þetta sem veikindi, en af hálfu fyrirtækisins kæmi til álita að styrkja stefnanda eitthvað fjárhagslega vegna tekjutapsins. Því hafnaði stefnandi alfarið og sagðist myndu sækja málið af fullri hörku. Vildi hann því eigi hefja störf

að nýju, eins og ráð hafði verið fyrir gert, og var sammála því að láta fyrri uppsögn standa óbreytta.

Eins og nánar verður lýst síðar byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi að læknisráði farið á meðferðarheimili vegna sjúkdóms, drykkjusýki, sem hafi háð honum svo, að hann hafi verið orðinn óvinnufær. Þessu til stuðnings hefir af hálfu stefnanda verið aflað ýmissa skjala og gagna og lagt fram í dóminum.

Samkvæmt tveimur vottorðum Reynis Þorsteinssonar heilsugæslulæknis, Akranesi, dags. 12.11.1979 og 31.01.1980, var stefnandi í meðferð á vegum S.Á.Á. vegna alcoholismus á meðferðarheimili í Reykjadal og Sogni dagana 12.3. til 25.4.1979 og var hann óvinnufær þennan tíma.

Samkvæmt tveimur vottorðum Þórarins Tyrfingssonar læknis var stefnandi á Sjúkrastöð S.Á.Á. framangreindan tíma og reyndist haldinn sjúkdómnum alcoholismus chronícus og fékk meðhöndlun samkvæmt því.

Samkvæmt vottorði Brynleifs H. Steingrímssonar læknis vegna umsóknar um sjúkradagpeninga var stefnandi óvinnufær 12.3. til 25.4.1979 og var haldinn sjúkdómnum etylismus chronícus.

Samkvæmt vottorði Rafns Ragnarssonar heilsugæslulæknis, Akranesi, dags. 4.3.1981, hefir stefnandi fengið sjúkdómsgreininguna etylismus chronícus, eða alcoholismus chronícus, sem hvort tveggja útleggst á íslensku sem drykkjusýki, og verið meðhöndlaður sem slíkur.

Lögmaður stefnanda leitaði með bréfi, dags. 8.2.1980, til landlæknis, Ólafs Ólafssonar, um, að hann léti í té læknisfræðilega álitsgerð embættisins og þeirra starfshópa íslenskra lækna, sem helst þekkja til þessara málefna, um drykkjusýki almennt og sjúkdóm og mál stefnanda sérstaklega.

Svar landlæknis, dags. 14.03.1980, er svohljóðandi:

„Vegna fyrirspurnar yðar um rétt umbjóðanda yðar til greiðslu veikindadaga v. áfengisneyslu skal eftirfarandi fram tekið. Skoðanir manna eru skiptar um orsakir áfengissýki, en allir eru sammála um, að áfengissýki getur valdið andlegri og líkamlegri sköddun. Ef svo er komið skiptir ekki máli þótt skoða megi áfengissýki sem sjálfskaparvíti.

Ýmsir sjúkdómar orsakast af venjum og siðum t.d. reykingum, ofáti o.fl., sem flokka má undir sjálfskaparvíti. Ef líkamlega eða andlega veikir einstaklingar af framangeindum orsökum dveljast á sjúkrahúsum eða meðferðarstofnunum samkvæmt læknisráði, ber þeim fullur réttur til allra bóta sem sjúkratryggingar og lífeyristryggingar eiga að inna af hendi. Jafnframt eiga þeir rétt á dagpeningagreiðslum.

Einstaklingar sem hafa til langframa skerta starfsgetu eru metnir til örorku vegna sjúkdóms, lög um almannatryggingar eru ótvíræð í því máli.

Í samræmi við það sem að framan greinir sýnist mér eðlilegt, að einstaklingur er dvelst á sjúkrahúsi vegna áfengissýki, eigi rétt á launum meðan

á dvöl hans stendur. Mörg dæmi eru fyrir því að svo hafi verið gert hérlendis."

Í bréfi Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis, dags. 5.3.1980, sem er stílað til landlæknis segir:

„Í alþjóðameinaskránni (International clarification of Diseases) er ofneysla áfengis (alcoholismus) flokkað, í nokkrum liðum sem sjúkdómur. Ekki þykir ástæða til skilgreiningar á drykkjusýki, enda standa hér naumast efni til þess. Bent skal á, að í samræmdri reglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða segir svo: Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfieða fíknilyfja, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Sjúkratryggingar greiða fyrir alla tryggða sjúklinga á sjúkrastofnunum að fullu, hvort sem þeir eru haldnir drykkjusýki eða öðrum sjúkdómum. Einnig eru greiddir fullir dagpeningar til slíkra sjúklinga.

Þeir sjúklingar sem hafa til langframa skerta vinnugetu og fullnægja að öðru leyti ákvæðum 12. gr. laga um almannatryggingar eru metnir til örorku, vegna sjúkdóms, sem veldur skertri vinnugetu, hvort sem sá sjúkdómur er drykkjusýki eða annar sjúkdómur."

Þá leitaði lögmaður stefnanda til Brynleifs H. Steingrímssonar læknis, Selfossi, en hann hafði eftirlit með stefnanda sem sjúklingi að Sogni.

Í bréfi lögmannsins, dags. 14.10.1980, segir:

„Tilskrif þetta til yðar er í þeim eina tilgangi gert að leita aðstoðar yðar þar sem okkur vantar mjög nauðsynlega einhvers konar læknisfræðilega álitsgerð, þar sem fram kæmi skilgreining á alcoholismus sem sjúkdómi og hvernig þetta sjúkdómstilfelli er í dag lagt að jöfnu við hvers konar aðra sjúkdóma, sem Tryggingastofnun ríkisins viðurkennir sem bótaskylda og sem eru grundvöllur að greiðslu veikindalauna eins og í öðrum venjulegum veikindatilvikum, sem gera sjúklinga ófæra til starfs meðan sjúkleiki varir.

Tilgangur okkar er sá að sýna fram á fyrir dómi, að alcoholismus eða meðferð á slíkum sjúkdómi skuli lögð að jöfnu við önnur sjúkdómstilvik."

Svar læknisins, sem er dags. 25.10.1980 er álitsgerð varðandi skýrgreiningu á alcoholismus sem sjúkdómi.

Það er ótvírætt álit læknisins, að ofdrykkjuhneigð á ákveðnu stigi sé sjúkdómur, er hann nefnir drykkjusýki. Hann segir:

„Alcoholismus chronícus (drykkjusýki) er ávanamyndaður sjúkdómur með líkamlegum einkennum og er í flokki annarra ávanamyndaðra sjúkdóma." Þá bendir hann á, að í bókinni Alcoholim eftir Parker og Lugerman, 1976, sé eftirfarandi vinnuskýrgreining gefin, í löggiltri skjalaþýðingu: „Drykkjusýki er tímabundin eða stöðug notkun áfengis, sem samfara er líkamleg eða sálræn árátta eða skaðleg verkun að því er varðar andlegan eða líkamlegan þrótt eða félagslega virkni." Og í tilvitnun læknisins í

skýrslu nefndar á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, WHO, sem fjallaði sérstaklega um alcoholismus, segir 1952, í löggiltri skjalaþýðingu: „Drykkjusjúklingar eru þeir, sem neyta áfengis í óhófi, og drykkjuárátta þeirra er komin í það stig, að geðrænnar truflunar er farið að gæta eða þá að árátttan hefir orðið áhrif á líkamlegt og andlegt heilsufar þeirra, afstöðu þeirra til annars fólks og hindrar að félagsleg og efnaleg samskipti séu með eðlilegum hætti. Þá eru þeir drykkjusjúkir, sem sýna undanfarareinkenni af þessu tagi. Þeir þurfa því á meðferð að halda."

Varðandi stefnanda máls þessa sérstaklega segir læknirinn í álitsgerð sinni: „Ég tel að sjúklingur, sem hlotið hefir meðferð vegna alcoholismus chronícus og hafi læknisvottorð um það, sé ótvírætt í læknisfræðilegum skilningi haldinn sjúkdómi, sem hann getur ekki talist á nokkurn hátt sekur um eða talist til sjálfskaparvítis, þar sem honum er sjálfum ókunnugt um þær afleiðingar, sem áfengisneysla hans gat leitt til, enda er þessi sjúkdómur óskýrður þegar hann byrjar drykkju a.m.k. er þekking á honum ekki almenn á Íslandi.

Rétt er að gera mun á ofdrykkju og drykkjusýki, þó að tengsl sé hér á milli. Ofdrykkja leiðir í minna en 10% tilfella til drykkjusýki."

Í sjúkraskrá stefnanda frá Sogni, þar sem hann dvaldi 28.3. til 24.4.1979, segir, að hann hafi byrjað að neyta áfengis við 15-16 ára aldur. Hann var farinn að neyta áfengis við flest tækifæri 20-21 árs og 18-19 ára fór hann að nota áfengi sem afréttara og fer að fá minnisglöp vegna áfengisdrykkju við 25 ára aldur. Brynleifur H. Steingrímsson læknir, sem færði sjúkraskrá stefnanda, segir: „Það kemur greinileg ofdrykkja fram á sögu hans, en auk þess einkenni um drykkjusýki sem eru minnisglöpin og túradrykkja, þ.e. áfengisneysla a.m.k. í tvo daga í röð."

Vegna fyrirspurnar af hálfu stefnda í máli þessu til sjúkrasamlags Reykjavíkur um, hvort það greiddi sjúkradagpeninga, ef skilyrði væru fyrir hendi, án tillits til þess, af hvaða ástæðu vistun stafar, segir m.a. í bréfi sjúkrasamlagsins, dags. 9. mars 1981: „Almennt er greiðsla sjúkradagpeninga ekki við það miðuð, að samlagsmaður hafi lagst inn á viðurkennda sjúkrastofnun. Nægjanlegt er að fullsannað sé talið, að samlagsmaður hafi verið óvinnufær vegna veikinda. Hvað áfengissjúklinga snertir, hefir ekki verið miðað við störf þeirra síðustu tvo mánuðina áður en þeir urðu óvinnufærir. Heldur hefir verið út frá því gengið, að eðli áfengissjúkdómsins vegna, þá hafi þeir ekki getað stundað vinnu og hafi upphaflega látið af störfum af hans völdum. Hvað þessa sjúklinga snertir, hefir hins vegar greiðsla verið miðuð við það að þeir hafi leitað sér meðferðar á viðurkenndri sjúkrastofnun og að öðrum kosti eru dagpeningar ekki greiddir."

Aðiljar máls þessa hafa lagt fram í málinu gögn frá Alþýðusambandi Danmerkur, Norska Alþýðusambandinu, Sænska Vinnuveitendasamband-

inu og Vinnuveitendasambandi Finnlands. Má segja, að samkvæmt gögnum þessum sé yfirleitt litið á drykkjusýki sem sjúkdóm á Norðurlöndum, en greiðsla veikindalauna vegna þessa er með misjöfnum hætti. Verða gögn þessi eigi rakin hér nánar, þar sem efni þeirra verða eigi talin hafa verulega þýðingu í máli þessu.

III.

Eins og að framan greinir, byggir stefnandi kröfur sínar í máli þessu á því, að hann hafi að læknisráði farið á sjúkrahús 12. mars 1979 vegna sjúkdóms, drykkjusýki, sem hann hafði átt við að stríða þá undanfarið og hafi ágerst svo, að hann var orðinn óvinnufær og óhjákvæmilegt var talið annað en hann fengi meðferð á sjúkdóminum. Stefnandi dvaldi á meðferðarheimili til 25. apríl 1979.

Með framangreindum álitsgerðum og vottorðum lækna og öðrum gögnum sé sannað, að drykkjusýki sé sjúkdómur, og einnig, að stefnandi hafi verið haldinn slíkum sjúkdómi og verið óvinnufær af þeim sökum. Hafi stefnandi því átt lögvarinn rétt til veikindalauna samkvæmt kjarasamningi Sambands byggingamanna frá 22. júní 1977, sbr. 7. gr. laga nr. 16, 1958, sem giltu á þeim tíma, er hér um ræðir, sbr. nú lög nr. 19, 1979. Í gr. 7.3. í kjarasamningi segir, að í veikinda- og slysatilfellum skal launþegi, sem nýtur réttar samkvæmt lögum nr. 16, 1958 eiga rétt á launum fyrir dagvinnu í allt að 49 almanaksdögum á hverjum 12 mánuðum. Einnig skal þá greiða launþega fasta eftirvinnu, ef um hana er að ræða, eða eftirvinnu í sama hlutfalli og hann hefir unnið eftirvinnu á síðustu 10 vikum, áður en hann forfallaðist sökum veikinda eða slyss.

Réttur stefnanda sé því ótvíræður til veikindalauna, enda sé þess ekki getið í kjarasamningi né í fyrrnefndum lögum, að einhver sérstakur sjúkdómur sé undanskilinn í þessu sambandi. Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Vikan 11/3 til 17/3 1979:	
Dagvinna 40 klst. × kr. 1.328.-	kr. 53.120.-
Eftirvinna 8 klst. × kr. 1.617.-	— 12.936.-
Vikan 18/3 til 24/3:	
Sami vinnutími og kaup	— 53.120.-
	— 12.936.-
Vikan 25/3 til 31/3:	
Sami vinnutími og kaup	— 53.120.-
	— 12.936.-

Vikan 1/4 til 7/4:		
Sami vinnutími og kaup		— 53.120.-
		— 12.936.-
Vikan 8/4 til 14/4:		
Dagvinna sama		— 53.120.-
Eftirvinna 6 klst. × 1.617.-		— 9.702.-
Vikan 15/4 til 21/4:		
Dagvinna sama		— 53.120.-
Eftirvinna 4 klst. × kr. 1.617		4.043.-
Vikan 22/4 til 28/4:		
Dagvinna 24 klst. × 1.328.-		— 31.872.-
Eftirvinna 6 klst. × kr. 1.617.-		— 9.702.-
Dagvinna samtals	kr. 350.592.-	
Eftirvinna samtals	— 75.191.-	
Orlof 8.33%	— 35.467.-	
Samtals	kr. 461.250.-	
Frá dregst greiðsla frá Sjúkrasamlagi Akraness	kr. 125.405.-	
Alls	kr. 335.845.-,	

sem var endanleg kröfugerð stefnanda, nýkr. 3.358,45.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að fjarvistir stefnanda frá vinnu sökum drykkjusýki skapi eigi greiðsluskyldu stefnda, þar sem hér sé eigi um sjúkdóm að ræða í skilningi laga nr. 16/1958 né heldur í skilningi kjarasamnings Sambands byggingamanna frá 22. júní 1977. Engir kjarasamningar geri ráð fyrir því, að veikindi, slys eða óhöpp, sem sannanlega stafa af drykkjuskap eða neyslu vímugjafa, valdi greiðsluskyldu vinnuveitanda, ef af þessu hljótist fjarvistir úr vinnu. Aðiljar vinnumarkaðarins hafi aldrei litið svo á, að til greina kæmi, að ofdrykkja eða drykkjusýki væri sjúkdómur í skilningi samningsákvæða um launagreiðslur í veikinda- og slysatilfellum. Ýmis samningsákvæði jafnt í kjarasamningum og öðrum samningum aðilja vinnumarkaðarins leiði í ljós, að ofneysla áfengis og skaðlegar afleiðingar hennar, er skipað (sic) með sérstökum hætti. Sem dæmi um sérstakan fyrirvara gagnvart réttindum, ef um drykkjuskap er að tefla, hefir af hálfu stefnda verið bent á niðurlag 2. mgr. 12. gr. samræmdrar reglugerðar Sambands almennra lífeyrissjóða frá árinu 1976, en reglugerð þessi

er samningsatriði aðilja vinnumarkaðarins hverju sinni. En þar stendur: „Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíknilyfja, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma."

Enn gleggra dæmi telur stefndi vera samningsákvæðið í kjarasamningi Sambands byggingamanna frá 1977, gr. 7.4., þar sem fjallað er um skyldutryggingu atvinnurekenda á launþegum. Þar segir, að „skilmálar séu almennir skilmálar sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar hjá launþegum hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, þegar þetta samkomulag er gert." En í gildandi vátryggingarskilmálum fyrir slysatryggingu launþega segir í 8. gr. b-lið, að félagið bæti ekki „slys er sá, sem tryggður er, verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og eiturlyfja eða í ölæði, nema sannað sé, að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins."

Í vátryggingaskilmálum sjúkratrygginga segir einnig, að vátryggingin nái ekki til sjúkdóma, sem orsakast hafa af notkun áfengis, deyfi- og eiturlyfja.

Af framangreindu sé ljóst, að í samskiptum samtaka vinnuveitenda og verkalýðsfélaga hafa afleiðingar áfengisneyslu jafnan verið undanskildar sem kaupgreiðsluskylt tímabil, ef ástæða hefir þótt til að taka það fram. Það er þó ekki gert, ef öllum aðilum er ljóst, að þessi tilvik eru undanskilin, en það gildir einmitt um laga- og samningsákvæði um launagreiðslur í veikindum.

Þá megi finna afdráttarlaus ákvæði gildandi löggjafar, sem eru í samræmi við sjónarmið stefnda. Í lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 29, 1956 og 57, 1973 segir í c-lið 16. gr.: „Bætur greiðast ekki þeim, sem misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á svo sem drykkjuskaparóreglu."

Í nýjum lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 64, 1981 segir í 21. gr., að þeir eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum, sem misst hafi vinnu af ástæðum, sem þeir sjálfir eiga sök á. En í greinargerð með frumvarpinu segir, að ákvæði þetta sé í fullu samræmi við það, sem verið hefir í framkvæmd. Hér sé því eigi um breytt mat löggjafans að ræða.

Þá hefir stefndi bent á takmarkanir á umsömdum og lögboðnum rétti vegna áfengisneyslu, svo sem í 33. gr. sjóml. nr. 33/1963, er skipstjóra heimilt að víkja skipverja úr skiprúmi, ef hann hefir hvað eftir annað verið drukkinn við störf sín.

Af hálfu stefnda hefir verið lagt fram í dóminn reglugerð Sjúkrastyrktarsjóðs Trésmiðafélags Reykjavíkur. Í 9. gr. reglugerðarinnar segir, að dagpeningar greiðist ekki til félagsmanna, ef um er að ræða veikindi af völdum áfengis eða fíkniefna, skal koma til vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins. Að öðru leyti fari slík mál fyrir stjórn sjóðsins til nánari umfjöllunar.

Telur stefndi, að í þessu ákvæði megi sjá hin gildandi viðhorf í þessu

efni og hér sé veikindum af völdum áfengis ekki jafnað til annarra sjúkdóma. Þau mál þurfi nánari umfjöllunar hverju sinni og sé hér nánast um heimild að ræða, en ekki skyldu til greiðslu dagpeninga. Þessum skilningi hefir verið andmælt af hálfu stefnanda með yfirlýsingu formanns sjóðsins, sem er formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur. Í yfirlýsingunni segir, að nokkrir áfengissjúklingar hafi á undanförnum árum notið greiðslna úr sjóðnum og hafi þeir ætíð setið við sama borð og aðrir félagsmenn um greiðslur úr sjóðnum.

Af hálfu stefnda hefir verið leitast við að skýra orðin veikindi í kjarasamningi Sambands byggingamanna frá 22. júní 1977, gr. 7.3., og sjúkdómur í 4. gr. laga nr. 16, 1958, sem vitnað er til í kjarasamningnum. Þykir stefnda sýnt, að skýring á hugtökum þessum komi fram í lögum þeim um almannatryggingar, sem í gildi voru, er lög nr. 16, 1958 voru sett, en það voru lög nr. 24, 1956. Í 62. gr. þeirra laga segir: „Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef ástand það, sem bótaréttur er byggður á, stafar af áfengisneyslu, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi . . .“

Þetta hafi verið forsenda laga nr. 16, 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla að því er varðar framangreind hugtök.

Hér séu afleiðingar af áfengisneyslu undanskildar bótarétti samkvæmt lögum um almannatryggingar og þá einnig samkvæmt lögum nr. 16, 1958. Og sama skilning beri að leggja í gr. 7.3. í kjarasamningi Sambands byggingamanna frá 1977. Og þó að þessu ákvæði hafi verið breytt með lögum nr. 59, 1978, nú 45. gr. laga um almannatryggingar nr. 67, 1871, sé ekki rétt að líta svo á, að það breyti sjálfkrafa þeim reglum, er lúta að greiðsluskyldu hvers einstaks atvinnuveitanda samkvæmt lögum nr. 16/1958 eða kjarasamningum. Þetta hafi ekki verið gert með lögum nr. 19/1979, sem leystu af hólmi lög nr. 16, 1958. Þar sé eigi að finna neitt um breytingar á inntaki réttindanna, sem nauðsynlegt hefði verið, ef ætlunin hefði verið að breyta fyrri skilningi til samræmis við breytt lög um almannatryggingar. Skýringarreglur við nefnd hugtök standi því enn óbreytt frá því sem var við setningu laga nr. 16, 1958 og í gildi voru, er hælisdvöl stefnanda átti sér stað.

Einnig bendir stefndi á, að í athugasemdum um 5. gr. frumvarps til laga nr. 19, 1979 komi fram, að vinnuveitandi sé ekki greiðsluskyldur í veikindum og slysum, sem stafa af gáleysi eða ásetningi launþegans sjálfs.

Varakröfu sína reisir stefndi á því, að stefnandi hafi sagt upp störfum sínum 27.2.1979 og taki því uppsögnin gildi eigi síðar en 31. mars 1979. Stefnandi hafi talið sig um tíma endurráðinn hjá stefnda eftir hælisvistina,

en samkomulag hafi orðið um að láta fyrri uppsögn gilda. Vinnuréttarsamband stefnanda og stefnda hafi því verið slitið fyrir uppsögn stefnanda 31. mars 1979, því að eigi verði talið, að veikindi, sem komi til eftir uppsögn, framlengi vinnuréttarsambandinu (sic). Þá telur stefndi, að krafa stefnanda um vanskilavexti styðjist eigi við lög, hér eigi aðeins að koma til almennir vextir.

IV.

Samkvæmt gögnum málsins, álitum og vottorðum lækna er ljóst, að drykkjusýki er sjúkdómur og jafnframt, að stefnandi var haldinn þessum sjúkdómi og var óvinnufær, er hann dvaldi til læknismeðferðar á meðferðarstofnun S.Á.Á. í umrætt sinn.

Samkvæmt lögum um almannatryggingar naut stefnandi bóta sjúkratrygginga og dagpeningagreiðslu þennan tíma.

Hann telur sig einnig eiga á sama tíma lögvarinn rétt til greiðslu launa frá vinnuveitanda sínum, stefnda í máli þessu, samkvæmt kjarasamningi Sambands byggingamanna frá 22.6.1977, gr. 7.3., svo og lögum nr. 16/1958, þar sem enginn sjúkdómur sé þar undanskilinn, hvorki í nefndum kjarasamningi né lögum. Hér eigi læknisfræðilegt mat að ráða og leggja beri drykkjusýki að jöfnu við aðra sjúkdóma.

Á þennan skilning stefnanda verður þó eigi fallist.

Í fyrrnefndum kjarasaningi og lögum eru orðin sjúkdómur og veikindi eigi skýrgreind nánar. En eins og fram kemur hér að framan í dómi þessum, er upplýst, að á undanförnum árum og áratugum hafa ýmis ákvæði verið í lögum og kjarasamningum, sem sýna, að veikindi vegna áfengisneyslu hafa eigi ávallt notið sama réttar til tryggingabóta og önnur veikindi eða sjúkdómar og gerður hefir verið sérstakur fyrirvari gagnvart réttindum, ef um ofdrykkju eða drykkjusýki væri að ræða. Verður raunar að líta svo á, að það hafi verið ríkjandi venja eða réttur.

Í kjarasamningi Sambands byggingamanna, gr. 7.3., segir, að launþegi, sem nýtur réttar samkvæmt lögum nr. 16, 1958, eigi rétt til launa í veikindatilfellum. Þegar lög nr. 16, 1958 voru sett, voru í gildi lög um almannatryggingar nr. 24, 1956. Samkvæmt þeim lögum voru bætur, sem ætlaðar voru bótaþegum sjálfum, ekki greiddar, ef ástand það, sem bótaréttur var byggður á, stafaði af áfengisneyslu. Fallast verður á þann skilning stefnda, að túlka hafi átt lög nr. 16, 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests og um rétt þess og fastráðinna starfsmanna til launa vegna sjúkdóms og slysatilfella í samræmi við þágildandi lög um almannatryggingar í þessu efni.

Á síðari árum hafa skoðanir manna á drykkjusýki og möguleikum á

lækningu þess sjúkdóms breyst mjög, enda greiða nú sjúkratryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67, 1971 dvöl drykkjusjúkra á viðurkenndum sjúkrastofnunum svo og dagpeninga. En gegn andmælum stefnda í máli þessu verður eigi á þann skilning stefnanda fallist, að túlka verði umræddan kjarasamning þannig, að stefnandi eigi rétt til veikindalauna vegna forfalla, er stafa af drykkjusýki, þó að það sé í samræmi við nýrri og breytt viðhorf og samkvæmt lögum um almannatryggingar. Og af lögum nr. 19, 1979, sem leystu af hólmi lög nr. 16, 1958, verður eigi ráðið, að um breytt viðhorf löggjafans sé að ræða í þessu efni að því er varðar veikindalaun launþega samkvæmt kjarasamningi.

Þykir krafa stefnanda í máli þessu um veikindalaun í forföllum vegna drykkjusýki hans því ekki eiga nægа stoð í kjarasamningi aðilja eða lögum.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir öllum atvikum, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hermann G. Jónsson fulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Trésmiðjan Akur h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Svavars Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 30. mars 1984.

Nr. 167/1983. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Grétari Sigurði Árnasyni
(Jón Oddsson hrl.)

Manndráp. Líkamsárás. Brot gegn 220. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. júlí 1983 og gert kröfu um þyngingu refsingar. Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 8. febrúar sl.

Ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt ályktun Læknaráðs 12. janúar 1984, en hann hafði sent ráðinu málið með fyrirspurn um, hvort það féllist á niðurstöður Hannesar Péturssonar yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Læknaráð svarar spurningu þessari játandi.

Ákærði réðst á Marie Luce Bahuaud og veitti henni stórfellda áverka með barefli. Ber að refsa ákærða fyrir árás þessa samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Þá skildi hann stúlkuna eftir stórslasaða og með-vitundarlausa á stað, þar sem lítil von var bjargar. Ber að refsa ákærða samkvæmt 1. mgr. 220. gr. hegningarlaga fyrir þetta atferli, en málið hefur verið flutt með tilliti til þessarar heimfærslu brotsins, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974, og telja má verknaðarlýsingu í ákæru nægilega glögga að því leyti.

Ákærði, sem dregur eigi í efa að Yvette Marie Bahuaud hafi orðið fyrir skoti úr haglabyssu hans, telur sig ekki hafa skotið á hana af ásetningi og giskar helst á, að skot, sem hlaupið hafi úr byssunni, meðan á atlögu hans að Marie Luce stóð, hafi hæft Yvette Marie. Frásögn ákærða um þetta þykir eigi fá staðist, þegar litið er til vættis Marie Luce og annarra málsgagna. Eins og áverkum Yvette Marie var háttað, þykir mjög ólíklegt, að hún hafi, svo á sig komin, gengið frá skálanum niður á þjóðveginn. Ákærði kannast við, að hann hafi hleypt skoti úr haglsbyssunni á þjóðveginum, en heldur því fram, að hann hafi skotið upp í loftið. Eigi þykir mark verða tekið á þeirri skýringu ákærða, og verður að telja sannað, að Yvette Marie hafi þá orðið fyrir skoti úr byssu hans. Þegar höfð er í huga atlaga ákærða að systrunum, sem hann átti ekkert sökótt við, það, að hann skýrði stjórnanda olíuflutningabifreiðarinnar rangt frá því, hvað komið hefði fyrir Yvette Marie, og að hann setti hana síðan í farangursgeymslu bifreiðar sinnar, þar sem hún fannst síðan látin, verður að líta svo á, að ákærði hafi orðið henni að bana af ásetn-ingi, þótt óljóst sé, hvað honum hefur gengið til verksins. Ber þannig að refsa ákærða fyrir brot gegn 211. gr. hegningarlaga.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með

skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í dóminum.

Ákærði hefur sætt gæsluvarðhaldi, síðan héraðsdómur gekk. Ber að ákveða, að öll gæsluvarðhaldsvistin, 589 dagar, verði dregin frá refsingu hans.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun verjanda síns og saksóknarlaun í ríkissjóð, svo sem segir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, en gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem dregin skal frá refsingu hans, er samtals 589 dagar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. júní 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 28. júní, var á dómþingi sakadóms Austur-Skaftafellssýslu, sem háð var í Borgartúni 7, Reykjavík, af Gunnlaugi Briem, dómara samkvæmt umboðsskrá, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu 3/1983: Ákæruvaldið gegn Grétari Sigurði Árnasyni, sem tekið var til dóms 22. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. apríl 1983, „fyrir sakadómi Austur-Skaftafellssýslu á hendur Grétari Sigurði Árnasyni, Hofi IV, Hofshreppi, Austur-Skaftafellssýslu, fæddum 10. janúar 1942 á Flateyri, fyrir stórfellda líkamsárás og manndráp.

Ákærða er gefið að sök að hafa, laust fyrir miðnætti aðfaranótt þriðjudagsins 17. ágúst 1982, vopnaður haglabyssu, veist að tveimur frönskum stúlkum, systrunum Marie Luce Bahuaud, fæddri 20. júní 1953 og Yvette Bahuaud, fæddri 19. maí 1961, í „sæluhúsi" á Skeiðarársandi og utan þess, en í „sæluhúsið", þar sem stúlkurnar sváfu einar, hafði ákærði ekið þeim í bifreið sinni fyrr um kvöldið.

a) Atlagan að Marie Luce Bahuaud: Að berja Marie Luce inni í „sæluhúsinu" með byssuskefti haglabyssunnar eða öðru barefli nokkur högg í höfuðið svo að hún hlaut af heilamar ásamt magnleysi í vinstri hlið líkam-

ans, blæðingu á milli heilabasts og höfuðkúpu og opið innkýlt höfuðkúpubrot. Marie Luce þurfti að gangast undir læknisaðgerðir vegna áverkanna bæði hér á landi og í heimalandi sínu. Við atlögu ákærða missti Marie Luce meðvitund og í því ástandi skildi ákærði hana eftir í „sæluhúsinu", sem stendur utan þjóðvegar um 14 km vestan þjónustumiðstöðvar í Skaftafelli.

b) Atlagan að Yvette Bahuaud: Að einhverju leyti í átökum við stúlkurnar inni í „sæluhúsinu" en einkum eftir þau og þá utan „sæluhússins" að hleypa úr haglabyssunni skotum, af nokkru færi, sem hæfðu Yvette þannig, að í aftanverðan líkama hennar, frá hvirfli og niður á hægri rasskinn, gengu alls 39 högl, og í aftanverðan háls, vinstra megin í hnakka og aftantil í hvirfil gengu 11 högl, auk þess sem eitt hagl gegn í gegnum vinstra gagnauga. Ennfremur að hafa með valdbeitingu gagnvart stúlkunni og röngum upplýsingum til ökumanns tankflutningabifreiðar, sem bar að skömmu síðar og ekið var austur þjóðveginn á Skeiðarársandi, aftrað því, að Yvette kæmist með þeirri bifreið og gæti leitað hjálpar. Ákærði kom stúlkunni eftir það fyrir í lokuðu farangursrými bifreiðar sinnar, Z-1540, Mercedes-Benz fólksbifreið, og ók áleiðis austur. Við athugun, sem ákærði gerði þegar hann ók yfir Skeiðarárbrú, taldi hann stúlkuna látna. Ákærði ók þá áfram og yfirgaf bifreiðina, með líkinu í, utan þjóðvegar við Neskvísl og bjó um sig í grjóturð þar skammt frá, neðarlega í hlíðum Hafrafells, vopnaður riffli og fyrrgreindri haglabyssu, hvoru tveggja hlöðnu skotum. Leitarflokkar fundu bifreiðina með líki stúlkunnar að morgni en ákærða ekki fyrr en að morgni miðvikudags 19. ágúst og var ákærði þá handtekinn mótþróalaust.

Brot ákærða, sem í a) lið er lýst, telst varða við 2. mgr. 218. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, en brot ákærða, sem í b) lið er lýst, telst varða við 211. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Í þjóðskrá er nafn ákærða Grétar Sigurður Árnason, en sjálfur skráir hann nafn sinn Grétar Sigurður Arnaz.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1960 15/1 Ísafirði: Sátt, 250 kr. sekt fyrir ölvun.
1963 24/4 Vestm.eyjum: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot á 3. gr., sbr. 17. gr., sbr. 33. gr. og 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.
1963 9/11 Vestm.eyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1964 11/1 Vestm.eyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1964 3/3 Vestm.eyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1964 31/5 Vestm.eyjum: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1965 18/2 Vestm.eyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1965 15/12 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
1971 15/10 Ísafirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 2 mánuði.
1973 14/5 Akureyri: Dómur: 20 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 27. gr., 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 21/5 1973.
1978 6/1 Ísafirði: Dómur: 60.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/2 1978.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt þriðjudagsins 17. ágúst 1982, kl. 00.30, hringdi Lára Valgerður Helgadóttir, landvörður í þjóðgarðinum í Skaftafelli, til Ólafs Sigurðssonar, lögreglumanns í þjóðgarðinum, til heimilis að Svínafelli í Öræfum. Skýrði hún frá því, að þangað hefði komið maður og sagt frá því, að hann hefði komið að F.Í.B. (Félag íslenskra bifreiðaeigenda) bifreið á Skeiðarársandi rétt vestan við Skeiðarárbrú. Hjá ökumanni bifreiðarinnar hefði verið slösuð kona og hefði ökumaðurinn sagst hafa ekið á hana. Væri konan alveg óð og réði hann ekki við hana. Maðurinn kvað ökumanninn hafa beðið sig að sækja aðstoð. Lára Valgerður sagði lögreglumanninum, að sennilega væri betra, að hann kæmi við í þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli og fengi mann til aðstoðar.

Ólafur Sigurðsson lögreglumaður kveðst hafa lagt strax af stað. Kveðst vitnið hafa hitt framangreindan ökumann, sem beðið hefði í flutningabifreið á vegamótunum við þjóðveginn. Hann hefði sagt sér, að slysið, sem hann kom að, hefði orðið á veginum rétt vestan við Skeiðarárbrú. Hefði hann lagt áherslu á við vitnið, að það fengi einhvern til aðstoðar.

Vitnið kveðst hafa ekið að þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli og tekið þar með tvo landverði til aðstoðar, þau Láru Valgerði Helgadóttur og Þorberg Hjalta Jónsson. Síðan hefði það ekið vestur á Skeiðarársand vestur fyrir Gígjukvísl. Þau hefðu einskis orðið vör á þeirri leið og snúið við. Á vesturleiðinni ók vitnið með rauðum blikkandi ljósum.

Vitnið kveðst hafa talið sig vita, hver verið hefði á umræddri bifreið, enda hefði verið talað um, að þetta væri F.Í.B. bifreið af gerðinni Mercedes Benz. Það hefði því farið að hugleiða, hvað hefði getað orðið af bifreiðinni

í bakaleiðinni, slökkt „blikkljósin“, ekið rólega og beygt út í vegjaðrana til að reyna að lýsa út fyrir veginn.

Þegar vitnið var komið á móts við sæluhúsið á Skeiðarársandi, kveðst það hafa séð stúlku koma upp á veginn frá hægri. Rétt í því sá það í ljósgeislanum skilti, sem merkir veginn að sæluhúsinu.

Vitnið stöðvaði bifreiðina og hafði tal af stúlkunni. Stúlkan var mjög blóðug í andliti og með svefnpoka vafinn utan um sig. Stúlkan talaði ensku. Vitnið spurði stúlkuna, hvað hefði komið fyrir. Hún sagði, að vörður, sem væri í grænni Mercedes Benz bifreið með merki á þakinu, hefði barið sig og bað vitnið um hjálp. Vitnið kveðst hafa spurt stúlkuna, hvort hún hefði ekki séð bifreið þess, þegar það ók vestur eftir. Hún sagði, að hún hefði séð bifreið fara vestur eftir með blikkandi ljósum, en ekki þorað að gefa sig fram, vegna þess að árásarmaðurinn hefði sagt, að hann væri yfirvald á staðnum og hún hefði haldið, að hann væri þar á ferð.

Stúlkan var tekin í bifreiðina og síðan ekið austur yfir í átt að þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli til að koma henni til læknis. Á leiðinni sagði stúlkan frá ferðum sínum. Hún sagði, að vestan við Höfn í Hornafirði hefði ökumaður á Mercedes Benz bifreiðinni tekið hana og systur hennar upp í bifreiðina. Hann hefði ekið þeim að sæluhúsinu á Skeiðarársandi og komið þangað um kl. 20.00. Hann hefði síðan farið á brott, en komið aftur um kl. 23.00. Hann hefði skipað þeim að koma út, þar sem hann ætlaði að fara með þær austur á Höfn, en þær hefðu neitað. Stúlkan sagðist ekki vita ástæðuna fyrir þessu og nefndi ekki, að maðurinn hefði borið á þær, að þær hefðu verið að reykja hass. Þá hefði maðurinn viljað binda þær og veist að henni og barið hana. Það hefði verið svolítið óljóst hjá stúlkunni, með hverju maðurinn hefði barið. Hún hefði talað um, að maðurinn hefði verið með byssu, en nefndi ekki, hvort hann hefði barið hana með byssunni eða einhverju öðru. Þegar maðurinn var að berja hana, hefði systir hennar hlaupið út úr sæluhúsinu. Maðurinn hefði farið á eftir henni og hún heyrt hróp og skothvelli. Eftir þetta hefði hún ekki vitað meir um það, sem gerðist. Talaði stúlkan um „shots“ og „screams“, þegar hún var að lýsa þessu. Lögreglumaðurinn kveðst hafa spurt hana, hvort hún hefði séð flutningabifreiðina, en hún hefði neitað því. Vitnið spurði stúlkuna ekki frekar. Það hefði talið ljóst, að þarna væri um meiriháttar mál að ræða. Þyrfti það sem fyrst að koma stúlkunni til læknis og ná síðan í aðstoð til að leita að systur hennar.

Vitnið kveðst hafa komið með stúlkuna í þjónustumiðstöðina kr. 01.50 og hefði Þorbergur Hjalti hlúð að henni, en það hefði hringt til lögreglunnar á Höfn, sem hafði samband við lækni. Læknirinn hefði ákveðið að stúlkan yrði flutt áleiðis til Hafnar í eiknabifreið, en hann kæmi á móti í sjúkrabifreið.

Lára Valgerður hringdi heim til ákærða Grétars Sigurðar að Hofi í Öræfum um kl. 02.00 og fékk það svar, að hann hefði farið út á Skeiðarársand til að gera við bifreið og væri ókominn.

Vitnið kveðst hafa kallað menn út sér til aðstoðar og farið út á Skeiðarársand til leitar. Það hefði ekið upp að sæluhúsinu og séð ummerki eftir átök, en engan mann fundið. Vitnið lokaði síðan húsinu og lét allt óhreyft. Svipast var um í nágrenninu og hafi þrír menn, sem það fékk til aðstoðar, haldið því áfram, en það ekið til baka til að kalla út fleiri. Þá hefði það hitt lögreglumenn, sem komnir voru frá Höfn. Eftir það hefði það farið aftur að sæluhúsinu, var þá farið að birta. Ekkert fannst frekar nema gleraugu skammt fyrir utan dyr sæluhússins.

Lögreglumenn fóru heim til Grétars Sigurðar að Hofi um morguninn og töluðu við konu hans Unni Bjarnadóttur, og bróður hennar, Sigurjón Bjarnason, til þess að kanna, hvaða vopn Grétar Sigurður kynni að vera með. Fram kom, að saknað var riffils, cal. 22.

Eftir það var leit haldið áfram, og um kl. 08.50 fundu þeir lögreglumennirnir bifreiðina Z-1540 undir Hafrafelli utan við veginn í malarnámi rétt við Neskvísl. Þeir könnuðu bifreiðina, og fundu í farangursgeymslu látna stúlku, en ökumaðurinn fannst ekki. Þegar eftir að lík stúlkunnar fannst, fóru lögreglumennirnir í þjónustumiðstöðina og tilkynntu um atburðinn til sýslumannsembættisins á Höfn.

Bjarni M. Óskarsson, héraðslæknir á Kirkjubæjarklaustri, var kallaður á staðinn. Kom hann þangað kl. 10.30 og úrskurðaði stúlkuna látna.

Vegagerð ríkisins á sæluhúsið á Skeiðarársandi að sögn vitnisins, en húsið var byggt á sínum tíma af bændum í Svínafelli, sem höfðu beitiland á Skeiðarársandi. Húsið var haft ólæst, og munu ferðamenn hafa notað það eftir vild. Vitnið veit ekki, hver átti að fylgjast með húsinu, en ákærði hafði ekki verið beðinn um að líta eftir því. Vitnið kveður ákærða hafa alltaf verið mikið á ferðinni á bifreiðinni, en þó kveðst það telja, að heldur hafi verið meira um það, eftir að hann tók að sér vegaþjónustu fyrir F.Í.B. um verslunarmannahelgina þetta ár. Vitnið kveðst sjálft ekki vita um, að ákærði hefði haft afskipti af lögreglumálum nema í eitt skipti, og var það að kvöldi til um verslunarmannahelgina áður. Vitnið var statt ásamt öðrum lögreglumanni í þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli, er ákærði kom þangað. Sagði hann þeim, að hann hefði farið að skipbrotsmannaskýli á Breiðamerkursandi og séð þar fólk, sem hefði verið að reykja hass. Hann hefði sagt, að fjórir menn hefðu verið inni í skýlinu, allir í vímu, en fyrir utan hefðu þrír verið að elta lamb og reyna að króa það af við gröfu. Lögreglumennirnir fóru á staðinn, og í skýlinu hittu þeir tvo franska pilta. Hefði allt verið í lagi með þá og ekkert fundist, sem benti til þess, að fíkniefni hefðu verið höfð um hönd í skýlinu. Tjald hefði verið fyrir utan og allt

í ró og kyrrð, en þeir hafi ekki kannað tjaldið nánar. Engin grafa hafi verið sjáanleg og ekkert, sem renndi stoðum undir, að saga ákærða hefði við rök að styðjast.

Vitnið hefur auk þess heyrt, að ákærði hafi verið að elta mann á 130 km hraða, stöðvað hann og hótað að svipta hann ökuleyfi. Það hefði hins vegar ekki verið kvartað neitt til sín undan afskiptum ákærða af vegfarendum.

Vitnið kveðst vita til þess, að ákærði var mikið með byssur í bifreiðinni, og að hann skaut gæsir og rjúpur.

Vitnið Hreggviður Sverrisson lögreglumaður, Höfn í Hornafirði, kveður sér hafa verið tilkynnt um framangreindan atburð kl. 02.00 þessa nótt. Þegar vitnið hafði fengið tilkynninguna, fór það á vettvang og hóf rannsókn málsins. Hefur vitnið skýrt frá því, að kl. 04.20 hafi verið farið í sæluhúsið á Skeiðarársandi til að líta á vegsummerki. Utan dyra sást greinilegt táarfar eftir skó, og virtist stefna þess vera í austur eins og eftir spyrnu. Voru blóðdropar á palli utan við dyrnar og á gólfi innan við þær. Þar lágu einnig tveir vírspottar um 40-60 cm langir með svartri einangrun. Til vinstri við dyrnar undir glugga voru tveir bakpokar, og lágu þeir á hliðinni. Við þá og undir þeim var mikill blóðpollur. Við vegginn vinstra megin að vestanverðu í húsinu voru kojur, og í neðri koju, sem er næst suðurgafli, var nokkuð stór blóðblettur og nokkrir minni. Einnig var blóð að finna á gluggasyllu og á gleri í glugganum á suðurhlið. Á borði fjærst dyrunum í norð-austur horni var gestabók og í hana skrifuð tvö nöfn og setning á frönsku, og var eitt orðið í setningunni „sheriff". Dagsetningin við nöfnin var 16/8 '82. Þá segir, að stúlkan, sem flutt var austur á Höfn, heiti Marie Luce Bahuaud, en sú, sem saknað var, Yvette Marie Bahuaud. Sæluhúsið var yfirgefið, án þess að snert hefði verið við neinu og dyrum þess lokað með renniloku. Til þess þurfti að nota skrúfjárn, þar sem handfang var brotið.

Kl. 08.50 voru lögreglumenn staddir við afleggjara, sem liggur að Hafrafelli við Svínafellsjökul. Fundu þeir þar bifreiðina Z-1540 utan við veginn að austanverðu skammt frá rótum Hafrafells. Var bifreiðin mannlaus um 150 metra frá veginum. Kallað var á björgunarsveitina og björgunarmenn látnir vita um bifreiðina. Var þetta gert, þar sem talið var, að ákærði Grétar Sigurður gæti verið þarna í grenndinni og væri vopnaður.

Var gengið að bifreiðinni úr þremur áttum. Sýnilegt var, að gegnið hafði verið fyrir aftan bifreiðina, því að þar var traðk. Einnig sáust skóför frá vinstri fram-hurð bifreiðarinnar upp á mel, sem hún stóð við.

Kveikjulyklar voru í kveikjulás bifreiðarinnar. Var farangursgeymsla bifreiðarinnar opnuð, þar sem traðkið benti til, að farið hefði verið í hana. Í farangursgeymslunni lá stúlka, og var hún látin.

Lá stúlkan á bakinu, og snéri höfuðið lítilsháttar fram á við. Voru augun brostin og líkaminn farinn að kólna. Út um munn stúlkunnar vall rauðleit froða.

Leit var hafin að ákærða, Grétari Sigurði Árnasyni, og rannsóknarlögreglumenn kvaddir á staðinn frá Reykjavík. Ákærði fanns ekki hinn 17. ágúst. Var það ekki fyrr en að morgni hins 18. ágúst, sem hann fannst, svo sem á eftir verður rakið.

Vitnið Snorri Magnússon, Glitvangi 29, Hafnarfirði, kveðst hafa verið við leit að ákærða Grétari Sigurði ásamt tveimur öðrum mönnum í vestur hlíðum Hafrafells að morgni 18. ágúst 1982. Leitarmenn voru staddir neðarlega í fjallinu við leitina, og var vitnið í miðið. Vitnið varð þess vart í um 60 metra fjarlægð frá sér, að hróflað hafði verið við steinum, Það gekk þangað og sá mann inni í skúta. Var þetta ákærði Grétar Sigurður. Ákærði lá hreyfingarlaus á hægri hlið og annað auga hans lokað, en hitt opið. Virtist vitninu ákærði vera látinn. Vitnið kveðst hafa gengið til hliðar og kallað á menn þá, er með því voru. Þeir komu og litu einnig inn í skútann, en þar var skuggsýnt. Þá hreyfði ákærði sig. Þeir ávörpuðu hann og spurðu hann m. a., hvort hann væri búinn að vera þarna lengi og hvort hann hefði farið beint á þennan stað. Ákærði svaraði fáu. Vitnið kom auga á riffil inni hjá ákærða og sá, að það gat náð honum. Vitnið kveðst hafa rétt inn höndina og tekið í skeftið á rifflinum, en þá brá ákærði við, tók í hlaupið og sagði: „Passaðu þig, hún er hlaðin," eða eitthvað í þá áttina. Hann var ekki að togast á við vitnið um byssuna, heldur óttaðist, að skot hlypi úr henni. Kveðst vitnið hafa tekið riffilinn út og tekið úr honum „magasínið", en það opnaði síðan riffilinn og tók úr skotið sem var í hlaupinu. Þá leit það við og sá, að ákærði var að taka skot úr haglabyssu. Vitnið hafði ekki komið auga á þá byssu. Ákærði rétti því haglabyssuna óhlaðna, og sagði: „Ég ætlaði ekki að nota hana á ykkur strákar mínir, þetta var algert óviljaverk." Þegar þetta hafði gerst kölluðu þeir og létu vita, að búið væri að finna ákærða og taka af honum vopnin. Síðan tóku þeir frá hellu, sem komið hafði verið fyrir opið á skútanum. Kom ákærði sjálfviljugur út og fylgdi þeim til sýslumanns, sem beið fyrir neðan. Ekki kveðst vitnið minnast þess, að ákærði hafi talað neitt við þá á leiðinni niður eftir. Hann var rólegur að sjá, en niðurdreginn. Bifreiðin Z-1540 var í um það bil 500 metra fjarlægð frá skútanum, þar sem ákærði fannst, að því er vitnið giskar á. Sást vel úr skútanum til bifreiðarinnar.

Vitnið Lára Valgerður Helgadóttir kveðst hafa verið landvörður í þjóðgarðinum í Skaftafelli sumarið 1982. Vitnið var við störf í þjónustumiðstöðinni um kl. 01.00 aðfaranótt 17. ágúst 1982, er það sá flutningabifreið ekið þangað á mikilli ferð. Ökumaður kom til vitnisins og hafði tal af því. Sagðist hann hafa ekið fram á F.Í.B. bifreið rétt vestan við Skeiðarárbrú.

Við bifreiðina hafi verið stúlka, sem var að reyna að forða sér. Hún hafi verið blóðug og miður sín og ökumaður F.Í.B. bifreiðarinnar ekkert ráðið við hana. Hann hefði séð ökumann F.Í.B. bifreiðarinnar vera að reyna að kalla í talstöð. Hefði ökumaðurinn beðið hann að skila til landvarðar í Skaftafelli að koma til aðstoðar.

Vitnið kveðst hafa spurt bifreiðastjórann, hvort stúlkan væri með meðvitund og hvort hún væri mikið slösuð. Hann hefði sagt, að hún væri með meðvitund, en væri mikið blóðug. Hann héldi þó, að hún væri ekki mikið slösuð. Vitnið kveðst strax hafa hringt til Ólafs Sigurðssonar, lögreglumanns í Svínafelli, og látið hann vita af þessu. Hefði Ólafur komið strax á staðinn og vitnið og Þorbergur Hjalti Jónsson ekið með honum vestur á Skeiðarársand.

Framburður vitnisins er í samræmi við framburð Ólafs Sigurðssonar lögreglumanns um ferðina og er þau hittu stúlkuna á þjóðveginum í nánd við sæluhúsið. Stúlkan skýrði þeim frá árásinni á sig og systur sína. Stóð hún í þeirri trú, að árásarmaðurinn væri lögreglumaður. Myrkur var og þungbúið umrætt sinn. Stúlkan gat ekki skýrt frá því nákvæmlega, hvar hún hefði verið, en nefndi einhvern skála. Gat ekki verið um annan skála að ræða en sæluhúsið eða gangnamannaskála á Skeiðarársandi, sem byggður var, áður en brýrnar komu þar. Vitnið kveður þau hafa svipast um eftir skálanum, en ekki fundið hann vegna myrkurs.

Vitnið kveður ákærða Grétar Sigurð hafa verið talsvert við þjónustumiðstöðina í Skaftafelli í viðgerðum þetta sumar. Vitninu virtist ákærði vera farinn að stunda eftirlitsstörf í nágrenni þjónustumiðstöðvarinnar, sérstaklega eftir að hann fékk F.Í.B. merki á bifreið sína um verslunarmannahelgina. Það kveðst muna eftir því, að hann hafi komið inn í íbúð hjá landvörðum um verslunarmannahelgina og hafi lögreglumenn verið staddir þar. Ákærði fór að segja þeim frá því, að hann hefði átt leið að skipbrotsmannaskýli við Lómagnúp og komið að fólki í skýlinu. Það hefði verið að reykja pípu og þarna verið einkennileg lykt. Hann taldi, að fólkið hefði verið með eiturlyf. Honum hefði verið boðið að reykja, en hann ekki viljað það. Ákærði var æstur út í það, að ferðafólki væri leyft að vera í skýlunum, og viljað, að lögreglan vísaði því á brott. Lögreglumennirnir hafi farið að kanna þessa ábendingu ákærða.

Þá segir vitnið, að ákærði hafi komið sunnudaginn 15. ágúst í þjónustumiðstöðina og það hafi afhent honum hjól á bifreið, sem hann átti geymt. Því hafi þá fundist hann eitthvað undarlegur og átt erfitt með að tala við hann. Hann hafi verið taugaveiklaður og flóttalegur. Ákærði hafði orð á því að fá sér eitthvað að drekka, þar sem hann hafi verið að skemmta sér í Klúbbnum í Reykjavík kvöldið áður.

Vitnið kveðst ekki hafa séð ákærða við þjónustumiðstöðina í Skaftafelli

að kvöldi 16. ágúst. Það hafi ekki heldur orðið vart við frönsk hjón, sem eiga að hafa verið þar á bilaðri Renault bifreið þetta kvöld. Vitnið hringdi til sambýliskonu ákærða um nóttina til að spyrjast fyrir um hann. Sagði hún þá, að hann hefði sagt sér, að hann ætlaði að fara um kvöldið að Skaftafelli og gera þar við bifreið. Vitnið telur öruggt, að starfsfólk í þjónustumiðstöðinni hefði orðið vart við frönsku hjónin, ef þau hefðu verið þar á bilaðri bifreið og haft þar viðstöðu eins lengi og ákærði segir. Væri um bilanir á bifreiðum að ræða, var leitað til starfsfólks í þjónustumiðstöðinni.

Þorbergur Hjalti Jónsson var landvörður í Skaftafelli á umræddum tíma. Vitnið var erlendis og náðist ekki fyrir dóm. Vitnið gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu, og er frásögn þess þar í samræmi við framburð þeirra Ólafs Sigurðssonar og Láru Valgerðar Helgadóttur um ferðina út á Skeiðarársand þessa nótt. Vitnið kveðst hafa setið hjá slösuðu stúlkunni í aftursæti bifreiðarinnar á leiðinni að Skaftafelli og hafi hún skýrt frá því, þegar ákærði réðist á hana og systur hennar í sæluhúsinu. Frásögn stúlkunnar var skýr og greinargóð. Stúlkan skýrði frá því, að ákærði hefði sagst vera yfirvald á þessu svæði og hefði hún álitið, að því er virtist, að hann væri lögreglumaður.

Vitnið kvað stúlkuna hafa sagt, að ákærði hefði komið aftur í sæluhúsið um kl. 23.00 og viljað fá þær með sér til Hafnar. Þær hefðu ekki viljað fara. Hann hafi farið út og komið aftur inn með kort, sem átti að sýna, að hann væri yfirvald. Einnig kom hann með rafmagnsvíra og lét í ljós, að hann ætlaði að binda þær. Frásögn stúlkunnar var nokkuð á reiki um það, hvort hann hefði í þetta skipti eða síðar komið með byssu. Hann hefði ráðist að henni og þau lent í átökum, en systir hennar hlaupið út á meðan. Á stúlkunni hafi verið að skilja, að maðurinn hefði ætlað að binda hana með valdi, en hún ætlað að verjast því. Maðurinn hefði barið hana alla, ekki bara í höfuðið. Ekki kveðst vitnið geta áttað sig á, hvort hún hafi talað um, að maðurinn hefði barið hana með byssunni eða notað annað barefli. Hún hefði misst meðvitund, en er hún rankaði við sér, heyrði hún óp í systur sinni og skothvell, en síðan hafi verið þögn. Þegar hún var að segja frá skothvellinum, hafi verið hik á henni, eins og hún væri ekki alveg viss. Vitninu fannst stúlkan vera trúverðug í frásögn sinni og ótrúlega róleg miðað við það, sem hafði gerst.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins um vettvangsrannsókn í sæluhúsinu á Skeiðarársandi og í nánd við það hinn 17. ágúst 1978 segir svo:

„Kl. 15.05 hófst vettvangsrannsókn í og við sæluhúsið á Skeiðarársandi. Það er norðan þjóðvegarins og liggur vegarslóði að því. Fjarlægð frá þjóðveginum mældist 300 m. Við þjóðveginn er stutt spýta og á hana fest þver-

spýta ydduð í þann enda, sem vísar á sæluhúsið. Engin önnur merking var við þjóðveginn er vísar leið að sæluhúsinu.

Sæluhúsið er járnklæddur timburskúr 5,5 m × 3,2 m að flatarmáli og snýr annar endinn að þjóðveginum. Á þeim enda eru dyr við hornið til hægri og opnast þær inn og til hægri upp að veggnum. Vinstra megin við dyrnar er gluggi. Framan við dyrnar er dyrapallur úr tré. Hæð frá jarðvegi utan við dyrnar upp á móts við gólfið í sæluhúsinu er 30 cm, en svo hallar jarðvegi talsvert frá sæluhúsinu. Gluggi er á suðurhlið sæluhússins en gler í honum hefur brotnað og hefur verið negld fyrir gluggann að utanverðu báruplastsplata.

Séð úr dyrum eru húsmunir sem hér segir: Inn með veggnum til vinstri er röð af trékojum, þrjár á lengd og þjár á hæð alls níu. Í þeim öllum eru dýnur. Á móts við miðjan vegginn til hægri er trébekkur og framan við hann tréborð og framan við það annar trébekkur. Á borðinu er gestabók, sem í er skrifaður texti á frönsku og nöfn frönsku stúlknanna með dagsetningunni 16.8.'82. Innst í horninu til hægri er tréborð. Á því er kaffikanna, prímus, drykkjarílát og undirskál. Ekki var að sjá að neitt af þessu hafi verið notað nýlega. Prímusinn var ónothæfur og enginn olía á honum. Annað var rykugt og óhreint og bar þess merki að hafa ekki verið notað síðustu daga. Innst við vegginn við hliðina á borðinu var sópur. Undir borðinu var járnfata. Í henni var eggjaskurn, leifar af osti, samanbrotnar bréfþurrkur, álpappír samankrumpaður, glær plastbakki, fjórir sígarettustubbar með filter teg. Winston lights, nokkrar brunnar eldspýtur og sígarettuaska.

Gestabókin og innihald fötunnar var tekið í vörslu RLR. Þar var af tæknideildinni gerð prófun fyrir kannabisefnum á innihaldi fötunnar og var hún neikvæð.

Á gólfinu undir glugganum til vinstri séð frá dyrum eru tveir bakpokar og grá hliðartaska úr taui. Í bakpokunum er viðleguútbúnaður. Allt er þetta talsvert blóðugt. Á gólfinu innan við dyrnar eru þrír spottar af plasteinangruðum rafmagnsvír. Innar á gólfinu framan við fremri bekkinn er græn regnkápa og er blóð á henni. Undir rúmstokk á fremstu koju við vegginn er plastpoki og er hann talsvert blóðugur að utan.

Á gólfinu inn af dyrunum eru blóðdropar á víð og dreif á svæði frá dyrum og til vinstri að bakpokum og yfir þá og kringum þá. Stór blóðblettur er á gólfinu við bakpokana nær rúmstokk. Þar voru storknaðar blóðlifrar. Á veggnum undir glugganum er talsvert blóðkám á og undir gluggasillunni. Þar neðan við á veggnum er allstór blóðblettur og hefur lekið blóð úr honum niður eftir veggnum. Á dýnunni í neðstu kojunni næst dyrum er talsvert blóðkám á víð og dreif og á tveimur stöðum hafði sjáanlega blætt talsvert niður í dýnuna. Blóðkám var einnig á rúmstokknum.

Þá voru og blóðdropar á veggnum til vinstri bak við dýnuna. Virtist þar fremur vera um slettur að ræða frá höggi, en spýting frá slagæð. Blóðdropar voru á þröskuldi og dyrapalli, en ekki var hægt að rekja blóðslóð lengra.

Gerð var ítarleg leit í sæluhúsinu með tilliti til þess hvort þar væri eitthvað finnanlegt sem benti til, að þar hefði farið fram neysla á kannabisefnum, en ekkert var finnanlegt sem benti til þess.

Á bak við sæluhúsið er annar skúr. Hann er af svipaðri stærð og sæluhúsið að flatarmáli, en nokkru lægri. Út frá framhlið hans er hlaðinn grjótgarður sem liggur í sveig frá suðvesturhorni og að norðausturhorni. Við norðausturhorn skúrsins er símastaur en ekkert símatæki er í sæluhúsinu. Í skúrnum er margs konar rusl og ekkert sérstakt að sjá, nema á hurðinni. Í hana hafði sjáanlega verið skotið með haglabyssu af stuttu færi. Stykki hafði brotnað úr einni fjölinni í hurðinni við skotið. Brot þetta var tekið í vörslu RLR til nánar skoðunar, en í því sátu föst nokkur högl. Ummál haglahrinunnar í hurðinni mældist 27 cm × 20 cm á breidd og hæð. Skotstefnan var könnuð með því að athuga stefnu hagla sem farið höfðu í gegn. Þá kom í ljós að stefnan var í átt að hjólförum, sem voru vestan við sæluhúsið.

Þá var skoðað umhverfi sæluhússins. Í ljós kom að hjólför voru við vesturhlið sæluhússins. Þau voru með grófu mynstri sem kom heim við mynstur á hjólbörðum bifreiðarinnar Z-1540. Milli hjólfaranna 5,30 m frá hlið sæluhússins var blettur sem lyktaði af olíu.

Við austurhlið sæluhússins fundust á litlu svæði alls 23 tóm skothylki 22 cal. long rifle. Svo virtist sem þessum skotum hefði ekki verið skotið fyrir mörgum dögum, þar sem skothylkin voru mjög nýleg að sjá.

Leitað var í kringum svæðið að ummerkjum svo sem fótsporum, blóði, skothylkjum, forhlaði eða bikurum. Ekkert blóð var finnanlegt utandyra, nema á dyrapalli sem áður sagði, en þar var það útrunnið og hafði greinilega ringt eftir að blóðið kom þar. Engin skothylki úr haglabyssu fundust og ekki heldur bikar eða forhlað. Fótspor (skóför) fundust hins vegar á tveimur stöðum. Mynstur í þeim kom heim við mynstur sem fannst við bifreiðina. Þessi fótspor (skóför) voru í beinni línu frá sæluhúsinu niður á þjóðveg en þó talsvert austar en vegurinn sem liggur að sæluhúsinu. Í 51 m fjarlægð frá sæluhúsinu voru greinanleg þrjú spor sem lágu frá því og í 112 m fjarlægð voru önnur þrjú spor sem lágu að sæluhúsinu. Sérstaklega var vandlega leitað á svæðinu eins og sást frá dyrum sæluhússins í átt niður að þjóðveginum.

Þá var leitað á þjóðveginum neðan við sæluhúsið og í kringum hann. Í 500 m fjarlægð austan við vegarslóðann að sæluhúsinu fannst á þjóðveginum eitt tómt skothylki rautt að lit stærð ga. 12 3ja tommu magnum teg-

und Federal, haglastærð 2. Það hafði sjáanlega orðið fyrir nokkru hnjaski á veginum, ekkert annað var finnanlegt þar í kring.

Fjarlægðir sem mældar voru eru eftirfarandi:

Frá sæluhúsinu niður á þjóðveg 300 m.

Á þjóðveginum frá vegarslóðanum að sæluhúsinu og austur að þeim stað þar sem tóma haglaskothylkið var 500 m.

Frá þeim stað sem tóma haglaskothylkið var og eftir þjóðveginum og afleggjaranum heim að þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli samtals 13.700 m."

Samkvæmt mælingum Vegagerðar ríkisins á korti er vegalengdin frá Hofi í Öræfum, heimili ákærða, að sæluhúsinu á Skeiðarársandi 33.260 m.

Vitnið Þorsteinn Jóhannsson, oddviti í Hofshreppi, til heimilis að Svínafelli, kveður Vegagerð ríkisins eiga sæluhúsið á Skeiðarársandi, en áfast hús er eign Austur-Skaftafellssýslu. Bændur í Hofshreppi notuðu húsin við smalamennsku, áður en brýrnar komu á Skeiðarársand. Ferðamenn hafa eitthvað notað sæluhúsið, en lítið eftir 1974, að brýrnar komu, og hefur það verið talið sjálfsagt. Heimamenn hafa annast eftirlit með sæluhúsinu. Vitnið kveður það aldrei hafa verið nefnt við ákærða, Grétar Sigurð Árnason, að hafa eftirlit með sæluhúsinu. Vissi vitnið ekki til fyrir atburðinn aðfaranótt 17. ágúst 1982, að hann hefði farið þangað með ferðamenn. Vitnið telur, að gestabókin í sæluhúsinu hafi verið útveguð frá Skaftafelli, en síðan eru slíkar bækur látnar ganga á sýslubókasafnið.

Þá segir svo í skýrslu rannsóknarlögreglu, sem gerð var um athugun á bifreiðinni Z-1540 og í nánd við hana 17. ágúst sl.

„Bifreiðin var staðsett um 150 m austan vegar sem liggur frá þjóðveginum að grjótnámi undir Hafrafelli. Bifreiðin (sic) hafði samkvæmt hjólförunum verið ekið til hægri út af veginum eftir mel og áraurum að farvegi Neskvíslar, sem fellur úr Svínafellsjökli.

Bifreiðin er Mercedes Benz 300 Diesel fólksbifreið árgerð 1976 græn að lit og ber skráningarmerkin Z-1540. Samkvæmt skoðunarvottorði er bifreiðin skráð á þessi númer þann 19.5.1982.

Á þaki bifreiðarinnar yfir framhurðum eru festir svokallaðir „skíðbogar". Á bogana er fest skilti sem á stendur „FIB VEGAÞJÓNUSTA. 4". Beggja megin við þetta skilti eru litlar fánastengur, sem á eru fánar F.I.B. Þá er á bogunum fest talstöðvarloftneti.

Athuguð voru fótspor við bifreiðina og voru sjáanleg spor við vinstri framhurð, þar sem nokkuð hafði verið troðið, þannig að spor voru ekki greinileg, en þó mátti merkja að skór höfðu verið með grófu mynstri. Þá voru merkjanleg för rétt við afturenda bifreiðarinnar, en ekki var þar hægt að greina neitt mynstur. Þá voru sjáanleg fótspor framan við bifreiðina

til vinstri og lágu þau í átt til fjalls. Í þessum sporum var sams konar mynstur og í sporunum við vinstri framhurðina.

Utan á bifreiðinni sáust eftirtalin ummerki. Á hægra frambretti aftan við hjól og neðan við lista voru nokkrir blóðblettir. Á hægri framhurð ofan við lista frá spegli og aftur og í kringum hurðarhandfang eru nokkrir smáir blóðblettir. Á hægri afturhurð aftan til er talsvert af blóðslettum á rúðu niður yfir hurðarhandfang og niður hurðina og niður yfir fremsta hluta afturbrettis. Á bilinu milli afturhurðar og afturrúðu var nokkuð af blóðblettum sem náðu einnig inn á afturrúðuna. Var nokkuð af blóðblettum sem náðu einnig inn á afturhurðina. Á hægra afturbretti og í kringum lok á eldsneytisáfyllingu og þaðan aftur eftir brettinu bæði ofan og neðan lista eru á víð og dreif blóðslettur. Ofan á farangursgeymsluloki hægra megin eru nokkrir blóðdropar. Veður var þurrt þegar bifreiðin var skoðuð, en sjáanlega hafði rignt eftir að blóðið kom á bifreiðina þar sem alls staðar hafði það runnið út að nokkru. Þá var bifreiðin talsvert aurug, sérstaklega neðan til og að aftan. Afstrokur voru á nokkrum stöðum. Þannig voru afstrokur á tveimur stöðum á hægri afturhurð, líklega eftir fatnað. Á hægra afturbretti nokkru aftan við áfyllingarop eldsneytis voru fjórar afstrokur samhliða, gætu verið eftir fingur. Aftan á farangursgeymsluloki voru svipaðar afstrokur, er gætu verið eftir fingur. Þá hafði aur strokist af á nokkru svæði á afturstuðara fyrir miðju og einnig hafði aur strokist af að nokkru á báðum afturljóskerum, þó meira hægra megin.

Farangursgeymslulok var opnað en það er gert með því að ýta á læsingarhnapp sem er neðan við mitt lokið og var hann ólæstur. Kom þá í ljós lík af stúlku. Það lá á bakinu með höfuðið við vinstri hjólskál en fætur að hægra afturbretti. Hægri handleggur niður með síðunni og boginn um olnbogann og hendi upp á brjóstið. Vinstri handleggur nokkuð út frá síðunni, boginn um olnbogann og hendi upp á móts við höfuð. Höfuðið hallaði nokkuð út á vinstri hlið. Báðir fætur nokkuð bognir um hnén og sá hægri nokkru meira og hölluðu til hægri. Að ofan var líkið klætt í bláan bol og lopapeysu. Að neðan í sokkabuxum og síðbuxum með teygju í strenginn og á fótum í sokkum og gúmmístígvélum. Föt líksins voru talsvert blóðug sérstaklega á peysu ofan til og á baki og á buxum frá lærum og niður á skálmar. Höfuð líksins var mikið blóðugt, bæði í andliti og hári niður á háls. Úr munni hafði runnið blóðfroða. Báðar hendur voru kámugar af blóði. Stirðnun í útlimum var byrjuð. Við lauslega skoðun á staðnum voru sjáanleg á baki nokkur skotsár, sem bentu til að um haglaskot gæti verið að ræða. Líkið var tekið upp úr farangursgeymslunni og flutt til Fagurhólsmýrar og þaðan með flugvél til Reykjavíkur, þar sem réttarkrufning fer fram.

Undir líkinu var græn þunn regnúlpa. Hún var mikið blóðug bæði að

utan og innanverðu. Á efri hluta hennar voru fjölmörg göt, sem gætu verið eftir haglaskot. Lega úlpunnar var þannig að svo virtist sem gæti verið að hún hefði verið breidd þar undir og var hún undir efri hluta líksins og snéri hettan á úlpunni að höfði.

Þá var í farangursrýminu mikið af verkfærum af ýmsum gerðum og einnig varahlutum. Nokkuð af þessu var undir úlpunni. Blóð var sjáanlegt á sumu af þessu dóti og þar af meðal á haus af slaghamri, en hausinn á honum var undir úlpunni og gæti blóðið á honum mjög líklega hafa komið úr hinni látnu. Framar í farangursrýminu voru auk þessa hlífðarföt og undir regnstakk, sem þar var, voru pappa- og bréfumbúðir, sem gætu verið utan af fjórum áfengisflöskum. Þetta var ómerkt.

Ekki var sjáanlegt neitt blóð neðan á loki farangursgeymslunnar. Smávegis af blóði á einum stað innan á gafli farangursgeymslunnar. Það gæti hafa komið þar, þegar stúlkan var sett upp í farangursgeymsluna. Ekki var hægt að finna nein óyggjandi merki þess að stúlkan hefði hreyfst eftir að hún kom í farangursgeymsluna, nema á hægra afturbrettinu. Þar voru sjáanleg rykug för sem virtust vera eftir stígvél stúlkunnar. Stígvél á vinstri fæti nam við brettið og í kringum það voru þessi för. Hugsanlegt er að stígvélið hafi getað gert þessi för vegna hreyfinga bifreiðarinnar á ósléttum vegi og er því ekki hægt að fullyrða að förin hafi komið vegna eigin hreyfinga stúlkunnar.

Við athugun á farangursgeymslulokinu kom í ljós, að þegar það hafði verið opnað rúmlega hálfa leið, þá lyftist það sjálfkrafa í efstu stöðu og hélst þannig. Hélst það alveg opið og eru engar líkur til að það geti vegna hreyfinga frá bifreiðinni slegist alveg niður, en hugsanlega getur það hafa slegist eitthvað til í þessari stöðu. Þegar lokið var opnað tæplega hálfa leið og sleppt þar, þá féll það niður og læstist. Hins vegar var hægt að leggja lokið niður án þess að það læstist og hélst það þannig af eigin þunga. Ekki virðast neinar líkur til að lokið geti slegist til í neðstu stöðu vegna þess, að það læsist ef það slæst niður, þar sem lamir eru þannig gerðar að þunginn á lokinu eykst eftir því sem staða þess færist neðar. Það hins vegar léttist eftir því sem ofar dregur og sem áður sagði slæst það sjálfkrafa upp í efstu stöðu, þegar því hefur verið lyft rúmlega hálfa leið.

Í vinstra framsæti bifreiðarinnar var smávegis af fínum sandi. Á hnúð á gírstöng var blóðkám svo og var blóðkám á blárri skjalamöppu, sem var á milli framsætanna við gírstöngina. Í hægra framsæti var átekinn sígarettupakki, teg. Winston. Innan á vinstri framhurð í hólfi sem þar er, var eitt tómt skothylki cal. 222 teg. Sako. Í aftursæti var ljósbrún kuldaúlpa. Aftantil undir hægra framsæti var tappi af áfengisflösku.

Í bifreiðinni var talstöð af gerðinni Benco 40 rása nr. 15328. Stöðin var stillt á rás 6. Við athugun reyndist hún virk.

Svisslyklar stóðu í svisslásnum. Olíumælir sýndi tæplega hálfan tank. Olía lak af bifreiðinni, og var sjáanlegt að dropi og dropi lak niður frá olíutank.

Ökuljósker voru sprungin og hafði verið límt glært límband yfir þau bæði svo og tvö auka ljósker, sem eru innan við aðalljósker beggja vegna."

Hinn 18. ágúst kl. 22.50 mældu rannsóknarlögreglumenn birtuskilyrði á Skeiðarársandi. Segir svo í skýrslu um það, dags. sama dag:

„Mælingin var gerð á veginum heim að þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli frá þjóðveginum.

Loft var alskýjað, nema í vestri, þar sem aðeins grisjaði í heiðan himin. Mælinguna gerðum við þannig að við mældum fjarlægð milli okkar og kom í ljós, að þegar fjarlægðin var orðin 100 m þá sáum við alls ekki hvor annan. Þegar fjarlægðin var 50 m sáust útlínur manns ógreinilega.

Dimming (svo) gekk allhratt yfir þannig að kl. 22.30 var talsvert farið að rökkva, en þó hægt að greina mann í allmikilli fjarlægð. Kl. 23.00 mátti heita að komið væri alveg myrkur."

Hinn 3. nóvember sl. fór fram athugun hjá rannsóknarlögreglu á útsýni úr bifreiðinni Z-1540 og hvort hægt væri að sjá 300 m út frá henni, þegar myrkur er komið. Þá voru einnig gerðar athuganir varðandi farangursgeymslulokið á bifreiðinni. Segir á þessa leið í skýrslu rannsóknarlögreglunnar um athuganir þessar:

„Athugunin fór fram á Keflavíkurvegi í Kúagerði á móts við Vatnsleysustrandarveg. Mældir höfðu verið 300 m frá Keflavíkurvegi inn á Vatnsleysustrandarveg. Þar var komið fyrir rauðri Toyota fólksbifreið.

Aðstæður voru valdar með tilliti til þess að þær væru líkar og verið munu hafa á Skeiðarársandi við sæluhúsið um kl. 23.00 að kvöldi þess 16. sl.

Komið var myrkur, loft skýjað, rigningarsuddi og strekkingsvindur úr suðri. Möl og sandur út frá aksturleið Z-1540 og gróður lítill, endurkast ljósa því lítið frá umhverfinu.

Bifreiðinni Z-1540 var ekið fram hjá gatnamótunum með háu ljósin á og einnig aukaljósin. Í ljós kom að útilokað var að sjá hina bifreiðina, enda ekkert nálægt því að ökuljósin frá Z-1540 lýstu út frá henni. Endurtekin prófun gaf sömu niðurstöðu. Prófað var að beygja inn á Vatnsleysustrandarveg og lýsa í átt að hinni bifreiðinni frá gatnanmótunum. Við þær aðstæður sást mjög ógreinilega til hinnar bifreiðarinnar.

Óhreinindi voru hreinsuð af ljóskerum Z-1540 fyrir prófunina. Svo sem áður er fram komið voru ljóskerin framan á bifreiðinni með sprungum og hafði verið límt glært límband yfir þau, þannig að ljóskerin voru alveg hulin límbandinu. Bæði hái og lági ljósgeisli voru í lagi, en ekki kviknaði á nema öðru aukaljósinu. Aukaljósið framan á bifreiðinni virkaði þannig að þegar kveikt er á því jafnframt háa ljósgeislanum, þá eykst ljósmagnið

næst bifreiðinni og út í báða vegkanta, en mjög takmarkað út fyrir veginn.

Þá var gerð athugun með farangursgeymslulokið. Hún fór fram á Krísuvíkurvegi, þar sem hann er malarborinn. Lokið var opnað og síðan lagt niður þannig að það læstist ekki. Síðan var ekið smá spöl og kom þá í ljós að það læstist af titringnum, en alls ekki var um það að ræða að það slægist nokkuð til. Endurtekin prófun gaf sömu niðurstöðu. Þá var lokið sett í efstu stöðu og ekið með það þannig á móti strekkingsvindi allt að 80 km/klst. Kom þá í ljós að lokið blakti til en þó aldrei það mikið að það félli alveg niður.

Þá var gerð athugun á olíuleka bifreiðarinnar. Í ljós kom að díselolía lekur af bifreiðinni með leiðslu frá olíutank. Sett var ílát undir lekann og síðan mælt það magn sem lekið hafði eftir 14½ klst. Hafði þá lekið af bifreiðinni 0,33 l. Mælingu var haldið áfram og mælt aftur eftir 25 klst. og kom í ljós að í allt hafði þá lekið af bifreiðinni 0,64 l. Mælingin fór fram á tímabilinu frá kl. 20.00 þann 3.11. til kl. 11.30 þann 5.11.1982."

Þá var sama dag athugað með þéttleika í farangursgeymslu bifreiðarinnar Z-1540 með tilliti til niðurstöðu í krufningarskýrslu. Segir svo í skýrslu rannsóknarlögreglunnar um athugun þessa:

„Í M-Benz umboðinu var upplýst, að ekki væru neinar upplýsingar þar að fá um hver þéttleiki væri á farangursgeymslu slíkra bifreiða og ekki vitað til að framleiðendur hefðu gefið út tölur þar um. Heildarrými í farangursgeymslu er um 500 l.

Við skoðun á bifreiðinni kom í ljós að þéttikantur undir lokinu var talsvert sprunginn, en þó ekki svo að sjáanlegt væri að ryk kæmist þar inn. Engin göt voru finnanleg á farangursgeymslunni. Í framhluta hennar er olíutanknum komið fyrir þversum og milli hans og aftursætis er þil.

Óhætt þykir að fullyrða að farangursgeymslan geti ekki verið fyllilega loftþétt en loftskipti í henni þegar lokið er aftur hljóta að vera afar lítil.

Hjá Vinnueftirliti ríkisins var mér tjáð, að þar væri ekki til neinn útbúnaður til að gera mælingar í þessi efni.

Sama var mér tjáð í Heilbrigðiseftirliti ríkisis, en þar var bent á að í öðrum löndum væru þekkt dauðsföll varðandi innilokun í farangursgeymslu, t.d. varðandi flótta milli landa svo sem milli Austur- og Vestur-Þýskalands."

Um athugun á byssum og skotfærum þeim, er ákærði Grétar Sigurður hafði meðferðis, þegar hann var handtekinn, segir svo í skýrslu rannsóknarlögreglu, dagsettri 20.8.1982:

„1. Riffill, teg. BRNO, stærð cal. 22 long rifle, no. 64653. Á honum er sjónauki af gerðinni BUSHNELL 3X-7X 22. Rifflinum fylgir 5 skota magasín og axlaról. Á skefti riffilsins er rispað beggja megin. Á hægri hlið er eftirfarandi: „Þær voru með hss og þegar ég sagði þeim að koma með

á stöðina þá réðust þær á mig ég veit ég gerði vitleisu þess vegna því þið hefðuð aldrei trúað mér." Á vinstri hlið er eftirfarandi: „Ég elska Unni og börnin."

2. Haglabyssa, teg. Harrington & Richardson Topper model 88, stærð 12 ga, 3" Full. Patent nr. 3988848, serilal nr. AU31615. Hlauplengd 77 cm. Þarna er um að ræða vel með farna haglabyssu nr. 12 og gerða fyrir að þola sterkustu gerð af skotum. Einskota og borun hlaups með fullri þrengingu, sem hefur þann tilgang að byssan verði langdrægari.

Ofan á henni við hlið hamarsins er opnarinn. Þegar tómt skothylki er í hlaupinu og byssan er opnuð þeytir útdragarinn skothylkinu um 3 m beint aftur úr þegar byssunni er haldið í mittishæð. Þegar byssan hefur verið opnuð og skothylki sett í er hún spennt með því að draga hamarinn aftur. Til að hleypa af þarf fremur mikið átak á gikkinn. Miðað við aðrar byssur af líkum gerðum er átak á gikkinn fremur í þyngra lagi. Við athugun kemur í ljós að þegar hamarinn er dreginn aftur rennur járnfjöður (svo) upp fyrir aftan pinnann. Þegar tekið er í gikkinn og honum haldið aftur þá hleypur hamarinn fram og slær á fjöðrina sem síðan gefur höggið á pinnann sem hrekkur fram og slær á hvellhettuna í skotinu þannig að skotið ríður af. Sé gikknum hins vegar ekki haldið alveg aftur þá fellur fjöðrin niður og efri brún hamarsins lendir ofan við pinnann, þannig að ekki kemur högg á hann og skot hleypur ekki af. Mun þarna vera um aukið öryggi að ræða, þannig að sé byssan spennt þá hleypur skot ekki af nema gikknum sé haldið alveg aftur.

Þegar hamarinn hefur verið spenntur þá er bilið milli gikksins og gikkbjargarinnar fyrir aftan 4 mm. Gikkbjörgin er úr hörðu plasti og er breidd hennar 16 mm en breidd gikksins 7 mm. Ytri brúnir gikkbjargarinnar eru því 4,5 mm utan við ytri brúnir gikksins.

Aftan við skefti haglabyssunnar er skrúfuð plata úr hörðu efni (fiber). Brúnir hennar eru allhvassar. Gerð var prófun á haglabyssunni og einnig rifflinum fyrir blóði, en hún gaf neikvæða svörun.

Báðar byssurnar voru hlaðnar, þegar komið var að hinum grunaða. Þá var hann einnig með í vösum talsvert magn af skothylkjum og við talningu reyndust þar vera um að ræða riffilskot long rifle samtals 343 stk. og haglaskot 12 ga. tegund Federal 3 inch. super magnum haglastærð 2 alls 19 stk."

Samkvæmt leyfishafa- og skotvopnaskrá sýslumannsembættisins í Austur-Skaftafellssýslu er Hannes Guðlaugsson bóndi, Svínafelli í Öræfum, skráður eigandi og leyfishafi haglabyssunnar, en Gunnar Páll Bjarnason, Hofi í sömu sveit, riffilsins.

Í skýrslu rannsóknarlögreglu, dags. 2. mars 1983 segir svo:

„Þ. 11.02.1983 voru sendar á vegum RLR, 3 haglabyssur til Iðntæknistofnunar Íslands og óskað mælinga á þeim átaksþunga sem þyrfti á byssu-

gikkinn, til að hleypa af byssunum. Ein byssan var haglabyssa Grétars Sigurðar Arnaz, sem hann hafði meðferðis, er hann var handtekinn þ. 18.08.1982. Hinar tvær haglabyssurnar voru teknar af handahófi úr vopnageymslu RLR, en það var gert til að samanburður fengist á fyrrgreindum mælingum. Jafnframt var óskað eftir því, að mælingar þessar væru miðaðar við þann stað á byssugikkjunum, sem fingur hvíldi eðlilega á, er hleypt væri af byssunum á venjulegan hátt.

Haglabyssur þessar voru sendar Iðntæknistofnun merktar A, B og C og eru niðurstöður mælinganna merktar á sama hátt, en merkingarnar vísa til eftirtalinna byssa:

A — Einhleypt haglabyssa af gerðinni ZABALA.
Framleiðsluland: Spánn.

B — Einhleypt haglabyssa af gerðinni Harrington & Richardson..
Framleiðsluland: Bandaríkin.
(Haglabyssa Grétars Sigurðar Arnaz).

C — Einhleypt haglabyssa af gerðinni „AYA" mod. Cosmos.
Franleiðsluland: Spánn."

Um framangreindar mælingar segir í skýrslu Iðntæknistofnunar Íslands, dags. 18.2.1983:

„Gerðar voru átaksmælingar á byssugikkjum. 15 mælingar voru gerðar fyrir hverja byssu.

Niðurstöður:

	Átak (kg)	staðalfrávik (kg)
Byssa A	4.18	0.146
Byssa B	3.30	0.079
Byssa C	2.30	0.119."

Í fagbókum skotmanna „Small Arms Lexicon and concise Encyclopedia", sem fylgdi framangreindum gögnum segir, að meðatal æskilegs átaks á byssugikk rifla og haglabyssa sé frá 3 til 6 pund.

Rannsóknarlögregla ríkisins kannaði skotdragi (svo) og hagladreifingu haglabyssu þeirrar, sem ákærði hafði meðferðis, þegar hann var handtekinn. Segir svo í skýrslu Grétars Sæmundssonar rannsóknarlögreglumanns, dags. 8.9.1982, um athugun þessa:

„Könnun þessi var gerð af undirrituðum ásamt Haraldi Árnasyni, rannsóknarlögreglumanni í tæknideild og Sverri Scheving Thorsteinssyni, jarðfræðingi, Einimel 14, Reykjavík, en hann er félagi í Skotveiðifélaginu og einnig Skotfélagi Reykjavíkur.

Könnunin var gerð á skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur. Við prófun á haglabyssunni voru skothylki þau, sem kærði hafði meðferðis er hann var handtekinn, þ.e. Federal 12 ga., 3 inch. super magnum, haglastærð 2.

Miðað var við að finna líka dreifingu og var í líki hinnar látnu, til að kanna á hve löngu færi hefði verið skotið.

Notað var kartonpappi og hörplata. Fyrst var skotið á 10 m færi. Síðan var skotið á 30 m, 36,6 m, 40 m, 45 m og 50 m. Ljósmyndir voru teknar af spjöldunum og settur mælikvarði inn á myndirnar til viðmiðunar.

Miðað við prófun þessa og samanburð á skotdreifingu á líkinu má fullyrða að stúlkan hafi verið meira en 30 m frá byssunni, þegar hún varð fyrir skotinu og innan við 45 m. Líklegasta fjarlægð 36,6 m til 40 m.

Þá kom fram, að plastbikarinn úr skotunum féll til jarðar um 5 m frá byssunni, þegar skotið var úr henni frá axlarhæð. Bikar þessi mælist 1,2 gr. að þyngd. Hann er 300 mm á hæð og 18 mm í þvermál. Fjórar rifur er ofan í hann 18 mm að lengd. Fjöldi hagla í þessari gerð skota reynist við talningu 164 stk.

Að mati allra þeirra sem þátt tóku í prófun þessari var ekki talið hættandi á að reyna að skjóta úr byssunni með þeim hætti að halda á byssunni svo sem hinn kærði sýndi við sviðsetninguna. Þar sem hann hélt á byssunni í hægri hendi og sneri skeftið fram, en hlaupið aftur ofan á framréttum vinstri framhandlegg. Hélt hann um skeftið með þumalfingur ofan á skeftinu aftan við hamarinn en hina fjóra fingurna undir skeftið aftan við fingurbjörgina. Þar sem bakslag byssunnar er það mikið þegar þessum skotum er skotið, eru miklar líkur til að sá sem reynir að halda þannig á byssunni þegar skot hleypur af missi takið, alla vega er afar ólíklegt að hann sleppi við að skaða sig verulega á fingrum."

Þeir Grétar Sæmundsson, Haraldur Árnason og Sverrir Scheving Thorsteinsson jarðfræðingur, hafa mætt í dómi og staðfest framangreinda skýrslu.

Vitnið Sverrir Scheving Thorsteinsson, jarðfræðingur, sem er félagi í Skotveiðifélagi Íslands, kveðst hafa aðstoðað rannsóknarlögregluna við prófun á haglabyssu þeirri, sem ákærði, Grétar Sigurður Árnason, hafði meðferðis, er hann var handtekinn 18. ágúst 1982. Vitnið staðfesti, að það sé rétt, sem fram kemur í skýrslunni, um prófun á haglabyssunni. Vitnið kveður mega fullyrða, að miðað við prófun þá, sem fram fór á byssunni, og skotdreifingu á líki stúlkunnar hafi hún verið meira en 30 m frá byssunni, þegar hún varð fyrir skotinu, og innan við 45 m. Líklegasta fjarlægðin hafi verið 36.6-40 m.

Vitnið sá myndir af því, hvernig ákærði segir, að hann hafi haldið á byssunni, þegar skot hljóp úr henni, en nánari lýsing á þessu er í skýrslu Grétars Sæmundassonar rannsóknarlögreglumanns.

Vitnið kveður haglabyssuna hafa gefið mikið högg, þegar skotið var úr henni. Hafi ekki verið hættandi á að skjóta úr henni, ef haldið var á henni á sama hátt og ákærði lýsir. Það séu miklar líkur á því, að sá, sem heldur

á byssu, eins og ákærði segist hafa gert, þegar skotið fór úr byssunni, hefði getað slasast á hendi, sérstaklega á fingrum.

Vitnið var spurt um merkingu orðsins skotdragi. Vitnið telur að rétta orðið hefði verið langdrægni, þ. e. hvað skotið fer langa leið, svo að hætta stafi af.

Vitnið Sigurjón Arnar Bjarnason bóndi, Hofi IV, Hofshreppi, bróðir Unnar Bjarnadóttur, kveður hafa verið heima hjá því á Hofi 2 haglabyssur og 1 riffil. Önnur haglabyssan var rússnesk, og átti Stefán bróðir þess hana. Hin byssan var amerísk, og átti hana Ingi Hilmarsson, sem býr í Kópavogi, en hefur verið mikið sumarmaður á Hofi. Ingi hafði keypt byssuna af Hannesi Guðlaugssyni, Svínafelli, en hafði ekki aldur til að mega eiga byssur, og var byssan á nafni Hannesar. Vitnið heldur, að Gunnar Páll bróðir þess hafi átt riffilinn. Ákærði Grétar Sigurður notaði byssurnar við veiðar og var aldrei rætt við hann um notkun þeirra að vitnið veit. Byssurnar voru geymdar uppi á hillu í anddyrinu á Hofi IV, en stundum í kjallara eða vélargeymslu. Ákærði tók byssurnar stundum með, er hann fór eitthvað á bifreiðinni Z-1540. Geymdi hann þær í farangursgeymslu bifreiðarinnar eða í aftursæti. Vitnið sá aldrei, að ákærði geymdi byssurnar milli framsæta. Vitnið kveðst engin samskipti hafa haft við ákærða 16. ágúst 1982.

Bjarni Sigjónsson, bóndi á Hofi IV í Öræfum, faðir Unnar Bjarnadóttur, telur, að á heimilinu hafi verið til 2 haglabyssur og einn riffill, en ekki vissi hann, hverjir voru skráðir eigendur þeirra. Hann kvað skotvopnin hafa verið geymd uppi á hillu, þar sem börn náðu ekki til þeirra, en skotin annars staðar.

Bjarni taldi, að ákærði hefði verið mikið með byssur þessar og oft farið og skotið gæsir til matar fyrir heimilið. Aldrei var rætt við hann um heimildir til notkunar á byssunum að sögn Bjarna.

Í vottorði Veðurstofu Íslands, dags 10. september 1982, um veður á Fagurhólsmýri og Kirkjubæjarklaustri 16.-17. ágúst 1982 segir svo:

„Dags.	Tími	Vindátt og veður-hæð	Mest veðurhæð milli athugana	Veður	Skyggni	Hiti
Fagurhólsmýri						
16.08	18	A 4	4	Úrkoma í grennd	50	9.2
16.08	21	VNV 3	4	Skúr	50	8.6
16.08	24	ANA 3	3	Skýjað	50	6.6
17.08	09	ANA 5	5	Léttskýjað	50	10.5

,,Dags.	Tími	Vindátt og veður-hæð	Mest veðurhæð milli athugana	Veður	Skyggni	Hiti
17.08	12	ANA 5	5	Skýjað	50	11.6
17.08	18	VNV 3	5	Úrkoma á síðustu klukkustundum	50	10.0
Kirkjubæjarklaustur						
16.08	18	SV 1	2	Skúrir á síðustu klukkustund	50	9.2
16.08	21	ANA 1	—	Skýjað	25	8.7
16.08	24	A 1	—	Skúr	15	7.8
17.08	03	ANA 1	—	Skúr	7	7.1
17.08	06	ANA 1	—	Skúrir á síðustu klukkustund	20	7.4
17.08	09	ANA 2	2	Skúrir á síðustu 3 klukkustundum	70	8.7
17.08	12	ANA 2	—	Léttskýjað	70	11.8
17.08	15	ANA 2	—	Skýjað	70	11.8
17.08	18	Breytil átt 1	2	Skýjað	Meira en 75	11.2.“

Vitnið Guðjón Ingimundarson bifreiðastjóri, Hnappavöllum, kveðst þekkja ákærða, Grétar Sigurð Árnason. Vitnið er bifreiðastjóri á vöruflutningabíl, sem er í eigu Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, og hefur séð ákærða á bifreiðinni Z-1540.

Mánudaginn 16. ágúst 1982 var vitnið statt á Höfn í Hornafirði og sá ákærða þar á bifreiðinni kl. 15.00. Vitnið fór frá Höfn um kl 17.30 áleiðis vestur í Öræfi. Þegar það var komið fram hjá vegamótunum austur á land, sá það á veginum tvær stúlkur, sem klæddar voru þunnum regnfatnaði, þær veifuðu til þess og virtust vera að reyna að fá far vestureftir. Vitnið stöðvaði ekki.

Þegar vitnið var komið næstum að Flatey á Mýrum, kom ákærði á eftir því á töluvert mikilli ferð og ók fram úr. Þegar ákærði fór fram úr tók vitnið eftir því, að tveir farþegar voru í bifreiðinni hjá honum. Sýndist því það vera stúlkurnar, sem voru að leita eftir fari, en þetta geti það ekki fullyrt um.

Þegar vitnið var statt á milli Hrollaugsstaða og Hala, mætti það ákærða aftur, og sýndist hann þá vera með sömu farþegana. Kveðst vitnið hafa

haldið ferð sinni áfram og ekki numið staðar fyrr en á Fagurhólsmýri, en þar dvaldist það tæpa eina klukkustund og fór á brott um kl. 20.00. Síðan hélt það áfram og ók að Hofi með smá viðkomu á tveimur bæjum. Það kveðst hafa verið komið að Hofi um kl. 20.45 og séð, að ákærði var kominn heim á bifreiðinni.

Vitnið kveðst nokkrum sinnum hafa rætt við ákærða, en ekki átt nein samskipti við hann. Það varð ekki vart við neitt óeðlilegt í fari hans, en þó fannst því hegðun hans ekki alveg eðlileg, eftir að hann hafði tekið að sér vegaþjónustu hjá F.Í.B. um verslunarmannahelgina. Var hann þá að aka út og suður án þess að svo virtist, að hann væri að sinna verkefnum, sem hann hefði verið kallaður til.

Vitnið Rúnar Garðarson bóndi, Hofi, Hofshreppi, kveðst hafa unnið á bifreiðaverkstæði hjá ákærða Grétari Sigurði í febrúar og mars 1982, en síðan aftur í júlímánuði það ár fram að þeim tíma, er framangreindur atburður átti sér stað.

Kveðst vitnið lítil samskipti hafa átt við ákærða að öðru leyti. Ákærði var mjög laus við á verkstæðinu að sögn vitnisins og mikið í ferðalögum. Hann var oft einn einhvers staðar úti að aka um kvöld, fram á nætur og jafnvel morgun. Ekki kveðst vitnið vita, hvað hann var að gera, en ákærði gaf þá skýringu, að hann hefði verið að gera við bifreiðar. Ekki spurði vitnið hann nánar út í þetta, en segja megi, að ákærði hafi lítið unnið sjálfur á verkstæðinu.

Um verslunarmannahelgina tók hann að sér vegaþjónustu á vegum F.Í.B. Þá fékk hann tvær talstöðvar sendar í pósti og setti aðra í bifreiðina Z-1540. Ekki kveðst vitnið vita neitt um ráðningu ákærða hjá F.Í.B. og ekki vita, hvort hann hafi fengið mikla vinnu út á þetta, en hann hafi talað um, að hringt væri í sig til viðgerðarþjónustu og þá aðallega frá Skaftafelli.

Vikuna áður en framangreindur atburður gerðist fór ákærði til Reykjavíkur, sennilega á miðvikudegi. Hann kom aftur á laugardag milli kl. 18.00 og 19.00.

Þegar ákærði fór til Reykjavíkur, kveðst vitnið hafa tekið eftir, að hann var með riffil og haglaskot í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Einnig sá það haglaskot. Ákærði var að taka dót úr farangursgeymslunni, er vitnið sá þetta. Vitnið hafði orð á því við hann, að hann væri með byssur. Ákærði svaraði því til, að hann væri alltaf með þær. Vitnið vissi, að ákærði var oft með byssur í bifreiðinni, sérstaklega vorið 1982, og sá þær milli framsætanna, en það veit ekki, hvort svo var að staðaldri. Vitnið veit ekki tilganginn með þessu, en það vissi til þess, að ákærði hafði skotið gæsir, og einnig heyrði það ákærða tala um það einu sinni, að hann hefði verið að eiga við mink.

Þegar ákærði kom frá Reykjavík laugardaginn 14. ágúst, kom hann með

þrjár áfengisflöskur, sem hann hafði keypt fyrir vitnið. Ákærði hafði orð á því, að hann væri með að auki tvær flöskur af whisky og tvær af brennivíni. Ekki kveðst vitnið vita, hvort hann keypti þær fyrir sjálfan sig eða einhvern annan.

Þegar ákærði fór til Reykjavíkur, var hann eitthvað daufur að sögn vitnisins, en ekki veit það ástæðuna fyrir því. Þegar hann kom aftur laugardaginn 14. ágúst, var hann miklu hressari. Kveðst vitnið ekki hafa getað merkt á ákærða, að neitt sukk hefði verið á honum.

Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við hjá ákærða, að hann hefði meiri áhuga á lögreglumálum en gengur og gerist. Það hafi ekki heyrt hann segja frá eigin reynslu af eitur- eða fíkniefnum. Hins vegar hafi það heyrt á honum að hann væri neikvæður út í neyslu slíkra efna.

Vitnið vissi, að ákærði fór til Hafnar í Hornafirði mánudaginn 16. ágúst. Um kl. 19.00 um kvöldið sá það, að hann ók um veginn fyrir neðan Hof í vesturátt. Eftir það sá það ekki til ferða ákærða.

Vitnið Jóhann Þorsteinsson veghefilsstjóri, Svínafelli, Öræfum, kveðst hafa verið að hefla veginn á Skeiðarársandi mánudaginn 16. ágúst sl. Það hafi verið að koma vesta að. Um kl. 20.00 var vitnið statt nokkuð vestan við sæluhúsið, er það tók eftir bifreið, sem kom á móti og beygði upp að sæluhúsinu. Það tók ekki eftir, hvaða bifreið þetta var í fyrstu, en hún hafði skamma viðdvöl við sæluhúsið og var síðan ekið aftur niður á þjóðveginn. Þá var vitnið komið talsvert nær og taldi sig þekkja, að þarna væri á ferðinni Mercedes Benz bifreiðin, sem ákærði Grétar Sigurður ók. Bifreiðinni var ekið inn á þjóðveginn og síðan til austurs. Kveðst vitnið margoft hafa mætt þessari bifreið á vegunum þetta sumar.

Vitnið kveðst hafa verið á leið heim til sín um kl. 22.30 þetta kvöld, þegar það mætti framangreindri bifreið rétt vestan við Skaftafellsárbrú á austurleið. Þá var orðið dimmt, og sá vitnið ekki, hver ók. Vitnið kveðst margsinnis hafa séð ákærða á þessari bifreið á vegunum sumarið 1982.

Vitnið Guðlaug Jakobsdóttir vann á þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli sumarið 1982. Starf þess var fólgið í því að afgreiða bensín og olíur. Vitnið vann á tvískiptum vöktum, þannig að annan daginn vann það síðari hluta dags, en hinn daginn fyrri hlutann.

Vitnið kveðst hafa unnið í bensínsölunni síðari hluta dags. þann 16. ágúst. Þetta kveðst það vera visst um, vegna þess að það hafi verið á fyrri vaktinni þann 17. ágúst, þegar ljóst var orðið um atburðinn á Skeiðarársandi nóttina áður.

Vitnið kveðst ekki minnast þess, að ákærði Grétar Sigurður hafi tekið olíu að kvöldi þess 16. ágúst. Segist það telja, að það hlyti að muna eftir, hafi svo verið, og telja óhætt að fullyrða, að hann hafi ekki tekið olíu í Skaftafelli framangreint kvöld.

Vitnið varð ekki vart við ferðamann að kvöldi 16. ágúst, sem þurfti á viðgerð á bifreið að halda, en svo gæti hafa verið þrátt fyrir það.

Vitnið hafði áður afgreitt ákærða með olíu á bifreið hans. Ákærði vildi alltaf dæla sjálfur á bifreiðina. Hann tók staðgreiðslunótur, þegar hann tók olíu, en stundum vildi hann láta skrifa hjá sér olíu, sem afgreiðslustúlkunum var ekki heimilt að gera.

Það var föst regla, að sögn vitnisins, að skrifa alltaf nótu, þegar afgreitt var bensín eða olía, hvort sem viðkomandi óskaði eftir að fá staðgreiðslunótu eða ekki.

Vitnið Unnur Bjarnadóttir, sambýliskona ákærða, kveðst hafa kynnst honum seinni part vetrar 1981. Í maí sama ár fluttist ákærði heim til vitnisins að Hofi IV í Öræfum, og hófu þau þar sambúð á heimili foreldra þess. Þau eiga saman eitt barn.

Vitninu virtist ákærði vera haldinn þunglyndi seinni part sumars 1982, en ekki bar þó mikið á því, enda er hann dulur. Ákærði var mikið á ferðinni á bifreiðinni fyrir framangreindan atburð, og taldi vitnið, að hann væri að sinna viðgerðum. Ákærði fór til Reykjavíkur í vikunni áður. Hann kom aftur síðdegis laugardaginn 14. ágúst og virtist þá vel haldinn og ekkert athugavert í fari hans. Varð vitnið ekki vart við, að ákærði hefði áfengi meðferðis. Vitninu er ekki kunnugt um nein sérstök vandamál ákærða nema áfengisvandamál, en ekki hefur borið á því, síðan þau kynntust.

Vitnið var eigandi bifreiðarinnar Z-1540, en ákærði hafði afnot af bifreiðinni. Ákærði var stundum með byssur í bifreiðinni, en ekki alltaf. Byssur þessar voru heima hjá vitninu á Hofi, en það vissi ekki, hver var eigandi þeirra. Ákærði notaði byssurnar við veiðar. Vitnið vissi ekki til þess, að ákærði ætti byssu sjálfur.

Vitnið kveður ákærða hafa farið að Höfn í Hornafirði mánudaginn 16. ágúst kl. 14.20. Ók hann móður vitnisins þangað og eins var hann að borga af láni. Hann kom heim aftur kl. 20.00 og borðaði. Kvaðst hann hafa tekið upp í bifreiðina tvær stúlkur, sem hefðu verið fótgangandi og ekið þeim að Skaftafelli, en ekki skýrði hann frá þessu nánar. Hann nefndi ekki sæluhúsið á Skeiðarársandi í þessu sambandi og ræddi þetta ekki frekar. Ákærði kvaðst þurfa að fara að Skaftafelli um kvöldið til að gera við bifreið. Taldi vitnið, að ákærði ætlaði að aðstoða útlendinga, því að hann var að tala um „Fransara“ í þessu sambandi. Bað vitnið hann að hinkra, þar til það væri búið að mjólka, og gerði ákærði það. Ákærði fór á brott rétt fyrir kl. 22.00. Vitnið sá ekkert óeðlilegt í fari ákærða og merkti ekki, að hann væri ölvaður.

Vitnið veit ekkert um, hvort byssur voru í bifreiðinni hjá ákærða umrætt sinn eða hann tók þær með. Þegar ákærði var með byssur í bifreiðinni,

geymdi hann þær í farangursgeymslunni. Vitnið sá þær aldrei milli framsætanna.

Vitnið kveður ákærða hafa verið slæman í mjöðminni vegna kölkunar. Háði þetta honum í gangi, og átti hann mjög erfitt með að hlaupa.

Vitnið vissi ekki annað en ákærði hefði fengið F.Í.B. skilti frá Reykjavík. Hann hafði aðeins haft það á bifreiðinni eftir verslunarmannahelgina og talaði um, að hann hefði fengið það of seint. Vitnið eignaðist bifreiðina Z-1540 um áramótin 1981—1982. Bifreiðin var keypt að ósk ákærða, og lét vitnið bifreið, er það átti, ganga upp í kaupin.

Vitnið Sveinbjörn Garðarsson vörubifreiðastjóri, Hraunbæ 64, hefur skýrt frá því, að það hafi verið að koma frá Reykjavík á bifreiðinni R-38487 mánudaginn 16. ágúst 1982. Bifreiðin R-38487 er dráttarbifreið með tjörutank, og var vitnið á leið til Hafnar í Hornafirði með farm. Um kl. 00.30 aðfaranótt 17. ágúst kom vitnið að bifreið um það bil 3 km fyrir vestan Skeiðarárbrú. Bifreið þessi hafði verið stöðvuð skáhalt á veginum og snéri út á hægri vegarhelming. Greinileg hemlaför sáust fyrir aftan bifreiðina, en ekki man vitnið, hvað þau voru löng. Bifreiðin hálf lokaði veginum, og þurfti vitnið að aka alveg út á vegarbrún til að komast fram með henni. Bifreiðin var í gangi og ljósin kveikt. Vitnið nam staðar á móts við bifreiðina. Vitnið hafði séð bifreiðina áður og vissi, hvar ökumaður hennar átti heima og að hann annaðist viðgerðarþjónustu. Bifreið þessi var Mercedes Benz, græn að lit, en skrásetningarmerki man vitnið ekki. Á þaki bifreiðarinnar var merki F.Í.B. og flögg. Við vinstri framhurð bifreiðarinnar stóð maður, sem vitnið hafði ekki séð áður. Hann var dökkhærður, nokkuð þrekinn og með yfirvaraskegg. Þega vitnið hafði stöðvað bifreiðina, skrúfaði það niður hliðarrúðu og spurði manninn, hvað hefði gerst. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því, að manninum var greinilega brugðið. Vitnið sá ekki byssu við bifreiðina. Það telur víst, að það hefði orðið vart við, ef byssa hefði staðið upp við hana. Maðurinn var heldur ekki með byssu í höndunum. Rétt í því að vitnið hafði skúfað rúðuna niður, heyrði það angistar- og sársaukaóp í stúlku. Maðurinn sagði við vitnið, að hann hefði ekið á stúlkuna, sem hefði verið gangandi á veginum og væru hún viti sínu fjær og hrædd. Í þessu kom stúlkan í ljós fyrir aftan bifreið mannsins. Hún skreið frá vinstri vegjaðri og studdi sig við höggvara bifreiðarinnar. Síðan færði hún sig yfir að bifreið vitnisins. Hún greip í frambretti bifreiðarinnar og spegilfestingu með annarri hendi, en í brún rúðunnar, sem vitnið hafði skrúfað niður, með hinni hendinni. Stóð stúlkan þannig í tröppum upp í bifreiðina. Stúlkan talaði ensku. Hún sagði: „Please, help me, he try kill me.“ Maðurinn hindraði stúlkuna ekki við þetta. Stúlkan var blóðug í andliti og á höndum. Maðurinn sagði vitninu að taka ekki mark

á stúlkunni. Hún væri viti sínu fjær og geðveik og réði hann ekkert við hana. Maðurinn bað vitnið að fara strax í þjónustumiðstöðina í Skaftafelli og ná í hjálp. Taldi vitnið, að hann ætlaði að bíða á staðnum. Vitnið fór aldrei út úr bifreiðinni. Það kveðst hafa haft hraðan á og beðið manninn að taka stúlkuna frá bifreiðinni. Tók maðurinn í peysu stúlkunnar og togaði hana af bifreiðinni. Fannst vitninu þetta harkalega gert, þar sem stúlkan var slösuð, en þó ef til vill nauðsynlegt. Stúlkan hrópaði á hjálp, er vitnið ók af stað, og endurtók þau hróp nokkrum sinnum. Vitnið kveður það hafa ráðið nokkru um, að það hafði ekki afskipti af stúlkunni á staðnum, að bifreið mannsins var með F.Í.B. merki og flögg. Vitnið hraðaði ferð sinni að Skaftafelli, enda hafði maðurinn beðið vitnið að flýta sér. Hugsun vitnisins var sú, að það vorkenndi manninum að þurfa að bíða á staðnum með slasaða stúlku í myrkri og rigningu. Þegar vitnið var komið austur undir Skeiðarárbrú, kom flutningabifreið frá Kaupfélagi Héraðsbúa á móti því. Ökumaður hennar heitir Gunnar, og kannast vitnið við hann. Vitnið stöðvaði bifreiðina og hafði tal af Gunnari. Bað það hann að aðstoða framangreindan bifreiðastjóra, þar sem stúlkan væri mjög óróleg. Vitnið ók síðan áfram. Það var komið um það bil hálfa leið eftir beina vegarkaflanum frá Skeiðarárbrú að afleggjaranum að Skaftafelli, þegar það sá bifreið ekið austur Skeiðarársand, og var hún komin nokkuð austur fyrir Skeiðarárbrú. Vitnið varð hissa á því, að þessi ökumaður skyldi ekki hafa stöðvað á slysstaðnum og aðstoðað ökumanninn. Þegar vitnið hugsaði um þetta eftir á, taldi það ekki hafa getað verið um aðra bifreið að ræða en Mercedes Benz bifreiðina á sandinum. Vitnið kveðst hafa hraðað mjög ferð sinni að Skaftafelli og ekið á allt að 100 km hraða á beina kaflanum á Skeiðarársandi. Vitnið fór að þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli og tilkynnti um atburðinn. Ólafi Sigurðssyni, lögreglumanni í Svínafelli, var gert viðvart, og kom hann að Skaftafelli. Vitnið kveðst hafa beðið hans niðri á vegamótum. Það ræddi við hann, þegar hann kom, en Ólafur taldi ekki, að þörf væri á frekari aðstoð vitnisins.

Vitnið kveðst ekki hafa heyrt byssuskot úti á Skeiðarársandi umrætt sinn.

Við samprófun við ákærða kvaðst hann ekki hreyfa athugasemdum við framburði vitnisins og telja hann réttan.

Vitnið Gunnar Auðunn Stefánsson bifreiðastjóri, Heiðarvegi 3, Reyðarfirði, hefur skýrt frá því, að það hafi verið að koma austan frá Reyðarfirði á bifreiðinni U-664, sem er Bedford vöruflutningabifreið, þann 16. ágúst 1982. Um miðnætti aðfaranótt 17. ágúst, þegar það var statt rétt vestan við Skeiðarárbrú, stöðvaði það ökumaður á dráttarbifreið með tengivagni aftan í og tók það tali. Sagði hann vitninu, að útlendingur hefði orðið fyrir F.Í.B. bifreið vestar á Skeiðarársandi. Spurði hann vitnið, hvort það væri með talstöð og bað það að ná sambandi við Hornafjörð. Vitnið sagði, að

tilgangslaust væri að reyna það og kveikti ekki á talstöðinni. Vitnið man ekki til, að ökumaðurinn bæði það um að aðstoða manninn á F.Í.B. bifreiðinni, en vill þó ekki alveg fullyrða það. Vitnið ók síðan áfram nokkra leið í vestur. Kom þá á móti því F.Í.B. bifreið á mjög mikilli ferð. Blikkaði ökumaður aðalljósum í sífellu. Vitnið hægði ferðina, vék út á vegarbrún og gaf ökumanni gott rými til að komast fram hjá. Það nam þó ekki alveg staðar. Bifreiðinni var ekið viðstöðulaust áfram til austurs með sama hraða. Vitnið fullyrðir, að ökumaðurinn hafi ekki ætlað að stöðva það. Vitnið fylgdist með ferðum bifreiðarinnar í baksýnisspegli, uns hún var að fara inn á Skeiðarárbrú. Þegar vitnið kom nokkru vestar á sandinn, sá það bremsuför eftir bifreið á veginum og sagði lögreglunni frá því. Vitnið ók fyrst að Kirkjubæjarklaustri og síðan að Vík í Mýrdal og ræddi á báðum stöðum við lögreglu.

Vitnið Marie Luce Bahuaud bókhaldari, La Foresterie 44120, Vertou, Frakklandi, fædd 20. júní 1953, kom frá Luxemborg til Íslands sem ferðamaður hinn 26. maí 1982 ásamt Yvette Marie, systur sinni. Þær systur ætluðu að dveljast hér á landi til 22. ágúst sama ár, en þá hugðust þær fara af landi brott.

Vitnið kveður þær hafa verið á hringferð um landið í ágúst 1982. Aðfaranótt 16. ágúst gistu þær á hótelinu á Djúpavogi. Fóru þær áleiðis til Hafnar í Hornafirði hinn 16. ágúst á þann hátt, að þær báðust fars hjá ökumönnum, er leið áttu um veginn. Þær fóru þó aldrei til Hafnar alla leið, en námu staðar við vegamótin þangað. Þær voru á leið í Skaftafell, en ætluðu að hafa viðkomu við Jökulsá á Breiðamerkursandi. Vitnið kveður þær systur hafa beðið við vegamótin að Höfn eftir að fá far með bifreið. Þær höfðu stöðvað 1 til 2 bifreiðar og reynt að fá far, en bifreiðarnar ætluðu aðeins 10 km vegalengd, svo þær hættu við að fara með þeim. Um kl. 17.00 kom bifreið frá Höfn í Hornafirði. Þær veifuðu bifreiðinni, og nam ökumaður staðar. Bifreið þessi var Mercedes Benz fólksbifreið, græn að lit. Vitnið man eftir tveimur loftnetsstöngum á bifreiðinni að framan, og í henni var talstöð. Vitnið sá í dóminum F.Í.B. merkin, sem voru á bifreiðinni Z-1540, og staðfesti, að þau hafi verið á bifreiðinni. Vitnið man ekki, hvort bifreiðinni var ekið með ljósum. Þær álitu, að framangreind bifreið væri lögreglubifreið. Ökumaður var einn í bifreiðinni. Vitnið telur, að hann hafi verið 40-45 ára að aldri og með kastaníubrúnt hár. Vitnið mundi ekki, hvernig ökumaður var klæddur. Í skýrslu rannsóknarlögreglu segir það hann hafa verið í rauðköflóttri skyrtu. Þær ræddu við ökumann á ensku og báðu hann um far. Hann talaði sæmilega ensku að sögn vitnisins. Þær spurðu ökumanninn, hvort hann væri á leið áleiðis að Skaftafelli, og svaraði hann því játandi. Báðu þær hann um far með bifreiðinni, og varð hann við því. Þær voru á leið að Jökulsá á Breiðamerkursandi og ætluðu að gista þar

í sæluhúsi, sem sýnt var á korti, sem þær höfðu meðferðis. Vitnið settist í framsæti bifreiðarinnar við hlið bifreiðastjórans, en systir þess í aftursæti. Farangur þeirra var settur í farangursgeymslu nema handtöskur, sem voru í aftursæti. Vitnið kveðst ekki hafa séð byssu eða byssur í bifreiðinni. Var vitnið sérstaklega spurt um riffil og haglabyssu. Það kveðst hvorki hafa séð byssur milli framsætanna né í farangursgeymslu. Vitninu voru sýndar byssurnar, sem ákærði var með, þegar hann var handtekinn. Það kvaðst ekki hafa séð byssur þessar í bifreiðinni. Vitnið og systir þess ræddu við ökumann bifreiðarinnar um starf hans, hvað þær hefðu séð á Íslandi og ætluðu að sjá. Ökumaður sagði þeim, að hann sæi um öryggi á vegum og ynni með lögreglunni. Hann aðstoðaði ferðamenn. Sagði hann þeim, að starfssvæði sitt á milli Jökulsár á Breiðamerkursandi og Skaftafells. Vitnið er ekki visst um, hvort ökumaðurinn sýndi þeim skilríki. Hann var að tala í talstöð á leiðinni. Þær spurðu ökumanninn, hvar þær gætu gist næstu nótt. Ók hann að beiðni þeirra að sæluhúsinu á Breiðamerkursandi. Þar var athugað með gistingu, en fólk var fyrir og ekki pláss fyrir þær. Könnuðu þær þetta af eigin raun. Bifreiðastjórinn bauðst til að aka þeim til baka að skipbrotsmannaskýli að vitnið telur, sem er skammt frá áðurgreindu sæluhúsi, eða 4-5 km. Fór ökumaður, er þangað kom úr bifreiðinni, og leit inn í skýlið. Kom hann aftur og sagði, að þar væru Englendingar. Sagði hann þeim, að hann vissi um annað sæluhús, sem væri á leiðinni í átt að Skaftafelli, þar sem þær gætu hugsanlega gist.

Þessu næst var ekið að Jökulsá á Breiðamerkursandi. Var staðnæmst þar, og tók vitnið myndir af ísjökum í lóninu. Var að því búnu ekið áfram og ekki staðnæmst fyrr en við sæluhúsið á Skeiðarársandi. Vitnið kveður ökumann ekki hafa minnst á, hvar hann ætti heima, og hann hafi ekki bent á heimili sitt á leiðinni að sæluhúsinu. Ökumaðurinn nefndi aldrei, að hann ræki bifreiðaverkstæði. Hann sagðist aðstoða ökumenn við að koma bifreiðum í gang, ef þær biluðu úti á vegum. vitnið kveður aldrei hafa verið minnst á það við ökumann, að þær færu að Skaftafelli. Vitnið vissi, að þar var aðstaða til að tjalda, en ekki skýli. Þær hafi ætlað að Skaftafelli síðar til að skoða sig um, en síðan til Reykjavíkur.

Komið var að sæluhúsinu kl. 20.30. Vitnið man eftir veghefli á þjóðveginum skammt frá sæluhúsinu. Ökumaður ók alveg að dyrum sæluhússins. Hann nam staðar beint fyrir framan dyrnar, og snéri framendi bifreiðarinnar að þeim. Þar fóru þær úr bifreiðinni og aðstoðaði ökumaðurinn þær við að koma farangrinum inn í sæluhúsið. Eitthvert hitunartæki stóð á borði í sæluhúsinu. Ökumaðurinn fór ótilkvaddur að athuga hvort hann gæti kveikt á því, en það tókst ekki. Ökumaðurinn sagði, að smalar notuðu sæluhúsið, en ferðamenn mættu gista þar. Ökumaðurinn hafði skamma viðdvöl í sæluhúsinu, en fór síðan á brott. Hann nefndi ekki, að hann myndi

koma aftur. Þær buðu ökumanni ekki greiðslu fyrir aksturinn, og var það mál aldrei rætt.

Vitnið telur, að þær hafi gengið í kringum sæluhúsið og athugað umhverfið smávegis, eftir að þær komu þangað, en það hafi verið rigning. Vitnið man ekki, hvort það skoðaði skúrinn bak við sæluhúsið. Vitnið tók ekki eftir neinu sérstöku á hurð skúrsins. Vitninu var sýnd mynd af hurðinni, en á henni eru för eftir haglaskot og brotið úr henni. Vitnið kvaðst ekkert muna eftir þessum ummerkjum á hurðinni.

Eftir að þær komu í sæluhúsið ræddu þær saman, en borðuðu síðan. Gestabók var í sæluhúsinu, og skrifaði vitnið í hana nöfn þeirra og þakkir til lögreglumannsins (sheriff), sem ók þeim. Með orðinu „sheriff" átti vitnið við mann, sem tilheyrir lögreglu, enda þótt það teldi manninn ekki svo hátt settan. Vitnið telur, að þær hafi farið að sofa um kl. 21.30. Þær sváfu í neðri kojum. Vitnið svaf í innstu kojunni, en systir þess í þeirri næstu. Þær fóru úr utanyfirfötum, áður en þær fóru að sofa, en afklæddust ekki alveg. Þær sváfu í svefnpokum. Þær urðu ekki varar við mannaferðir við sæluhúsið, fyrr en ákærði kom aftur, eins og á eftir verður rakið.

Vitnið kveður systur sína hafa vakið sig kl. 23.30. Vitnið staðhæfir, að þessi tími sé réttur, þar sem það leit á úr sitt. Þegar vitnið vaknaði stóð ökumaðurinn, sem hafði ekið þeim að sæluhúsinu, í dyragættinni. Ekki var alveg myrkur og hægt að sjá mann í nokkurra metra fjarlægð. Maðurinn var með vasaljós í annarri hendi, sem hann lýsti með inn í húsið, en í hinni hendinni hélt hann á byssu. Vitnið man ekki fyrir víst, hvernig maðurinn hélt á byssunni, en hlaupið snéri inn í húsið. Vitnið gat ekki merkt, að maðurinn væri í æstu skapi. Hann var ekki neitt annarlegur að sjá, og ekki gat vitnið merkt á honum áfengisáhrif. Maðurinn sagði við þær, að lögreglan á Akureyri hefði hringt til sín og sagt sér, að þær reyktu hass. Hefði lögreglan beðið sig að fara með þær að Höfn í Hornafirði til lögreglu til rannsóknar á þessu. Þær hafi spurt, hvort hann gæti ekki farið með þær til lögreglunnar í Skaftafelli, en hann hafi sagt, að hann vildi það ekki. Vitnið kveður þetta hafa verið með öllu tilhæfulaust og hafi þær boðið manninum að skoða í farangur þeirra til að ganga úr skugga um þetta. Maðurinn nefndi aldrei, að hann fyndi lykt af hassi í sæluhúsinu. Vitnið heldur, að maðurinn hafi sýnt þeim eitthvert kort til að sanna þeim, að hann hefði eftirlit á vegunum. Ef svo hefir verið, þá var það í bifreiðinni fyrr um kvöldið. Var mynd af manninum í vinstra horni kortsins að ofan.

Í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu sagði vitnið, að þær hafi ekki viljað fara með manninum og beðið hann að sýna þeim, hvort hann væri raunverulegur lögreglumaður. Hann hafi þá sýnt þeim gráa kortið. Þær hafi ekki getað séð, að þetta væri kort lögreglumanns og ekki viljað fara. Þegar vitnið og systir þess neituðu að fara með manninum, varð hann reiður.

Hann fór út úr sæluhúsinu og inn í bifreiðina. Vitnið kveður þær aldrei hafa sagst ætla að koma með manninum og hafi hann því ekki farið út í bifreiðina í því skyni að bíða eftir þeim, svo sem hann heldur fram.

Á meðan maðurinn var burtu, klæddu þær sig og tóku saman farangur sinn. Þegar maðurinn kom aftur, var hann enn með byssuna og vasaljósið. Einnig var hann með búta af rafmagnsvír. Maðurinn skipaði þeim að koma með sér, en þær neituðu. Töldu þær manninn vera að segja ósatt og voru hræddar við hann. Maðurinn talaði um, að hann ætlaði að binda aðra þeirra með rafmagnsvírnum og fara með hana brott, fyrst þær vildu ekki koma með góðu. Þegar þær höfðu algjörlega neitað manninum um að fara með honum, fór hann enn út í bifreiðina. Hann var þar stutta stund, en kom svo aftur. Hann var með byssuna sem áður, vasaljósið og vírbútana og auk þess einhvern þungan hlut, sem hann hélt á í annarri hendi. Var hlutur þessi annað hvort úr málmi eða steinn. Maðurinn beindi byssunni sem áður inn í húsið. Maðurinn var mjög reiður og í uppnámi. Vitnið kveður þær ekki á neinn hátt hafa reynt að hindra, að hann kæmist inn í húsið, svo sem með því að loka á hann hurðinni. Maðurinn ræddi við þær, en síðan réðst hann á vitnið rétt við dyrnar. Hann barði hana í höfuðið þrjú til fjögur högg með hlut þeim, sem hann var með. Vitnið veit ekki, hvort maðurinn barði það með byssuskeftinu.

Vitnið kveðst aldrei hafa reynt að ná taki á byssunni, á meðan maðurinn var að berja það með henni, enda hafi hann beint hlaupinu inn í húsið og að þeim. Vitnið heyrði ekki, að skot hlypi úr byssunni inni í húsinu, á meðan á átökunum stóð. Það heyrði ekki skothvell, áður en það missti meðvitund. Vitnið kveðst ekki vita, hvert maðurinn beindi byssuhlaupinu, þegar systir þess hljóp út úr húsinu, en hlaupið vísaði inn, eins og áður greinir, og maðurinn var dálítið að ógna með byssunni. Maðurinn barði einnig systur vitnisins, en það veit ekki, hvar höggið lenti. Vitnið sá, að systir þess hljóp út úr sæluhúsinu. Vitnið féll á gólfið við höggin frá manninum og missti meðvitund. Vitnið kveðst ekkert hafa getað varið sig fyrir manninum, er hann réðst á það.

Í lögregluskýrslu segir vitnið, að það hafi reynt að grípa í fætur mannsins, eftir að hann hafði slegið það fyrsta höggið, og aðeins náð taki, en misst það, er hann sló aftur.

Vitnið getur ekki sagt um, hve lengi það lá meðvitundarlaust. Þegar það kom aftur til sjálfs sín, var maðurinn farinn á brott. Þegar vitnið var komið til meðvitundar, kveðst það hafa heyrt óp í systur sinni, síðan skot, þá aftur óp og skot aftur, og liðu nokkrar sekúndur á milli skothvellanna. Getur það ekki sagt um, hve langt þetta var í burtu. Vitnið heyrði ekki aðra skothvelli. Skömmu eftir þetta heyrði vitnið, að bifreið var sett í gang og ekið á brott. Eftir það varð allt hljótt. Vitnið dvaldist nokkra stund

í sæluhúsinu til að jafna sig, en þegar það fann, að það var ferðafært, fór það út og gekk niður á veg. Vitnið tók svefnpoka með sér og hafði yfir öxlina. Það beið nokkra stund við veginn. Sá það bifreið koma frá Skaftafelli, en þorði ekki að gefa sig fram, þar sem það hélt, að maðurinn væri þar á ferð. Nokkru síðar kom bifreið vestan að. Vitnið veifaði og nam ökumaðurinn staðar. Þar var kominn lögreglumaður og maður og kona með honum. Var vitnið tekið upp í bifreiðina og ekið að Skaftafelli. Vitnið skýrði lögreglumanninum og fólkinu í bifreiðinni frá því, sem komið hafði fyrir.

Vitnið kveður þær systur aldrei hafa kveikt ljós í sæluhúsinu, á meðan þær dvöldust þar.

Vitnið kveðst hafa orðið vart við vörubifreið á leið eftir þjóðveginum frá Skaftafelli í vesturátt eftir kl. 23.30.

Vitnið sá mynd (nr. 55) af gleraugum og staðfesti, að um gleraugu systur þess vær að ræða. Systir vitnisins var nærsýn og notaði gleraugu.

Vitnið kveðst algjörlega hafa náð sér af meiðslum þeim, sem það hlaut.

Árni Sigurjónsson, forstöðumaður Útlendingaeftirlitsins, hefur upplýst, að engar upplýsingar liggi fyrir um þær systur, Marie Luce og Yvette Marie Bahuaud, hjá Útlendingaeftirlitinu. Þær hefðu hvorki sótt um dvalarleyfi né atvinnuleyfi hér á landi. Einnig hafði hann kannað með dvöl þeirra hér og þær ekki dvalist á neinu hóteli eða opinberum gististað.

Ákærði Grétar Sigurður hefur skýrt frá því, að hann hafi kynnst Unni Bjarndóttur Hofi IV í Öræfum, veturinn 1980-1981. Vorið 1981 flutti ákærði að Hofi IV og tók upp sambúð við Unni á heimili foreldra hennar. Ákærði hóf rekstur viðgerðarverkstæðis á Hofi IV. Hann hafði lært bifreiðaviðgerðir um 4 ára skeið, en ekki öðlast réttindi sem bifvélavirki. Ákærði fékk bifreiðina Z-1540 til afnota, en Unnur var eigandi bifreiðarinnar. Bifreið þessi er af Mercedes Benz gerð, græn að lit. Ákærði kveðst hafa ekið bifreiðinni í þágu starfs síns. Hann hafði þó verið sviptur ökuleyfi ævilangt 3/2 1978 og ekki öðlast ökuréttindi að nýju. Ákærði kveðst hafa haft góða heilsu að öðru leyti en því, að hann hafi verið slæmur í mjöðminni vegna brjóskeyðingar. Hefur ákærði átt erfitt um gang og alls ekki getað hlaupið.

Sumarið 1982 hafði Félag íslenskra bifreiðaeigenda samband við ákærða og bað hann um að greiða fyrir umferð á leiðinni frá Vík í Mýrdal að Höfn í Hornafirði. Átti ákærði að annast viðgerðir á bifreiðum, sem biluðu á þessari leið. Í framhaldi af þessu kveðst ákærði hafa rætt við F.Í.B. í júní þetta sumar, og varð niðurstaðan af því sú, að honum var falið að annast viðgerðarþjónustu á svæðinu milli Reynivalla í Suðursveit og Kirkjubæjarklausturs. Fékk ákærði skömmu fyrir verslunarmannahelgina frá F.Í.B. flögg og skilti með áletruninni „FIB VEGAÞJÓNUSTA 4“ og merki

félagsins til að setja á bifreiðina af því tilefni og einnig skilríki. Samkomulagið við ákærða var munnlegt, og kveðst hann ekkert hafa fengið greitt frá F.Í.B. Tekið var fram, að ákærði þyrfti að vera úti á vegum þrjá daga um verslunarmannahelgina, en síðan réði hann því sjálfur, hvað hann væri mikið úti á vegum. Ákærði gerði eins og um var beðið og hélt áfram eftir verslunarmannahelgina að vera úti á vegum. Nokkru áður hafði ákærði keypt talstöð fyrir eigið fé og sett í bifreiðina. Ákærði kveðst hafa tilkynnt til Umferðarráðs um verslunarmannhelgina, hvar bifreið hans var stödd á hverjum tíma og á hvaða leið. Var þessu útvarpað athugasemdalaust.

Ákærða var bent á, að samkvæmt tilkynningum frá F.Í.B. til Ríkisútvarpsins dagana frá 31. júlí til 2. ágúst 1982 sé vegaþjónustubifreið nr. 4 tilkynnt vera að Hofi í Öræfum.

Ákærða var bent á fyrri framburð hans. Hann kvaðst ekki geta skýrt það, hvernig standi á því, að þetta hafi verið lesið svona í útvarpi.

Ákærða var kynnt bréf Hafsteins Vilhelmssonar, framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Ákærði kveðst mótmæla því, er í bréfinu greinir, að hann hafi ekki átt að sinna viðgerðarþjónustu á umræddu svæði. Tók hann fram, að hann hefði einmitt fengið merki félagsins í þessu skyni.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi farið eftir hádegi mánudaginn 16. ágúst 1982 á bifreiðinni Z-1540 að Höfn í Hornafirði. Ákærði var að aka tengdamóður sinni þangað, og eins var erindið að greiða afborgun af láni.

Hann kveðst hafa verið á leiðinni til baka frá Höfn að Hofi um kl. 17.00. Þegar hann var kominn um 7 km frá Höfn, ók hann fram á tvær stúlkur, sem voru gangandi á þjóðveginum við Lónsvegamót. Stúlkurnar gáfu ákærða merki um að nema staðar, og gerði hann það. Stúlkurnar töluðu ensku. Þær spurðu ákærða, hvort hann væri á leiðinni að Skaftafelli. Ákærði sagði þeim, að hann vær á leiðinni að Hofi. Þær báðu ákærða um far, og sagði ákærði að það væri sjálfsagt. Komu þær upp í bifreiðina til hans með farangur sinn. Önnur stúlkan, sem ákærði taldi vera eldri, settist í framsæti, en hin í aftursæti. Stúlkurnar sögðu ákærða, að þær væru franskar. Stúlkurnar virtust ekki vera að fara neitt sérstakt. Þegar kom að Jökulsá á Breiðamerkursandi, báðu þær ákærða um að nema staða til að fá að taka myndir. Varð ákærði við því, og tóku þær nokkrar myndir. Ákærði kveður stúlkurnar hafa farið að ræða við sig um það, hvort hann vissi af einhverju skýli yfir nóttina. Skildist ákærða á þeim, að þær vildu vera þarna lengur til að eyða tímanum, uns þær færu úr landi, en þær áttu pantað flugfar. Ákærði kveðst hafa bent þeim á skála Jöklarannsóknafélagsins vestan við Jökulsá. Sagði hann þeim, að allt væri í lagi af sinni hálfu að vera þar, ef þær vildu gera sé það að góðu. Ók ákærði þeim þangað að ósk þeirra. Þegar að skálanum kom, var enginn þar, en mikill farangur. Kveður ákærði farangur hafa verið á öllum rúmum, og

taldi hann, að allt væri fullt í skálanum. Ákærði spurði stúlkurnar, hvort þær vildu verða eftir eða halda áfram með honum, og kusu þær síðari kostinn. Ók ákærði austur yfir Jökulsá til að athuga, hvort pláss væri í skýli Slysavarnafélagsins.

Ákærði kveðst þekkja Guðjón Ingimundarson, vörubifreiðastjóra á Hnappavöllum, og kannast við bifreiðina, sem hann ekur. Ákærði heldur að hann muni það rétt, að Guðjón hafi verið að aka vestur þjóðveginn, þegar ákærði kom að veginum á Breiðamerkursandi á leið frá skála Jöklarannsóknafélagsins. Þá heldur ákærði, að hann hafi áður verið búinn að aka fram úr honum hjá Grasköggla verksmiðjunni í Flatey.

Í skýli Slysavarnarfélagsins var ekkert pláss heldur, og ók ákærði áfram áleiðis að Hofi. Þegar kom að vegamótunum heim að Hofi, var rigningarsúld, og fannst ákærða ekki skipta máli, þótt hann æki stúlkunum áfram að Skaftafelli. Á leiðinni þangað spurðu þær ákærða, hvort hægt væri að fá svefnpokapláss í Skaftafelli, en ákærði sagðist ekki vita til þess. Stúlkurnar fóru að tala um, að þær væru ekki með nógu góðan útbúnað til að liggja við í tjaldi, ef rigndi mikið. Spurðu þær ákærða, hvort ekki væri einhvers staðar skýli eins og á Breiðamerkursandi. Sagði ákærði þeim þá frá sæluhúsinu á Skeiðarársandi. Ákærði kveðst hafa spurt stúlkurnar hvort þær hefðu nægan mat með sér og boðið þeim að aka þeim að Skaftafelli, ef þær vildu kaupa eitthvað. Þær sögðust hafa verslað á Höfn. Ók ákærði rakleitt að sæluhúsinu á Skeiðarársandi, og var komið þangað um kl. 20.00. Ákærði kveðst hafa veitt athygli Jóhanni Þorsteinssyni veghefilsstjóra, er var að hefla þjóðveginn rétt við sæluhúsið, er ákærði kom þangað. Ákærði stöðvaði beint fyrir framan dyr sæluhússins, og snéri vinstri hlið bifreiðarinnar að dyrunum. Stúlkurnar fóru úr bifreiðinni við sæluhúsið og tóku farangur sinn með sér. Ákærði hjálpaði stúlkunum við að taka farangurinn úr bifreiðinni og bera hann inn í sæluhúsið. Í sæluhúsinu stóð prímus á borði, og spurðu stúlkurnar hvort þær gætu notað hann. Ákærði athugaði prímusinn og sá, að hann var ekki í lagi, og sagði stúlkunum það. Ákærði kvaddi síðan stúlkurnar og hélt á brott. Ákærða minnir, að stúlkurnar hafi boðið sér greiðslu fyrir aksturinn, en hann afþakkað.

Ákærði man ekki eftir því að hafa áður ekið ferðalöngum að sæluhúsinu á Skeiðarársandi. Hann kveðst ekki hafa verið beðinn um að hafa eftirlit með því, en sagði, að hann hafi stundum komið að sæluhúsum til að líta eftir þeim og hreinsa til. Ákærði kveðst ekkert athugavert hafa séð í fari stúlknanna og allt hafi farið vel á milli hans og þeirra.

Ákærði ók frá sæluhúsinu að Skaftafelli og tók þar olíu á bifreiðina. Ákærði hitti í Skaftafelli franskan mann, sem bað hann að gera við bifreið sína. Talaði maður þessi ensku með frönskum hreim. Hann var á franskri bifreið. Ákærði sagðist ekki vera búinn að borða, en sagðist koma eftir

mat og gera við bifreiðina. Þegar ákærði kom heim til sína að Hofi IV, borðaði hann kvöldverð, en gætti síðan sonar síns, á meðan sambýliskona hans fór út í fjós að mjólka. Ákærði telur, að klukkan hafi verið um 22.00, þegar hann fór aftur að heiman að Skaftafelli. Áður en ákærði fór, ók hann bifreiðinni inn í gryfju í verkstæðisbyggingunni og tók þar nokkur verkfæri. Ákærði gerði við bifreið Frakkans í Skaftafelli. Um smábilun var að ræða, og tók viðgerðin um 15-20 mínútur. Þurfti einungis að skipta um platínur í bifreiðinni. Ákærði tók enga greiðslu fyrir viðgerðina, en kona mannsins gaf ákærða 30 kr. og sagði honum að gefa barni hans peningana. Ákærði kveðst í fyrra skiptið, sem hann kom að Skaftafelli, hafa hitt stúlku, sem afgreiddi olíu á bifreiðina, en í síðara skiptið hitti hann engan nema Frakkann. Ákærði telur, að hann hafi staðgreitt olíuna, sem hann tók, en hann man ekki, hvort hann fékk nótu. Tvær stúlkur annast afgreiðslu á olíunni, en ákærði man ekki hvor þeirra afgreiddi hann.

Ákærða voru kynntar nótur um olíukaup hans í Skaftafelli á bifreiðina Z-1540 á tímabilinu frá 2. júlí til 15. ágúst 1982, en ekki kemur fram, að hann hafi keypt olíu þar eftir 15. ágúst. Ákærði hélt því fram, þrátt fyrir þetta, að hann hefði keypt olíu á bifreiðina í Skaftafelli að kvöldi 16. ágúst 1982.

Ákærða var og kynntur framburður Guðlaugar Jakobsdóttur hjá rannsóknarlögreglu um, að hann hafi ekki tekið olíu að kvöldi 16. ágúst 1982 í Skaftafelli. Ákærði hélt engu að síður fast við framburð sinn um þetta.

Þá var vakin athygli ákærða á framburði Guðlaugar um, að hún hefði ekki orðið vör við franskan ferðamann í Skaftafelli, er þurfti á viðgerð á bifreið að halda að kvöldi 16. ágúst 1982. Ákærði hélt fast við framburð sinn um þetta efni. Hann kvað bifreið mannsins hafa verið ógangfæra á bifreiðastæði við þjónustumiðstöðina og hafi hann bent sér á hana. Bifreiðin var á sama stað, er ákærði kom þangað aftur um kl. 22.00. Hjón þau, sem voru á bifreiðinni, sátu í henni, er ákærði kom á vettvang.

Ákærði kveðst hafa ekið áleiðis frá Skaftafelli vestur a Skeiðarársand. Hann hafi oft gert þetta á kvöldin til að athuga, hvort bilaðar bifreiðar væru á veginum. Áætlar ákærði, að klukkan hafi verið um 23.00, en ekki var orðið alveg dimmt að sögn hans. Þegar ákærði kom á móts við afleggjarann að sæluhúsinu, sýndist honum dyrnar á því vera opnar og maður að ganga þar inn, en síðan lokaði maðurinn dyrunum. Nánar skýrði ákærði frá því, að hann hafi verið kominn aðeins fram hjá afleggjaranum, 100-150 metra, þegar hann veitti þessu athygli, en snúið þá við, ekið til baka og ákveðið að kanna þetta nánar.

Ákærða var af þessu tilefni kynnt skýrsla Grétars Sæmundssonar rannsóknarlögreglumanns um birtu á Skeiðarársandi á framangreindum tíma.

Kvaðst ákærði halda fast við það, er að framan greinir, þrátt fyrir skýrsluna.

Ákærði kveðst hafa talið af því, er að framan greinir, að fleiri væru komnir í sæluhúsið en stúlkurnar, og ákveðið að aka þangað til að athuga það nánar. Annað tilefni kveðst ákærði ekki hafa haft til að fara að sæluhúsinu. Ákærði nam staðar fyrir framan dyr sæluhússins. Hurð þess var lokuð og ekkert ljós þar inni. Ákærði telur, að klukkan hafi verið um 23.00, er hann kom á staðinn, en getur ekki ákvarðað tímann nánar.

Ákærði kveðst hafa farið út úr bifreiðinni og tekið með sér vasaljós en ekkert annað. Hann hafði stöðuljósin á bifreiðinni. Ákærði gekk að sæluhúsinu og opnaði dyr þess, sem voru ólæstar. Ákærði lýsti inn í sæluhúsið með vasaljósinu. Ákærði sá, að stúlkurnar lágu í rúmunum. Lágu þær í tveim innstu neðri rúmunum að sögn ákærða. Hann veit ekki, hvort þær voru sofandi, en þær risu upp. Ákærði gat ekki séð, að stúlkunum yrði hverft við komu hans. Ákærði kveður hafa verið reyk í lofti í sæluhúsinu, og telur hann sig hafa fundið lykt af hassi. Taldi ákærði, að stúlkurnar hefðu verið að reykja hass. Hann telur sig þekkja lykt af hassi og hafa fundið hana nokkrum sinnum bæði hér á landi og erlendis.

Ákærða var bent á, að við rannsókn hefði ekkert komið fram um það, að stúlkurnar hefðu verið með hass í fórum sínum. Ákærði kvaðst engu að síður halda fast við þennan framburð sinn. Ákærði tók fram, að stúlka sú, sem síðar hljóp út úr sæluhúsinu, hafi verið með snyrtitösku í höndum eða eitthvað þess háttar, og veit ákærði ekki, hvað varð um töskuna. Ákærði veit ekki, hvernig taskan var lit. Ákærða var bent á skýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins um farangur stúlknanna, þar á meðal hliðartösku Yvette Bahuaud og að taskan hafi verið rannsökuð.

Ákærði spurði stúlkurnar, hvort þær hefðu verið að reykja hass, en þær neituðu því eindregið báðar. Kvaðst hann hafa bent þeim á, að það væri lögbrot á Íslandi að reykja hass eða hafa það í fórum sínum. Ákærði spurði stúlkurnar, hvort þær vildu koma með til lögreglumanns að Svínafelli í Öræfum, þar sem hann hefði ekki leyfi til að leita í farangri þeirra. Stúlkurnar sögðust vera tilbúnar að koma með ákærða, og sagði hann þeim, að hann myndi aka þeim til baka. Ákærði kveðst hafa farið út í bifreiðina og beðið eftir að stúlkurnar tækju saman dót sitt og kæmu, en ætlunin var, að þær tækju farangurinn með sér. Bið varð á, að stúlkurnar kæmu, og hann fór að lengja eftir þeim. Fór hann þá aftur inn í sæluhúsið, en þá neituðu stúlkurnar að fara með honum. Stúlkurnar spurðu ákærða, hvort hann hefði heimild til þess að handtaka þær. Ákærði kveðst hafa gefið þeim í skyn, að hver maður sem væri, gæti handtekið fólk, sem væri með í fórum sínum slík efni sem hann teldi þær vera með. Ákærði kveðst

aldrei hafa gefið stúlkunum í skyn, að hann væri lögreglumaður, og hafi þær virst sjálfar vita, hvaða tilgangi bifreiðin þjónaði. Ákærða var bent á, hvað stúlkurnar hefðu skrifað í gestabók sæluhússins, þ. e. í íslenskri þýðingu: „Þakkir til sheriff fyrir að hafa flutt okkur í sæluhúsið." Hann kveðst enga skýringu geta gefið á þessu. Hann hafi aldrei nefnt orðið „sheriff" við stúlkurnar eða gefið þeim í skyn, að hann tilheyrði lögreglunni. Hann hafi nefnt við stúlkurnar, að hann hefði á hendi „road-service". Ákærði kveðst hafa bent stúlkunum á bifreiðaverkstæði sitt að Hofi, þegar ekið var þar fram hjá.

Ákærði kveður sig minna, að Marie Luce hafi spurt sig í sæluhúsinu, hvort hann gæti sýnt henni skírteini um, að hann væri það, sem hann sagðist vera. Ákærði kveðst hafa sýnt stúlkunum félagsskírteini F.Í.B. fyrir 1982, en það er gult að lit. Hann neitar að hafa sýnt þeim annað skírteini.

Ákærði reyndi að ná talstöðvarsambandi við einhvern til að aðstoða sig, á meðan hann var við sæluhúsið, en tókst ekki að ná sambandi. Hann hafi ætlað sér að reyna að koma skilaboðum til Ólafs lögreglumanns.

Þegar stúlkurnar neituðu að koma, reyndi ákærði að útskýra þetta mál fyrir þeim. Stúlkurnar brugðust þá hinar verstu við, og kveður ákærði þá grun sinn hafa styrkst um hassið. Hann fór aftur út í bifreiðina. Í bifreiðinni var riffill og haglabyssa á milli framsætanna. Sigurjón Arnar Bjarnason, Hofi IV, var eigandi riffilsins að sögn ákærða, en maður að nafni Ingi Hilmarsson var eigandi haglabyssunnar, að ákærði telur, eða ætlaði að kaupa hana af Hannesi Guðlaugssyni á Svínafelli. Ákærði kveðst hafa notað báðar þessar byssur, sem voru geymdar á Hofi IV, án þess að athugasemdir væru gerðar við það. Sjálfur kveðst ákærði ekki hafa byssuleyfi. Ákærði hafði alltaf byssurnar í bifreiðinni, þegar hann tók stúlkurnar upp í hana. Ákærði tók fram, að hann hefði haft byssurnar í bifreiðinni til að geta skotið á minka, ef hann yrði þeirra var. Ákærða var bent á framburð Marie Luce um, að byssurnar hefðu ekki verið í bifreiðinni. Ákærði sagði, að ekki væri víst, að hún hefði tekið eftir byssunum, þar sem úlpa kynni að hafa legið ofan á þeim. Skotin í byssurnar voru í hliðarhólfi innan á vinstri framhurð.

Í síðari framburði kvaðst ákærði ekki þora að fullyrða, að byssurnar hefðu verið milli framsætanna í ferðinni til Hafnar í Hornafirði. Geti verið, að þær hafi verið í farangursgeymslunni. Ákærði er hins vegar alveg örugg-ur um, að byssurnar voru milli framsætanna, þegar hann kom í sæluhúsið í síðara skiptið og meiri líkur séu á að þær hafi alltaf verið þar.

Þegar stúlkurnar vildu ekki koma, tók ákærði haglabyssuna úr bifreiðinni. Hann tók og eitt skot með sér. Hann setti skotið í byssuna, þegar hann kom út úr bifreiðinni og lokaði byssunni. Ákærði sagði hljóta að vera, að hann hafi spennt byssuna upp á leiðinni að dyrunum. Ákærði

kveðst hafa gert þetta, þar sem hann hafi talið, að útlendingar væru hræddir við byssur og hann réði ekki einn við stúlkurnar, en ekki ætlað að gera þeim mein. Kveðst ákærði hafa ætlað að skjóta upp í loftið utan við húsið til að hræða stúlkurnar og fá þær til að koma. Ákærði tók og vírspotta eða rafmagnsvír með sér. Hafi hann ætlað að biðja aðra stúlkuna að binda hendur hinnar og hafa hana síðan í aftursæti bifreiðarinnar. Ætlaði ákærði með þessu að hindra, að stúlkan gæti truflað hann við aksturinn.

Stúlkurnar neituðu að koma með ákærða. Ítrekaði ákærði við þær, hvort þær ætluðu að hlýða og koma með honum, en þær neituðu sem áður. Ákærði kveðst hafa staðið í dyragættinni á sæluhúsinu eða rétt innan við dyrnar, er átökin urðu við stúlkurnar. Ákærði hélt á byssunni sem var hlaðin, í vinstri hendi og beindi hlaupinu aftur. Kveðst hann hafa haldið á byssunni eins og sýnir á myndum af sviðsetningu. Ákærði kveður allt hafa gerst í sömu andránni, að önnur stúlkan hafi hlaupið út úr húsinu og skellt á sig hurðinni án þess að hún lokaðist. Hin stúlkan hafi stokkið á sig, eins og hún ætlaði að klóra hann í framan og ná síðan taki á hálsi hans með annarri hendinni, en með hinni hafi hún tekið í skyrtuna á brjósti hans. Við þetta hafi skot hlaupið úr byssunni. Ákærði kveðst ekki vita, hvernig þetta gerðist, en einhverra hluta vegna hafi skotið hlaupið úr byssunni út um dyrnar.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að stúlkan hljóti að hafa komið við gikkinn. Í síðari framburði sagði ákærði, að Marie Luce hefði fengið högg frá byssunni við bakslagið, þegar skotið hljóp úr henni, en hann viti ekki fyrir víst, hvar höggið lenti.

Í lögregluyfirheyrslu var ákærði beðinn að lýsa því, hvernig hann hefði haldið á byssunni, þegar skotið hljóp úr henni.

Ákærði sagði, að það væri það, sem hann gæti ekki gert sér grein fyrir, þar sem hann var í átökum við stúlkuna, nema hlaupið hefði snúið aftur.

Honum var bent á, að hann hefði við sviðsetningu sýnt, hvernig hann hélt á byssunni umrætt sinn. Hefði skeftið samkvæmt því snúið fram, en hlaupið aftur ofan á framréttum vinstri framhandlegg hans. Haninn snúið upp og þumalfingur hans yfir skeftið aftan við hanann, en hinir fingurnir undir skeftið aftan við gikkbjörgina. Hann var spurður, hvort rétt sé, að hann hefði haldið á þennan hátt á byssunni og hvort hann hefði jafnframt haldið á einhverju í hægri hendi.

Ákærði kvað það rétt, að hann hefði haldið þannig á byssunni, þegar hann kom inn í húsið, en það kunni að vera, að hún hafi snúist eitthvað í átökunum. Hann hafi haldið á vasaljósinu í hægri hendinni. Ákærði kveðst ekkert hafa vitað, hvar skotið lenti. Ekki getur hann heldur sagt um, hvað stúlkan, sem hljóp burt, var komin langt frá húsinu. Ákærði

kveðst ekkert geta sagt um, hvort skotið lenti í henni. Við þetta kom hik á stúlkuna, sem hann átti í átökum við. Ákærði kveðst hafa tekið báðum höndum um byssuna og barið stúlkuna í höfuðið með skeftinu. Barði hann hana með enda skeftisins, þar sem fiberplatan er fest á það. Stúlkan hljóp þá á ákærða og ætlaði að fella hann út úr dyrunum. Ákærði sló þá stúlkuna aftur í höfuðið með byssuskeftinu, og féll hún á hnén. Ákærði sló hana síðan þriðja höggið í höfuðið, og missti hún þá meðvitund. Ákærði lét stúlkuna liggja. Hann kveðst hafa farið út úr sæluhúsinu og austur fyrir það til að svipast um eftir hinni stúlkunni, en ekki orðið hennar var. Ákærði kveðst ekki hafa farið aftur í sæluhúsið. Hann hafi talið, að stúlkan hefði einungis rotast, en væri ekki alvarlega meidd. Ákærði sá ekkert blóð á stúlkunni. Ákærði kveðst að því búnu hafa farið upp í bifreiðina og ekið af stað til að svipast um eftir hinni stúlkunni.

Í framburði ákærða fyrir dómi 19. ágúst 1982 kveðst hann hins vegar hafa farið inn í sæluhúsið aftur og hafi sér virst stúlkan vera í roti.

Ákærði sá myndir af sviðsetningu (dskj. nr. 6, myndir nr. 84-93). Ákærði kveðst gera þá athugasemd við sviðsetninguna, að eldri stúlkan hafi legið í innstu koju, eins og sýnt er á mynd nr. 84, en sú yngri í neðri koju við dyrnar. Stúlkan lá á gólfinu, þegar ákærði fór á brott, eins og sýnt er á mynd nr. 93. Ákærði kannaði ekkert um meiðsli stúlkunnar. Honum var kynnt læknisvottorð um meiðsli hennar (dskj. nr. 5, bls. 18). Kveðst hann viðurkenna að hafa orðið valdur að þeim meiðslum stúlkunnar, er þar greinir.

Ákærði var spurður nánar um árásina á stúlkuna. Hann kvaðst hafa barið hana eins mikið og hann gerði, vegna þess að hann hefði verið hræddur um, að stúlkurnar gætu náð af sér byssunni.

Ákærða var kynnt skýrsla Grétars Sæmundssonar rannsóknarlögreglumanns (á dskj. nr. 5, skjal nr. 9, bls. 3) um hættu á meiðslum, ef skotið væri af byssunni, eins og ákærði lýsir, að gerst hafi framangreint sinn. Ákærði kveðst þrátt fyrir þetta halda fast við framburð sinn um þetta atriði. Hann kveður skot það, er var í byssunni, hafa verið „Federall 3ja tomnu magnun." Ákærði var með vasaljós í hendi í sæluhúsinu framangreint sinn. Það hafi fallið á gólfið í átökunum. Kveðst ákærði hafa tekið vasaljósið upp og haft það með sér á brott.

Eins og áður greinir, fór ákærði að svipast um eftir stúlkunni, sem hafði hlaupið á brott. Ákærði var spurður, hver tilgangur hans hefði verið með því. Hann kvaðst hafa ætlað að hafa samband við hana og reyna „að sansa þetta til", eins og ákærði orðaði það, en aðrar skýringar gaf hann ekki.

Á myndum 35 og 36 á dskj. nr.6 eru sýnd skóför í suð-austur frá sæluhúsinu. Ákærði var spurður um skóför þessi, en í þeim er mynstur, sem talið er koma heim við mynstur á skóm hans. Ákærði kannaðist við, að

skóförin væru eftir sig. Hann hafi gengið í þessa átt frá sæluhúsinu í leit að stúlkunni, en ekki orðið hennar var. Ákærði var með haglabyssuna, en hún var óhlaðin, og öll skotin í hana voru í bifreiðinni. Ákærði neitaði að hafa hleypt af skoti í þessari leit að stúlkunni. Þegar hann fann ekki stúlkuna, fór hann að bifreið sinni og ók af stað til að leita hennar.

Ákærði ók niður á þjóðveg og beygði til austurs. Ók hann austur yfir litlu brúna, sem er vestan við Skeiðarárbrú. Ákærði varð ekki stúlkunnar var og snéri við. Þegar hann var kominn aftur á móts við sæluhúsið, sá hann stúlkuna á veginum í ljósgeislum bifreiðarinnar. Stúlkan veifaði bifreiðinni, en hljóp síðan út af veginum. Ákærði kveðst hafa stöðvað bifreiðina, tekið skot og sett í haglabyssuna. Hann kallaði til stúlkunnar og sagði henni að nema staðar, en hún hlýddi ekki. Hann kveðst þá hafa skotið af byssunni upp í loftið. Þegar þetta gerðist var stúlkan á hlaupum í vegjaðrinum í átt frá ákærða hægra megin frá honum séð. Ákærði kveðst nú hafa farið inn í bifreiðina í skyndi og ekið aðeins af stað á eftir stúlkunni. Í þessu hafi borið að vöruflutningabifreið, sem kom á móti. Stúlkan hafi lent inn í ljósgeisla frá henni og virst ruglast eitthvað við það, hlaupið í hring á veginum og dottið. Ákærði ók að stúlkunni, sem hafi staðið strax upp. Hann hafi numið staðar og farið út úr bifreiðinni. Ákærði segir stúlkuna hafa hlaupi í sveig og hlaupið á afturhorn bifreiðar hans hægra megin. Hún síðan hlaupið aftur fyrir bifreið hans, út á veginn og lent á vinstri framhlið og hjóli vörflutningabifreiðarinnar, sem hafi verið stöðvuð. Ákærði veit ekki, hvort stúlkan meiddist af því að lenda á vöruflutningabifreiðinni. Ákærði kveður byssuna annað hvort hafa legið upp við bifreið hans eða legið í framsæti bifreiðarinnar, er vöruflutnigabifreiðina bar að.

Þegar ákærði kom fyrir dóm 19. ágúst sl. var hann spurður um það, hvort hann hefði verið með byssuna í höndum, þegar vöruflutningabifreiðina bar að, og kvað hann svo hafa verið. Hann hefði haldið um hlaup byssunnar, þegar hann bað bifreiðastjórann að kalla eftir aðstoð.

Ökumaður vöruflutningabifreiðarinnar spurði, hvað um væri að vera. Ákærði sagði honum, að ekið hefði verið á stúlkuna. Ökumaðurinn spurði, hver hefði gert það, en ákærði sagði, að hann vissi það ekki. Í skýrslu hjá lögreglu kveðst ákærði hafa sagt þetta til að leggja meiri áherslu á, að ökumaðurinn næði sambandi við lögregluna. Ákærði kveðst hafa beðið ökumann vöruflutningabifreiðarinnar að kalla í talstöð til að reyna að ná í lögregluna. Ákærði kveðst hafa beðið ökumann vöruflutningabifreiðarinnar að kalla í talstöð til að reyna að ná í lögreglu eða aka að Skaftafelli til að ná í Ólaf lögregluþjón. Ákærði kveðst ekki hafa heyrt stúlkuna biðja ökumann vöruflutningabifreiðarinnar um hjálp. Ákærði kveður stúlkuna hafa haldið í vöruflutningabifreiðina og nefnir tröppu í því sambandi. Ökumaðurinn hafi beðið sig að taka stúlkuna frá bifreiðinni og hafi hann

gert það. Hafi ákærði þá fundið, að stúlkan var blóðug. Vöruflutningabifreiðastjórinn hafi aðeins numið staðar stutta stund, en haldið síðan á brott.

Í framburði fyrir dómi 19. ágúst sl. kveðst ákærði ekki hafa verið með byssuna í höndunum þegar hann tók stúlkuna frá bifreiðinni, en skilið hana eftir við bifreiðina. Hafi byssan staðið upp á endann við hlið bifreiðarinnar ökumanns megin.

Þá skýrði ákærði og svo frá, að hann hefði fundið, að stúlkan var blóðug að aftan, þegar hann tók hana frá vöruflutningabifreiðinni. Hefði hann orðið skelfdur við þetta og gert sér grein fyrir því, að hún hlyti að hafa orðið fyrir skoti, þegar hún hljóp út um dyrnar á sæluhúsinu.

Ákærði kveður stúlkuna hafa verið blóðuga á vanga og eins hafi hann fundið, að hún var slímug á baki, þegar hann tók hana frá vörubifreiðinni.

Ákærða var kynntur framburður Sveinbjörns Garðarssonar, ökumanns dráttarbifreiðarinnar. Ákærði kvað geta verið rétt, að hann hafi sagt Sveinbirni, að hann hefði sjálfur ekið á stúlkuna. Hann kannaðist við, að stúlkan hefði sagt eitthvað við Sveinbjörn, en geti ekki greint frá, hvað hún sagði, þar sem hann hafi ekki heyrt orðaskil. Ákærði kveður stúlkuna hafa grátið. Ákærði kveðst ekki halda, að hann hafi sagt við Sveinbjörn, að stúlkan væri geðveik, heldur að hún hefði vankast við slysið. Ákærði kannast við að hafa kippt stúlkunni frá bifreiðinni enda hafi Sveinbjörn ekið af stað í þessu. Ákærði var spurður að því, af hverju hann hefði ekki leitað aðstoðar hjá vörubifreiðastjóranum til að koma stúlkunni til læknis. Hann kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hvað stúlkan var mikið slösuð, og haldið, að blóðið á henni stafaði af því, að hún hefði dottið.

Ákærði var spurður að því, af hverju hann hafi skýrt Sveinbirni frá því, að stúlkan hefði orðið fyrir bifreið hans. Ákærði sagði í þessu sambandi, að hann hefði verið með byssu og ekki viljað láta Sveinbjörn vita af því til að skapa honum ekki vandræði. Ákærði kveðst ekki hafa þekkt Sveinbjörn. Ákærði kveðst telja, að stúlkan hafi verið 15-20 metra fyrir framan hann, þegar hann hleypti skotinu úr haglabyssunni, og verið á hlaupum í áttina frá honum. Ákærði lýsir því svo, er hann skaut úr byssunni, að hann hafi verið búinn að stöðva bifreiðina og stíga með annan fótinn út úr henni, hann hafi haldið byssunni fyrir utan bifreiðina og skotið upp í loftið. Miðað við stefnu hlaupsins hefðu höglin átt að lenda á sandinum vinstra megin við veginn. Ákærði kveður einungis tveim skotum hafa verið skotið úr byssunni. Hann muni ekki eftir, hvað hann gerði við tómu skothylkin. Hann telur ekki geta verið, að höglin úr byssunni hafi hæft stúlkuna, þau hefðu átt að lenda niður á sandi vinstra megin við veginn miðað við stefnu hlaupsins.

Ákærða voru sýndar myndir af líki Yvette Bahuaud og kynnt krufningar-

skýrsla. Hann kvað ekki geta verið um annað að ræða en höglin í líki stúlkunnar séu úr byssu hans. Eina skýringin, sem ákærði kveðst geta gefið á þessu, sé sú, að stúlkan hafi orðið fyrir skoti, er hún hljóp út úr sæluhúsinu.

Ákærði kveðst hafa gert sér grein fyrir því, þegar völuflutningabifreiðin var farin á brott, að stúlkan var illa slösuð. Hann vissi þó ekki, hvað meiðsli hennar voru mikil. Stúlkan stóð við bifreið ákærða, og kveðst hann hafa spurt hana, hvort henni liði illa, en hún ekki svarað. Ákærði kynnti sér ekki nánar, hvar áverkar voru á stúlkunni.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að eftir að völuflutningabifreiðin var farin á brott, hafi hann farið að kanna, hvernig stæði á blóðinu og þreifað á bakhluta stúlkunnar. Hafi hann fundið, að þar var peysa hennar löðrandi í blóði. Hafi honum þá komið í hug, hvort verið gæti, að stúlkan hefði orðið fyrir skotinu, sem hljóp úr byssunni. Þegar honum hefði orðið þetta ljóst, hafi hann fengið hálfgert „shock".

Rétt eftir að völuflutningabifreiðin var farin á brott, kveðst ákærði hafa opnað farangursgeymslu bifreiðarinnar, lagað þar til og síðan lyft stúlkunni upp og sett hana þar. Var ástæðan sú, að ákærði treysti sér ekki til að koma henni fyrir í bifreiðinni, hann hélt að fætur hans ætluðu að gefa sig. Þá taldi hann öruggara, að hún væri í farangursgeymslunni, þar sem þar væri rýmra um hana. Stúlkan var með meðvitund, þegar ákærði kom henni fyrir í farangursgeymslunni. Merkti ákærði það á augnaráði hennar. Ákærði talaði til stúlkunnar, og virtist hún skilja það, sem hann sagði.

Í lögregluskýrslu hefur ákærði lýst þessu svo, að þegar hann tók hana frá bifreiðinni, hafi hún stuðst upp við hann, en svo hafi hún sigið niður með hliðinni á honum, eins og fæturnir hefðu kiknað undan henni og hún lagst rólega á hliðina. Þá beygði ákærði sig niður og spurði hana, hvort hún gæti staðið upp. Þá virtist honum eins og hún væri að hrista höfuðið og gefa í skyn, að hún gæti það ekki. Þá tók ákærði hana eins varlega upp af götunni eins og hann gat og setti hana í farangursgeymsluna. Ákærði reyndi að tala við hana og hughreysta hana og sagði, að hann myndi reyna að vera fljótur með hana á móti sjúkrabifreið.

Ákærði kveðst ekki hafa lokað farangursgeymslunni, en haft hana opna. Ætlun hans var að aka á móti sjúkrabifreiðinni, en ekki að bíða á staðnum, og hafi hann sagt Sveinbirni Garðarssyni það. Ákærði ók nú af stað og snéri við. Hann mætti flutningabifreið, en hún stöðvaði ekki.

Í lögregluskýrslu segir ákærði, að hann hafi ætlað að elta uppi völuflutningabifreiðina, kallað í ökumann hennar í talstöð, en ekki náð sambandi. Vestan við Skeiðarárbrúna mætti hann flutningabifreið, em var á vesturleið. Hann hafði ætlað að stöðva hana og blikkað ljósunum, en hún ekki

stöðvað. Einnig kallaði hann í talstöðinni á þessa bifreið, en var ekki svarað. Þá kallaði ákærði aftur í hina bifreiðina, en fékk ekki heldur svar frá henni. Hann hafi ætlað að biðja um, að kallað yrði á sjúkrabifreið frá Höfn, og aka sjálfur á móti henni með stúlkuna. Hann hafi þá hugsað sér að elta uppi vöruflutningabifreiðina, sem var á austurleið.

Ákærði kveðst hafa numið staðar á Skeiðarárbrú og hugað að stúlkunni. Hann hafi tekið á slagæð á hálsi hennar og hlustað eftir hjartslætti og komist að raun um, að hún var látin. Ákærði fann og, að hún var farin að kólna. Kom það mjög á ákærða, og vissi hann ekki, hvað hann átti af sér að gera. Hætti hann þá við að aka á móti sjúkrabifreiðinni og ók inn á afleggjara upp að grjótnámi, sem þarna er. Hann kveðst hafa reynt að ná sambandi í talstöð og tilkynna, hvar bifreiðin væri, en ekki náð sambandi. Ákærði opnaði farangursgeymsluna, er hann hafði numið staðar, og hugaði nánar að stúlkunni. Hafi hann þá sannfærst um, að hún var látin.

Ákærði fór síðan á brott frá bifreiðinni og tók með sér riffilinn, haglabyssuna og skotin. Hélt hann upp á grjótöldu við Svínafellsjökul og dvaldist þar í 3-4 klukkustundir og hugsaði málið. Kveðst hann hafa verið að hugleiða að fyrirfara sér. Hann hafi síðan gengið af stað og hugsað sér að ganga eitthvað yfir jökulinn, en hætt við það. Það varð úr, að ákærði faldi sig í skúta í Hafrafelli. Hann hlóð báðar byssurnar og hafði þær hjá sér. Ákærði neitar að hafa ætlað að nota þær gegn leitarmönnum, en getur ekki gefið nánari skýringu á þessu. Ákærði fannst í umræddum skúta að morgni 18. ágúst. Hann hafði fylgst með leitarmönnum og flugvélum, sem voru að leita hans, en ekki gert vart við sig.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins Snorra Magnússonar um fund hans í hlíðum Hafrafells. Kvað hann framburðinn réttan.

Ákærði kannast við að hafa krotað eftirfarandi á skefti riffils þess, sem hann var með: „Þær voru með hss og þegar ég sagði þeim að koma með á stöðina þá réðust þær á mig ég veit ég gerði vitleisu þess vegna því þið hefðuð aldrei trúað mér."

Ákærða var kynnt skýrsla Grétars Sæmundssonar um skoðun á „skotdragi og halgdreifingu" haglabyssu þeirrar, sem ákærði notaði umrætt sinn. Kveðst ákærði ekkert geta um skýrsluna sagt.

Ákærða var kynnt ályktun um dánarorsök við krufningu á líki Yvette Marie Bahuaud. Ákærði tók fram, að farangursgeymsla bifreiðarinnar hefði aldrei verið lokuð, á meðan hann taldi, að stúlkan væri á lífi. Ákærða var kynnt athugun, sem gerð varð á þessu, en hann kvaðst halda fast við framburð sinn um þetta.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 18. ágúst sl. var ákærði spurður að því, hvort hann hefði gert einhvern reka að því, að stúlkunni, sem hann

sló í sæluhúsinu með byssuskeftinu, yrði komið til hjálpar. Ákærði sagði það hafa farist fyrir hjá sér að segja vörubifreiðastjóranum frá þessu. Hann hafi ætlað sér að kalla í talstöð og láta vita af stúlkunni, en ekki náð sambandi.

Ákærði hefur skýrt m. a. svo frá talstöð þeirri, em var í bifreið hans, styrk hennar og langdrægni:

„Talstöðin er af tegundinni Benco, 40 rása og bæði FM og AM, en það táknar, að um er að ræða hálfrásir sem hægt er að nota á stuttum vegalengdum, ef skvaldur er á hinum rásunum. Sendistyrkur er annað hvort 3 eða 5 wött. Skilyrði á sandinum eru mjög slæm, þannig að yfirleitt er ekki hægt að ná nema stutta vegalengd. Þó er þetta blettótt þannig, að einn staður er betri en annar."

. . . . . .

„Þarna í Öræfunum var ekki nema um eina fasta talstöð að ræða, en hún var hjá landvörðum í Skaftafelli. Sú stöð var ekki í góðu lagi, þannig að bæði heyrðist ekki vel í henni og einnig illa frá henni. Ég var búin að skoða þessa stöð og fann að ástæðan fyrir þessu var sú að standbylgjan á stöðinni var yfir hættumörk. Ég hafði prófað að ná sambandi úr bíl mínum og við talstöðina í Skaftafelli. Sambandið var gott, þegar ég var staddur á Skeiðarárbrú, en versnaði mjög, þegar ég var kominn vestur fyrir brúna. Þó var að degi til hægt að ná sambandi á smáblettum og voru tveir slíkir á veginum vestan við sæluhúsið. Á kvöldin var vonlaust að ná sambandi fyrir vestan brúna vegna skvaldurs í útlendingum. Sama var að segja um morgnana, en þetta lagaðist oft eftir kl. 22.00 á kvöldin."

. . . . . .

„Sem áður sagði var stöðin í Skaftafelli eina fasta stöðin og í bílum í sveitinni vissi ég ekki um aðra talstöð en í bílnum hjá Ólafi lögreglumanni á Svínafelli."

. . . . . .

„Ég kallaði alltaf á rás 6, en það er kallrásin."

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi um verslunarmannahelgina 1982 komið að ferðamönnum í skipbrotsmannaskýli á Breiðamerkursandi austan við brúna. Þar var lýður að sögn ákærða, sem var búinn að svína allt út, og einnig var verið að elta lamb. Ákærði kallaði til þeirra, sem voru að þessu, og hættu þeir þá, en síðan tilkynnti hann þetta til lögreglunnar, sem var stödd í Skaftafelli.

Ákærði sagði það rétt, að hann hefði skýrt lögreglunni frá því, að þarna hefði fólk verið að neyta fíkniefna. Hann hefði talið það fullvíst. Ástæðan var sú, að hann spurði fólkið, hvort það væri að reykja hass. Þegar hann gekk eftir svari og sagði, að lyktin leyndi sér ekki, svaraði kynblendingur

honum og sagði: „Just a one pipe man", og taldi hann þetta viðurkenningu, enda leyndi lyktin sér ekki að sögn ákærða.

Ákærði var beðinn að skýra frá kynnum sínum af fíkniefnum og hvernig hann geti ályktað, að um hassreykingar hafi verið að ræða og farið þar eftir lyktarskyni.

Ákærði kvaðst vera búinn að koma inn á það marga staði, þar sem fólk hefði verið að reykja hass, bæði hér á landi og einnig í Kaupmannahöfn, að hann telji sig vera fullfæran um að greina slíkt eftir lyktinni. Sjálfur hafi hann ekki neytt slíkra efna og sé það nokkuð, sem hann myndi aldrei láta inn fyrir sínar varir eða ofan í lungu.

Þá staðfesti ákærði, að hann hefði stöðvað mann sem hann þekkti ekki, fyrir of hraðan akstur og átt tal við hann. Var ákærði þá með F.Í.B. merkin á bifreið sinni.

Rétt þykir, að eftirfarandi komi fram, sem haft er eftir ákærða í geðheilbrigðisrannsókn um málsatvik:

„Grétar lýsir síðan atburðarásinni og samskiptum sínum og frönsku stúlknanna tveggja fram á mánudagskvöld eins og þegar hefur komið fram við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, skýrslur dags. 18.8., 1.9. og 22.9. 1982. Þá um kvöldið hafi hann síðan ákveðið að aka vestur á Skeiðarársand til að kanna, hvort þar væru nokkrir vegfarendur, sem þörfnuðust aðstoðar. Þegar hann hafði farið framhjá afleggjaranum að sæluhúsinu á Skeiðarársandi, þá hafi hann talið sig sjá til mannaferða við húsið og hafi sér þá dottið í hug að kanna þetta betur og að athuga hvort allt væri í lagi hjá stúlkunum. Þegar hann hafi hins vegar komið inn í sæluhúsið, hafi stúlkurnar verið þar einar og lagstar fyrir í kojum sínum. Hins vegar kveðst Grétar strax hafa orðið sannfærður um það að stúlkurnar hefðu verið með hass því lyktin hefði ekki leynt sér. Þetta hafi verið „eins og að verða fyrir hundsbiti", því hann hafi talið sig veita þeim góða aðstoð þá fyrr um daginn. Hann hafi þá óskað eftir því að þær kæmu með sér til lögreglunnar á Höfn, en hann vildi fá úr því skorið hvort þær væru með hass í fórum sínum og þá jafnframt að sanna fyrir yfirvöldum smygl útlendinga á hassi inn í landið. Eftir nokkur orðaskipti skildist honum þær ætluðu að pakka saman farangri sínum og fór hann á meðan aftur útí bíl. Hann kveðst síðan hafa beðið í bíl sínum í liðlega 5 mínútur en fór þá að leiðast biðin. Á þessum tíma var hann að velta fyrir sér hvernig stúlkurnar hefðu haft efni á því að vera hér á landi í 11 vikur eins og þær höfðu tjáð honum og datt þá í hug að e.t.v. hefðu þær flutt með sér og selt hass sér til framdráttar. Þegar hann fór inn í sæluhúsið í seinna skiptið þverneituðu þær að koma með honum og styrktist grunur hans um að þarna væri eitthvað að. Grétar segir að þá hafi „hlaupið í sig einhver þrái" og hann farið aftur út í bíl sinn og sótt þangað haglabyssuna og bút af

rafmagnssnúru. Hann hafi gert sér ljóst að hann réði ekki einn við þær báðar og því hafi hann ætlað að ógna annarri til að binda hendur hinnar og færa síðan til Hafnar. Ég var viss um að útlendingar myndu frekar respektera byssu". Þegar hann kom að skálanum í þriðja sinn, og þá með byssuna og vasaljós í höndunum reyndi hann enn að fá þær til að koma með sér án árangurs. Grétar segir að þær hafi síðan reynt að skella á sig hurðinni og að síðan hafi eldri systirin (Marie Luce Bahuaud) reynt að klóra sig í framan, þetta hafi komið sér algjörlega á óvart og hann slegið frá sér með byssuskeftinu. Þá segir hann þær báðar hafa hlaupið á hann og kveðst hann þá muna að hann hafi orðið mjög æstur og jafnframt hræddur um að þær næðu af sér byssunni og myndu nota hana á hann sjálfan. Í áflogunum kveðst hann hafa hrint eldri systurinni inn á gólf, sú yngri (Yvette Marie Bahuaud) hafi þá hlaupið fram hjá honum um leið og skot hljóp úr byssunni. „Við þetta var eins og eitthvað spryngi inni í mér". Telur sig hafa veitt eldri systurinni 3 högg með byssuskeftinu, var titrandi og æstur og atburðarásin var mjög hröð. Síðan snérist hann um með vasaljósið og lýsti í kringum sig og vissi í fyrstu ekki hvað hann átti að gera. Ók niður á veg og sá þá yngri systurina hlaupandi á veginum. Grétar kveður hana hafa veifað en síðan hlaupið undan þegar hún sá bílinn. Um þetta leyti bar að ljósgeisla vörubifreiðar. Grétar kveðst hafa skotið upp í loftið og taldi að stúlkan myndi stoppa við það. Þegar vörubifreiðin nam staðar kom stúlkan hlaupandi að og Grétar gekk til hennar. Grétar kvaðst hafa sagt bifreiðastjóranum að það hefði orðið smáslys þarna á veginum og beðið hann að hringja í lögreglu, og að Grétar myndi sjálfur aka stúlkunni á móti sjúkrabifreið. Þá sá hann að stúlkan var blóðug á vanga og varð mjög skelkaður en kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir í fyrstu hvað skeð hefði. Þegar hann tók stúlkuna síðan frá vörubifreiðinni var eins og hún sigi niður í höndunum á honum og fann hann þá að hún var blóðug ofarlega á baki. Grétar kveðst þá hafa fyllst skelfilegri tilfinningu og verið gagntekinn ofsalegum kvíða og sektarkennd. Kveðst ekki hafa vitað hvað hann ætti af sér að gera en reyndi eftir megni að halda einhverri skynsemd. „Allt skeði svo hratt að ég gat varla gert mér grein fyrir atburðarásinni." Ákvað að reyna að aka móti sjúkrabifreiðinni og setti stúlkuna í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Á leiðinni slóst skottlokið til og stoppaði hann því á Skeiðarárbrú og varð þess þá var að stúlkan var með starandi augu, fann engan púls né hjartslátt og gerði sér grein fyrir því að hún mundi látin. Var þá eins og öll sund lokuðust honum og „best að láta sig bara hverfa." Lagði hann síðan bifreiðinni á hliðarvegi og kallaði um talstöðina hvar bifreiðin væri staðsett og hljóp síðan upp í fjallið með báðar byssurnar. Grétar var síðan í felum í fjallinu allan næsta dag og næstu nótt og hafði hugsað sér að fyrirfara sér með rifflinum. Hætti þó við þá ætlan sína og taldi

að e.t.v. gæti hann horfst í augu við þennan atburð og ennfremur „var nóg komið fyrir fjölskyldunni þó ég væri ekki líka að svipta mig lífi". Hann ákvað síðan að gefa sig fram við leitarmenn.

Ákærða var sérstaklega kynnt þetta í dómi. Hann kvað þetta vera heildarmynd af atburðinum, en tók fram, að hann hefði verið búinn að sjá blóð á vanga stúlkunnar, áður en hann tók hana frá flutningabifreiðinni. Annað kvaðst ákærði ekki hafa að athuga við það, er að framan greinir í geðheilbrigðisrannsókn. Það sé rétt, að hann hafi farið þrisvar í dyragætt sæluhússins úr bifreiðinni, þegar hann kom þangð í seinna skiptið. Þegar hann kom í dyragættina í annað sinnið, hefði hann verið búinn að bíða í bifreiðinni í 5 mínútur, þar sem hann bjóst við, að stúlkurnar kæmu út.

Samprófun fór fram milli ákærða og vitnisins Marie Luce um það, er í milli ber í framburðum þeirra.

Ákærði var kynntur framburður vitnisins um, að það hefði ekki séð byssur í bifreiðinni Z-1540. Ákærði kvaðst vísa til fyrri framburðar um þetta atriði. Hann hélt því fram, að byssurnar hefðu verið í bifreiðinni, að því er hann best man. Hann sagðist hafa sett byssurnar í bifreiðina viku áður, þegar hann var á gæsaveiðum, en tekið þær á brott, þegar hann fór til Reykjavíkur. Hann hefði farið að svipast um eftir minkum laugardaginn 14. ágúst á bifreiðinni og tekið byssurnar með sér. Ákærði kvaðst hafa sett aðalfarangur stúlknanna í farangursgeymslu, en einhver smáfarangur var settur í aftursætið.

Ákærði kveðst hafa sýnt stúlkunum meðlimakort F.Í.B. í sæluhúsinu, þegar hann kom þangað í síðara skiptið. Hann neitaði að hafa sýnt stúlkunum kort í bifreiðinni.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins um, að hann hefði sýnt þeim grátt kort með mynd af sér í sæluhúsinu. Ákærði vildi ekki viðurkenna, að þetta væri rétt. Hann hefði aldrei sýnt vitninu annað en F.Í.B. kortið. Vitnið vísaði til framburðar síns um þetta, en sagði, að þetta væri sagt eftir minni.

Ákærði kveðst viðurkenna, að hann hefði sagt stúlkunum, að starfssvæði hans væri á milli Jökulsár á Breiðamerkursandi og Skaftafells. Hins vegar vildi hann ekki viðurkenna, að hann hefði sagt þeim, að hann ynni með lögreglunni. Vitninu var kynntur framburður ákærða en það hélt fast við framburð sinn.

Ákærði sagði, að hann hefði sagt stúlkunum, þegar þær spurðu, hvort hann væri á leiðinni að Skaftafelli, að hann væri á leiðinni að Hofi, en það væri í sömu átt. Að sögn vitnisins getur þetta verið rétt.

Ákærði kveðst hafa bent stúlkunum á, þegar að Hofi kom, að hann ætti þar heima. Vitnið sagði þetta ekki rétt.

Ákærði kveðst hafa notað orðið „road-service" yfir starf sitt. Vitnið

kvað geta verið, að ákærði hefði notað þetta orð, en vísaði að öðru leyti til framburðar síns.

Ákærða var bent á, að vitnið segi, að hann hafi komið í sæluhúsið um kl. 23.30. Ákærði kveðst ekki hafa litið á klukku, en álítur, að hann hafi komið um kl. 23.00 og miðar þá við vegalengdir.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins um, að hann hefði komið í sæluhúsið í fyrsta skiptið, þegar hann kom í síðara sinnið, með vasaljós í annarri hendi, en byssuna í hinni. Vitninu var kynntur framburður ákærða um, að hann hafi einungis verið með vasaljósið. Vitnið hélt fast við framburð sinn um, að ákærði hefði einnig verið með byssu. Samprófun var reynd um þetta, en samræmi náðist ekki, og hélt hvort fast við framburð sinn.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins um það, að hann hefði skýrt vitninu og systur þess frá því, þegar hann kom í sæluhúsið, að lögreglan á Akureyri hefði hringt til sín og sagt sér, að þær reyktu hass, og beðið hann um að fara með þær til lögreglunnar á Höfn í Hornafirði til rannsóknar á þessu. Ákærði neitaði því að hafa nokkurn tímann nefnt Akureyrarlögregluna við vitnið eða sagt, að hann væri að sækja þær fyrir lögreglu. Hann hefði hins vegar spurt stúlkurnar, hvort þær hefðu komist í kast við lögregluna á Ísafirði og Akureyri. Ákærði var spurður um það, af hvaða tilefni hann hefði spurt um þetta. Sagði hann, að hann hefði gert það, þegar hann taldi sig finna hasslykt í sæluhúsinu.

Vitninu var kynntur framburður ákærða um, að hann hefði fundið hasslykt í sæluhúsinu. Vitnið kvaðst algjörlega mótmæla þessu. Það sé tilhæfulaust, að þær hefðu reykt hass. Tók vitnið fram, að þær hefðu ekki heldur reykt sígarettur. Ákærði sagði, að reykur hefði ekki verið í lofti í sæluhúsinu, en hins vegar hefði hann talið sig finna lykt af hassi.

Að sögn vitnisins elduðu þær ekki mat í sæluhúsinu. Gas var ekki á hitunartæki, sem þær voru með, og hitunartæki, sem var í sæluhúsi, var í ólagi.

Vitninu var kynntur framburður ákærða um, að hann hafi ætlað að flytja þær til lögreglumanns í Svínafelli. Vitnið sagði, að þetta væri ekki rétt, ákærði hefði alltaf talað um lögregluna á Höfn. Ákærði vísaði til framburðar síns um þetta. Hann hefði alltaf talað um Svínafell, en stúlkurnar ekki virst skilja það. Kvaðst ákærði hafa sagt þeim, að lögreglumaðurinn í Svínafelli tilheyrði lögreglunni á Höfn.

Ákærði kvaðst ekki muna, hvort stúlkurnar buðu honum að skoða í farangur þeirra. Vitnið hélt fast við það, að þær hefðu boðið honum þetta. Það minnir, að ákærði hafi sagt, að hann mætti ekki leita í farangrinum.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins um, að hann hefði ætlað að binda aðra stúlkuna með rafmagnsvírnum og fara með hana á brott í bif-

reiðinni. Ákærði kveðst hafa ætlað að fara með báðar stúlkurnar á brott og hafa aðra bundna. Vitninu var kynnt þetta. Það kvaðst hafa skilið þetta þannig, að ákærði ætlaði að fara einungis með aðra þeirra.

Ákærði kveðst hafa beðið eftir stúlkunum í bifreiðinni nokkra stund, áður en hann fór í sæluhúsið í annað skiptið. Stúlkurnar höfðu fallist á að koma og voru að taka saman dót sitt. Þegar þær komu ekki, fór hann aftur í sæluhúsið. Vitninu var kynntur þessi framburður ákærða. Það sagði það rangt hjá ákærða, að þær hefðu nokkurn tímann samþykkt að fara með honum. Þær hefðu tekið saman dót sitt, þar sem þær héldu, að ef til vill þyrftu þær að fara með ákærða. Þegar ákærði kom hins vegar aftur með vírinn, hefðu þær áttað sig á því, að ákærði sagði ekki satt.

Ákærði sagði, að þegar hann fór út í bifreiðina í annað skiptið, hefði hann reynt að ná talstöðvarsambandi við lögreglumanninn í Svínafelli, en án árangurs. Ákærði kveðst hafa sagt stúlkunum, að hann ætlaði að reyna þetta, áður en hann fór út í bifreiðina.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins um, að ákærði hefði verið með einhvern þungan hlut í hendi, þegar hann kom í sæluhúsið í þriðja skiptið. Vitnið kvaðst halda fast við framburð sinn um þetta og að ákærði hefði greitt henni fyrsta höggið með þessum hlut. Ákærði mótmælti því, að hann hefði verið með þungan hlut í hendi, svo sem vitnið heldur fram. Hann hefði einungis verið með byssuna, vasaljósið og vírana, þegar hann kom í þriðja skiptið. Að sögn ákærða er það rétt hjá vitninu, að hann hafi alls farið þrjár ferðir í sæluhúsið, þegar hann kom í síðara skiptið þangað. Í síðustu ferðinni hefði hann sótt vírana og byssuna. Vitninu var kynnt þetta, en það hélt fast við fyrri framburð sinn um, að ákærði hefði verið með byssuna, þegar hann kom í sæluhúsið í fyrsta skiptið.

Framburður vitnisins um upphaf átakanna var lesinn fyrir ákærða. Hann kvaðst mótmæla framburðinum að svo miklu leyti sem hann fari í bága við framburð sinn og vísaði til framburðar síns.

Vitnið tók fram, að hefði ákærði ekki haft byssuna með sér í fyrsta og annað skiptið, hefðu þær reynt að forða sér á brott og hlaupa niður á veg í veg fyrir vöruflutningabifreið, sem fór fram hjá.

Vitnið hélt fast við það, að ákærði hefði haldið þannig á byssunni, að hlaupið vísaði inn í sæluhúsið. Ákærða var kynntur þessi framburður. Hann hélt því fram sem áður, að skeftið á byssunni hefði vísað inn í húsið, en hlaupið aftur. Vitnið sá mynd nr. 86 af sviðsetningu á þessu. Vitnið kvað það ekki rétt, að ákærði hefði haldið á byssunni eins og þar sýnir.

Framburður ákærða um átökin í sæluhúsinu var lesinn fyrir vitnið, og einnig var lesinn framburður vitnisins um átökin. Ákærði kvaðst halda sig við sinn framburð og mótmæla framburði vitnisins. Vitnið sagði framburð ákærða um átökin rangan. Ákærði hefði ráðist á það og barið það að fyrra

bragði. Það neitaði því, er ákærði sagði, að það hefði stokkið á hann og eins og ætlað að klóra hann í framan og náð síðan taki á hálsi hans með annarri hendinni, en tekið í skyrtuna á brjósti hans með hinni. Vitnið sagði, að þetta hefði að minnsta kosti ekki gerst, fyrr en ákærði hafði ráðist á það. Vitnið kvaðst ekki kannast við, að skot hefði hlaupið úr byssunni. Hefði ekki verið um neitt skot að ræða í sambandi við högg það, sem það fékk af byssunni.

Vitnið sá ljósmyndir nr. 84-93 af sviðsetningu atburðarins í sæluhúsinu. Vitnið kvað það alrangt, eins og sýnir á myndunum,að ákærði hefði haldið þannig á byssunni. Sagði vitnið, að svona væri ekki haldið á byssu, ef verið væri að ógna með henni, eins og ákærði hefði gert.

Í sambandi við framburð ákærða frá 6. júní vegna mynda nr. 35 og 36 var vakin athygli hans á framburði vitnisins um, að það hefði heyrt óp í systur sinni, þegar það kom til meðvitundar, síðan skot, þá aftur óp og skot aftur og bifreið síðan verið ekið á brott.

Ákærði kannaðst ekki við að hafa heyrt óp í stúlkunni, þegar hann var að leita hennar í nánd við sæluhúsið. Ekki kannaðist hann heldur við að hafa skotið á hana við sæluhúsið.

Vitninu var kynnt það, er ákærði segir um það, er hann veitti Yvette Marie eftirför. Vitnið hélt fast við fyrri framburð.

Vitninu var sýndur uppdráttur á dskj. nr. 20. Vitnið sagði það rétt vera, að þau hefðu ekið þrívegis yfir lónið á Jökulsá á Breiðamerkursandi í leit að gistirými í sæluhúsum, tvisvar í vestur og einu sinni í austur. Ákærði sagðist ekkert hafa við þennan framburð að athuga.

Við samprófun ákærða og vitnisins Sveinbjörns Garðarssonar lýsti ákærði því yfir, að það gerði engar athugasemdir við framburð vitnisins og teldi hann réttan.

Ákærði tók fram, að hann hefði aldrei heyrt óp í stúlkunni og ekki greint orðaskil hjá henni, enda hefðu báðar bifreiðarnar verið í gangi.

Ákærði kvaðst hafa ekið af stað, fljótlega eftir að vitnið fór á brott. Hann hafði ekið skamman spöl, þegar hann mætti vöruflutningabifreið. Ákærði gerði tilraun til að stöðva ökumanninn, en hann sinnti ekki stöðvunarmerkjum ákærða. Ákærði kveðst bæði hafa kallað í talstöðina og blikkað ljósum, þegar það mætti bifreiðinni. Hann hafi séð til ferða bifreiðar vitnisins eftir afleggjaranum að Skaftafelli, er hann ók áfram austur úr.

Ákærða var kynntur framburður vitnisins Gunnars Auðuns Stefánssonar. Ákærði taldi sig hafa ekið á um 80 km hraða, þegar það mætti Gunnari Auðuni umætt sinn. Hann kvaðst hafa blikkað ljósunum til að fá Gunnnar Auðun til að nema staðar, en það ekki tekist.

Í ódagsettu bréfi Félags íslenskra bifreiðaeigenda til rannsóknarlögreglu ríkisins segir á þessa leið:

„Vegna þess atburðar sem átti sér stað í Öræfasveit 16.-17.08. s.l. og Grétar S. Árnason er talinn hafa valdið, telur Félag íslenskra bifreiðaeigenda sér bæði rétt og skylt að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

1. Meintur árásarmaður sá er handtekinn var á Svínafellsjökli sl. miðvikudag var ekki starfsmaður FÍB þegar umrætt atvik átti sér stað. Hann bauðst í gegnum Umferðarráð, til þess að hafa bifreiðaverkstæði sitt að Hofi í Öræfum opið síðustu helgina í júlí og um verslunarmannahelgina og sinna viðgerðarbeiðnum væri til hans leitað. Taldi félagið það til mikilla hagsbóta fyrir vegfarendur.

2. Vegaþjónustubifreiðar þær sem sinna áttu umræddu svæði voru FÍB 8 sem gerður var út frá Vík í Mýrdal að Skaftafelli og FÍB 7 sem gerður var út frá Höfn í Hornafirði að Skaftafelli. FÍB 4 átti hins vegar eingöngu að sinna þjónustu að Hofi, svo sem fyrr er sagt.

3. Frá sunnudeginum 8. ágúst hefur vegaþjónusta FÍB ekki verið starfrækt.

4. Grétari Sigurði Árnasyni var því aldrei falið af FÍB að sinna umsjónarmannsstarfi á Skeiðarársandi.

5. Hann hefur aldrei fengið neinar greiðslur frá FÍB, svo sem vegaþjónustumenn félagsins fá og aldrei ætlast til þess, að hann sinnti slíkum störfum. Hann hefur því tekið þau að sér alfarið upp á eigin spýtur."

Bréf þetta á að vera dagsett 23. ágúst 1982 að sögn vitnisins Hafsteins Vilhelmssonar, framkvæmdastjóra félagsins.

Vitnið kveður ákærða einungis hafa átt að hafa verkstæðið opið að Hofi í Öræfum síðustu helgina í júlí og um verslunarmannahelgina 1982 og sinna viðgerðarbeiðnum. Hann átti hins vegar ekki að sinna viðgerðarþjónustu úti á vegum. Ákærði fékk send flögg til að hafa á viðgerðarverkstæðinu. Vitnið kannaðist ekki við, að F.Í.B. hefði látið ákærða fá skilti á bifreiðina. Kvað það skilti, eins og ákærði var með, ekki vera á vegaþjónustubifreiðum F.Í.B. Númer þau, sem vegaþjónustubifreiðarnar nota, eru kallnúmer í talstöð að sögn vitnisins. Númerið F.Í.B. 4 var ávallt tilkynnt sem staðsett að Hofi í Öræfum.

Vitnið Hafsteinn Vilhelmsson kveður ákærða hafa fengið fána og önnur gögn, er í framburði greinir, frá F.Í.B., en sagði, að skiltið, sem ákærði var með á bifreiðinni, væri ekki þaðan. Vitnið kannaðist ekki við að hafa rætt við ákærða um festingu þess á bifreiðina.

Talstöð sú, sem ákærði var með, átti að sögn vitnisins ekki að notast á vegum F.Í.B. í bifreiðinni Z-1540, heldur átti að nota hana á verkstæði ákærða, en þangað átti að koma með bifreiðar til viðgerðar.

Ákærði kvaðst halda fast við fyrri framburð um þetta atriði.

Vitnið Óli Hörður Þórðarson, framkvæmdastjóri Umferðarráðs, hefur mætt í dómi. Vitnið neitaði því, að Umferðarráð hafi haft milligöngu um það, að ákærði var ráðinn til að annast viðgerðarþjónustu á vegum F.Í.B.

Vitninu var kynnt bréf F.Í.B. til rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið kveður Umferðarráð hafa leitað til F.Í.B. með tilmælum um, að bifreiðaverkstæði væru sem víðast opin um verslunarmannahelgina 1982. Hins vegar hafði Umferðarráð ekki milligöngu um, að einstök verkstæði eða einstakir menn önnuðust þessa þjónustu.

Vitnið kveður ákærða hafa átt símtal við sig þriðjudaginn eftir verslunarmannahelgina 1982. Ræddi ákærði við vitnið um þá hættu, sem vegfarendum stafaði af hinum miklu vegalengdum, einkum að vetrarlagi, á hinum víðáttumiklu söndum og átti þá við Skeiðarársand. Vitninu virtist ákærði fullkomlega eðlilegur og rólegur, á meðan á þessu samtali stóð og virtist í hvívetna bera almenningsheill fyrir brjósti.

Vitnið tók fram, að því sé ekki kunnugt um samskipti ákærða við F.Í.B. og geti ekkert um þau fullyrt.

Vitnið Hafsteinn hélt því fram sem áður við samprófun, að ákærði hefði haft samband fyrst við Umferðarráð vegna vegaþjónustu og það vísað honum á F.Í.B. Vitnið Óli Hörður kvaðst ekki muna eftir þessu og ekki kannast við þetta.

Vitnið Finnbogi Rósinkrans Gunnarsson verkamaður, Álfheimum 40, kveðst hafa verið í vegaþjónustu F.Í.B. tvö undanfarin sumur. Rétt fyrir verslunarmannahelgina 1982 var það beðið um að útbúa merkingu á vegaþjónustubifreið á vegum F.Í.B. Stúlka á skrifstofu félagsins bað vitnið um þetta. Vitnið sá skiltið, sem var á bifreið ákærða Grétars Sigurðar með áletruninni „FIB vegaþjónusta 4" og merki F.Í.B. til hliðar. Vitnið kveðst hafa búið til umrætt skilti. Vitnið afhenti skiltið á skrifstofu F.Í.B., og tók stúlka, sem var í sendiferðum þar, við því. Hafsteinn Vilhelmsson ræddi þetta ekki við vitnið, og veit vitnið ekki um þátt hans í þessu. Vitninu var sagt í þessu sambandi, að eitt skilti vantaði á eina vegaþjónustubifreið F.Í.B. Vitnið útbjó ekki festingar á skiltið. F.Í.B. greiddi vitninu fyrir útlögðum kostnaði vegna skiltisins, en vinnulaun fékk það ekki fyrir gerð þess.

Vitnið vissi ekki fyrr en síðar, er mál þetta kom til sögunnar, hver hafði fengið skiltið.

Vitnið kveðst hafa smíðað mjög svipað skilti á bifreið þess sem merkt var F.Í.B. 3 og var við vegaþjónustu, eins og áður greinir.

Vitninu Hafsteini Vilhelmssyni var kynntur framburður framangreinds vitnis.

Vitnið kvaðst ekkert hafa við framburðinn að athuga og engum andmælum hreyfa við honum. Vitnið kveður margnefnt skilti, sem ákærði var

með á bifreiðinni Z-1540, hafa verið búið til án sinnar vitundar og hafa verið sent til hans. Vitnið komst ekki að þessu, fyrr en eftir að það hitti Finnboga Rósinkrans Gunnarsson að máli miðvikudagsmorguninn 8. þ. m. og hann skýrði því frá þessu.

Í vottorði skurðdeildar Borgarspítalans, dags. 24.9. 1982, undirrituðu af Bjarna Hannessyni lækni, um áverka á Marie Luce Bahuaud segir á þessa leið:

„Marie Luce Bahuaud fædd 20. júní 53 var flutt á skurðdeild Bsp. þann 17.08.82 kl. rúml. 9 og kemur hún með sjúkraflugi frá Höfn í Hornafirði. Samkv. uppl. sem fylgdu sj. þá hafði hún orðið fyrir líkamsárás þá um nóttina. Við skoðun þá er sj. með góðri meðvitund hún er frönsk en talar ágæta ensku og getur gefið allar persónulegar upplýsingar og er vel áttuð á stað og stund. Sj. var með mikla áverka á höfði og var hún með fjölmarga skurði í höfuðleðri. Mestu áverkarnir voru hæ. megin á höfði rétt hæ. megin við miðlínu og rétt aftan við mitt höfuð þar sem sj. var með mjög tættan stjörnulaga skurð ca. 10 cm langan og síðan voru smærri skurðir út frá þeim skurði. Undir þessum skurðum var mikil dæld í höfuðkúpuna og höfuðkúpan var brotin og höfðu beinbrotin ýttst inn um ca 2 cm. Þá var sj. með skurð á svipuðu svæði en vi. megin við miðlínu sá skurður var aðeins 4 cm á lengd og undir honum var sömuleiðis dæld í höfuðkúpu. Þá var sj. með skurð aftan á hnakka hæ. megin 3 cm langan og 2 cm langan skurð hægra megin á enni rétt framan við hárlínu. Við neurol. skoðun kom í ljós að sj. var með minnkaðan mátt vi. megin og var sj. með minnkaðan mátt í vi. handlegg og hönd ca ÷ 2 af 4 mögulegum og svipað magnleysi var í vi. ganglim. Sj. var ekki með önnur áverkamerki. Rtg.myndir af höfði sýndu innkýlingu í hægri parietal svæði eins og sást við skoðun og var beinflaskið sem var ca 10×15 cm með nokkuð mörgum brotum sem höfðu ýttst inn ca 2 cm. Vi. megin við miðlínu rétt aftan við fyrrnefnt brot var minni innkýling á beini ca 2×3 cm. Þá sást að það var orðin mikil gliðnun á coronal suturum bilat. og einhver víkkun virtist vera á öllum hausamótum.

Sj. var þegar tekin til meðferðar og tilnefndum brotum hæ. megin á höfuðkúpu sj. var lyft og sárið var hreinsað upp og saumað saman. Það var ekki gat á dura mater.

Sj. heilsaðist vel eftir aðgerð og lömunin vi. megin minnkaði nokkuð við aðgerðina. Síðan fór sj. í tölvusneiðmynd af höfði þann 18.08. og fannst þá að sj. var með mikla blæðingu á milli dura mater höfuðkúpunnar yfir vi. frontal svæði. Sj. var þá aftur tekin til aðgerðar og þessi blæðing tæmd út.

Sj. hresstist eftir þessar aðgerðir en við brottför þann 22.08.'82 þá var

sj. með fullri meðvitund og var enn með lömun í vi. hlið líkamans og var eðlil. andlega og með fullri meðvitund.

Áverkar sjúklings voru því:

1. Heilamar með magnsleysi í vi. hlið líkamans.
2. Blæðing milli heilabasts og höfuðkúpu (epidural haematoma, regio frontalis sin.)
3. Opið innkýlt höfuðkúpubrot (fract. crani regio paritalis dx.)

Sj. var síðan flutt til Frakklands þann 22.08.82 og hef ég ekki haft frekari fregnir af henni."

Þá segir svo í vottorði frá Læknamiðstöðinni í Nantes í Frakklandi, dagsettu 18. nóvember sl., um meiðsli Marie Luce í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Ég undirritaður, F. RESCHE prófessor, votta að Ungrú Marie-Luce BAHUAUD fædd 20. júní 1953 til heimilis: 7, La Foresterie 44120 - Vertou, var lögð inn á taugaskurðlækningadeildina 22. ágúst 1982 og var þar til 10. september. Hún kom frá Borgarspítalanum í Reykjavík, en þangað kom hún eftir árásina 18. ágúst 1982.

Hún var með mörg brot á ofanverðri höfuðkúpu undir margvíslegum sárum á hörundi eftir áverka á höfuðsverði (sár, marbletti, yfirborðsmeiðsl). Gert hafði verið í skyndi að þessum sárum í Borgarspítalanum. Til viðbótar áverkum á höfuðkúpu kom til blóðpollur utan harðhimnu (extra dural), sem einnig var gert að með skurði í Borgarspítalanum.

Þegar ungfrú Bahuaud kom inn í taugadeildina, var meðvitund hennar fullkomlega eðlileg, en hún var með vinstri helftarlömun.

Hörundið hafði ekki gróið nægilega vel, og reyndist því nauðsynlegt að taka aftur upp skurðaðgerð hinn 1. september 1982 (Læknir Menegalli Boggelli).

Ungfrú Bahuaud fór úr deildinni 10. september. Hörundið var endanlega fullgróið hinn 13. september.

Ungfrú Bahuaud kom aftur til læknisskoðunar hinn 15. nóvember 1982. Ekki koma fram hjá henni nein starfræn óeðlileg frávik eftir áverkann. Taugarannsókn sýnir eðlilegt ástand, nema hvað endanlega eru til staðar yfirviðbrögð beinasina (hyperréflectivité ostéo-tendineuse) vinstra megin. Ekki eru neinar eftirstöðvar um skerty (svo) hreyfiafl (déficit moteur). Rannsókn á augnbotni sýnir eðlilegt ástand. Heilalínurit tekin hinn 15. nóvember sýnir óreglulega braut (tracé) án merkis um staðsetningu.

Líta má svo á, að ástand ungfrú Bahuaud sé orðið traust hinn 15. nóvember 1982. Henni er heimilt að taka aftur upp launaða atvinnu.

Einungis ber að athuga, að halda skal enn áfram meðferð með róandi

lyfjum (traitement barbiturique) í minnkandi skömmtum sex mánaða tíma, 7,5 cg í tvo mánuði 5 cg næstu tvo mánuði, 2,5 cg þar næstu mánuði, áður en allri læknismeðferð er hætt."

Réttarkrufning fór fram á líki Yvette Marie Bahuaud hinn 18. ágúst. Í skýrslu Ólafs Bjarnasonar prófessors um krufninguna segir m.a. á þessa leið:

„Líkið kemur í Rannsóknastofuna klætt í brúna lopapeysu með mynstri, ljósbláan stutterma nærbol, smáköflóttar bómullar síðbuxur, vínrauðar ullarsokkabuxur, hvítar, stuttar nærbuxur og með græn legghá gúmmístígvél nr. 36 á fótum. Verulegt storkið blóð var í fötunum, einkum lopapeysu og nærbol. Þá var einnig töluvert blóð í nærbuxunum. Fjöldamörg skotgöt voru á baki lopapeysunnar og nærbolsins."

. . . . . .

„Krufningin:

„Líkið er af 160 cm háum kvenmanni, sem er í meðalholdum. Líkið er alstirt og fölrauðbláleitir líkblettir dreifðir um aftanverðan líkamann. Miklir áverkar eru sýnilegir á aftanverðu líkinu. Er hér um að ræða dreifð innskotsop, sem dreifast frá hvirfli og niður á hægri rasskinn, en eru flest á ofanverðu baki og vinstri upphandlegg og verða á þessu svæði talin 39 innskotsop af svipaðri stærð, þ.e.a.s. 0.5 cm í þvm. Auk þess verða talin ein 8 innskotsop á aftanverðum hálsi allt upp í hársvörðinn neðst. 2 op eru vinstra megin í hnakka og eitt op efst aftan til í hvirflinum aðeins vinstra megin við miðlínu. Að lokum er inn- og útskotsop í vinstra gagnauga og er innskotsopið aftar en útskotsop 2 cm framar. Er svo að sjá sem kúla hafi farið þarna í gegn eða stöðvast í húðinni við útskotsopið."

. . . . . .

„Vinstri andlitshelmingur er ataður storknuðu blóði, sem einnig dreifist út á neðanverða hægri kinn og vanga. Mikið storknað blóð er í höfuðhári, einkum vinstra megin og á aftanverðu höfðinu. Storkið blóð er á báðum höndum, einkum þeirri hægri. Innskotsop á baki eru dreifð um svæði, sem mælist 85.5 × 38.0 cm.

Önnur áverkamerki en að ofan getur sáust ekki við ytri skoðun á líkinu."

. . . . . .

„Brjóst- og kviðarhol opnað: Kviðveggsfita mælist 2.3 cm á þykkt. Enginn vökvi er í kviðarholi. Peritoneum er slétt og gljáandi. Hægra megin í brjóstholi eru 500 ml og vinstra megin 90 ml af blóði. Við athugun á thorax innanverðum sjást skotgöt á 4 stöðum hægra megin miðsvæðis aftan til og á tveim stöðum vinstra megin aftan og ofan til. Að öðru leyti er plerua parietalis beggja vegna slétt og gljáandi.

Hjarta og æðakerfi: Í pericardium eru 50 ml af blóði. Miðsvæðis á bakfleti pericardium parietale er skotop.

Hjartað vegur 200 g. Það er ekki að sjá stækkað eða þanið. Ofantil á miðjum bakfleti vinstra afturhólfs er skotop í epicardium. Frá því liggur blæðingarrák inn í gegnum hjartavegginn og í rák þessari finnst hagl, sem liggur um 1 cm undir yfirborði bakveggjarins inni í hjartavöðvanum sjálfum. Ekkert sérstakt athugavert er að sjá á endocardium eða lokum. Kransæðar eru sléttar og gljáandi innan og ekki merki um athercmatosis eða kalk í þeim. Hjartavöðvinn er á gegnskurði rauðbrúnleitur, stinnur átöku og homogen að undanskildri blæðingarrákinni eða skotganginum, sem að ofan er lýst í bakfleti vinstra afturhólfs.“

. . . . . .

„Öndunarfæri: Hægra lunga vegur 190 g og vinstra 200 g. Aftan á hægra lunga eru 4 skotgöt, en aftan á því vinstra 2 skotgöt og er nokkur blæðing í lungnavefinn í kring. Að öðru leyti er ekkert sérstakt á lungunum að sjá, hvorki á yfirborði eða á gegnskurði. Eitt hagl var tekið úr hægra lunga. Í berkjunum er dálítið blóðlitað slím. Að öðru leyti ekkert á berkjunum að sjá. Í barkanum er einnig nokkurt blóðlitað slím, en á barkanum sjálfum ekkert sérstakt að sjá eða barkakýlinu.“

. . . . . .

„Miðtaugakerfi: Innskotsopum í aftanverðum hvirfli og vinstra megin neðan til í hnakka hefur áður verið lýst. Innan við innskotsopið í hvirflinum fannst útflött kúla eða hagl. Annað útflatt hagl fannst innan við innskotsop í hnakka. Í galea sáust blæðingar á nokkru svæði umhverfis innskotsopin. Högl höfðu hvergi farið í gegnum eða inn í kúpuhvelfinguna og voru ekki sýnileg nein brot á kúpubeinum. Heilinn vegur 1270 g. Hann er fixeraður í heilu lagi og verður honum nánar lýst síðar.

Áður en krufning var hafin var líkið flutt á röntgendeild Landsspítalans, þar sem teknar voru röntgenmyndir af höfði, hálsi og búk. Á röntgenmyndunum töldust 51 kúla eða högl og var svo að sjá sem allar kúlurnar eða höglin væru af sömu eða svipaðri stærð.

Lýsing á heila:

Fixeraður vegur heilinn 1150 g. Dura svarandi til hvirfils fylgir og er eðlileg. Leptomeninges eðlil., en smáar subarachnoidal blæðingar sjást á nokkrum stöðum yfir lobi frontales. Yfirborðsblóðæðar eru áberandi blóðfylltar. Basis æðar og heilataugar eðlilegar.

Á gegnskurði á stóra heila, litla heila og heilastofni er ekkert óeðlilegt að sjá, en vefurinn er nokkuð áberandi blóðfylltur.

Smásjárskoðun:

Sýni voru tekin frá vulva og vagina, strokin á gler og Gram og Giemsalituð. Í þeim sjást reglulegar flöguþekjufrumur og staflaga bakteriur.

Sæðisfrumur sáust ekki.

Í sneiðum úr lungum sjást contusionsblæðingar á blettum.

H.d.: Hæmorrhagiae contusiones pulmonum.

Í sneiðum úr hjarta sjást contusionsblæðingar umhverfis skotgat.

H.d.: Hæmorrhagiae contusiones myocardil.

Í sneiðum úr hnút í lifur sést nokkur fitukúluíferð í lifrarfrumum.

H.d.: Steatosis localisata hepatis.

Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati (Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði), sem fylgir hér með í ljósriti, var alkohol ekki í mælanlegu magni í blóði hinnar látnu. Koloxíðmettun blóðrauða var 1%. Ekki var unnt að sýna fram á kannabisefni í blóðinu.

Ályktun:

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því sem fannst við krufninguna er ljóst að konunni hefir verið ráðinn bani með því að hún hefir verið skotin í bakið af alllöngu færi með haglabyssu.

Ekki er ólíklegt að andnauð vegna innilokunar í farangursgeymslu bifreiðar hafi verið meðverkandi að dauða konunnar."

Ólafur Bjarnason prófessor hefur mætt í dómi og staðfest krufningarskýrsluna. Vitnið hefur skýrt frá því, að höglin, sem lentu í líkama Yvette Marie, hefðu fyrr en seinna valdið dauða hennar, ef ekkert var að gert. Það sé ekki gott að segja, hvort hægt hefði verið að bjarga lífi hennar, þótt hún hefði komist með dráttarbifreiðinni á brott og fengið hjálp. Innilokun í farangursgeymslu bifreiðar ákærða hafi hins vegar útilokað þetta. Lost hafi verið ein afleiðing skotárásarinnar á Yvette Marie og ein af orsökum dauða hennar. Líkur sé á því, að Yvetta Marie hafi verið meðvitundarlaus, þegar hún var látin í farangursgeymsluna, en ekki sé hægt að segja um, hvernær hún lést.

Hannes Pétursson yfirlæknir framkvæmdi geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Í skýrslu hans, dagsettri 8. nóvember 1982, segir m. a. á þessa leið:

„Líkamleg skoðun og rannsóknir:

Grétar er meðalmaður á hæð og samsvarar sér vel. Hann gengur eilítið haltur en yfirbragð að öðru leyti ekki veikindalegt. Við kerfisbundna skoðun kom í ljós skert hreyfigeta á vinstri ganglim en ekki komu fram önnur einkenni eða vísbending um neina vefræna sjúkdóma. Blóðrannsókn þar með talin lifrar- og nýrnapróf var gert 15.-18.10.1982 og reyndust niðurstöður að mestu innan eðlilegra marka. Niðurstöður almennrar þvagrannsóknar 18.10.1982 voru einnig innan eðlilegra marka. Heilalínurit tekið 13.10.1982 var eðlilegt.

Sigurgísli Skúlason, sálfræðingur, lagði eftirtalin sálfræðipróf (11.-12. 10.1982) fyrir Grétar Sigurð: Wechsler-greindarpróf fyrir fullorðna og MMPI-persónuleikapróf. Niðurstöður Wechslers-prófsins voru þær að munnlegur hluti prófsins mældist 98 og verklegi hlutinn 110. Greindarvísitala allt prófsins mældist því 103 og starfhæf greind er því í meðallagi

(meðaltal: 90-109). MMPI-prófið gaf vísbendingu um þunglyndi en það sem rýrir gildi prófsins er hækkun á gildiskvarða þess. Þetta síðarnefnda gefur yfirleitt til kynna vísvitandi tilraun til þess að gefa góða mynd af sjálfum sér þ.e.a.s. sýnast betri en maður er í raun og veru með því að neita að viðurkenna gallana.

Geðskoðun:

Grétar Sigurður er meðalmaður á hæð, samsvarar sér vel og útlit svarar til aldurs. Fyrir utan helti er ekkert sérstakt við limaburð hans, útlit eða klæðaburð sem getur talist sérkennandi eða óeðlilegt. Hann er fremur hæglátur og rólyndislegur í framkomu. Hann var samvinnufús í viðtölum en nokkuð dulur og á stundum erfitt að fá hann til að tjá sig um persónuleg málefni. Virtist hér vera um vissan varnarhátt að ræða. Grétari lá frekar lágt rómur, röddin blæbrigðalítil en ekki varð vart neinna málvilla hjá honum. Lengst af var hann fremur dauflegur á svip og svipbrigðalítill en þó mátti greina hjá honum eðlileg tilfinningaviðbrögð í samræmi við umræðuefni hverju sinni. Geðslag einkenndist því af mikilli rósemi og e.t.v. vissri bælingu á tilfinningalífi. Engin viðbrögð komu fram er bent gætu til meiri háttar geðveiki svo sem ofskynjanir, haldvillur, sérviskulegur hugsunarháttur eða tjáningarmáti. Ekki varð heldur vart einkenna um meiri háttar taugaveiklun, svo sem árättuhugsanir, óeðlilegur kvíði eða hræðsla. Hins vegar voru hugmyndir Grétars um fíkniefni, neyslu þeirra og smygl til landsins öfgakenndar, en þó á engan hátt í þeim mæli að sjúklegt geti talist. Minni hans gagnvart atburðum síðustu mánaða virtist vera allgott en hinsvegar gætti nokkurrar ónákvæmni að því er varðar tímasetningu á fyrri lífsferli. Dómgreind, einbeiting og hæfileika til afstæðra hugsana virtist í engu áfátt. Hann var fyllilega áttaður á stað og stund og eigin persónu.

Niðurstaða:

Ég tel að Grétar Sigurður Árnason sé ekki haldinn formlegri geðveiki (psychoses) og sýni ekki einkenni um meiriháttar taugaveiklunarviðbrögð. Né heldur er Grétar haldinn greindarskorti. Ég tel hann hins vegar haldinn persónuleikatruflunum (personality disorder) og að hann hafi skapbresti, sem e.t.v. má rekja til lélegra uppeldisskilyrða í bernsku og á unglingsárum. Tilfinningalíf Grétars virðist yfirborðskennt og fremur illa þroskað, sjálfmiðað og einnig gætir nokkurra öfga í skoðunum hans. Ennfremur er ljóst að Grétar Sigurður hefur misnotað áfengi um margra ára bil þó eitthvað hafi dregið úr þeirri neyslu síðustu 1-2 árin. Persónuleikatruflana Grétars virðist helst verða vart undir áhrifum áfengis og/eða undir miklu álagi og virðast viðbrögð hans þá geta orðið heiftarleg og allt að því tilviljanakennd þó sjálfstjórn sé sæmileg þess utan. Í því sambandi er hugsanlegt að lang-

varndi þreyta og svefnleysi ásamt eftirstöðvum mikillar áfengisneyslu kunni að hafa haft áhrif á aðdragandann að því atviki sem Grétar Sigurður er kærður fyrir. Að lokum tel ég að raunveruleikamat og dómgreind Grétars Sigurðar Árnasonar sé óskert og hann teljist því fyllilega sakhæfur."

Rétt þykir, að eftirfarandi komi fram í máli þessu:

Sunnudaginn 5. október 1975 var lögreglan á Akureyri kvödd að Eiðsvallagötu 3 þar í bæ vegna heimilisófriðar. Þegar á staðinn var komið, kom í ljós, að illindi voru milli Grétars Sigurðar Árnas. og sambýliskonu hans, Sjafnar Aðalsteinsdóttur, er þarna búa. Voru þau bæði undir áhrifum áfengis og Grétar Sigurður mjög æstur í skapi, og að sögn sjónarvotta hafði hann bæði lagt hendur á Sjöfn og einnig ógnað henni með byssu. Var Grétar handtekinn, en hann beitti mótþróa eftir mætti, svo að setja varð hann í handjárn.

Á staðnum voru tveir menn, og skýrðu þeir svo frá, að þeir hefðu hitt Sjöfn og systur hennar uppi í miðbæ á Akureyri og hefði Sjöfn boðið þeim heim til sín í kaffi, en þau þekktust vel. Hefðu þau síðan farið að Eiðsvallagötu 3 og stúlkurnar farið á undan inn. Hefðu þeir síðan heyrt háreysti mikla, og er þeir komu í dyrnar, sáu þeir, hvar Grétar Sigurður kom þjótandi út úr herberginu. Var hann með byssu í höndunum, sem hann miðaði á Sjöfn, sem þá sat í sófa í stofunni. Þar sem þeir hefðu ekki vitað, hvort byssan var hlaðin, hefðu þeir kastað sér á Grétar Sigurð og tekist að afvopna hann. Byssa þessi, sem var riffill, reyndist óhlaðin.

Laugardaginn 25. sama mánaðar og að framan greinir, kl. 03.30, var hringt á lögreglustöðina á Akureyri og óskað eftir aðstoð lögreglu að Eiðsvallagötu 3 þar í bæ vegna ósamkomulags heimilismanna.

Þegar lögreglumenn komu á vettvang, sáu þeir, að ljós loguðu á efri hæð hússins, og hringdu dyrabjöllu nokkrum sinnum. Ekki var opnað fyrir þeim, en þeir heyrðu, að karlmaður sagði nokkuð höstuglega: „Þú opnar ekki". Síðan heyrðu þeir eins og niðurbæld hræðsluhljóð frá kvenmanni.

Aðaldyr íbúðarinnar voru læstar, og leituðu þeir inngöngu á fleiri stöðum. Bakdyr reyndust opnar á jarðhæð. Þegar þeir gengu meðfram suðurhlið hússins, heyrðu þeir barnsgrát og niðurbælda kveinstafi frá kvenmanni. Fóru þeir inn um áðurnefndar bakdyr og upp á efri hæð hússins. Í svefnherbergi inn af stofu lá kvenmaður á rúmi, mikið blóðug í andliti og hnakka. Lá karlmaður hálfpartinn ofan á henni og hélt um háls hennar og herðar. Maður þessi var Grétar Sigurður Árnas. Tóku þeir hann ofan af konunni. Kvað hann konu þessa, sem heitir Sjöfn Aðalsteinsdóttir, vera sambýliskonu sína og að þeim hefði sinnast.

Bæði voru þau nokkuð ölvuð, konan þó öllu meira og einnig miður sín, en maðurinn virtist vera rólegur.

Grétar Sigurður neitaði að koma á lögreglustöðina, en var fluttur þangað og settur í fangahús.

Sjöfn hafði skurð aftan á hnakka um 3 cm langan, sem hún sagði vera af völdum Grétars Sigurðar. Einnig sagði hún hann hafa gert tilraun til að kyrkja sig í rúminu, rétt áður en lögreglumennina bar að garði.

Í rúminu var nokkuð stór blóðpollur. Blóðslettur voru einnig upp um alla veggi stofunnar og anddyris. Glerbrot um allt gólf stofunnar, einnig vindlingaaska. Húsgögn voru færð úr stað. Á gólfi stofunnar lá einnig kjóll eða svunta, og var búið að rífa nokkuð af kjólnum í um 5 cm breiðar ræmur. Einnig lá þar tóm áfengisflaska.

Þriðjudaginn 3. ágúst 1982 kvaðst nafngreindur maður hafa verið á leið frá Reykjavík til Hafnar í Hornafirði á bifreið sinni. Um kl. 22.30 var hann staddur á hæð skammt austan við Hof, þaðan sem sér vel út yfir Öræfin. Þar tók hann eftir kyrrstæðri bifreið utan vegar með merki F.Í.B. Hann kveðst hafa ekið fram hjá bifreiðinni og nokkru síðar tekið eftir, að henni var ekið á eftir sér með ljósum, enda hafi verið tekið að skyggja. Hann hafi ekið nokkurn tíma en svo hægt á til að hleypa bifreiðinni fram úr. Ók hann út á vegarbrún skammt vestan við Fjallsá og hleypti bifreiðinni fram hjá. Bifreiðinni hafi verið ekið fram fyrir bifreið hans og stöðvað þar og sett á öll stefnuljós sem blikkuðu. Þetta hafi verið sama bifreiðin og hann ók fram hjá á hæðinni.

Ökumaður bifreiðarinnar steig út úr bifreiðinni og gerði hann það einnig. Erindi þessa manns hafi ekki verið annað en að ávíta hann fyrir að hafa ekið hratt. Hann hafi sagt sér, að réttast væri að taka af honum ökuskírteinið.

Ekki kvaðst hann hafa þekkt manninn. Samtal þeirra hafi endað með því, að maðurinn hafi beðið sig að aka gætilegar í framtíðinni og hafi hann játað því, enda hafi hann ekki viljað fara að stæla við manninn.

Maðurinn kvaðst daginn eftir hafa aflað sér upplýsinga um, hvaða maður þetta gæti hafa verið, og allar líkur bent til, að þarna hefði verið um að ræða Grétar Sigurð Árnason á Hofi, en þann mann hefði hann ekki séð áður, svo að hann viti til.

Niðurstöður.

Svo sem nú hefur verið rakið, tók ákærði Grétar Sigurður þær systur Marie Luce og Yvette Marie upp í bifreiðina Z-1540 skammt frá Höfn í Hornafirði framangreindan dag og ók þeim að sæluhúsinu á Skeiðarársandi með viðkomu í sæluhúsum á leiðinni, án þess að greiðsla kæmi fyrir. Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt, en hafði engu að síður ekið bifreiðinni þetta sumar. Hann hafði tekið að sér viðgerðarþjónustu fyrir Félag íslenskra bifreiðaeigenda í kringum verslunarmannahelgina, sett merki félagsins

á bifreiðina og var með þau umrætt sinn. Vitnið Marie Luce kveður ákærða hafa sagt þeim systrum, að hann annaðist gæslu á svæðinu frá Jökulsá á Breiðamerkursandi að Skaftafelli og væri í tengslum við lögreglu og af áritun hennar í gestabók í sæluhúsinu verður helst ráðið, að þær hafi talið, að svo væri. Ákærði segist hins vegar eingöngu hafa sagt stúlkunum, að hann annaðist vegaþjónustu á þessu svæði.

Ákærði kom aftur að sæluhúsinu um eða eftir kl. 23.00, og var þá komið myrkur. Sæluhúsið er um 300 metra frá veginum, en hann segist engu að síður hafa séð þar mannaferðir, en það fær vart staðist skv. athugunum rannsóknarlögreglumanna. Fyrir liggur í málinu, að ákærði hafði aldrei verið beðinn að annast eftirlit með sæluhúsinu, og frásögn hans um tilefni komu hans þangað er tortryggileg. Þykir hann enga frambærilega skýringu hafa gefið á því, hvert var erindi hans í sæluhúsið. Ákærði kom þangað með haglabyssu og riffil í bifreiðinni. Hann var ekki eigandi byssnanna, og eru aðrir skráðir eigendur þeirra. Fram er komið, að ákærði hafði verið með byssu í bifreiðinni vegna veiða. Telur hann, að hann hafi geymt þær milli framsætanna. Marie Luce kveðst ekki hafa séð byssur í bifreið ákærða á leiðinni að sæluhúsinu fyrr um kvöldið, og liggur ekki ljóst fyrir, hvort byssurnar voru fyrir í bifreið ákærða eða hann tók þær með sér um kvöldið í umrædda ferð.

Þegar ákærði kom í sæluhúsið, kveðst hann hafa fundið þar hasslykt, sem hann telur sig þekkja. Hafi hann af þeim sökum ætlað að handtaka systurnar og fara með þær til lögreglu. Þær hafi neitað þessu og ekki viljað fara og hafi þetta orðið tilefni átakanna. Marie Luce kveður ákærða hafa sagt, að lögreglan á Akureyri hefði beðið hann að handtaka þær, þar sem þær reyktu hass, en þessu neitar ákærði. Af hálfu rannsóknarlögreglunnar var sérstaklega athugað, hvort stúlkurnar hefðu haft fíkniefni eða eiturlyf í fórum sínum. Kom ekkert fram við rannsókn þessa um, að svo hefði verið. Ekkert hefur heldur komið fram við meðferð máls þessa fyrir dómi um, að þessi framburður ákærða hafi við rök að styðjast. Verður því að líta svo á, að þetta sé annað hvort hugarburður ákærða, svo sem fyrri afskipti hans af slíku máli þetta sumar gætu bent til, eða sé fyrirsláttur af hans hálfu til að réttlæta árásina á systurnar.

Þegar stúlkurnar vildu ekki koma með ákærða, kveðst hann hafa farið út í bifreiðina, tekið haglabyssuna og sett skot í hana. Það hljóti að vera, að hann hafi spennt hana upp á leiðinni í sæluhúsið. Hann hafi snúið hlaupinu aftur, er hann koma í dyragætt sæluhússins. Skýring ákærða á þessu er sú, að hann hafi ætlað að skjóta úr byssunni fyrir utan húsið til að hræða systurnar til að fá þær til að koma með sér. Marie Luce kveður ákærða hins vegar hafa beint hlaupinu inn í húsið. Þá hafði ákærði og sótt rafmagnsvír út í bifreiðina. Ætlaði hann að eigin sögn að láta aðra

stúlkuna binda hendur hinnar og láta hana sitja í aftursæti bifreiðarinnar á leiðinni til lögreglunnar. Fannst vírinn í sæluhúsinu. Marie Luce telur ákærða hafa komið með einhvern þungan hlut, en því neitar hann.

Ákærði kveður Marie Luce hafa ráðist að sér í sæluhúsinu, svo sem að framan er rakið, og hann barið hana með byssuskeftinu 3 högg í höfuðið, svo að hún missti meðvitund. Marie Luce kveðst ekkert viðnám hafa getað veitt og hafi ákærði barið hana með þunga hlutnum og byssuskeftinu, uns hún missti meðvitund.

Lítur dómurinn svo á, að sannað sé samkvæmt framansögðu, að ákærði hafi ráðist að Marie Luce og barið hana með byssuskeftinu án tilefnis. Hafi hann veitt henni áverka þá, er hún hlaut og nánar greinir í læknisvottorðum hér að framan. Þá kannaði ákærði ekkert meiðsli Marie Luce, en skildi hana eftir bjargarlausa og lét ekki vita um hana, þótt hann ætti þess kost.

Á meðan á árásinni á Marie Luce stóð, tókst Yvette Marie að komast á brott úr sæluhúsinu. Fundust gleraugu hennar rétt við dyr sæluhússins. Ákærði kveður skot hafa hlaupið úr byssunni í átökunum við Marie Luce, er Yvette Marie fór á brott, en hann viti ekki, hvernig það gerðist. Hefur ákærði jafnvel látið liggja að því í einum framburði, að Marie Luce hafi komið við gikk byssunnar. Hann kveðst ekkert geta sagt um, hvort skotið hafi lent í Yvette Marie. Marie Luce hefur hins vegar algjörlega neitað því, að skot hafi hlaupið úr byssunni í sæluhúsinu.

Ákærði var látinn sýna við sviðsetningu, hvernig hann hefði haldið á byssunni, þegar skotið á að hafa hlaupið úr henni. Sérfróður maður um byssur athugaði þetta með rannsóknarlögreglumönnum, og töldu þeir framburð ákærða um þetta ósennilegan og vart fá staðist. Hefði skot hlaupið úr byssunni og ákærði haldið á henni, eins og hann segir, væru miklar líkur á því, að hann hefði slasast á hendi, sérstaklega fingrum, vegna höggs frá byssunni, en um það var ekki að ræða. Vegna slysahættu var ekki reynt að skjóta úr byssunni með umræddum hætti.

Samkvæmt sérstakri prófun rannsóknarlögreglu og hins sérfróða manns lenti skot það, er Yvette Marie varð fyrir í henni á 30-45 m færi, en sennilegast var hún í 36.6-40 m fjarlægð frá byssunni, er hún varð fyrir skotinu, ef miðað er við dreifingu skotgata eftir högl á aftanverðum líkama hennar, en þau voru 51 að tölu og náðu frá hvirfli alveg niður eftir baki.

Fær framburður ákærða, sem hefur verið breytilegur um þetta, vart staðist, og þykir verða að hafna honum, þegar auk þess liggur fyrir framburður vitnisins Marie Luce um, að skot hafi ekki hlaupið úr byssunni í sæluhúsinu.

Þegar Marie Luce kom til meðvitundar, kveðst hún fyrst hafa heyrt óp í systur sinni, síðan skot, þá annað óp og aftur skot. Því næst heyrði hún, að bifreið var ekið á brott frá sæluhúsinu, en eftir það varð allt hljótt.

Ákærði kveðst hafa farið á eftir Yvette Marie úr sæluhúsinu að leita hennar. Ákærði hafði byssuna meðferðis, en hún var óhlaðin að sögn hans. Fór hann fyrst í kringum sæluhúsið og síðan frá því í átt að veginum, en fann hana ekki. Far eftir skó ákærða fannst lengst í allt að 112 metra fjarlægð frá sæluhúsinu í suðvestur átt, og hefur ákærði viðurkennt, að skófarið sé eftir sig.

Þegar ákærði fann ekki Yvette Marie, fór hann að bifreiðinni og ók niður á þjóðveg til að halda áfram leitinni. Hann hefur enga viðhlítandi skýringu gefið á því, hvers vegna hann var að leita stúlkunnar. Segist hann hafa ætlað að hafa samband við hana til að „sansa þetta til." Ákærði kveðst hafa komið auga á Yvette Marie á þjóðveginum í ljósum bifreiðarinnar. Hún hafi fyrst veifað bifreiðinni, en síðan ætlað að hlaupa brott. Hann hafi þá numið staðar og sett skot í byssuna. Hann hafi kallað til stúlkunnar að nema staðar, en hún ekki hlýtt því. Þá hafi hann skotið úr byssunni upp í loftið og sé öruggt, að hann hafi ekki hæft stúlkuna. Hann var í 15-20 metra fjarlægð frá henni, er þetta gerðist.

Á þessum slóðum á veginum fannst tómt skothylki úr haglabyssu. Var það sams konar og þau skothylki, sem ákærði var með, og hafði því verið skotið úr byssu hans samkvæmt rannsókn hjá rannsóknarlögreglu.

Ákærði kveðst síðan hafa ekið aðeins áfram í átt að Yvette Marie. Í þessu kom Sveinbjörn Garðarsson á vettvang á dráttarbifreið með tengivagni. Sveinbjörn kveður Yvette Marie hafa verið blóðuga og hafi hann heyrt frá henni sársauka- og angistaróp. Hún hafi komið að bifreið hans, tekið í hana og beðið hann um hjálp og sagt, að ákærði ætlaði a svipta sig lífi.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa skýrt Sveinbirni ranglega frá því, að Yvette Marie hefði orðið fyrir umferðarslysi. Fyrst segist hann hafa sagt Sveinbirni, að ekið hefði verið á Yvette Marie, en við samprófun viðurkenndi hann að hafa sagt honum, að hann hefði sjálfur ekið á hana. Hann hefur ekki andmælt þeim framburði Sveinbjörns, að hann hafi sagt við Sveinbjörn, að Yvette Marie væri rugluð eftir slysið og geðveik og ekki mark takandi á orðum hennar. Bað ákærði Sveinbjörn um að sækja hjálp, hann ætlaði að bíða á staðnum á meðan. Tók hann síðan Yvette Marie frá bifreiðinni með valdi. Sveinbjörn tók ákærða trúanlegan, og kveður hann F.Í.B. merkin á bifreiðinni, sem voru fánar og skilti, hafa ráðið þar nokkru um. Hindraði ákærði með þessu, að Yvette Marie fengi hjálp.

Ákærði setti Yvette Marie síðan í farangursgeymslu bifreiðarinnar, að því er virðist strax og Sveinbjörn var farinn á brott. Hún var með meðvitund að sögn ákærða. Honum var ljóst, að hún var særð, en athugaði það ekki nánar. Ákærði hefur enga marktæka skýringu gefið á þessu tiltæki

sínu. Hann hraðaði ferð sinni á brott, en beið ekki eftir, að hjálp bærist eða leitaði hjálpar.

Vitnið Gunnar Auðunn Stefánsson kveðst hafa mætt F.Í.B. bifreið um miðnætti þessa nótt nokkru vestan við Skeiðarárbrú, og fer ekki milli mála, að þar var ákærði á ferð. Bifreið þessari var ekið á mjög mikilli ferð og með blikkandi ökuljósum að sögn Gunnars Auðuns. Bifreiðinni var ekið inn á Skeiðarárbrú með sama hraða og hvarf hún vitninu þar sjónum. Kemur ekki til mála að sögn Gunnars Auðuns, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ætlað að stöðva hann svo sem ákærði heldur fram. Ákærði neitar að hafa ekið hratt umrætt sinn. Hann kveðst hafa numið staðar á Skeiðarárbrú og litið í farangursgeymsluna. Hafi hann þá komist að raun um, að Yvette Marie var látin.

Bifreiðin Z-1540 fannst morguninn eftir í nánd við Hafrafell með líki Yvette Marie í farangursgeymslunni, eins og áður greinir, og var farangursgeymslan lokuð. Ákærði hafði haldið á brott frá bifreiðinni og falið sig. Hann fannst að morgni 18. ágúst vopnaður báðum byssunum, og voru þær hlaðnar.

Dánarorsök Yvette Marie er talin samkvæmt krufningarskýrslu skot úr haglabyssu, er lentu á alllöngu færi í líkama hennar aftanverðum, en þar var 51 skotgat eftir högl. Meðverkandi að dauða hennar er talin geta verið andnauð vegna innilokunar í farangursgeymslu bifreiðarinnar og lost samkvæmt framburði prófessors Ólafs Bjarnasonar í dómi.

Ákærði hefur ekki viljað viðurkenna að hafa orðið Yvette Marie að bana af ásettu ráði, en hefur látið að því liggja án þess að geta staðhæft það, að hún hafi orðið fyrir skoti úr haglabyssunni, sem hann var með, fyrir slysni í átökunum við Marie Luce, jafnvel að Marie Luce hafi tekið í gikk byssunnar. Þessum framburði ákærða er hafnað, svo sem áður greinir. Yvette Marie varð fyrir skoti í bakið úr haglabyssunni sem ákærði var með, og hefur það samkvæmt framansögðu ekki hafa getað gerst (sic), nema annað hvort á leiðinni frá sæluhúsinu að þjóðveginum eða á þjóðveginum sjálfum, er hann veitti henni eftirför.

Framburður ákærða er um margt tortryggilegur og fær vart staðist um veigamikil atriði. Ákærði er einn til frásagnar um það, er gerðist, frá því hann fór úr sæluhúsinu til að veita Yvette Marie eftirför, uns Sveinbjörn Garðarsson kom á vettvang. Hann hefur viðurkennt að hafa verið vopnaður byssunni og hafa skotið úr henni, er hann kom auga á Yvette Marie. Þegar litið er til þessa og framburðar vitnanna Marie Luce og Sveinbjörns Garðarssonar og annars, er fram hefur komið í máli þessu, telur dómurinn sannað, þótt viðurkenning ákærða á því liggi ekki fyrir, að hann hafi orðið Yvette Marie að bana með þeim hætti að skjóta hana í bakið með haglabyssunni og loka hana síðan inni í farangursgeymslu bifreiðarinnar, þar

sem hún fannst látin, og að reikna verði honum þennan verknað til ásetnings.

Með líkamsárásinni á Marie Luce og með því að skilja hana eftir bjargarlausa og láta ekkert um hana vita hefur ákærði orðið brotlegur gegn 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981, en við 211. gr. sömu laga með því að svipta Yvette Marie lífi.

Í ákæru er brot ákærða m. a. talið varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga, en framangreind heimfærsla undir 1. mgr. sömu lagagreinar styðst við 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, enda hefur þetta atriði verið reifað sérstaklega í málflutningi.

Þegar virt er geðrannsókn sú, sem fram fór á ákærða, telst hann sakhæfur.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga 16 ára fangelsi. Til frádráttar refsingunni þykir rétt að komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 19. ágúst 1982 til 28. þ. m.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, kr. 35.000.-, til ríkissjóðs og málsvarnarlaun, kr. 35.000.-, og réttargæsluþóknun, kr. 25.000.-, eða samtals kr. 60.000 til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl.

Dómsorð:

Ákærði, Grétar Sigurður Árnason, sæti fangelsi í 16 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 19. ágúst 1982 til 28. júní 1983.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 35.000.-, og málsvarnarlaun og réttargæsluþóknun til skipaðs verjanda síns Jóns Oddssonar hrl., samtals kr. 60.000.-.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 2. apríl 1984.

Nr. 7/1983. **Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h/f**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Sveini Ben Aðalsteinssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Skiprúmssamningur. Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1982. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigi verður talið sannað með gögnum máls, að stefndi hafi verið ölvaður hinn 23. maí 1981.

Það er að vísu ósannað, að stefndi hafi tilkynnt forföll sín greindan dag. Vegna viðtals hans þann dag við stýrimann b/v Kambarastar, SU 200, sem gegndi skipstjórastarfi á skipinu þá veiðiferð, er fór í hönd, og viðbragða hans, sem lýst er í héraðsdómi, þykir þetta eigi girða fyrir rétt stefnda til launa samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga nr. 49/1980, sem breytir 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. og 28. og 31. gr. kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 25. febrúar 1981.

Enginn tölulegur ágreiningur er með aðiljum í máli þessu um umkrafða launafjárhæð.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann nema um vexti, en um þá fer svo sem segir í dómsorði.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 9.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður nema um vexti.

Áfrýjandi, Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h/f, greiði stefnda,

Sveini Ben Aðalsteinssyni, 34% ársvexti af dæmdri fjárhæð frá 1. júlí 1981 til 11. júní 1982, en dómvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 9.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómsþings Suður-Múlasýslu 25. október 1982.

I.

Mál þetta var tekið til dóms hinn 4. október sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Sveinn Ben Aðalsteinsson, nnr. 8730-6488, til heimilis að Æsufelli 6, Reykjavík.

Stefndi er Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f., Stöðvarfirði, nnr. 4295-7682.

Stefna í málinu var birt hinn 1. júní sl.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 8.159.41 með 40% ársvöxtum frá 01.07.81 til 01.09.81 með 39% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Sáttatilraunir báru ekki árangur.

II.

Stefnandi kveðst hafa verið skipverji á skuttogaranum Kambaröst, SU 200, í eigu stefnda, frá því á miðju ári 1977. Í janúar 1978 hafi hann slasast við vinnu um borð í togaranum. Hann hafi verið óvinnufær frá 23.05.81 til 12.06.81 vegna veikinda, sem stafað hafi af þrálátum bakverk, sem rekja megi til slyssins, og vegna aðgerðar á fingri. Kveðst hann hafa skilað stefnda læknisvottorði og krafið hann um greiðslu á forfallalaunum, en verið synjað. Mál þetta sé höfðað til heimtu ógreiddra launa í veikindaforföllum.

Að sögn stefnda eru málavextir á þá leið, að skipstjóri Kambarastar, SU 200, hafi verið búinn að gera stefnanda rækilega grein fyrir, að fyndist svo mikið sem áfengislykt af honum, þegar hann mætti til skips, skoðaðist það sem fyrirvaralaus uppsögn. Hinn 23. maí 1981 hafi stefnandi verið á

Egilsstaðaflugvelli og hitt þar 1. stýrimann skuttogarans, sem hafi verið á leið til skips, eins og stefnandi. Stýrimaðurinn hafi ekki viljað, að stefnandi færi um borð, þar sem hann væri ölvaður. Með bréfi, dagsettu 15. júní 1981, hafi skipstjóri togarans staðfest, að stefnanda hefði verið vikið fyrirvaralaust úr starfi vegna síendurtekinnar ölvunar hans við brottför skips.

Samkvæmt frásögn stefnanda, sem hann hefur ekki staðfest fyrir dómi, hélt hann til Reykjavíkur hinn 22. maí 1981, sama dag og b/v Kambaröst kom til hafnar úr veiðiferð. Leitaði stefnandi til Magnúsar B. Einarssonar, læknis á Reykjalundi, vegna bakverkjar, en um leið skoðaði læknirinn fingurmein, sem hann taldi nauðsynlegt að skera í. Var afráðið, að Már H. Tulinius, læknir á Fáskrúðsfirði, framkvæmdi aðgerðina. Stefnandi fór aftur austur næsta dag, 23. maí, og leitaði þá til Más, læknis á Fáskrúðsfirði. Samkvæmt sjúkradagpeningavottorði Más H. Tuliníus læknis, dags. 24. júní 1981, en myndrit af því hefur verið lagt fram, sá hann stefnanda hinn 23. maí 1981 og telur hann óvinnufæran vegna sjúkdóms - Lumbalospondylolysis - frá 23. maí 1981 til 23. júní 1981.

Stefnandi kveðst hafa tilkynnt útgerð b/v Kambarastar, stefnda, hinn 23. maí, að hann væri óvinnufær.

Fyrirsvarsmenn stefnda hafa lýst tildrögum þess, að stefnanda voru settir þeir úrslitakostir, að fyndist svo mikið sem áfengislykt af honum, þegar hann kæmi til skips, yrði honum umsvifalaust vikið úr starfi.

Þeir segja, að hinn 22. maí 1981 hafi stefnandi haldið til Reykjavíkur án þess að gera viðvart um ferðir sínar og hefði hann ekki getað mætt um borð í skipið á boðuðum tíma, nema vegna þess að bíða þurfti í nokkrar klukkustundir eftir varahlutum í það. Hinn 23. maí hafi Þorleifur Dagbjartsson, 1. stýrimaður, hitt stefnanda á Egilsstaðaflugvelli og séð, að hann var undir áhrifum áfengis. Stefnandi hafi spurt, hvort hann ætti að koma þannig um borð í skipið, en stýrimaðurinn sagt, að sér þætti vænt um, að hann gerði það ekki. Stefnandi hafi sagt Þorleifi stuttu eftir þessi orðaskipti, að hann væri búinn að hringja til Stöðvarfjarðar og láta vita um, að hann færi ekki í veiðiferðina.

Enginn af þeim fyrirsvarsmönnum stefnda, sem gætu hafa tekið við slíkri tilkynningu, kannast við hana.

Að sögn Þorleifs stýrimanns minntist stefnandi ekki á veikindi sín, er þeir hittust á Egilsstaðaflugvelli.

Af hálfu stefnanda hefur ekki verið getið um, að hann hafi hitt Þorleif stýrimann greint sinn.

Kröfur stefnanda eru ekki tölulega umþrættar. Samkvæmt gögnum málsins fékk hann greiðslu fyrir veiðiferð, sem lauk 23. júní 1981, en hins vegar voru veiðiferðirnar, sem hann krefur um greiðslu fyrir, farnar á tímabilinu

frá 23. maí til 13. júní 1981. Guðjón Smári Agnarsson, framkvæmdastjóri hins stefnda fyrirtækis, hefur sagt, að hann hafi fallist á að greiða stefnanda fyrir veiðiferðina, sem lauk 23. júní 1981, og hafi hann vonast til þess, að málið yrði þá úr sögunni.

III.

Stefnandi reisir kröfu sína á 28. gr. kjarasamnings Sjómannasambands Íslands og Sambands íslenskra útvegsmanna og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 67, 1963, sbr. 3. mgr., 1. gr., laga nr. 49, 1980.

Er því haldið fram, að stefnandi hafi orðið óvinnufær hinn 23. maí 1981, eins og í læknisvottorði komi fram, og eigi hann því rétt á launum í veikindum sínum. Því er mótmælt, að stefnandi hafi verið drukkinn á Egilsstaðaflugvelli greint sinn. Af stefnanda hálfu er sagt, að ekkert sé fram komið, sem bendi til þess, að stefndi hafi orðið fyrir tjóni vegna þess, að tilkynning stefnanda til hans um veikindi hafi borist honum seint, og á það lögð áhersla, að stefnandi hafi fyrst fengið vitneskju um uppsögn úr skiprúmi með bréfi Jens Albertssonar skipstjóra, dagsetttu 15. júní 1981.

Stefndi reisir sýknu sína á 1. mgr. 3. tl., sbr. 2. mgr. 33. gr. sjómannalaga nr. 67, 1963 og heldur því fram, að heimilt hafi verið að víkja stefnanda fyrirvaralaust úr skiprúmi. Mótmælt er, að stefnandi hafi verið óvinnufær hinn 22. maí 1981.

IV.

Stefnandi kom ekki til skips, þegar halda átti í veiðiferð hinn 23. maí 1981. Af stefnda hálfu er lögð á það megin áhersla, að stefnandi hafi verið ölvaður fyrr sama dag, þá á Egilsstaðaflugvelli, og hefur Þorleifur Dagbjartsson, I. stýrimaður b/v Kambarastar, borið um ölvun stefnanda, eins og rakið er hér að framan. Stefnandi hefur mótmælt vitnisburði stýrimannsins sem röngum.

Dómarinn telur, að í þessu tilviki og eins og sönnunarbyrði er háttað, geti brottvísun úr skiprúmi ekki byggst á 3. tl. 1. mgr. 33. gr. sjómannalaga nr. 67, 1963. Hins vegar kann ákvæði 2. tl. sömu lagagreinar að koma til álita.

Í málinu liggur fyrir vottorð Más H. Tulinius læknis, þar sem læknirinn vottar, að stefnandi hafi verið óvinnufær vegna sjúkdóms frá 23. maí 1981 til 23. júní s.á.

Verður dómurinn að ganga út frá því, að vottorð þetta sé rétt.

Stefnandi á því rétt á launum í veikindaforföllum sínum, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 49, 1980.

Enginn ágreiningur hefur verið um stefnufjárhæð og vaxtakröfu í málinu, og verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 8.159.41

með 40% ársvöxtum frá 01.07.81 til 01.09.81, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilegur kr. 8.500.-.

Stefnandi krefst ómerkingar á ummælum í skýrslu Jens Albertssonar skipstjóra. Ummælin hljóð þannig:

„Á það skal bent að Sveinn hefur verið rekinn frá flestum þeim vinnustöðum, sem hann hefur verið á sökum óhóflegrar áfengisneyslu."

Ekki þykja efni til þess að ómerkja ummælin.

Dóminn kvað upp Bogi Nilsson sýslumaður.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar h.f., Stöðvarfirði, nnr. 4295-7682, greiði stefnanda, Sveini Ben Aðalsteinssyni, Æsufelli 6, Reykjavík, nnr. 8730-6488, kr. 8.159.41 með 40% ársvöxtum frá 01. 07.81 til 01.09.81, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 8.500.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 6. apríl 1984.

Nr. 135/1982. **Þróttur h/f**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Ólafi V. Sverrissyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Skiprúmssamningur. Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 27. maí 1982. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur aðilja varðar einungis rétt áfrýjanda til að víkja stefnda úr skiprúmi, en fjárhæð dómkröfu stefnda, þar með talin vaxtakrafa, sætir engum ágreiningi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þróttur h/f, greiði stefnda, Ólafi V. Sverrissyni, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Grindavíkur 15. desember 1981.

1.0.

1.1 Mál þetta, sem rekið er fyrir sjó- og verslunardómi Grindavíkur, var höfðað með stefnu, birtri 17. 2. 1981.

Málið var dómtekið 30. 11. sl.

Stefnandi er Ólafur V. Sverrisson sjómaður, Sunnubraut 4, Grindavík.

Stefndi er Þróttur h.f., Mánagötu 5, Grindavík.

1.2. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 29.151.84 ásamt 46% ársvöxtum frá 1. 6. 1980 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

1.3. Dómkrafa stefnda er um sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er gerð krafa til málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

2.0.

2.1. Málavextir.

Samkvæmt stefnu eru málavextir þeir, að stefnandi réðst sem 3. vélstjóri

á m.b. Albert, GK-31, sem gerður var út af stefnda. Stefnandi hóf störf um borð í skipinu 3. 1. 1980 og starfaði þar til 31. 1. 1980, er honum var fyrirvaralaust og án sakar vikið úr starfi, er skipið var statt á Vopnafirði. Var stefnandi þá mikið sjúkur og þurfti að leita sér lækninga á Vopnafirði. Að ráði læknisins á Vopnafirði var stefnandi þá strax sendur til Akureyrar til frekari rannsóknar og meðferðar.

2.2. Í málinu hefur verið lagt fram, dskj. nr. 3, vottorð Þengils Oddssonar læknis á Heilsugæslustöðinni Vopnafirði, dagsett 31. 1. 1980. Efni þess er, að stefnandi hafi verið óvinnufær með öllu vegna sjúkdóms frá 31. 1. 1980 „óákveðið í ca. þrjár vikur." Skoðun fór fram 31. 1. 1980.

Þá hefur verið lagt fram, dskj. nr. 4, vottorð Magnúsar Ásmundssonar, læknis Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, dagsett 18. 2. 1980, svohljóðandi: „Það vottast hér með að Ólafur Sverrisson, Sunnubraut 4, Grindavík hefur verið óvinnufær frá og með 31. 1. 1980 til og með 7. 2. vegna sjúkdóms."

2.3. Stefnandi hefur komið fyrir dóminn. Þar skýrði hann svo frá, að í janúar 1980, hafi m.b. Albert komið með afla til löndunar í Bolungarvík. Átti löndun að hefjast að morgni milli kl. 05 og 07. Hann hafi hins vegar ekki tekið þátt í lönduninni, þar sem hann hafi farið ásamt matsveini m. b. Alberts yfir í erlent skip, er þar var statt og neytt þar áfengis. Áður hafi hann verið búinn að gera þær ráðstafanir, að sonur hans sæi um löndunina í sinn stað, en yfirleitt séu tveir hásetar í fríi við löndun. Stefnandi kvaðst hafa haft áfengisflösku meðferðis, er hann kom úr hinu erlenda skipi, og hafi hann látið Ólaf Sigurpálsson stýrimann fá flöskuna og beðið hann að geyma. Hann kvaðst hafa verið sofandi, er löndun lauk og skipið hélt á veiðar. Er hann vaknaði, kvaðst hann hafa beðið Ólaf um vín og hafi hann fengið eitthvert áfengismagn. Hann kvaðst hafa átt við áfengisvandamál að stríða og þá einkum á árunum 1976 og 1977. Hins vegar hafi þetta verið fyrsta víndrykkja hans frá því á árinu 1978. Hann kvaðst hafa orðið sjúkur eftir áfengisneysluna og hafi hann óskað eftir því við stýrimann, að honum yrði komið undir læknishendur. Hafi hann ekki getað sinnt neinum störfum um borð vegna sjúkleika. M.b. Albert hafi komið til Vopnafjarðar 31. janúar um nótt og hann leitað læknisaðstoðar þegar að morgni. Hafi læknirinn sagst ætla að senda hann rakleiðis á sjúkrahús á Akureyri. Við komu aftur um borð hafi hann hitt Þórarin Ólafsson skipstjóra og sagt honum, hvernig komið væri. Hafi Þórarinn sagt, að hann gæti hirt þetta drasl sitt. Hafi hann litið á þetta sem beinan brottrekstur úr skipsrúmi. Hann kvaðst hafa verið með umræddum skipstjóra til sjós áður, eða nánar tiltekið frá 1958 til áramóta 1963. Auk þess hafi hann þekkt Þórarin frá barnæsku. Hann kvaðst hafa verið ráðinn á m.b. Albert af Þórarni og hafi það verið án nokkurra skilyrða, svo sem algjörrar reglusemi. Stefn-

andi kvaðst hafa gert sér grein fyrir því, áður en hann fór að neyta áfengis í umrætt sinn, að það gæti kostað hann veikindi. Hann upplýsti, að hann hafi byrjað að vinna aftur þann 7. mars s.á. og haft í tekjur kr. 32.405.- á tímabilinu til 30. 4. 1980.

Þórarinn Ingibergur Ólafsson skipstjóri, Mánagötu 5, Grindavík, kom fyrir dóminn. Þórarinn er stjórnarformaður í hinu stefnda hlutafélagi. Hann hvað það rétt, að stefnandi hafi fengið son sinn til að annast fyrir sig löndun og hafi hann ekkert skipt sér af því. Að löndun lokinni hafi þegar verið haldið á miðin. Hann sagði, að stefnandi hafi verið við áfengisneyslu á útleiðinni og hafi stýrimaður, Ólafur Sigurpálsson, tekið af honum áfengisflösku sex til átta tímum eftir að þeir létu úr höfn. Er á miðin kom, hafi verið byrjað að kasta og hafi hann þá viljað láta ræsa stefnanda. Hafi það verið reynt í tvígang, en án árangurs. Hafi hann þá ákveðið að segja stefnanda upp skipsrúmi, er þeir kæmu í höfn. Þegar stefnandi kom frá læknisskoðun, kveðst hann hafa sagt honum að taka dótið sitt, enda myndi hann ekki koma um borð aftur. Hann upplýsti, að stefnandi hafi verið skipverji á m.b. Alberti haustið 1979 í afleysingum. Þessi áðurnefnda áfengisneysla stefnanda hafi verið sú fyrsta á þessu tímabili, enda hafi stefnanda verið það ljóst, að reglusemi hafi verið skilyrði fyrir veru hans á skipinu. Það sé ófrávíkjanleg regla hjá honum og hafi alla tíð verið, að það varði brottrekstri, að menn séu óvinnufærir vegna vínneyslu. Þetta hafi stefnda átt að vera ljóst vegna langra kynna þeirra. Hins vegar hafi hann ekki tekið sérstaklega fram við ráðningu stefnanda, að hann sýndi reglusemi.

Ólafur Sigurpálsson stýrimaður, Baðsvöllum 8, Grindavík, kom fyrir dóminn. Hann skýrði svo frá að stefnandi hafi ekki tekið þátt í löndun vegna ölvunar. Hann hafi verið að flækjast um skipið, er löndun stóð yfir, og ekkert sinnt tilmælum vitnisins um að fara að sofa. Að löndun lokinni var haldið á miðin, og var vitnið á fyrstu vaktinni. Á vaktinni kvaðst vitnið hafa gert tilraun til þess að fá stefnanda til að fara í koju, en hann hafi tjáð því, að hann gæti ekki sofnað, það hafi hann reynt. Kvaðst vitnið ekki vita gjörla um áfengisneyslu stefnanda á útleið, en heldur, að hann hafi ekki neytt áfengis, eftir að vakt vitnisins lauk. Vitnið kveðst hafa talað við stefnanda, er á miðin kom og hafi hann þá verið sýnilega veikur. Tjáði vitnið skipstjóra það, að stefnandi vildi fara í land vegna þessa. Stefnandi hafi þó ekki þegið að fara til lands með m.b. Erni, er var staddur á miðunum og á leið til lands. Stuttu síðar hafi þeir svo fengið afla og haldið til hafnar.

3.0

3.1. Kröfugerð sína byggir stefnandi á því, að honum hafi verið fyrirvaralaust og án sakar vikið úr starfi. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr.

67/1963 skuli uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum vélstjóra, sé ekki öðruvísi samið. Í því tilviki, er hér um ræðir, hafi ekki verið samið um annan uppsagnarfrest og því gildi sá frestur. Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Hlutur 31. 1. til 14. 3. 1980	kr.	21.369.07
Hlutur 14. 3. til 30. 4. 1980	kr.	7.415.77
	Kr.	28.784.84

Samkvæmt 1. mgr. 28. gr. l. nr. 67/1963 eigi útgerðarmaður að greiða kostnað vegna umönnunar sjúkra skipverja. Beri því stefnda að greiða kostnað, er stefnandi hafi af veikindum sínum. Kostnaðarliðir þessir eru:

Akstur	kr.	23.50
Sími	kr.	18.00
Flugfar	kr.	325.50
	Kr.	367.00

Samtals gerir þetta stefnufjárhæðina, kr. 29.151.84.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi orðið sjúkur vegna drykkju og verið látinn víkja úr skiprúmi eingöngu af þeim sökum. Heilsufari stefnanda hafi verið þannig háttað, að hann hafi ekki mátt bragða áfengi án þess að verða af því fárveikur. Stefnandi hafi ekki getað tekið þátt í veiðum vegna drykkju sinnar og afleiðinga hennar og ekki sinnt neinum störfum um borð, eftir að skipið kom á miðin að lokinni löndun í Bolungarvík. Samkvæmt 33. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 sé skipstjóra heimilt að víkja skipverja úr skiprúmi án uppsagnarfrests, sem hagar sér með þeim hætti er stefnandi gerði í máli þessu. Stefnandi eigi því enga lögmæta kröfu á hendur stefnda. Þá er læknisvottorðum mótmælt sem ófullnægjandi, þar sem hvergi sé getið um eðli veikindanna.

4.0

Niðurstaða

4.1. Stefnandi hefur átt við áfengisvandamál að stríða og verið til meðferðar vegna þessa. Hann hefur haldið því fram, að hann hafi ekki neytt áfengis frá árinu 1978, þar til að það gerðist í Bolungarvík í lok janúar 1980. Umrædd ölvun virðist þá ekki hafa komið niður á starfi stefnanda, eins og á stóð, heldur afleiðing drykkjunnar. Dómurinn telur, að 33. gr. 1. nr. 67/1963 eigi hér ekki við, en stefnandi byggir rétt til fyrirvaralausrar uppsagnar á þeirri grein. Telst því uppsögnin ólögleg. Á stefnandi rétt á kaupi þann tíma, er uppsagnarfresti hans nemur, eða 3 mánuði, sbr. 2. mgr. 13. gr. 1. nr. 67/1963.

Stefnandi sagði fyrir dómi, að hann hafi gert sér grein fyrir því, að neyslaáfengis gæti kostað hann veikindi. Með vísan til 4. mgr. 18. gr. 1. 67/1963 þykir rétt, að stefnandi eigi ekki rétt til kaups þann tíma, er hann var óstarfhæfur vegna veikinda sinna. Hið sama gildir um greiðslu kostnaðar vegna veikindanna, sbr. 3. mgr. 28. gr. sömu laga. Samkvæmt læknisvottorði á dskj. nr. 4 var stefnandi óvinnufær til 7. febrúar 1980. Koma þá til frádráttar kröfu hans kr. 3.289.65 sem kaupfrádráttur og kr. 367.00 vegna útlagðs kostnaðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 24.455.19 með 46% ársvöxtum frá 1.6. 1980 til 1.3. 1971, em með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., sen með 39% ársvöxtum frá þ.d. til 15.12. s.á., en með dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem hæfilegur þykir kr. 5.775.00.

Dóm þennan kvað upp Valtýr Sigurðsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Ingólfi Falssyni og Jóhannesi Jóhannessyni, fyrrum skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Þróttur h.f., greiði stefnanda, Ólafi V. Sverrissyni, kr. 25.445.19 með 46% ársvöxtum frá 1.6. 1980 til 1.3. 1981, en með 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1.6. s.á., en með 39% ársvöxtum frá þ.d. til 15.12. s.d. (sic), en með dómvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þ.d. til greiðsludags, kr. 5.575.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. apríl 1984.

Nr. 215/1983. **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn
Eyjólfi Erni Jóhannssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1983. Af ákæruvaldsins hálfu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu samkvæmt II. kafla ákæru, upptöku á 3 filmuboxum með innihaldi og greiðslu sakarkostnaðar. Þá er krafist sakfellingar samkvæmt III. kafla ákæru. Enn fremur hækkunar á fangelsisrefsingu frá því, sem ákveðið er í héraðsdómi, og að ákærði verði dæmdur til greiðslu á öllum áfrýjunarkostnaði málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti.

Af ákærða hálfu er krafist sýknu honum til handa og að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

Ágrip barst Hæstarétti 29. febrúar 1984.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að vararefsing sektar verði fangelsi í 15 daga og greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 20.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að vararefsing sektar verði fangelsi 15 daga og greiðslufrestur hennar 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000.00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 17. október 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 12. október, er á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð er að Borgartúni 7, Reykjavík, af Haraldi Henryssyni setudómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 119/1983: Ákæruvaldið gegn Eyjólfi Erni Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 4. þ.m.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 11. janúar 1982, á hendur ákærða, Eyjólfi Erni Jóhannssyni, Fálkagötu 3, Reykjavík, fæddum 26. september 1954 á Hólmavík. Í ákærunni eru ákærða gefin að sök eftirtalin brot á fíkniefnalöggjöfinni:

„I.

Um jólin 1978 selt Kristjáni Eggerti Gunnarssyni, Kvisthaga 27, Reykjavík, 1 gramm af amfetamíndufti á kr. 25.000.- og 4 - 5 töflur af LSD á kr. 1.000.- hverja töflu, en efni þessi hafði ákærði með einhverjum hætti komist yfir. Afhending efnanna fór fram á heimili ákærða að Fálkagötu 3, Reykjavík.

II.

Á tímabilinu frá lokum febrúar fram í september 1979 selt nefndum Kristjáni Eggerti Gunnarssyni samtals 2.600 grömm af marihuana, sem ákærði hafði með einhverjum hætti komist yfir, og fóru afhendingar efnisins ýmist fram á heimili ákærða að Fálkagötu 3 eða á heimili Kristjáns Eggerts að Kvisthaga 27. Söluverð á hverju grammi var frá kr. 1.100.- til kr. 1.500.-.

III.

Í júlí og ágúst 1979 selt Sigurði Páli Sverrissyni, Stigahlíð 32, Reykjavík, samtals allt að 600 grömmum af marihuana, sem ákærði hafði með einhverjum hætti komist yfir, og fóru afhendingar efnisins að jafnaði fram á heimili ákærða að Fálkagötu 3. Söluverð á hverju grammi var kr. 2.300.-.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. nú lög nr. 60, 1980, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 290, 1978 að því er varðar meðferð ákærða á amfetamíni sbr. I. kafla ákærunnar.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess ennfremur krafist, samkvæmt heimild í 5. mgr. og 6. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 65, 1974, að upptæk verði gerð þrjú filmubox, sem hald var lagt á þann 6. september 1979 á heimili ákærða að Fálkagötu 3, Reykjavík, og innihéldu leifar af kannabisefnum."

Málavextir eru sem hér segir:

A.

Hinn 4. september 1979 kom til yfirheyrslu hjá Fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík Sigurður Páll Sverrisson sjómaður, fæddur 22. 11. 1952, Stigahlíð 32, Reykjavík, vegna gruns um fíkniefnamisferli. Við yfirheyrslu hjá lögreglu og síðar hjá dómara daginn eftir viðurkenndi Sigurður Páll að hafa átt ýmis viðskipti með fíkniefni. Tilgreindi hann þar meðal annars sem seljendur á fíkniefnum til sín Kristján nokkurn, sem búsettur væri í risíbúð við Kvisthaga, og pilt að nafni Eyjólfur, sem væri frá Sauðárkróki, er hann síðar staðfesti, að væri ákærði í máli þessu. Sagði hann, að Kristján hefði boðið sér marihuana til kaups u.þ.b. í kringum 17. júní þ.á. og hafi það orðið upphaf allvíðtækra viðskipta næstu 3 vikur. Hafi afhendingar orðið allmargar, en misstórar og ávallt, eða með einni undantekingu, í íbúð Kristjáns að Kvisthaga. Oftast hafi verið um staðgreiðslu að ræða og einingarverð kr. 2.000 eða 2.500 pr. gr. Engin vitni hafi verið að viðskiptum önnur en eiginkona Kristjáns nokkrum sinnum í íbúð þeirra, er Sigurður Páll kom þangað, en Kristján hafi jafnan beðið hana að ganga afsíðis, sem hún gerði. Viðskiptum þessum hafi lokið, þar sem efnið gekk til þurrðar 7 - 10 dögum áður en Kristján hélt ásamt eiginkonu sinni til Bandaríkjanna.

Um sama leyti og efnið gekk til þurrðar hjá Kristjáni, kynnti hann Sigurð Pál fyrir ákærða. Átti hann að sögn von á marihuana og lofaði að láta Sigurð Pál vita, þegar svo yrði. Byrjuðu viðskipti milli þeirra nokkrum dögum síðar og stóðu fyrst í tæpa viku, en þá varð um viku hlé vegna dvalar ákærða á Sauðárkróki, en síðan urðu viðskipti í 8-10 daga eftir komu hans þaðan. Efnið frá ákærða var annarrar gerðar og lélegra en Sigurður Páll hafði áður fengið hjá Kristjáni. Afhendingar fóru jafnan fram í íbúð við Fálkagötu, er ákærði virtist hafa til umráða að hluta, og jafnan staðgreitt kr. 2300.- pr. gr og vigtað á staðnum af ákærða á nokkuð sérkennilega vigt, sem Sigurður Páll taldi, að Kristján hefði áður notað. Taldi Sigurður Páll, að han hefði á þessu tímabili keypt 400 - 500 gr, vægt reiknað, af ákærða. Efni þessi seldi Sigurður Páll síðan til ýmissa aðilja.

Sigurður Páll Sverrisson kom fyrir dóm að nýju 11. september 1979 og skýrði svo frá, að frá því skömmu eftir handtöku hafi hann leitast við að skýra sem réttast allt sitt fíkniefnamisferli og lýsa þáttum annarra, er þar komi við sögu. Eftir vandlega íhugun kvaðst hann telja réttara, að hann

hafi samtals fengið frá ákærða marihuana að magni samtals 500-600 gr. Hann hafi áður réttilega lýst upphafi vipskipta sinna við Kristján Gunnarsson, sem hafi hafist u.þ.b. um miðjan júní 1979 og staðið samtals í um 3 vikur eftir það. Einnig kynnum sínum af ákærða, er hafi orðið fyrir milli göngu Kristjáns Gunnarssonar, sem var þá á förum til Bandaríkjanna. Eftir komu Kristjáns þaðan hafi hann hringt í Sigurð Pál og spurt, hvernig gengið hefðu viðskipti hans og ákærða. Kvaðst hann hafa sagt honum sem var, en tekið fram, að efnið hafi verið mjög lélegt frá ákærða, og Kristján þá haft við orð, að réttast væri að láta ákærða sigla sinn sjó með slík efni. Sigurður Páll kvað þá ákærða og Kristján hvorn í sínu lagi hafa verið varkára og gætt þess við efnisafhendingar, að ekki yrðu aðrir viðstaddir. Eina undantekningin hafi verið sú, er Kristján samkvæmt ofansögðu kynnti Sigurð Pál fyrir ákærða fyrir utanför sína og hafi sá samfundur þeirra þriggja orðið að Kvisthaga 27 á heimili Kristjáns.

Þess utan kvaðst Sigurður Páll við eitt tækifæri hafa orðið Kristjáni samferða í Vegamótaútibú Landsbanka Íslands og vitað, að hann var þá að leggja inn á reikning ákærða milli 100 og 200.000 krónur. Hafi þetta orðið líklega tveimur til þremur vikum fyrir margnefnda utanför Kristjáns.

Kristján Eggert Gunnarsson nemi,, fæddur 27. 8. 1954, Kvisthaga 27, Reykjavík, kom til yfirheyrslu hjá Fíkniefnadeild lögreglu 5. september 1979 og sama dag fyrir dómara. Skýrði hann svo frá, að um sl. jól hafi hringt til sín ákærði í máli þessu, sem var honum þá með öllu ókunnugur, en vitnað til Bryndísar Björnsdóttur sameiginlegrar vinkonu, og hafi ákærði spurt um hug Kristjáns til samvinnu um fíkniefnadreifingu. Kvaðst Kristján skömmu síðar hafa heimsótt ákærða að Fálkagötu 3 og séð þá í hans fórum u.þ.b. 8. gr af amfetamíndufti og nokkrar hvítar töflur, taldar vera dexedrin. Hann kvaðst ekki hafa viljað koma nærri nefndum efnum og talið hafi þá borist að marihuana.

Í lok febrúar eða byrjun mars 1979 hafi ákærði, þá nýkominn frá Bandaríkjunum, tekið að afhenda sér marihuana til endursölu og samtals mjög nærri 800 gr af brúnleitu grófu efni, pressuðu í köggul. Mikið hafi verið um fræ og stöngla, enda hafi hann skilað ákærða nokkru af slíku aftur.

Um þrem vikum eftir þetta hafi ákærði aftur haldið til Bandaríkjanna og komið á ný hingað til lands nálægt mánaðamótum apríl-maí. Á næstu þremur til fimm vikum hafi ákærði afhent sér samtals mjög nærri 1500 gr. af marihuana, nokkru fíngerðara en fyrr og grænleitu með súrlykt. Hvert gramm hafi verið reiknað á kr. 1.500, greitt eftir endursölu, en verð frá sér hafi verið kr. 2.500 pr. gr. Aftur kveðst hann hafa skilað ákærða nokkru af fræjum og stönglum. Afhendingar hafi sem fyrr ýmist orðið að Fálkagötu 3 eða Kvisthaga 27. Hann kvaðst telja, að hann hafi í ofangreindum tveim tilvikum fengið í hendur allt eða nær allt efni, er ákærði

hafði undir höndum, eða a.m.k. hafi hann eindregið mælst til þess. Ákærði hafi sagt honum, að efnið væri frá Mexico.

Kristján kvaðst hafa bundið milligöngu sína við sem allra fæsta og nær alla góðkunningja. Var hann ekki í svip reiðubúinn að nafngreina nema einn, sem kallaður væri Siggi rauði og búsettur væri við Stigahlíð. Sá hafi í mörgum afhendingum fengið 1200-1300 gr, sem hann hafi jafnan staðgreitt.

Skömmu fyrir 15. júlí 1979 kvaðst Kristján hafa verið á förum til Bandaríkjanna, er ákærði hafði samband við hann og kvaðst nýkominn þaðan og eiga von á 2 kg. á marihuana. Kveðst hann þá hafa kynnt Sigga rauða fyrir ákærða og síðar frétt eftir heimkomu 27. ágúst, að einhver viðskipti hafi orðið þeirra á milli, en varla þó meiri en 300 gr, enda hafi efnið verið lélegt.

Þá sagði Kristján, að hann hefði um sl. helgi enn hitt ákærða og fengið þá hjá honum 200 gr. af marihuana gegn gjaldfresti. Við húsleit lögreglu hjá Kristjáni fyrr þennan dag höfðu fundist m.a. 262.2 gr af marihuana, og sagði hann þetta m.a. vera efni það, er hann hefði keypt af ákærða þá nýlega.

Kristján var yfirheyrður fyrir dómi aftur 11. september 1979. Í upphafi þinghalds var með vísan til 142., sbr. 148. gr. almennra hegningarlaga rækilega brýnt fyrir honum mikilvægi þess, að í framburðum hans kæmi hvorki með vilja né fyrir ónákvæmni fram rangar sakargiftir á hendur öðrum, Hann endurtók á sama veg og fyrr upphaf kynna sinna við ákærða í máli þessu. Ákærði hafi farið skömmu síðar til Bandaríkjanna og hafi þeir talað um, að ákærði kæmi með 500-600 gr af marihuana úr þeirri ferð. Ákærði hafi síðan tilkynnt komu sína síðar seint í febrúar eða í byrjun mars og hafi þeir þá hist að Fálkagötu 3 og hafi Kristján komið þangað með bréfavog frá fyrirtæki föður síns. Á hana hafi ákærði vegið 50 gr og afhent sér, en Kristján kvaðst hafa við sama tækifæri séð í fórum ákærða nokkru meira magn. Afhendingar frá ákærða til hans urðu allmargar næstu þrjár til fjórar vikur og ákærði beið eftir sölu efnanna og vildi ekki fara til Bandaríkjanna, áður en sölu væri lokið. Hins vegar hafi hann talað um, að sér lægi sem mest á að komast utan aftur og þyrfti því að hraða sölu. Taldi Kristján, að á þessu tímabili hefði verið um 800 gr að ræða frá ákærða, en það væri fundið með samlagningu eigin nota, ódrýginda vegna stöngla og fræja og loks því, er hann muni eftir að hafa selt öðrum. Beri að taka tölu þessari með nokkurri varúð vegna óhjákvæmilegrar ónákvæmni.

Við brottför ákærða hafi legið fyrir milli þeirra, að ákærði kæmi aftur hingað til lands u.þ.b. mánuði síðar með meira efni, er Kristján skyldi selja. Hafi og legið fyrir, að það yrði meira magn en fyrr, því ákærði hafi talið

á mörkum, að ofangreint magn skilaði hagnaði. Til þess að ákærði kæmist utan sem fyrst, kveðst Kristján fyrir sinn hagnaðarhluta hafa keypt eftirstöðvar efnanna af ákærða og þannig verið að selja þær nokkru eftir að ákærði hélt utan.

Kristján kvaðst ekki treysta sér nákvæmlega til að tímasetja, hvenær ákærði kom næst til landsins frá Bandaríkjunum, en skömmu eftir komu hans til landsins hafi þeir farið saman í fyrirtæki föður Kristjáns og vigtað þar marihuana efni, er ákærði var með í einum plastpoka og var á a.g. ½ kg. Þar af kveðst Kristján hafa móttekið 150 gr, en ákærði farið aftur með afgang í öðrum sérvigtuðum einingum og væntanlega afhent sér síðar. Eftir þetta og um nærri mánaðarskeið eftir ofangreinda heimkomu ákærða kvaðst Kristján hafa móttekið oft frá honum efni og samkvæmt áðurlýstri útreikningsaðferð telja, að heildarmagn frá ákærða til sín úr nefndri ferð hafi verið nærri 1500 gr. Peningaskil til ákærða hafi orðið eftir því, hve sala gekk ört, og hafi ákærði oft komið á heimili sitt að vitja uppgjörs og Kristján jafnan greitt honum persónulega, utan í tveim tilvikum lagt fjárhæðir inn á ávísanareikning á nafni ákærða. Í öðru tilviki hafi verið um að ræða 300 þúsund krónur, lagðar inn á ávísanareikning í nafni ákærða í Landsbankann á Sauðárkróki með millifærslu frá útibúi nefnds banka. Í hinu tilvikinu hafi Kristján lagt fjárhæð inn í Samvinnubankann við Bankastræti, en mundi ekki, hver sú fjárhæð var.

Fyrir dómi 13. september 1979 skýrði Kristján E. Gunnarsson nánar frá framangreindum innlögnum sínum í bankana, og jafnframt skýrði hann þar nánar frá því, er hann kynnti framangreindan Sigga rauða fyrir ákærða, og frá því, hvað hann hefði frétt um þau viðskipti. Kom þar m.a. fram, að nefndur Siggi, sem mun vera framangreindur Sigurður Páll Sverrisson, taldi gæði efnisins hafa verið verri en ráð hafði verið fyrir gert. Sagði Kristján, að ákærði hafi þó, áður en efni bárust, verið búinn að lýsa miklum gæðum þeirra og þar með hærra einingarverði. Hafi á þeim forsendum verið samþykkt, að í hlut ákærða kæmu 2.300 krónur pr. gr, kr. 500.- í hlut Kristjáns, en Sigurður mátti leggja á við sölu það, er honum sýndist. Hinn síðastnefndi hafi talið, að verðlækkun ætti að bitna á hlut Kristjáns, og þeir deilt um þetta, en loks orðið að samkomulagi, að Sigurður skuldaði Kristjáni 100.000 krónur vegna ofanritaðs. Kristján kvaðst þó illa hafa unað slíkum málalokum og því farið á fund ákærða og krafist skýringa á lélegum efnisgæðum. Hafi ákærði ekki viljað kannast við slíkt, en sagt, að hann hefði keypt 4 pund af góðu mexikönsku marihuana, en eitt pund af úrvalsefni til viðbótar og blandað þessu saman.

Ákærði var handtekinn 4. september 1979 og færður til dómara um kl. 01.45 5. september 1979. Kvaðst hann vera saklaus af hvers konar meðhöndlun fíkniefna. Hann kvaðst jafnan, er hann dveldi í Reykjavík, búa

að Fálkagötu 3 og hafi það samtals numið nokkrum vikum, það sem af væri árinu, og einkum er hann kom úr leyfum frá námi í Bandaríkjunum. Hann kvaðst hafa komið þaðan í jólaleyfi, aftur í mars sl., lok maí sl. og loks fyrri hluta júlí sl. Við hverja komi sína til landsins að utan hafi hann dvalið nokkuð í nefndri íbúð, en þess utan nokkrar heimsóknir og síðast um sl. helgi.

Eftir að hafa rætt einslega við réttargæslumann sinn heimilaði ákærði fyrir sitt leyti leit í íbúðinni að Fálkagötu 3 og einnig lá fyrir leyfi þinglýstra eigenda íbúðarinnar. Fór leit fram umrædda nótt, og kl. 04.00 mætti í dóminum Guðmundur Gígja lögreglufulltrúi, sem skýrði svo frá, að í nýlokinni leit að Fálkagötu 3 hefðu fundist 3 filmubox með ætluðum fíkniefnum, þar af eitt liðlega hálf fullt af marihuana, eitt með marihuanafræjum og eitt með ætluðum hassmulningi.

Í skýrslu, sem Jónas Hallsson rannsóknarlögreglumaður gerði um umræddа húsleit og staðfest er af lögreglumönnunum Guðmundi Gígja og Reyni Kjartanssyni, segir, að í herbergi til hliðar við eldhús í íbúðinni hafi Reynir Kjartansson leitað og haft sér við hlið Jón Hall Jóhannsson, sem er bróðir ákærða, en hér var um að ræða það herbergi, sem ákærði var sagður nota öðrum fremur, þá er hann dveldi í nefndri íbúð. Í upphafi leitar í nefndu herbergi kvaðst Reynir hafa tekið eftir 3 filmuboxum, er verið höfðu á skrifborði, og hafi hann bent Jóni Halli á þau, um leið og hann hafi farið að kanna innihald þeirra. Þau hafi reynst innihalda kannabisefni þ.e. í einu hafi verið leifar af hassi, í öðru marihuana fræ og í því þriðja marihuana. Kvaðst Reynir hafa sýnt Jóni Halli í hvert box fyrir sig og greint honum frá innihaldi þeirra. Á bókahillu í sama herbergi var vigt úr járni, sem Jón Hallur lýsti sig eiganda að, en á skál hennar mátti greina ætlaðar kannabisleifar og hún því tekin í vörslu lögreglunnar með samþykki Jóns Halls til frekari athugunar. Á skrifstofu lögreglunnar var síðan gerð litaprófun efnisins á voginni, og kom jákvæð svörun með tilliti til kannabisefna.

Með bréfum lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettum 22. október 1981, til Rannsóknastofu í lyfjafræði var óskað efnagreiningar á sýnum úr fyrrgreindum filmuboxum, en þau voru merkt sýni 434 a, b og c. Í bréfi Þorkels Jónannessonar prófessors fyrir hönd Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettu 5. 11. 1981, segir um sýni 434 a, að sýnið hafi verið móleitt duft, minna en 10 mgr að þyngd. Með tiltækum aðferðum hafi mátt staðfesta, að sýnið væri kannabis. Sýnið hafi hins vegar verið of lítið til ákvörðunar á tetrahydrokannabinoli. Sýnið telst vera kannabis. Um sýni nr. 434 b segir í bréfi prófessorsins, að það hafi verið brún fræ, 0.48 gr að þyngd. Fræin hafi við smásjárskoðun að öllu leyti líkst venjulegum kannabisfræjum. Litarpróf fyrir kannabinolum var lítillega jákvætt. Hins vegar var tetrahydro-

kannabinol ekki í fræjunum. Sýnið reyndist þannig vera kannabisfræ. Um sýnið nr. 434 c segir í bréfi professorsins, að það hafi verið grænir plöntuhlutar og fræ, 3.5 gr. að þyngd. Fræin líktust við smásjárskoðun mjög venjulegum kannabisfræjum. Plöntuhlutarnir voru einnig úr kannabisplöntu. Magn tetrahydrokannabinols í þessum hluta sýnisins var 2 mg/hg. Sýnið hafi þannig verið kannabis samkvæmt framansögðu.

Lögreglumennirnir Jónas Jón Hallsson, Guðmundur Gígja og Reynir Ísfeld Kjartansson komu fyrir dóm 4. þ.m. og staðfestu þar framangreinda skýrslu. Þeir Guðmundur og Reynir Ísfeld voru spurðir, hvort til álita hefði komið að rannsaka fingraför á filmuboxum þeim, sem fundust umrætt sinn að Fálkagötu 3, en þeir kváðust ekki muna eftir því. Þeir voru einnig spurðir um skýringar á því, hvers vegna liðið hafi svo langur tími, þar til efnin úr filmuboxunum voru send til efnagreiningar. Sögðu þeir, að yfirleitt væri svo lítið magn ekki sent til slíkrar greiningar nema sérstakar ástæður lægju fyrir, þ.e. vafi léki á um, hvert efnið væri, eða ef ríkissaksóknari krefðist þess. Reynir Ísfeld kvað fullyrðingu í lögregluskýrslunni um, að kannabisefni hefðu verið í filmuboxunum, hafa byggst á því, að lögreglumenn, sem fjalli um þessi mál, þekki þessi efni bæði í sjón og með því að lykta af þeim. Mjög oft geri þeir sérstakar litarprófanir, þótt hann myndi ekki nú, hvort svo hefði verið gert í þess tilviki, en í skýrslunni kæmi fram, að það hefði verið gert með efnið á skálarvoginni. Guðmundur Gígja kvað slíkar litarprófanir gerðar nær undantekningarlaust á efnum, er finnist, og gerði ráð fyrir því, að svo hefði verið gert í þessu tilviki, þótt það kæmi ekki fram beinum orðum í skýrslunni nema að því er varðar efnið, sem var á skálarvoginni.

Vegna fullyrðinga Kristjáns E. Gunnarssonar um innlagningar inn á reikninga ákærða var gerð athugun á þessu. Kom í ljós, að hinn 29. maí 1979 lagði Kristján kr. 300.000 inn á reikning nr. 407 við Samvinnubankann, útibú á Sauðárkróki, á nafni ákærða og hinn 20. 6. 1979 lagði Kristján kr. 160.000 inn á reikning nr. 13671 við Vegamótaútibú Landsbanka Íslands, sem er á nafni ákærða.

Gry Ek Gunnarsson, eiginkona Kristjáns Gunnarssonar, fædd 9. 11. 1956, Kvisthaga 27, Reykjavík, hefur skýrt svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi, að hún hafi vitað til ítrekaðra afhendinga ákærða á fíkniefnum til eiginmanns hennar veturinn og vorið 1979, en vissi ekki, hvað magnið hefði verið mikið. Hún hafði eftir Kristjáni, að hann hafi selt manni að nafni Sigurður, rauðhærðum, marihuanaefni frá ákærða og síðar hafi Sigurður þessi tekið beint við slíkum efnum frá ákærða, eftir að þau Kristján fóru til Bandaríkjanna í júlí 1979, en komið aftur hingað til lands 27. ágúst sama ár. Skömmu eftir það hafi ákærði heimsótt þau hjón að Kvisthaga

27, og kvaðst hún telja fullvíst í ljósi þess, að ákærði hafi þá afhent Kristjáni marihuanaefni, er síðar fundust að Kvisthaga 27.

Bryndís Anna Björnsdóttir Bender, fædd 31. 12. 1956, sem á lögheimili í Texas í Bandaríkjunum, kom vegna máls þessa til yfirheyrslu hjá fíkniefnalögreglu og síðar í dómi hinn 17. október 1979, en hún hafði þá skömmu áður komið hingað til lands frá Bandaríkjunum. Hún kvaðst þekkja ákærða og meðal annars hafi hún komið hingað til lands fyrr á þessu ári í boði hans. Ástæðan fyrir boðinu hafi verið sú, að hann hafi iðulega áður dvalið á heimili hennar ytra og megi því skoða boðsferð hennar sem endurgjald af hálfu ákærða. Hún neitaði með öllu að vita um nein viðskipti ákærða með fíkniefni eða meðhöndlun hans á þeim efnum. Þegar Bryndís kom fyrir dóminn aftur 18. október, kvaðst hún hafa ákveðið að skýra sem nákvæmast frá allri sinni vitneskju um fíkniefnamisferli ákærða, þótt hún segðist í því sambandi óttast um sinn hag og þá gagnvart aðiljum í Bandaríkjunum, er komi við sögu þessa máls. Hún kvaðst með vissu vita, að ákærði hafi a.m.k. í þrem tilvikum keypt marihuana efni af manni búsettum í Albaq. Þann mann kveðst hún þó aðeins hafa séð einu sinni og þá hafi hún verið í fylgd Holbergs Mássonar og fleiri íslenskra aðilja. Hins vegar hafi hún getað ráðið af fjölmörgum símtölum ákærða við nefndan mann, sem nefndur er Tim, hvað á gekk, svo og af frásögnum ákærða sjálfs. Um miðjan október hafi ákærði hringt í sig frá Albaq og gefið í skyn, að sér gengi illa útvegun marihuanaefna. Hann hafi þó verið kominn til An Antonio nokkrum dögum síðar. Hafi ákærði eftir það dvalið nokkuð í San Antonio og m.a. verið að selja nágrönnum hennar eitthvað af marihuana. Þá tilgreindi hún, að kunningi ákærða, John að nafni, hafi verið búinn að útvega ákærða umbúðir til flutnings marihuana hingað til lands og hafi hún verið viðstödd í íbúð Eyjólfs, er þeir voru að þrátta um pökkun efna í málingardósir, án þess þó að hún sæi hvernig frágangur þeirra var. Hún kvaðst hafa séð umræddd marihuanaefni. Hún taldi, að ákærði hefði haldið hingað til lands líklega í byrjun nóvember 1978, en hann hafi sagt henni, að efnin myndu verða 3 vikur á leiðinni. Hún taldi, að ákærði hefði dvalið hér á landi fram yfir áramót, en þá haldið utan og næst komið til Íslands skömmu á undan henni, eða í mars. Kvaðst hún vita samkvæmt eigin frásögn ákærða, að hann hafi þá áður sent á undan sé hingað til lands marihuana og sem fyrr af gerðinni Mexican mohawk, sem sé lélegt efni. Um efnismagn kvaðst hún ekki muna, en síðar hafa séð ákærða afhenda Kristjáni Gunnarssyni hluta efna hér á landi. Aðdragandi þeirrar afhendingar hafi verið sá, að hún hafi beðið ákærða að aka með sig í Kjötbúð Tómasar að kaupa íslensk matvæli til að hafa með sér utan. Eftir að hún var komin inn í bifreiðina, hafi ákærði sagst þurfa að hitta

Kristján, og ók hann að skóla og beið um stund, en Kristján kom út. Var þá ekið að fyrirtæki því, er faðir Kristjáns starfar í, en það stendur niður við sjó. Þar fór Kristján inn, en ákærði sagði henni á meðan, að hann væri að afhenda Kristjáni marihuana. Kristján kom til baka með með og afhenti ákærða, sem þá bað hana að rétta fram í bifreiðina poka, er Kristján tók á móti. Síðar yfirgaf Kristján bifreiðina, en ekki mundi hún hvar. Þá sagði hún, að hún ætti enn eftir að grein frá ýmsum þáttum í þessu máli og þar á meðal flutningi ákærða, líklega í maí þetta ár, á nærri 10 pundum af marihuana af tveim gerðum frá San Antonio hingað til lands. Vegna þess hve áliðið var nætur ákvað dómari að fresta til morguns frekari yfirheyrslum yfir Bryndísi.

Daginn eftir kom Bryndís að morgni til dómara, og er bókað, að hún hafi rætt við dómarann og verið í miklu uppnámi. Kvaðst hún lasin, svefnlaus og þreytt, og var yfirheyrslu frestað þar til síðar um daginn. Kl. 18.45 hófst síðan yfirheyrsla yfir henni á ný og sagði hún þá ýmislegt brenglað við sinn framburð frá deginum áður. Með vísan til fyrri bókunar kvaðst hún nú aðeins vita um eitt tilvik, þar sem ákærði hafi keypt marihuana af fyrrnefndum Tim. Það kvaðst hún vita vegna þess er hún sá fram fara í íbúð ákærða milli hans og fyrrnefnds Johns. Hins vegar kvaðst hún draga til baka sem rangar allar sínar yfirlýsingar í þinghaldinu í gær varðandi vitneskju um innflutning ákærða á marihuana í mars sl. Kvaðst hún ekki geta skýrt, hvaðan hún greip eða man tegundarheitð Mexican mohawk og kallaði það lélegt efni. Hún sagði í öllu rétta lýsingu sína á ökuferð með ákærða að Laugalækjarskóla og þaðan með Kristjáni. Hins vegar hélt hún því fram, að hún hafi ekki í raun séð Kristján afhenda ákærða peninga né geta fullyrt, að Kristján hafi móttekið marihuana, en eitthvað hafi þeir þó rétt á milli sín. Loks kvaðst hún draga til baka yfirlýsingu um vitneskju varðandi innflutning ákærða á 10 pundum á marihuana í mars sama ár.

Þess skal getið, að áður en umrædd yfirheyrsla fór fram yfir nefndri Bryndísi, þar sem hún skýrði m.a. frá ferð sinni með ákærða, þar sem þau hittu Kristján Gunnarsson við skóla, þá hafði Kristján Gunnarsson verið yfirheyrður nánar um kunningsskap sinn við Bryndísi. Fór yfirheyrsla þessi fram 18. október 1979.

Er þar bókað svofellt eftir honum.

„Þá er mætti spurður um dvöl Bryndísar hér á landi í mars sl. Kveðst mætti fullyrða að hafa ekki séð Bryndísi hingað komna fyrr en um það bil er hann móttók síðast efni frá Eyjólfi úr marssendingu eða þeirri fyrri er mætti hefur nefnt svo. Hafi Eyjólfur mjög rekið á eftir mætta með greiðslur en ýmsir viðskiptamenn mætta ekki getað staðgreitt og Eyjólfur m.a. af þeim sökum frestað utanför um nokkra daga. Til að brúa þetta bil kveðst mætti hafa fengið lánað hjá kunningja sínum, Guðmundi Sveini

Kristjánssyni, Kvisthaga 18, kr. 200.000.00 til að afhenda Eyjólfi, sem komið hafi ásamt Bryndísi Björnsdóttur á rauðri VW-bifreið Eyjólfs að sækja nefnda fjárhæð í Laugalækjarskóla, þar sem mætti þá stundaði nám. Mætti kveðst fullyrða án þess að geta lýst í smáatriðum að Bryndís hafi fylgst með þessari greiðslu og Eyjólfur talið peningana í hennar viðurvist. Síðan hafi nefnd þrjú orðið samferða í bifreið að Landsbanka Íslands, Vegamótaútibúi, og Eyjólfur farið þar einn inn með fjárhæð að sögn til þess að skipta henni í þúsund króna seðla. Þá hafi Eyjólfur og Bryndís ekið mætti til síns heima. Á leið þangað eða rétt áður hafi Eyjólfur í bifreiðinni afhent mætta plastpoka með marihuana og jafnframt síðustu afhendingu Eyjólfs í nefndri viðdvöl hér á landi. Vitneskju Bryndísar um þetta kveðst mætti best geta lýst með því að segja: „Hún vissi nákvæmlega hvað þarna fór fram á milli okkar Eyjólfs.““

Komið hefur fram hjá ákærða, að hann hafi á þessum tíma aðallega notað bifreið sína, K-1818, sem sé Volkswagen, rauð að lit.

Í yfirheyrslum yfir Holberg Mássyni, fæddum 21. 9. 1954, hefur komið fram, að honum hafi verið kunnugt um, að ákærði hafi talsvert haft fíkniefni með höndum og m.a. flutt þau til Íslands til að selja. Fram kom hjá honum, að hann hefði m.a. bent ákærða á líklega söluaðilja í Bandaríkjunum, svo sem mann að nafni Tim Stahler og eiginmann Bryndísar Björnsdóttur, er áður er nefnd, en hann er Bender að eftirnafni, og þau bjuggu í San Antonio í Texas.

Við yfirheyrslu 14. september 1979 skýrði ákærði svo frá, að í janúar 1978 hafi hann byrjað nám í eðlisfræði við University of New Mexico. Kvaðst hann hafa stundað óslitið nám þetta árið 1978, nema hvað hann hafi dvalið hér á landi í skólaleyfi frá miðjum júní til mánaðamóta júlí-ágúst eða þar um bil. Um sl. áramót hafi hann skipt frá ofangreindri aðalnámsgrein yfir í efnafræði við University of Texas í San Antonio í Texasfylki. Aðspurður um ástundun þar sem af væri námsárinu 1979 kvaðst hann nokkurn veginn hafa staðist áætlun, nema hvað ástundun hafi ekki verið mjög mikil síðasta misseri og reyndar varla hið næsta á undan heldur, eða haustmisserið 1978.

Ofangreint nám kvaðst ákærði hafa kostað af uppsöfnuðum vinnutekjum 7 síðustu mánuði ársins 1977. Hafi hann á þeim tíma notið ókeypis fæðis og uppihalds hjá foreldrum á Sauðárkróki, en tekjur verið verulegar á þess tíma mælikvarða, eða allt að 600.000 krónum á mánuði. Vegna ofangreindra aðstæðna hafi hann getað lagt fyrir megnið af vinnutekjum sínum og hafi sá sjóður reynst drjúgur við eftirfarandi nám. Þá kvaðst hann hafa stundað launaða vinnu hér í desember 1978. Á árinu 1979 hafi hann fengið greidd laun fyrir nokkra daga vinnu í júní, nokkra daga í júlí og allan ágústmánuð. Hann kvaðst ekki hafa notið opinberra styrkja eða námslána

í sambandi við nám sitt. Hins vegar hafi hann notið talsverðs fjárstuðnings frá foreldrum sínum, einkum í seinni tíð, en það gæti hann ekki sundurliðað né tiltekið nánar. Þá kvaðst hann tvívegis hafa tekið víxillán, samtals að fjárhæð kr. 900.000, en þau væru nú bæði að fullu greidd.

Í þinghaldi 15. september var ákærði spurður um kunningja sína hér í Reykjavík. Hann kvað þá fremur fáa hér í borg og því almennt hafa fengið mjög fáar heimsóknir á Fálkagötu 3. Sjálfur hafi hann heimsótt fáa hér í borginni, en einkum skyldfólk. Aðspurður neitaði hann að nafngreina kunningja sína, þá er hann umgekkst hér, enda taldi hann, að það mundi þar með geta valdið þeim óþægindum og ónæði.

Í þinghaldi 17. september neitaði ákærði enn sem fyrr að nafngreina nokkurn af þeim kunningjum, er hann umgekkst, er hann var hér á landi í leyfum. Aðspurður um þá Íslendinga, er hann hafi öðrum fremur átt samskipti við ytra, kvaðst hann vilja íhuga nánar, hvort hann nafngreindi slíka eða ekki.

Ákærði kvaðst áður hafa lýst sig saklausan af hvers konar fíkniefnameðhöndlun og reyndar ekki vita, hver efni falli undir það hugtak. Dómarinn nefndi þá til viðmiðunar amfetamín, LSD, hass og marihuana. Ákærði kvaðst stöku sinnum ytra, eða í Bandaríkjunum, hafa notað marihuana, enda sé slíkt afar algengt þar um slóðir. Að því slepptu hafi hann samkvæmt læknisráði einnig notað um skeið amfetamín, nánar í 5 mgr töflum undir heitinu dexidrin eða dexamfetamín og þá ýmist hvort var. Marihuana kvaðst hann aldrei hafa notað hér á landi né haft undir höndum.

Ákærði kvaðst ekki vita til, að á Fálkagötu 3 væru fíkniefni neinnar tegundar, og hafi slíkt fundist þar, séu þau honum óviðkomandi. Auk sín hafi haft aðgang og lykla að umræddri íbúð foreldrar hans og auk þess þrír bræður. Kvaðst hann ekki vita til, að svonefnd fíkniefni hafi nokkru sinni verið um hönd höfð í margnefndri íbúð að Fálkagötu 3. Var honum þá á það bent, að samkvæmt ofanskráðu virtist sérstök ástæða til, að hann nafngreindi þá aðilja, sem heimsótt hafi hann í nefnda íbúð. Hann kvaðst þó ekki vilja nafngreina neina slíka aðilja, enda ekki hafa fengið uppgefið tegund eða magn fíkniefna, er sagt væri, að fundist hefðu á Fálkagötu 3. Hafi t.d. fundist lítilræði af marihuana, sé slíkt efni að mati hans meinlaust og hafi hann samúð með notendum slíks og telji betur setta en þá er neyti alkóhóls. Vegna ofanritaðs neiti hann að nafngreina kunningja. Við upplestur á framangreindri bókun kvaðst hann vilja undirstrika, að þegar hann hér nefndi lítilræði af marihuana, hafi hann þar verið að setja fram tilgátu til að skýra sína afstöðu.

Í þinghaldi 24. september 1979 var ákærða sýnd innlagningarnóta frá Samvinnubanka Íslands, þar sem kom fram, að Kristján E. Gunnarsson hefði lagt inn á reikning ákærða nr. 407 við þann banka kr. 300.000.

Kvaðst ákærði ekki muna, hvernig þessi innlögn væri til komin. Kvaðst hann þekkja Kristján Gunnarsson, er lagt hafi inn umræddа fjárhæð, en vilja hugsa málið, áður en hann geri grein fyrir nefndri greiðslu. Nánar þar um kvaðst ákærði gera sér ljóst, að umrætt skjal líti grunsamlega út gagnvart sér, og kvaðst hann því ekki vilja tjá sig þar um fyrr en að vandlega athuguðu máli. Aðspurður kvaðst ákærði telja nefndan Kristján í sínum kunningjahópi, en þó ekki muna, hvernig hann hafi kynnst honum eða hve lengi þekkt hann. Hann kvað Kristján búa í risíbúð við Kvisthaga og hafa heimsótt hann þangað á þessu ári, líklega tvisvar. Við nánari íhugun kvaðst hann ekki viss um að hafa heimsótt Kristján á þessu ári. Aðspurður kvaðst ákærði neita að svara því, hvort umræddur Kristján hafi heimsótt sig. Þá neitaði hann því alfarið að hafa meðhöndlað fíkniefni með Kristjáni og ekki nærri slíkum efnum komið hér á landi.

Eftir þetta kom í dóminn Kristján E. Gunnarsson, sem staðfesti, að hann hafi áður og í hvívetna réttilega lýst ítrekuðum afhendingum ákærða á fíkniefnum til sín. Í framhaldi af þessu var ákærði aftur færður fyrir dóminn, þar sem Kristján endurtók efnislega þau ummæli, sem áður eru tilgreind. Vék Kristján síðar frá. Ákærði kvaðst þrátt fyrir ofangreinda yfirlýsingu Kristjáns Gunnarssonar alfarið halda fram sakleysi sínu af hvers konar meðhöndlun fíkniefna hér á landi. Ítarlega aðspurður kvaðst hann ekki reiðubúinn að skýra tilvist greiðslukvittunar, þar sem Kristján Gunnarsson lagði kr. 300.000 inn á ávísanareikning nr. 407 í Samvinnubanka á nafn ákærða. Sérstaklega aðspurður kvað hann hugsanlegt, að til væri að dreifa annarri innlagningu Kristjáns á annan hvorn ávísanareikninga hans, en nánar þar um kvaðst hann ekki muna né hve há uppæð þar kunni að vera á ferð. Ákærði kvaðst ekki reiðubúinn að nefna sameiginlega kunningja sína og Kristjáns né lýsa yfir, að um slíka væri að ræða. Hann kvaðst ekki geta látið sér detta í hug neina ástæðu þess, að Kristján Gunnarsson eða aðrir bæru hann röngum sökum.

Ákærði sagði, að nú hefði rifjast upp fyrir sér, er hann nánar færi að hugleiða kynni sín af Kristjáni Gunnarssyni, að hann muni hafa hitt Kristján eða þeir að minnsta kosti haft símasamband í flestum viðdvölum sínum hér á landi og muni Kristjáni því nokkuð vel kunnugt um ferðalög sín og gæti þess vegna hafa hagað sínum framburði, þótt rangur væri, í samræmi við ferðir ákærða og viðdvalir hérlendis. Hvað sem því liði, sagðist ákærði fullyrða að vera borinn röngum sökum af Kristjáni Gunnarssyni.

Í þinghaldi 27. september 1979 neitaði ákærði enn að skýra fyrrgreinda innlagningu Kristjáns á kr. 300.000 á reikning ákærða við Samvinnubankann. Var ákærða þá og sýnt skjal, er benti til þess, að Kristján Gunnarsson hefði hinn 20. 6. 1979 lagt kr. 160.000 inn á ávísanareikning ákærða nr. 13671 við Vegamótaútibú Landsbanka Íslands. Um nefnt skjal kvaðst hann

ekkert sérstakt hafa að segja, en bætti við: „Þetta er ein af þessum upphæðum, sem inn var lögð og strax tekin út aftur.“ Hann var spurður, hvort hann kannist við að hafa reiknað með umræddri greiðslu frá Kristjáni Gunnarssyni, en neitaði að svara þeirri spurningu. Nánar aðspurður kvaðst hann ekki vilja svara neinum spurningum varðandi fjármálaskipti sín við nefndan Kristján og kvaðst ekki treysta sér til slíks, þar eð hann telji sig ekki í nógu andlegu jafnvægi. Hann bætti síðan við: „Svo er líka annað sjónarmið í þessu, að hvað sem ég segi kann að vera notað gegn mér.“

Aðspurður kvaðst ákærði þekkja Bryndísi Björnsdóttur, búsetta í San Antonio í Texasfylki í Bandaríkjunum. Síðast hafi hann hitt hana hér á landi í mars eða apríl sl., enda hafi hann áður vitað, að hún ráðgerði að koma hingað til lands um þær mundir. Ákærði og hún hafi hins vegar orðið samferða héðan flugleiðis til Bandaríkjanna. Ákærði kvað engin fjármunaleg skipti hafa orðið sín á milli og Bryndísar í umræddri ferð. Hann kvaðst telja mjög líklegt, að Bryndís hafi í Bandaríkjunum handleikið og notað marihuana. Nánar spurður kvaðst hann neita að svara, hvort hann vissi tilgreind dæmi um slíkt. Þá kvaðst hann og neita að svara, hvort hann í viðurvist eða í félagi við Bryndísi hafi meðhöndlað fíkniefni. Hann breytti síðan þessum framburði og kvaðst ekki vita til, að nefnd Bryndís hafi meðhöndlað eða notað fíkniefni, og sjálfur kvaðst hann hvorugt hafa gert í hennar viðurvist.

Aðspurður kvaðst ákærði þekkja Holberg Másson og hafa gert frá árinu 1968, er þeir stunduðu saman nám við Hlíðardalsskóla í Ölfusi og síðar í Menntaskólanum við Hamrahlíð og einnig hafi þeir verið samferða í skemmtiferðum um Evrópu.

Hinn 14. október 1979 fór fram samprófun milli ákærða og Sigurðar Páls Sverrissonar. Ákærði kvaðst kannast við andlitið á Sigurði, er hann mætti í réttinum, og bætti við: „getur hugsast að hann heiti Sigurður, það er eins og mig rámi í það.“ Nánar aðspurður kvaðst hann ekki koma fyrir sig, hvar eða hvenær hann hafi séð eða hitt Sigurð.

Sigurður Páll sagði aðspurður, að ákærði væri sá hinn sami, er hann hafi áður fyrir dómi orðað við ítrekaðar fíkniefnaafhendingar til sín. Kynni þeirra hafi orðið fyrir milligöngu Kristjáns E. Gunnarssonar.

Spurður um þetta kvaðst ákærði ekki telja Sigurð í hópi kunningja sinna, en vel geti verið, að ákærði hafi hitt hann hjá Kristjáni Gunnarssyni. Hann kvaðst ekki muna til, að Sigurður hafi heimsótt sig á Fálkagötu 3, en þó ekki vilja útiloka, að svo kynni að vera. Sigurður Páll kvaðst vissulega hafa komið á Fálkagötu 3 þeirra erinda, er hann hafi áður skýrt frá, að kaupa marihuana af ákærða. Ákærði kvað Sigurð Pál bera rangt um þetta.

Sama dag fór fram samprófun milli ákærða og Kristjáns E. Gunnarssonar, Kristján staðfesti að hafa áður lýst réttilega innlögnum fjárhæða

á ávísanareikninga ákærða og hafi þar verið um að ræða hlut af söluandvirði fíkniefna, er Kristján hafi áður fengið frá ákærða. Ákærði kvað rangan framburð Kristjáns að því leyti að fjármunainnlagnir hafi verið tengdar fíkniefnaviðskiptum, en kvaðst sem fyrr neita að svara nánari spurningum varðandi nefndar greiðslur frá Kristjáni. Kristján endurtók að hafa áður réttilega lýst ítrekuðum afhendingum ákærða á fíkniefnum til sín. Ákærði kvaðst engin fíkniefni hafa afhent Kristjáni og vísaði enn til fyrri yfirlýsinga um að hafa engin slík efni meðhöndlað hér á landi.

Fram kom í yfirheyrslu yfir ákærða umræddan dag, að í mars 1978 hafi hann verið að koma á bifreið sinni frá Mexico til Bandaríkjanna og þá verið stöðvaður af tollvörðum á brú milli borganna El Paso og Juraez. hafi þá fundist í bifreið hans 50 eða 100 amfetamíntöflur, en því máli verið lokið á staðnum með því, að hann féllst á að greiða 50 bandaríska dollara í sekt.

Í þinghaldi 15. október 1979 lagði dómari tíu skriflegar spurningar fyrir ákærða, og verður hér getið þeirra, sem tangjast þessu máli, og svar ákærða við þeim.

Spurning nr. 3: Hvar, hvernig og hvenær kynntist Eyjólfur fyrst Sigurði P. Sverrissyni?

Svar ákærða: „Mætti kveðst ekki muna hvar varð upphaf kynna hans af Sigurði Páli Sverrissyni, enda varla geta sagt að hann þekki þann mann. Mætti kveðst aðspurður ekki útiloka að Kristján E. Gunnarsson hafi stuðlað að nefndum kynnum.

Mætti kveðst ekki hafa séð fíkniefni í fórum Sigurðar þessa."

Spurning nr. 4: Hvar, hvernig og hvenær kynntist Eyjólfur fyrst Kristjáni E. Gunnarssyni?

Bókað svar ákærða: „Mætti kveðst heldur ekki muna um upphaf sinna kynna af Kristjáni E. Gunnarssyni en sennilega hafi það orðið á sl. ári. Aðspurður kveðst mætti nokkrum sinnum hafa heimsótt nefndan Kristján á Kvisthaga en ekki geta tilgreint nein sérstök tilefni slíkra heimsókna. Mætti kveðst aldrei hafa séð Kristján þenna handleika fíkniefni. Mætti segir Kristján þennan í e-m tilvikum hafa heimsótt mætta að Fálkagötu 3 en ekki muna nánar hvenær eða hversu oft."

Spurning nr. 5: Hvar, hverning og hvenær kynntist ákærði Eyjólfur fyrst Gry Ek Gunnarsson?

Bókað svar ákærða: „Mætti kveðst ekki þora að fullyrða um upphaf kynna sinna af Gry Ek Gunnarsson, en líklega ekki séð hana fyrst fyrr en nærri sl. jólum og einhvern tíma eftir það, en ekki muna hversu oft. Mætti bendir á að Gry þessi muni ekki hafa verið samfellt hér á landi."

Spurning nr. 7: Hvers vegna lagði Kristján E. Gunnarsson 29. 5. sl. kr. 300.000.00 inn á ávísanareikning mætta nr. 407 við Samvinnubankann.

Bókað svar ákærða: „Mætti kveðst ekki tilgreina ástæður þess að Kristján E. Gunnarsson lagði 29. 5. sl. kr. 300.000.00 inn á ávísanareikning mætta nr. 407 við Samvinnubankann.

Um ástæður þeirrar synjunar segir mætti að hann treysti sér ekki til að fjalla um nefnda fjármunafærslu vegna sljóvgunar af langvarandi einangrun."

Spurning nr. 8: Hvers vegna lagði Kristján E. Gunnarsson 20. 6. sl. kr. 160.000 inn á ávísanareikning nr. 13671 við Landsbanka Íslands og þannig á nafn Eyjólfs?

Bókað svar ákærða: „Mætti svarar öllu hinu sama um þessa spurningu sem hina næstu á undan."

Í þinghaldi 27. nóvember 1981 neitaði ákærði, að hann kannaðist við nokkur filmubox á sínum vegum á Fálkagötu 3 og þaðan af síður marihuana eða önnur fíkniefni. Skoðaði ákærði umrædd filmubox í dóminum og kvaðst að vísu eiga myndavél, sem notaði sömu filmustærð og umrædd hylki bendi til, en að öðru leyti kvaðst hann ekki bera kennsl á hylkin eða innihald þeirra.

Ákærði afhenti dómara í þinghaldi þessu vélritaðan miða þar sem segir svo:

„Ég vil taka fram eftirfarandi, sem ég óska bókað:

Í yfirheyrslu fyrir tveimur árum var ég spurður um innborganir í bankareikninga mína frá Kristjáni E. Gunnarssyni, kr. 300.000.00 í ávísanareikning nr. 407 í Samvinnubankanum á Sauðárkróki og kr. 160.000.00 í ávísanareikning nr. 13671 í Vegamótaútibúi Landsbankans hér í Reykjavík. Ég neitaði þá að svara spurningum um þessar greiðslur. Sú neitun var til komin af því að ég var þá gæslufangi þessa dómstóls og mjög miður mín af þeirri einangrun og ömurleika, sem gæsluvarðhaldi fylgir, og er reyndar langt frá því að ég hafi jafnað mig heilsufarslega eftir þá meðhöndlun. Við þessar aðstæður treysti ég mér ekki til að svara umræddum spurningum, enda var mér ljóst að hér var um að ræða atriði sem til þess voru lagin að flækja mitt mál og túlka mér í óhag. Nú tel ég hins vegar rétt að taka fram, að umræddar innborganir eru greiðsla frá K. G. á láni sem ég veitti honum."

Ákærði staðfesti þessa frásögn í dóminum. Hann kvaðst ekki muna nánar um heildarupphæð láns eða hvort endurgreiðslur hafi verið fleiri, en lánið hafi af sinni hálfu verið veitt í fleiri en einni greiðslu.

Þessi frásögn ákærða var borin undir Kristján Eggert Gunnarsson í þinghaldi 4. þ.m. Neitaði hann því, að greiðslur sínar inn á bankareikninga ákærða hefðu staðið í sambandi við lánveitingar ákærða til sín, og vísaði til fyrri framburða, sem hann kvað tæmandi og rétta um þetta mál.

Ákærði hélt á hinn bóginn fast við þennan framburð sinn. Hann var beðinn að gera nánari grein fyrir lánveitingu sinni til Kristjáns, svo sem

fjárhæð og endurgreiðslum. Hann kvaðst muna enn minna en áður um þessa hluti og vildi einungis vísa til fyrri framburðar síns um þetta.

Ekki náðist frekara samræmi í framburði ákærða og Kristjáns um þetta atriði.

Fram hefur komið hér að framan, að ákærði fór allmargar ferðir milli Íslands og Bandaríkjanna, eftir að hann hóf nám í síðarnefnda landinu. Í þinghaldi hinn 15. september 1979 skýrði hann svo frá um ferðir sínar, að fyrst hefði hann farið utan á árinu 1978, en komið heim í sumarleyfi, líklega 19. júní það ár. Hafi hann þá starfað hér í 2-3 vikur, en haldið þá í 10 daga skemmtiferð um Evrópu. Hafi hann síðan unnið hér, líklega í nokkrar vikur. Önnur ferðin til Bandaríkjanna hafi hafist 31. júlí 1978, að hann minnti, og hafi hann dvalið þar samfleytt til síðari hluta október, að hann kom heim öðru sinni á því ári. Hafi hann haft hér viðdvöl u.þ. b. 10 daga, en þá haldið á ný til Bandaríkjanna. Nálægt jólum hafi hann svo enn á ný komið hingað til lands og dvalið hér þar til skömmu eftir áramót, eða til 15. janúar 1979. Næst hafi hann komið hingað í mars 1979 og dvalið eitthvað fram í apríl, eða í 2-3 vikur. Næst hafi hann komið hingað í lok maí og sennilega dvalið til 15. júní og þá enn haldið til Bandaríkjana, en nú fremur til að ljúka ýmsum persónulegum erindum en vegna náms. Hafi hann síðan komið hingað aftur u.þ.b. 10. júlí og dvalið hér síðan. Hafi hann byrjað vinnu rétt fyrir mánaðamót júlí-ágúst sem lögreglumaður á Sauðárkróki og unnið samfellt frá þeim tíma, en áður hafði hann í byrjun ársins 1979 unnið u.þ.b. eina viku við sömu störf.

Ákærði sagði að framangreindar ferðir sínar hingað heim hafi að heita má fallið saman við regluleg námsleyfi ytra nema í október, nóvember 1978, er hann segist hafa komið heim til að ganga frá víxillánum vegna bágs fjárhags um þær mundir.

Fyrir liggur í málinu, að margnefndir Kristján Eggert Gunnarsson og Sigurður Páll Sverrisson hafa báðir verið sakfelldir og hlotið dóma, m.a. fyrir viðskipti við ákærða, sem um getur í liðum II og III í ákæru máls þessa. Hins vegar var Kristján sýknaður af ákæru fyrir viðskipti þau er um getur í ákærulið I.

B.

Hér að framan hefur verið rakið það, sem máli þykir skipta almennt við úrlausn máls þessa. Verður nú horfið að einstökum ákæruliðum og tekin afstaða til þeirra.

I. Ákærða er hér gefið að sök að hafa um jólaleytið 1978 selt Kristjáni Eggert Gunnarssyni 1 gramm af amfetamíndufti á kr. 25.000 og 4-5 töflur af LSD á kr. 1.000 hverja töflu.

Umfram það, sem hér að framan er rakið úr framburðum Kristjáns

Eggerts Gunnarssonar um afhendingar ákærða á efnum til hans, kom fram hjá honum við yfirheyrslu 11. september 1979 að dag þann, er ákærði hafði fyrst samband við hann nálægt jólum 1978, hafi hann heimsótt ákærða að Fálkagötu 3. Hafi hann þá séð hjá ákærða hvítt duft í krukku, sem hann hafi áætlað 8 gr, en það sé þó hrein ágiskun. Hafi hann við þetta tæifæri keypt 1 gr af dufti þessu af ákærða fyrir kr. 25.000 og hafi ákærði vigtað þetta þarna á staðnum á nákvæmri vigt.

Við yfirheyrslu í dómi 20. september 1979 skýrði Kristján svo frá, að hann hefði dregið undan að skýra frá vissum þáttum fíkniefnamisferlis síns, sem hann vilji nú bæta úr. Skýrði hann svo frá, að öðru hvoru megin við jólin 1978 hafi hann séð og keypt hjá ákærða að Fálkagötu 3 4 eða 5 örsmáar bláar töflur á kr. 1.000 hverja. Ákærði hafi óbeðinn sýnt honum þetta og boðið fram sem LSD. Kristján lét tvo kunningja sína hafa sína töfluna hvorn, og töldu þeir efni þetta vera LSD, en hann vildi ekki nafngreina menn þessa. Hann kvað tilefni þessara viðskipta hafa verið það, að ákærði hafi verið að spyrja sig um söluhorfur nefndrar tegundar hér á landi.

Svo sem fyrr er rakið, neitar ákærði með öllu að hafa átt nokkur viðskipti við nefndan Kristján Eggert með fíkniefni, hvaða nafni sem þau nefnast.

Niðurstaða.

Um sölu ákærða á tilgreindu magni amfetamíns og LSD liggur ekkert annað fyrir í málinu en framburður Kristjáns Eggerts Gunnarssonar. Gegn neitun ákærða verður ekki talið sannað í málinu, að viðskipti þau, sem hér er ákært út af, hafi átt sér stað. Verður ákærði því sýknaður af þessum ákærulið.

II. Ákærða er hér gefið að sök að hafa frá lokum febrúar fram í september 1979 selt margnefndum Kristjáni samtals 2600 grömm af marihuana á kr. 1.100-1.500 fyrir hvert gramm.

Ekki þykir ástæða til að rekja framburði eða gögn að því er varðar þennan ákærulið frekar en gert hefur verið hér að framan.

Niðurstaða.

Raktir hafa verið framburðir Kristjáns Eggerts Gunnarssonar, þar sem hann skýrir frá kaupum sínum á tilgreindu magni af marihuana af ákærða á tímabili því er þessi ákæruliður tekur til. Ákærði hefur með öllu neitað því, að umrædd viðskipti hafi átt sér stað. Í málinu hefur engu að síður ýmislegt komið fram, sem styður frásögn Kristjáns og skulu hér talin upp eftirfarandi atriði:

a. Sannreynd hefur verið sú fullyrðing Kristjáns, að hann hafi lagt fé inn á bankareikninga ákærða, svo sem áður er rakið, en slíkar greiðslur áttu sér stað 29. 5 og 20. 6. 1979, samtals að fjárhæð gkr. 460.000. Kristján

fullyrðir, að greiðslur þessar séu fyrir marihuana, er hann fékk hjá ákærða. ákærði neitaði við rannsókn málsins í upphafi að gefa skýringar á greiðslum þessum. Rúmum tveimur árum síðar gaf hann hins vegar skýringu, sem hann hefur ekki stutt neinum gögnum og telja verður tortryggilega.

b. Framburðir Kristjáns um viðskipti við ákærða virðast í megindráttum koma heim og saman við framburð ákærða um ferðir sínar hingað til lands.

c. Framburður Bryndísar Björnsdóttur Bender er ótvírætt mjög til styrkingar framburði Kristjáns um eina afhendingu ákærða á efni til hans enda þótt framburður hennar almennt sé nokkuð reikull.

d. Fundur lögreglu á marihuana á dvalarstað ákærða að Fálkagötu 3 rennir mjög stoðum undir það, að hann hafi haft slíkt efni undir höndum.

e. Framburður Gry Ek Gunnarsson styður framburð eiginmanns hennar, Kristjáns, enda þótt hún hafi aldrei verið sjálf vitni að viðskiptum þeirra ákærða.

f. Framburður Sigurðar Páls Sverrissonar um það, að Kristján hafi komið á sambandi milli hans og ákærða með fíkniefnaviðskipti í huga, er í samræmi við framburð Kristjáns og styrkir þann framburð hans, að þeir ákærði hafi átt viðskipti saman með marihuana.

g. Framburðir Holbergs Mássonar og Bryndísar Björnsdóttur Bender benda mjög til þess, að ákærði hafi meðhöndlað fíkniefni í því skyni að versla með þau.

h. Tíðar ferðir ákærða milli Bandaríkjanna og Íslands hljóta að teljast tortryggilegar, þegar námsmaður á í hlut.

i. Ákærði hefur kannast við að þekkja Kristján Eggert Gunnarsson, en hefur ekki skýrt nánar kunningsskap þeirra.

Telja verður, að framburður Kristjáns Eggerts Gunnarssonar um viðskipti við ákærða hafi verið stöðugur við rannsókn málsins, þótt hann bætti ýmsu við eftir því sem leið á rannsóknina. Er ekki að sjá, að neitt sérstakt hafi komið fram, sem varpi rýrð á framburð hans.

Þegar allt framanritað er virt, þykja hafa komið fram svo veigamikil atriði til stuðnings framburði Kristjáns Eggerts Gunnarssonar, að telja verði fyllilega sannað í málinu, að ákærði hafi á umræddu tímabili á árinu 1979 selt honum marihuana í einhverjum mæli fyrir kr. 1.100-1500 hvert gramm, en ekki þykir þó óhætt að slá föstu hvert heildarmagnið var.

III. Ákærða er hér gefið að sök að hafa í júlí og ágúst 1979 selt Sigurði Páli Sverrissyni allt að 600 grömm af marihuana fyrir kr. 2.300 hvert gramm.

Hér að framan hefur verið rakið það, sem talið er skipta máli við úrlausn þessa ákæruliðar.

Niðurstaða.

Svo sem rakið hefur verið hefur Sigurður Páll Sverrisson staðfastlega haldið því fram, að hann hafi fyrir milligöngu Kristjáns Eggerts Gunnarssonar komist í samband við ákærða og keypt af honum tilgreint magn af marihuana. Þessi framburður hans er studdur framburði Kristjáns, sem ber, að hann hafi komið sambandi á milli ákærða og Sigurðar Páls, er hann sjálfur fór ásamt eiginkonu sinni til útlanda. Þá hefur Kristján borið að hafa frétt frá Sigurði eftir heimkomu sína af einhverjum viðskiptum milli þeirra ákærða um léleg gæði efnis að mati Sigurðar, og er það í samræmi við framburð Sigurðar. Þá hefur Gry Ek, eiginkona Kristjáns, borið, að hann hafi tjáð sér, að Sigurður hafi átt viðskipti við ákærða, er þau voru í Bandaríkjunum. Til stuðnings framburði Sigurðar má hér og tilfæra atriði, sem tilgreind voru undir liðum d, g og h, þegar fjallað var um ákærulið II hér að framan.

Ákærði hefur neitað með öllu að hafa átt viðskipti með fíkniefni við Sigurð Pál Sverrisson. Hann hefur játað að kannast við Sigurð og ekki útilokað, að kynni hafi tekist milli þeirra fyrir milligöngu Kristjáns.

Með hliðsjón af framburðum þeirra Sigurðar Páls og Kristjáns Eggerts þykir óhætt að telja upplýst, að kynni hafi stofnast milli hins fyrrnefnda og ákærða fyrir milligöngu Kristjáns og hafi þessum kynnum verið komið á með fíkniefnaviðskipti í huga. Þrátt fyrir það þykja ekki fram komin slík óyggjandi atriði í málinu um, að þessi viðskipti hafi raunverulega átt sér stað, að unnt verði að telja þau sönnuð gegn neitun ákærða. Verður hann því sýknaður af þessum ákærulið.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði verið fundinn sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök undir ákærulið II, þó þannig, að ekki er slegið föstu um heildarmagn á seldu efni. Varðar þetta atferli ákærða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974. Ákvæðum laga nr. 60, 1980, sem vísað er til í ákæru, verður ekki beitt hér, sbr. 2. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940. Að öðru leyti er ákærði sýknaður af ákærunni.

C.

Ákvörðun viðurlaga.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingum hér á landi, svo kunnugt sé. Fram hefur komið í málinu, að ákærði hafi á árinu 1978 hlotið 50 dollara sekt í Bandaríkjunum, er hann var með allt að 100 lyfjatöflum, amfetamín að hans eigin sögn, í bifreið sinni, er hann var að koma inn í landið frá Mexico.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Frá henni

skal draga með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 6. september-20. október 1979.

Þá þykir og rétt að dæma ákærða til greiðslu sektar í ríkissjóð, kr. 10.000.-, og komi varðhald í 20 daga í sektarinnar stað, greiðist hún ekki innan 4 vikna.

Þá ber og skv. 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 að taka til greina kröfu ákæruvalds um upptöku á filmuboxum þeim, sem fundust að Fálkagötu 3 6. september 1979 og innihaldi þeirra.

Að lokum verður ákærði dæmdur til að greiða kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000.-.

Dómsorð:

Ákærði, Eyjólfur Örn Jóhannsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist hans 6. september - 20 október 1979.

Ákærði greiði sekt í ríkissjóð, kr. 10.000.-, og komi 20 daga varðhald í sektarinnar stað, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birting dóms þessa.

Upptæk skulu gerð framangreind 3 filmubox ásamt innihaldi þeirra.

Ákærði greiði kostnað máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hrl., kr. 20.000.-.

Föstudaginn 6. apríl 1984.

Nr. 59/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

William James Scobie

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. mars 1984, er barst Hæstarétti samdægurs. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði dæmdur skemmri en í úrskurðinum greinir.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með dómi Hæstaréttar 19. mars 1984 var staðfestur úrskurður sakadóms Reykjavíkur um, að varnaraðili sætti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. mars 1984, kl. 17.00. Í hinum kærða úrskurði er kveðið á um framlengingu gæsluvarðhalds allt til 27. júní 1984, kl. 17.00.

Hinn 27. mars 1984 var ákæra gefin út á hendur varnaraðilja og tveimur öðrum mönnum, sem taldir eru tengjast brotum hans. Var mál gegn þeim þingfest í sakadómi Reykjavíkur hinn 28. mars sl., og var ákæran birt varnaraðilja þá og þar. Er bókað í þingbók, að ákærði telji, „að efni ákæru sé rétt og hann hreyfi engum athugasemdum við henni."

Samkvæmt rannsóknargögnum var varnaraðili handtekinn á Keflavíkurflugvelli hinn 23. febrúar 1984, 45 mínútum áður en flugvél, sem hann átti far með, átti að leggja af stað til Bandaríkjanna.

Varnaraðili hefur verið ákærður m.a. fyrir rán samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og var skotvopni beitt við framningu brota. Féð, sem hann komst yfir, er í ákæru talið nema 1.839.134.00 krónum.

Miðað við dómvenju og með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar, sbr. og 2. tölulið 67. gr. laga nr. 74/1974, ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. mars 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 29. mars, er á dómþingi sakadóms, sem háð er í Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni, Jóni A. Ólafssyni og Jóni Erlendssyni sakadómurum, kveðinn upp úrskurður þessi:

Með ákæruskjali, dagsettu 27. mars 1984, gefur ríkissaksóknari William

James Scobie, Barmahlíð 35, Reykjavík, fæddum 27. apríl 1962, að sök rán, sem lýst er í II. - III. kafla ákærunnar þannig: „Ákærðu William James Scobie og Ingvari Heiðari Þórðarsyni er gefið að sök að hafa í sameiningu og eftir fyrirframgerðri áætlun staðið að ráni á leigubifreið föstudagskvöldið 17. febrúar 1984, um kl. 19:30, ákærði Ingvar Heiðar með því að aka meðákærða William James í nágrenni við Hótel Sögu í Reykjavík, þar sem hinn síðarnefndi yfirgaf bifreiðina klæddur dulargervi og vopnaður hlaðinni haglabyssu, sem hann hafði sagað framan af, sbr. kafla I hér að framan, og ákærði William James með því að taka þar leigubifreiðina R-320, setjast í aftursæti hennar og biðja um [illegible] að Hótel Loftleiðum, en síðan, eftir að komið var langleiðina að Hótel Loftleiðum, að ráðast að bifreiðarstjóranum, Erni Reyni Péturssyni, Kambsvegi 1, Reykjavík, grípa hann hálstaki og jafnframt beina byssunni að höfði hans og hóta að hleypa af henni og neyða þannig bifreiðarstjórann til að aka veg í áttina að Nauthólsvík, yfirgefa bifreiðina þar og afhenda kveikjuláslykil hennar. Ákærði ók síðan á brott á bifreiðinni svo sem hér á eftir verður nánar rakið.

Framanlýst háttsemi beggja ákærðu telst aðallega varða við 252. gr. almennra hegningarlaga en til vara telst atferli ákærða William James varða við 233. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1956, og atferli ákærða Ingvars Heiðars við sömu refsiákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

III. Rán.

Ákærðu William James Scobie og Ingvari Heiðari Þórðarsyni er gefið að sök að hafa í beinu framhaldi af ráni því, sem greinir í II. kafla hér að framan, í sameiningu og eftir fyrirfram gerðri áætlun staðið að ráni á kr. 1.839.134.-, sem tveir af starfsmönnum áfengisverslunarinnar við Lindargötu í Reykjavík voru að flytja, laust fyrir kl. 20:00, í næturgeymslu Landsbanka Íslands að Laugavegi 77 í Reykjavík, ákærði William James með því að aka, í beinu framhaldi af ránsbroti því sem greinir í II. kafla hér að framan, rakleiðis að Laugavegi 77 og leggja bifreiðinni á bifreiðastæði bak við húsið og bíða þar fyrrgreindra starfsmanna áfengisverslunarinnar og ráðast síðan að öðrum þeirra, Konráð Konráðssyni, Fannborg 3, Kópavogi, þá er hann bjó sig til að setja peningana, sem komið var fyrir í fjórum þar til gerðum töskum og plastpoka, í næturhólfið, og miða á hann hlaðinni haglabyssu og hafa uppi hótanir um að hleypa af og því til áréttingar að skjóta einu skoti í bifreið þá sem mennirnir voru á og slá síðan til Konráðs með byssunni og jafnframt að hleypa af öðru skoti og neyða Konráð til að láta lausan pokann með peningunum, sem ákærði þá greip með sér og ók á brott á bifreiðinni R-320 sem leið liggur að Brautar-

holti 2, þar sem ákærði yfirgaf bifreiðina og fór yfir í bifreið sem meðákærði Ingvar Heiðar beið þar með, eftir að hafa sótt einn peningapokann sem ákærði William James hafði misst, að bankanum. Ákærðu óku síðan út á Kársnes í Kópavogi, þar sem þeir losuðu sig við byssuna og skotfærin, og síðan að Barmahlíð 35, þar sem ákærði William James fór úr bifreiðinni og tók með sér pokann með peningunum. Ákærðu skiptu peningunum á þann veg, að ákærði Ingvar Heiðar fékk í sinn hlut kr. 360.000.-.

Framanlýst atferli beggja ákærðu telst varða við 252. gr. almennra hegningarlaga en hlutur ákærða Ingvars Heiðars *til vara* við sama refsiákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga."

Er ákærða William James Scobie ennfremur gefinn að sök þjófnaður á haglabyssu og skotum.

Ákærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 25. febrúar 1984, og við þingfestingu málsins í gær gerði ríkissaksóknari kröfu um, að William James Scobie sætti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 27. júní 1984, klukkan 17:00, eða þar til héraðsdómur gengur í málinu.

Ríkissaksóknari vísar kröfu sinni til stuðnings einkum til þess, hversu alvarlegar sakargiftir eru.

Ákærði William James Scobie hefur mótmælt kröfunni, og hefur af hans hálfu verið lögð fram greinargerð í málinu.

Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 og með vísan til framanritaðs er krafa ríkissaksóknara tekin til greina og ákærði, William James Scobie, úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 27. júní 1984, klukkan 17:00.

Úrskurðarorð:

Ákærði, William James Scobie, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 27. júní 1984, klukkan 17:00.

Föstudaginn 6. apríl 1984.

Nr. 99/1982. **Hörður Jónsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Gunnari Briem
(Helgi V. Jónsson hrl.)

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörn, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. apríl 1982. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að sannað sé, að tjón á bifreið stefnda hafi orðið af því, að klaki hafi losnað af húsi áfrýjanda og fallið niður á þak hússins nr. 28 B við Laugaveg og þaðan á bifreiðina.

Klakastykki þetta, sem var mjög stórt, hafði myndast niður af pípu, er stendur út úr austurgafli hússins, sem er við fjölfarna verslunargötu. Stafaði mikil hætta af því fyrir vegfarendur. Maður sá, er umsjón hafði með húsinu í fjarveru áfrýjanda, var látinn vita, líklega milli kl. 10 og 10.30, um hættuna, sem stafaði af klakahruni af húsinu. Hann hafði þó ekki gert viðhlítandi ráðstafanir til að brjóta klakastykki þetta niður eða koma með öðrum hætti í veg fyrir þann háska, sem af því stafaði, er það féll niður einhvern tíma milli kl. 12.30 og 13.30 að því er ætla verður. Ber stefndi ábyrgð á því tjóni, sem af þeirri vanrækslu hlaust.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en enginn ágreiningur er um fjárhæð dómkröfu stefnda né vaxtakröfu hans. Dæma ber áfrýjanda til þess að greiða stefnda 9.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hörður Jónsson, greiði stefnda, Gunnari Briem, 9.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. febrúar 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. janúar sl., höfðaði Gunnar Briem, Þverárseli 24, Reykjavík, gegn Herði Jónssyni, Bakkaflöt 12, Garðabæ, með stefnu, birtri 22. júní 1981.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum skaðabætur að fjárhæð kr. 3.710.00 með 34% ársvöxtum frá 16. febrúar til 1. júlí 1981 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar eftir lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. og aukatekjulögum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi greiði honum málskostnað að skaðlausu.

Sættir hafa verið reyndar í þessu máli, en án árangurs.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kvaðst hafa lagt bifreið sinni, sem er af gerðinni Lada Sport, í bifreiðastæði fyrir utan anddyri veitingahússins Asks á Laugavegi 28B mánudaginn 16. febrúar sl., um kl. 12.30, en hann hafi haft í hyggju að snæða hádegisverð á veitingahúsinu. Er hann hafi komið út um kl. 13.30 hafi hann séð að bifreið sín hafi orðið fyrir skemmdum af völdum klakastykkis, sem á hana hafi fallið. Vélarlok bifreiðarinnar skemmdist svo og ljós á bifreiðinni framanverðri auk höggvara að framan. Stefnandi telur, að klakastykki þetta hafi fallið af húsi stefnda að Laugavegi 28 og honum beri að bæta sér tjón það, sem orðið hafi á bifreiðinni. Stefndi hafnar skaðabótaskyldu, eins og nánar verður rakið síðar.

Óumdeilt er í málinu, að næstu daga á undan hafði veður verið umhleypingasamt, úrkoma og frost og þíða til skiptis. Þennan dag var hláka, og um kvöldið gerði ofsaveður, sem mörgum er minnisstætt. Þá er og óumdeilt, að þennan morgun hékk klaki víða af þakbrúnum húsa við Laugaveginn. Stefnandi kveðst þó ekki hafa tekið eftir neinu slíku, þar sem hann lagði bifreið sinni né annars staðar á Laugaveginum.

Veitingastaðurinn Askur er í tveggja hæða húsi með risi, og snýr mænir samsíða Laugaveginum. Næsta hús fyrir neðan, Laugavegur 28, er áfast veitingahúsinu, en er fjögurra hæða með risi. Hús þetta er eign stefnda að undanskilinni neðstu hæð hússins, þar sem tvær verslanir eru til húsa. Þá hæð á faðir stefnda. Sérstaklega var tekið fram af stefnda, að varnaraðildin í málinu væri athugasemdalaus af hans hálfu. Fjórða hæð hússins

er inndregin, og eru svalir meðfram endilangri hlið hennar, er snúa út að Laugavegi. Frá svalagólfi liggur rör niður eftir framhlið hússins og tengist holræsi í götu. Eftir þessu röri rennur vatn af svalagólfinu. Þá hefur í öryggisskyni verið settur rörbútur gegnum svalahandrið, sem er steypt, og getur vatn af svölunum runnið þar út, ef niðurfall stíflast. Rörbúturinn gengur út um handrið á þeim enda svalanna, er snýr að veitingahúsinu Aski, þannig að vatn, sem um það fer, fellur óhindrað niður á þak þess húss, en ekki hefur verið lagt rör frá rörbút þessum niður vegginn. Stöðumælir við bifreiðastæði það, sem stefnandi lagði bifreið sinni í, er á móts við samskeyti húsanna á Laugavegi 28B og 28. Stefnandi kvað bifreið sína hafa staðið á götunni, en ekki að neinu leyti upp á gangstéttinni, og taldi, að framendi hennar hefði e.t.v. náð niður fyrir stöðumælinn.

Stefnandi kallaði til lögreglu, þegar hann sá, að skemmdir höfðu orðið á bifreiðinni. Tveir lögregluþjónar komu á vettvang, og skrifaði annar þeirra, Karl Bóasson að nafni, skýrslu um þetta atvik til lögreglustjóra. Kemur þar fram, að óskað hafi verið eftir aðstoð lögreglu að húsinu nr. 28 við Laugaveg vegna skemmda á bifreið stefnanda af völdum klakastykkis, sem fallið hefði á hana frá þakbrún hússins. Klakastykkið, sem hafi legið í þrennu lagi við bifreiðina, hafi verið mjög stórt, enda allmiklar skemmdir á bifreiðinni af völdum þess.

Fyrir dómi sagði Karl, að rigning og hvassviðri hefði verið, þegar hann kom á staðinn. Hann kvað klakastykkin við bifreiðina hafa verið það stór, að enginn, sem orðið hefði undir þeim, hefði sloppið lifandi. Hann kvað sig fullvissan um að hafa séð ummerki þess, að klakinn hefði fallið frá rennu á framhlið hússins að Laugavegi 28. Hefðu þeir lögreglumennirnir ekki séð ummerki þessa, hefði hann ekki getið þess í skýrslu sinni, að klakinn hefði fallið frá húsinu að Laugavegi 28, og ekki farið inn í það hús til að spyrjast fyrir um það, hver væri eigandi þess, en um þetta er getið í lögregluskýrslunni. Vera megi, að það sé villandi hjá sér í skýrslunni að segja, að klakinn hafi fallið frá þakbrún hússins.

Magnús Daníelsson lögregluþjónn fór á staðinn ásamt Karli Bóassyni. Hann sagði fyrir dóminum, að þeim lögreglumönnunum hafi fundist, að klakastykkið hefði komið frá svölum hússins að Laugavegi 28, og hefðu aðstæður á staðnum bent til þess. Einnig hefði þeim verið tjáð þetta af fólki, sem verið hafi á vettvangi.

Vitnið Guðmundur Sverrir Einarsson, starfsmaður í Alþýðubankanum h.f., kvaðst hafa staðið út við glugga á 2. hæð húss Alþýðubankans h.f., sem er gegnt húsunum að Laugavegi 28B og 28 og verið á tali við samstarfsmenn sinn, Randí Arngrímsson. Hann hefði séð dagana á undan, að klakabunki hefði myndast frá yfirfallsrörinu á svölum hússins á Laugavegi 28 og náð allt niður á þak hússins að Laugavegi 28B. Hann hefði séð,

að klakabunki þessi hefði losnað í einu lagi og fallið á bifreið stefnanda. Hann hefði þá skrifað skilaboð á miða til eiganda bifreiðarinnar og beðið hann að hafa samband við sig, hvað hann hefði gert. Tilgangurinn hefði verið sá að láta eigandann vita um þennan atburð. Miði þessi hefur verið lagður fram í málinu.

Vitnið Randí Arngrímsdóttir kvaðst hafa staðið út við glugga í Alþýðubankanum h.f. og séð klaka falla á bifreið stefnanda. Hún hefði séð klakann renna af stað af þaki veitingahússins Asks, en ekki annars staðar frá. Þetta hafi allt gerst í einu vetfangi, um leið og hún hafi komið út að gluggunum.

Stefnandi kvað sér hafa verið bent á það, þegar hann hitti starfsmann Alþýðubankans h.f., hvaðan klakinn hefði fallið á bifreið sína, og hefði það verið austan við rennuna niður húsið. Þar hefði veggurinn verið auður, en ekki annars staðar í kring. Hann hefði ekki tekið eftir því, hvort klaki hefði verið á þaki hússins að Laugavegi 28B en starfsmenn þar hefðu tjáð sér, að þeir hefðu hreinsað klaka af húsinu. Klakastykkin hefðu verið slétt, en ekki bárulaga.

Ástríður Ingimundardóttir, verslunarmaður og annar eigenda verslunarinnar Dagnýjar, sem er til húsa á 1. hæð Laugavegar 28, kom fyrir dóminn og skýrði frá því, að rétt eftir að hún hefði opnað verslun sína um morguninn, hefði starfsmaður í versluninni Brynju vakið athygli sína á því, að hætta gæti stafað af klaka, sem héngi framan á húsinu. Hún hefði leitað aðstoðar lögreglu til þess að fjarlægja klakann, en ekki fengið. Þá hefði hún hringt í son stefnda, sem hefði komið, en samkvæmt skýrslu lögreglu var það eftir að bifreið stefnanda hafði orðið fyrir skemmdum. Hún kvaðst ekki geta sagt til um það af eigin raun, hvaðan klakinn hefði fallið á bifreiðina. Hún hefði farið inn í veitingahúsið Ask og vakið athygli forráðamanna þar á hættu af völdum klaka utaná húsinu, og kvaðst hún telja, að þeir hefðu hreinsað klaka af sínu húsi fyrir hádegið. Hún hefði ekki séð, hvort klaki var uppi á þaki hússins.

Ástríður gat þess, að stefndi bæði sig að líta eftir því, að húsið væri lokað, þegar hann væri erlendis.

Stefndi var erlendis, þegar atburður þessi varð. Hann kvaðst leigja út sinn hluta af húsinu og aðstoða föður sinn, sem væri aldraður, við leigu á neðstu hæðinni. Hann bæði leigjendur um að líta eftir húsinu og láta sig vita, ef eitthvað færi úrskeiðis. Íbúð væri á 4. hæð hússins og væri hún leigð með þeim skilmálum, að leigjandi fylgdist með í húsinu og léti vita, ef eitthvað væri að. Ef til vill væri hægt að líta svo á, að í verkahring leigjandans væri að fylgjast með klakamyndun á húsinu. Stefndi kvaðst ekki hafa orðið var við, að tjón hefði orðið af klakahruni frá húsinu sínu að Laugavegi 28.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að sannað sé, að klakinn, sem skemmdi bifreið hans, hafi fallið af húsi stefnda. Grundvöllur bótakröfu stefnanda sé sú sök stefnda sem eiganda hússins að stærstum hluta að sinna ekki þeirri skyldu að fjarlægja klaka af því, sem smám saman hafi myndast dagana áður en atburðurinn varð og sýnilegt hafi verið, að gæti valdið slysi hvenær sem var. Þá sé ljóst, að stefndi hafi lagt eins konar eftirlitsskyldu á leigjendur í húsinu og leigjandi á efstu hæð hússins hafi verið nokkurs konar húsvörður. Þeir hafi engar ráðstafanir gert til þess að koma í veg fyrir hættu af klakahruni nema leigjandi á neðstu hæð, en um seinan. Húsið standi við fjölförnustu götu borgarinnar og líta verði svo á, að eftirlitsskyldan sé ríkari af þeim sökum.

Þá hafi umbúnaður á svölum hússins ekki verið í samræmi við reglur 58. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur, sbr. og 26. gr. lögreglusamykktar Reykjavíkur, þar sem vatn hafi getað runnið af svölum hússins án þess að renna í lokuðu niðurfalli, en ljóst sé, að klakinn, sem á bifreið stefnanda féll, hafi myndast af þessum sökum. Sök stefnda byggist einnig á því að hafa hús sitt vanbúið að þessu leyti. Ekki sé hægt að gera ráð fyrir því, að bifreiðarstjórar aðgæti sérstaklega hættu af klakahruni, þar sem þeir leggi bifreiðum sínum.

Bótakröfu stefnanda sé í hóf stillt, en hún byggist á mati skoðunarmanna Almennra Trygginga h.f., sem fram hafi farið fyrir nær ári síðan, enda hafi stefndi engar röksemdir fært fyrir því, að bótakrafan sé of há. Vaxtakrafa sé í samræmi við almennar reglur um vexti af skaðabótakröfum.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ósannað sé, að klaki sá, er olli skemmdum á bifreið stefnanda, hafi fallið af húsi stefnda. Hann hafi fallið af húsinu Laugavegi 28B.

Enda þótt litið yrði svo á, að klakinn hafi fallið af húsi stefnda, beri hann enga sök á því. Hann hafi enga hugmynd haft um hættu af klakahruni af húsi sínu. Þegar vitneskja hafi borist um þessa hættu, hafi verið brugðist skjótt við og allt gert til þess að koma í veg fyrir hana. Ekki hafi komið fyrir áður, að klaki hryndi af húsi stefnda, og því hafi hann ekki haft ástæðu til að ætla, að sú hætta væri fyrir hendi.

Hlutlægri ábyrgð á tjóni sem þessu sé ekki til að dreifa og óeðlilegt sé, að sú krafa sé gerð til húseigenda, að þeir hreinsi ætíð snjó og klaka af húsum sínum.

Hafi verið hætta á klakahruni af húsi stefnda, svo sjáanlegt væri, hefði stefnandi sjálfur átt að koma auga á það og því ekki að leggja bifreið sinni á þessum stað. Hann verði því sjálfur að bera ábyrgð á tjóni sínu. Því sé mótmælt, að útbúnaður á svölum á húsi stefnda sé ekki lögum samkvæmur.

Bótakröfu stefnanda sé mótmælt sem of hárri. Alþekkt sé, að mat á við-

gerðarkostnaði sé hærra en viðgerðarkostnaðurinn í raun. Vaxtakröfu stefnda sé mótmælt sem rangri, því að vexti eigi einungis að reikna frá þeim degi, sem viðgerð hafi farið fram.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og rakið er fyrr í dóminum, bar vitnið Guðmundur Sverrir Einarsson, að hann hefði beinlínis séð út um glugga á húsi Alþýðubankans h.f., að klakabunki, sem myndast hefði neðan við yfirfallsrör á svölum húss stefnda, hefði losnað í einu lagi og fallið á bifreið stefnanda.

Í skýrslu lögreglunnar í Reykjavík kemur fram, að klakinn hafi fallið af húsi stefnda. Þegar lögreglumennirnir, sem á staðinn komu, gáfu skýrslu fyrir dóminum, gátu þeir ekki gert fulla grein fyrir því, á hvaða forsendum skýrsla þeirra var byggð að þessu leyti, en voru fullvissir um, að af húsi stefnda hefði klakinn komið, því að annars hefðu þeir ekki tekið það fram í skýrslunni.

Vitnið Randí Arngrímsdóttir taldi hins vegar, að klakinn hefði komið af þaki hússins að Laugavegi 28B, en ekki annars staðar frá.

Þegar litið er til aðstæðna á þeim stað, þar sem bifreið stefnanda varð fyrir skemmdum, svo og framburða vitna, einkum vitnisins Guðmundar Sverris Einarssonar, þykir mega leggja til grundvallar, að þessi atburður hafi gerst eins og framangreint vitni lýsti honum. Þykir framburður vitnisins Randíar Anrgrímsdóttur ekki breyta þeirri niðurstöðu, enda eru aðstæður þannig, að klakinn hefur getað fallið fyrst á þak hússins að Laugavegi 28B að einhverju eða öllu leyti og þaðan á bifreið stefnanda.

Fram er komið í málinu, að mikil klakamyndun hafði verið á húsum í borginni undanfarið, áður en tjónsatburðurinn varð. Að morgni þess dags. er klakinn féll á bifreið stefnanda, var mikil hálka, Komið var fram um hádegi, en af hálfu stefnda hafði ekkert raunhæft verið gert til þess að koma í veg fyrir klakahrun.

Líta verður svo á, eins og öllum aðstæðum var háttað í þetta skipti, að sú vanræksla að fjarlægja ekki klakann af húsinu felli á stefnda bótaskyldu á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir.

Ekki verður talið, að sök verði lögð á stefnanda fyrir að leggja bifreið sinni í umrætt bifreiðastæði, sem er við eina fjölförnustu verslunargötu borgarinnar.

Skaðabótakrafa stefnanda er byggð á mati skoðunarmanna Almennra Trygginga h.f. á viðgerðarkostnaði á bifreiðinni. Þykir sá viðgerðarkostnaður sennilegur, og ekkert hefur verið leitt í ljós af hálfu stefnda, sem sýnir hið gagnstæða.

Fallast ber á vaxtakröfu stefnanda.

Niðurstaða dómsins er því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.700.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Jónsson, greiði stefnanda, Gunnari Briem, kr. 3.710.00 með 34% ársvöxtum frá 16. febrúar 1981 til 1. júlí s.á. og með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.700.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. apríl 1984.

Nr. 39/1982. **Bæjarsjóður Eskifjarðar**
(Björn Jónsson hdl.)
gegn
Ragnari Sigurmundssyni
(Sigurður Georgsson hdl.)

Gatnagerðargjald. Sýkna. 67. gr. stjórnarskrár. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 10. febrúar 1982. Hann hefur fengið áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.116.91 krónu með 10% ársvöxtum frá 1. nóvember 1975 til 1. júlí 1976, 10% ársvöxtum af 837.68 krónum frá þeim degi til 1. júlí 1977, 10% ársvöxtum af 558.45 krónum frá þeim degi til 1. júlí 1978, og 10% ársvöxtum af 279.22 krónum frá þeim degi

til 1. júlí 1979. Þá er krafist mánaðarlegra vanskilavaxta sem hér segir: 2% af 353.69 krónum frá 1. júlí 1976 til 20. nóvember 1976, 2.5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1977, 2.5% af 822.80 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, 3% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1978, 3% af 1.404.72 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, 4% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1979, 4% af 2.231.61 krónu frá þeim degi til 1. september 1979, 4.5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1980, 4.75% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1980, 4.75% af 3.442.25 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, 4.5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1981, 4.5% af 5.395.73 krónum frá þeim degi til 20. apríl 1982, 4% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1982, en 4% af 8.255.45 krónum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júlí 1983, 5% af 12.878.45 krónum frá þeim degi til 20. október 1983, 4.75% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. des. 1983, 3.25% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 2.5% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Loks er þess krafist, að stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gatnagerðargjald það, sem um er fjallað í máli þessu, var lagt á samkvæmt 3., 4. og 5. gr. laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975 og reglugerð nr. 430/1975. Það var lagt á eigendur fasteigna við Strandgötu á árinu 1975 vegna slitlags, sem sett hafði verið á götuna árið 1973. Hér var um sérstæða skattlagningu að ræða tengda tiltekinni framkvæmd, sem lauk um tveim árum áður en lög og reglugerð um hana voru sett. Verður ekki séð, að stefndi eða aðrir eigendur fasteigna við Strandgötu hafi getað séð það fyrir árið 1973 eða haft ástæðu til að búast við því þá, að þeim yrði einhvern tíma síðar einum gert að greiða kostnaðinn við þessa framkvæmd. Máttu þeir og gera ráð fyrir því árið 1975, er gatnagerðargjaldið var lagt á þá, að skattlagningu miðað við fjárhag þeirra 1973 væri lokið. Verður þessi skattlagning því ekki talin fá staðist eftir 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Ber af þeim sökum að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarsjóður Eskifjarðar, greiði stefnda Ragnari Sigurmundssyni, 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ákvæði 4. greinar laga nr. 51/1974, sbr. 1. grein laga nr. 31/1975, um álagningu gatnagerðargjalds samkvæmt 3. grein laganna styðst við þá stjórnskipulegu heimild, sem almenni löggjafinn hefur samkvæmt 77. grein stjórnarskrár nr. 33/1944 til að leggja skatta á þjóðfélagsþegnana almennt eða á tiltekna hópa þeirra eftir almennum efnislegum mælikvarða og vissri jafnræðisreglu. Verður ekki talið, að það hafi verið andstætt umræddri meginreglu, sem skylt er að gæta við skattlagningu, er lagaákvæði þetta batt heimild til álagningar gjaldsins við fasteignaeigendur eina, og við þá eina þeirra á meðal, er fasteignir áttu við þær götur, sem lagðar höfðu verið eða lagðar yrðu bundnu slitlagi hverju sinni. Haggar það ekki þessari niðurstöðu, að lögin kveða á um, að eigendur fasteigna við þær götur, sem bundnu slitlagi hafi verið lagðar fyrir meira en fimm árum, skuli vera undanskildir gjaldskyldu samkvæmt lögunum, en það var í því skyni gert að takmarka afturvirkni laganna. Samkvæmt þessu verður ekki á það fallist með stefnda, að umrætt lagaákvæði brjóti gegn þeirri stjórnskipulegu vernd, sem eignarétturinn nýtur samkvæmt 67. grein stjórnarskrárinnar. Verður sýknukrafa hans því ekki tekin til greina af þeirri ástæðu.

Stefndi bendir enn fremur á það sýknukröfu sinni til stuðnings, að framangreind lög séu afturvirk að því er tekur til gatnagerðargjalds af fasteign hans með þeim hætti, að honum sé með lögunum

gert að greiða gatnagerðargjald vegna slitlags, sem lagt var fyrir gildistöku laganna. Afturvirkni laga sé andstæð anda stjórnarskrárinnar og af þeirri ástæðu fái gjaldheimta þessi ekki staðist.

Það er lögskýringarregla, að nýjum lögum verði ekki beitt afturvirkt þjóðfélagsþegnunum til óhagræðis, ef lögin mæla ekki fyrir um annað. Í stjórnarskrá nr. 33/1944 hafa hins vegar ekki verið tekin ákvæði, sem almennt banni afturvirka lagasetningu, svo sem dæmi eru til í stjórnskipunarrétti annarra ríkja. Lagaákvæði, sem ótvírætt og afdráttarlaust lýsa sig afturvirk, verða því ekki virt að vettugi af dómstólum vegna þess, að almenna löggjafann bresti til þess vald samkvæmt stjórnskipunarlögum að kveða á um afturvirkni laga, sem hann setur. Verður sýknukrafa stefnda því ekki heldur tekin til greina á þeim grundvelli, að heimild sú, sem sveitarstjórnum er veitt í 4. grein laga nr. 51/1974, sbr. 1. grein laga nr. 31/1975, til að innheimta gjald samkvæmt 3. grein laganna fái ekki staðist vegna stjórnarskrárbundins banns við afturvirkni laga.

Ákvæði nefndrar 4. greinar og 5. greinar laga nr. 51/1974 um fjárhæð gjalds, sem innheimta megi samkvæmt 3. grein laganna, eru ekki skýrt orðuð og tengsl milli efnisreglna þeirra óljós. Mælir 5. grein laganna fyrir um almenna ákvörðun gjaldsins í samþykkt, þar sem gjaldið á að fara eftir stærð lóðar og/eða rúmmáli húss, notkun þess og gerð, en 4. grein setur þau takmörk, að gjald af fasteignum við götu, sem bundið slitlag er lagt á eða gangstéttir lagðar við, megi aðeins nema „allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir." Er hins vegar ekki nánar tilgreint, hverjar séu „þessar framkvæmdir", sem við á að miða, þegar „meðalkostnaður" er fundinn.

Í 2. mgr. 6. greinar framangreindra laga segir, að hið sérstaka gatnagerðargjald, sem hér er um að ræða, verði þá fyrst gjaldkræft, er lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Er þetta önnur regla en gildir samkvæmt 1. málsgrein greinarinnar um hið almenna gatnagerðargjald samkvæmt 1. grein laganna. Bendir þetta til þess, að löggjafinn hafi ætlast til þess, að fyrir lægi, hver kostnaður hefði orðið af verki, áður en gatnagerðargjaldi þessu yrði jafnað niður á gjaldendur þess, og að samanlögð gjöld á fasteignaeigendur vegna lagningar slitlagsins eigi ekki að fara fram úr heildarkostnaði þessum.

Samkvæmt þessu, og þar sem fallast má á það með héraðsdómara, að í máli þessu liggi ekki fyrir svo glöggar upplýsingar af hendi áfrýjanda um kostnað við þær framkvæmdir sem um er fjallað í málinu, að séð verði með vissu, hvort álagning gatnagerðargjaldsins á stefnda samkvæmt 5. grein og 6. grein reglugerðar nr. 430/1975 sé innan þeirra takmarka, sem 4. grein laganna setur, er ég samþykkur dómsorði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Eskifjarðar 23. nóvember 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 2. þ.m., höfðar bæjarstjórinn á Eskifirði fyrir hönd bæjarsjóðs Eskifjarðar fyrir bæjarþingi Eskifjarðar gegn Ragnari Sigurmundssyni, Strandgötu 67A, Eskifirði, með stefnu, birtri 26. júní sl.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum vangoldið gatnagerðargjald að fjárhæð kr. 1.116.91 með 10% ársvöxtum af kr. 1.116.91 frá 01. 11. 75 til 01. 07. 76, með 10% ársvöxtum af kr. 837.68 frá þeim degi til 01. 07. 77, með 10% ársvöxtum af kr. 558.45 frá þeim degi til 01. 07. 78, með 10% ársvöxtum af kr. 279.22 frá þeim degi til 01. 07. 79. Þá er krafist vanskilavaxta sem hér segir: 2% af kr. 353.69 frá 01. 07. 76 til 20. 11. 76, 2,5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 07. 77, 2,5% af kr. 822.80 frá þeim degi til 01. 08. 77, 3% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 07. 78, 3% af kr. 1.404.72 frá þeim degi til 01. 06. 79, 4% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 07. 79, 4% af kr. 2.231.61 frá þeim degi til 01. 09. 79, 4.5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 06. 80, 4.75% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 07. 80, 4.75% af kr. 3.442.25 frá þeim degi til 01. 06. 81, 4,5% af sömu fjárhæð frá þeim degi til 01. 07. 81, 4.5% af kr. 5.395.73 frá þeim degi til greiðsludags. Auk þessa er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Sáttaumleitanir báru ekki árangur.

II.

Hinn 11. júlí 1977 krafðist stefnandi með skírskotun til heimildar í lögum nr. 49, 1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks, uppboðs á fasteign stefnda, Strandgötu 67A, Eskifirði, til lúkningar þeim hluta stefnukröfunnar, sem þá var talinn fallinn í gjalddaga, kr. 822.80.

Stefndi mótmælti framgangi uppboðsins, og með úrskurði uppboðsréttar

Eskifjarðar, uppkveðnum 8. janúar 1979 var synjað um framgang þess.

Úrskurðinum var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem hann var staðfestur að niðurstöðu til og á þeim forsendum, að stefnandi hefði ekki gætt skilyrða 1. gr. laga nr. 49, 1951 um birtingu almennrar áskorunar um greiðslu umkrafinna gjalda svo og um tilkynningu til stefnda.

III.

Með 3. gr. laga nr. 51, 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld var sveitarstjórn heimilað að ákveða með samþykkt, sem ráðherra staðfesti, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til þess að setja bundið slitlag á götu í sveitarfélaginu og til þess að leggja gangstéttir.

Samkvæmt 4. gr. laganna mátti innheimta gjaldið af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Mátti gjaldið nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

Með lögum nr. 31, 23. maí 1975 um breyting á áðurgreindum lögum var 4. gr. þeirra breytt á þann veg, „að innheimta má gjaldið af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár frá því slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir."

Með vísun til heimildar í nefndum lögum var sett reglugerð um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað, nr. 430, 15. september 1975, og er gjald það, sem deilt er um í þessu máli, nefnt B-gjad í reglugerðinni. Skal miða B-gjald við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands, og má gjaldið vera mismunandi eftir tegund og notkun húss, svo sem nánar er lýst í reglugerðinni. Þá má bæjarstjórn hækka eða lækka gjaldstuðlana hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

Þegar lagningu bundins slitlags er lokið, greiðist 20% af B-gjaldi, en eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum með gjalddögum 1. júlí. Gjaldanda er þó heimilt að halda eftir 20% gjaldsins, uns gangstétt hefur verið lögð við hús hans.

Varanlegt slitlag var sett á þann hluta Strandgötu, sem hér skiptir máli, á árinu 1973, en ekki hefur enn verið lögð gangstétt þar.

B-gjald var lagt á fasteign stefnda, Strandgötu 67A, Eskifirði, á árinu 1975, samtals kr. 1.396.14, og var gjalddagi fyrstu afborgunar (20%) ákveðinn 1. nóvember 1975. Stefndi greiddi afborgunina hinn 31. desember 1975, en hefur síðan mótmælt innheimtu gjaldsins og áskilið sér rétt til þess að endurkrefja greiðsluna, sem hann innti af hendi.

IV.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda með þeim rökum fyrst og fremst, að lögin nr. 51, 1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31, 1975, séu andstæð stjórnarskrá svo og að ákvæði í reglugerð nr. 430, 1975 um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað hafi ekki stoð í tilvitnuðum lögum.

Heldur stefndi því fram, að ákvæði laga nr. 51, 1974 séu andstæð stjórnarskrá, þar eð þau heimili sveitarstjórnum að leggja skatt á fámennan hóp skattþegna í sveitarfélögum og mismuna skattþegnumm með þeim hætti. Spyr stefndi, hvers vegna ekki megi allt eins jafna kostnaði við að leggja bundið slitlag á götu niður á alla íbúa við götuna, alla bíleigendur við götuna eða alla bíleigendur í sveitarfélaginu, þar sem framkvæmdin muni koma þeim best;

að afturvirkni laga nr. 31, 1975 sé andstæð anda stjórnarskrárinnar;

að álagningarákvæði reglugerðar nr. 430, 1975 séu ekki í samræmi við lög nr. 31, 1975;

að álagning á stefnda sé of há og fari langt fram úr hlutdeild hans í meðalkostnaði við að leggja bundið slitlag á Strandgötu. Skoraði stefndi á stefnanda að upplýsa, hver kostnaður var við lagningu bundins slitlags á Strandgötu á árinu 1973 og hvaða greiðslur stefnandi hafi fengið úr vegasjóði til þess að standa straum af þessum kostnaði;

að reglugerð nr. 430, 1975 sé ekki staðfest af ráðherra, eins og áskilið sé í 3. gr. laga nr. 51, 1974, heldur af starfsmanni félagsmálaráðuneytisins, og því alls óvíst, að þáverandi félagsmálaráðherra hafi vitað um eða verið samþykkur efni reglugerðar nr. 430, 1975.

Stefnandi hefur mótmælt rökum stefnda lið fyrir lið með gagnrökum. Hefur hann vísað til fordæma og rita fræðimanna til áréttingar staðhæfingu sinni um, að almenna löggjafanum hafi verið stjórnskipulega rétt að haga ákvæðum í lögum nr. 51, 1974 og 31, 1975 svo sem gert er.

Hann heldur því fram, að ákvæði laganna, sem vísa til meðalkostnaðar við framkvæmdir, sé einungis viðmiðunar- og vísiregla til leiðbeiningar um hámark gjaldtökunnar og séu álögur samkvæmt reglugerðinni í raun ekki meiri heldur en lögin leyfa.

Stefnandi hefur vakið athylgi á efni framlagðra bréfa félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélag, þar sem afstaða er m.a. tekin til álagningarreglna í reglugerð nr. 430, 1975 og þær taldar eðlilegar að öllu leyti. Þar kemur einnig fram, að um 60 nánast samhljóða reglugerðir um gatnagerðargjöld hafa verið settar í jafnmörgum sveitarfélögum, og bent á, að það muni hafa ófyrirsjáanlegar þjóðfélagsafleiðingar í för með sér, verði talið, að reglugerðin nr. 430, 1975 um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað hafi ekki stoð í lögum.

V.

Aðiljar eru sammála um, að reglugerðin nr. 430, 1975 um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað feli í sér ákvæði um skattheimtu og þurfi heimild í lögum til þess að setja hana.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 51, 1974, eins og henni var breytt með lögum nr. 31, 1975, má innheimta gatnagerðargjald af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Gjaldið má innheimta einu sinni af hverri fasteign, og skal verja því til þess að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til þess að leggja gangstéttir.

Fallast má á það með stefnda, að umrædd framkvæmd — lagning bundins slitlags á götu — sé ekki fasteignaeigendum við götuna einum til hagsbóta. Allir íbúar sveitarfélagsins kunna að njóta góðs af framkvæmdinni og þar með af gatnagerðargjaldinu. Svipaða sögu má segja um hina almennu fasteignaskatta sem lagðir eru á samkvæmt heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nú lög nr. 13, 1980.

Talið hefur verið, að almenni löggjafinn hafi heimild til þess að skattleggja ákveðna þjóðfélags- og hagsmunahópa á hlutlægan og málefnalegan hátt bæði til fullnægingar sérstökum þörfum svo og til almannaþarfa.

Verður talið, að almenni löggjafinn geti heimilað að leggja gjald á eigendur fasteigna við götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á, til þess að standa straum af kostnaði við slíka gatnagerðarframkvæmd, og skiptir ekki máli, hvenær slitlagið var lagt á götuna.

Samkvæmt lokamálslið tilvitnaðrar lagagreinar má gatnagerðargjaldið nema allt að meðalkostnaði við gatnagerðina.

Ákvæði þetta, og lögin um gatnagerðargjöld í heild, þykir verða að skýra þröngt með hliðsjón af áður tilvitnuðum lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Ákvæðið segir berlega fyrir um hámark þeirrar fjárhæðar, sem jafna má niður á gjaldendur eftir reglum, sem nánar ákveðast í samþykkt, sbr. 5. gr. laganna.

Álagningarákvæði í 5. og 6. gr. reglugerðarinnar nr. 430, 1975 um gatnagerðargjöld í Eskifjarðarkaupstað, sem hér skipta máli, eru hins vegar ekki í tengslum við raunverulegan kostnað við gatnagerðina. Geta þau falið í sér lítt hefta möguleika til skattheimtu án tillits til kostnaðarins, sem um getur í lagaheimildinni.

Stefndi skoraði á stefnanda að gera grein fyrir, hver kostnaður var við lagningu bundins slitlags á Strandgötu á árinu 1973, en upplýsingar, sem liggja fyrir í málinu um þann kostnað, eru ófullnægjandi. Ekki liggur heldur fyrir fullnægjandi greinargerð um álagningu gjaldsins á fasteignir

við Strandgötu, sem hófst á árinu 1975. Hefur því ekki verið upplýst, hvort álögð gatnagerðargjöld á fasteignir við Strandgötu á Eskifirði eru hærri, lægri eða jafnhá kostnaði við gatnagerðina.

Framanraktir annmarkar á grundvallarákvæðum reglugerðarinnar nr. 430, 1975, sem álagningarákvæðin hljóta að vera, sbr. einnig t. d. 2. mgr. 3. gr. laganna og 9. gr. reglugerðarinnar, skoðaðir í ljósi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar eru svo alvarlegir að mati dómsins, að ekki verður hjá því komist að telja, að álagning B-gatnagerðargjaldsins, sem stefndi er krafinn um, skorti lagastoð.

Ber þess vegna að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.-.

Bogi Nilsson, bæjarfógeti kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Sigurmundsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, bæjarsjóðs Eskifjarðar.

Stefnandi greiði stefnda kr. 4.000.- í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. apríl 1984.

Nr. 115/1982. **Ómar Sigtryggsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni f.h. Walter Ott
(Hákon Arnason hrl.)

Skuldamál. Tékkar. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 21. maí 1982. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæsta-

rétti og að hið áfrýjaða fjárnám 10. maí 1982, sem gert var í bifreiðinni R 9454, verði úr gildi fellt.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi einskorðaði kröfugrundvöll sinn í héraði við 57. gr. laga nr. 94/1933, svo sem skilja verður málatilbúnað hans. Verður krafa hans eigi reist á öðrum lagagrundvelli hér fyrir dómi gegn andmælum áfrýjanda, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Málsaðiljar eru á einu máli um, að málsókn þessi hlíti í hvívetna íslenskum lögum, og er á það fallist. Tékkar þeir, sem í málinu greinir, voru að fjárhæð 1.500.000 gkr. og 50.000 gkr. Stefndi afhenti þá Stuttgarter Volksbank, að því er ætla verður til innheimtu, þótt skýringar hans á því séu ófullnægjandi.

Eins og sönnunargögn og sönnunarbyrði horfa við í máli þessu, verður að telja útgáfu framangreindra tékka tengjast gagngert veitingum þeim, er áfrýjandi þá í veitingahúsi stefnda, Walter Ott, hinn 28. nóvember 1979. Reikning þann um veitingarnar, er stefndi hefur lagt fram í málinu, að fjárhæð 3.100 þýsk mörk, verður að leggja hér til grundvallar, og einnig, að hann sé ógoldinn, með því að tékkarnir hafa eigi fengist greiddir.

Stefndi hefur takmarkað málsókn sína við framangreinda fjárhæð, 3.100 þýsk mörk, er hann sækir áfrýjanda um, svo sem áður er greint, í skjóli 57. gr. laga nr. 94/1933. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda hana í íslensku fé, enda voru tékkarnir í íslenskum krónum. Þykir rétt, eins og málatilbúnaði er háttað, að miða við sölugengi þýskra marka í Reykjavík á útgáfudegi tékkanna hinn 29. nóvember 1979, og ber áfrýjanda að greiða stefnda þá fjárhæð með 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málinu er ekki gagnáfrýjað.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 9.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ómar Sigtryggsson, greiði stefnda, Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni f.h. Walter Ott, 3.100 þýsk

mörk í íslenskum krónum eftir sölugengi þýskra marka í Reykjavík 29. nóvember 1979 ásamt 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er staðfest til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Áfrýjandi greiði stefnda 9.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 9. þ.m., hefur Guðmundur Jónsson, héraðsdómslögmaður, Tjarnargötu 10 D, hér í borg, höfðað fyrir hönd Walter Ott, Leonhardsplatz 24, Stuttgart, Vestur-Þýskalandi, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 15. maí sl., á hendur Ómari Sigtryggssyni, Blesugróf 7 hér í borg, til greiðslu á skuld að fjárhæð DM 3.100.00 með 11% ársvöxtum frá 29. nóvember 1979 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Hinn 15. maí 1981 tilkynnti lögmaður stefnanda Samvinnubanka Íslands höfðun máls þessa og að stefnandi áskildi sér rétt til að beina kröfum sínum að bankanum, ef kröfur hans í máli þessu ná ekki fram að ganga. Krafa stefnanda er byggð á því, að stefndi hafi keypt veitingar fyrir DM 3.100.00 í veitingahúsi stefnanda í Stuttgart, en þar rekur stefnandi skemmtistaðinn Macabu og næturklúbbinn Four Roses. Til greiðslu á andvirði veitinganna hafi stefndi afhent tvær ávísanir, ritaðar á nafn stefnandans Walter Ott, útgefnar 29. nóvember 1979 á hlaupareikning stefnda við Samvinnubanka Íslands hér í borg. Hafi önnur ávísunin verið að fjárhæð gkr. 1.500.000, en hin gkr. 50.000. Er leitað hafi verið eftir greiðslu tékkanna, hafi þeir reynst innistæðulausir og því ekki fengist greiddir. Sökum vangeymslu greiðslubankans um sönnun greiðslufalls hafi tékkaréttur á hendur stefnda glatast, svo sem fram komi í dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1442/1980, sem kveðinn var upp 31. október 1980. Því sé ljóst, að ef fjárheimta þessi falli nú niður, muni stefndi vinna andvirði veitinganna, DM 3.100.00 úr hendi stefnanda. Hafi stefndi ekki gert sennilegt, að hann hafi ekki þegið veitingarnar. Byggir stefnandi málsókn þessa á ákvæði 57. gr. tékkalaga.

Í bréfi stefnandans Walter Ott til lögmanns síns kemur fram, að honum hafi ekki verið kunnugt um gengi íslensks gjaldmiðils gagnvart þýskum og hafi hann talið fjárhæðir tékkanna nema 3.100 þýskum mörkum. Hann hafi síðar komist að raun um, að sú fjárhæð jafngilti kr. 702.894.00 á þeim tíma, er bréfið er ritað. Hafi hann ekki vitað, af hverju stefndi ritaði ávísanir fyrir hærri fjárhæðum en nauðsynlegt var. Hann geri aðeins kröfu til að stefnandi greiði DM 3.100.00, eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum. Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stefndi hafi ekki þegið veitingar þær, sem hann er krafinn um greiðslu fyrir í máli þessu. Krafa stefnanda verði ekki byggð á reikningi þeim, sem stefnandi hefur útbúið, enda hafi stefndi ekki kvittað þar fyrir móttöku veitinganna. Engin tengsl séu milli reikningsins og tékkanna. Málssókn þessi verði því ekki byggð á ákvæði 57. gr. tékkalaga.

Niðurstaða.

Reikningur sá sem stefnandi byggir kröfur sína á er svohljóðandi:

„4 Wodka Lemon	DM	88.-
8 Bier	DM	76.-
8 Wisky Chivas	DM	176.-
9 Flaschen franz. Campagner	DM	2.520.-
4 x Kaviar	DM	236.-
1 Zigarre	DM	1.-
1 x Zigarretten	DM	3.-
	DM	3.100,-“

Stefndi hefur komið fyrir dóminn. Hann hefur staðfest að hafa komið í umrætt veitingahús á þeim tíma, sem hér er um að ræða. Hafi hann greitt fyrir þær veitingar, sem hann hafi fengið. Hann hafi ekki „slegið um sig“ á veitingastaðnum. Reikning þann, sem stefnandi byggi kröfu sína á, hafi hann ekki séð fyrr. Stefndi hefur hins vegar ekki viljað skýra frá, af hvaða tilefni hann gaf tékkana út.

Við þessar aðstæður verður lögð á stefnda sönnunarbyrði um, að samskipti aðiljanna hafi ekki verið þau, sem stefnandi heldur fram. Að því hefur stefndi ekki fært sönnur.

Samkvæmt því og með hliðsjón af ákvæði 57. gr. tékkalaga verður byggt á málavaxtalýsingu stefnanda og kröfugerð hans, en verðlagningu veitinganna hefur ekki verið mótmælt sérstaklega. Verður stefnda því gert að greiða stefnanda DM 3.100.00 með vöxtum, sem ákveðast 11% ársvextir frá 29. nóvember 1979 til greiðsludags með hliðsjón af kröfugerð stefn-

anda. Þá verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ómar Sigtryggsson, greiði stefnanda, Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni f. h. Walter Ott, DM 3.100.00 með 11% ársvöxtum frá 29. nóvember 1979 til greiðsludags og kr. 4.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 10. maí 1982.

Ár 1982, mánudaginn 10. maí, er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Ægisfelli 2 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-904/1982: Walter Ott gegn Ómari Sigtryggssyni. Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 6106/1981 svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sigurður I. Halldórsson, hdl. v/ Guðm. Jónss. og krefst fjárnáms fyrir DM. 3.100.00 með 11% ársv. frá 29. nóv. 1979 til greiðsludags, kr. 125.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 4.500.00 í málskostnað samkv. gjaldskrá L.M.F.Í., kr. 285.00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Fríður Guðnadóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt. Samkv. kröfu umboðsmanna gerðarbeiðanda og ábendingu mættu gerir fógeti fjárnám í eign gerðarþola, bifreiðinni R-9454, sem er Scania 1966. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættu að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Fimmtudaginn 12. apríl 1984.

Nr. 48/1982. **Vestmannaeyjakaupstaður**
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)
gegn
Kaupfélagi Vestmannaeyja
(Skúli J. Pálmason hrl.)

Gatnagerðargjald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 25. febrúar 1982. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 12.915.78 krónur með 27% ársvöxtum frá 15. nóvember 1979 til 30. nóvember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 8. maí 1981, en hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum (dómvöxtum) frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og í héraðsdómi greinir, var lagt bundið slitlag á Bárugötu árið 1957, en slitlag þetta var orðið ónýtt fyrir eldgosið 1973. Var gatan endurnýjuð, lögð slitlagi og nýjar gangstéttir lagðar við hana á árunum 1977 til 1981. Gatnagerðargjald var ekki lagt á vegna lagningar slitlagsins 1957, og slíkt gjald hefur aldrei verið innheimt hjá stefnda fyrr. Álagning gatnagerðargjalds vegna framkvæmdanna 1977 til 1981 fer því ekki í bága við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1974. Gatnagerðargjald það, sem eigendum fasteigna við götuna var gert að greiða, nam aðeins hluta af heildarkostnaði við lagningu slitlags og gangstétta. Verður því heldur ekki talið, að álagningin brjóti í bága við álagningarreglu 4. gr. nefndra laga, sbr. lög nr. 31/1975. Gjaldinu var jafnað niður á eigendur fasteigna við götuna eftir reglum 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 285/1977, og verður álagningin ekki talin andstæð 5. gr. laga nr. 51/1974.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, ber að taka kröfu áfrýjanda til greina og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 12.915.78 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, en hvorki er ágreiningur um kröfufjárhæð né upphafstíma vaxta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Vestmannaeyja, greiði áfrýjanda, Vestmannaeyjakaupstað, 12.915.78 krónur með 27% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 15. nóvember 1979 til 30. nóvember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 8. maí 1981, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Árið 1957 var lagt bundið slitlag á Bárugötu þar sem fasteignir stefnda eru. Við teljum, að ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, veiti ekki heimild til álagningar svonefnds B-gatnagerðargjalds til að leggja bundið slitlag að nýju á götur, sem lagðar höfðu verið bundnu slitlagi fyrir gildistöku laganna. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 30. desember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ.m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. apríl sl., en birtri 8. maí sl., af Vestmannaeyjbæ, Vestmannaeyjum, á hendur Kaupfélagi Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 12.915.78 með 27% ársvöxtum frá 15. nóvember 1979 til 30. nóvember s.á., 31% ársvöxtum frá þ.d., til 1.

júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Stefnda, Kaupfélag Vestmannaeyja, geri þær dómkröfur að stefnda verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda, en að mati réttarins.

Við þingfestinguna 14. maí sl. lagði stefnandi fram skjal undirritað af umboðsmönnum aðilja, en dags. 12. maí sl., efnislega á þá leið, að aðiljar væru sammála um, að sáttatilraunir fyrir sáttanefnd væru þýðingarlausar og væru þeir því sammála um að ganga fram hjá henni.

Sáttaumleitanir dómarans hafa jafnan reynst árangurslausar.

Þann 16. maí 1974 voru staðfest frá Alþingi lög nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld. Með þeim lögum var sveitarstjórnum veitt heimild til þess að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfesti, að innheimt skyldu gatnagerðargjöld. Gatnagerðargjöldin, sem sveitarstjórnum var veitt heimild til að ákveða í staðfestri samþykkt af ráðherra, eru tilgreind í lögunum með tvennum hætti. Annars vegar er gatnagerðargjald eftir 1. gr. laganna af hverri lóð, áður en þar er veitt byggingarleyfi, hvort sem byggingarleyfið tekur til nýs húss á lóðinni eða varðar stækkun á eldra húsnæði. Hins vegar gjald eftir 3. gr. laganna, sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta. Mál þetta snýst einmitt um innheimtu stefnanda á slíku sérstöku gjaldi eftir 3. gr. laganna.

Ákvæði 3. gr. laga nr. 51/1974 hljóðar þannig:

„Sveitarstjórnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið, a.m.k. að hluta, til bundins slitlags."

Í 4. gr. laganna, eins og henni er breytt með 1. gr. laga nr. 31 frá 23. maí 1975, er nánar kveðið á um þetta sérstaka gjald, en þar segir: „Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir."

Sameiginlegt ákvæði, er tekur til þess, við hvað eigi að miða ákvörðun gjaldanna er hins vegar í 5. gr. laganna, en þar segir:

„Við ákvörðun gjalda skv. 1. og 3. gr. laga þessara skal miða við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í samykkt.

Gjöld mega vera mismunandi eftir notkun húss, t.d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verslunar, iðnaðar o.s.frv., þá mega gjöld af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o.s.frv."

Fram er komið í málinu, að lagning bundins slitlags við Bárugötu hér í bæ hófst á árinu 1977 og lauk sumarið 1981. Einnig er fram komið, að fyrir þennan tíma eða eftir því, sem best verður ráðið af málsskjölum, í kringum 1957 var malbik lagt á götuna, og talið er, að fullfrágengið hefði verið frá gangstéttum á einhverju árabili þar á eftir, en þó fyrir árið 1972. Eins og málið hefur verið lagt hér fyrir dóminn, liggja alls ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um, hvernig að hinum fyrri framkvæmdum var staðið. Í skýrslu verkfræðistofunnar Hönnunar h.f. um bótagreiðslu Viðlagasjóðs vegna gatna í Vestmannaeyjum kemur fram, að eðlilegur endingartími þess malbiks, sem lagt var á hluta götunnar við hinar fyrri framkvæmdir, var talinn vera 12 ár og slitlagið talið vera ónýtt fyrir gos. Bæjarstjóri, Páll Zóphóníasson, sagði í aðiljaskýrslu hér fyrir dóminum, að hann hefði komið til búsetu í Vestmannaeyjum 1972 og hefðu þá gagnstéttir verið fullfrágengnar við Bárugötu, að minnsta kosti hefðu gangstéttir verið hellulagðar að hluta. Af framburði hans má ráða, að undirbygging götunnar við hinar fyrri framkvæmdir hafi ekki verið með þeim hætti, sem nú tíðkast við sambærilegar framkvæmdir hér í Vestmannaeyjum, og taldi hann, að gatan hefði þá verið lögð aðeins einu malbikslagi.

Við hinar síðari framkvæmdir kvað bæjarstjóri allt hafa verið framkvæmt að nýju. Byrjað hafi verið á því að undirbyggja götuna og syðri endi götunnar hafi verið lagður steinsteyptum hellum og þær tengst og fallið inn í nýtt mynstur nýrra gangstétta við norðurenda götunnar, sem malbikaður sé.

Um það, hvenær hið sérstaka gatnagerðargjald telst gjaldkræft, segir svo í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1974: „Sérstakt gatnagerðargjald skv. 3. gr. skal gjaldkræft, þegar lagningu bundins slitlags og gangstéttar við hlutaðeigandi götu er lokið. Þó skal sveitarstjórn heimilt að ákveða í samþykkt, að greiðslu slíks gjalds sé dreift á tiltekið árabil, eftir því sem nánar er tiltekið í samþykkt."

Þann 8. september 1978 sendir bæjarstjóri Félagsmálaráðuneytinu bréf, þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

„Framkvæmd þessarar gjaldtöku hefur verið í stuttu máli á þann veg, að einungis hafa verið innheimt gjöld aftur í tímann af fasteignum við götur sem lagðar höfðu verið slitlagi eftir 1970, aðeins ein stutt gata. Önnur gatnagerðargj. hafa verið álögð jafnóðum og götur hafa verið lagðar bundnu slitlagi. Nokkrar af þeim götum voru malbikaðar fyrir 1970, en voru svo illa farnar að ekki var um annað að ræða en fjarlægja slitlagið

að mestu eða öllu leyti og leggja nýtt. Í þeim tilvikum þar sem mögul[illegible]ar voru á að nýta gamla slitlagið, var það gert, eingöngu sem hluti af undirlagi hinna nýju framkvæmda.

Erindi þessa bréfs er að fá staðfestingu ráðuneytisins á þeim skilningi okkar, að heimilt sé að innheimta gatnagerðargjald jafnóðum og framkvæmt er af lóðarhöfum við götur þar sem slitlag er lagt, þrátt fyrir að hluti þeirra hafi áður verið lagður bundnu slitlagi sem fjarl. þurfti að miklu eða öllu leyti, enda liggi fyrir, eins og fram kemur í grein G.G. fyrrv. alþ.m., að ekki hafi áður verið innheimt gatnagerðargjald af umræddri fasteign."

Ekki er að finna í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 17. október s.á., staðfestingu á þessum skilningi stefnanda, en þar einungis sagt með almennum orðum, að bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar sé heimilt að leggja sérstakt gatnagerðargajld á fasteignir, væri þar nánar tilteknum þrem skilyrðum fullnægt. Svarbréf ráðuneytisins þykir að öðru leyti ekki skipta hér máli.

Þegar þann 1. október 1979 hóf stefnandi að innheimta hið sérstaka gatnagerðargjald hjá stefnda, sem á tvær fasteignir, nr. 6 og nr. 7, við Bárugötu í Vestmannaeyjum, og í upphafi innheimtubréfa, dskj. nr. 3 og nr. 7, dagsett þennan sama dag, er til þess vitnað, að búið sé að ganga frá slitlagi á Bárugötu og í niðurlagi bréfanna segir svo:

„Eins og fyrr segir, ber yður að greiða 20% gjaldsins fyrir 1. nóv. n.k. og er yður heimild (sic) að greiða 80% gjaldsins með fjórum jöfnum greiðslum 1. nóv. ár hvert næstu 4 ár með hæstu lögleyfðum vöxtum."

Þann 19. október 1979 sendir stefnandi stefnda enn bréf vegna sömu fasteigna, dskj. nr. 4 og nr. 8. Er útreikningur gatnagerðargjaldsins þar leiðréttur og þess nú krafist, að 20% gjaldsins væri greitt fyrir 15. nóv. 1979 og ítrekuð krafa um greiðslu á eftirstöðvunum.

Stefnda svaraði engu framagreindum greiðsluáskorunum stefnanda.

Ýmis sveitarfélög fengu þegar á árinu 1975 samþykktar reglugerðir um gatnagerðargjöld í samræmi við áðurgreind lög um gatnagerðargjöld, en reglugerð um gatnagerðargjöld í Vestmannaeyjakaupstað er birt í B deild stjórnartíðinda fyrir árið 1977, nr. 285 frá 26. júlí 1977.

Eins og að framan greinir, skyldi hinu sérstaka gjaldi eftir 3. gr. laganna varið til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur sveitarfélaganna og til lagninga gangstétta. Í 2. gr. reglugerðarinnar er þetta orðað þannig: „Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götur og til frágnags gagnstétta."

Lögin settu það skilyrði fyrir heimild til álagningar gjaldsins, að sveitarfélagið hefði ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald,

sem ætlað hafi verið a.m.k. að hluta til bundins slitlags. Í 5. gr. reglugerðarinnar er þetta skilyrði ítrekað.

Hér að framan voru núgildandi 4. og 5. gr. laganna um gatnagerðargjöld tilgreindar sérstaklega, en í greinum þessum kemur einmitt fram, hvaða mörk löggjafinn setur gjaldtökunni og við hvað eigi að miða ákvörðun gjaldsins.

Við munnlegan málflutning kom fram sú málsástæða hjá umboðsmanni stefnda, að ósamræmis gætti hér í lögunum sjálfum og mikið misræmi væri milli laganna og reglugerðarinnar að þessu leyti.

Telja verður, að umrædd gjaldtaka verði ekki byggð á öðrum sjónarmiðum en fram kemur í lögunum sjálfum og þótt í reglugerðinni sé heimilt að útfæra þau sjónarmið nánar, þá verður ávallt að miða við þau skilyrði, er telja verður, að lögin setji að þessu leyti. Ástæða þykir til að tilgreina hér sérstaklega eftirfarandi skilyrði:

1) Þannig verður að verja gjaldinu til framkvæmda og til sérstakra framkvæmda, þ.e. að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta (3. gr. laganna).

2) Gjaldið verður aðeins lagt á fasteignir og þær fasteignir einar, sem standa við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar (Núg. 4. gr. laganna).

3) Ekki má vera lengri tími liðinn en fimm ár frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð (Núg. 4. gr. laganna).

4) Gjaldið nemi ekki hærri fjárhæð en sem svarar meðalkostnaði við framkvæmdirnar. (Núg. 4. gr. laganna).

5) Ákvörðun gjaldsins skal hins vegar miða við lóðarstærð og rúmmál bygginga. (5. gr. laganna).

6) Þá er ennfremur það skilyrði sett í 3. gr. laganna, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið, a.m.k. að hluta til, til bundins slitlags.

Ekki verður séð, að lögin setji sveitarstjórnum önnur skilyrði, er þau ákveða gjaldið, en hér hafa verið greind. Reglugerðin um gatnagerðargjöld í Vestmannaeyjakaupstað nr. 285/1977 verður þannig að vera í fullu samræmi við þessi skilyrði laganna. Sé misræmi á milli laganna og reglugerðarinnar er ljóst, að ákvæði laganna gilda. Gjaldtaka, sem byggð er á ákvæði í reglugerðinni, sem ekki verður talið eiga stoð í lögunum, verður augljóslega metin óheimil.

Í 5. gr. laganna er að finna vísireglu fyrir sveitarfélögin um það, við hvað þau mega miða gjaldtökuna, en ekki er þar um skilyrði að ræða. Gjöldin mega þannig vera mismunandi. Í fyrsta lagi eftir því, hver notkun viðkomandi húss sé, t.d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verslunar,

iðnaðar o.s.frv. Innan tiltekins flokks húsa mega gjöldin ennfremur vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o.s.frv.

Hér fyrir dóminum sagði bæjarstjóri umræddar innheimtufjárhæðir byggðar á reglugerðinni, en áður kvað hann kostnaðaráætlun hafa legið fyrir og hafi innheimtan verið örugglega undir kostnaðaráætluninni. Almennt séð væri þannig farið eftir gjaldskránni, en jafnframt kannað hver meðalkostnaður væri við viðkomandi hverfi. Jafnan hafi það þá komið þannig út, að gjaldskráin væri lægri en meðalkostnaðurinn.

Ágreiningslaust er með aðiljum, að hér umrætt gatnagerðargjald hafi ekki áður verið innheimt af viðkomandi fasteignum, og óumdeilt, að skilyrði 3. gr. laganna um, að ekki hafi áður verið innheimt af viðkomandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hafi verið, a.m.k. að hluta, til bundins slitlags var fullnægt.

Af hálfu stefnanda hefur verið bent á, að heildarkostnaður við lagningu bundins slitlags og gangstétta við Bárugötu á árunum 1977 til 1981 hafi numið samtals kr. 510.798.79. Álögð gatnagerðargjöld B á húseignum við Bárugötu hafi hins vegar numið samtals kr. 69.135.21 miðað við útreikning á verðlagi 1978. Hefur stefnandi lagt fram ljósrit úr bókhaldi bæjarins ásamt meðfylgjandi álagningarlista, sem sýnir þetta. Gögn þessi hafa ekki verið véfengd af stefnda, en stefnandi bendir á, að gögn þessi sýni, að álagningin sé 13.5% af raunverulegum kostnaði og sé gjaldið því greinilega langt undir meðalkostnaði.

Af hálfu stefnda var því haldið fram við munnlegan málflutning, að bæði reglugerðin og lögin væru það óskýr og misræmi milli laga og reglugerðar það mikið, að ekki yrði gjaldtaka á því byggð. Misræmi milli laganna annars vegar og reglugerðarinnar hins vegar var ekki nánar tilgreint, en því haldið fram, að ósamræmi varðandi gjaldtökuna kæmi þegar fram í lögunum, þar sem segði í 5. gr. laganna, að gjöldin mættu vera mismunandi af ýmsum ástæðum. Af hálfu stefnanda var því hins vegar haldið fram, að þótt e.t.v. mætti segja, að lögin og reglugerðin væru ekki eins skýr og æskilegt væri, þá væru þau ekki svo meingölluð, að gjaldtaka yrði ekki á þeim byggð.

Stefnda byggir þó sýknukröfu sína aðallega á þeirri málsástæðu, er fram kemur í greinargerð, að þar sem Bárugatan hafi verið lögð bundnu slitlagi og gangstéttir frágengnar í kringum 1960, og liðin séu því meira en fimm ár frá því framkvæmdir stóðu yfir (sic.) Ekki geti þannig verið um gjaldskyldu að ræða skv. lögunum í þessu tilviki, enda nær tveir áratugir síðan bundið slitlag hafi verið sett á Bárugötuna.

Fallast má á þessa málsástæðu stefnda. Lögin sjálf, tiltæk lögskýringargögn, þ. á m. aðdragandi að setningu 1. gr. laga nr. 31/1975, hvernig sú

grein var upphaflega lögð fyrir þingið og hvaða breytingu hún tók í meðförum þingsins, umræður á Alþingi og greinargerð með lagafrumvarpinu (breytingarlögunum) gefa á engan hátt örugga vísbendingu um það, hvernig eigi að fara með tilvik eins og hér um ræðir.

Þannig verður að telja, að með setningu laga nr. 51 frá 16. maí 1974 hafi sveitarfélögunum verið tryggð heimild með þágildandi 4. gr. laganna að innheimta svonefnt gatnagerðargjald B af öllum fasteignum, sem stóðu við þær götur, sem bundið slitlag var sett á, eftir að lögin höfðu verið birt í A deild stjórnartíðinda það ár og gangstéttir samtímis lagðar. Fyrir 96. löggjafarþing Alþingis var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 51 frá 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld. Fyrsta grein frumvarpsins og sem hér skiptir máli hljóðaði svo: „Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteingum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir." Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. „Það er álit margra sveitarstjórna, að heimild til álagningar sérstaks gjalds skv. 3. gr. laganna komi ekki nema að takmörkuðu gagni, nema unnt verði að leggja slík gjöld á fasteignir við götur, þar sem búið er að setja bundið slitlag á." Í meðförum þingsins tók frumvarpið hins vegar breytingum, þannig að 1. gr. laga nr. 31 frá 23. maí 1975, sem er núgildandi 4. gr. laga nr. 51/1975, eins og áður hefur verið lýst, hljóðaði þannig:

„Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gagnstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð. Má gjaldið nema allt að meðalkostnaði við þessar framkvæmdir."

Breytingartillagan kom frá félagsmálanefnd þingsins, en í ræðu framsögumanns að tillögunni er m.a. talað um ástæður fyrir því, að frumvarpið var lagt fram á þinginu og breytingartillagan frá félagsmálanefnd þar einnig rökstudd. Ýmis sveitarfélög hafi þannig óskað eftir því, að heimildin yrði rýmkuð með þessum hætti, þar sem þau hafi talið, að með hinu þrönga ákvæði væri gagnið af heimildinni takmarkað. Einstakir þingmenn hafi hins vegar ekki verið reiðubúnir að samþykkja svo rúma heimild til sveitarstjórna sem frumvarpið (að breytingalögunum) gerði ráð fyrir, þ.e. að heimilt væri að innheimta gatnagerðargjöld af öllum fasteignum, sem standa við götu með bundnu slitlagi, án tillits til þess, hvenær slitlagið var sett. En til þess að koma málinu þannig fram, að þeir sem raunverulega hafi hér hagsmuna að gæta, fái þá heimild, sem dugar, eins og segir í framsöguræðunni, hafi orðið samkomulag í nefndinni um að breyta frumvarp-

inu á þá leið sem að ofan greinir, þ.e. að binda afturvirkni álagningarheimildar við 5 ár.

Af þessu er ljóst, að heimild 4. gr. laga nr. 51/1974, eins og henni er breytt með 1. gr. laga nr. 31/1975, nær til þeirra sveitarfélaga, sem hófu lagningu bundins slitlags á götur sínar og lögðu þar gangstéttir 11. júní 1970 eða síðar, en miðað er hér við útkomu þess heftis stjórnartíðinda, sem hafa að geyma breytingarlögin. Heimildin nær hins vegar ekki lengra aftur í tímann. Hafi þannig bundið slitlag verið sett á götu eða gangstétt þar lögð fyrir tilgreint tímamark, sýnist ekki vera heimilt að innheimta sérstakt gatnagerðargjald skv. heimildarlögunum vegna nýrra síðar tilkominna framkvæmda. Að því er tekur sérstaklega til þeirrar götu, sem hér um ræðir, er fram komið í málinu, að hún var lögð bundnu slitlagi í kringum 1957, en ekki liggja fyrir upplýsingar, hvernig að þeim framkvæmdum var staðið í einstökum atriðum.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir verða að líta svo á, að 4. gr. laga nr. 51/1974, eins og henni er breytt með 1. gr. laga nr. 31/1975, verði ekki örugglega skýrð þannig, að hún nái til þeirra framkvæmda, sem hér er krafist gjalda fyrir, enda var Bárugatan lögð bundnu slitlagi í kringum 1957 og gangstéttir þar lagðar. Á það ber ennfremur að líta, að gjald það, sem hér um ræðir, verður tæpast álagt nema lagaheimild komi til. Það felst hins vegar í eðli gjaldtökunnar, að viðkomandi gjaldaheimild verður að vera skýr og ótvíræð, en sé því skilyrði ekki til að dreifa, getur ekki komið til álagningar gjaldsins.

Sú niðurstaða, sem hér hefur verið komist að, felur það í sér, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Hún hefur ennfremur þau áhrif, að ekki verður tekin afstaða til þess, hvort ákvæði reglugerðarinnar, sem hér skipta máli, eigi sér stoð í lögunum. Af sömu ástæðu verður ekki fjallað sérstaklega um, hvort innheimtuaðgerðir stefnanda í máli þessu standist lagalega, sbr. hér einkum 6. gr. áðurgreindra laga um gatnagerðargjöld og dskj. nr. 3, 4, 7 og 8, en lagning bundins slitlags í síðargreint skipti lauk ekki fyrr en sumarið 1981, eins og að framan er rakið.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Jón Ragnar Þorsteinsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Kaupfélag Vestmannaeyja, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vestmannaeyjarbæjar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 12. apríl 1984.

Nr. 225/1983. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Guðrúnu Rögnu Aðalsteinsdóttur
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun. Áfrýjunarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdóm kvað upp Oddur Ólason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Ríkissaksóknari átti frumkvæði að áfrýjun málsins, en hann skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1983. Ágrip barst Hæstarétti 22. febrúar 1984.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur að því er varðar ákvörðun refsingar og greiðslu sakarkostnaðar. Hins vegar er þess krafist, að ákvæði dómsins um ævilanga sviptingu ökuleyfis verði „breytt í réttindasviptingu um ákveðinn tíma, þó eigi skemmri en 6 mánuði frá 1. október 1983...“ Þá er þess krafist, að allur áfrýjunarkostnaður málsins verði lagður á ríkissjóð, en af hálfu ákæruvalds er eigi krafist saksóknarlauna.

Verjandi krefst staðfestingar héraðsdóms að því er varðar refsingu. Hann fellst á kröfu ákæruvalds um styttingu ökuleyfissviptingar. Þá tekur verjandi undir kröfu ákæruvalds um, að áfrýjunarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þ. á m. verði sér tildæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

I.

Svo sem að framan greinir, átti ríkissaksóknari einn hlut að því, að máli þessu var skotið til Hæstaréttar, og barst eigi ósk um það frá ákærðu. Þegar henni var birt stefna, óskaði hún ekki eftir verjanda fyrir Hæstarétti.

II.

Sakargögnum er rétt lýst í héraðsdómi, en í reifun á framburði

ákærðu fyrir rannsóknarlögreglu 25. janúar 1983 um áfengisneyslu fyrir akstur er nákvæmara að geta þess, að ákærða kveðst hafa drukkið u.þ.b. hálfa flösku af portvíni. Framburðir hennar um áfengisneyslu að loknum akstri eru reikulir og mótsagnakenndir og ekki marktækir. Lögreglumaður fylgdi henni inn á heimili hennar og út í lögreglubifreið, svo sem segir í héraðsdómi, og telur hann gersamlega útilokað, að hún hafi neytt áfengis eftir að akstri lauk. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdóms svo og færslu til refsiákvæða.

III.

Samkvæmt gögnum máls sætti ákærða 4.000.00 króna sekt með dómsátt í sakadómi Akureyrar hinn 1. október 1982 og svo ökuleyfissviptingu í 12 mánuði frá sama degi að telja fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976. Sektina greiddi ákærða að fullu 7. febrúar 1983. Brot þetta framdi ákærða 12. júní 1982, og reyndist alkóhólmagn 1.89‰ í blóðsýni, er tekið var úr henni. Í héraðsdómi var talið, að dómsátt þessi hefði ítrekunaráhrif, þegar meta skyldi viðurlög, þ. á m. ökuleyfissviptingu, fyrir brot það, sem þar er dæmt um. Þetta er eigi rétt, sbr. skýlaus orð 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ber að ákveða refsingu í máli þessu með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga og við ákvörðun ökuleyfissviptingar ber einnig að hafa hliðsjón af meginreglu þeirrar greinar. Rétt þykir að staðfesta refsingu í héraðsdómi, þó svo, að vararefsing sektar verði varðhald 8 daga og greiðslufrestur hennar 4 vikur frá uppsögu dóms þessa. Svipta ber ákærðu ökuleyfi í 6 mánuði frá 1. október 1983 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Rétt þykir, að allur áfrýjunarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, 6.500.00 krónur.

Dómsorð:

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð, þó svo, að vararefsing sektar verði 8 daga varðhald og greiðslufrestur 4 vikur frá uppsögu dóms þessa.

Ákærða, Guðrún Ragna Aðalsteinsdóttir, er svipt ökuleyfi í 6 mánuði frá 1. október 1983 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Allur kostnaður við áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Þórólfs Kristjáns Beck hæstaréttarlögmanns, 6.500.00 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 12. ágúst 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. ágúst 1983, „á hendur Guðrúnu Rögnu Aðalsteinsdóttur, húsmóður, Þingvallastræti 36, Akureyri, fæddri þar í bæ 16. febrúar 1955, fyrir að aka, fimmtudaginn 2. september 1982, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni A-7401 frá Þingvallastræti 36 og um götur Akureyrarbæjar uns akstri hennar lauk í Þingvallastræti.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærða hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1972 25.08 á Akureyri. Sátt, 1.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 5. mgr. 45. gr., 3. mgr. 49. gr. umfl.

1974 27.02 á Akureyri. Sátt, 1.000 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 47. gr. umfl.

Málavextir.

Fimmtudaginn 2. september 1982 um kl. 17.30 var tilkynnt til lögreglunnar á Akureyri, að grunur léki á því, að ökumaður bifreiðarinnar A-7401 gæti verið undir áhrifum áfengis.

Eftir stutta eftirgrennslan veittu lögreglumenn nefndri bifreið athygli, þar sem henni var ekið vestur Þingvallastræti, og nam hún staðar við hús númer 36 við þá götu.

Þegar lögreglumenn komu að bifreiðinni, kom í ljós, að ökumaður var ákærða í máli þessu, Guðrún Ragna Aðalsteinsdóttir.

Aðspurð um áfengisneyslu kvaðst ákærða hafa drukkið smávegis af portvíni heima hjá sér fyrir u.þ.b. hálfri klukkustund. Því næst hefði hún ekið niður í miðbæ og væri að koma þaðan.

Þar sem öndunarsýni sýndi 3. stig, var ákærða færð fyrir varðstjóra á lögreglustöðinni. Ennfremur tók vakthafandi læknir, Hjálmar Freysteinsson, blóðsýni úr ákærðu. Farþegar í bifreið ákærðu umrætt sinn voru tvö börn hennar, annað á öðru ári, hitt sex ára.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra endurtók ökumaður fyrri framburð um leið þá, sem ekin var þá fyrr um daginn.

Varðandi áfengismagn taldi ákærða það hafa verið tvö glös af portvíni blandað með vatni. Ákærða kvaðst hafa drukkið þetta á tímabilinu 15.30 til 17.00 þá um daginn.

Ákærða kvaðst ekki hafa drukkið áfengi, eftir að akstri lauk.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra um útlit og önnur einkenni var áfengisþefur af andardrætti ákærðu talsverður, litarháttur fölur, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot, jafnvægi stöðugt, málfar þvöglulegt og framburður greinargóður.

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettu 13. sept. 1982, reyndist magn alkóhóls í blóði ákærðu hafa verið 1.51‰.

Ákærða kom til skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni á Akureyri hinn 25. jan. 1983. Framburður ákærðu varðandi akstursleið var óbreyttur. Ákærða kvaðst á hinn bóginn hafa drukkið u.þ.b. hálfa flösku fyrir akturinn. Ákærða kvað lögreglumenn hafa haft tal af sér, eftir að hún hafði numið staðar á stæðinu heima hjá sér. Þegar ljóst varð, að ákærða ætti að fara með lögregluþjónunum á lögreglustöðina, kvaðst ákærða hafa farið þess á leit að fá að koma börnunum til kunningjakonu sinnar. Hafi ákærða í þessu skyni því næst farið ásamt öðrum lögreglumannanna inn í íbúð sína. Ákærða kvað lögreglumanninn hafa beðið í forstofunni, en á meðan hafi ákærða í hugsunarleysi drukkið hálfan elefantbjór úr dós. Eftir það hafi hún farið niður á lögreglustöð, sem áður er rakið.

Vegna framburðar ákærðu um áfengisneyslu, eftir að akstri lauk, gaf Gunnar J. Jóhannsson lögreglumaður, nú til heimilis í New York, viðbótarskýrslu í málinu. Lýsti hann aðdraganda eins og áður er rakið og að hann hefði farið með ákærðu inn á heimili hennar, þar sem ekki þótti fært, að börn hennar yrðu henni samferða á lögreglustöðina. Lögreglumaðurinn kvaðst hins vegar aldrei hafa misst sjónar á ákærðu og væri hann þess fullviss, að ákærða hefði ekki haft tækifæri til að drekka neitt þann tíma, sem hún dvaldist í íbúðinni. Lögreglumaðurinn kvaðst ennfremur ekki hafa séð bjór eða vínföng í íbúðinni. Hann taldi, að u.þ.b. 15-20 mín. hefðu liðið frá því að ákærða lauk akstri og þar til á lögreglustöðina var komið.

Ákærða kom fyrir sakadóm Akureyrar 18. ágúst 1983. Ítarlega aðspurð um áfengisneyslu, eftir að akstri lauk, kvaðst hún telja vafalítið, að áfengisáhrif þau, sem mældust í blóði hennar, stöfuðu að mestu eða öllu leyti af neyslu hennar, áður en aksturinn hófst umræddan dag. Það, sem hún

hefði drukkið, eftir að akstri lauk, hefði verið smávægilegt og í engu breytt fyrra ástandi hennar. Þá kvaðst ákærða hafa átt við áfengisvandamál að stríða.

Niðurstöður.

Með framburði ákærðu, vitna, og niðurstöðu blóðrannsóknar þykir fullsannað, að ákærða hafi gerst sek um háttsemi þá, er í ákæruskjali greinir og þar þykir réttilega heimfærð til refsilagaákvæða.

Þykir framburður ákærðu um áfengisneyslu, eftir að akstri lauk, í engu geta breytt hér um, enda ósannað, að um slíkt hafi verið að ræða. Jafnframt hefur ákærða viðurkennt, að sú neysla hefði varla breytt niðurstöðu blóðrannsóknar, þar sem að hennar sögn hefði verið um smáræði að ræða.

Við ákvörðun refsingar þykir með vísan til 51. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. l. nr. 101, 1976, mega taka nokkurt tillit til efnahags og aðstæðna ákærðu, en hún er 28 ára og þriggja barna móðir. Á hinn bóginn hefur dómsáttin er ákærða gekkst undir í sakadómi Akureyrar hinn 1. okt. 1982, ítrekunaráhrif í máli þessu. Þykir refsing ákærðu þannig ákveðin og með vísan til 80. gr. umferðarlaga hæfileg talin kr. 6.000.- í sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 6 vikna frá dómsuppsögu.

Með vísan til 81. gr. umferðarlaga er ákærða svipt ökuleyfi ævilangt frá dómsuppsögu.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærða, Guðrún Ragna Aðalsteinsdóttir, greiði kr. 6.000.- í sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 6 vikna frá dómsuppsögu.

Ákærða er svipt ökuleyfi ævilangt frá 1. október 1983 að telja.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. apríl 1984.

Nr. 84/1982. **Sigurður Jónsson og**
Sigurlína Sigurðardóttir
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Húsfélaginu Dunhaga 23, Reykjavík
(Gunnar Sæmundsson hdl.)

Sameign. Fjölbýlishús.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1982. Dómkröfur þeirra eru þær, að þau verði sýknuð af kröfum stefnda og dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

I.

Lögum Húsfélagsins Dunhaga 23 frá 12. apríl 1975 hefur ekki verið þinglýst. Þegar af þeirri ástæðu koma þau eigi til álita í máli þessu, sbr. 15. gr. reglugerðar um samþykktir fyrir húsfélög nr. 280/1976, sem gilda því í skiptum aðilja.

II.

Jafnvel þótt litið yrði svo á, að boðun áfrýjenda til fundanna 17. apríl 1980 og 7. júní s.á. hefði verið áfátt, ræður það eigi úrslitum hér, því að skv. meginreglu 10. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 er unnt að bæta úr slíkum ágalla. Það hefur verið gert, því að hinn 27. nóvember 1980 var enn haldinn almennur fundur í húsfélaginu. Áfrýjendur voru boðuð til þess fundar með stefnuvottum 14. s.m. Í fundarboði er þess m.a. getið, að fyrri ákvarðanir um uppsetningu á svokölluðu Danfosshitakerfi verði bornar upp „af gefnu tilefni."

Áfrýjendur sóttu eigi fund þennan, en það gerðu íbúðareigendurnir Kjartan Þorgilsson, Lárus Þ. Valdimarsson, Margrét Ákadóttir og Örn Þorláksson. Þá hafði Lárus umboð íbúðareigendanna Elínar og Garðars Forberg og Eyjólfs Guðmundssonar. Á fundi þessum voru fyrri ákvarðanir varðandi Danfosskerfið samþykktar með atkvæðum íbúðareigenda, er samtals áttu 71.7% í öllu húsinu, eins og á fundinum 7. júní s.á.

III.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, voru áfrýjendur sannanlega boðuð með nægum fyrirvara til fundarins, sem haldinn var 27. nóvember 1980. Þar voru teknar ákvarðanir um uppsetningu á Danfosshitakerfi fyrir hina sameiginlegu hitalögn hússins.

Breytingar þessar geta ekki talist „verulegar" í skilningi 4. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 280/1976, hvorki að því er varðar umfang, óþægindi né útgjöld. Mátti því ráða máli þessu til lykta með einföldum meiri hluta atkvæða skv. 3. mgr. sömu greinar.

Áfrýjendur eru því bundin af ákvörðun þessari og verða að hlíta henni. Ber því að taka kröfur stefnda til greina í máli þessu, enda brýtur það ekki í bága við ákvæði 66. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, en skv. henni verða menn að þola röskun á friðhelgi heimilisins eftir sérstakri lagaheimild. Slíka heimild er m.a. að finna í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 59/1976.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 10.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sigurður Jónsson og Sigurlína Sigurðardóttir, greiði stefnda, Húsfélaginu Dunhaga 23, Reykjavík, óskipt 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. mars 1982.

Dómarar: Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Kristján Flygenring verkfræðingur og Gunnar Geirsson tæknifræðingur.

Mál nr. 357/1982.

Stefnandi: Húsfélagið Dunhaga 23. Reykjavík, auðkennisnr. 1644-6017.

Stefndi: Sigurður Jónsson, Dunhaga 23, Reykjavík, nnr. 7877-8938, og Sigurlína G. Sigurðardóttir, Fálkagötu 30, Reykjavík, nnr. 8027-3320.

Dómtaka: 26. mars 1982.

Dómkröfur stefnanda.

Að stefndu verði „in solidum" dæmd til að veita honum aðgang til handa pípulagningamönnum á vegum Guðmundar Finnbogasonar pípulagningameistara, Sæviðarsundi 15, Reykjavík, nafnnúmer 3058-6891, að íbúð þeirra í húsinu nr. 23 við Dunhaga í Reykjavík til þess að endurnýja ofnloka á þeim hluta sameiginlegs hitakerfis hússins, sem í íbúð þeirra er, með sama hætti og þegar hefur verið gert í öðrum hlutum hússins, þ.e. með sjálfvirkum lokum af Danfoss gerð, tengdum á bakrennsli, og til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu í máli þessu skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefndu.

Sýkna og málskostnaður að mati dómsins.

Tildrög málsins.

Stefndu eru sameigendur að einni íbúð í sambýlishúsinu nr. 23 við Dunhaga. Stefndi Sigurlína var í stjórn húsfélagsins til 12. janúar 1978, en stefndu fengu afsal fyrir íbúð sinni 1. apríl 1980. Þann 17. sama mánaðar var haldinn aðalfundur í félaginu og kosin stjórn, þeir Lárus Þ. Valdimarsson, Örn Þorlákssson og Kjartan Þorgilsson, sem höfðað hafa málið í nafni félagsins, í aðalstjórn, en stefndu í varastjórn. Örn var þá eigandi að íbúð í fjölbýlishúsinu ásamt eiginkonu sinni samkvæmt kaupsamningi, en mun ekki hafa verið búinn að fá afsal fyrir henni, þótt hann ætti rétt á því samkvæmt kaupsamningi. Kjartan hafði óþinglýst afsal fyrir sínum hluta.

Einn eigandinn hafði eignaráð á sínum hluta samkvæmt óþinglýstu leyfi til setu í óskiptu búi. Formaður hafði skriflegt umboð undirritað af einum félaga, sem átti íbúð í sameign með maka sínum og bjó með honum erlendis.

Fundur var boðaður með meira en 8 daga fyrirvara. Eigendum verslana var boðaður fundur í ábyrgðarbréfi. Fundarboð til íbúa hússins var lagt í póstkassa þeirra í anddyri. Fundarboð til Sigurlínu var lagt í póstkassa

merktan stefndu. Hún var þá flutt úr húsinu, en bjó í nágrenninu og var tíður gestur á heimili föður síns. Hún hafði ekki tilkynnt stjórninni um flutning. Eiginkona Arnar var ekki formlega boðuð, en samkævmt utanréttarvottorði hennar var henni kunnugt um fundinn með nægum fyrirvara. Þinglesinn eigandi íbúðar þeirra var boðaður með ábyrgðarbréfi.

Húsfélagsstjórnin hélt fund þann 28. maí 1980 og bar þar á góma orkukostnaður vegna húseignarinnar. Var ákveðið að hækka mánaðargreiðslur félagsmanna, og ennfremur bar á góma að sett yrði svonefnt Danfosskerfi á miðstöðvarlögn hússins. Var ákveðið að stjórnin beitti sér fyrir því að Hörður Markan, pípulagningameistari, yrði fenginn til verksins og að félagsfundur yrði haldinn um málefnið laugardaginn 7. júní 1980. Lárusi Þ. Valdimarssyni var falið „að senda út fundarboð í ábyrgðarbréfi strax á morgun, til þeirra sem ekki eru viðstaddir eða hafa samþ. breytingu."

Sigurður Jónsson og félagsstjórn áttu bréfaskipti varðandi erindi fundarboðsins dagana fyrir fundarhaldið. Hinn boðaði félagsfundur var haldinn á tilsettum tíma. Voru mættir stjórnarmenn, Lárus og Kjartan, og þess getið að Elín Forberg hefði veitt Lárusi umboð sitt, en hún var erlendis, svo og Örn Þorláksson. Þá lá fyrir að Eyjólfur Guðmundsson og Elín Forberg óskuðu eftir fyrirhugaðri breytingu á hitalögninni og að Örn Þorláksson væri einnig samþykkur ásamt öðrum stjórnarmönnum. Í fundargerð segir að þar með hafi eigendur „að 71.7% eignarinnar óskað eftir „Danfosskerfi" og engir eru mættir á fundinum, sem eru á öðru máli, en Lárusi og Kjartani er báðum kunnugt um skrif Sig. Jónssonar varðandi málið."

Fundurinn ákvað þannig að undireins og viðeigandi ofnkranar fengjust yrði Hörður Markan beðinn að gera fast tilboð í verkið, en Hörður hafði mætt á fundinum og útskýrt Danfoss-kerfið. Hörður er starfsmaður Guðmundar Finnbogasonar pípulagningameistara.

Félagsmönnum var skýrt frá þessari niðurstöðu með bréfum þann 10. júní, og þeir jafnframt krafðir um gjöld verkinu samfara. Í tilefni þessa skrifaði Sigurður Jónsson félagsstjórn bréf þann 20. júní 1980, þar sem hann lýsti ályktun fundarins markleysu og mótmælti kröfu um fjárgreiðslu vegna verksins.

Á stjórnarfundi þann 6. ágúst 1980 lá fyrir kostnaðaráætlun, gerð af Herði Markan um ásetningu Danfossretúrloka ásamt nauðsynlegum breytingum á ofnatengjum og í hitaklefa. Áætlun þessi hljóðaði um 1.600.000 gkr. að hámarki til. Var þetta tilboð samþykkt, og var ákveðið, að Hörður tæki til starfa strax daginn eftir.

Þann 7. ágúst 1980 hófust framkvæmdir, og var þeim lokið daginn eftir að öðru leyti en því, að eftir var að skipta um ofnloka í íbúð stefndu, en þá neituðu þau um aðgang að íbúð sinni.

Þann 11. s.m. var þess krafist af hálfu stefnanda, að veittur yrði aðgang-

ur fyrir pípulagningarmann að íbúð stefndu til endurnýjunar á lokum á miðstöðvarofnum í íbúðinni með beinni fógetagerð. Með úrskurði 28. s. m. var kröfu þessari synjað með þeim rökum, að ekki hefði komið fram, að knýjandi nauðsyn bæri til þess að gera breytingar á hitakerfi hússins.

Þann 11. september 1980 féllst Hitaveita Reykjavíkur á að hleypt yrði vatni á hitakerfið með þeim fyrirvara, að lokið yrði við nauðsynlegar lagfæringar innan 1 árs frá dagsetningu bréfsins. Í bréfinu segir, að ljóst sé, að hitakerfið muni ekki starfa eðlilega eins og frá því sé nú gengið og að það sé á ábyrgð húseigenda einna, hvernig til takist með rekstur þess.

Þann 27. nóvember 1980 var haldinn húsfundur, rækilega boðaður, þar sem ákvarðanir stjórnar og fyrri húsfundar um hitaveitumálin voru staðfest og málshöfðun ákveðin.

Fyrri úrskurðir og dómar varðandi málsefnið.

Eftir synjunarúrskurð fógeta í innsetningarmálinu í ágúst 1980 höfðaði stefnandi mál vegna sakarefnis máls þessa með sáttakæru 18. desember 1980 og stefndi síðan stefndu í máli þessu fyrir bæjarþing Reykjavíkur. Stefndu höfðuðu gagnsök, sem var vísað frá dómi með dómi bæjarþingsins 26. nóvember 1981. Dómur þessi var staðfestur með dómi Hæstaréttar 21. janúar 1982. Málið var hafið vegna útivistar stefnanda 26. janúar 1982. Mál þetta var síðan höfðað og þingfest 28. janúar sl.

Málsástæður.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að ákvörðun um að endurnýja ofnloka hafi verið tekin af meiri hluta húseigenda með lögmætum hætti. Til vara byggir stefnandi á því, að úr göllum, sem kynni að hafa verið á upphaflegri ákvörðunartöku, hafi verið bætt á húsfélagsfundi þann 27. nóvember 1980. Þar sem lögmæt ákvörðun og bindandi fyrir stefndu liggi þannig fyrir, telur stefnandi stefndu skylt að veita nauðsynlegan aðgang að íbúð sinni, til þess að unnt sé að framfylgja henni.

Um skyldur stefndu skírskotar stefnandi til laga um fjölbýlishús nr. 59/1976, einkum III. kafla þeirra, reglugerðar nr. 280/1976 og reglna íslensks réttar um sérstaka sameign.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að aðalfundur húsfélagsins 17. apríl 1980 hafi ekki verið löglega boðaður, þar sem allir þinglýstir eigendur hafi ekki verið boðaðir, sbr. 10. gr. samþykkta húsfélagsins. Stefndu telja, að af þessu leiði, að stjórnin, sem kjörin var á fundinum, sé ekki löglega kjörin og geti ekki verið í fyrirsvari fyrir félagið auk þess sem þeir Kjartan og Örn hafi ekki verið kjörgengir, þar sem þeir hafi ekki haft félagsréttindi. Af þessu telja stefndu leiða, að ákvarðanir og framkvæmdir stjórnarinnar, þ. á m. þær sem um ræðir í málinu, séu óskuldbindandi fyrir félagsmenn.

Málshöfðunina telja þau á ábyrgð stjórnarmanna og byggja sýknukröfu á aðildarskorti.

Stefndu telja, að breyting á hitakerfi hússins sé ónauðsynleg og að hitakerfið hafi verið í lagi, þegar í breytingar á því var ráðist; skemmdir af hitakerfinu hafi engar orðið. Stefndu kveðast draga í efa, að hinn nýi lokubúnaður leiði til betri nýtingar á hita.

Við munnlegan flutning málsins var lögð áhersla á það af hálfu stefndu, að aðild að húsfélaginu væri bundinn við þinglýsingu afsals, en af hálfu stefnanda var byggt á þeim skilningi, að félagsgjaldið miðaðist við kaupsamning og afhendingu.

Álit dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins, almennum reglum um yfirfærslu eignarréttar að fasteignum, reglum fjölbýlishúsalaganna, almennum reglum um sérstaka sameign, umboð og setu í óskiptu búi — sbr. nánar lög nr. 59/1976, 2. gr., 10. gr., 13. gr., 15. gr. og 18. gr.; reglugerð nr. 280/1976, 2. gr., 3. gr., 2. mgr. 4. gr., 6. gr. og 15. gr.; lög nr. 7/1936, II. kafla, einkum 25. gr.; lög nr. 8/1962, II. kafla einkum 11. gr. — er það álit dómsins, að aðalfundur húsfélagsins 28. maí 1980 hafi verið löglega boðaður og að þeir menn, sem kjörnir voru í stjórn á þeim fundi, hafi verið kjörgengir og löglega kjörnir. Sérstaklega þykir rétt að taka fram, að hvorki í þinglýsingalögum né öðrum réttarheimildum er að finna stuðning fyrir þeirri skoðun stefndu, að aðild að húsfélaginu sé háð þinglýsingu eignarheimildar. Fundarboð til stefndu þykir eftir atvikum hafa verið fullnægjandi. Af hálfu annarra félagsmanna hefur komið fram, að þeir telja rétti sínum ekki hafa verið hallað varðandi fundarboð. Hins vegar lítur dómurinn svo á, að þetta álitaefni hafi ekki úrslitaþýðingu fyrir niðurstöðu málsins, þar sem þær ákvarðanir, sem dómkröfur stefnanda byggjast á, voru teknar á löglega boðuðum almennum félagsfundum, en samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglug. 120/1976 er æðsta vald í málefnum húsfélaga í höndum almenns fundar þess.

Þegar hitakerfi fjölbýlishúss er sameiginlegt með þeim hætti sem um ræðir í þessu máli, gilda um það bæði reglur um sameign og séreign skv. 5. og 11. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 59/1976. Þannig teljast tæki, sem tengd eru kerfinu í hverri íbúð til séreignar, en vegna þess hve hagsmunir íbúðareigenda varðandi hið sameiginlega kerfi eru nátengdir, hljóta reglur laganna um sameign, eðli málsins samkvæmt, að gilda að meginstefnu til um viðhald og endurbætur á kerfinu. Samkvæmt gögnum málsins þykir ljóst, að ofnlokar í húsinu hafi verið farnir að gefa sig og að tími hafi verið kominn til að skipta um þá auk þess sem stillibúnaður hitakerfisins hafi verið orðinn ónýtur.

Eftir þeim gögnum, sem fram hafa komið í málinu, þykir mega leggja til grundvallar, að stjórnarmenn hafi leitað eftir áliti hæfra sérfræðinga um úrlausn þessa vanda og að þeim hafi eindregið verið ráðlagt að setja hitastýrða ofnloka af Danfossgerð, tengda við bakrennsli, í stað hinna biluðu loka og stillitje á framrennsli. Þetta álit kynntu stjórnarmenn félagsmönnum.

Hinir sérfróðu meðdómendur telja að vísu, að ætla megi, að fleiri kosta hafi verið völ, en að sú leið, sem valin var, hafi verið vel hæf úrslausn og líkleg til að reynast hagkvæm að því tilskildu, að sams konar stillibúnaður væri á öllum ofnum hitakerfisins.

Vegna hinna nánu hagsmunatengsla íbúðareigenda þykir eðlilegt að líta svo á, að ákvörðun um þetta atriði hafi mátt taka á almennum félagsfundi með þeim aukna meirihluta, sem krafist er í 3. mgr. 1. gr. reglug. nr. 280/1976, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 59/1976, en ljóst er af málflutningi og málsgögnum, að tilskilinn meirihluti var fyrir hendi. Til að hið nýja kerfi komi að fullum notum og að kröfum Hitaveitu Reykjavíkur sé fullnægt er nauðsynlegt að allir ofnar, sem tengjast kerfinu, séu búnir sams konar lokum. Til að greind ákvörðun félagsins, sem er bindandi fyrir alla félagsmenn, komist til framkvæmda, er þannig óhjákvæmilegt, að allir sameigendurnir láti skipta um loka í þeim hlutum hússins, sem þeir ráða yfir. Verður þannig að fallast á það með stefnanda, að stefndu beri skylda til að láta skipta um ofnloka í íbúð sinni eða veita aðgang að henni, til að svo verði gert. Telja verður, að kröfugerð stefnanda sé í samræmi við rétt félagsins á hendur stefndu í þessu efni, og ber því að fallast á kröfur þess að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 8.500.00.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurði Jónssyni og Sigurlínu Sigurðardóttur, er skylt gagnvart stefnanda að veita aðgang að íbúð sinni í húsinu nr. 23 við Dunhaga í Reykjavík til endurnýjunar á ofnlokum samkvæmt því, sem nánar greinir í forsendum dómsins, og að greiða stefnendum að óskiptu kr. 8.500.00 í málskostnað.

Fimmtudaginn 12. apríl 1984.

Nr. 151/1982. **Lífeyrissjóður Iðnaðarmannafélags Suðurnesja**
(Jón St. Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Umsjónarnefnd eftirlauna,
heilbrigðis- og tryggingaráðherra
og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Greiðsluskylda lífeyrissjóða vegna eftirlauna aldraðra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1982 og gerir þá kröfu, að stefndu verði dæmdir til að greiða lífeyrissjóðnum 8.701.00 krónu með 46% ársvöxtum af 2.405.00 krónum frá 2. júní 1980 til 12. maí 1981, en af 6.180.00 krónum frá þeim degi til 1. júní 1981, síðan með 37% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 2. september 1981 og af 8.701.00 krónu frá þeim degi til 21. janúar 1982 og loks með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og
Magnúsar Þ. Torfasonar.

Af hálfu stefnda var þess krafist fyrir Hæstarétti, að felldar yrðu

niður úr héraðsdómi aðfinnslur varðandi greinargerð stefnda. Við föllumst á, að ekki hafi verið alveg næg ástæða fyrir aðfinnslum þessum.

Með þessari athugasemd erum við sammála atkvæði meiri hluta dómara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 24. júní sl., hefur Lífeyrissjóður Iðnaðarmannafélags Suðurnesja (nnr. 6088-8671), Tjarnargötu 3, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. janúar sl., á hendur Umsjónarnefnd eftirlauna, sem skipuð er samkvæmt 17. gr. laga nr. 97/1979 (nnr. 8975-6871), Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, heilbrigðis- og tryggingaráðherra (nnr. 3867-9406) og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs (nnr. 2343-0126), báðum í Arnarhvoli, Reykjavík, til greiðslu skuldar kr. 8.701.- með 46% ársvöxtum af kr. 2.405.- frá 2. júní 1980 til 12. maí 1981, en af kr. 6.180.- frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 37% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 2. september 1981, en af kr. 8.701.- frá þeim degi til 21. janúar 1982, en með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk hæfilegs málskostnaðar að mati dómara bæjarþingsins.

Sótt er þing af hálfu stefndu og þær kröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sátt hefur verið reynd fyrir bæjarþingi árangurslaust.

Stefnandi segir tildrög málsins vera þau, að í 25. gr., 1. mgr., 2. tl., laga nr. 97/1979 sé svo ákveðið, að lífeyrissjóðir, sem lögbundnir séu eða njóti viðurkenningar fjármálaráðuneytis skv. lögum um tekju- og eignarskatt og ekki eiga aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga um málefni lífeyrissjóða frá 22. júní 1977, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, skuli leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldstekjum sínum. Fé þetta eigi lífeyrissjóðir þessir að greiða til stefndu Umsjónarnefndar eftirlauna og skuli fénu varið skv. 25. gr., 1. mgr., laganna til að greiða hluta kostnaðar við greiðslu eftirlauna skv. II. kafla laganna, greiðsluuppbótar á þau, eftirlaun og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri skv. II. kafla laga um lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977. Í II. kafla laga nr. 97/1979 sé fjallað um eftirlaun til aldraðra, sem hvorki séu fullgildir félagar í stéttarfélagi (og eigi því ekki rétt til eftirlauna skv. I. kafla laganna) né eigi eftirlaunarétt skv. II. kafla laga nr.

101/1970 um lífeyrissjóð bænda. Með 25. gr., 1. mgr., 2. tl. laga nr. 97/1979 sé með öðrum orðum kveðið á um skattlagningu nokkurra lífeyrissjóða (annarra ekki) til að standa straum af kostnaði við eftirlaunagreiðslu til einstaklinga, sem standa utan lífeyrissjóðanna.

Stefnandi, Lífeyrissjóður iðnaðarmanna Suðurnesja, sé meðal þeirra lífeyrissjóða sem falla undir 25. gr., 1. mgr., 2. tl., laga nr. 97/1979. Umsjónarnefnd eftirlauna hafi gert stefnanda að greiða kr. 2.405.- árið 1980, kr. 3.775.- árið 1981 og kr. 2.521.- sem viðbótargreiðslu það sama ár. Þann 2. júní 1980 hafi stefnandi greitt kr. 2.405.- og tekið fram: „Greiðsla þessi er innt af hendi með þeim fyrirvara að Lífeyrissjóður iðnaðarmannafélags Suðurnesja telur þessa gjaldtöku ólögmæta og áskilur sér rétt til þess að höfða mál til endurgreiðslu gjalds þessa." Greiðsluna 1981 hafi stefnandi innt af hendi 12. maí 1981 og viðbótargreiðsluna, sbr. dskj. 11, þann 2. september sama ár. Hér fyrir dóminum krefst stefnandi endurgreiðslu þessara fjárhæða.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að eignarnámsákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 standi því í vegi, að skattleggja megi stefnanda á þann hátt sem felist í 25. gr., 1. mgr., 2. tl., laga nr. 97/1979 til þeirra þarfa, sem kveðið er á um í upphafsákvæði greinarinnar. Komi þar einkum tvennt til:

1. Í lagareglum þessum felist, að tekið sé fé af stefnanda til að standa undir fjárgreiðslum til hóps einstaklinga utan sjóðsins. Bótalaus tilflutningur fjár frá einum aðilja til annars, sem hér sé um mælt, fái ekki staðist.

2. Í eignarnámsákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar felist, að við skattlagningar verði löggjafinn að gæta vissra jafnréttissjónarmiða. Með því að í 25. gr., 1. mgr., 2. tl., laga nr. 97/1979 sé aðeins gert ráð fyrir, að sumir lífeyrissjóðir, en ekki aðrir, greiði framlög til lífeyrisþega utan sjóðanna sé stjórnarskrárverndaðra jafnréttissjónarmiða ekki gætt.

Af hálfu stefndu er rökum stefnanda mótmælt. Kveðast þeir ekki geta fallist á það, að með 25. gr., 1. mgr., 2. tl., laga nr. 97/1979 sé aðeins gert ráð fyrir því, að sumir lífeyrissjóðir, en ekki aðrir, greiði framlög til lífeyrisþega utan sjóðanna og þannig sé stjórnarskrárverndaðra jafnréttissjónarmiða ekki gætt. Stefndu halda því fram, að í reynd sé sjóðunum alls ekkert mismunað. Þeir séu allir skattlagðir um 5%, svo sem fram komi í 24. gr. laga nr. 97/1979 að því er varði svokallaða samkomulagssjóði og í umdeild ákvæði varðandi sjóði utan samkomulagsins eins og þann, er hér er fjallað um. Í báðum tilvikunum renni skattfé til aldraðs fólks, sem eigi lítinn eða engan rétt í viðkomandi sjóðum. Möguleikar þeirra allra til greiðslu lífeyris til eiginlegra sjóðfélaga séu skertir um þau sömu 5%. Í raun séu áhrif þessara lagasetningar þau sömu og ef 5% væru tekin af öllum sjóðunum, fé greitt til umsjónarnefndarinnar og það endurgreitt til

lífeyrisþeganna. Auk lífeyrissjóðanna sé skattur lagður á alla sjálfstæða atvinnurekendur, sem ekki séu aðiljar að neinum lífeyrissjóði. Þarna sé verið, að vísu með óbeinum hætti, að skattleggja alla vinnandi menn í landinu. Hér sé þannig m.ö.o. á ferðinni sú almennasta tegund skattlagningar sem hægt sé að hugsa sér. Hugsanlega megi líta á fé lífeyrissjóðanna sem eign þeirra, sem iðgjöldin greiða. Skattheimtan skerði getu þeirra allra til greiðslu lífeyris með sambærilegum hætti. Jafnvægis sé gætt í skattheimtunni og hún byggð á málefnalegum grundvelli. Hér sé í raun verið að millifæra fé frá vinnandi mönnum til þeirra er lokið hafi starfsdegi sínum. Verulegur hluti allrar skattlagningar sé einmitt eða svipuðu marki brenndur.

Álit dómsins.

Stefndu hafa ekki mótmælt aðild sinni að málinu.

Lög nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra ná, hvað snertir skattskyldu lífeyrissjóða samkvæmt lögunum, til þeirra lífeyrissjóða, sem II.kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða tekur til og undirritað hafa samstarfssamning lífeyrissjóða þar að lútandi, sbr. 24. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. laganna, svo og annarra lífeyrissjóða, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt, sbr. 2. tl., 1. mgr., 25. gr. laganna.

Því er haldið fram af hálfu stefndu, að samkvæmt þessu nái skattlagning skv. lögunum til allra starfandi lífeyrissjóða í landinu. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið sýnt fram á annað.

Það eru lífeyrissjóðirnir sjálfir sem slíkir, sem eru skattlagðir skv. lögunum, en ekki einstaklingar þeir, sem í þeim eru. Skipulag sjóðs skiptir ekki máli í því sambandi.

Fé til uppbótargreiðslna þeirra, sem lífeyri fá samkvæmt I. kafla laganna, er aflað með því, að samkomulagssjóðirnir svonefndu leggja fram 5% af iðgjaldatekjum sínum árin 1980-1982, en lífeyrisgreiðslurnar að öðru leyti fjármagnaðar af Atvinnuleysistryggingasjóði og ríkissjóði.

Aðrir lífeyrissjóðir skulu einnig leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum til þess að standa straum af kostnaði af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla laganna, greiðslu uppbótar á þann lífeyri og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda. Lífeyrisgreiðslur samkvæmt II. kafla laganna eru að öðru leyti fjármagnaðar af ríkissjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og framlagi launaskattsgreiðenda, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi.

Samkvæmt 2. og 7. gr. laganna eiga allir þeir, sem lífeyrisréttindi fá samkvæmt þeim, að uppfylla sömu skilyrði nema að því leyti að þeir, sem lífeyri fá samkvæmt I. kafla laganna, skulu vera félagar í stéttarfélagi, en þeir, sem lífeyri fá samkvæmt II. kafla, þurfa þess ekki.

Allt frá árinu 1969 hefur orðið þróun í lífeyrismálum hérlendis í þá átt að tryggja öllum landsmönnum, sem hafa haft ákveðnar lágmarksatvinnutekjur, rétt til lágmarkslífeyrisgreiðslna til viðbótar þeim eftirlaunum, sem greidd eru skv. lögum um almannatryggingar, eftir að þeir hafa náð ákveðnum aldri og að öðrum skilyrðum fullnægðum. Setning laga nr. 97/1979 er hluti þessarar þróunar. Fjár til þessarar lífeyrisgreiðslna hefur verið aflað með þeim hætti, sem að framan er lýst, m.a. með því að skattleggja starfandi lífeyrissjóði í landinu. Þótt sá munur sé gerður í lögunum, að skattur þeirra lífeyrissjóða, sem getið er í 24. grein laganna, skuli renna til greiðslu uppbótar á lífeyri, en skattur þeirra lífeyrissjóða, sem getið er um í 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laganna, skuli renna til að standa undir kostnaði af greiðslu eftirlauna og uppbótar á þau, þykir skattheimtan vera sama eðlis í báðum tilvikum, og sömuleiðis er hún jöfn að hlutfalli.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, þykir fram komið, að skatturinn sé álagður samkvæmt málefnalegum sjónarmiðum og nái jafnt til allra þeirra, sem starfa á sams konar eða svipuðum grundvelli, þ.e. lífeyrissjóðanna.

Niðurstaða dómsins er því sú, að almenni löggjafinn þykir ekki með setningu 2. tl. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 97/1979 hafa farið út fyrir stjórnskipuleg mörk sín.

Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Það athugast, að greinargerð stefndu er ekki í fullu samræmi við reglur 106. gr., sbr. 105. gr., 1. mgr., laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, eins og þessum reglum var breytt með lögum nr. 28/1981.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Umsjónarnefnd eftirlauna, heilbrigðis- og tryggingaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Lífeyrissjóðs Iðnaðarmannafélags Suðurnesja, í máli þessu.

Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 12. apríl 1984.

Nr. 192/1982. **Hörður h/f**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Olíufélaginu Skeljungi h/f
(Gestur Jónsson hrl.)

Lausafjárkaup. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 4. maí 1982. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og jafnframt, „að kveðið verði á um í dómsorði, að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 1981 og síðan á sama degi árlega, svo ekki leiki vafi á því, að í orðinu „ársvextir" felist að um vaxtavexti sé að ræða." Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Breyting sú, er stefndi, sem ekki hefur gagnáfrýjað málinu, hefur gert á vaxtakröfu sinni, er ný krafa fyrir Hæstarétti. Kemur hún af þessum ástæðum ekki til álita fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Stefndi hefur lagt fyrir Hæstarétt yfirlit yfir viðskipti málsaðilja vegna gasolíu og smurolíu, sem ágreiningur er um í máli þessu. Samkvæmt yfirliti þessu eru reikningar yfir úttekt áfrýjanda að fjárhæð 24.120.34 krónur frá maí 1979 til janúar 1980, en upp í þá fjárhæð hefur áfrýjandi greitt 2. og 3. janúar 1980 2.000.00 krónur í peningum og skilað aftur gasolíu að verðmæti 2.907.82 krónum. Samkvæmt yfirlitinu nam skuld áfrýjanda við stefnda árið 1979 í lok maí 1.099.79 krónum, í lok júní 4.740.98 krónum, í lok júlí 6.675.57 krónum, í lok október 17.579.32 krónum, í lok nóvember 20.954.42 krónum, í árslok 21.234.25 krónum og í lok janúar 1980 19.212.52 krónum.

Áfrýjandi hefur ekki andmælt þessu yfirliti tölulega og ekki

heldur því, að málsókninni er beint að honum að því er varðar gasolíu, sem talið kynni að verða, að gengið hefði til forsvarsmanns áfrýjanda, Ólafs Sigtryggssonar.

Í janúar 1980 skilaði áfrýjandi stefnda gasolíu, eins og áður segir. Var þar um að ræða gasolíu, er hann átti ónotaða á olíugeymum sínum, er hitaveita var lögð í hús hans. Að þessu athuguðu og að öðru leyti samkvæmt því, sem greinir í forsendum hins áfrýjaða dóms, þykir óhætt við það að miða, að áfrýjandi og forsvarsmaður hans hafi fengið afhentar og hagnýtt sér þær olíuvörur, sem stefndi krefst greiðslu fyrir í málinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000.00 krónur.

Átelja ber, að málatilbúnaður stefnda í héraði var óskýr og kröfugerð hvarflandi.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hörður h/f, greiði stefnda, Olíufélaginu Skeljungi h/f, 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. mars 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., höfðaði Olíufélagið Skeljungur h.f., Suðurlandsbraut 4 í Reykjavík, gegn hlutafélaginu Herði, Fitjabraut 3 í Ytri Njarðvík, með áskorunarstefnu, birtri 20. mars 1981.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum kr. 24.120.34 ásamt 4% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 1.099.79 frá 1. júlí 1979 til 1. ágúst 1979, en af kr. 4.740.98 frá þeim degi til 1. september 1979, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi af kr. 6.675.57 til 1. desember 1979, en af kr. 17.579.32 frá þeim degi til 1. janúar 1980, en af kr. 20.954.42 frá þeim degi til 1. febrúar 1980, en af kr. 21.234.25 frá þeim degi til 1. mars 1980, en af kr. 24.120.34 frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, en með 42% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og ríflegan málskostnað að mati dómsins, allt að frádregnum kr. 4.907.82, greiddum 2. og 3. janúar 1980 inn á skuld þessa.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. að mati réttarins. Til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður falli þá niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera vegna kaupa stefnda á gasolíu hjá sér á tímabilinu frá því í maí 1979 til janúar 1980. Gasolía þessi hafi að mestu verið til húsahitunar og hafi henni verið dælt af olíubifreiðum stefnanda á tanka hjá stefnda. Þannig hafi verið um samið, að stefndi greiddi skuld sína í næsta reikningsmánuði eftir úttekt. Starfsmenn stefnda hafi við afhendinguna fyllt út þar til gerða afhendingarseðla og merkt þá með upphafsstöfum sínum. Afhendingarseðlar, sem krafa sín byggist á, séu merktir með fangamörkunum V. A. og A. A. Stefndi hafi ekki mótmælt því, að verð olíunnar hafi á þessum tíma verið eins og greini á afhendingarseðlunum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki veitt viðtöku gasolíu þeirri, er stefnandi krefji greiðslu á í málinu, enda beri framlagðir afhendingarseðlar með sér, að ekki hafi verið kvittað fyrir móttöku olíunnar. Stefndi hafi þó sérstaklega farið þess á leit við stefnanda, að starfsmaður sinn kvittaði fyrir móttöku.

Ef sannað þyki, að stefnandi hafi afgreitt fyrrgreinda olíu til sín, þá sé greiðsluskyldu mótmælt á grundvelli þess, að stefndi hafi ekki pantað olíu þessa og beri því enga ábyrgð á greiðslu hennar, en stefndi hafi mælt svo fyrir við stefnanda, að hann afgreiddi ekki olíu til sín nema eftir pöntun.

Stefndi mótmælir sérstaklega greiðsluskyldu sinni vegna gasolíu þeirrar, er skv. afhendingarseðlum hafi verið afgreidd á krana stefnda. Loks mótmælir stefndi vaxtakröfu sem of hárri.

Fyrir dóm hefur komið sem vitni Jón Eyfjörð Sæmundsson, framkvæmdastjóri útibús stefnanda í Keflavík. Hann kveður „alveg öruggt," að viðskipti skv. hinum framlögðu afhendingarseðlum hafi farið fram. Það sé almenn venja hjá olíufélögunum þremur í Keflavík, að ekki sé kvittað fyrir afgreiðslu á olíu til húsahitunar. Það sé ekki gert nema í undantekningartilvikum, þ.e. þegar sérstaklega sé um það beðið af kaupanda, en svo hafi ekki verið af stefnda. Hins vegar sé kvittað fyrir afhendingu til skipa og fyrir allar stærri afgreiðslur. Vitnið kveðst halda, að afgreiðsla til stefnda hafi bæði verið framkvæmd eftir pöntun og skv. þar til gerðum kortum. Stefndi hafi í mörg ár greitt reikninga, sem ekki hafi verið kvittaðir, og minnist vitnið engra mótmæla við umboð stefnda í Keflavík, varðandi fyrrgreinda afhendingarseðla.

Vitnið kveður bifreiðastjóra þann, er afgreiði olíu hverju sinni, merkja með fangamarki sínu á ákveðinn reit á afhendingarseðlinum, eftir að olíunni hafi verið dælt á viðkomandi tank. Þá taki hann neðsta ritið — nóturnar séu í fjórriti — og setji það inn í hús kaupanda. Þetta sé alltaf gert, venjulega í gegnum blaðagöt eða sett inn fyrir, ef dyrnar séu ekki læstar. Sé hins vegar læst, sem oft komi fyrir, þá sé reynt að stinga seðlinum milli stafs og hurðar.

Vitnið Vignir Árni Árnason, bifreiðastjóri hjá stefnanda, hefur lýst því yfir í réttinum, að það hafi afgreitt gasolíu til stefnda á því tímabili, sem framlagðir afhendingarseðlar greini, og að það hafi við afhendinguna skrifað fangamark sitt, A. A., á hluta afhendingarseðlanna. Olía þessi hafi aðallega verið til húsahitunar, en skv. afhendingarseðlum í málinu hafi eitthvað verið afgreitt á krana. Afgreiðslu olíunnar kveður vitnið ýmist hafa verið gerða skv. pöntun, eftir tilmælum skrifstofunnar eða að beiðni kranastjórans. Ekki hafi verið venja að kvitta fyrir móttöku.

Vitnið Valdimar Axelsson, olíubifreiðastjóri hjá stefnanda í Keflavík, hefur í réttinum fullyrt, að það hafi afgreitt olíu til stefnda, eins og greini á afhendingarseðlum, merktum með fangamarkinu V. A., sem það kveðst hafa skráð á fyrrgreinda afhendingarseðla. Þess hafi ekki verið krafist af olíubifreiðastjórum að láta kvitta fyrir olíu til húsa og ekki hafi verið venja, að það væri gert nema í einstaka tilvikum, þegar kaupandi hafi beðið svo um. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að stefndi hafi óskað eftir því, að maður frá honum væri viðstaddur áfyllingu og kvittaði fyrir. Afgreidd olía hafði að mestu verið til húsahitunar, en í einstaka tilvikum hafi verið sett á krana, sem stefndi hafi haft til umráða.

Álit dómsins.

Þegar virtur er samhljóða framburður olíubifreiðastjóra þeirra, er borið hafa vitni í málinu og staðfest hafa afgreiðslu skv. hinum framlögðu afhendingarseðlum með fangamarki sínu, verður að telja sannað, að afhending á gasolíu þeirri, er þar greinir, hafi átt sér stað á þeim tíma, er þar getur, og á það bæði við um gasolíu til húsahitunar og á krana stefnda. Eigi breytir það niðurstöðu þessari, að ekki hefur verið kvittað fyrir móttöku á afhendingarseðlunum, enda upplýst, að almenn venja hafi verið að afgreiða gasolíu til húsahitunar, án þess að kvittað væri fyrir móttöku, nema þess væri krafist af kaupanda. Stefndi hefur ekki sannað þá fullyrðingu sína, að hann hafi óskað eftir því við stefnanda, að kvittað væri fyrir móttöku á afgreiðslu gasolíu til sín, en eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að stefndi beri sönnunarbyrðina fyrir þessari staðhæfingu sinni, m.a. með hliðsjón af fyrri viðskiptum stefnda og stefnanda, en stefndi mótmælir því ekki að hafa áður greitt skv. ókvittuðum afhendingarseðlum.

Eigi verður á það fallist með stefnda, að hann beri ekki ábyrgð á greiðslu hinnar umstefndu skuldar, vegna þess að hann hafi ekki pantað margnefnda gasolíu. Ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að stefndi hafi mótmælt afhendingu olíunnar né heldur að hann hafi hreyft mótmælum gegn afritum afhendingarseðlanna, sem vitnið Jón Eyfjörð Sæmundsson kveður skilin eftir hjá kaupanda eftir hverja afgreiðslu.

Tölulegum niðurstöðum afhendingarseðlanna hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnda.

Með hliðsjón af framangreindu er krafa stefnanda tekin til greina að öðru leyti en því, að vextir dæmast sem hér greinir:22% ársvextir af kr. 1.099.79 frá 1. júlí 1979 til 1. ágúst 1979, af kr. 4.740.98 frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvextir af kr. 6.675.57 frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvextir af kr. 17.579.32 frá þeim degi til 1. janúar 1980, af kr. 16.046.60 frá þeim degi til 1. febrúar 1980, af kr. 16.326.43 frá þeim degi til 1. mars 1980, af kr. 19.212.52 frá þeim degi til 1. júní 1980, en 46% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til stefnubirtingardags, 39% ársvextir frá þeim degi til dómsuppsögudags, en hæstu lögleyfðu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Vaxtabreyting þessi er gerð skv. fullyrðingu stefnanda um greiðslur stefnda inn á hina umstefndu skuld, en eins og málatilbúnaði stefnanda er háttað, verður að líta svo á, að greiðslur þessar hafi gengið til lækkunar höfuðstóls.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.575.00.

Drífa Pálsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist nokkuð vegna mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður h.f., greiði stefnanda, Olíufélaginu Skeljungi h.f., kr. 19.212.52 með 22% ársvöxtum af kr. 1.099.79 frá 1. júlí 1979 til 1. ágúst 1979, af kr. 4.740.98 frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum af kr. 6.675.57 frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum af kr. 17.579.32 frá þeim degi til 1. janúar 1980, af kr. 16.046.60 frá þeim degi til 1. febrúar 1980, af kr. 16.326.43 frá þeim degi til 1. mars 1980, af kr. 19.212.52 frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20. mars 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.575.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. apríl 1984.

Nr. 192/1980. **Bjarni Ragnar Magnússon**
(Jóhann Þórðarson hdl.)
gegn
Guðmundi Heiðrekssyni
(Ragnar Steinbergsson hrl.)

Líkamsáverkar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson.

Árni Pálsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur samkvæmt heimild í 2. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974 skotið til Hæstaréttar skaðabótaákvæði hins áfrýjaða dóms með stefnu 14. október 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 3. október 1980. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 5.904.00 krónur (nýkr.) með 19% ársvöxtum frá 29. júlí 1978 til 14. júní 1978, en með dómvöxtum (hæstu innlánsvöxtum), eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar á ákvæðum hins áfrýjaða dóms um skaðabætur. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt framangreindri kröfugerð varðar ágreiningur aðilja hér fyrir dómi ekki skaðabótaskyldu stefnda gagnvart áfrýjanda, heldur einungis fjárhæð þeirra skaðabóta, er honum ber að greiða.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Læknishjálp og bifreiðakostnaður	204.00 kr.
2.	Missir vinnutekna í einn mánuð	2.700.00 kr.
2.	Bætur fyrir þjáningar og annan miska	3.000.00 kr.
	Samtals	5.904.00 kr.

Um 1. Kröfuliður þessi sætir ekki ágreiningi fyrir Hæstarétti og verður því tekinn til greina að fullu.

Um 2. Áfrýjandi var í orlofi með föstum mánaðarlaunum, er hann meiddist af völdum stefnda. Hófst orlofstíminn mánudaginn 24. júlí 1978, en var út runninn laugardaginn 19. ágúst. Hann hóf ekki vinnu aftur þegar að orlofi loknu, en vinnuveitandi hans greiddi honum laun fyrir allan ágústmánuð. Er sú greiðsla sundurliðuð með eftirgreindum hætti á launaseðli:

1.	Laun	258.470 gkr.
2.	Næturvinna 21 klst.	34.293 gkr.
3.	Bifreiðastyrkur	30.000 gkr.
4.	Orlof, 8.33% á næturvinnukaup	2.857 gkr.

Enda þótt áfrýjandi nyti launagreiðslna frá vinnuveitanda sínum í orlofi sínu, á hann rétt til skaðabóta úr hendi stefnda vegna þess, að hann gat ekki notið orlofsins með eðlilegum hætti, eftir að hann varð fyrir meiðslum af völdum stefnda. Voru það 3 vinnuvikur af 4 vikna orlofstíma alls. Hins vegar verða honum ekki dæmdar fébætur í lengri tíma, þar sem vinnuveitandi hans galt honum laun, eftir að orlofi lauk, þrátt fyrir fjarvistir hans.

Samkvæmt kröfubréfi umboðsmanns áfrýjanda til rannsóknarlögreglu ríkisins 13. mars 1979 gerði hann fébótakröfu samkvæmt þessum kröfulið fyrir „vinnutap í mánuð." Í bréfi hans til héraðsdómara 7. desember 1979 sagði enn fremur, að krafan væri miðuð „eingöngu við tapaðar vinnutekjur eins og þær voru fastar á umræddum tíma."Hefur ekki verið gerð nægileg grein fyrir því í málinu, að föst mánaðarlaun áfrýjanda hafi á þessum tíma verið hærri en þær 258.740 gkr., sem greindar eru á launaseðli áfrýjanda, en bifreiðastyrkur, er hann naut, skiptir hér ekki máli. Verður kröfuliður þessi samkvæmt framansögðu tekinn til greina með 1.938.50 nýkr. (¾ hlutum af 2.584.70 krónum).

Um 3. Í hinum áfrýjaða dómi er lýst meiðslum áfrýjanda. Þau höfðu ekki í för með sér sjúkrahúsvist fyrir hann, og ekki voru settar á fótinn aðrar umbúðir en þrýstingsumbúðir. Hann kom nokkrum sinnum til eftirlits á Borgarspítalann í Reykjavík, síðast 1. september 1978. Verður þessi kröfuliður tekinn til greina með 1.500.00 krónum.

Í munnlegum flutningi málsins urðu aðiljar ásáttir á, að vextir

af bótafé yrðu reiknaðir frá 1. september 1978 og að öðru leyti í samræmi við kröfugerð áfrýjanda. Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 3.642.50 krónur (204.00 + 1.938.50 + 1.500.00 krónur) ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði segir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 8.000.00 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Heiðreksson, greiði áfrýjanda, Bjarna Ragnari Magnússyni, 3.642.50 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. september 1978 til 14. júní 1979, en með dómvöxtum (hæstu innlánsvöxtum) frá 15. júní 1979 til greiðsludags, og 8.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 25. febrúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. febrúar 1980, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 1. nóvember 1979, „á hendur Guðmundi Heiðrekssyni, tæknifræðingi, Heiðarlundi 3-j á Akureyri, fæddum 23. október 1949 þar í bæ, fyrir að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 30. júlí 1978, er ákærði var staddur í forstofu samkomuhússins Freyvangs í Eyjafirði, að ósekju hrundið einum gestanna, Bjarna Ragnari Magnússyni, fæddum 28. september 1951 þannig að hann féll við og þunnur beinflaski rifnaði frá afturkanti vinstri sköflungs og rof kom í beinhimnu á fremri brún sköflungsins.

Telst þetta varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hvorki sætt kærum né refsingum, svo kunnugt sé.

Málavextir.

Aðfaranótt 30. júlí 1978 var ákærði á dansleik í samkomuhúsinu Freyvangi í Eyjafirði. Að dansleik loknum, þegar ákærði hugðist yfirgefa samkomuhúsið, hélt hann sig vera búinn að týna jakka þeim, sem hann hafði verið í þá um kvöldið. Ákærði var staddur í anddyri samkomuhússins,

þegar hann sér mann í eins jakka og hann hélt sig hafa týnt. Maður þessi heitir Bjarni Ragnar Magnússon. Ákærði taldi Bjarna vera í sínum jakka og bað hann Bjarna að fara úr jakkanum. Bjarni neitaði að fara úr jakkanum, þar sem hann átti jakkann. Ákærði segist hafa verið nokkuð reiður og hann því gengið að Bjarna og ýtt við honum, þannig að hann féll í gólfið. Bjarni segir, að hann hafi fundið mikið til í fætinum, þegar hann stóð upp, og hafi hann verið haltur á vinstri fæti.

Þann 30. júlí fór Bjarni til röntgenskoðunar á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Skoðunin leiddi í ljós, að grunur var um sprungu neðst á sköflungi vinstri fótar. Þann 1. ágúst fór Bjarni til rannsóknar á slysadeild Borgarspítalans. Við skoðun kom í ljós, að vinstri öklaliður var mikið bólginn, virtist dálítill vökvi í liðnum, greinileg bólga var í liðböndum vinstri fótar, bæði innan og utan fótar. Á röntgenmynd kom í ljós að þunnur beinflaski hafði rifnað af afturkanti sköflungs, var þessi beinflaski aftan við sjálfan liðflötinn. Rof sást einnig í beinhimnu á fremri brún sköflungs.

Niðurstaða.

Með vísan til framburðar ákærða á dskj. 3. 4. 3., framburðar vitnisins Matthíasar Einarssonar á dskj. 3. 4. 2. og Bjarna Ragnars Magnússonar á dskj. 3. 1. 1. þykir sannað, að ákærði hratt Bjarna Ragnari Magnússyni aðfaranótt 30. júlí 1978 í anddyri samkomuhússins Freyvangs, þannig að Bjarni féll við.

Með vísan til framburðar vitnisins Matthíasar Einarssonar á dskj. nr. 3. 4. 2., og þar sem ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að Bjarni hafi hlotið þau meiðsli, sem fram koma á vinstri fæti hans við rannsóknir þann 30. 07. 1978 og 01. 08.1978 með öðrum hætti en vegna byltu þeirrar, er hann hlaut af völdum ákærða í samkomuhúsinu Freyvangi aðfaranótt 30. júlí 1978, þykir sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir.

Með þessari háttsemi sinni hefur ákærði gerst brotlegur við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Kröfur ákæruvaldsins verða því teknar til greina að öllu leyti. Með tilliti til þess, að ákærði hefur ekki áður sætt kærum eða refsingum, og þess, hvernig brot það, sem honum er gefið að sök, var framið, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30 daga varðhald, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955, verður haldið.

Bjarni Ragnar Magnússon hefur lagt fram skaðabótakröfur, sbr. dskj. nr. 3. 5. 1. og dskj. nr. 5. Sundurliðar Bjarni kröfur sínar þannig:

1. Kostnaður vegna ferða til og frá lækni. Það athugast við þessa reikninga, sem eru á dskj. nr. 15, 16, 17 og 18, að þeir eru dagsettir 19. 02.

1979 og 06. 03. 1979. Ekki verður séð af gögnum málsins, að Bjarni hafi þurft að leita læknis vegna þeirra meiðsla, sem hann hlaut af völdum ákærða umfram það, sem fram kemur á dskj. nr. 3. 11. 2. Verða því þessir reikningar ekki teknir til greina við ákvörðun skaðabóta til handa Bjarna. Að vísu kemur fram á dskj. nr. 8, að Bjarni hefur komið á slysadeild Borgarspítalans bæði 19. 02. 1979 og 06. 03. 1979, en ekki er fram komið, vegna hvers Bjarni kom í rannsókn í framangreind tvö skipti. Þykir því rétt að taka þennan lið til greina með kr. 8.550.

2. Kostnaður við læknishjálp. Þessum lið hefur ákærði ekki mótmælt sérstaklega. Ekki er lagður fram reikningur vegna kostnaðar, sem Bjarni varð fyrir vegna rannsóknar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Þar sem kröfu Bjarna er ekki mótmælt, þykir rétt að taka til greina kröfu hans um kr. 6.000 vegna þessa.

Varðandi kostnað af röntgenskoðun á slysadeild Borgarspítalans athugast það, að Bjarni hefur ekki leitt í ljós, vegna hvers hann fór á slysadeild Borgarspítalans þann 19. 02. og 06. 03. 1979. Verður því þessi liður tekinn til greina með kr. 1.800.

3. Vinnutap og miskabætur. Bjarni krefst kr. 270.000 í vinnutap fyrir mánuð. Mánuður sá, sem Bjarni krefst bóta fyrir, er ekki tilgreindur í bótakröfu hans. Ætla verður, að hér sé um ágústmánuð 1978 að ræða. Samkvæmt launaseðli á dskj. nr. 7 hefur Bjarni fengið greidd laun fyrir ágústmánuð 1978, kr. 325.620. Verður því ekki séð af gögnum málsins, að Bjarni hafi orðið fyrir tekjumissi vegna meiðsla þeirra, sem hann hlaut af völdum ákærða. Verður krafa þessi því eigi tekin til greina. Miskabætur til handa Bjarna Ragnari Magnússyni þykja hæfilega ákveðnar kr. 20.000.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dóm þennan kvað upp Árni Pálsson, fulltrúi bæjarfógeta.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Heiðreksson, sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955, verður haldið.

Ákærði greiði Bjarna Ragnari Magnússyni, kr. 41.750 í skaðabætur með 19% ársvöxtum af kr. 34.550 frá 30. júlí 1978, af kr. 36.350 frá 1. september 1978 og af kr. 41.750 frá 19. febrúar 1979 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. apríl 1984.

Nr. 112/1982. **Sigmar Pétursson**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Rögnvaldi Johnsen
og gagnsök
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Verkkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 29. apríl 1982. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi, að sér verði gert að greiða verulega lægri fjárhæð en segir í hinum áfrýjaða dómi, þannig að allar kröfur eldri en fjögurra ára miðað við þingfestingu málsins verði felldar niður og vextir þá dæmdir frá þingfestingardegi. Til þrautavara krefst aðaláfrýjandi, að sér verði aðeins gert að greiða 22.000.00 krónur og verði þá málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. maí 1982 samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 32.397.22 krónur með 13% ársvöxtum af 32.892.33 frá 27. nóvember 1976 til 1. janúar 1977, af 32.333.98 krónum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1978, af 30.333.98 krónum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1979, af 29.833.98 krónum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 46%

ársvöxtum af stefnufjárhæðinni, 32.397.22 krónum, frá þeim degi til 27. nóvember 1980, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur aðaláfrýjandi lagt nokkur ný gögn, sem hann telur sýna, að hann hafi innt af hendi frekari greiðslur en gagnáfrýjandi geri grein fyrir í sóknarskjölum.

Gögn þessi gat hann lagt fram í héraðsdómi. Þau veita ekki sönnun um frekari greiðslur aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda en raktar eru í héraðsdómi.

Kröfur gagnáfrýjanda, þær er hann sækir aðaláfrýjanda um í máli þessu, fyrnast samkvæmt lokaákvæði 1. tl. 3. greinar laga nr. 14/1905 frá þeim tíma talið, er þær urðu gjaldkræfar, sbr. 5. grein laganna. Eiga hin sérstöku undantekningarákvæði nefnds 1. tl. 3. greinar um kröfur út af sölu eða annari afhendingu á lausafé ekki við um kröfur þessar. Þá verða fjárgreiðslur aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda upp í viðskipti þeirra ekki virtar sem viðurkenning á kröfum gagnáfrýjanda, sem slitið hafi fyrningu þeirra samkvæmt 6. grein laganna.

Eftir að gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta, aflaði aðaláfrýjandi matsgerðar dómkvaddra manna á því, hvert endurgjald gagnáfrýjanda bæri fyrir verk sín. Lagði hann matsgerð þessa fram í dómi kröfum sínum til stuðnings. Sætti gagnáfrýjandi sig við matið og lækkaði dómkröfur sínar til samræmis við það. Auk sýknukröfu, sem ekki er viðhlítandi rökum studd, gerði aðaláfrýjandi þá dómkröfu til vara, „að eldri kröfur en fjögurra ára frá þingfestingu málsins, verði taldar niður fallnar fyrir sakir fyrningar," en tiltók þá kröfu ekki tölulega. Tilgreindi hann þannig hvorki hver væri í krónum talið hinn fyrndi hluti þeirrar matsfjárhæðar, sem hann miðaði við í málinu, né gerði grein fyrir því, á hvern hátt óumdeildar greiðslur hans til gagnáfrýjanda ættu að teljast hafa gengið upp í einstaka þætti matsfjárhæðarinnar. Hefur ekki verið úr þessu bætt fyrir Hæstarétti, og þar á meðal hefur engin reikningsgerð um þetta atriði komið fram af hendi aðaláfrýjanda, sbr. 3. tl. 44. gr. laga nr. 75/1973. Þykir aðaláfrýjandi, eins og hér stendur á, verða að bera halla af óskýrleika og vanreifun kröfu sinnar um lækkun matsfjárhæðar samkvæmt þeirri matsgerð, sem hann sjálfur hlutaðist

til um, að fram færi og lagði fram í málinu kröfum sínum til framdráttar.

Þrautavarakrafa aðaláfrýjanda virðist vera byggð á þeim nýju skjölum, sem hann hefur lagt fyrir Hæstarétt. Verður hún ekki tekin til greina samkvæmt því, sem áður var sagt.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur, þó þannig, að vextir reiknast frá 27. nóvember 1980.

Dæma ber aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 12.000.00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri fjárhæð reiknast frá 27. nóvember 1980.

Aðaláfrýjandi, Sigmar Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Rögnvaldi Johnsen, 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Halldórs Þorbjörnssonar.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara um, að aðaláfrýjandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi greitt gagnafrýjanda hærri fjárhæð fyrir störf hans en miðað er við í héraðsdómi. Enn fremur erum við sammála því, sem þar segir um fyrningu krafna gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda og að fjárgreiðslur aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda upp í viðskipti þeirra verði ekki virtar sem viðurkenning á kröfum gagnáfrýjanda, sem slitið hafi fyrningu þeirra.

Samkvæmt gögnum máls þessa verður við það að miða, að kröfur gagnáfrýjanda vegna húsateikninga 1972, sem samþykktar voru í byggingarnefnd Reykjavíkur í janúar 1973, og kröfur gagnáfrýjanda vegna tímavinnu við teikningar árin 1974 og 1975 hafi allar verið gjaldkræfar meira en 4 árum áður en gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta á hendur aðaláfrýjanda. Samkvæmt því eru kröfur þessar

fyrndar, en eins og hér stendur á, þykir eiga við það að miða, að greiðslur þær, sem aðaláfrýjandi innti af höndum til gagnáfrýjanda, hafi gengið upp í þær kröfur. Aðaláfrýjandi fékk dómkvadda menn til að meta, hvert endurgjald gagnáfrýjanda bæri fyrir verk sín. Lagði hann matsgerð þeirra fram í dómi kröfum sínum til stuðnings. Gagnáfrýjandi sætti sig við matið og lækkaði dómkröfur sínar til samræmis við það. Þar með féll hann frá kröfum vegna tímavinnu við teikningar árin 1977 og 1978. Eftir er þá endurgjald fyrir tímavinnu vegna teikninga o.fl. árin 1976 og 1979, 105 tíma fyrrnefnda árið, en 46 tíma síðara árið. Hinir dómkvöddu matsmenn segja, að tímakaup arkitekta hafi verið 3.373 gkr. fyrra árið en 12.094 gkr. síðara árið. Samkvæmt því nema þessir tveir liðir alls 9.104.89 krónum. Teljum við, að dæma beri aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt dómvöxtum (hæstu innlánsvöxtum) frá stefnubirtingardegi 27. nóvember 1980 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 14.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. desember 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. desember sl., hefur Rögnvaldur Johnsen, Hvassaleiti 123, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 27. nóvember 1980, á hendur Sigmari Péturssyni, Suðurlandsbraut 26, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 32.397.22 með 13% ársvöxtum frá 1. 1. 1976 af kr. 32.892.33 til 1. 1. 1977, en af kr. 32.333.98 frá þeim degi til 21. 11. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 1. 1978, af kr. 30.333.98 frá þeim degi til 21. 2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi af kr. 29.833.98 til 1. 9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1980 og með 46% ársvöxtum frá þeim degi af stefnufjárhæðinni, kr. 32.397.22, til 1. 3. 1981, en með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þær kröfur gerðar aðallega, að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð í samræmi við höfuðstól endanlegrar dómkröfu hans, en þó þannig, að eldri kröfur en fjögurra ára miðað við þingfestingu málsins verði taldar niðurfallnar fyrir sakir fyrningar. Þá mót-

mælir hann sérstaklega vaxtakröfu fyrir þingfestingu málsins og krefst að lokum þess, að honum verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem kallar sig „Architectural Designer," hefur frá árinu 1967 stundað störf sem sjálfstæður arkitekt hér á landi. Hann hefur ekki leyfi til að leggja teikningar sjálfstætt fyrir byggingarnefnd, en hefur fengið arkitekta til þess. Stefnandi teiknaði byggingarnefndarteikningar og verkteikningar fyrir stefnda að veitingahúsi á lóðinni nr. 26 við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Þá hafði hann umsjón og eftirlit með byggingu hússins og annaðist ýmsar útréttingar þessa vegna, t.a.m. fundarhöld með byggingaraðiljum, Ferðamálaráði, heilbriðgisyfirvöldum og fleirum. Teikning hans var samþykkt í byggingarnefnd 25. janúar 1973, en stefndi hefur síðan á hverju ári óskað eftir ýmsum breytingum og nýju vinnuframlagi frá stefnanda.

Stefnandi kveðst í máli þessu vera að innheimta verklaun sín vegna þessarar vinnu. Reikningur sá, er stefnandi lagði til grundvallar stefnukröfum sínum, liggur frammi í málinu á dskj. nr. 4, og er hann dags. 2. júlí 1980. Hann dagsetur þar húsateikningu árið 1972 og verðleggur á gkr. 5.873.672. Þessa verðlagningu kveðst hann miða við taxta Arkitektafélags Íslands á verðlagi 1973, 1974. Verðlagningin er miðuð við sérstaka prósenttölu af rúmmáli hússins. Fyrir breytingar, sem hann dagsetur á hverju ári frá 1974 til 1980, kveðst hann taka tímavinnukaup. Heildarreikningur hans nam þannig gerður gkr. 9.907.472. Stefndi hefur greitt mismunandi háar fjárhæðir inn á verk stefnanda öll árin 1972 til 1980. Hann hefur þannig greitt samtals gkr. 1.765.000. Auk þessa greiddi stefndi þann 13. september 1980 gkr. 100.000, en það er eftir dagsetningu reikningsins, en hefur þó verið fært á afrit hans, sem frammi liggur í málinu, en stefnandi fullyrðir, að svo hafi ekki verið gert á frumreikningnum, sem hann hafi sent stefnda í júlí 1980.

Hér fyrir dómi þann 19. maí 1981 kvaðst stefnandi ekki hafa kynnt stefnda sérstaklega eða gefið honum áætlun um, hvað verk hans mundi kosta. Það hafi þó síðar komið til tals á milli hans og stefnda, þegar verkfræðingur, sem vann við bygginguna, framvísaði sínum reikningi. Þá hafi það komið til tals, að reikningur stefnanda yrði hærri en reikningur verkfræðingsins. Stefnandi mundi ekki, hvaða ár þetta var. Stefnandi hélt því fram, að hann hefði oft talað við stefnda um greiðslur og alltaf fengið loforð þar um, að hann skyldi greiða, þegar hann hefði selt byggingarréttinn ofan á húsið, þá myndi endanlegt uppgjör koma. Stefnandi viðurkenndi, að hann hefði aldrei gefið stefnda til kynna, hvað verk hans myndi kosta í heild, enda hefði stefndi aldrei um það spurt.

Stefndi gerði ekki upp í heild við stefnanda, og þann 7. október 1980 sendi lögmaður stefnanda honum reikninginn, sem áður er frá skýrt og fram kemur á dskj. nr. 4. Þeim reikningi svarar lögmaður stefnda þann 14. október 1980 og mótmælir þeim hluta reikningsins, sem tekur til viðskipta á árunum 1972 til 1976 sem fyrndum. Í öðru lagi mótmælir hann reikningnum í heild sem allt of háum og órökstuddum, enda hafi stefnandi aldrei framvísað einum einasta reikningi vegna vinnu við húsið að Suðurlandsbraut 26 allar götur frá því að hönnun þess hófst á árinu 1972. Í greinargerð bendir stefndi auk þess á, að ekkert komi fram í málinu um það, að stefnandi hafi gert stefnda reikning eða sett fram kröfur um greiðslur umfram þær, sem inntar hafi verið af hendi til stefnanda samfara hverjum verkþætti, svo sem fram komi af dskj. nr. 4. Hér fyrir rétti þann 19. maí 1981, viðurkenndi stefndi, Sigmar Pétursson, að hafa fengið reikninginn á dskj. nr. 4, en engan reikning annan. Hann sagði sér hafa komið reikningurinn nokkuð spánskt fyrir sjónir, þar sem hann hafi talið sig hafa borgað a.m.k. verulegan hluta verksins, ef ekki allt. Hann sagði, að þegar þeir Rögnvaldur sömdu um þessa vinnu í upphafi, hafi engin verð verið nefnd á verki Rögnvalds. Hann hefði þó reiknað með, að Rögnvaldur ynni eftir taxta Arkitektafélags Íslands, þar sem hann hefði þá álitið, að hann væri arkitekt og ætíð rætt við hann sem slíkan. Það hefði aldrei komið nokkur tala frá Rögnvaldi um, hvað þetta myndi kosta. Hann hefði aldrei reynt innheimtu fyrir hærri upphæðir en hann fékk greiddar. Stefndi sagðist hafa látið það óátalið, þegar hann frétti, að Rögnvaldur hefði ekki leyfi til að leggja teikningar fyrir byggingarnefnd nema með uppáskrift löggilts arkitekts. Það hefði verið samkomulagsatriði þeirra, hversu háar greiðslurnar skyldu vera í hvert sinn, rætt hefði verið um, hvort þetta væri góð greiðsla eða hvað hægt væri að greiða mikið. Hann sagði, að kvittanir Rögnvalds hefðu yfirleitt verið orðaðar svo, að greitt væri upp í verk. Kvittanir þessar hafa verið lagðar fram, og eru þær svo orðaðar, að greitt sé upp í reikning eða teikningu.

Þann 24. júní 1981 voru dómkvaddir matsmenn að beiðni stefnda til að segja álit sitt á því, hvert væri eðlilegt verð fyrir teiknivinnu, sem Rögnvaldur Johnsen annaðist fyrir Sigmar Pétursson, eins og nánar greindi í beiðninni. Beiðninni er skipt í tvennt þannig:

„1. Hvert er eðlilegt verð fyrir þá teiknivinnu Rögnvaldar Johnsen, sem lá til grundvallar þeim teikningum hans, sem samþykktar voru í Byggingarnefnd Reykjavíkur 25. janúar 1973.

Athuga ber hér sérstaklega að leggja verður hér til grundvallar verðlag ársins 1972, bæði varðandi viðmiðunartölur og reikningsfjárhæðir.

2. Hvert er eðlilegt verð fyrir aðra teiknivinnu Rögnvaldar vegna þeirra breytinga sem unnar voru á fyrri teikningum á árunum 1973 til 1980."

Matsmenn þeir, arkitektarnir Bárður Daníelsson og Skúli H. Norðdahl, skiluðu mati sínu þann 15. nóvember 1981. Niðurstaða þeirra var sú, að rétt þóknun til stefnanda fyrir bygginganefndarteikningar ætti að nema gkr. 1.176.662, þóknun fyrir verkteikningar ætti að nema gkr. 2.297.282, eða þannig samtals gkr. 3.473.944. Varðandi lið 2 í matsbeiðninni sögðu þeir, að enginn vafi væri á því, að veruleg vinna hefði farið í breytingar, sem greiða bæri sérstaklega skv. tímataxta. Töldu þeir uppgefin tímafjölda á reikningi, dskj. 4 fyrir árin 1974, 1975, 1976 og 1979 og 1980 geta staðist. Hins vegar hafi það komið í ljós í viðræðum við stefnanda, að tímavinna árið 1977 og 1978 hefði verið vegna innréttinga á annarri hæð hússins, en þóknun fyrir slíka vinnu sé innifalin í rúmmálstaxtanum skv. gjaldskrá Arkitektafélags Íslands. Tímavinnuliðir fyrir þessi ár eigi því að falla burtu. Þá segja þeir, að tímakaup sé í öllum tilvikum reiknað mun hærra en taxti Arkitektafélags Islands segi til um. Að þessu athuguðu var það niðurstaða matsmanna, að samanlögð þóknun vegna tímavinnu stefnanda skyldi nema gkr. 1.630.778. Heildarþóknun ætti því að nema gkr. 5.104.722.

Að matinu fram komnu ákvað stefnandi að sætta sig við matið, og er kröfugerð hans, eins og hún er nú uppsett á dskj. nr. 16 og útreikningi á dskj. nr. 15, byggð á matsgerðinni. Af hálfu stefnanda er þeirri málsástæðu stefnda mótmælt, að hluti kröfu hans sé fyrndur. Vitnar stefnandi í því sambandi til 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Stefnandi heldur því fram, að vinna hans hafi verið samfelld og að hann hafi ætíð verið að reyna innheimtu hjá stefnda og að vinnu hans í þágu stefnda hafi ekki verið fyllilega lokið, fyrr en hann hóf lokainnheimtuaðgerðir á árinu 1980. Þá bendir hann á, að stefndi hafi greitt inn á verkið öll árin, sem verkið tók.

Við munnlegan flutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnanda hefði borið að gera stefnda reikning, þar sem ekki hefði verið samið um fast endurgjald fyrir verk hans. Þá var því haldið fram, að greiðslur skv. gjaldskrá arkitekta falli í gjalddaga með ákveðnum hætti eftir því sem verkið sé unnið. Verklok vinnuteikninga hafi verið á árinu 1974, en tímareikninganna við lok hvers árs. Stefndi hafi alltaf greitt það, sem hann var krafinn um. Líta verði svo á, að greiðslur stefnda séu fullnaðargreiðslur fyrir hvern verkþátt og sé því verkið að fullu greitt.

Varakrafan sé hins vegar byggð á því, að þar sem hér sé um kröfur að ræða vegna afmarkaðra verkþátta, sem taka verði hvern fyrir sig, fyrnist hver fyrir sig. Þá hafi stefnda ekki verið sendur árlegur viðskiptareikningur, en það sé skilyrði skv. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, svo kröfur fyrnist ekki skv. því ákvæði.

Álit dómsins.

Stefndi hefur borið fyrir dómi, að hann hafi gert ráð fyrir, að stefnandi

tæki fyrir verk sitt samkvæmt taxta Arkitektafélags Íslands. Kröfugerð stefnanda er á þeim taxta byggð. Stefndi hefur ekki borið fyrir sig, að hann hafi óskað eftir uppgjöri, hvorki fyrir verkið í heild né einstaka hluta þess. Aðilja greinir ekki á um það, að stefndi hafi greitt inn á verk stefnanda öll árin, sem stefnandi vann að verkinu. Kvittanir, sem hann fékk vegna þessarar greiðslna, bera það skýrlega með sér, að greitt er upp í verkið, og samkvæmt framburði stefnda gerði hann sér ljóst, að kvittanirnar voru þess eðlis. Af þessu leiðir, að stefndi gat aldrei velkst í vafa um, að hann hafði ekki að fullu gert upp við stefnanda. Árlegar greiðslur hans inn á verkið verður að meta sem viðurkenningu á þeirri staðreynd, og eru kröfur stefnanda á hendur honum þannig ekki fyrndar, sbr. 6. gr. laga nr. 14/1905. Stefndi hefur lagt fram mat dómkvaddra manna. Af hálfu beggja aðilja er því lýst yfir fyrir dómi, að þeir geri ekki athugasemdir við matið. Þykir því rétt að leggja það til grundvallar dómi í málinu. Höfuðstólskrafa stefnanda, eins og hún er nú orðin, verður þannig tekin til greina.

Fram er komið, að stefnandi sendi stefnda ekki árlegt yfirlit um það, er hann taldi sig eiga hjá honum, og ósannað er, að hann hafi krafist heildaruppgjörs fyrr en með reikningnum á dómskj. 4, þ.e. í júlí 1980. Þá er við það miðað, að stefnandi hafi sent reikninginn í júlí 1980, eins og hann hefur fullyrt, en stefndi hefur ekki lagt fram frumrit reikningsins, eins og honum hefði verið í lófa lagið, vildi hann hrekja þessa fullyrðingu stefnanda. Af þessu þykir leiða, að vextir verði ekki dæmdir samkvæmt kröfugerð stefnanda fyrr en frá 1. ágúst 1980. Krafa stefnanda um hæð vaxta þykir hafa næga lagastoð og er því tekin til greina.

Upphafleg kröfugerð stefnanda var allt of há, og varð því stefndi að kosta til mats á hæfilegu endurgjaldi fyrir verk hans. Stefnandi sætti sig þó strax við niðurstöðu mats dómkvaddra manna, en stefndi hélt hins vegar áfram að andmæla kröfum stefnanda þannig breyttum, enda þótt hann gerði ekki athugasemdir við niðurstöðu matsgerðar.

Þegar þessi atriði eru virt, þykir rétt að stefndi greiði stefnanda kr. 4.000.- upp í málskostnað.

Hrafn Bragason, borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigmar Pétursson, greiði stefnanda, Rögnvaldi Johnsen, kr. 32.397.22 með 46% ársvöxtum frá 1. ágúst 1980 til 1. mars 1981, en með dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 4.000.- í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. apríl 1984.

Nr. 69/1984. **Ákæruvaldið**

gegn

Þuríði Bergmann Jónsdóttur

Kærumál. Kröfu um vitnaleiðslu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. apríl 1984 samkvæmt heimild í 9. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Kærugögn bárust Hæstarétti 12. apríl 1984, en greinargerð verjanda 25. apríl s.á. Krefst varnaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að dæmt verði, „að vitnin Björg Jóhannesdóttir og Helgi Skúlason beri vitni í máli þessu." Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Frá ríkissaksóknara hafa hvorki borist greinargerð né kröfur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, enda eru kröfur verjanda haldlausar.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Mál þetta er að ófyrirsynju kært til Hæstaréttar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. apríl 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 10. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir.

Til meðferðar er hjá dóminum ákæra, dags. 8. desember 1983, á hendur Þuríði Bergmann Jónsdóttur skreytingamanni, til heimilis að Þingholtsstræti 13, Reykjavík, fæddri 3. febrúar 1933 í Reykjavík, vegna ætlaðs brots hennar gegn 1. gr., sbr. 2. gr. reglugjörðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald

og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982 og gegn 2. mgr. 22. gr., sbr. 32. gr., sbr. 4. tl. ákv. til bráðabirgða laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 50, 1981.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík, dags. 30. 04. 1983, stöðvuðu lögreglumenn ákærðu, þar sem hún var á gangi með hund í keðju á Þórsgötu. Í samtali lögreglumanna við ákærðu greint sinn kom fram, að hún vissi um bann við hundahaldi í borginni og jafnframt að hún væri því mótfallin.

Ákærða var yfirheyrð hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 13. 05. 1983 og viðurkenndi þá að hafa haldið umræddan hund af Labradorkyni, sem gegnir nafninu Labbi Mýró, í nálægt 5 ár og hefði ekki í huga að koma hundinum fyrir, þar sem hundahald er leyfilegt, né láta aflífa hann.

Þann 10. 10. 1983 hafði lögreglan í Reykjavík samband símleiðis við ákærðu, og kvaðst hún enn halda ofangreindan hund og hygðist enga breytingu gera þar á.

Skýrsla var tekin af ákærðu þann 30. 11. 1983, þar sem hún staðfesti, að hún héldi enn fyrrnefndan hund á heimili sínu.

Ákærða kom fyrir dóm þann 11. 01 1984 og viðurkenndi enn að halda títtnefndan hund á heimili sínu.

Ákærða kom enn á ný fyrir dóm þann 09. 04. sl. og staðfesti þá, að efni skýrslnanna frá 13. 05. og 30. 11. 1983 væri rétt, þ.e. að hún hafi haldið hund á heimili sínu og hygðist halda því áfram, og staðfesti ákærða einnig, að undirskriftir undir skýrslurnar væru réttar.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu, dags. 10. 04., féllst ákærða á sátt og sektargreiðslu þann 27. 07. 1978 vegna ólögmæts hundahalds. Þann 12. 08. 1983 var ákærða dæmd í sakadómi Reykjavíkur vegna ólögmæts hundahalds.

Lögmaður ákærðu hefur krafist þess með bréfi, dags. 02. 04. 1984, að vitnin Björg Jóhannesdóttir lögreglumaður og Helgi Skúlason lögreglumaður beri vitni í máli þessu. Lögmaðurinn kveður ástæðu fyrir kröfu sinni vera þá, að hann telur, að ofangreind vitni geti gefið upplýsingar um, með hvaða hætti staðið er að rannsókn mála þessara. Jafnframt telur lögmaðurinn þörf á að upplýsa, hvort gætt hafi verið ákvæða laga um meðferð opinberra mála við yfirheyrslu þá, er fram fór þann 13. 05. 1983.

Dómurinn fær ekki séð, að það hafi þýðingu í máli þessu, hvernig almennt sé staðið að rannsókn á ólögmætu hundahaldi í borginni, enda liggur ekki annað fyrir en að hún hafi farið fram lögum samkvæmt. Er því kröfu lögmannsins um, að fyrrnefnd vitni verði leidd fyrir dóm, synjað.

Í skýrslu, sem tekin var af ákærðu þann 13. 05. 1983, er bókað, að gætt hafi verið ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74, 1974 í upphafi skýrslugjafar. Ákærða ritaði nafn sitt undir skýrsluna í greint sinn, þar sem hún staðfestir, að efni skýrslunnar sé rétt. Ákærða kom fyrir dóm þann 09. 04. sl. og staðfesti efni skýrslunnar frá 13. 05. 1983 og kannaðist við undirskrift sína. Ástæðulaust er að ætla annað en að gætt hafi verið ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74, 1974 greint sinn, svo sem bókað hefur verið, og er kröfu lögmannsins um yfirheyrslu vitnanna Bjargar Jóhannesdóttur lögreglumanns, sem skýrsluna tók, og Helga Skúlasonar lögreglumanns, sem var vottur, því hafnað.

Úrskurðarorð:

Kröfu Haralds Blöndal hrl.,um, að vitnin Björg Jóhannesdóttir lögrelgumaður og Helgi Skúlason lögreglumaður komi fyrir dóm og lýsi, hvernig almennt er háttað rannsókn á ólögmætu hundahaldi hér í borg, er hafnað. Kröfu Haralds Blöndal hrl. um, að vitnin Björg Jóhannesdóttir lögreglumaður og Helgi Skúlason lögreglumaður komi fyrir dóm og upplýsi, hvort gætt hafi verið 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74, 1974 við yfirheyrslu þann 13. 05. 1983, er og synjað.

Miðvikudaginn 2. maí 1984.

Nr. 82/1983. **Íscargo h/f**
gegn
Vængjum h/f

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Íscargo h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Vængjum h/f, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 4.000.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. maí 1984.

Nr. 127/1983. **Kristján Pétursson**
gegn
Vélsmiðjunni Loga

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Pétursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 390.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 3. maí 1984.

Nr. 189/1981. **Friðrik Þórðarson**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Jóni Sigursteinssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Lausafjárkaup. Gallar. Kröfu um riftun og skaðabætur hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

I.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 16. september 1981. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

II.

Að undangengnum úrskurði Hæstaréttar 21. desember 1983 hefur áfrýjandi lagt fyrir Hæstarétt álitsgerð tveggja manna, sem dómkvaddir voru að beiðni hans á bæjarþingi Reykjavíkur 31. janúar 1984 til að semja álitsgerð um það, hvort meðferð stefnda á bifreiðinni A 6586, slík sem vitnið Reynir Örn Leósson lýsir í vætti sínu, hefði getað orsakað skemmdir á vél bifreiðarinnar, og ef svo væri, þá hverjar. Verður álitsgerð þessi rakin hér á eftir í V. kafla.

III.

Áfrýjandi styður aðalkröfu sína þeim rökum, að nauðsynlegt hafi verið fyrir héraðsdómara að kveðja til sérfróða meðdómendur til að fara með og dæma mál þetta með sér, sbr. 3. tl. 1. mgr. 200. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Samkvæmt nefndu ákvæði var héraðsdómara heimilt, en ekki skylt, að kveðja til sérfróða menn til að fara með og dæma mál, þegar þannig stóð á sem í greininni sagði. Verður héraðsdómur ekki ómerktur af þeim sökum, að héraðsdómari hafi ekki kvatt sérfróða meðdómendur til dómsetu með sér í máli þessu.

IV.

Við kaupin fékk stefndi upplýsingar um það á bílasölu þeirri, sem annaðist söluna á bifreiðinni, að henni hefði verið ekið 108 þúsund km og að vélin í henni hefði verið tekin upp. Reikninga vegna þessarar viðgerðar fékk stefndi í hendur samdægurs, en eftir að kaupin fóru fram. Sýna þeir, að sú viðgerð fór fram sumarið 1977. Í afsali, sem stefndi undirritaði sem kaupandi, segir, að bifreiðin seljist í núverandi ástandi, sem kaupandi hafi kynnt sér og sætti sig við að öllu leyti.

Í hinum áfrýjaða dómi eru rakin vottorð og framburðir aðilja og vitna varðandi ástand vélar bifreiðarinnar, eins og það kom þeim fyrir sjónir, áður en stefndi keypti hana af áfrýjanda. Eru framburðir þessir og gögn á þann veg, að ekki hafi þess orðið vart, að gangur vélarinnar væri óeðlilegur eða athugaverður, áður en stefndi tók við bifreiðinni. Framburður Reynis Arnar Leóssonar, sem skoðaði bifreiðina að ósk stefnda, eftir að kaupin voru gerð, er einnig rakinn í héraðsdómi.

V.

Matsmennirnir Finnbogi Eyjólfsson og Jan Jansen bifvélavirkjameistarar, sem dómkvaddir voru að beiðni áfrýjanda, sbr. II hér að framan, hafa ritað svohljóðandi álitsgerð, sem er dagsett 16. febrúar 1984:

„I. Bifreiðaframleiðendur vara yfirleitt við því, að hreyflar (vélar) bifreiðanna séu látnir ganga á fullri eldsneytisgjöf án álags, þ.e.a.s. hreyfill ótengdur drifkerfinu og bifreiðin í kyrrstöðu, og taka fram, að það geti valdið skemmdum á hreyflunum, þar sem hætt sé við að snúningshraði þeirra fari yfir leyfileg mörk.

Sérstaklega er bent á, að slíkur „yfirsnúningur" geti haft alvarlegar afleiðingar fyrst eftir að hreyfill hefur verið ræstur kaldur.

Ýmsar gerðir bifreiða eru búnar snúningshraðamæli í mælaborði til að auðvelda bifreiðastjóranum að fylgjast með snúningshraða vélarinnar. Á mælum þessum er undantekningarlaust, greinilega auðkennt frá hendi framleiðanda hvar snúningshraðinn er kominn á hættumörk.

Íslenskir bifvélavirkjar þekkja að sjálfsögðu þá hættu, sem stafað getur af því að „yfirsnúa" hreyfil, og eru varaðir við henni strax á fyrsta námsstigi í sínu fagi, enda eru mörg dæmi um að slík meðferð hefur orsakað skemmdir á bílahreyflum hér á landi. Undirritaðir hafa hvor um sig orðið vitni að því, að bílhreyfill varð fyrir skemmdum, sem var bein afleiðing af „yfirsnúningi."

II. Álit okkar undirritaðra, stutt þeim rökum, sem hér hafa verið tilgreind er því eindregið á þann veg, að meðferð stefnda á bifreiðinni A-6586 eins og Reynir Örn Leósson lýsir henni, gæti hafa orsakað skemmdir á hreyfli hennar. Hversu miklar og víðtækar þær skemmdir gætu hafa orðið, treysta undirritaðir sér ekki til að kveða á um, en það ræðst mjög af því hversu slitin vélin var, þegar tilvitnuð meðferð átti sér stað, og sömuleiðis hve lengi henni var misþyrmt með yfirsnúningi.

Líklegasta og algengasta afleiðing yfirsnúnings er allt frá fyrsta stigs úrbræðslu á stangarlegum upp í alúrbræddar stangar- og höfuðlegur og jafnvel brotnar stimpilstangir og skaddað strokkstykki.

III. Í ofangreindu áliti okkar er einungis tekin afstaða til eftir-

farandi ummæla Reynis Arnar Leóssonar á bls. 42 og 43 í réttarskjölum (Ágripi).

„Þá er það sem Jón tekur að láta bílinn ganga í botni í lausagangi og gerir þetta í langan tíma. Þá segi ég við Jón að hætta þessu strax í Guðanna bænum, vegna þess að þetta þyldi engin vél, hvorki ný né notuð. Jón lét sér ekki segjast og hélt uppteknum hætti þó nokkra stund og varð ég að víkja mér frá, vegna þess að ég bjóst við því á hverri stundu að vélin hreinlega splundraðist.

Þegar þessu lauk var vélin orðin normal heit og þrátt fyrir það kveikti bíllinn ekki smurljós."

„Vitnið telur að snúningshraði vélarinnar hafi farið fram úr leyfilegum mörkum, þegar stefnandi gaf henni inn. Kveðst vitnið telja að ný vél geti splundrast við meðferð slíka sem stefnandi gerði." "

VI.

Eins og áður er lýst, eru fyrir hendi vottorð og framburðir um ástand bifreiðarinnar, áður en stefndi keypti hana. Benda þau gögn ekki til þess, að gangur vélarinnar hafi þá verið óeðlilegur. Stefndi kynnti sér ástand bifreiðarinnar, áður en hann keypti hana, og honum var ljóst, að hann var að kaupa 6 ára gamla bifreið með upptekinni vél, sem ekið hafði verið 108 þúsund km. Honum mátti vera ljóst, að vélin væri farin að slitna. Hann undirritaði yfirlýsingu um, að hann sætti sig við ástand bifreiðarinnar. Álit matsmannanna Finnboga Eyjólfssonar og Jans Jansen, sem að framan er rakið, er og á þann veg, að meðferð stefnda á bifreiðinni, sem vitnið Reynir Örn lýsir, hafi getað orsakað skemmdir á vél hennar.

Samkvæmt því, sem nú er sagt, þykir stefndi ekki hafa fært að því fullnægjandi sannanir, að vélin í bifreiðinni A 6586 hafi verið haldin slíkum göllum, er hann keypti hana, að það veitti honum heimild til að rifta kaupunum. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda 20.000.00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Friðrik Þórðarson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnda, Jóns Sigursteinssonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda 20.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 16. júlí 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. júlí sl., hefur Jón Sigursteinsson, Höfðahlíð 7, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 13. mars sl., á hendur Friðriki Þórðarsyni, Þórunnarstræti 113, Akureyri, til staðfestingar á riftun á kaupum frá 27. 10. 1980 um bifreiðina A-6586, Saab 99, árgerð 1974. Þá er þess krafist, að stefndi greiði til baka þann hluta kaupverðs, sem þegar hefur verið greiddur, þ.e. bifreiðina A-1205, Ford Broncon, árgerð 1966, og kr. 16.000.00, sem stefnandi hafi greitt, og að stefndi skili til baka víxli með gjalddaga 10. 04. 1981 að upphæð kr. 2.000.00, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 26.866.37, auk 35% vaxta af kr. 8.000.00 frá 01. 11. 1980 til 10. 11. 1980, en af kr. 10.000.00 frá þ.d. til 10. 12. 1980, en af kr. 12.000.00 frá þd. til 10. 02. 1981, en af kr. 14.000.00 frá þ.d. til 10. 03. 1981, en af kr. 16.000.00 frá þ.d. til birtingar stefnu 14. mars 1981, en frá þ.d. með vöxtum samkv. lögum nr. 56, 1979 af kr. 42.866.37 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Undir rekstri málsins hefur komið fram, að stefndi hafi selt bifreiðina A 1205, ennfremur að stefnandi hafi greitt víxil þann, er hann krefst skila á, og við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfugerð sinni í samræmi við það, og eru endanlegar kröfur stefnanda nú þær, að staðfest verði riftun á kaupum frá 27. 10. 1980 um bifreiðina A 6586, Saab 99, árgerð 1974, að stefndi greiði til baka kaupverð bifreiðarinnar, kr. 43.000.00, og að stefndi verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 26.866.37 auk 35% vaxta á ári af kr. 33.000.00 frá 01. 11. 1980 til 10. 11. 1980, en af kr. 35.000.00 frá þ.d. til 10. 12. 1980, en af kr. 37.000.00 frá þ.d. til 10. 02. 1981, en af kr. 39.000.00 frá þ.d. til 10. 03. 1981, en af kr. 41.000.00 frá þ.d. til 10. 04. 1981, en af kr. 43.000.00 frá þ.d. til birtingar stefnu þann 14. mars 1981, en með vöxtum samkv. lögum nr. 56, 1979 af kr. 69.866.37 frá þ.d. til greiðsludags auk málskostnaðar samkv. framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Málsatvik eru þessi: Þann 27. október 1980 keypti stefnandi bifreiðina A 6586, Saab 99, árgerð 1974, af stefnda. Í skriflegum skjölum um kaupin var verðið ákveðið gkr. 3.800.000, og var það greitt með makaskiptum á bifreið stefnanda, A 1205, sem í skjölum um kaupin var talin að verðmæti gkr. 2.000.000, en að öðru leyti var verðið greitt með víxlum, samtals að

fjárhæð gkr. 1.800.000. Stefndi hafði hinn 26. ágúst 1980 keypt þessa bifreið fyrir gkr. 2.000.000, en meðan eignarhald varði, endurbætti hann bifreiðina og setti síðan á söluskrá hjá Bílasölunni Stórholti, Akureyri, sem hafði síðan milligöngu um kaup aðilja. Í upplýsingum stefnanda um ástand bifreiðarinnar var m.a. tekið fram, að vél hennar væri upptekin. Daginn eftir að kaupin fóru fram fékk stefnandi vélfróða menn til að líta á bifreiðina, og upplýstu þeir hann þegar um, að vél bifreiðarinnar væri úrbrædd. Í framhaldi af því fór stefnandi fram á, að kaupin gengju til baka, en þeirri ósk var hafnað. Þann 6. nóvember 1980 sendi stefnandi stefnda skeyti, þar sem hann lýsti yfir riftun kaupanna. Hinn 9. nóvember 1980 óskaði stefndi eftir því við bæjarfógetann á Akureyri, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir menn og óvilhallir til að skoða og meta bifreiðina, og var óskað eftir, að eftirfarandi yrði skoðað og metið:

Óskað er, að vél bifreiðarinnar verði skoðuð og látið í ljós álit um ástand hennar, hvort vélin þarfnast viðgerðar og þá hverrar, hve mikið sú viðgerð myndi kosta, hvort ástand vélarinnar sé eðlilegt miðað við upptekna vél, sem ekið hefur verið ca 30 - 40 þúsund km eftir upptekt.

Hinn 11. nóvember 1980 dómkvaddi bæjarfógetinn á Akureyri þá Svanlaug Ólafsson og Hrafn Sveinbjörnsson, bifvélavirkjameistara til að framkvæma matið. Skiluðu þeir niðurstöðu sinni hinn 8. janúar 1981, svofelldri:

„Eftir dómkvaðningu bæjarfógetans á Akureyri í máli nr. 361/1980, dagsettri 11. nóvember 1980, höfum við undirritaðir skoðað vél bifreiðarinnar A-6586, sem er Saab 99, árgerð 1974. Við skoðun á vélinni kemur í ljós, að ástand hennar er þannig, að ekki kemur annað til greina að okkar mati en alger upptekt á vélinni. Endurbygging vélarinnar kostar um kr. 8.171.00. Þar sem ekki liggja fyrir sannanir hjá okkur um akstur bifreiðarinnar eftir vélarupptekt fyrir rúmum þremur árum og ekki heldur smurbók, sem gæti sýnt smurolíu- og smurolíusíuskipti, er ógerlegt að segja til um, hvort núverandi ástand vélarinnar er eðlilegt. Sé akstur bifreiðarinnar, sem upp er gefinn í dómkvaðningunni 30 - 40 þúsund km, réttur og hirðing vélarinnar góð, er ástandið óeðlilegt, en á þessu vantar sannanir."

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi séð umræddan bíl hjá Bílasölunni Stórholti, kveðst hann hafa fengið áhuga á bílnum og fengið að reynsluaka honum. Kveðst hann hafa ekið bílnum frá bílasölunni að Slippstöðinni og til baka aftur. Kveðst hann að öðru leyti ekki hafa ekið bifreiðinni, áður en kaupin voru gerð. Hann kveðst ekki hafa fengið aðstoð við að skoða bifreiðina, segir, að bíllinn hafi litið laglega út og bílasalarnir hælt ástandi hans, sagt það gott. Kveðst hann ekkert hafa fundið athugavert við bílinn að öðru leyti en því, að kúpling hafi verið léleg. Segir hann, að Stefán Tryggvason, sem var umboðsmaður stefnda við kaupin, hafi sagt, að smurning væri á diskinum og það væri lítið mál að laga það. Tekur stefn-

andi fram, að hann hafi lítið vit á bílum, en síðar hafi sér verið sagt, að ein af ástæðum fyrir smurningu í diski sé, að legur séu orðnar rúmar, með öðrum orðum vél sé úrbrædd. Kveðst hann ekki hafa rætt við stefnda um kaupin, áður en þau fóru fram, heldur við Stefán Tryggvason, sem hafi komið fram í umboði stefnda. Stefnandi segir, að sér hafi verið sagt, að vélin væri upptekin, og kveðst hafa skilið það svo, að upptekt hennar hefði nýlega farið fram. Það hafi verið tekið fram, að bifreiðin væri í toppstandi. Segir hann að reikningar fyrir upptektina hafi ekki legið frammi við kaupin. Stefnandi segir, að stefndi hafi ekki verið sagður í bænum og hafi Stefán Tryggvason mætt til að ganga frá kaupunum, en um kvöldið, er kaupin höfðu verið gerð, kveðst stefnandi hafa farið á heimili Stefáns til að afhenda honum víxlana og hafi stefndi þá komið þar og afhent sér reikninga vegna upptektar á vélinni 1977. Kveðst stefnandi ekki hafa gert neinar athugasemdir við þetta, en spurt, hvort gírkassinn væri upptekinn, og hefði stefndi svarað því til, að það væri í nótunum. Kveðst stefnandi hafa skilið það svo, að upptekt gírkassa hefði farið fram á sama tíma og upptekt mótors. Stefnandi segir, að Stefán Tryggvason hafi sagt sér, að bíllinn væri ekinn 10 - 30 þúsund km. Kveðst hann, er hann kom á heimili Stefáns, hafa verið búinn að fá vitneskju um, hvaða bifreið þetta var, kveðst hann áður hafa séð hana á Bílasölu Norðurlands með Þ númeri og hafi hún þá litið illa út. Kveðst hann hafa sagt við Stefán, að hann hefði aldrei keypt þennan bíl, ef hann hefði vitað, hvaða bíll þetta var. Segir stefnandi, að Stefán hafi ekki svarað öðru til en að bíllinn væri góður. Stefnandi kveðst morguninn eftir hafa ekið bílnum til kunningja síns, Þorsteins Gunnarssonar bifvélavirkja, segir hann, að Þorsteinn hafi sett bifreiðina í gang og síðan sagt, að vélin væri úrbrædd. Í framhaldi af því hafi þeir farið á bifreiðaverkstæðið Bláfell og þar hafi Sigurður Stefánsson staðfest, að svo væri, eftir að hafa hlustað vélina. Kveðst stefnandi giska á, að hann hafi verið búinn að aka bifreiðinni 5 - 10 km. Kveðst hann ekki við þann akstur hafa fundið neitt athugavert við vélina. Stefnandi kveðst ekki hafa veitt athygli ártali reikninganna, er honum voru afhentir þeir, og ekki hafi ártal þeirra komið fram í viðræðum þeirra, og kveðst hann síðar hafa séð ártalið, er hann fór að kanna reikningana betur. Stefnandi kveðst hinn 29. október, að því er hann minnir, hafa haft samband við Stefán Tryggvason og sagt honum, að vélin væri úrbrædd og að hann vildi rifta kaupunum strax. Segir stefnandi, að viðtal þetta hafi farið fram á vinnustað Stefáns, lögreglustöðinni og hafi Stefán sagt, að hann vildi ekki ræða þessi mál á vinnustað. Stefnandi kveðst síðar sama dag hafa hringt heim til Stefáns og hafi Stefán sagt, að hann vildi ekki ræða þessi mál heima hjá sér. Stefnandi segist ekki hafa rætt þessi mál við stefnda, þar sem sér hafi verið sagt, að hann væri utanbæjar. Kveðst hann enn síðar sama dag hafa rætt við Stefán á Bíla-

sölunni Stórholti og hafi hann neitað riftun og sagt úrbræðslusöguna ekki hafa við rök að styðjast. Kveðst stefnandi ekki hafa reynt bílinn þann 27. október, en hann hafi þá verið í sýningarsal bílasölunnar. Segir hann, að Hjörleifur Gíslason, starfsmaður bílasölunnar, hafi ekið bifreiðinni út og botngefið henni. Stefnandi segir, að ekki hafi verið tekið sérstaklega fram, á hvaða tíma upptektin hefði farið fram á vélinni á annan hátt en þann, að bifreiðin var sögð ekin 10 - 30 þúsund km og hún væri í topplagi. Kveðst stefnandi hafa treyst upplýsingum Stefáns Tryggvasonar um bifreiðina og ekki séð ástæðu til að þjöppuprófa og þrýstiprófa vélina. Stefnandi kveðst hafa beðið Reyni Örn Leósson að hlusta bílinn, og segir hann, að Reynir hafi gert það en síðan sagt sér, að vélin væri úrbrædd.

Stefndi hefur lagt fram í málinu aðiljaskýrslu og komið fyrir dóminn. Hann skýrir svo frá, að hann hafi keypt bifreiðina þann 26. ágúst 1980, og hafði hún þá verið á bílasölu um nokkurn tíma. Bíllinn hafi verið illa útlítandi að utan, lakkið mjög skemmt, nokkrar smábeyglur hér og hvar, felgur ljótar, útvarpsstöng ónýt, útispeglar ónýtir og auk þess hafi bíllinn verið óhreinn. Vél bílsins hafi verið sögð upptekin og hafi ljósrit af nótum viðgerðarverkstæðis fylgt því til staðfestingar. Hafi vélin verið sögð upptekin síðari hluta árs 1977. Kveðst hann ekki hafa haft áhyggjur vegna vélar eða þar að lútandi hluta, enda hafi hún virst ganga eðlilega og vinna ágætlega að hans mati. Kveðst hann hafa gert eiganda bílsins, sem búsettur hafi verið á Húsavík, tilboð í bílinn, sem hann hafi tekið, og gengið hafi verið frá kaupunum. Því næst hafi hann tekið bílinn inn í bílskúr og tekið að laga hann til, sem hafi reynst gífurleg vinna. Hafi bíllinn verið undirbúinn undir málningu, verið sprautaður, þá hafi hann verið þrifinn upp svo sem kostur hafi verið, skipt hafi verið um stýrisenda, sem hafi verið bilaður, flauta lagfærð, vél stillt, keyptir nýir útispeglar og þeim komið fyrir. Keypt hafi verið ný útvarpsstöng og sett á, bílstjórasæti lagað og nýtt áklæði keypt og sett á öll sætin. Felgur hafi verið pússaðar upp og sprautaðar, nýtt hjólbogakróm sett á alla fjóra hjólbogana. Settir hafi verið fjórir hjólkoppar á bílinn í stað ónýtra. Þá hafi verið settir hvítir hringir á hjólbarðana og áklæði á stýrið. Tectyl hafi verið borið á bílinn neðan stuðara að aftan og framan og neðan á sílsa til þess að verja bílinn steinkasti og forðast skemmdir á lakki. Gólfteppi hafi verið fengið og það sniðið til og sett í farangursgeymslu bílsins. Þá hafi ljós verið lagfærð, bíllinn ljósastilltur, umskráning og eigendaskipti framkvæmd og bíllinn skoðaður af Bifreiðaeftirliti ríkisins og reynst í lagi. Hafi bifreiðin fengið skráningarnúmer. Á meðan á þessum lagfæringum hafi staðið, hafi bílnum nokkrum sinnum verið ekið á milli heimilis hans og verkstæða, og kveðst hann álíta, að samtals hafi verið um að ræða 10 - 15 km akstur. Þegar lagfæringum þessum hafi verið lokið, hafi hann sett bílinn á söluskrá hjá Bílasölunni Stórholti

við Gránufélagsgötu og sett á hann verð, gkr. 4.300.000 sem væntanlegt söluverð að athuguðu máli, sem honum hafi þótt hugsanlegt, að kynni að geta fengist fyrir bílinn miðað við það, sem búið var að gera fyrir hann, og miðað við verðlag annarra bíla. Síðan hafi liðið nokkur tími, bíllinn staðið á bílasölunni, til þess að þeir, sem áhuga kynnu að hafa, gætu athugað bílinn. Í október kveðst stefndi hafa séð frá vinnustað sínum, hvar bílnum var ekið áberandi hratt norður Hjalteyrargötu og snúið mjög þjösnalega á móts við Tryggvabraut og síðan ekið til baka. Kveðst hann hafa hringt í Stórholt og spurst fyrir um það, hver væri á bílnum. Haraldur Ingimarsson hafi orðið fyrir svörum og greint sér frá því, að sá héti Jón Sigursteinsson og væri að prófa bílinn. Kveðst stefndi síðan hafa verið boðaður á bílasöluna daginn eftir, að hann minnir kl. 1400, til þess að ræða við Jón, en hann hafi þá ekki komið. Nokkru síðar, eða þann 27. október, hafi bílasalan aftur haft samband við sig og tilkynnt sér, að Jón Sigursteinsson væri þar staddur og hefði gert tilboð í bílinn eftir að hafa aftur haft hann til athugunar. Tilboðið hafi verið á þá lund, að Jón keypti Saabinn og greiddi hann með Ford Bronco, árgerð 1966, á gk. 2.500.00 og afganginn í víxlum. Þegar þetta hafi borið að, kveðst stefndi hafa verið á förum úr bænum og hafa gefið Stefáni Tryggvasyni, Lönguhlíð 7D, Akureyri, fullt og ótakmarkað umboð til þess að ganga frá sölu bifreiðarinnar. Stefán hafi mætt á bílasöluna og rætt við Jón um hugsanleg kaup, hafi stefnandi spurt, hvort Stefán vissi, hve mikið bílnum hefði verið ekið eftir upptekt vélar. Stefán hafi sagt, að hann hefði ekki hugmynd um það, en gæti álitið, að búið væri að aka bílnum 10 - 30 þúsund km eftir upptekt, en hann gæti þó ekkert um þetta fullyrt, eins og hann hefði áður sagt. Stefndi hafi síðan sýnt Stefáni Broncoinn og sagt honum, að Birgir Kristjánsson, sem átt hefði bílinn í nokkur ár, hefði nýlega tekið upp vélina í honum. Samningar hafi tekist á milli þeirra Jóns og Stefáns á grundvelli tilboðs Jóns, en samkvæmt ósk Jóns hafi verð jeppans verið ákveðið gkr. 2.000.000 í stað gkr. 2.500.000 og þar sem milligjöfin hefði þá verið ákveðin gkr. 1.800.000, hafi söluverð Saabsins orðið gkr. 3.800.000. Gengið hafi verið frá kaupunum af starfsmönnum Bílasölunnar Stórholts. Stefnda hafi síðan verið afhentur Saab bíllinn á gkr. 3.800.000, en hann hafi látið af hendi Bronco jeppann á gkr. 2.000.000 og síðan sama kvöld samþykkt víxla fyrir milligjöfinni, sem samið hafi verið um gkr. 1.800.000. Vextir hafi ekki verið reiknaðir á víxlana. Nokkrum klukkustundum eftir kaupin hafi stefndi komið til Stefáns með víxlana og spurt þá um leið, hvort þessi Saab hefði áður staðið um tíma á tilgreindri bílasölu með Þ númeri. Stefán hafi sagt svo vera og hafi stefnandi þá sagst aldrei mundu hafa keypt bílinn, ef hann hefði vitað, hvaða bíll þetta var. Hinn 23. október hafi stefndi hringt til sín og tjáð sér, að hann vildi láta kaupin ganga til baka, þar sem fyrir

lægi gkr. 2.000.000 viðgerð á vél Saabsins og kvaðst hafa þetta eftir starfsmönnum Bláfells s.f. Kveðst stefndi hafa sagt Jóni, að þetta kæmi sér mjög á óvart, svo ekki væri meira sagt, en sér virtist engin skynsamleg rök mæla með því, að kaupin gengju til baka, enda hefði bíllinn verið í góðu lagi, er hann var seldur. Kveðst stefnandi hafa hringt í Bláfell s.f. og hafi Sigurður Stefánsson ekkert kannast við að hafa gefið upp áðurnefnda tölu. Segir stefndi, að þann 6. nóvember hafi sér borist símskeyti, þar sem stefnandi hafi krafist riftunar á kaupunum. Stefnandi skýrir enn fremur svo frá, að hann hafi farið með bílinn á bílasöluna til sölu og gefið upplýsingar um ástand bílsins, að öðru leyti hafi hann ekki annast sölun sjálfur, en veitt Stefáni Tryggvasyni fullt umboð til að annast söluna fyrir sína hönd og hafi hann annast hana. Stefndi kveðst hafa keypt bifreiðina á Bílasölunni Stórholti, segir hann, að verð það, sem sett var á bifreiðina þar, hafi verið gkr. 2.8 til 2.9 milljónir. Kvaðst hann hafa reynsluekið bifreiðinni og ekkert fundið athugavert við vélina. Kveðst hann síðan hafa gert tilboð í bílinn, sem gengið var að. Segist hann hafa átt viðskipti þessi við son eiganda bílsins. Segir hann, að sonur eigandans hafi lítið vitað um ástand bílsins annað en það, að vélin hefði verið tekin upp, og sýnt sér ljósrit af nótu því til staðfestingar. Ekki kveðst hann hafa fengið upplýsingar um aksturstíma vélarinnar. Hann kveðst hafa gert tilboði með hliðsjón af ástandi bílsins og því, hversu mikið þurfti við hann að gera. Segir hann, að hann hafi talið sig vera að gera góð kaup, þegar tilboði hans var tekið. Hann segir, að hann hefði aldrei keypt bílinn, ef hann hefði haft ástæðu til að ætla, að eitthvað væri að vélinni. Hann kveðst ekki hafa fengið upplýsingar um, að eitthvað væri að kúplingunni, og kveðst ekki hafa vitað, að neitt væri að henni, þegar hann seldi bílinn. Segist hann hafa orðið var við hnökra á kúplingunni og spurst fyrir um það á Saab verkstæðinu, hvað það gæti verið, og hafi fengið þær upplýsingar, að um feiti á diskinum væri að ræða og ekkert væri við því að gera. Hann segir, að Stefán Tryggvason hafi tekið við víxlinum, en kveðst hafa komið á heimili hans í þann mund sem stefnandi var að fara. Kveðst hann ekki hafa átt nein orðaskipti við stefnanda á heimili Stefáns Tryggvasonar og kveðst ekki hafa afhent honum nótur fyrir upptekt vélarinnar, en kveðst gera ráð fyrir, að Stefán hafi gert það.

Áðurnefndur Stefán Tryggvason skýrir svo frá, að mágur sinn, stefndi í málinu, hafi beðið sig að ganga frá sölu á bifreiðinni A 6586 fyrir sína hönd, þar sem hann hafi verið að fara úr bænum. Segir hann, að stefndi hafi skýrt sér frá tilboði stefnanda í bifreiðina og jafnframt gefið sér upp verðhugmyndir sínar á báðum bifreiðunum, hafi hann haft í huga gkr. 4.3 milljónir fyrir A 6586, en gkr. 2.5 milljónir fyrir A 1205. Í samningum við stefnanda hafi þessum verðmismun verið haldið, en verð bifreiðanna

fært niður að ósk stefnanda. Kveðst hann hafa reynsluekið bifreiðinni A 1205 og gert smávægilegar athugasemdir við ástand hennar, áður en kaupin fóru fram, en stefnandi hafi gefið þær upplýsingar, að vélin hefði verið upptekin, þegar hún var í eigu Birgis Kristjánssonar, en það hafi reynst rangt. Kveðst hann hafa gefið þær upplýsingar, að vélin væri upptekin, og því til staðfestingar lagt fram reikninga stefnanda til sýnis, skömmu eftir að kaupsamningur var undirritaður, en reikningar þessir hafi síðar verið afhentir honum. Hann kveðst ekki hafa vitað, að neitt hafi verið að bílnum. Kveðst hann hafa reynsluekið bifreiðinni og ekkert fundið athugavert. Kveðst hann ekkert hafa þekkt til bifreiðarinnar, áður en stefndi keypti hana. Hann kveðst ekki hafa verið viðriðinn kaup stefnda á bifreiðinni, en hann hafi þá verið staddur á Raufarhöfn. Hann kveðst hafa sagt stefnanda, að hann hefði ekki hugmynd um, hversu mikið bifreiðinni hefði verið ekið frá upptekt vélarinnar, en miðað við tímann gæti hann giskað á 10-30 þúsund km.

Áðurnefndir matsmenn hafa komið hér fyrir dóminn og staðfest matsgjörð sína.

Vitnið Hrafn Sveinbjörnsson skýrir svo frá, að vélin hafi verið úrbræddd á öllum legum, þá hafi smurolíudælan verið rifin, þannig að hún hafi ekki getað haldið uppi fullum olíuþrýstingi. Vitnið segir, að vélin hafi komið sér þannig fyrir sjónir, að skemmdir á henni væru ekki alveg nýjar, en segir, að erfitt sé að fullyrða um þetta. Vitnið segir, að slíkar skemmdir geti ekki orðið á einum til tveimur dögum. Vitnið segir, að yfirleitt heyrist á hljóði vélar, ef hún er úrbræddd. Vitnið segir að stefnandi hafi komið með bílinn að kvöldi til sín og hafi það þá heyrt gang vélarinnar. Segir vitnið, að að sínu mati hafi vélin þá verið úrbræddd, en kveðst ekki hafa skýrt stefnanda frá því, kveðst vitnið hafa heyrt það á hljóði vélarinnar. Vitnið telur hæpið, að óvélfróðir menn geti greint það á hljóði vélar, hvort hún er úrbræddd eða ekki, en slíkt sé auðvelt fyrir vélfróða menn og þá, sem vanir eru umgangi við vélar.

Vitnið Svanlaugur Ólafsson segir, að vélin hafi verið með uppslitnar legur. Vitnið segir, að erfitt sé að segja til um, á hve löngum tíma skemmdirnar hafi orðið. Segir vitnið, að hugsanlegt sé, að vélin hafi verið keyrð of heit og það flýtt fyrir skemmdunum. Vitnið segir, að ótrúlegt sé, að skemmdirnar gætu dulist manni, sem þekkingu hefur á vélum og hlustaði gang hennar. Vitnið kveðst hafa heyrt í vélinni, rétt áður en hún var tekin úr bílnum, og hafi sér ekki dulist, hvernig komið var. Vitnið segir, að mikill snúningshraði á vél bifreiðar í kyrrstöðu geti verið hættulegur fyrir legur vélarinnar. Vitnið segir, að skemmdir á vél, eins og hér um ræðir, geti orðið á mjög skömmum tíma, ef vél er keyrð á miklum snúningi og fær ónóga smurningu.

Vitnið Rafn Gíslason, eigandi bifreiðaverkstæðisins Bláfells að hluta, skýrir svo frá, að stefnandi hafi komið með bifreiðina á verkstæðið til sín daginn eftir að kaupin hefðu farið fram. Segir vitnið, að í fyrstu hafi stefnandi komið til að sýna þeim bifreiðina, kveðst hann ásamt Sigurði Stefánssyni hafa farið út og skoðað bílinn. Segir hann, að þeir Sigurður hafi strax heyrt á hljóðinu í vélinni, að hún var úrbrædd, og hafi þeir sagt stefnanda það. Stefnandi hafi ekki viljað trúa þeim, en síðar sama dag hafi hann komið aftur ásamt Þorsteini Gunnarssyni. Segir vitnið, að þeir hafi gefið vélinni inn og hafi ekki leynt sér, að hún var úrbrædd. Segir hann, að þeir hafi ráðlagt stefnanda að fara með bílinn heim og leggja honum og hafi stefnandi þá trúað þeim. Vitnið segir, að slíkt gerist ekki á 10 km akstri, nema olíukerfi stíflist eða vél verði olíulaus, en slíku hafi ekki verið til að dreifa í þessu tilviki. Vitnið segir, að vélin hafi verið tekin úr bifreiðinni og í sundur á verkstæði þess vegna matsskoðunar. Kveðst vitnið hafa verið viðstatt matsskoðun og kveðst staðfesta, að vél sú og vélahlutar, sem skoðaðir voru, hafi verið úr umræddri bifreið. Segir vitnið, að vélin hafi verið úrbrædd á öllum legum og sveifarás hafi verið skemmdur, eins og yfirleitt gerist, er úrbræðsla á sér stað. Vitnið segir, að ekki hafi verið hægt að sjá, að neitt hafi verið að smurningunni.

Vitnið Þorsteinn Gunnarsson bílasali skýrir svo frá, að hann hafi skoðað bíl stefnanda daginn eftir kaupin, um kl. 10.00 fyrir hádegi. Kveðst hann hafa ekið bifreiðinni, hafi sér fundist eftir hljóðinu, að vélin væri úrbrædd, og ekið ásamt stefnanda á bifreiðaverkstæðið Bláfell. Kveðst vitnið vera starfsmaður á Bílasölu Norðurlands og hafi bifreiðin áður verið þar til sölu um skeið. Segir vitnið, að sér hafi ekki verið kunnugt um ástand vélarinnar, en hafa vitað, að kúplingin væri ónýt. Kveðst vitnið hafa haft þær upplýsingar frá syni þáverandi eiganda bílsins. Vitnið kveðst álíta, að í ágúst 1980 hafi hámarksverð bifreiða af þessari gerð verið gkr. 3.500.000. Vitnið kveðst hafa unnið á bifreiðaverkstæðinu Þórshamri í 5½ ár, þ. á m. sem nemi í bifvélavirkjun að hluta, en hann hafi ekki lokið prófi í faginu. Vitnið segir, að verðið á þessum bílum hafi verið á bilinu frá 3 - 3½ milljón gkr. eftir ástandi á þessum tíma. Segir vitnið, að settar hafi verið gkr. 2.9 milljónir á umrædda bifreið, er hún var á Bílasölu Norðurlands, miðað við, að greiðsla yrði sem mest innt út í hönd. Segir vitnið, að ekki hafi legið fyrir í lýsingu á ástandi bifreiðarinnar, er hún var til sölu á Bílasölu Norðurlands að kúpling væri ónýt, heldur hafi ástand bílsins verið sagt þokkalegt. Vitnið kveðst hafa talið þetta verð hæfilegt miðað við útlit bílsins.

Lagt er fram í málinu vottorð Birgis Stefánssonar bifvélavirkjameistara, svohljóðandi:

„Hinn 28. 08. 1980 stillti ég undirritaður vél bílsins Þ-4053, sem var Saab

99 árgerð 1974, eigandi Friðrik Þórðarson, Þórunnarstræti 113, Akureyri. Við stillingu kom ekkert fram, sem benti til annars en að vélin væri í lagi."

Birgir Stefánsson hefur hér fyrir dóminum staðfest vottorð þetta, hafi stefndi komið með skjalið til sín vélritað og hafi hann undirritað það, en áður hafi stefndi haft samband við sig og beðið sig um vottorðið. Vitnið segir, að við stillingu vélarinnar komi fram þéttleiki á ventlum, en ekki komi fram, hvort legur séu slitnar og ekki olíuþrýstingurinn. Þá komi heldur ekki fram rúmleiki á legum og sylindrum. Vitnið kveðst ekki minnast þess að hafa heyrt neitt óvenjulegt við hljóð vélarinnar. Kveðst vitnið vera vanur meðferð Saab véla, er varðar stillingu á þeim, en kveðst ekki telja, að þær séu frábrugðnar öðrum vélum, er varðar einkenni úrbræðslu.

Þá er lagt fram í málinu vottorð Braga Ásgeirssonar bifvélavirkjameistara, svohljóðandi:

„Hinn 26. september 1980 kom Friðrik Þórðarson með bifreið sína, sem var Saab 99, árgerð 1974, A-6586 til viðgerðar til undirritaðs. Undirritaður ók bílnum og varð ekki var við neitt óvenjulegt við gang vélar bílsins eða vélarhljóð hans, sem gæfi til kynna, að hún væri biluð. Þetta vottast hér með."

Vottorð þetta hefur Bragi Ásgeirsson staðfest hér fyrir dóminum og kveðst hafa samið skjalið og undirritað það. Segir vitnið, að það leyni sér ekki, þegar vélar séu úrbræddar. Komið hafi verið með bifreiðina til sín til viðgerðar á ljósum og stýrisgangi og hafi hann ekið bifreiðinni inn og út af verkstæðinu, og hann minnist þess ekki að hafa fundið neitt athugavert við kúplinguna.

Þá er lagt fram í málinu vottorð Reynis Arnar Leóssonar, svohljóðandi:

„Undirritaður, Reynir Leósson, Kálfagerði I, Eyjafirði, var staddur á Bílasölunni Stórholti seint í október, þegar Jón Sigursteinsson, Akureyri, bar að garði á bílnum A-6586, grænum Saab 99, sem hann var nýbúinn að kaupa. Biður hann undirritaðan að koma út og tala við sig. Erindið var að sýna mér umræddan bíl. Ég skoðaði bílinn mjög vel utan sem innan, og að mínu mati var þessi bíll í prýðisástandi, og tók ég sérstaklega eftir því, hve hann var snyrtilegur í hvívetna, sem er mikill kostur, þegar bíll er skoðaður með kaup í huga. Greindi hann mér frá kaupverði, og þótti mér hann hafa gert góð kaup, þá biður hann mig að athuga vél bílsins, sem ég gerði mjög vandlega. Eftir þá athugun taldi ég vélina vera í góðu ástandi, en gæti fljótlega verið gott að huga að stimpilstangarlegum. Jafnframt sagði ég honum, að það væri örugglega ekkert, sem bráðlega lægi á. Þá er það sem Jón tekur að láta bílinn ganga í botni í lausagangi og gerir þetta í langan tíma. Þá segi ég við Jón, að hætta þessu strax í Guðanna bænum vegna þess, að þetta þyldi engin vél, hvorki ný né notuð. Jón lét sér ekki segjast og hélt uppteknum hætti þó nokkra stund, og varð ég að

víkja mér frá vegna þess, að ég bjóst við því á hverri stundu, að vélin hreinlega splundraðist. Þegar þessu lauk, var vélin orðin normalheit, og þrátt fyri það kveikti bíllinn ekki smurljós. Ég sagði Jóni, að svona bíl hefði ég viljað eiga, áður en hann fékk svona meðferð, en eftir svona meðferð á vélinni vildi ég ekki eignast hann. Þá vil ég láta það koma skýrt fram, að ég sá Jón aka bílnum og það oftar en einu sinni, og var það engu líkara en hann væri vísvitandi að reyna að eyðileggja bílinn. Þetta kalla ég hrottameðferð, sem ég get ekki skilið, að nokkur maður geti verið þekktur fyrir að láta sjá til sín."

Skýrslu þessa hefur vitnið staðfest hér fyrir dóminum. Kveðst vitnið ekki vera skólagenginn í bifvélavirkjaiðn, en kveðst hafa unnið að bílaviðgerðum í 26 ár. Segir vitnið, að skoðun sín á bifreiðinni hafi farið fram, eftir að stefnandi keypti bifreiðina, um hádegisbil eða síðdegis, en man ekki, hvaða dag það var. Vitnið segist hafa sagt stefnanda, að vélin væri orðin rúm á legum, og kveðst hafa heyrt það á gangi vélarinnar, en kveðst hafa sagt, að þetta væri ekki orðið aðkallandi. Vitnið segir, að stefnandi hafi ekki látið í ljós óánægju með bílinn að öðru leyti en því, að vélin væri orðin tæp og verðið hefði verið hátt. Vitni telur, að snúningshraði vélarinnar hafi farið fram úr leyfilegum mörkum, þegar stefnandi gaf henni inn. Kveðst vitnið telja, að ný vél geti splundrast við meðferð slíka sem stefnandi viðhafði. Vitnið segir, að stefnandi hafi viðhaft þau orð, „að þetta gerði ekkert til þar, sem hann ætlaði að skila bifreiðinni," þegar vitnið sagði honum að fara ekki svona með vélina.

Þá er lagt fram í málinu vottorð eigenda Bílasölunnar Stórholts, Akureyri, svohljóðandi:

„Í októbermánuði 1980 hafði Bílasalan Stórholt, Akureyri, bílinn A-6586, sem var Saab 99, árgerð 1974, til sölu. Eigandi bílsins var Friðrik Þórðarson, Þórunnarstræti 113, Akureyri. Bíllinn var í vörslu bílasölunnar og geymdur inni í sal hennar, en hafður úti, þegar ástæða þótti til. Starfsmenn bílasölunar óku bílnum bæði inn og út úr sal sölunnar og ennfremur á hjólbarðaverkstæði til þess að setja vetrarhjólbarða á bílinn, og urðu sölumenn ekki varir við annað en að bíllinn væri í góðu lagi bæði hvað tekur til vélar og vagns. Núverandi eigandi bílsins, Jón Sigursteinsson, fékk bílinn lánaðan hjá bílasölunni að minnsta kosti í tvö aðskilin skipti til þess að athuga bifreiðina með kaup í huga. Honum var greint frá því, að vélin hefði verið tekin upp á árinu 1977. Gerði Jón því næst tilboð í bílinn, og samningar voru síðan gerðir af Jóni Sigursteinssyni og Stefáni Tryggvasyni í umboði Friðriks Þórðarsonar. Þá voru Jóni afhent ljósrit reikninga viðgerðaraðila til staðfestingar á upptekt vélarinnar á árinu 1977, þau er honum hafði verið sagt, að til staðar væru. Rétt er að geta þess, að af þeim aðilum, sem skoðuðu og reyndu umrædda bifreið, var aðeins í einu

tilviki fundið að hurðarpakkningum, annað var ekki fundið að bílnum. Bílasalan fullyrðir því fyrir sitt leyti, að Jóni Sigursteinssyni hafi verið afhentur bíllinn A-6586 í ágætu lagi, hvað svo sem hann síðar kann að hafa gert við bílinn."

Vottorð þetta hafa útgefendur ekki staðfest fyrir dóminum.

Vitnið Jóhann Hermannsson, Laugabrekku 10, Húsavík, átti umrædda bifreið og seldi stefnda hana. Kveðst vitnið hafa selt bifreiðina á gkr. 2.000.000. Kveðst hann hafa sett bílinn í sölu á Akureyri og ætlað sér að fá 2.4 til 2.5. milljónir fyrir hann. Eitthvað hærra verð hafi verið sett á hann á bílasölunni, og er tilboð barst upp á kr. 2.000.000, kveðst vitnið hafa tekið því. Kveðst vitnið hafa gert það, af því að bíllinn hafi verið mikið keyrður og hann hafi gert sér grein fyrir því, að ef hann ætlaði að eiga hann áfram, yrði að fara að taka upp í honum vél. Búið hafi verið að aka bílnum um 106 - 107 þúsund km. Vitnið kveðst hafa verið búinn að kaupa aðra bifreið og hafi það m.a. valdið því, að hann tók tilboðinu, sem hann fékk. Vitnið kveðst hafa talað við Sigurð Stefánsson í Bláfelli á Akureyri og hefði hann sagt sér, að upptekt á vél mundi kosta ca. 200.000 gkr. á cylinder.

Vitnið Hermann Jóhannsson, sonur áðurnefnds vitnis, Jóhanns Hermannssonar, annaðist um sölu á bifreiðinni fyrir föður sinn. Kveður vitnið verðið á bifreiðinni hafa verið svo lágt, vegna þess að bíllinn þarfnaðist lagfæringar á útliti og jafnframt mætti búast við því, að fara þyrfti að gera við gangverkið í honum. Vitni kveðst hafa fært bílinn á Bílasölu Norðurlands á Akureyri og hafi þar verið sett verðið 2.7 milljónir á hann, en vitnið segist hafa tekið fram, að það væri ekkert bindandi verð. Eftir 4 - 5 vikur hafði bíllinn ekki selst, og fór þá vitnið á Bílasöluna Stórholt og ræddi þar við sölumann, er hann kannaðist við, og spurði, hvort hann gæti selt bílinn, hann mætti fara fyrir lítið. Bílasalinn játti því og hringdi í Friðrik Þórðarson, og var gengið frá kaupunum sama dag. Vitnið kveður Friðrik hafa ekið bílnum til reynslu og séð strax, að hann þarfnaðist lagfæringar á útliti, og haft orð á, að ekki væri gefandi mikið fyrir hann. Vitnið kveðst ekki muna, hvort hann hafi sagt Friðriki, að vélin væri upptekin, en nótur fyrir því hafi fylgt með bílnum og hafi upptekt sú farið fram þremur árum áður. Jafnframt hafi hann upplýst, að sú viðgerð hefði farið fram eftir 60 - 70 þúsund km akstur. Ekki hafi komið til tals milli þeirra, að fara þyrfti að taka upp vélina.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að bifreiðin hafi verið haldin mjög verulegum leyndum galla, sem honum hafi á engan hátt mátt vera kunnugt um, enda hafi bifreiðin verið sögð með upptekinni vél, sem hafi hlotið að styrkja trú stefnanda á því, að vél bifreiðarinnar væri góð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að bifreiðin hafi verið gallalaus,

er hún var seld, og hljóti skemmdir þær, er fram hafi komið á vél bifreiðarinnar, að hafa orðið, eftir að kaup voru gerð og bifreiðin komin í eigu stefnanda. Stefndi hafi lagfært bifreiðina og aukið verðmæti hennar. Stefnandi hafi sjálfur skoðað bifreiðina fyrir kaupin og átt allan kost á því að rannsaka bifreiðina til hlítar og mæla mótor hennar eða fá sérfræðiaðstoð til þess. Stefndi hafi ekki leynt stefnanda neinu í sambandi við kaupin. Þeir, sem hafi fengist við viðgerðir á bílnum eða reynt bifreiðina fyrir sölu stefnda á henni, beri, að bifreiðin og vél hennar hafi verið í góðu lagi. Verði því að ætla, að vél bifreiðarinnar hafi orðið fyrir sliti eða skemmdum í meðförum stefnanda sjálfs, og vísar stefndi í því sambandi í framburð vitnisins Reynis Leóssonar, sem áður er rakinn.

Með framburði hinna sérfróðu matsmanna svo og annarra vélfróðra vitna, sem sérstaklega könnuðu ástand vélarinnar, mjög skömmu eftir að kaupin voru gerð, þykir sannað, að vél bifreiðarinnar hafi verið haldin þeim galla, sem fram kom við skoðun matsmanna, þá er kaupin fóru fram. Við ákvörðun á verði bifreiðarinnnar var m.a. við það miðað, að vélin væri í góðu lagi. Verður að telja gallann það veigamikinn, að stefnanda sé heimilt að rifta kaupunum samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39, 1922, enda var gallanum þannig háttað, að þess var ekki að vænta, að stefndi, sem er alls óvélfróður maður, yrði hans var við venjulega skoðun, sbr. 47. gr. sömu laga og upplýsingar stefnda um, að vélin væri upptekin, voru til þess fallnar að styrkja stefnanda í þeirri trú, að ónauðsynlegt væri að leita aðstoðar vélfróðs manns við skoðun á vélinni. Ber samkvæmt þessu að taka riftunarkröfu stefnanda til greina.

Eins og að framan getur, hefur stefndi selt bifreiðina A 1205, og hefur því skapast ómöguleiki fyrir hann að skila stefnanda bifreiðinni aftur. Í samræmi við það hefur stefnandi gert kröfu um, að í stað bifreiðarinnar greiði stefndi honum andvirði hennar, sem hann telur vera kr. 25.000.00 auk þeirra peningagreiðslna, er hann hefur innt af hendi, samtals kr. 18.000.00. Endurgreiðslukröfum þessum hefur ekki sérstaklega verið andmælt af hálfu stefnda, og ber því að taka þær til greina ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Þá hefur stefnandi gert kröfu um greiðslu skaðabóta, samtals að fjárhæð kr. 26.866.37, og sundurliðar hann bótakröfuna þannig: Bætur vegna missis afnota af bifreiðinni svo og vegna óþæginda kr. 25.000.00, kostnaður við mat bifreiðarinnar, kr. 1.835.22, og kostnaður vegna riftunarskeytis, kr. 31.15. Fyrsta lið kröfunnar hefur stefndi mótmælt sem órökstuddum. Stefnandi hefur eigi stutt þann lið kröfunnar neinum gögnum, og verður sá liður kröfunnar því ekki tekinn til greina gegn andmælum stefnda. Tveimur síðari liðum kröfunnar hefur stefndi eigi andmælt tölulega, en talið, að þeir ættu að koma til álita við ákvörðun um málskostnað. Þykir

eiga að fallast á það sjónarmið, og verður tillit til þeirra tekið við ákvörðun málskostnaðar. Eftir framangreindum úrslitum þykir eiga að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilegur kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Framangreind riftunarkrafa stefnanda, Jóns Sigursteinssonar, er tekin til greina.

Stefndi, Friðrik Þórðarson, endurgreiði stefnanda kr. 43.000.00 ásamt 35% ársvöxtum af kr. 33.000.00 frá 01. 11. 1980 til 10. 11. 1980, af kr. 35.000.00 frá þ.d. til 10. 12. 1980, af kr. 37.000.00 frá þ.d. til 10. 02. 1981, af kr. 39.000.00 frá þ.d. til 10. 03. 1981, af kr. 41.000.00 frá þ.d. til 10. 04. 1981, en með vöxtum samkv. lögum nr. 56, 1979 af kr. 43.000.00 frá þ.d. til greiðsludags, og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt gegn afhendingu bifreiðarinnar A 6586 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4.maí 1984.

Nr. 77/1984. **Guðmundur Björnsson**

gegn

Hrafnhildi Stellu Eyjólfsdóttur

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 13. apríl 1984, sem barst Hæstarétti 26. sama mánaðar, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Sóknaraðili krefst þess, að synjað verði um þinglýsingu eignaryfirlýsingar til handa varnaraðilja um fjögurra herbergja íbúð á 1. hæð til vinstri í húsinu nr. 84 við Engjasel í Reykjavík útgefinni af Byggingasamvinnufélaginu Aðalbóli (B.S.A.B.) hinn 16. desember 1983, en til vara, að eignarheimild varnaraðilja verði þing-

lýst með athugasemd um rétt sóknaraðilja yfir íbúðinni samkvæmt byggingarsamningi. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en því, að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir þinglýsingardómi úr hendi kæranda. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi kæranda.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðilja til þess að greiða varnaraðilja 10.000.00 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðmundur Björnsson, greiði varnaraðilja, Hrafnhildi Stellu Eyjólfsdóttur, 10.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður þinglýsingardóms 2. apríl 1984.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 13. mars að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór þann dag. Því miður hefir ekki tekist að ljúka máli þessu innan þess frests, sem settur er í 5. mgr. 7. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978.

Kröfur þinglýsingarbeiðanda, Hrafnhildar Stellu Eyjólfsdóttur (Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.), eru þær, að eignaryfirlýsingu til hennar á rskj. nr. 2 verði þinglýst og að þinglýsingarandmælanda verði gert að greiða málskostnað.

Kröfur þinglýsingarandmælanda, Guðmundar Björnssonar (Hilmar Ingimundarson hrl.) eru þær, að synjað verði um þinglýsingu og að þinglýsingarbeiðanda verði gert að greiða málskostnað. Málavextir eru þessir: Hinn 8. janúar 1976 var undirritaður byggingarsamningur (rskj. nr. 6) um íbúð á 1. hæð t.v. að Engjaseli 84 hér í borg milli Byggingasamvinnufélags atvinnubifreiðastjóra, nú Bsf. Aðalbóls (BSAB) annarsvegar og Guðmundar Björnssonar (þingl. andm.) og Guðmundínu Sigurðardóttur, þá að Bergþórugötu 41, Rvk., hins vegar. Þinglýsingarbeiðandi, Hrafnhildur Stella Eyjólfsdóttir, móðir Guðmundínu, nú að Hóftúni 1, Hvanneyri, Borgarfjarðarsýslu, yfirtók síðar aðild Guðmundínu, — og að því er haldið er fram af hennar (Hrafnhildar) hálfu, — einnig Guðmundar, þar sem hann

hafi verið hættur að efna samninginn og réttur hans til íbúðarinnar hafi því verið niður fallinn. Af hálfu Guðmundar er því hins vegar haldið fram, að hann hafi aldrei afsalað sér rétti sínum yfir íbúðinni og að réttur hans skv. byggingarsamningnum sé í fullu gildi. Hinn 13. desember 1983 var ákveðið af BSAB að gefa út afsal til Hrafnhildar einnar, með því að Guðmundur hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar, Hrafnhildur hafi í reynd gengið inn í samninginn og síðan staðið við allar skuldbindingar skv. honum og Guðmundi hafi verið endurgreitt framlag hans (rskj. nr. 4). Í samræmi við þetta gefur BSAB 16. desember 1983 út eignaryfirlýsingu til Hrafnhildar (rskj. nr. 2). Þessi yfirlýsing berst til þinglýsingar 20. desember 1983 og samdægurs berst bréf lögmanns Guðmundar, þar sem þinglýsingu er mótmælt (rskj. nr. 8).

Af hálfu þinglýsingarbeiðanda er krafan um þinglýsingu eignaryfirlýsingarinnar studd þeim rökum, að skjalið uppfylli öll skilyrði IV. kafla þinglýsingalaga nr. 39/1978 til að vera þinglýst, en nauðsynlegt sé að fá því þinglýst, sbr. 1. mgr. 29. gr. sömu laga. Hins vegar varði rök þinglýsingarandmælanda atriði, sem ekki beri undir þinglýsingardómara. En þeim sé þó öllum mótmælt efnislega sem fjarstæðum, Guðmundur eigi ekkert tilkall til íbúðarinnar. Hann hafi hætt að efna byggingarsamninginn strax vorið 1976. Þá hafi BSAB ráðstafað íbúðinni til Hrafnhildar og neytt þar með heimildar í 9. gr. samningsins. Muni byggingarfélagið ekkert hafa heyrt frá Guðmundi fyrr en þremur árum síðar, en hann hafi flutt til útlanda án þess að tilkynna félaginu um dvalarstað sinn. Hann hafi fengið endurgreitt fé það, sem hann hafi greitt til íbúðarinnar.

Það, sem Hrafnhildur hafi greitt til efnda á samningnum, hafi hún hins vegar eingöngu greitt vegna sjálfrar sín, en á engan hátt jafnframt í umboði Guðmundar.

Af hálfu þinglýsingarandmælanda, Guðmundar Björnssonar, síðasta þekkt heimilisfang Lillbybacken 5, 163 72 Spånga, Svíþjóð, er tekið fram, að hann hafi verið aðili ásamt Guðmundínu Sigurðardóttur að byggingu íbúðarinnar skv. áðurnefndum byggingarsamningi. Guðmundína hafi síðan afsalað rétti sínum til íbúðarinnar til þinglýsingarbeiðanda, Hrafnhildar, með yfirlýsingu, dags. 16. september 1976. Eignarréttur þinglýsingarandmælanda og Guðmundínu hafi verið óskiptur og hafi í engu breyst við yfirtöku Hrafnhildar á eignarhluta Guðmundínu, enda hafi hann aldrei samþykkt, að eignaryfirlýsing skyldi aðeins gefin út á nafn þinglýsingarbeiðanda. Andmælandi og sameigandi hans hafi að fullu staðið við greiðsluskuldbindingar sínar gagnvart BSAB. Þegar um sé að ræða óskipt réttindi sem þessi, geti BSAB ekki rift byggingarsamningi einhliða gagnvart öðrum sameiganda til hagsbóta fyrir hinn. Réttur andmælanda til íbúðarinnar sé auðvitað í réttu hlutafalli við framlag hans, en slíkt komi BSAB ekki við,

gagnvart félaginu komi sameigendur fram sem einn aðili, en það fari svo eftir samningi sameigenda, hvernig eignarhlutföll skiptist. Það sé því rangt, sem segi í samþykkt BSAB frá 13. desember 1983 (rskj. nr. 4), að andmælandi hafi ekki staðið í skilum. Það sé einnig rangt, að andmælanda hafi verið endurgreitt framlag hans. Hann hafi aldrei samþykkt skuldajafnaðarkröfu sameiganda síns. BSAB hafi því borið að gefa út sameiginlega eignaryfirlýsingu til andmælanda og þinglýsingarbeiðanda, sem síðan hafi getað ákveðið sameiginlega eða fengið úr því skorið með dómi, hvert eignarhlutfall þeirra hvors um sig ætti að vera í íbúðinni.

Þinglýsingarandmælandi kveður BSAB aldrei í raun hafa rift gagnvart sér. Ef félagið hafi talið, að andmælandi stæði ekki við skuldbindingar sínar skv. félaginu, þá hafi því borið að tilkynna honum um það og gera honum grein fyrir, hvað slíkt gæti haft í för með sér. Hafi andmælandi verið í einhverjum vanskilum við félagið á árinu 1976, þá sé allur réttur félagsins af þeim sökum niður fallinn fyrir tómlæti. Andmælandi vísar til bréfs síns til BSAB, dags. 18/7 1979 (rskj, nr. 7) þar sem hann tilkynnti því, að aðild sín að byggingarsamningnum væri óbreytt og að hann óskaði þess, að eignaryfirlýsing fyrir íbúðinni yrði ekki gefin út nema í fullu samráði við sig. Einnig var réttur andmælanda áréttaður í bréfi til þinglýsingarbeiðanda, dags. sama dag (rskj. nr. 9).

Þinglýsingarandmælandi telur því, að útgáfa eignarheimildar til þinglýsingarbeiðanda samrýmist ekki þeim samningi, sem fyrir liggi. BSAB sé aðeins sá aðili, sem annist byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna, sbr. 31. gr. laga nr. 30/1970, sbr. 7. gr. laga nr. 59/1973. Félaginu beri síðan að gefa út eignaryfirlýsingu til viðkomandi félagsmanna í byggingarflokknum þegar framkvæmdum sé lokið og allar greiðslur hafi verið inntar af hendi. Af þessum sökum beri að synja um þinglýsingu eignaryfirlýsingarinnar.

Hér liggur fyrir að kveða á um, hvort umræddri eignaryfirlýsingu verði þinglýst eða ekki. Eins og rakið hefir verið, greinir aðilja á um, hvernig mál hafi þróast, frá því að byggingarsamningur var undirritaður. Þau mál eru ekki fyllilega upplýst, og rétt þykir að telja hér vera um að ræða atriði, sem heyri undir hina almennu dómstóla, en ekki þinglýsingardómara, að dæma endanlega um. Að því er þinglýsinguna snertir þykir mestu varða, að þinglýsingarbeiðandi hefir í höndum eignaryfirlýsingu, sem fullnægir skilyrðum þinglýsingarlaga til þinglýsingar, útgefna af þinglýstum eiganda, sbr. 1. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 25. gr. laga nr. 39/1978. Þykir þinglýsingarbeiðandi því eiga rétt á að fá heimild sinni þinglýst.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Sigurður Sveinsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin þinglýsing á eignarheimild er leyfð.
Málskostnaður fellur niður.